

SKÝRSLA ÓBYGGÐANEFNDAR

FYRIR ÁRIN 1998-2002



SKÝRSLA
ÓBYGGÐANEFNDAR
fyrir árin 1998-2002

SKÝRSLA
ÓBYGGÐANEFNDAR
fyrir árin 1998-2002



Skipan óbyggðanefndar árin 1998-2002

Kristján Torfason fyrrverandi dómstjóri, formaður
Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari

Varamenn

Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður
Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari
Þorgeir Örlygsson prófessor

Ritarar

Hulda Árnadóttir lögfræðingur
Sif Guðjónsdóttir lögfræðingur, skrifstofustjóri

Umsjón og umbrot: Augnablek ehf.
Prentun: Gutenberg
Ljósmyndir © Mats Wibe Lund - www.myndasafn.is

1. prentun, september 2004

Útgefandi: Óbyggðanefnd

EFNISYFIRLIT

Formáli	7
Úrskurður í máli nr. 1/2000, Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi	
Nyrsti hluti þess landsvæðis sem til meðferðar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Land norðan við kröfulínu íslenska ríkisins var einnig úrskurðað þjóðlenda en í afréttareign Þingvalla. Þá var land sunnan við kröfulínu talið eignarland.	11
Úrskurður í máli nr. 2/2000, Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafningshreppi	
Nyrsti hluti þess landsvæðis sem til meðferðar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Grímsnesafréttur, þ.m.t. Skjaldbreiðarsvæðið, var einnig úrskurðaður þjóðlenda en í afréttareign. Þá var land innan landamerkjja jarða aðliggjandi Grímsnesafrétti talið eignarland.	119
Úrskurður í máli nr. 3/2000, Laugardalsafréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi	
Laugardalsafréttur var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Land innan landamerkjja jarða aðliggjandi Laugardalsafrétti var talið eignarland.	235
Úrskurður í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi	
Biskupstungnaafréttur, bæði Framafréttur og afréttur norðan vatna, var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Þá var lítill landskiki við Hagafell úrskurðaður þjóðlenda. Land innan landamerkjja jarða aðliggjandi Biskupstungnaafrétti var talið eignarland. Loks var Tunguheiði talin eignarland.	345
Úrskurður í máli nr. 5/2000, Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi	
Hrunamannafréttur var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Þá voru Hrunaheiðar úrskurðaðar þjóðlenda í afréttareign Hruna. Land innan landamerkjja jarða aðliggjandi Hrunamannafrétti var talið eignarland.	485
Úrskurður í máli nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannafréttur	
Afréttur Flóa- og Skeiðamanna var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Þá var Landsvirkjun ekki talin eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu. Land innan landamerkjja jarða (í Gnúpverjahreppi) aðliggjandi afrétti Flóa- og Skeiðamanna var talið eignarland.	613
Úrskurður í máli nr. 7/2000, Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi	
Gnúpverjafréttur var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Þá var Búrfells- og Skeljafellsland úrskurðað þjóðlenda sem og landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal. Landsvirkjun var ekki talin eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu.	711
Kort af þjóðlendulínu í Arnessýslu, sbr. úrskurði óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000	858

FORMÁLI

Skýrsla óbyggðanefndar kemur nú út í fyrsta skipti og tekur til ára 1998-2002. Í samræmi við 18. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998¹ eru í riti þessu birtir þeir sjö úrskurðir sem nefndin kvað upp á árinu 2002. Þess ber að geta að úrskurðirnir hafa frá uppkvaðningu verið öllum aðgengilegir á heimasíðu nefndarinnar. Í upphafi verður þó fjallað stuttlega um óbyggðanefnd og gerð grein fyrir störfum hennar á umræddu tímabili.

Þjóðlendulög tóku gildi 1. júlí 1998. Á grundvelli III. kafla laganna var óbyggðanefnd skipuð þann 2. september sama ár. Nefndin er sjálfstæð úrskurðarnefnd á sviði stjórnsýslu og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda heldur verða þeir einungis bornir undir dómstóla skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Hlutverk óbyggðanefndar er samkvæmt 7. gr. þjóðlendulaga þríþætt. Það er í fyrsta lagi að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, í öðru lagi að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og í þriðja lagi að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendu. Þá fela sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 óbyggðanefnd hlutverk við skiptingu landsins í sveitarfélög.

Í þjóðlendulögum er ekki að finna sérstakar reglur um hvernig óbyggðanefnd skuli leysa úr málum, þ.e. hvaða land skuli teljast eignarland og hvað þjóðlenda. Niðurstaðan ræðst af almennum sönnunarreglum og þeim réttarheimildum sem færðar eru fram í hverju einstöku tilviki. Það eru því grundvallarreglur íslensks eignarréttar sem gilda.

Málsmeðferð hjá óbyggðanefnd hefst með því að fjármálaráðherra er tilkynnt að nefndin hafi ákveðið að taka tiltekið landsvæði til meðferðar og honum veittur frestur til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu. Þegar kröfur fjármálaráðherra liggja fyrir gefur óbyggðanefnd út tilkynningu og skorar á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan tiltekins frests. Að lokinni opinberri kynningu á öllum þeim kröfum sem borist hafa á viðkomandi svæði er svæðinu skipt í mál og boðað til fyrstu fyrirtöku. Málið er síðan tekið fyrir eins oft og þörf er á, frekari gögn lögð fram og leitast við að skýra það að öðru leyti. Loks fer fram aðalmeðferð. Fyrirkomulag aðalmeðferðar hjá óbyggðanefnd er almennt með þeim hætti að hún hefst á forflutningi. Að því loknu er farið á vettvang undir leiðsögn heimamanna og fer það eftir umfangi viðkomandi máls hvort vettvangsferð stendur í einn eða tvo daga. Að vettvangsferð lokinni eru svo teknar skýrslur af aðilum og vitnum og loks er málið flutt munnlega. Því er hagað þannig að aðalmeðferð fari fram eins nálægt vettvangi hvers máls og mögulegt er bæði til þess að óbyggðanefnd geti notið aðstoðar heimamanna við að upplýsa málið og til þess að heimamenn eigi þess kost að fylgjast með því sem fram fer. Að lokinni aðalmeðferð er málið tekið til úrskurðar og úrskurður kveðinn upp í kjölfarið.

Tekið skal fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í henni felst skylda til að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefni.

Samkvæmt 17. gr. þjóðlendulaga greiðist kostnaður vegna starfa óbyggðanefndar úr ríkissjóði. Þetta gildir jafnt um almennan rekstrarkostnað nefndarinnar sem og nauðsynlegan og eðlilegan kostnað einstaklinga og lögaðila vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd. Óbyggðanefnd úr-

¹ Hér eftir nefnd þjóðlendulög.

skurðar um kröfur aðila vegna kostnaðar og er heimilt að gera aðila að bera málskostnað sinn og gagnaðila að nokkru eða öllu leyti telji hún málatilbúnað hans gefa tilefni til slíks, svo sem ef kröfur eru hafðar uppi að tilefnislausu.

Þjóðlendlögum hefur verið breytt einu sinni, með lögum nr. 65/2000, sem tóku gildi í maí 2000. Breytingarnar lutu einkum að ákvæðum um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd og kostnað af hagsmunagæslu aðila.

Á grundvelli 6. gr. þjóðlendlaga hefur óbyggðanefnd frá því að hún tók til starfa haft opna skrifstofu að Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík. Formaður óbyggðanefndar, Kristján Torfason, er þar í fullu starfi sem framkvæmdastjóri nefndarinnar. Þá hefur nefndin ráðið starfsfólk sér til aðstoðar. Sif Guðjónsdóttir lögfræðingur, nú skrifstofustjóri hjá nefndinni, hóf þar störf í byrjun árs 1999. Gunnar Friðrik Guðmundsson, sagnfræðingur, tók til starfa í lok sumars árið 2000 og Hildur Guðbrandsdóttir, ritari, í desember sama ár. Þá hóf störf hjá nefndinni Hulda Árnadóttir lögfræðingur í júní 2001. Hulda var í leyfi frá miðjum nóvember 2001 fram í júníbyrjun 2002 og á meðan starfaði Eiríkur Elís Þorláksson lögfræðingur hjá nefndinni.

Fyrsta landsvæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar var norðanverð Árnæssýsla. Það var gert fyrir gildistöku laga nr. 65/2000 og fór því að nokkru eftir öðrum málsmeðferðarreglum en að framman er lýst. Meðferð svæðisins hófst 1. mars 1999 með því að óbyggðanefnd gaf út tilkynningu þess efnis. Kröfulýsingafrestur rann út 5. júní sama ár en var framlengdur í þeim tilvikum sem leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti. Óbyggðanefnd bærust kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendlur í sjö hreppum og 57 aðrar kröfulýsingar sem sumar tóku til fleiri en einnar jarðar eða stærri landsvæða. Síðustu kröfulýsingar bárust 22. október 1999. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdráttur sama efnis lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Selfossi dagana 1.-30. nóvember 1999 og að auki til loka athugasemdafrests 31. desember. Engar athugasemdir bárust fyrir desemberlok en aðilar gerðu síðar nokkrar breytingar á kröfum sínum. Í janúar 2000 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í sjö málum og hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Málin voru fyrst tekin fyrir í febrúar og mars 2000 og til aðalmeðferðar í júní, ágúst og september sama ár. Þau voru svo endurupptekin haustið 2001 og úrskurðir kveðnir upp 21. mars 2002.

Annað landsvæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar var sveitarfélagið Hornafjörður. Meðferð þess hófst 13. júlí 2000 en þá tilkynnti nefndin fjármálaráðherra þessa ákvörðun sína og veitti frest til 15. nóvember sama ár til að lýsa kröfum f.h. íslenska ríkisins. Samkvæmt rökstuddri beiðni ráðuneytisins var sá frestur framlengdur um einn mánuð. Kröfulýsingar fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendlur í Lóni, Nesjum, Mýrum, Suðursveit og Örfum bárust óbyggðanefnd 13. desember. Þær kröfur voru svo kynntar með lögboðnum hætti og skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni fyrir 3. maí 2001. Frestur þessi var framlengdur í þeim tilvikum sem leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti. Fyrir utan kröfulýsingar fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins bárust óbyggðanefnd 36 kröfulýsingar sem tóku til 108 tilgreindra jarða, jarðarparta eða annarra landsvæða, auk línustæða Landsvirkjunar. Síðasta kröfulýsing barst 13. júlí 2001. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdráttur sama efnis lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Höfn dagana 16. júlí-31. ágúst 2001. Athugasemdafrestur var til 7. september 2001. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en aðilar gerðu síðar nokkrar breytingar á kröfum sínum. Í júlí 2001 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í fimm málum og hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Málin voru svo fyrst tekin fyrir í ágúst 2001 og til aðalmeðferðar í júní og september 2002. Úrskurðir í þeim málum voru kveðnir upp síðla árs 2003 og eru birtir með skýrslu nefndarinnar fyrir það ár.

Þriðja landsvæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar voru sveitarfélög í fyrrverandi Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Meðferð þess landsvæðis hófst 12. október 2000 en þá til-

kynnti nefndin fjármálaráðherra þessa ákvörðun sína og veitti frest til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum f.h. íslenska ríkisins. Samkvæmt rökstuddri beiðni ráðuneytisins var sá frestur framlengdur um tæpan mánuð. Kröfulýsingar fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæðinu bárust óbyggðanefnd 27. apríl. Þær kröfur voru svo kynntar með lögboðnum hætti og skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni fyrir 1. desember 2001. Frestur þessi var framlengdur í þeim tilvikum sem leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þess tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Auk krafna íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæðinu, í ellefu hlutum, og sjö kröfulýsinga vegna ríkisjarða bárust 34 kröfulýsingar vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða auk krafna Landsvirkjunar. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdráttur sama efnis lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og Vík dagana 1.-31. október 2002. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en aðilar gerðu síðar nokkrar breytingar á kröfum sínum.

Yfirumsjón með útgáfu þessa rits hefur verið í höndum Huldu Árnadóttur, lögfræðings hjá óbyggðanefnd og annars ritara nefndarinnar, og Gunnars Friðriks Guðmundssonar, sagnfræðings hjá óbyggðanefnd. Færi ég þeim báðum þakkir fyrir framlag þeirra.

Reykjavík, 18. febrúar 2004

Kristján Torfason

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

mál nr. 1/2000
Þingvallakirkjuland
og efstu jarðir í Þingvallahreppi



21. mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	15
2. MÁLSMEÐFERÐ	15
2.1. Norðanverð Árnassýsla tekin til meðferðar	16
2.2. Lýstar kröfur og kynning	17
2.3. Afmörkun máls nr. 1/2000	17
2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð	18
3. KRÖFUGERÐ	19
3.1. Kröfur íslenska ríkisins	19
3.1.1. Þjóðlenda	19
3.1.2. Gjábakki	19
3.1.3. Þingvellir	20
3.2. Kröfur „eigenda afréttarlands í Þingvallahreppi“ og prestssetrasjóðs um frávísun o.fl.	20
3.3. Krafa eigenda Miðfells vegna lands innan landamerkjá	21
3.4. Krafa prestssetrasjóðs vegna lands innan landamerkjá Þingvalla	21
3.5. Kröfur eigenda lögbýla í Þingvallahreppi vegna Þingvallaafréttar og Þingvallakirkjulands	21
3.6. Krafa Landsvirkjunar	24
4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN	23
4.1. Almenn	23
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	23
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	24
4.4. Vettvangsferð	27
4.5. Skýrslutökur	27
5. STAÐHÆTTIR OG GRÓÐURFAR	27
5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður	27
5.2. Áætlað gróðurfar um landnám og síðari þróun þess	28
5.3. Núverandi gróðurfar	28
5.4. Friðlýst land og náttúruminjar	29
6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA	29
6.1. Landnám og upphaf búsetu	29
6.2. Afréttarnot jarða í Þingvallahreppi	32
6.3. Gjábakki	34
6.4. Miðfell	36
6.5. Þingvellir	36
7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS	43
7.1. Almenn atriði	43
7.2. Þjóðlenda	46
7.3. Gjábakki	47
7.4. Þingvellir	48
8. SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.	48
8.1. Kröfur um frávísun o.fl.	48
8.2. Almenn atriði varðandi eignarréttarlegar kröfur	49

8.3.	Miðfell	53
8.4.	Þingvellir	53
8.5.	Þingvallaafréttur	54
9. SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR		54
10. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR		55
10.1.	Inngangur	55
10.2.	Gróðurfar við landnám og síðari breytingar	55
10.3.	Stofnun eignarréttinda	56
10.3.1.	Landnám	56
10.3.2.	Hefð	58
10.3.3.	Lög	61
10.4.	Flokkun lands	62
10.4.1.	Almennt	62
10.4.2.	Jörð	63
10.4.3.	Almenningar	67
10.4.4.	Afréttir	69
10.4.5.	Fjallskil	73
10.5.	Heimildir um eignarhald	76
10.5.1.	Almennt	76
10.5.2.	Jarðamöt og jarðabækur	76
10.5.3.	Máldagar og vísitasiur	78
10.5.4.	Lögfestur	79
10.5.5.	Jarðabréf og landamerkjabréf	80
10.5.6.	Afsals- og veðmálabækur	83
10.5.7.	Aðrar heimildir	84
10.6.	Niðurstaða	85
11. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU		88
11.1.	Kröfur um frávisun o.fl.	88
11.2.	Landnám	89
11.3.	Gjábakki	89
11.4.	Miðfell	91
11.5.	Þingvallakirkjuland	92
11.6.	Land norðan við Þingvallakirkjuland („Þingvallaafréttur“)	100
12. LANDSVIRKJUN		101
12.1.	Almennt	101
12.2.	Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum	101
12.3.	Kröfur byggðar á lagaheimildum	102
12.4.	Einstök mannvirki	104
12.4.1.	Hrauneyjafosslína	104
12.4.2.	Sultartangalína 3	105
12.4.3.	Mælistöðvar	105
13. ÚRSKURÐARORD		106
14. FYLGISKJÖL		107
I.	Kort	
II.	Skjalaskrá	
III.	Aðilaskrá (einstakar jarðir)	
IV.	Aðilaskrá (afréttur)	

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2002, fimmtudaginn 21. mars, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 1/2000, Þingvallakirkjuland
og efstu jarðir í Þingvallahreppi,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Halldór Jónsson.

Aðilar málsins eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og jarðanna Gjábakka og Þingvalla, samkvæmt 11. gr. laga nr. 58/1998.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Prestssetrasjóður vegna Þingvalla, eigendur Miðfells og eigendur lögbýla í Þingvallahreppi vegna Þingvallaafreftar.

(Sigurður Jónsson hrl.)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl. f.h. Hreins Loftssonar hrl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor.

2.1. Norðanverð Árnæssýsla tekin til meðferðar

Meðferð þessa máls hófst 1. mars 1999 með því að óbyggðanefnd gaf út svohljóðandi tilkynningu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998:

Óbyggðanefnd, sem starfar á grundvelli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, hefur ákveðið að taka til meðferðar landsvæði sem afmarkast svo:

Austurmörk: Þjórsá.

Vesturmörk: Mörk Árnæssýslu og Borgarfjarðarsýslu og vestur- og suðurmörk Þingvallalands.

Norðurmörk: Suðurmörk Hofsjökuls og Langjökuls og á milli jöklanna mörk milli afréttar Biskupstungnahrepps í Árnæssýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu, skv. dómsátt frá 9. september 1983 fyrir aukadómþingi Árnæssýslu.

Suðurmörk: Suðurmörk þeirra jarða sem liggja að hálendinu eða afréttum en þær jarðir virðast vera:

Í Þingvallahreppi: Þingvallaland, Gjábakki og Miðfell.

Í Grímsneshreppi: Kaldárhöfði, Brúarholt, Efri-Brú, Búrfell (I-III), Hæðarendi, Klausturhólar, Hallkelshólar (I-II), Björk, Þóroddsstaðir og Neðra-Apavatn.

Í Laugardalshreppi: Efra-Apavatn (I-II), Gröf, Lækjarhvammur, Eyvindartunga, Laugarvatn, Snorrastaðir (I-II), Hjálmsstaðir (I-II), Ketilvellir, Miðdalur, Miðdalskot, Laugardalshólar, Hólabrekka og Efstidalur (I-IV).

Í Biskupstungnahreppi: Miðhús, Úthlíð (I-II), Stekkholt, Hrauntún, Austurhlíð, Dalsmynni, Hlíðartún, Neðri-Dalur, Helludalur (I-II), Haukadalur (I-III), Torta, Bryggja, Laug, Brú, Kjóastaðir (I-II), Brattholt og Tunguheiði.

Í Hrunamannahreppi: Hamarsholt, Tungufell, Jaðar (I-II), Foss, Klufar, Kaldbakur og Hrunakrókur.

Í Gnúpverjahreppi: Laxárdalur I-II, Skáldabúðir, Minni-Mástungur, Stóru-Mástungur (I-II), Hamarsheiði (I-II), Fossnes, Hagi, Ásólfstaðir (I-II), Skriðufell og virkjanasvæði Landsvirkjunar.

Afréttir á svæðinu eru afréttir ofangreindra hreppa auk afréttar Flóa- og Skeiðamanna.

Gerður er fyrirvari um að aðrar jarðir/landskikar en tilgreindir eru kunnir að liggja á mörkum svæðisins að sunnanverðu, svo sem land sem ráðstafað kann að hafa verið úr ofangreindum jörðum.

Óbyggðanefnd áskilur sér rétt til þess að minnka eða stækka það landsvæði sem hér er lýst. Slik breyting yrði auglýst sérstaklega.

Á þessu svæði mun óbyggðanefnd: a) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, b) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og c) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendu.

Hér með er skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á ofangreindu land-

svæði að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, innan þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs Lögbirtingablaðsins sem tilkynning þessi birtist í. Með kröfum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á ásamt uppdrætti af mörkum þess landsvæðis/jarðar sem kröfur lúta að, allt í fjórriti.

Sérstaklega er áréttað að tilkynning þessi nær til allra þeirra aðila sem telja til réttinda á ofangreindu landsvæði, án tillits til þess hvort þeir koma fram í lýsingu á afmörkun svæðisins.

Tilkynning óbyggðanefndar var birt í Lögbirtingablaðinu 5. mars 1999. Útdráttur úr efni hennar var birtur í Morgunblaðinu og víðar. Jafnframt lét nefndin þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók sýslumannsins á Selfossi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Málið var að auki kynnt fyrir sveitarstjórnnum, sýslumannsembættum og fleiri aðilum.

Óbyggðanefnd framlengdi hinn upphaflega frest í þeim tilvikum þegar leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti. Jafnframt vakti nefndin athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málalíbúnaði og gaf færi á lagfæringum.

2.2. Lýstar kröfur og kynning

Óbyggðanefnd bærust kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur í 7 hreppum og 57 aðrar kröfulýsingar sem sumar tóku til fleiri en einnar jarðar eða stærri landsvæða. Síðustu kröfulýsingar bærust 22. október 1999.

Þann 29. október gaf óbyggðanefnd út yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdrátt sama efnis. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Selfossi, dagana 1.-30. nóvember 1999, og að auki til loka athugasemdafrests 31. desember. Vakin var athygli á kynningunni með auglýsingum í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir og afréttarmálafélag yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bærust fyrir desemberlok en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum. Í janúar 2000 bærust kröfulýsingar fyrir fimm jarðir, allar í Hrunamannahreppi.

2.3. Afmörkun máls nr. 1/2000

Í janúar 2000 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi 7 málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2000; Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi.

Mál nr. 2/2000; Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Mál nr. 3/2000; Laugardalsafréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi.

Mál nr. 4/2000; Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi.

Mál nr. 5/2000; Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi.

Mál nr. 6/2000; Flóa- og Skeiðamannafréttur.

Mál nr. 7/2000; Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi.

Jafnframt var gerð grein fyrir því hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Þá fengu fyrirvarsmenn málsaðila afhent afrit kröfulýsinga og fylgigagna annarra aðila að viðkomandi máli. Óskað var eftir athugasemdum við fyrirhugaða skiptingu svæðisins í mál og hæfi einstakra nefndarmanna innan tiltekins frests. Engar athugasemdir bærust.

Vesturmörk þess svæðis, sem hér er til úrlausnar, eru samkvæmt tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, „Mörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu og vestur- og suðurmörk Þingvallalands“ og enn fremur kemur fram að suðurmörk svæðisins miðist við suðurmörk Þingvallalands, Gjábakka og Miðfells.

Á fundi óbyggðanefndar 21. desember 1999 var eftirfarandi bókað um þetta atriði:

Hér er nánar tiltekið um að ræða eftirfarandi: Úr suðvesturhorni Þórisjökuls í ós Brunnavatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr því. Því næst í hæsta tind Kvígingindisfells/Kvíkfjáryndisfells, þaðan í Mjóu-Súlu (eða Háu-Súlu), þaðan til Öxarárupptaka, eða þess staðar er Öxará rennur úr Myrkavatni, þaðan beina stefnu í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils, og eftir því gili til Öxará, sem þá ræður landamerkjum til Þingvallavatns.

Taka ber fram að varðandi ofangreind sýslumörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu er byggt á upplýsingum og kortum Landmælinga Íslands. Varðandi vestur- og suðurmörk Þingvallalands er byggt á landamerkjabréfi prestssetursins Þingvalla, dags. 1. sept. 1886.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að vesturmörk Þingvallakirkjulands samkvæmt áður nefndu landamerkjabréfi falla ekki að öllu leyti saman við sýslumörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu eins og þau eru dregin af Landmælingum Íslands. Í síðara tilvikinu eru mörkin dregin beint á milli hæsta tinds á Kili og Mjóu-Súlu (Háu-Súlu) en í því fyrra er gert ráð fyrir einum merkjapunkti þar á milli, þ.e. útfalli Ölfusár úr Myrkavatni.

Til austurs er landsvæði það sem nefnt hefur verið Grímsnesafréttur, þ.m.t. landsvæði sem Grímsnesingar keyptu úr Þingvallakirkjulandi 1896, sbr. mál nr. 2/2000.

Norðan við Þingvallakirkjuland, á milli sýslu- og sveitarfélagamarka við Borgarfjörð að norðvestanverðu og Grímsnesafréttar að norðaustanverðu, liggur loks þríhyndur landskiki sem einnig er hér til meðferðar.

Svo sem nánar greinir í kafla 3 er í máli þessu, nr. 1/2000, ágreiningur milli aðila um eignarréttarlega stöðu Þingvallakirkjulands og landskika norðan þess. Í megindrátum er þar annars vegar gerð krafa um þjóðlendu og hins vegar um eignarland. Enginn ágreiningur er hins vegar með aðilum um eignarréttarlega stöðu jarðarinnar Miðfells, auk ríkisjarðarinnar Gjábakka þar sem að hluta er krafist þjóðlendu en að öðru leyti eignarlands en báðar eru þessar jarðir taldar upp í tilkynningu óbyggðanefndar og til umfjöllunar í málinu. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 1/2000 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 24. febrúar 2000. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og ýmis atriði rædd. Þá var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 23. mars var lögð fram greinargerð íslenska ríkisins ásamt fleiri gögnum. Þá var öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 3. maí voru lagðar fram greinargerðir „eigenda jarða og afrétta í Þingvallahreppi“ og Landsvirkjunar ásamt fleiri gögnum. Á fundi 30. maí voru lögð fram gögn og m.a. bókað um afstöðu óbyggðanefndar til krafna í greinargerð „eigenda jarða og afrétta í Þingvallahreppi“ um frávisun o.fl., sjá nánar í kafla 11.1. Málið var einnig tekið fyrir á fundi 5. júní þar sem lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð stóð dagana 13.-14. júní 2000 að Hótel Valhöll, Þingvallahreppi, og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflutning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 12. nóvember 2001 var málið endurupptekið, lögð fram ný gögn og leitast við að upplýsa óljós atriði. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju. Óbyggðanefnd taldi sýnt að sáttatilraun í máli þessu yrði árangurslaus.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfu vegna jarðanna Gjábakka og Þingvalla.

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu íslenska ríkisins er endanleg aðalkrafa sú, sbr. skjal nr. 131, að viðurkennt verði að þjóðlendumörk í Þingvallahreppi séu svo sem hér segir:

Dregin er lína í 400 metra hæðarlínu úr Laugarvatnslandi og henni fylgt norður Gjábyggahraun til Hrafnabjarga. Frá 400 m hæðarlínu utan í Hrafnabjörgum er fylgt mörkum Grímsnes- og Þingvallahrepps að Smágígum við suðurenda Hlíðargjár og áfram þar til skorin er 200 metra hæðarlína vestan gíganna. Þeirri hæð fylgt NV hraunið og áfram yfir veginn að Stóragili utan í Ármannsfelli sunnanverðu. Haldið upp gilið að 400 metra hæðarlínu og þeirri hæðarlínu fylgt suður og vestur fyrir Búrfell að Búrfellsgili og svo eftir því í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils og síðan í Kvígindisfell beina stefnu gegnum Botnssúlur.

Varakrafa íslenska ríkisins er að viðurkennt verði að þjóðlendumörk í Þingvallahreppi séu þessi:

Frá toppi Hrafnabjarga í 763 m hæð y.s. sjónhending 8,1 km í tind Ármannsfells. Af Ármannsfelli 9 km í Búrfellstind. Frá Búrfellstindi liggur kröfulínan í stefnu á Þrasaborgir á Lyngdalsheiði. Línan er dregin frá tind Búrfells 3,5 km til skurðar við Öxará og þaðan beina stefnu á há-Kjöl á móts við upptök Búrfellsgils og síðan beina stefnu gegnum Botnssúlur að toppi Kvígindisfells.

Verði ekki orðið við þessum kröfum íslenska ríkisins er þess krafist að þjóðlendulína verði ákveðin sem allra styst til norðurs frá þessum kröfulínum. Þá er þess óskað að gerðar verði strangar sönnunarkröfur til allra óbeinna eignarréttinda til þess lands, sem samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar verður talin þjóðlenda.

Í tengslum við kröfulýsingu sína lagði íslenska ríkið fram eftirfarandi lýsingu á afrettarlandi í Þingvallahreppi: „Milli Kjósarhrepps og Þingvallahrepps: Um há-Kjöl í Botnssúlur. Milli Þingvallahrepps og Borgarfjarðar: Úr Botnssúlum í Kvígindisfell, þaðan í Fanntófell, úr Fanntófelli í vestasta Hróðurkarlinn. Milli Þingvallahrepps og Grímsneshrepps: Úr Hróðurkórlum í hæsta tind Gatfells, úr Gatfelli í Prestastíg á Hlíðargjá. Síðan ráða mörkum landamæri heimalanda, fyrst Gjábakka og síðan Miðfells í Þingvallavatn.“

3.1.2. Gjábakki

Gerð er sú krafa að „viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til alls lands jarðarinnar utan þjóðlendulínunnar, eins og landinu er lýst í landamerkjabréfi. Þá er landinu innan þjóðlendulínunnar lýst sem afrettarlandi jarðarinnar innan þjóðlendu og er þar um að ræða land jarðarinnar á Hrafnabjörgum. Landamerkjalyásing jarðarinnar er þessi:

Frá Hallsstíg á Hrafnagjá í vörðu neðst í Kambsvörðuhrauni, þaðan í Stórastein, þaðan í Róthól, þaðan sjónhending í Hamraselshelli, þaðan í Dímon, þaðan í Stórueldborg, þaðan í landsuðurnornið á Hrafnabjörgum, þaðan beint í útnorðurhorn sama fjalls, síðan í vörðu á Hlíðarstíg, þaðan í vörðu á Innri Gaphœð, síðan ráða Hrafnagjáardrög og Hrafnagjá á áðurnefndan Hallsstíg.

2 Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og III-IV (aðilaskrár).

Auk þessa er gerð krafa til hlutfallslegrar hlutdeildar í þeim réttindum, sem óbyggðanefnd úrskurðar að jarðir í Þingvallahreppi eigi í þeirri þjóðlendu á þessu kröfusvæði, sem ekki telst heyra til jörðunum Þingvöllum eða Gjábakka.“

3.1.3. Þingvellir

Gerð er sú krafa að „viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til alls lands jarðarinnar utan þjóðlendulínunnar, eins og landinu er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar eftir að afréttarlandið, sem afsalað var til Grímsneshrepps 1924, hefur verið dregið frá. Þá er landinu innan þjóðlendulínunnar lýst sem afréttarlandi jarðarinnar innan þjóðlendu.

Landamerkjalysing jarðarinnar er þessi samkvæmt landamerkjabréfi:

Frá Öxarármynni liggur Þingvallavatn fyrir landinu suður að Langatanga (Sauðanesi). Úr klofnum hellusteini á Langatanga liggja svo mörkin beina stefnu að sjá í slakkann milli Gildruholta allt til markavörðu við hinn forna svonefnda Prestsveg; þá ræður Prestsvegurinn mörkum til Hallsstígs á Hrafnagjá, og svo Hrafnagjá inneftir þar til hún þrýtur við Rauðshól. Úr Rauðshól í vörðu á sprungnum klapparhól á Innri Gaphæðum, þaðan beint í Hlíðarstíg; úr Hlíðarstíg beina stefnu yfir Þúfuhól í Hrafnabjörg. Síðan liggja mörkin strandlengis með fjallsbrúnum allt til norðausturenda Tindaskaga, svo sem hér segir: eftir norðureggjum Hrafnabjarga, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatindi sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eftir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallakirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess, og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu á Leirárhöfða þar til vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvígindisfells. Þar sem þessi síðast nefnda lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða er hornmark. Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvígindisfells, þaðan í Mjóu-Súlu (eður Háu-Súlu), þaðan til Öxarárupptaka, eður þess staðar er Öxará rennur úr Myrkavatni, þaðan beina stefnu í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils, og eftir því gili til Axarár, sem þá ræður landamerkjum til Þingvallavatns.

Úr þessu landi var árið 1924 afsalað til Grímsneshrepps eftirfarandi afréttarlandi í makaskiptum fyrir Kaldárhöfða: Um er að ræða allt afréttarland fyrir austan þessa línu:

Frá Gjábakkalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn í enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan beina stefnu í hæsta hnjúkinn á Galtafelli, og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörlum. Allt það afréttarland Þingvallakirkju, þar með talið fjallið Skjaldbreiður, sem liggur fyrir austan nefnda markalínu er eftir afsalið löglegur afréttur Grímsneshrepps.

Landsvæði það, sem eftir stendur af landareign Þingvallajarðarinnar eftir þetta afsal, er merkt inn á landakort og er lýst eignarréttarkröfum til þess. Þjóðlendulínan, eins og hún er í kröfulýsingu íslenska ríkisins, sker svo landareignina og er eins og fyrr var sagt lýst beinum eignarrétti til lands utan línunnar en afréttarrétti, þ.e. beitarrétti og þess réttar sem á hverjum tíma er talinn fylgja þeim rétti að lögum til lands innan línunnar.

Auk þess er gerð krafa til hlutfallslegrar hlutdeildar í þeim réttindum, sem óbyggðanefnd úrskurðar að jarðir í Þingvallahreppi eigi í þeirri þjóðlendu á þessu kröfusvæði, sem ekki telst heyra til jörðunum Þingvöllum eða Gjábakka.“

3.2. Kröfur „eigenda afréttarlands í Þingvallahreppi“ og prestssetrasjóðs um frávisun o.fl.

Af hálfu „eigenda afréttarlands í Þingvallahreppi“ og prestssetrasjóðs er þess krafist að kröfum ríkisvaldsins verði vísað frá óbyggðanefnd.

Þá var þess krafist að málflutningur færi ekki fram fyrr en umboðsmaður Alþingis hefði látið í ljósi álit sitt á atriðum varðandi kröfugerð ríkisins sem til hans hefði verið beint með kvörtun og fyrir lægju umsagnir allra þeirra aðila sem að ágreiningslandinu kæmu, svo sem Náttúruverndarráðs, héraðsnefndar Árnessýslu, Þingvallaneftndar, iðnaðarráðuneytisins og allra þeirra aðilja sem gætu veitt upplýsingar um eða tengdust ágreiningslandinu með einhverjum hætti.

Farið var fram á að framkomin frávisunarkrafa yrði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að málflutningi fyrir óbyggðanefnd kæmi.

3.3. Krafa eigenda Miðfells vegna lands innan landamerkjanna

Af hálfu eigenda jarðarinnar Miðfells er gerð sú krafa að viðurkennt verði að þeir séu fullkomnir eigendur jarðarinnar Miðfells í Þingvallasveit en landamerkjum jarðarinnar er lýst svo í landamerkjabréfi:

1. Að norðvestanverðu, úr vatninu fyrir innan Búðarvík, í Hrafnaklett, af þeim kletti beina stefnu á svokallaðan Hatt, vestan á há-Dagmálafjalli, og svo sem fjallshryggurinn ræður yfir Borgarskarð og Hánorðurfjall niður að rótum fjallsins að norðan.
2. Úr fjallsrótum að norðaustan beina stefnu á há-Róthól, þaðan á Hamraselshelli, þaðan beina stefnu fyrir ofan Driptarenda og í miðborgina á Þrasaborgum.
3. Að sunnanverðu frá Þingvallavatni í miðjan Sprænutanga hinn háa, og þaðan beina stefnu í gil það í Driptinni, er Stóraskriða kemur úr, verður þá línan sunnan til við svokallaða Brik, sem er í Miðfellslandi og norðan til við Hraunskigni, sem er í Kaldárhöfðalandi. Svo úr Stóruskriðagili beina stefnu í áður nefnda Þrasaborg.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.4. Krafa prestssetrasjóðs vegna lands innan landamerkjanna Þingvalla

Af hálfu prestssetrasjóðs er gerð sú krafa að viðurkenndur verði eignarréttur kirkjunnar að Þingvallalandi öllu.

Jafnframt er gerð krafa um afnotarétt prestssetrasjóðs í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda, hvort sem um er að ræða hið almenna afréttarland eða land Þingvallakirkju.

Þá er þess sérstaklega krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.5. Kröfur eigenda lögbýla í Þingvallahreppi vegna Þingvallaafréttar og Þingvallakirkjunnar

Endanleg krafa eigenda lögbýla í Þingvallasveit hljóðar þannig: „Þess er krafist að viðurkennt verði að eigendur jarðanna í Þingvallasveit eigi beinan eignarrétt að öllum afréttinum að öðru leyti en því sem umsamdar kvaðir á landinu greina og að viðurkennt verði að land þetta sem nefnt er afréttur Þingvallahrepps er nánast réttþyrmdur þríhyrningur sem afmarkast með eftirfarandi hætti:

Afrétturinn er vestan (sic) línu sem liggur í austur-vestur úr norðurhluta Skjaldbreiðarpunkti 1022 að punkti 1023 sem er á mörkum Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu og norðan (sic) línu sem liggur í suður-norður nánast hornrétt á hina línuna frá punkti við Gatfell 1037 í stefnu á vestasta Hróðurkarl punkt 1036. Norðvesturmörk afréttarins eru síðan sýslumörk Borgarfjarðarsýslu og Árnessýslu sem afmarka það svæði sem er til meðferðar í þessu máli. ...“

Þess er ekki krafist að eignarhluti hvers lögbylis í sameiginlega landinu verði tiltekinn heldur einungis að landið sé sameign eigenda lögbylanna.

Krafa þessi er ekki gerð fyrir hönd ríkisjarða í Þingvallahreppi en viðurkennd eru samsvarandi réttindi þeirra til afréttarins og kröfugerðin kveði á um.

Jafnframt er gerð krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda, hvort sem um er að ræða hið almenna afréttarland eða land Þingvallakirkju.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.6. Krafa Landsvirkjunar

Með bréfi, dags. 24. júní 1999, lýsti Landsvirkjun kröfum sínum á svæði I í heild en óbyggðanefnd hafði með auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu 5. mars 1999 skorað á þá sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á því landsvæði að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests. Landsvirkjun lýsti kröfum sínum á svæði I í einu lagi þannig:

Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin réttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði:

Öll vatnsréttindi (fallréttindi) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu.

Öll vatnsréttindi jarðarinnar Kaldárhöfða frá Þingvallavatni niður í Úlfliótuvatn, 38 ha lands ásamt réttindum sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta vatnsaflíð, þar með talið stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar.

Landsréttindi og réttindi sem til þarf vegna háspennulínu frá Þjórsá að austanverðu að mörkum Þingvallahrepps og Borgarfjarðarsýslu um Þingvallahrepp, Grímsneshrepp, Laugardalshrepp, Biskupstungnahrepp, Hrunamannahrepp, afrétt Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverjahrepp (Hrauneyja-fosslínu); Búrfellslínu 1, 2 og 3A í Gnúpverjahreppi; línu frá Sigölduvirkjun yfir Þjórsá að Sandafelli í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sigöldulína 1); og línu frá Sultartangavirkjun í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sultartangalína 2).

Önnur eignarréttindi sem til þarf vegna orkumannvirkja sem lýst er í kafla 3, Jörð/landsvæði og til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana Landsvirkjunar í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma.

Öll veiðiréttindi í virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar á landsvæði því sem auglýsing óbyggðanefndar tekur til, þ.e. í Bjarnalóni ofan Búrfellsvirkjunar, Sultartangalóni og 5. áfanga Kvíslaveitu.

Kröfugerð þessi er gerð með þeim almenna fyrirvara að Landsvirkjun áskilur sér rétt til að leiðrétta og bæta við hana síðar og leggja fram viðbótargögn eftir þörfum og ef krafist verður.

Í bréfi Landsvirkjunar, dags. 19. október 1999, sem var svar við bréfi óbyggðanefndar frá 12. s.m., eru nokkrar athugasemdir við uppkast að kröfulínukorti sem Landsvirkjun hafði fengið sent. Auk þess var gerð grein fyrir því að láðst hafði að geta 6. hluta Kvíslarveitu, sbr. heimild í 4. gr. laga 74/1990.

Óbyggðanefnd barst síðan bréf Landsvirkjunar, dags. 30. desember 1999, þar sem eftirfarandi kom fram:

a) Landsvirkjun hefur látið gera áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggja fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá en sýndir eru á korti óbyggðanefndar.

b) Landsvirkjun á og rekur allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnessýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu.

Með greinargerð dags. 3. maí 2000 var vísað í kröfugerð dags. 24. júní 1999 ásamt síðari breytingum og jafnframt gerðar svofelldar kröfur í máli nr. 1/2000, þjóðlendumörk í Þingvallahreppi, o.fl.:

Krafist er að staðfest verði réttindi Landsvirkjunar á eða vegna eftirtalinna landsvæða í Þingvallahreppi, hvort sem þau verða talin falla innan eða utan marka þjóðlendu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998:

Hrauneyjafosslína (220kV)
Fyrirhuguð Sultartangalína (400kV)
Mælistöðvar Landsvirkjunar.

Landsvirkjun krefst þess að óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-171, sjá nánar í fylgiskjali nr. II.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Í þjóðlendulögum er mælt fyrir um skyldu aðila til að leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í því felst að óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefni. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Könnun frumgagna var að hluta framkvæmd af óbyggðanefnd og að hluta falin sérfræðingum Þjóðskjalasafns Íslands, samkvæmt samkomulagi og mati þessara aðila. Í því sambandi hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Jafnframt var

haft samstarf við Héraðsskjalasafn Árnesinga, handritadeild Landsbókasafns Íslands - Háskóla-bókasafns og fleiri aðila. Gerð er nánari grein fyrir þessari leit í kafla 4.3. Þá aflaði óbyggðanefnd álitargerðar Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, sjá kafla 5. Loks var að auki litið til almennra uppláttarrita og ítarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í kafla 10.5.

Fyrirsvarsmönnum aðila var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Þeir gátu jafnframt bent á gögn sem ástæða væri til að kanna.

Þau gögn sem í leitirnar komu og óbyggðanefnd taldi að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu og afrit afhent málsaðilum. Jafnframt voru lögð fram minnisblöð um þá þætti gagnaöflunar sem lokið var hverju sinni.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Á Þjóðskjalasafni - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).
Hjá Sýslumanninum á Selfossi - Yfirfarið (sbr. minnisblað öbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 135).

2. Jarðabréf

Á Þjóðskjalasafni - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).
Sjá að öðru leyti lið B-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Á Þjóðskjalasafni - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).
Hjá sýslumanninum á Selfossi - Yfirfarið (sbr. minnisblað öbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 135).

4. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðamat 1804 - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).
Jarðamat 1849-1850 - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).
Jarðamat 1916 (1918) - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).
Sjá að öðru leyti lið B-2 (prentuð fasteigna- og jarðamöt).

5. Dóma- og þingabækur

Á Þjóðskjalasafni - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).
Sjá að öðru leyti lið B-3 (prentaðir dómur).

6. Bréfabækur og gerðabækur sýslumanna og hreppa

Á Þjóðskjalasafni - Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki ástæðu til að yfirfara þennan skjalaflokk í heild sinni og engar sérstakar vísbendingar um að þar væri að finna efni varðandi úrlausn máls þessa hjá óbyggðanefnd (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).

7. Vísitásiubækur

Á Þjóðskjalasafni - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).

8. Kirkjustólar

Á Þjóðskjalasafni - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).

9. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Á Þjóðskjalasafni - Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki ástæðu til að yfirfara þennan skjalaflokk í heild sinni en öfluðu þeirra gagna varðandi Þingvallahrepp sem vísbendingar voru um að þar væri að finna og þýðingu gætu haft (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).

Sjá að öðru leyti lið B-6 (prentað efni úr skjalasöfnum ...).

10. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar - Yfirfarið (sbr. bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, dags. 30. júní 2000, skjal nr. 127).

Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki þörf á að yfirfara í heild sinni þær óprentuðu bréfabækur biskupa sem þar eru varðveittar og engar sérstakar vísbendingar um að þar væri að finna efni varðandi Þingvallahrepp (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).

Sjá að öðru leyti lið B-8 (prentaðar bréfabækur biskupa).

11. Klausturumboð

Á Þjóðskjalasafni - Um slík gögn er ekki að ræða á þessu svæði (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).

12. Fornleifaskráning (yfirlit)

Lögð fram útprentun úr gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf. („ÍSLEIF“) fyrir Þingvallahrepp, skjal nr. 124.

13. Örnefnaskráning

Óbyggðanefnd hefur ekki talið ástæðu til að leggja fram sérstök gögn um örnefni í þessu máli.

14. Önnur óprentuð frumgögn

Starfsmenn Þjóðskjalasafns könnuðu skjöl Stjórnarráðsins um sölu þjóð- og kirkjujarða (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 114 a).

Af hálfu óbyggðanefndar var talin ástæða til að skoða eftirtalda flokka óprentaðra frumgagna: Skjöl Magnúsar Más Lárussonar prófessors um sýslumörk Árnessýslu til vesturs.

Skjöl í ráðuneytum dóms- og kirkjumála og landbúnaðar um kirkjujarðir í landinu (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags. 5.7.2001, skjal nr. 136).

B. Prentuð frumgögn:**1. Jarðabréf**

Íslenskt fornbréfasafn - Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 116).

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) - Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 30.8.2001, skjal nr. 138).

Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.) - Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 7.6.2000, skjal 126).

Sjá að öðru leyti lið A-2 (óprentuð jarðabréf).

2. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847) - Sjá skjal nr. 125.

Ný jarðabók (1861) - Sjá skjal nr. 140.

Fasteignabók 1922 - Sjá skjal nr. 141 a.

Fasteignabók 1932 - Sjá skjal nr. 141 b.

Fasteignabók 1938 - Sjá skjal nr. 141 c.

Fasteignabók 1955 - Sjá skjal nr. 141 d.

Sjá að öðru leyti lið A-4 (óprentuð fasteigna- og jarðamöt).

3. Dómar

Útgefniir dómar Hæstaréttar og Landsyferréttar - Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.6.2000, skjal nr. 144).

Sjá að öðru leyti lið A-5 (óprentaðar dóma- og þingabækur).

4. Fjallskilareglugerðir

Stjórnartíðindi - Yfirfarið (sbr. bréf frá Héraðsskjalasafni Árneseinga, dags. 5.6.2000, skjal nr. 121).

5. Máldagar

Íslenskt fornbréfasafn - Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 116).

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Lovsamling for Island - Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 134).

Stjórnartíðindi - Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 134).

Sjá að öðru leyti lið A-9 (óprentað efni úr skjalasöfnum ...).

7. Landnáma

Óbyggðanefnd hefur gengið úr skugga um að í málinu hefur verið lagt fram það efni Landnámu sem varðar landnám á því svæði sem um er fjallað í málinu. Skjal nr. 139.

8. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar: Yfirfarið (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags. 23.1.2001, skjal nr. 137). Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Sjá að öðru leyti lið A-10 (óprentaðar bréfabækur biskupa).

9. Alþingisbækur Íslands

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 117).

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 5.6.2000, skjal nr. 118).

Sjá einnig lið B-1 (13. bindi Jarðabókar ...).

11. Önnur prentuð frumgögn

Hvorki starfsmenn Þjóðskjalasafns né óbyggðanefnd töldu ástæðu til að yfirfara gögn í þessum flokki.

4.4. Vettvangsferð

Vettvangsferð fór fram 13. júní 2000. Auk óbyggðanefndar, ritara nefndarinnar og lögmanna aðila voru eftirtaldir mættir: Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur og Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur af hálfu óbyggðanefndar og Ragnar Jónsson, oddviti Þingvallahrepps, af hálfu jarðeigenda. Einnig Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps. Gunnar Þorgeirsson lýsti kennileitum tengdum Grímsnesafrétti á leiðinni frá Gjábakka, inn að Kringlumýri og upp vegarslóðann við Stóra-Dímon.

Haldið var frá Hótel Valhöll inn að gangnamannakofa við Kringlumýri á Lyngdalsheiði. Þar var staðnæmst og gróðurfar og aðrar aðstæður á Lyngdalsheiði kannaðar. Því næst var ekið til baka og að vegarslóða inn við Stóra-Dímon. Við mót vegarslóðans og Gjábakkavegar voru kennileiti skoðuð en síðan haldið upp slóðann. Staðnæmst var við kröfulínu ríkisins, skv. ábendingu Ólafs Sigurgeirssonar hrl., og aðstæður skoðaðar. Haldið var áfram upp vegarslóðann, að vörðunni Bragabót. Á þessum stað sá vel yfir svæðið til suðurs. Að svo búnu var snúið við og haldið eftir Gjábakkavegi inn að Þingvöllum og upp Uxahryggjaveg. Á Tröllhálsi var gengið upp að vörðu sem þar er og víðsýnt frá. Þessu næst var haldið áfram upp Uxahryggjaveg þar til staðnæmst var við neyðarskýli sem stendur nokkuð norðan við Línuveg á Kaldadal. Þar var gróðurfari gefinn sérstakur gaumur. Haldið var áfram norðureftir og allt þar til komið var á mótis við Leirárhöfða. Horft var til austurs yfir það svæði sem gerð er krafa til að teljist eignarland og afréttur eigenda lögbýla í Þingvallahreppi. Snúið var við og haldið suður að Svartagili þar sem kröfulína ríkisins var skoðuð skv. ábendingum lögmans ríkisins. Loks var haldið aftur að Hótel Valhöll á Þingvöllum.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu Ragnar Jónsson oddviti Þingvallahrepps.

Hann skýrði svo frá að ekki væri rekið fé á Þingvallaafrétt og hafi ekki verið gert um skeið. Fé hafi þó verið flutt á þetta svæði frá Mjóanesi og Miðfelli. Það fari þó ekki hjá því að þangað slæðist eitthvert fé. Búendur í hreppnum séu fjallskilaskyldir og þetta svæði sé smalað sem fjallskilaland. Hann tók fram að girt væri milli Þingvallaafréttar og afréttar Borgfirðinga. Hann sagði að eyðijörðin Selkot væri í eigu hreppsins en hefði ekki verið lögð til afréttar. Jarðirnar vestan Þingvalla rækju fé sitt í heimaland viðkomandi jarða.

5. STAÐHÆTTIR OG GRÓÐURFAR¹

5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður

Landfræðilegar aðstæður, og þar með einnig gróðurfarsleg skilyrði, eru mjög breytileg á kröfuvæði ríkisins í Þingvallahreppi. Syðri hlutinn er fjalllendur; Búrfell (782 m), Botnssúlur (1095 m), Gagnheiði (um 400 m), Ármannsfell (766 m) og Lágafell og Gafell (538 og 532 m). Á vesturmörkunum er síðan Kvígindisfell (786 m). Vestar og norðar er Fanntófell (901 m). Þessi fjöll og fell eru mynduð úr móbergi.

Að öðru leyti er svæðið að mestu háslétta. Norðan Ármannsfells og Lágafells er land í um 200 m en síðan hækkar það mjög ört eða í nær 600 m er kemur að norðurmörkum svæðisins austan Hróðurkarla. Skjaldbreiðarhraun sem rann eftir síðustu ísöld, fyrir meira en 9000 árum, myndar berggrunn mikils hluta þessarar hásléttu. Á nyrsta hluta svæðisins norður að Fanntófelli er berggrunnurinn myndaður úr grágrýti, setlögum og móbergi.

Þessi breytileiki í berggrunni, landslagi og hæð svæðisins skapar skilyrði fyrir breytilegt og

¹ Kaflar 5.1-5.3 eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 128.

fjölbreytt gróðurfar. Yfirborð landsins á hraununum er hriplekt, grunnvatnsstaða lág og jarðvegur mjög þurr og honum er hætt við uppblæstri. Fjalllendið á vestur- og suðvesturluta svæðisins er raklendara, þar er mikil úrkoma og snjóþyngsli sem eru gróðri hagstæð. Þar eru gróðurskilyrði því að jafnaði betri nema þar sem hæð fjalla er yfir gróðurmörkum.

5.2. Áætlað gróðurfar um landnám og síðari þróun þess

Eftir hæð landsins yfir sjávarmáli má skipta Íslandi í þrjú gróðurbelti en þó án skarpra skila: Láglandisbelti að 100-150 m hæð, hliðabelti að 300-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra hæðarmarka.¹ Kröfussvæði ríkisins í Þingvallahreppi er nánast allt í efri beltunum tveimur.

Loftslag fyrir og um landnám var hlýrra en það hefur að jafnaði verið síðan og jöklar hafa því verið minni en nú. Talið er að um landnám hafi mikill hluti kröfussvæðisins verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri allt upp í 400-500 m hæð en þar ofan við, upp að 700-800 m hæð, hafi verið slitróttur bersvæðisgróður.² Efstu og bröttustu hlutar hæstu framangreindra fjalla á suðurluta svæðisins hafa verið ógrónir.

Ætla má að við upphaf landnáms hafi birkiskógur eða kjarr að jafnaði teygst sig upp undir 400 m hæð þar sem önnur náttúrufarsleg skilyrði, eins og mikill snjóþungi og skjólleysi, hafa ekki staðið trjávexti fyrir þrifum. Örnefni og skógarleifar bera þess merki. Eftir því sem ofar dró í hliðabeltinu hefur skógurinn orðið lágvaxnari og gisnari og ofan skógarmarkanna tók við víðir, lyng og ýmsar harðgerar jurtir. Í fjallbeltinu var mosagróður, fléttur og snjóðældagróður ríkjandi og loks tók við bersvæðisgróður á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Sá gróður, sem hér var um landnám, var afar viðkvæmur vegna þess að hann hafði þróast ósnortinn af beit. Ætla má að gróður hafi tekið að breytast fljótlega eftir að landnám hófst, vegna kólnandi loftslags sem stóð yfir til loka 19. aldar, búsetunnar og eldgosa. Þá hafa breytingar á vatnsstöðu uppi við jökul leyst úr læðingi mikið magn jarðefna sem borist hafa yfir landið og spillt því.

Skógurinn lét fyrst undan síga og það hafði í för með sér mikla rýrnun landgæða, bæði vegna fjölbættra nytja af honum, verndar sem hann veitti jarðvegi og gróðri og vegna þeirrar frjósemi sem birkiskógur viðheldur í jarðvegi. Í kjölfar eyðingar skóganna og rýrnunar annars gróðurs fylgdi mikil gróður- og jarðvegseyðing af völdum vatns og vinda sem enn hefur ekki tekist að stöðva.

Þessi gróðurbreyting og rýrnun hefur verið mishröð eftir árferði, staðháttum og viðkvæmni landsins og enginn kann full skil á hraða þess ferlis. Sem dæmi um það svæði sem hér er fjallað um, segir í Jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vidalíns: „Afrjett hefur til forna brúkuð verið í Skjaldbreiðarhrauni ... en nú yfir 40 ár hefur þángað ei rekið verið, lagðist það af vegna þess að þaðan voru slæmar heimtur, svo er nú og landið þar mjög blásið og liggur undir snjóum langt fram á sumur.“³ Í umsögn um Þingvallajörðina kemur það sama fram um Skjaldbreiðarhraun, en þar segir einnig: „...lætur nú presturinn brúka fyrir afrjett Ármannsfell, Kvíndisfell og Gagnheiði. Fjallhagar eru svo að kalla óþrjótandi“.⁴ Hér kemur fram það sem að framan var sagt um góð gróðurskilyrði á suðvestur- og vesturluta svæðisins sem ekki síst á rætur að rekja til úrkomu og hagstæðra snjóalaga.

5.3. Núverandi gróðurfar

Gróður svæðisins hefur rýrnað mikið bæði að flatarmáli og gæðum frá landnámi til þessa dags, bæði af náttúrunnar og manna völdum eins og áður var getið. Á svæðinu hefur einnig verið gríðarlegur sandburður frá Langjökli til suðurs sem skilið hefur eftir breiða, gróðurlausa sandtungu eftir

1 Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík, Almenna bókafélagið.

2 Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, 2000. Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands (1:500 000). Hugmynd um gróðurfar á Íslandi við landnám.

3 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns*. 2. b. Kaupmannahöfn 1918-1921. S. 359-360.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 365.

svæðinu endilöngu allt suður til Sandkluftavatns. Að hluta liggur hún yfir Skjaldbreiðarhraun. Úr þessum mikla sandskafli hefur borist sandur inn á aðliggjandi gróðurlendi sem hefur skemmt þau og eytt. Ekki er unnt að segja hvenær þessi sandburður hófst, en eyðingarafli hans gætir enn í allmiklum mæli, svo og sandburðar suður yfir Þingvallasvæðið í þurri norðanátt. Við breyttar, versnandi aðstæður gæti virkni þessarar sandleiðar aukist frá því sem nú er.

Aðeins um þriðjungur kröfufsvæðisins er nú þakinn gróðri. Mestur hluti hans er á suðvestur- og vesturhluta þess, þ. á m. á Gagnheiðinni og allt norður fyrir Brunnavatn, vestan Kaldadalsvegjar. Þá er og samfelldur gróður á Ormavöllum, Tröllhálsi og í Víðikerjum austan vegarins.

Á þessu svæði er fyrst og fremst um að ræða lyng- og mosagróður og fjölbreytilegan, gróskumikinn snjóðældagróður. Votlendisgróður, þ.e. mýrar og flóar, eru á við og dreif á þessum hluta svæðisins, og er stærsta samfellda votlendisgróðurlendið austan og norðan Brunnavatns. Öll þessi gróðurlendi, nema þynnsti mosagróðurinn, eru á þykkum jarðvegi.

Austan sandtungunnar, sem áður er getið, teygir gróðurlendi Skjaldbreiðar sig inn á svæðið suður að Lágafelli. Þar er um að ræða lyng- og mosagróður. Í neðanverðum hlíðum Ármannsfells og Lágafells vex birkikjarr. Sunnan Meyjarsætis er Hofmannafliot, vel gróið graslendi og þar suður af, að kröfulínu ríkisins, er vel gróið hraun með birkikjari og mosagróðri. Austan Lágafells er einnig vel gróið hraun með mosa- og lynggróðri.

Á hinum litla, nyrsta hluta kröfufsvæðisins, sem skilgreindur er sem afréttur, er mjög lítil gróðurþekja, aðeins rýr, dreifður mosagróður.

Langflest þeirra gróðurlenda sem hér hafa verið nefnd eru leifar hinna fornu gróðurlenda, en þau hafa, eins og áður er greint frá, tekið miklum stakkaskiptum, bæði hvað varðar útbreiðslu, tegundir plantna og uppskerugetu. Á svæðinu er lítið um náttúrulegar nýgræður á landi sem orðið hefur örfoka, en nokkurn árangur má sjá af landgræðslustarfi þótt þar hafi verið við ramman reip að draga vegna hreyfingar sands og hins þurra jarðvegs.

Í heild verður að telja ástand jarðvegs á kröfufsvæðinu slæmt. Í því mati vegur þyngst hið víðáttumikla sandsvæði, sem teygir sig frá Langjökli til Sandkluftavatns, og auðnir sem þekja víðáttumikil svæði. Í gróðurlendum á suður- og suðvesturhluta svæðisins er víða mikið jarðvegsrof.

5.4. Friðlýst land og náttúruminjar

Innan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar eru á náttúruminjasrá eftirfarandi svæði að meira eða minna leyti, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Skjaldbreiður“, og „Þingvellir og Þingvallavatn“. Þessi landsvæði njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Auk þess gilda sérstök lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, sjá nánar í kafla 6.5.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám og búsetu á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin saga afréttarnota í Þingvallasveit eins langt aftur og heimildir leyfa. Að lokum verður í stórum dráttum gerð grein fyrir sögu afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu.

6.1. Landnám og upphaf búsetu

Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu segir m.a. um Ingólf Arnarson:

Ingólfr fór um vart ofan um heiði; hann tók sér bústað þar sem öndvegissúlur hans höfðu á land komit;

1 Sjá skjal nr. 149.

hann bjó í Reykjarvík; þar eru enn öndugissúlur þær í eldhúsi. En Ingólfr nam land milli Qlfúsar ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, milli ok Øxarár, ok qll nes út.¹

Í Hauksbók er frásögnin lítið eitt frábrugðin í lokin. Í stað orðanna „milli ok Øxarár, ok qll nes út“ stendur „ok millim Hrannagioll [nes út]“.² Hér mun vera misritun fyrir „millim Hramnagjár qll [nes út]“. Farvegur Øxarár á tíma landnámsins er talinn hafa legið miðja vega milli Almannagjár og Brúsastaða, síðan skammt fyrir austan Kárastaðatún og loks út í Þingvallavatn skammt fyrir austan Skálabrekku.³ Eftir frásögn Sturlubókar að dæma hefur landnám Ingólfs því náð að Øxará en ekki yfir vellina þar fyrir austan nema rétt sé frá því greint í Hauksbók að austurmörkin hafi verið Hrafnagjá. „Hrannagjá“ (eða „Hramnagjá“) gæti þó verið misritun fyrir „Hvannagjá“ en úr því verður ekki skorið.⁴ Ólafur Lárusson kvað líklegt að milli landnáms Ingólfs Arnarsonar og Ketilbjarnar gamla í Grimsnesi, sem nam land vestur að Lyngdalsheiði og Hrafnabjargarhálsi, hefði í fyrstu verið almenningur sem enginn taldi sér til eignar.⁵

Nokkrar líkur benda til að búseta hafi snemma hafist á völlum austan Øxarár. Í 3. kafla Íslendingabókar skýrir Ari fróði svo frá að maður nokkur, er nefndur var Þórir kroppinskeggi, hafi gerst sekur um þræls morð eða leysings. Hann átti land í Bláskógum. Það varð síðan allsherjafé, „en þat lögðu landsmenn til alþingis neyzlu. Af því es þar almenning at víða til alþingis í skógum ok á heiðum hagi til hrossahafnar“. Jakob Benediktsson taldi að Bláskógar hefðu táknað svæðið norðan, vestan og sunnan Þingvallavats og að Þórir hefði búið á jörð þeirri sem síðan var kölluð Þingvöllur.⁶ Af orðum Íslendingabókar verður ekki ótvírætt sú ályktun dregin að allt land Þóris kroppinskeggja með gögnum og gæðum hafi verið gert að allsherjafé heldur getur einnig falist í þeim að þingmönnum hafi verið heimilt að nýta skóg og hagbeitarland bótalaust. Björn Þorsteinsson virðist a.m.k. ekki hafa verið í vafa um að Bláskógar og síðar Þingvellir (-völlur)⁷ hafi verið mikið land og í einkaeign á miðöldum.⁸

Einar Arnórsson var einnig þeirrar skoðunar að land Þóris hefði verið á milli Almannagjár og Hrafnagjár. Bláskógaheiði hefði hins vegar náð yfir hálendið milli Borgarfjarðar og hraunsins vestanvert við Skjaldbreið að því er virtist sunnan undir Oki og suður um Hallbjarnarvörður eða jafnvel suður undir Kvígindisfell.⁹

Fleiri menn en Þórir kroppinskeggi voru kenndir við Bláskóga. Einn þeirra var Grímekell goði, sonur Bjarnar gullbera sem nam Reykjardal syðri (Lundarreykjadal) í Borgarfirði.¹⁰ Í Harðar sögu og Hólmverja er Grímekell sagður hafa búið að Ölfusvatni en það er eldra nafn á Þingvallavatni. Fyrsti nafngreindi maðurinn sem vitað er með vissu að búið hafi á jörðinni Þingvelli með því nafni, var hins vegar Brandur Þórisson og er þá komið fram undir 1200.¹¹ Skömmu síðar bjó á Þingvöllum Guðmundur Ámundason gríss, allsherjargoði og höfðingi mikill.

1 *Landnámabók*, 1986. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. S. 45.

2 *Landnámabók* 1986, s. 45 (9. nmgr.).

3 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 505. Sbr. Einar Arnórsson, 1950: *Árnesþing á landnáms- og söguöld*. (Árnesinga saga II. Ritstj. Guðni Jónsson.) Reykjavík. S. 122.

4 Einar Arnórsson 1950, s. 194-195.

5 Ólafur Lárusson, 1930: „Alþingi og Þingvellir.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 4.

6 *Íslendingabók*, 1986. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. S. 8 (2. nmgr.). Almenningar vestri, vestan Kjaransvíkur, eru annað dæmi um að sektarfé hafi verið gert að almenningum (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 154).

7 Nafnið var fyrrum notað í eintölu um þingstaðinn og jörðina en síðar hvarf r í eignarfalli Þingvalla í samsetningum og fleirtölumynd nafnsins varð mönnum tóm (Björn Þorsteinsson, 1986: *Þingvallabókin. Handbók um helgistað þjóðarinnar*. Reykjavík. S. 60).

8 Sbr. Björn Þorsteinsson 1986, s. 61-62.

9 Einar Arnórsson 1950, s. 211, sbr. 206. Matthías Þórðarson, 1945: *Þingvöllur. Alþingisstaðurinn forni*. Reykjavík. S. 54-55.

10 *Landnámabók* 1986, s. 72.

11 Einar Arnórsson 1950, s. 208-209.

Rétt er að geta þess að í Ölkofra sögu, sem á að hafa gerst nokkru eftir aldamótin 1000, kemur fram að Þórhallur ölkofri hafi búið „í Bláskógum á Þórhallastöðum“.¹ Þar er ekki minnst á allsherj-arfé til alþingisneyslu en samkvæmt sögunni áttu sex goðorðsmenn skóg, svonefndan Goðaskóg, sem var að því er virðist milli Hrafnabjarga og Ármannsfells og höfðu þeir keypt hann til þess að hafa til nytja sér á þingi. Ölkofra saga er skopleikur og háðsádeila og ekki talin á nokkurn hátt trúverðug heimild.²

Því hefur verið haldið fram að alþingi hafi verið valinn staður á Þingvelli við Öxará af því að hann lá vel við samgöngum úr helstu héruðum sunnan, vestan og norðan lands.³ Enn lifa örnefni sem minna á fornar samgönguleiðir til Þingvalla. Norðlingavegur (eða Norðlendingavegur) nefndist þjóðleið þeirra sem komu úr Vestfirðingafjórðungi og Norðlendingafjórðungi vestan-verðum. Hún lá milli Oks og Geitlandsjökuls og tengdist leið Borgfirðinga. Vegurinn upp úr Lundarreykjadal, um Uxahryggi, kom inn á Norðlingaveg þar sem nefnt er í Sæluhúsum á Bláskógaheiði, um 22 km fyrir norðaustan Þingvöll en úr Reykholtaldal lá leið Borgfirðinga fyrir Ok og tengdist aðalveginum nokkru fyrir norðan Brunna.

Úr Eyjafirði fóru þingmenn Vatnahjallaveg í Kjalhraun, vestan undir Hofsjökli, og þaðan Kjalveg til Haukadals en á Þingvöll var síðan riðið um Hellisskarð og Hlöðuvelli, Eyfirðingaveg, um Goðaskarð og á Hofmannaflöt. Þaðan lá leiðin síðan niður á Þingvöll.⁴

Á síðari á öldum voru sagnir um að á þessu svæði hefði snemma myndast byggð. Um þetta ritaði Árni Magnússon eftirfarandi athugasemd í byrjun 18. aldar: „Byggð í kringum Skjaldbreið, byggð fram úr Lundarreykjadal, meinast eyðst hafa í plágu.“⁵ Um landnám í Lundarreykjadal er það eitt vitað, sem áður er dregið á, að Björn gullberi hafi numið „Reykjardal enn syðra ok bjó á Gullberastöðum“⁶ Ekki er þar minnst á byggð fram úr dalnum.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru höfð eftir munnmæli um að fyrr á tíð hafi verið fjölmennari byggð í Þingvallasveit: „Sagt er að fyrir pláguna stóru hafi í allri Þingvallnasveit verið 50 býli, og að Hrafnabjörg hafi þá staðið í miðri sveit.“⁷ Flest þeirra virðast hafa verið á láglandi eða við jaðar þess en þó er rétt að nefna þrjú býli sem fjær lágu, Ólafsvelli, Eiríksstaði og Fífilsvelli. Í sóknalýsingu séra Björns Pálssonar frá 1840 er sérstakur kafli um eyðibýli. Þar nefnir hann m.a. Ólafsvelli sem eiga að hafa verið „í Klukkuskarði, milli Skjaldbreiðar og Tindaskaga“. Hann tekur þó fram að engar rústir hafi fundist eftir þetta býli.⁸ Í Bárðar sögu Snæfellsáss er getið um mann sem Eiríkur hét og bjó „í Skjaldbreið á Eiríksstöðum“. Í Ármanns sögu er hann nefndur „Eiríkur á Eiríksstöðum undir Skjaldbreið“. Þar og í Atla sögu Ótryggssonar eru einnig sögð deili á Ólafi nokkrum á Fífilsvöllum.⁹ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru Eiríksstaðir sagðir hafa verið „fyrir norðan Mjóafelli [!] á milli og Skjaldbreiðar“.¹⁰ Pétur J. Jóhannsson frá

1 Þórhallastaðir voru fyrir löngu komnir í eyði þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Þingvallasveit var gerð 1711. Talið er að Þórhallastaðir, einnig nefndir Ölkofrastaðir, hafi verið skammt fyrir austan Skógarkot (sbr. *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdan Jónsson*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979. S. 186).

2 Vésteinn Ólason o.fl., 1993: *Íslensk bókmenntasaga*. 2. b. Reykjavík. S. 120.

3 Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, 1991: *Íslandssaga til okkar daga*. Reykjavík. S. 33.

4 Matthías Þórðarson 1945, s. 93-94.

5 Árni Magnússon, 1955: „Chorographica Islandica.“ *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta*. Annar flokkur, I.2. Reykjavík. S. 45.

6 *Landnámabók* 1986, s. 72. Í Þórðarbók Landnámu segir að Björn hafi numið Reykjardal syðri „frá Grímsá ok til Flókadalsár“.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 363.

8 *Árnessýsla* 1979, s. 192.

9 *Íslendinga sögur*. 3. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. (Bárðar saga Snæfellsáss.) [Reykjavík] 1953. S. 318. *Íslendinga sögur*. 12. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. (Ármanns saga.) [Reykjavík] 1953. S. 440, 445. *Íslendinga sögur*. 4. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. (Atla saga Ótryggssonar.) [Reykjavík] 1953. 470.

10 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 363.

Skógarkoti, sem ritað hefur um örnefni í Þingvallasveit, telur að í Jarðabókinni sé átt við svæðið milli Skjaldbreiðar og Gatfells, „sem er innsti hluti Innra-Mjóafells og þar tengt Lágafelli“.¹ Á öðrum stað setur hann fram þá tilgátu að Eiríksstaðir hafi verið „norðvestan í rótum Skjaldbreiðar, nálægt svokallaðri Breiðarfliót“.² Fífilvelli (Fífilsvelli) taldi hann hins vegar hafa verið „norðaustan við Skjaldbreið við hina fornu leið, sem lá milli uppsveita Borgarfjarðar og Biskupstungna og um Hlöðuvelli og Helluskarð og heitir Skessubásaleið“.³ Um sögur þær, sem hér er vitnað til, er það að segja að þær geta ekki talist mjög trúverðugar. Elst þeirra er Bárðar saga Snæfellsáss, rituð á fyrri hluta 14. aldar, en Ármanns saga er talin rituð á síðari hluta 18. aldar og Atla saga Ótryggssonar mun varla yngri en frá því um 1800.⁴

6.2. Afréttarnot jarða í Þingvallahreppi

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1711) kemur fram að landsvæðið umhverfis Skjaldbreið var nýtt sem afréttur jarða í Þingvallasveit. Um kirkjustaðinn Þingvelli segir m.a.:

Afrjett hefur staðurinn átt á Skjaldbreiðarhrauni, en hefur ekki brúkaður verið yfir 40 ár, lætur nú presturinn brúka fyrir afrjett Ármannsfell, Kvíndisfell og Gagnheiði.⁵

Svipuð lýsing er á afréttinum þegar greint er frá jörðinni Miðfelli í Þingvallasveit:

Afrjett hefur til forna brúkuð verið í Skjaldbreiðarhrauni og meinast allur þessi hreppur eigi afrjettinn saman við Grímsnesinga, en nú yfir 40 ár hefur þangað ei rekið verið, lagðist það af vegna þess að þaðan voru slæmar heimtur, svo er nú og landið þar mjög blásið og liggur undir snjóum langt fram á sumur.⁶

Í frásögn þessari er staðhæft að Grímsnesingar hafi einnig átt afrétt í Skjaldbreiðarhrauni. Um þetta má lesa nánar í lýsingu Jarðabókarinnar á jörðum í Grímsnesi:

Afrjett á jörðin [þ.e. Efstidalur] ásamt öllum Grímsnesingum norður og vestur á fjöllum kringum Skjaldbreið, og var þá síður að reka þangað sem heitir Lambahraun. Sá afrjettur er nú aflagður fyrir nær því 40 árum; síðan ganga lömb í búfjárhögum, sem til fjalls vita, og með því jörðin á mikið land til fjalls, þiggja stundum fleiri, stundum færri, sumarhaga fyrir lömb sín af ábúandanum fyrir einhvorn góðvilja eftir því sem um semur.³⁵

Séra Björn Pálsson, prestur á Þingvöllum, gerði svofellda grein fyrir afrétti jarða í sókninni 1840:

Afréttur fyrir Grafnings- og Ölvesmenn, sem rétta saman, er í fjöllum milli Grafnings og Ölves, þegar kemur vestur fyrir Hrómundartind, og það vestur á Mosfellsheiði. Fyrir norðan Súlur, Ármannsfell og Lágafell og suður af Skjaldbreið er afréttur fyrir Þingvallasókn, sem tilheyrir Þingvallaprestakalli og brúkast leigulaust. Fáeinir úr Grímsnesi reka þangað. Réttir eru haldnar þriðjudag í 21tu viku

1 Pétur J. Jóhannsson: *Þingvallabankar & lýsing eyðibýla ásamt örnefnaskrá*. [Fjölrit án útgst. og árs.] S. XXII.

2 *Sunnlenskar byggðir*: 3. b. *Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölful, Hveragerði og Selvogur*. Búnaðarsamband Suðurlands, 1983. S. 181.

3 *Þingvallabankar* ..., S. XXIII.

4 *Íslendinga sögur* 3, s. VIII. *Íslendinga sögur* 4, s. X. *Íslendinga sögur* 12, s. XIII-XIV.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 365.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 359-360.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 313, sbr. einnig s. 368, 369, 373.

sumars í Almannagjá, kippkorn fyrir norðan Þingvelli, sóttar af sóknarmönnum. Kjósar- og Mosfellsveitarmenn og Grímsnesingar vitja þangað einnig marka sinna.¹

Að sögn séra Björns Pálssonar var afréttur Þingvallasóknar nýttur leigulaust. Séra Jón Bachmann segir hins vegar í lýsingu sinni á Klausturhóla- og Búrfellssóknum sama ár að fáeinir sóknarmanna sinna kaupri upprekstur í Þingvallasveitarafrétti.² Af heimildum síðar á öldinni má hins vegar ráða að Grímsnesingar hafi greitt toll fyrir upprekstur á Þingvallaafrétt, þó eigi fyrir en eftir gerð landamerkjabréfs Þingvalla 1886 og a.m.k. fram til ársins 1893.³

Guðbjörn Einarsson hreppstjóri lýsti landamörkum afréttar Þingvallahrepps árið 1978:

Milli Kjósahrepps og Þingvallahrepps: Um há Kjöl í Botnssúlur. Milli Þingvallahrepps og Borgarfjarðar: Úr Botnssúlum í Kvígindisfell; þaðan í Fanntófell; úr Fanntófelli í vestasta Hróðurkarl. Milli Þingvallahrepps og Grímsneshrepps: Úr Hróðurkörlum í hæsta tind Gafells; úr Gafelli í Prestastíg á Hlíðargjá. Síðan ráða mörkum landamerki heimalanda, fyrst Gjábakka og síðan Miðfells í Þingvallavatn.⁴

Loks skal hér tekið upp það sem stendur í fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna, nr. 408/1996:

Þeir eiga afrétti sem að fornu hafa átt. Er hér fyrst nefndur sá hluti afréttar Þingvallahrepps sem liggur austan Þingvallavatns, þjóðgarðsins og sauðfjárnagirðingar sem liggur í Þórisjökul við Hróðurkarla.⁵

Af þessum lýsingum má ráða að afréttarnot jarða í Þingvallahreppi hafi verið innan merkja Þingvallakirkjulands (sbr. kafla 6.5.) og svæðið stundum nefnt Þingvallaafréttur.

Á afréttina þrjá, Þingvellinga, Grímsnesinga og Laugdælinga, var farið í leitir um líkt leyti. Áður en þær hófust sendi hreppsnefnd út fjallseðil en þar mátti sjá niðurjöfnun fjallskila á fjáreigendur. Þessu lýsir Böðvar Magnússon nánar í ritinu *Göngum og réttum*:

Á afrétt Laugdælinga var farið laugardaginn í 22. viku sumars af 12 mönnum. Var farið fyrsta daginn á Hlöðuvelli og tjaldað þar. Strax og sauðljóst var morguninn eftir, var farið inn að Jökli og smalað þann dag allan og gist í byggð um nóttina. Á mánudaginn var svo farið á Vesturfjallið og í Lyngdalsheiði og öllu safnað saman á Laugarvatnsvöllum og rekið þar saman við safn Grímsnesinga, sem þeir komu með innan af sínum afrétti. Var þessu safni öllu réttað í gerði, sem mun hafa tekið allt að 20 þúsund fjár.

Grímsnesingar fóru að heiman föstudaginn í 22. viku sumars. Var liði þeirra skipt í tvær leitir, Austurleit og Vesturleit. Náttstaðir voru í Austurleit efstu bæir í Laugardal, Fífilvellir og „undir Kerlingu“ sunnan undir Skjaldbreið, svo síðast á Laugarvatnsvöllum. En í Vesturleit við Gafell, á Söðulhávöllum og síðast Laugarvatnsvöllum. Í hvorri þessari leit voru vanalega 12 menn. ...

1 *Árnessýsla* 1979, s. 182-183.

2 *Árnessýsla* 1979, s. 166.

3 Sbr. skjal nr. 163.

4 Skjal nr. 41. Þess má geta að Böðvar Magnússon á Laugarvatni lýsti vesturmörkum Grímsnesafréttar úr norðurhorni Gafells í „Fantafell“, þ.e. Fanntófell. Trúlega hefur hann þar fremur átt við leitamörk Grímsnesinga en landamerki afréttarinnar (sbr. *Göngur og réttir*. 2. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1984. S. 252-253).

5 Skjal nr. 121 (14).

Á Þingvallafrétt mundu hafa farið oftast 10 menn. Þeir smöluðu laugardaginn og sunnudaginn, og réttuðu á mánudaginn í 22. viku sumars.

Þótt hvergi sé langt til afréttar úr þessum hreppum, voru leitirnar allmannfrekar í það heila, eða farnar tylftir, 48 menn, enda svæðið breitt, sem allt varð að smala jafnhliða, eða austan frá Hagafelli og vestur á Mosfellsheiði.¹

Til samanburðar er rétt að birta það sem haft er eftir Jóhanni Kristjánssyni frá Skógarkoti um Vesturleit Þingvellinga:

Úr Djúpagili við Þingvallavatn í há-Sveinahlíð. Þaðan í Klofningatjarnir, úr þeim í gamla sæluhúsið á Mosfellsheiði, þaðan um Litla-Sauðafell í Rjúpnagilsbotna, þaðan um Tjarnhóla um Stóra-Sauðafell í Sýsluhólma í Laxá (sem fellur úr Stíflisdalsvatni), þaðan í Steinkirkju um há-Kjöl í suðurenda Myrkavats, þaðan í Háusúlu, sem er syðst af Botnssúlum.²

Gunnar Þórisson frá Fellsenda gefur svofellda lýsingu á smölnun upprekstrarlandsins:

Afréttur er enginn. Allt land er eignarland jarðanna og „Fjallið“, sem svo er nefnt af heimamönnum, er eign Þingvalla. Vesturleitinn byrjaði að smala Mosfellsheiði og vaktaði féð á tanganum milli Kjálkár og Stíflisdalsvatns við Álftabakka. ... Daginn eftir var Vesturfjallið smalað og rekið til réttar. Austurleitinn byrjaði á laugardegi og smalaði inneftir. Seinni daginn var smalað fyrir innan fjöll. ... Meðan engar hömlur voru á samgangi sauðfjár var oft margt fé í Þingvallarétt, einkum úr Grímsnesi. Einnig var þó nokkuð af fé úr Borgarfirði, Kjós og vestan yfir Heiði.³

Á síðari árum hefur sauðfé fækkað mjög í Þingvallasveit og er nú svo komið að ekki er lengur rekið á fjall heldur gengur féð frjálst um þetta svæði. Engu að síður er allt Þingvallalandið smalað eins og áður og fjallskil gerð.⁴

6.3. Gjábakki

Gjábakki var eign Skálholtskirkju samkvæmt jarðabók 1597.⁵ Jörðin var einungis metin á 5 hundruð í jarðabók 1695.⁶ Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um Þingvallasveit var gerð 1711 hafði Gjábakki legið í eyði um fimm ára skeið, „en var þar fyrir bygður hjer um 50 ára tíð, var í fyrstu bygður upp úr eyðibýli, og vita menn ei um hvað mörg ár hann hafði þess í milli í eyði legið.“⁷ Gjábakki var seldur á uppboði Skálholtsjarða í lok 18. aldar og komst þá í einkaeigu.⁸ Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Gjábakki talinn 6 hundruð að dýrleika en 9,9 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.⁹

Landamerkjabréf Gjábakka var undirritað 10. maí 1890 og samþykkt vegna Þingvallatorfunnar,

1 *Göngur og réttir* 2, s. 253-254.

2 *Göngur og réttir* 2, s. 253 (nmgr.).

3 *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 205.

4 Ragnar Jónsson, oddviti Þingvallahrepps, í skýrslutöku 14. júní 2000.

5 *Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984*. II. Skrár. Kirkjueignanefnd, október 1992. S. 99.

6 Björn Lárusson 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S.116.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 362.

8 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 99.

9 *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 73. *Ný jarðabók fyrir Ísland, samín eftir tilskipun 27. maimánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprilmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 26. Sbr. einnig skjal nr 123 (fasteignamat 1916).

Laugarvatns og Mjóaness. Einnig ritaði undir bréfið Hannes Guðmundsson án þess að jarðar hans væri getið en hann mun þá hafa verið ábúandi í Skógarkoti. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi að Þingvöllum 7. júní sama ár. Það er á þessa leið:

Frá Hallstíg á Hrafnagjá í vörðu neðst í Kambsvörðuhrauni, þaðan í Stóra-stein, þaðan í Róthól, þaðan sjónhending í Hamraselshelli, þaðan í Dímon, þaðan í Stórueldborg; þaðan í landsuðurshorn á Hrafnabjörgum, þaðan beint í útnorðurhorn sama fjalls; síðan í vörðu á Hliðarstíg; þaðan í vörðu á Innri-Gaphæð, síðan ráða Hrafnagjáardrög og Hrafnagjá á áðurnefndan Hallstíg. Þessi landamerki eiga að standa um aldur og æfi.¹

Gjábakkalandið hafði áður verið mun minna en lýst er í landamerkjabréfinu því að Laugarvatn átti land út að svonefndum Töglum, kjarrivöxnu svæði með fram veginum suður frá bænum. Einhverntíma fyrir 1890 keypti Eiríkur Grímsson í Gjábakka stórt landsvæði af Magnúsi Magnússyni á Laugarvatni og er lýsingin í landamerkjabréfinu miðuð við þær breytingar sem þá urðu. Ætla má að gerður hafi verið skriflegur kaupsamningur milli eigenda Gjábakka og Laugarvatns en hann hefur ekki fundist þrátt fyrir eftirgrennslan. Hins vegar má hafa nokkurn stuðning af lögfestu Laugarvatns sem lesin var upp á Alþingi 1669:

Eg Sæmundur Árnason í handsöluðu og vottuðu umboði Jóns Árnasonar lögfesti hér í dag hans eignarjörð Laugarvatn, liggjandi í þessari sýslu og Miðdals kirkjusókn, akra og töður, engjar og skóga, holt og haga, vötn og veiðistaði og allar landsnytjar, þær er því landi eiga að fylgja, til þessara takmarka, þar til önnur löglegri með sanni reynist: Í fyrstu millum Laugarvatns og Eyvindartungu ræður litla áin í sínum gamla farveg allt upp yfir Nónhólinn, sem kallaður er Nónhóll frá Laugarvatni, og þaðan í Smalaskála, sem er austan til á Hnúkaheiði, og sjónhending úr þeim Smalaskála og í stóra steininn á Blönduhálsi, og úr þeim steini réttýnis á Þrasaborgir, sem standa hæst suður á heiðinni, og úr þeim Þrasaborgum sjónhending í norðra Driftarendann á þeirri vestustu Driftinni, þaðan sjónhending og í Stelpusteinhellir vestur á hrauninu, þaðan og upp í sandgíginn, sem er í Hrafnabjargarhálsi langt frá Reyðarbarminum. Í öðru lagi millum Laugarvatns og Snorrastaða: Fyrst sjónhending úr Markatanga fyrir austan stóra Hristanga og í Markagilskjafinn. Úr því ræður Markagilið þangað sem helliskútinn er í fjallbrúninni. Í þriðja máta úr fyrrnefndum Markatanga sjónhending fram í Hjálmsstaðaá, þar sem ein fuglstapahrúga er Hjálmsstaðamegin á árbakkanum. Hún stentz á við borgastykkið á Lambhagaholti. Fyrirbýður Jón Árnason hverjum manni sér að nýta eður brúka, nema hans sé lof eður leyfi fyrir. Að vitni lögmanna og lögréttumanna, er orð mín heyra.²

Í lögfestunni kemur fram að Laugarvatn átti land í Stelpusteinhelli sem er samkvæmt örnefnakorti rétt austan við Taglarflöt.

Ef frá eru talin nokkur ár, sem vitað er um að Gjábakki hafi legið í eyði, benda heimildir ekki til annars en að búseta hafi verið þar nokkuð samfelld frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins og þar til hún var tekin eignarnámi hefur jörðin framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett. Eignarnámið fór fram með afsali 14. maí 1947 með stoð í 3. gr. laga nr. 59/1928. Samkvæmt matsgerð, dags. 28. 1945, og yfirmatsgerð, dags. 15. mars 1946, var í matinu miðað við landamerki jarðarinnar eins og þeim er lýst í greindu landamerkjabréfi.³

1 Skjal nr. 34.

2 *Alþingisbækur Íslands*. 7. b. Reykjavík 1944-1948. S. 153-154.

3 Skjal nr. 147 (a-b).

6.4. Miðfell

Miðfell var eign Skálholtskirkju samkvæmt jarðabók 1597.¹ Það var metið á 6 hundruð og 80 álnir í jarðabók 1695.² Jörðin er ekki metin til dýrleika í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1711) enda ekki venja þegar um kirkjueign var að ræða. Miðfell var selt á uppboði stólsjarða í lok 18. aldar og komst þá í einkaeigu.³ Í Jarðatali Johnsens 1847 er Miðfell talið 8 1/3 hundrað að dýrleika en 11,1 hundrað í Nýrri jarðabók 1861.⁴

Landamerkjabréf Miðfells var undirritað 7. september 1883 og samþykkt vegna Kaldárhöfða og Mjóaness. Að auki skrifuðu undir bréfið þrír menn án þess að þær jarðir væru nefndar sem þeir voru fulltrúar fyrir. Þessir menn voru Eiríkur Grímsson sem þá bjó í Gjábakka, Hannes Guðmundsson í Miðfelli og Eyjólfur Eyjólfsson sem mun á þeim tíma hafa verið ábúandi á Laugarvatni. Bréfið var lesið á manntalsþingi að Þingvöllum 7. júní 1890 og er landamerkjum Miðfells þar lýst svo:

1. Að norðvestanverðu, úr vatninu fyrir innan Búðarvík, í Hrafnaklett, af þeim kletti beina stefnu á svokallaðan Hatt, vestan á há-Dagmálafjalli, og svo sem fjallshryggurinn ræður yfir Borgarskarð og Hánorðurfjall niður að rótum fjallsins að norðan.
2. Úr fjallsrótum að norðaustan beina stefnu á há-Róthól, þaðan á Hamraselshelli, þaðan beina stefnu fyrir ofan Driptarenda og í miðborgina á Prasaborgum.
3. Að sunnanverðu frá Þingvallavatni í miðjan Sprænutanga hinn háa, og þaðan beina stefnu í gil það í Driptinni, er Stóraskríða kemur úr, verður þá línan sunnan til við svokallaða Brik, sem er í Miðfellslandi og norðan til við Hraunskigni, sem er í Kaldárhöfðalandi. Svo úr Stóruskríðagili beina stefnu í áðurnefnda Prasaborg.

Þessi framanskráðu landamerki, sem samþykkjast af eigendum og umráðamönnum jarðarinnar Miðfells og allra kringumliggjandi jarða, skulu standa óraskanleg um aldur og æfi.⁵

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Miðfelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett. Á síðari árum hefur hluta jarðarinnar verið breytt í sumarbústaðaland.⁶

6.5. Þingvellir

Á Þingvöllum var reist kirkja fljótlega eftir kristnitöku. Í sögu Ólafs konungs Haraldssonar segir Snorri Sturluson frá því að konungur hafi sent við til kirkjubyggingar á Þingvöllum en ekki er ljóst hvort þá hafi verið þar fyrir önnur kirkja, væntanlega minni, í umsjá bóndans á staðnum.⁷

Vitað er að um 1200 var prestsskyld kirkja á Þingvöllum. Það bendir til að hún hafi þá verið alkirkja með fulla messuskyldu.⁸

Í elsta máldaga Þingvallakirkju, Vilkinsmáldaga, frá 1397 er greint frá eignum hennar í fríðu fê, þ.e. bústofni, einnig kirkjugripum og öðrum umbúnaði til helgihalds. Ekki er vikið að heimalandi kirkjunnar eða eignarhlut hennar í því eins og þó var venja í máldögum þegar um slíkt var að ræða

1 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 99.

2 Björn Lárusson 1967, s. 116.

3 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 99.

4 *Jarðatal* 1847, s. 73. *Ný jarðabók* 1861, s. 26. Sbr. einnig skjal nr. 123 (fasteignamat 1916).

5 Skjal nr. 23.

6 Sbr. skjöl nr. 24, 27, 145 (a). *Sunnlenkar byggðir* 3, s. 217.

7 Sbr. Matthías Þórðarson 1945, s. 261-271.

8 *Íslenskt fornbréfasafn*. 12. b. Reykjavík 1923-1932. S. 8.

en tekið fram að kirkjan hafi átt 6 hundruð í Brúsastaðajörð.¹ Þingvallakirkja hafði þá sérstöðu á þessum tíma að hún þjónaði þinghaldi landsmanna og hefur því trúlega notið góðs af því fé sem lagt var til alþingisneyslu.

Næst er getið ítarlega um eignir kirkjunnar í máldaga sem kenndur er við Gísla Jónsson biskup í Skálholti og mun vera frá um 1575. Þar er í fyrsta skipti minnst á heimaland kirkjunnar og í beinu framhaldi af því taldar upp aðrar eignir hennar:

Kirkian ä Thijngvulle. ä heimaland alltt med gögnum og gæðum.

Skialldbreid.

Vridaveijde i allre Øxar äa. Silungaveide ad Ölafsdreætti.

Jtem thessar Jarder Bru leigd fyrer c. Kärestader x°. Leigd fyrer x. aura. Heidarbær xv°. leigd fijrer x aura. Stiflisdalur xv°... leigd fijrer iiij ærgildi. ...

Jtem fastaeign xx°.

Lausagötz Lxxx° ...²

Eins og áður er vikið að (sbr. kafla 6.1.) taldi Björn Þorsteinsson að Þingvellir hefðu á miðöldum verið í einkaeign en orðið kirkjustaður og sjálfseignarstofnun líklega seint á 15. öld og þá væntanlega með því að gefa henni heimaland allt með gögnum og gæðum. Í máldaganum er kirkjunni eignað fjallið Skjaldbreið. Óvíst er hvort og þá að hve miklu leyti það hefur verið metið í dýrleika jarðarinnar. Árið 1695 voru Þingvellir taldir 20 hundruð að dýrleika eða sem næst meðaljörð.³ Til samanburðar má geta þess að landmiklar jarðir eins og Skútustaðir og Grænavatn í Þingeyjarsýslu voru taldar 30 hundruð að dýrleika árið 1712.⁴

Við útgáfu Gíslamáldaga í 15. b. Íslensks fornbréfasafns var handritið Lbs. 350, 4to lagt til grundvallar. Inn á saurblað þess handrits hefur Jón Þorkelsson, fyrrv. þjóðskjalavörður, ritað að bókin sé öll með hendi Bjarna prests Gissurarsonar í Þingmúla sem var skrifari Brynjólfs biskups Sveinssonar á þessum tíma (1643) „og er þetta helzta afskriptin, sem til er, af máldagabókum þeirra Vilchins og Gísla (22/11 92.J.Þ.).“

Rétt er að taka fram að orðið „Skialldbreid“ er í handritinu ekki í stakri línu eins og álykta mætti af hinum útgefna texta í Íslensku fornbréfasafni.⁵

Önnur afskrift Gíslamáldaga er AM 261, fol. frá 1642 og er hún, hvað Þingvallakirkju snertir, efnislega samhljóða Lbs. 350, 4to. Loks er að nefna handritið JS. 411, 4to sem skrifað var um 1850 fyrir Jón Sigurðsson. Þar er upphaf máldagans á þessa leið:

Kirkjan á Þingvelli á heimaland allt með gögnum ok gæðum, urriðaveiði i allri Øxará, silúngsveiði at Ölafsdreætti.⁶

Athygli vekur að hér er ekki minnst á Skjaldbreið. Líklegast verður að telja að um glöp sé að ræða nema þá að ekki hafi verið talin ástæða til að nefna Skjaldbreið þegar hér var komið sögu því að nýttar af fjallinu höfðu þá að mestu lagst af.

Nær samhljóða Gíslamáldaga er lýsing Þingvallakirkju í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 25. apríl 1644.⁷ Tveimur áratugum síðar var sami máldagi færður inn í vísitásiubók

1 *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 93-94.

2 *Íslenskt fornbréfasafn*. 15. b. Reykjavík 1949. S. 644-645 (skjal nr. 116).

3 Björn Lárússon, 1967, s.116. Sbr. orðalagið „Jtem fastaeign xx-c“ í Gíslamáldaga.

4 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 11. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 228, 231.

5 Skjal nr. 154. Sbr. Lbs. 350, 4to, s. 543-544.

6 Skjal nr. 154. Sbr. JS. 411, 4to, s. 68.

7 Skjal nr. 120 (1).

Þórðar biskups Þorlákssonar og enn að nýju í vísitásiubók Jóns biskups Árnasonar 1726 með þeim breytingum í hvort skipti að fleiri jarðir voru eignaðar Þingvallakirkju og leigugjöld önnur.¹

Þá er þess að geta að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Þingvallasveit frá árinu 1711 eru taldar upp sjö byggðar jarðir og hjáleigur í eigu Þingvallakirkju en eyðikot í landi Þingvalla voru ekki færri. Eitt þeirra var Múlakot upp undir Ármannsfelli en þar fyrir vestan var hjáleigan Svartagil sem var í byggð á þeim tíma.² Önnur býli voru mun sunnar í Þingvallahrauni.

Árið 1736 gaf amtmaður út álitserð um Þingvelli þar sem hann áréttaði þau ævafornu réttindi þingmanna að nýta sér almenninginn á svæðinu til skógartekju og beitar jafnframt því sem þeim væri heimilt að reisa þar búðir. Orðrétt segir amtmaðurinn, J. H. Lafrentz, í álitserð sinni:

Landstinget blev sadt, ungefehr Ao. 930 :| paa det stæd som det endnu holdes |: det er ved Öxeraae :| efter Laugmand Ulfliots Raad, og alle Landsmænds samtycke, som bevisis af de gamle Islandske Skribentere. Samme Land blev siden til almindeligs Eyendom, men Indbyggerne lagde det til Landstingsmænds nøtte og brug, hvor udover den er een aldminding for landstingsmændene, fornöden brendeveed til Landstinget at hugges udi Skovene, og frie græsgang for deres Hæste paa heedene.³

Tilfni álitserðarinnar var beiðni sóknarprestisins á Þingvöllum um að fá bætur vegna búða-bygginga og annars átroðnings á staðnum.⁴ Ef til vill hefur þessi álitserð amtmanns ráðið nokkru um það að árið 1740 sá presturinn á Þingvöllum, séra Markús Snæbjörnsson, ástæðu til að lögfesta landareign kirkjunnar:

Soknarprestur til Þingvallar og Ulfliotsvatns Kyrkiu Safnada Eg Markus Snæbjörnsson lögfesti hér í Dag mér forlénad kongl. Maj^{sts} Beneficium Þingvelli innann Arness Syslu, til efter skrifadra Takmarka: Á Mjóaness Sidu: i Saudanes fyrer sunnann Arnarfell, þaðann beint uppi Prestsveginn og vestur epter sem hann heldur ad Hrafnagiá, sidann epter endelángri sömu Giá nordur ad Hrafnabjarga Vegi, Enn fyrer nordann vegenn strandlengis efter Fjöllum norðr ad Skialdbreid hvörja eg lögfesti alla itra; þaðann beint i Leirárhöfða og so vestur epter allt þar til vötnum hallar ad Borgarfyrði: það[an] beint yfer ad Steinkyrkiu eda Steinkistu (af sumum kalladri) úr henni i midja þúfuna sem stendr hædst uppa Brattafelli, sidann beint ofann i Holmavad, úr Holmavadi midt yfer um stóra Saudafell, þaðann i Riúpnagil, úr Riúpnagili i Steininn á litla Saudafelli, frá Steini þeim i Sýsluvörður á eystri Moldbreckum, og so þvert yfir i Klofninga, enn úr þeim i Þingvallavatn, epter gilinu milli Heidarbæar og Nesia. Innann þessara Marka lögfesti eg Tödur og Engiar, Skóga Holt og Haga Vötn og Veidistadi, Eggver og allar landsnytiar þær sem þessu Landi eiga ad logum ad fylgia og Kongl Maj^t ei allra-nádugast epter láted hefr Landsþinginu til nytsemða, allt ad ordfullu lögfullu og lögmáli réttu, fyrerbjódande hédann af hvörjum manni sér ad nýta tilteked Þingvallar Beneficii land edur i því vinna nema mitt leifi þar til fái. Eg lögfesti og i allann sama Máta Þingvallar kyrkjujörd Sydri Brú i Grimsnesi og allt henni ad lögum tilheyrandi hvört heldur það vera kann epter lögföstum Skiölum edur Lagahefd. Lögfestuna stadfester Nafn mitt med egenn hendi skrifad her ad nedann.⁵

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi að Stóruborg 16. maí 1740 en ekki sjást þess merki í heimildum að hún hafi verið staðfest með dómi.

Í byrjun árs 1832 fékk sýslumaðurinn í Arnessýslu, Þórður Sveinbjörnsson, bréf frá stiftamt-

1 Skjal nr. 162 (b og c).

2 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 359-375.

3 Matthías Þórðarson 1945, s. 279.

4 Matthías Þórðarson 1945, s. 279-283.

5 Skjal nr. 120 (2).

manni með fyrirspurn um hvar mörkin lægju milli Árnassýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Björn Gunnlaugsson aðjúnkt var þá að vinna að kortagerð um landið og vildi amtmaður veita honum skýr svör um sýslumörkin. Í janúar sama ár lýsti sýslumaðurinn í Árnassýslu, Þórður Sveinbjörnsson, vesturmörkum sýslunnar á þessa leið:

Fra Sýsslusteinar under Geitahlýd over Fieldet i Nærheden af Vífilfell til den store Steen med den ostlige Ende af Liklafell, som ogsaa kaldes Sýsslusteinn, derfra til Borgarholar paa den saakaldte Mosfellsheide, derfra til de sydligere Moldbreckur, derfra i Riúpnagil mellem Gaardene Stardal, som tilhører Kiose Sýssel, og Stýblisdal, som tilhører Arnass-Sýssel, derfra i Tuen, som er opført paa Store-Saudafell, derfra i Sýsselholmer (:Sýssluhólma:) i Store-Laxaaen, derfra i Steenkierken (:Steinkýrkiu:), derfra i Fieldet Súalur, hvorfra Grændserne af Arnass- og Borgerfiörds-Sýsseler begynde til Hrosshædir, derfra til Uxahrígg, derfra i Leýrárhöfða og til Eiríksnýpu i Baldjökulen.¹

Þórður sýslumaður kvaðst hafa stuðst við lögfestu Þingvallaprestakalls hvað nyrstu punktalínu snerti og einnig haft hliðsjón af gögnum frá Stefáni Pálssyni, hreppstjóra á Oddgeirshólum, en hann hafði um svipað leyti (10. janúar) tekið saman landamerkjalyýsingu Þingvalla. Stefán virðist þó hafa dregið landamerkjalinuna nokkru vestar en Þórður:

Þingvalla Kirkju Landamerki edur Takmörk milli Kiósar= og Borgarfiardar Sýsslna, ad vestann og Nordann verdu til móts við Arnass=Sýsslu veit eg ecki betur en væru haldin eptir hér teiknum Örnefnum:

Útsudurs Hornmark, Borgarhólar á Mosfells=heidi, ur þeim í Sýdri Moldbreckur þadan norðr yfir Litla Saudafell í Riúpnagil, sem er milli Stíblisdals og Stardals, ur nefndu gili, í Þúfuna á Stóra Saudafelli, þadan í Laxár – edur – Sýssluhólma úr hönum í Steinkirkju, ur henni norðr eptir Kiöl og sem vötnum hallar austur á Botnsheidi, sem mun vera nálægt Leggjabriot, þadan í gégnum Súalur og í Hrosshædir úr þeim eptir Uxahrýgg, og í Leýrárhöfða úr hönum, í Skurdi, Sunnan til við Kaldadal, þadan í Eyriks=Nýpu í Baldjökli. – Þetta mýnnir mig ecki betur en væri tilgreint í tveimur Lögfestum, er vóru við Þingvalla Kýrkju Skiölin.²

Athygli vekur að bæði Þórður og Stefán gerðu ráð fyrir að Leirárhöfði væri á markalínu. Lögfestu Markúsar Snæbjörnssonar ber þó fremur að túlka á þann veg að Leirárhöfði sé viðmiðunarpunktur en vatnaskil ráði að öðru leyti vesturmörkum.

Í febrúar 1840 gerði presturinn á Þingvöllum, séra Björn Pálsson, að beiðni Hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn, grein fyrir takmörkum þeirra sókna sem hann þjónaði. Hann virðist að mestu hafa fylgt lýsingu bróður síns, Stefáns hreppstjóra á Oddgeirshólum, og bætti jafnvel um betur því að hann tók fram að Fanntófell væri á sýsluskilum.³ Um fjallið Skjaldbreið fer hann svofelldum orðum:

Skjaldbreið, hátt og kringlótt, skjaldmyndað eldfjall með miklum gíg í kollinum. Yfir um mið þessi 3 seinast nefndu fjöll [þ.e. Hrafnabjörg, Tindafjöll eða Tindaskaga og Skjaldbreið] eru aftréttarskil milli Laugardals og Þingvallahrepps.⁴

1 Skjal nr. 120 (3). Lýsing þessi er í fullu samræmi við lýsingu Páls Melsteðs sýslumanns á sýslumörkum sem hann gerði fyrir Hið íslenska bókmenntafélag 1842 (*Árnassýsla* 1979, s. 18).

2 Skjal nr. 120 (9).

3 *Árnassýsla* 1979, s. 174-175, 190.

4 *Árnassýsla* 1979, s. 175.

Árið 1844 kom út Íslandskort Björns Gunnlaugssonar. Þar voru vesturmörk Árnessýslu sýnd mun austar en þeir Þórður, Stefán og Björn gerðu ráð fyrir, þ.e. um austurenda Leirvogsvatns í Búrfell, þaðan í Súlur, um Hvalvatn í Kvígindisfell, þaðan um Uxahryggi í Kerlingu í suðvesturenda Langjökuls.¹

Árið 1882 voru gefin út lög um landamerki og fjórum árum síðar, 1. september 1886, var landamerkjabréf prestssetursins Þingvalla undirritað. Það var þinglesið 7. júní 1890 á manntalsþingi að Þingvöllum og er á þessa leið:

Frá Öxarármynni liggur Þingvallavatn fyrir landinu suður að Langatanga (Sauðanesi). Úr klofnum hellusteini á Langatanga liggja svo mörkin beina stefnu að sjá í slakkann milli Gildruhóla allt til markavörðu við hinn forna svonefnda Prestsveg; þá ræður Prestsvegurinn mörkum til Hallstígs á Hrafnagjá, og svo Hrafnagjá inneptir þartil hún þrýtur við Rauðshól. Úr Rauðshól í vörðu á sprungnum klapparhól á Innri-Gaphæðum, þaðan beint í Hlíðarstíg; úr Hlíðarstíg beina stefnu yfir Þúfuhól í Hrafnabjörg. Síðan liggja mörkin strandlengis með fjallabrunum allt til norðausturenda Tindaskaga, svo sem hjer segir: eptir norðureggjum Hrafnabjarga, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatindi sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eptir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallakirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess, og úr norðurrótum þess eptir beinni stefnu á Leirárhöfða, þartil vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þar sem þessi síðast nefnda lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða er hornmark. Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvikfjáryndisfells, þaðan í Mjóu-Súlu (eður Háu-Súlu), þaðan til Öxarárupptaka, eður þess staðar er Öxará rennur úr Myrkavatni, þaðan beina stefnu í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils, og eptir því gili til Öxarár, sem þá ræður landamerkjum til Þingvallavatns.

Ítök:

1. Í Brúsastaðalandi eiga Þingvellir rjett til beitar á svonefndu þingi móts við Þingvallabæ, og í Almannagjá; og til slægna í Hestagjá. En þar á móti á kirkjujörðin Brúsastaðir torfristu í Brúsastaðamýri og vetrarheit á Brúsastaðabrekkum.
2. Þingvallakirkja á alla urriðaveiði í Öxará og alla silungsveiði á Ólafsdraetti.
3. Þingvellir eiga slægjur í Þingvallagróf og á Kjálkunum.²

Bréf þetta var samþykkt með undirskrift vegna jarðanna Gjábakka, Vörðufells, Þverfells og Stórabotns. Að auki var handsalað nafn Jóns Péturssonar en hann mun þá hafa búið á Ingunnarstöðum í Kjós. Með landamerkjabréfinu var presturinn á Þingvöllum, séra Jens Pálsson, í reynd að falla frá tilkalli kirkjunnar til hluta þess lands á mörkum Borgarfjarðarsýslu sem þeir bræður, Stefán og Björn Pálssynir, höfðu áður eignað henni. Sagnir eru um að þessi tilfærsla landamerkjanna hafi stafað af ágreiningi um greiðslu á refaveiðikostnaði. Lundarreykjadalshreppur greiddi þennan kostnað og taldi sig eiga endurkröfu á Þingvallakirkju en presturinn, sr. Jens Pálsson, á að hafa neitað að greiða og viljað heldur láta landið af hendi við hreppinn.³ Erfitt er að finna þessari skýringu stað í rituðum heimildum.⁴ Á það skal hins vegar bent að vesturmörk Þingvallakirkjulands voru nú aftur orðin nokkurn veginn í samræmi við lögfestu séra Markúsar Snæbjörnssonar frá

1 Björn Gunnlaugsson, 1844: *Uppdráttir Íslands 1844*. (Suðvesturland.) Pr. í Haraldur Sigurðsson, 1978: *Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848*. Reykjavík (39. myndblað).

2 Skjal nr. 17.

3 H 1967:916 (924, 927).

4 Sbr. Álitsgerð próf. Magnúsar Más Lárussonar, 1. maí 1967. *Viðbótarágrip í Hæstaréttarmálinu nr. 84/1966* (Z. Nýtt skjal), s. 22-25.

1740. Um leið var hafnað þeirri túlkun á lögfestu séra Markúsar að norðurmörk Þingvallalands skyldu dregin í Leirárhjúk heldur væri hann til viðmiðunar „allt þar til vötnum hallar að Borgarfyrði“. Árið 1890, sama ár og landamerkjabréfinu var þinglýst, gerðist það að hreppsnefndin í Lundarreykjadalshreppi lögfesti hreppnum „land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands“.¹

Í byrjun september 1895 ritaði presturinn á Þingvöllum, séra Jón Thorstensen, konungi bréf og fór fram á heimild til að selja Grímsnessveit til eignar og afnota „tiltekið stykki af aftrjetarlandi Þingvallakirkju í makaskiptum fyrir jörðina Kaldárhöfða, sem er eign Grímsnessveitar“. Í öðrum heimildum kemur fram að Grímsnesingar höfðu greitt prestinum á Þingvöllum afréttartoll, a.m.k. frá árinu 1886, og árið 1893 greiddu þeir prestinum 40 kr. fyrir upprekstur á fje hreppsins í Þingvallaland sumarið 1892.² Jafnframt má sjá í gögnum tveimur árum síðar að Grímsnesingar höfðu þá skorað á prestinn og hreppsnefnd Þingvallasveitar að ráða friðsamlega til lykta máli „viðvíkjandi leigu á aftrjetarlandi Þingvallakirkju“.³ Í fyrirnefndu bréfi sínu vísaði séra Jón Thorstensen til niðurstöðu fundar sem haldinn var á Gjábakka 4. júní sama ár og vakti um leið athygli á því að afgangur af jörðinni Kaldárhöfða gæti fært prestakallinu allt að 60 kr. árlega í tekjur. Síðan bætti hann við:

Með því að þannig hagar til, að Þingvallakirkja hefur nægilegt aftrjetarland eptir sem áður, en Grímsnessveit lítið, og löndin liggja saman, svo að ágangur af fje Grímsnesinga er óumflýjanlegur, leyfi jeg mjer allra þegnsamlegast að beiðast þess, að þessi gjörningur mætti fá staðfestingu.⁴

Að auki ritaði presturinn stiftsyfirvöldum bréf um málið en þau vísuðu því til landshöfðingja, æðsta fulltrúa konungs í landinu.⁵ Í byrjun næsta árs, 1896, barst bréf frá stjórnvöldum í Kaupmannahöfn þar sem makaskiptin voru heimiluð en með tilteknum skilyrðum:

Daa Ministeriet for Islands efter Modtagelsen af Hr. Landshövdingens behagelige Skrivelse af 11 oktober f.A. derom nedlagte allerunderdanigste Forestilling har det under 14 d.M. behaget Hans Majestæt Kongen allernaadigst at meddele allerhöjeste Tilladelse til at det i bemeldte Skrivelse omhandlede af Thingvellir Kirkes Sommergræsgang maa bortmageskiftes med Jorden Kaldarhöfði i Arnes Rep, saaledes at nævnte Stykke i Henseende til Afgifterpligt for Fremtiden betragtes som Bondejord, medens den for Kirken erhvervede Jord stilles lige med anden Kirkejord.⁶

Makaskiptin fóru fram 7. september 1896 og var þeim þinglýst með undirritun stiftsyfirvalda 16. júní 1897.⁷ Í samningnum er hinu framselda afréttarlandi lýst með þessum orðum:

Jeg Jón Thorstensen prestur á Þingvöllum afhendi Grímsneshreppi til löglegrar [lögfullrar]eignar, afnota og umráða aftrjetarland það alt, tilheyrandi Þingvallakirkju, sem liggur fyrir austan þessa línu. Frá Gjábakkalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn á enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan beina

1 Skjal nr. 120 (8).

2 Héraðsskjalasafn Árnesinga, Selfossi (1993/5). Grímsneshreppur 1891-1909: Bréfa- og bréfadagbók, s. 38. Tollurinn var 20 kr. 1897, sbr. skjal nr. 163 (a-b).

3 Héraðsskjalasafn Árnesinga, Selfossi (1993/5). Grímsneshreppur 1891-1909: Bréfa- og bréfadagbók, s. 114.

4 Skjal nr. 162 (a).

5 Sbr. skjal nr. 120 (7) (dags. 24. september 1895).

6 Skjal nr. 120 (5). Í bréfi landshöfðingja til stiftsyfirvalda eru skilmálarnir orðaðir á þessa leið: „...þannig að farið verði eptirleiðis með nefndan aftrjetarlands hluta sem bænda eign, að því er gjaldskyldu snertir, en með Kaldárhöfða apturá-móti einsog hverja aðra kirkjujörð“ (skjal nr. 120 (4)).

7 Skjal nr. 20b. Lítils háttar breytingar voru gerðar á texta samningsins þegar hann var færður inn í þinglýsingabók og lúta þær einkum að stafsetningu. Í hornklofum eru viðbætur eða orðalagsmunur í þinglýsingabók.

stefnu í hæsta hnúkinn á Galtafelli, og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörslum. Alt það afrjettarland Þingvallakirkju, þar með talið fjallið Skjaldbreiður, sem liggur fyrir austan nefnda markalínu, er því upp frá þessu rjett eign Grímsneshrepps og honum heimil til allra löglegra afnota, með skilröðum þeim og takmörkunum, sem nú skal greina.

1. Grímsnesingar smala landið, sem annan afrjett sinn til allra rjetta.
2. Að vorinu mega Grímsnesingar enga kind reka í landið fyrir 15. dag júnímánaðar, og engan rekstur mega þeir skilja eftir fyrir framan beina línu úr hæsta hnúk á Galtfelli um suðurenda á Söðulhólum og austur að Tindaskaga. Sje sannað brot móti þessu sæta hlutaðeigendur sektum 10 kr. fyrir hvern rekstur, hvort sem hann er stór eða lítill og fellur sektin til Þingvallahrepps. Hross má engin reka á þennan afrjett.
3. Grímsnesingar flytja aðalrjettir sínar upp á Laugarvatnsvöllu, þar sem þær hafa verið að fornu. Hreppsnefndir Þingvalla- og Grímsneshreppa koma sjer saman um hvernig afrjettasmölun fer fram og skulu leitir jafnan vera samhliða.
4. Refaveiðar í afrjettalandi þessu kostar Grímsneshreppur. Hreppsnefnd Grímsneshrepps getur með samkomulagi falið hreppsnefnd Þingvallahrepps framkvæmd refaveiðanna en hafi hreppsnefnd Grímsneshrepps þá framkvæmd á hendi, lítur hreppsnefnd Þingvallahrepps eftir að verkið sje trúlega unnið. Sje verkið illa af hendi leyst, er hreppsnefnd Þingvallahrepps heimilt að ráðstafa umbótum á því á kostnað Grímsneshrepps. Hausteitrun kosta Grímsnesingar, þó ekki að öðru en því, að leggja til eina kind til eitrunar og kosta eitran hennar. Alla aðra eitrun taka Þingvallasveitarmenn að sjer endurgjaldslaust.
5. Ábúendur á jörðunum Gjabakka, Skógarkoti og Hrauntúni hafa rjett til að reka fjallfje upp í eitt eða fleiri skifti hvert sumar og greiðir Grímsneshreppur þann kostnað með 20 kr. árlega. Upp í þennan kostnað [Upp í þetta gjald] kemur þó sektarfje, sem til kann að falla (sbr. 2. gr.).
6. Grímsnesingar hirða fje sitt í Þingvallarjettum eins og verið hefur og senda þangað í því skyni 6 menn í fyrstu rjett á hausti hverju.

Jeg Stefán Stephensen prestur að Mosfelli og oddviti í Grímsneshreppi afhendi aftur á móti Þingvallapresti og kirkju hrepps eignina allan Kaldárhöfða í Grímsnesi innan Árnassýslu 11,1c að dýrleika eftir nýju mati með 2 kúgildum og öllu, sem henni ber að fylgja til fullrar eignar, umráða og afnota. Þar eð makaskifti þessi eru að sljettu og eigi bundin öðrum skilmálum [eða skilyrðum] en þeim, sem fram eru tekin hjer að framan, lýsum við því hjer með yfir að áður nefnt afrjettarland er upp frá þessu lögleg eign Grímsneshrepps og jörðin Kaldárhöfði einnig upp frá þessu lögleg eign Þingvallakirkju [Þingvallahreppskirkju].

Eins og fram kemur í makaskiptasamningnum var Kaldárhöfði, sem Þingvallakirkja fékk í staðinn fyrir afréttarlandið, fremur rýr jörð, talin 11,1 hundrað að nýju mati um miðja 19. öld (10^{1/3} samkvæmt gömlu mati), en áður höfðu mikilvægustu hlunnindi jarðarinnar, veiðirétturinn, verið seld undan henni.¹

Árið 1924, 4. júlí, var samningnum þinglýst að nýju með eftirfarandi viðbót sem oddviti Grímsneshrepps, Magnús Jónsson, hafði undirritað 2. febrúar sama ár: „Söluverð án veiðirjettar kr. 1000,00 - eitt þúsund krónur.“ Hér er átt við söluverð Kaldárhöfða.

Mörgum árum síðar kom upp ágreiningur milli Þingvallahrepps og Grímsneshrepps vegna makaskiptalandsins. Málavextir voru þeir að haustið 1923² lagði Þingvallahreppur útsvar á Grímsneshrepp að fjárhæð 150 kr. fyrir notkun á því afréttarlandi Grímsneshrepps sem hann hafði

1 Sbr. *Ný jarðabók* 1861, s. 25. Ámi Erlingsson 1987: „Upphaf stangaveiði austanfjalls.“ *Veiðimaðurinn. Málagn stangveiðimanna*. Apríl 1987. S. 7-20.

2 Skjal nr. 159.

eignast við makaskiptin. Oddviti Grímsneshrepps mótmælti þessum álögum í bréfi til sýslumanns Árnassýslu og benti m.a. á að einu notin sem hreppurinn hefði af landinu væri sauðfjárbætur í þrjú mánuði á ári, hann hefði gengist undir ýmis skilyrði við makaskiptin og greiddi auk þess 20 kr. árlegt gjald til Þingvallahrepps fyrir ágang af fê sem kynni að renna úr afréttinum á land Þingvallahrepps eða einstakra jarða þar.¹ Málið fór fyrir fôgetadóm Árnassýslu og var niðurstaða hans sú að nýting afréttarins væri með þeim hætti að þágildandi lög (nr. 29, 19. júní 1922) heimiluðu ekki útsvarsálag. Einnig var dregið í efa að ákvæði laganna um jarðarafnot næðu til afrétta, „enda afrjettarspilda þessi ekki metin til fasteignaverðs, fremur en aðrar afrjettir“. Hæstiréttur staðfesti þessa niðurstöðu með þeim orðum að 1. gr. laga nr. 29/1922 heimilaði ekki að lagt yrði aukaútsvar á Grímsneshrepp „fyrir upprekstrarrétt þann, er hreppurinn á í Þingvallahreppi og ræðir um í málinu“.²

Með lögum nr. 59/1928 var ákveðið að Þingvellir við Öxará og grenndin þar skyldi vera „friðlýstur helgistaður allra Íslendinga“ (1. gr.). Mörk hins friðhelga lands voru ákvörðuð sem hér segir:

- a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almagnagjár.
- b. Að vestan: Hærrí barmur Almagnagjár að Ármannsfelli.
- c. Að norðan: Frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá.
- d. Að austan: Eystri bakki Hlíðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells. [2. gr.]

Í 4. gr. laganna segir að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis „og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja“.

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Almenn atriði

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að fljótlega eftir að menn komu til landsins hafi komist á hið venjulega landnámsfyrirkomulag germanskra þjóða, að nema land annars vegar til eignar og hins vegar til afnota. Heimildir eins og landnámbækur, Íslendingasögur, fornminjar og búsetusaga segi okkur nútímamönnum að í aðaldráttum hafi byggð haldist á þeim svæðum sem numin hafi verið til eignar. Á svæðum utan og ofan byggða hafi afmarkað land ýmist verið tekið afnotatöku, eins eða fleiri jarðeigenda (afréttir) eða afnot öllum fjórðungsmönnum jafnheimil (almenningar). Um afnot afrétta tveggja eða fleiri aðila og svo um afnot fjórðungsmanna að almenningum hafi fljótlega verið settar lagareglur og þær sem lögfestar hafi verið með Jónsbók 1281 hafi haldist fram á 20. öldina.

Hvorki sé talið að afréttareigandi hafi getað gefið eða selt einkaafrétt frá jörð sinni né að jarðeigandi hafi getað selt eða gefið sinn hlut í sameignarafrétti, nema láta um leið af hendi jörð sína og bústofn að mestu leyti, því að afréttur eða hlutdeild í sameignarafrétti hafi fylgt jörðum. Kirkjur hafi því getað eignast hlut í afrétti ef hann fylgdi heimalandi því sem þeim var gefið. Sama hafi gilt um klaustur að þessu leyti.

Ráða megi af máldögum að gögn og gæði lands hafi einungis fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum löndum þeirra og því aðeins að öll heimajörðin væri eign þeirra. Þessi regla að gögn og gæði

¹ Héraðsskjalasafn Árnassýslu, Selfossi. 1993 (1). Grímsneshreppur. 1920-1930: Ýmis bréf.

² Skjal nr. 159.

fyldi aðeins heimajörð kirkju sé ein helsta skýringin á því að stór afréttarlandsvæði hafi smátt og smátt tekið að safnast að kirkjujörðum en ekki öðrum jörðum. Síðan hafi þessir afréttir oft og tíðum verið innlimaðir í merkjalýsingar, bæði í máldögum og landamerkjabréfum. Þetta sé helsta skýringin á því að í flestum tilvikum séu það kirkjujarðir sem telji til mikilla landsvæða í óbyggðum.

Þá hafi sagnfræðingar sett fram aðra skýringu á afréttareign kirkjujarða sem sé sú að á grundvelli máldaga hafi kirkjujarðir ranglega eignað sér heilu afréttina, þegar þeir einungis áttu tiltekna hluta í sameignarafrétti. Þetta hafi gerst með þeim hætti að kirkju hafi verið gefin jörð ásamt þeim afréttarrétti sem henni fylgdi. Þessi afréttareign kirkjunnar hafi svo verið skráð í máldaga og mörkum afréttarins lýst. Eftir samdrátt í búsetu, eins og t.d. varð á 15. öld vegna mannfalls af völdum svarta dauða, hafi máldagar um eign kirkju á nánar tilgreindu afréttarlandi verið lagðir fram er menn vildu taka að nýta þá að nýju en jarðeigendur hafi enga hliðstæða skriflega sönnun haft fyrir rétti sínum. Þeir hafi því farið halloka fyrir kirkjuvaldinu og greitt afréttartolla til kirkjunnar til þess að fá heimild til nýtingar. Á annan hvorn framangreindan hátt sé talið að flestir afréttir í Húnavatnssýslu og víðar hafi skilist frá jörðum og orðið kirkjueign. Löngu síðar, aðallega á 19. og 20. öld eftir að stétt sjálfseignarbænda reis upp að nýju í landinu, hafi viðkomandi sveitarfélög keypt þessa afrétti.

Lönd hafi gengið kaupum og solum á öllum tímum Íslandssögunnar og það hafi alltaf verið viðurkennd regla að sá sem afsali landi geti ekki veitt viðsemjanda sínum betri rétt en hann sjálfur átti. Sé venjulegu afréttarlandi afsalað verði það ekki að afrétti með beinum eignarrétti í höndum viðsemjandans.

Að því viðbættu hvað skýrar línur um inntak eignarréttar að landi skipti miklu vegna ýmissa lagaákvæða, sem snerta fasteignir, megi benda á að aukin og breytt nýting á landi utan eignarlanda kalli á að ljóst sé hver sé bær til að taka ákvarðanir vegna þess. Sem dæmi um þetta megi nefna fjölda ferðamanna sem sæki heim óbyggðir og sívaxandi eftirspurn eftir því að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Í nútímanum felist í óbyggðunum miklu meiri verðmæti en áður hafi verið þegar þau hafi einskorðast við ávexti jarðar og veiði.

Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunn eignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendur. Það hafi hins vegar aldrei verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna í dómsmálum svo öll þau mörk séu óákveðin en þess sé að vænta að þau verði öll ákveðin af óbyggðanefnd innan nokkurra ára. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms, en aldrei verið skilgreind.

Við skilgreiningu þjóðlendulínu í Þingvallahreppi sé að meginstefnu til byggt á því sem vitað sé um afnot, staðhætti, gróðurfar og víðáttu lands, auk þess sem hliðsjón sé höfð af landnámsögu. Á svæðinu séu þrjár jarðir, Þingvellir og Gjábakki í ríkiseigu og Miðfell í einkaeigu. Lýst krafa um þjóðlendu taki ekki til eignarlands Miðfells. Enda þótt aðild málsins sé á báðum hliðum í hendi ríkisins, geti ríkið þó ekki einhliða ákveðið þjóðlendumörk í hreppnum – slíkt sé einungis á valdi óbyggðanefndar en við kröfugerð sé stuðst við sömu rök og heimildir og gert sé þegar önnur landsvæði eigi í hlut.

Nám hafi verið sá háttur sem hafður hafi verið á frumstofnun eignarréttar að landi héraendis og meðal annarra germanskra þjóða. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð, hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenskri lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hluta af náttúrunni sé nefndur séreignarréttur.

Benda megi á nokkur ákvæði í fornlögum okkar sem skýri að strax í upphafi byggðar hafi verið

mikill eðlismunur á jörðum og öðrum lendum. Engar nýtingarreglur hafi verið í lögum um jarðir. Eigandinn hafi ráðið hvenær og hvernig hann beitti landið, hvenær eða hvort hann sló tún eða engi. Hins vegar hafi bæði í Grágás og Jónsbók verið mörg og ítarleg ákvæði um hvernig nýta hafi mátt afrétti og almenninga. Til dæmis hafi ekki mátt slá gras í afréttum né reisa þar sel. Hins vegar hafi mátt reisa sel í almenningum. Um báðar þessar landgerðir hafi svo verið ýmsar reglur um hvernig og á hvaða tímum hafi mátt beita þar fé.

Í kristinna laga þætti Grágásar hafi verið mismunandi reglur um líkflutningaskyldu eftir því hvort um hafi verið að ræða jörð manns, afrétt, almenning eða háfjöll og öræfi. Í þessu tilliti hafi jörð manns verið í sérstökum flokki, öndverðum við hinar þrjár landgerðirnar.

Ákvæði Jónsbókar um lögfestur hafi sumpart verið til að skera úr um hvort land var eignarland, afréttur eða almenningur.

Í nýbýlatilskipun 1776 hafi konungur talið sig geta ráðskast með eigendalausar eyðijarðir enda hafi þær verið flokkaðar sem almenningar í tilskipuninni. Sömu leiðis hafi konungur getað ráðskast með afrétti og almenninga en aldrei jarðeignir einstaklinga og hafi þó stjórnarskrárákvæðið um friðhelgi eignarréttar ekki verið komið til sögunnar.

Í þessu sambandi megi benda á umfjöllun í síðari dómi Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þar segi að telja verði að handhafar ríkisvalds, sem til þess séu bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess sem um ræði. Þetta sé niðurstaða Hæstaréttar eftir að rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að enginn ætti þrætulandið. Það væri eigandalaust með öllu. Þetta sé eitt skýrasta dómafordæmið um að afréttarland geti ekki verið eign í skilningi laga en að hægt sé að eiga tiltekinn rétt til landsins.

Til viðbótar við ofangreinda umfjöllun er á því byggt að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd í þjóðlendu á nýtingu þeirra. Eignarlönd séu nýtt allt árið til búrekstrar en afréttir til sumarbeitar. Um nýtingu megi oft fá talsverðar upplýsingar í skrifuðum heimildum. Allt frá Jónsbók hafi verið í gildi þau lagaákvæði að eigandi smali sitt land, en allt annað land sé smalað sameiginlega af fjallskilastjórn.

Frá Jónsbók hafi ekkert verið hlutast til um löggjöf fyrir en með nýbýlatilskipuninni 1776. Þar hafi nýbýlingar verið skyldir til að setja forsvaranlega garða bæði í kringum þau tún, sem þeim hafi verið tileinkuð, sem og kringum hitt annað af landareigninni, sem þeir framast megnuðu. Fyrstu landamerkjalög in slensku séu frá 17. mars 1882. Það hafi af mörgum verið talið leggja of rík bönd á landeigendur að gera þeim að skyldu að hafa glögg landamerki sín í milli. Þó hafi það legið fyrir að landamerki hafi víðast verið óglögg og óákveðin.

Samkvæmt landamerkjalögum hafi hverjum landeiganda verið skylt að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skrásetja nákvæma lýsingu á þeim. Merkjalyngu þessa hafi hann átt að sýna hverjum þeim sem land átti til móts við hann sem og eigendum þess lands er hann taldi jörð sína eiga ítak í og hafi þeir átt að rita á lýsinguna samþykki sitt, hver fyrir sína jörð. Að svo búnu skyldi þinglýsa landamerkjabréfinu. Væri ágreiningur um merki átti merkjadómur að skera úr. Landamerkjabréf hafi þannig í eðli sínu verið samningar milli aðila og gildur um þau merki sem sammingsaðilar áttu aðild að. Einhliða gerð merkjalýsing, eða merkjalýsing án samþykkis réttis aðila, veitti að sjálfsögðu engan rétt. Nýrri lög um landamerki, nr. 41/1919, hafi tekið við af eldri lögum og breytt litlu. Öll landamerkjabréf jarða og annarra svæða héraendis séu því gerð vegna þessarar lagaskyldu fyrir u.þ.b. 100 árum.

Af dómafordæmum Hæstaréttar verði að ráða þá reglu að staðhættir, víðátta og gróðurfar skipti máli í úrlausnum um eignarrétt. Einnig að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Til að skýra þetta frekar er bent á H 1955 108 (Landmannaafréttur), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur) H 1960 726 (Skeljabrekka), H 1997 1161 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1994 2227 (Geitland).

Því er haldið fram að allur beinn eignarréttur norðan Þjóðlendulínu í hreppnum, grundvallaður á námi, hafi fallið niður af einhverjum ástæðum og ekki framselst.

7.2. Þjóðlenda

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins er rakin landnámssaga Þingvalla sem og saga staðarins síðar.

Landnám Gríms í Grímsnesi hafi í vestri náð að Sogi og með fram því að Þingvallavatni. Þar með verði Kaldárhöfði í Grímsneshreppi síðasti bærin í vestri í landnámi Gríms. Spurning sé hvaða landnám taki við þegar komið sé í Þingvallahreppinn. Þegar handrit Landnámu séu skoðuð komi í ljós óvissa um hvort Ingólfur Arnarson hafi helgað sér landið milli Öxarár og Hrafnagjár eða einungis land til Öxarár. Þá sé ekki vitað til þess að land austan Öxarár og allt til Lyngdalsheiðar hafi verið numið í öndverðu. Landið hafi þó ekki verið lengi óbyggt samkvæmt lýsingu Ara fróða á setningu Alþingis. Ekki sé vitað hversu vítt land Þóris kroppinskeggs hafi náð en getum hafi verið leitt að því að það hafi að minnsta kosti verið milli Almannagjár og Hrafnagjár en spurning sé hvort svonefnd Bláskógaheiði hafi ekki fylgt jörðinni og náð yfir stærra svæði, jafnvel allt landsvæðið milli Borgarfjarðar og hraunsins vestanvert við Skjaldbreið.

Ekki sé vitað hvernig Þingvallakirkja eignaðist sína afrétti í öndverðu en við samiburð mál-daga megi ætla að afrétturinn hafi komist undir eignarráð kirkjunnar á 15. öld eða í byrjun þeirrar 16. Þó geti verið um það vafi. Benda megi á að eigi síðar en á 14. öld var skipting landsins í afrétti komin nokkurn veginn í fast horf og fyrir síðaskipti höfðu flestar kirkjur fengið þær eignir og hlunnindi sem þær hafi búið að síðar öldum saman. Nokkuð sennilegt sé að kirkjan hafi snemma eignast afrétt eða beitarítök þó þess sé ekki getið í Vilkinsmáldaga. Ekki hafi alltaf verið talin þörf á að geta þess sem hafi verið á allra vitorði. Þegar frá leið hafi þótt tryggara að færa það allt í letur, sem kirkjunni var eignað.

Líklegt sé að jörðinni Bláskógum, sem gerð hafi verið að allsherjarfé, hafi fylgt Bláskógaheiðin og hún hafi í vestri náð til fjalla á borð við Kvígindisfell og svo norður til Kaldadals og í austri að Skjaldbreiðarhrauni. Þetta landsvæði, sem sé nokkuð samfelld heiðarland, hafi verið notað til sumararbeitar og orðið grundvöllurinn að afrétti Þingvallakirkju.

Sú tilgáta hafi verið sett fram að flestir afréttir kirkna hafi upphaflega verið beitarítak. Þegar kirkja hafi verið stofnuð hafi hún yfirleitt fengið hlutdeild í heimalandi með gögnum þess og gæðum og að auki beitarítak, ýmist í heimahögum eða uppi á afréttum, nema hvort tveggja væri. En með þessu hafi kirkjubóndi ekki óhjákvæmilega verið að afsala sér öðrum gæðum afréttarins eins og fuglaveiði, silungsveiði eða grasatekju. Smám saman hafi það gerst að afréttareign kirkna hafi færst yfir á landið sjálft. Ein ástæða þess sé ef til vill sú, að við flestar kirkjur hafi verið máldagi þar sem skilmerkilega hafi verið tekið fram að kirkjan ætti afrétt án þess reyndar að sú eign væri skilgreind nánar. Sambærilegt plagg hafi fæstir bændur haft í höndum. Þeir hafi þannig átt óhægara um vik að verja rétt sinn. Það sé því hugsanlegt að bændur á þeim jörðum, sem átt hafi afrétt í Skjaldbreiðarhrauni samkvæmt Jarðabók Árna og Páls, hafi verið grunlausir um að í raun væri Markús Snæbjörnsson að lögfesta Þingvallakirkju víðtækari eignarrétt árið 1740 en beinar heimildir hafi verið fyrir um.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að greina megi eignarlönd frá Þjóðlendum með því að skoða nýtingu og þá aðallega heimildir um fjallskil. Þetta byggist á því að eignarlönd séu nýtt allt árið til búrestrar en afréttir til sumararbeitar. Um nýtingu megi oft fá talsverðar upplýsingar í skrifuðum heimildum. Allt frá Jónsbók hafa verið í gildi lagaákvæði sem mæli fyrir um að eigandi smali sitt land en að allt annað land sé smalað sameiginlega af fjallskilastjórn. Í bókinni, Göngur og réttir, eftir Braga Sigurjónsson sé greint frá smölu og fjallskilum í Þingvallahreppi um miðja 20. öld. Þar segi að hinn eiginlegi afréttur Þingvellinga sé eign Þingvallakirkju.

Árið 1928 hafi verið sett lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla. Skyldu Þingvellir og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Sérstök nefnd, Þingvallanefnd, hafi fyrir hönd Al-

Þingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem til séu greindar í 2. gr. (þ.e. Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka). Þjóðlendumörk haggi ekki yfirstjórn Þingvallanefndar né starfsskyldum hennar, skv. lögum 59/1928 að neinu leyti. Lög nr. 59/1928 séu sérlög með tilliti til skipulagslaga og sé því sennilegt að skipulagslög viki fyrir þeim að því leyti sem ákvæðum þeirra lýstur saman.

Í sjálfu sér geti alveg staðist að þjóðgarður sé innan þjóðlendumarka að öllu leyti. Löggjafinn hafi þá ákveðið slíka skipan mála. Á sama hátt geti vel staðist að þjóðgarður sé utan þjóðlendumarka en í því tilviki verði að sjálfsgöðu að reikna með því að þar með sé farið inn á landsvæði jarða og þurfi þá að gera viðeigandi ráðstafanir í tilefni af því. Þriðja leiðin virðist einnig fær, þ.e. að þjóðgarður geti að sumu leyti verið innan þjóðlendlínu en að öðru leyti ekki.

Um þjóðgarða sé mælt í 51. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Samkvæmt þeirri grein sé það skilyrði þess að stofna megi þjóðgarð að land garðsins sé ríkiseign. Ekki verði séð að það eigi að skipta máli hvernig þessu eignarhaldi ríkis sé varið hvort um sé að ræða eignarland eða þjóðlendu.

Sammerkt sé öllu því landi, sem skv. kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins sé innan þjóðlendumarka, að þar sé um að ræða landsvæði sem annaðhvort séu ógróin eða vaxin heiðargróðri. Þetta séu miklar hálandisviðáttur og háfjöll allt til jökla.

Því er haldið fram að ráða megi þá reglu af heimildum um landnám og því sem þekkt sé um nýtinguna sem fylgt hafi í kjölfarið, að hálandi, fjöll og öræfi hafi ekki verið numin til eignar og því hafi dómstólar gert ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðháttu, viðáttu og gróðurfars. Í þessu sambandi skipti hæðarlínur auðvitað miklu máli enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Íslenska ríkið telur að af löggjöf og dómum HR megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum. Litið sé til þessara atriða við kröfugerð í aðalkröfu. Í varakröfunni sé tekið mið af aðalkröfulínu en varakröfulínan sé þó dregin á milli augljósra kennileita í landslagi.

Af framangreindri umfjöllun virðist koma skýrt fram að beinn eignarréttur sé að landi utan þjóðlendlínu og eigi það við um allt land Miðfells, heimalands Gjábakka og heimalands Þingvalla. Utan heimalanda Gjábakka og Þingvalla sé þjóðlenda sem jarðirnar eigi upprekstrarétt til.

7.3. Gjábakki

Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til landamerkjabréfs Gjábakka, dags. 10. maí 1890, þinglesnu á manntalsþingi á Þingvöllum 7. júní 1890. Landamerkjabréfið sé samþykkt af eigendum og/eða ábúendum aðliggjandi jarða.

Engar heimildir séu til um nám þess lands sem nú sé innan merkja Gjábakka og heimildir um Þingvallaland séu frekar óglöggar. Óumdeild sé þó sú staðreynd að land Þingvalla og líklega einnig Gjábakka hafi fyrir stofnun Alþingis 930 orðið allsherjafé, hvort sem frásögn Ara fróða af atburðum sé rétt eða röng.

Samkvæmt fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi sé jörðin Gjábakki eign ríkissjóðs samkvæmt afsali.

Rökin fyrir tilkalli til beins eignarréttar að landi jarðarinnar séu þau að þrátt fyrir að heimildir skorti um nám jarðarinnar í öndverðu hafi stofnast til beins eignarréttar að landi jarðarinnar við það að landið hafi verið brotið til ræktunar og gert að bújörð og séu ekki líkur til að slíkt hefði verið óátalið lengi ef ekki hefði það byggst á eldri rétti.

Um lagarök er vísað til þess að samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1998 sé eignarland landsvæði sem háð sé einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fari með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segi til um á hverjum tíma. Núverandi landsvæði innan landamerkja jarðarinnar Gjábakka sunnan 400 metra hæðarlínu í Hrafnabjörgum sé slíkt landsvæði.

7.4. Þingvellir

Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til landamerkjabréfs Þingvalla, dagsettu 1. september 1886 og þinglesnu á manntalsþingi á Þingvöllum 7. júní 1890. Landamerkjabréfið sé samþykkt frá Gjábakka, Vörðufelli, Þverfelli og Stórabotni. Úr þessu landi hafi verið afsalað afréttarlandi í maka-skriptum fyrir Kaldárhöfða árið 1924. Þingvöllum tilheyrir hjáleigurnar Arnarfell, Skógarkot, Hraun-tún og Svartagil.

Í greinargerð íslenska ríkisins er tekið fram að heimildir séu frekar óglöggar um nám Þingvallalands. Óumdeild sé þó sú staðreynd að land Þingvalla og líklega einnig Gjábakka hafi fyrir stofnun Alþingis 930 orðið allsherjafé, hvort sem frásögn Ara fróða af atburðum sé rétt eða röng.

Samkvæmt fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi sé jörðin Þingvellir eign ríkissjóðs en ekki sé getið um eignarheimild. Rökin fyrir tilkalli til beins eignarréttar að landi jarðarinnar séu þau að þrátt fyrir óglöggar heimildir um nám jarðarinnar í öndverðu og þá frásögn að landareignin hafi orðið allsherjafé, þá hafi stofnast til beins eignarréttar að landi jarðarinnar og hjáleiganna við það að landið hafi verið brotið til ræktunar og gert að bújörðum.

Um lagarök er vísað til þess, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1998 sé eignarland landsvæði sem sé háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fari með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segi til um á hverjum tíma. Núverandi landsvæði innan landamerkja jarðarinnar Þingvalla og utan lýstrar þjóðlendulínu sé slíkt landsvæði. Ítök eigi Þingvallajörðin í Brúsastaðalandi en þar eigi Þingvellir rétt til beitar á svonefndu þingi móts við Þingvallabæ og í Almannagjá og til slæгна í Hestagjá. Þar á móti eigi kirkjujörðin torfristu í Brúsastaðamýri og vetrarþétt í Brúsastaðabrekum. Þingvallakirkja eigi alla urriðaveiði í Öxará og alla silungsveiði á Ólafsdreppi. Þá eigi Þingvellir slægjur í Þingvallagróf og Kjálkunum.

Í munnlegum flutningi málsins var bent á að Þingvellir skæru sig nokkuð úr þegar litið væri til landamerkjabréfsins. Upplýsingar um landið væru ekki huldar myrkri í einhverjar aldir þar til landamerkjabréf með einhverja landamerkjalyfingu sprytti fram. Þess vegna ættu sjónarmið ríkisins í öðrum málum ekki við um það hvernig tekið væri á landamerkjabréfum og sönnunargildi þeirra. Áréttað var að krafa íslenska ríkisins um beinan eignarrétt að jörðinni Þingvöllum byggði að sínu leyti á landamerkjabréfi frá 1. september 1886 þó ekki nema upp að lýstri þjóðlendulínu. Krafa um beitarétt ofan lýstrar þjóðlendulínu byggði einnig á greindu landamerkjabréfi enda væri bréf þetta talin sönnun fyrir yfirráðarétti Þingvalla að öllu landi. Landamerkjabréfið væri ágreiningslaust um það hvar nýtingarsvæðið lægi enda í samræmi við lögfestu Markúsar Snæbjörnssonar en það tæki ekki á því álítaefni hvert inntak eignarréttarins væri á hverjum stað innan svæðis. Um inntak eignarréttarins sé vísað til þess sem fram komi í afsali Jóns Thorstensen til Grímsnesinga en þar sé talað um afréttarland tilheyrandi Þingvallakirkju.

8. SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.

8.1. Kröfur um frávísun o.fl.

Í greinargerð jarðeigenda o.fl. segir að þeirra um að vísa beri frá óbyggðanefnd kröfu ríkisvaldsins um að þjóðlendur nái inn í þinglýst eignarlönd byggist á því að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar verði ekki hróflað við eignarrétti manna nema með lögum. Í þjóðlendulögnum sé ekki að finna neina heimild til eignarnáms heldur sé þvert á móti hnykkt á því í lögnum að þjóðlendur séu utan eignarlanda. Óbyggðanefnd hafi því ekki lagaheimild til að úrskurða að til þjóðlendna skuli teljast land sem nú liggur innan þinglýstra landamerkja bújarða, eða afrétta þar sem lögaðilar hafi þinglýst afsal fyrir eignarrétti sínum þar sem með þeim hætti væri í raun verið að svipta viðkomandi eiganda eignarrétti sínum. Þar með væri land, sem eigandinn hefur fullkomna eignarheimild fyrir í dag og sem viðurkennt hefur verið af yfirvöldum að hann eigi, sbr. skráningu í fasteignamat og

aðrar opinberar skrár, ekki lengur fullkomin eign hans heldur væri honum gert að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Höfði landeigandinn ekki mál fyrir dómstólum innan 6 mánaða frá úrskurði óbyggðanefndar, til viðurkenningar á eignarrétti sínum, glati hann endanlega eignarrétti að umræddu landi. Landeigandanum væri gert að sækja mál fyrir dómstólum til að verja eignarrétt sinn. Á því sé byggt að málsmeðferð þessi standist ekki 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og því beri að vísa kröfum, sem lúta að þinglýstum eignarlöndum frá óbyggðanefnd, sbr 3. mgr. 15. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Í öðru lagi sé frávisunarkrafan á því byggð að óbyggðanefnd sé ekki óháður úrskurðaraðili. Það, að leggja þurfi málin undir óbyggðanefnd með þeim hætti sem ráð sé fyrir gert í lögum nr. 58/1998, sé andstætt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, svo og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi talið ákvæði þetta eiga við um ákvarðanir stjórnvalda sem hafi áhrif á eignarrétt og atvinnuréttindi manna í víðtækri merkingu. Í 19. gr laga nr. 58/1998 sé vissulega að finna ákvæði um heimild einstaklinga til að bera ákvörðun óbyggðanefndar undir dómstóla, enda sé það gert innan mjög skamms tíma, þ.e. 6 mánaða. Engu að síður sé því haldið fram að málsmeðferðin geti ekki verið réttlát. Í fyrsta lagi benda landeigendur á það hversu skammur málshöfðunarfresturinn sé. Í öðru lagi er á það bent að þegar óbyggðanefnd, sem heyri undir forsætisráðuneyti, hafi tekið ákvörðun um að tiltekin landsspilda skuli teljast þjóðlenda og sæta þannig forsjá forsætisráðuneytisins, þá verði þolandinn, þ.e. hinn raunverulegi landeigandi, að höfða dómsmál og vera þannig sóknaraðili í máli til þess að fá þessari ákvörðun stjórnvaldsins hnekk. Við því sé að búast að staða stjórnvaldsins sé þá mun sterkari þar sem sérhæfð nefnd hafi þá þegar tekið afstöðu með málstað ríkisvaldsins. Af þessum sökum beri að vísa hvers konar ágreiningi um eignarréttindi frá óbyggðanefnd og beri nefndinni sjálfri að taka afstöðu til frávisunarkröfunnar með úrskurði.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. eru gerðar athugasemdir við lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Er annars vegar dregið í efa að löggjafanum sé heimilt að færa eignarrétt að almenningum og eigendalausum svæðum til ríkisins en hins vegar að það fari gegn jafnræði og brjóti almenna réttlætiskennnd að forsætisráðherra skipi óbyggðanefnd. Kunni úrskurðir óbyggðanefndar af þessari ástæðu að verða ógildanlegir. Þess er krafist að óbyggðanefnd afli álits nokkurra aðila sem tengist svæðinu sem til umfjöllunar sé, svo sem Náttúruverndarráðs, Héraðsnefndar Árnæssýslu, Þingvallahrepps, Landgræðslunnar, iðnaðarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og annarra sem veitt geti upplýsingar um landsvæðið með einhverjum hætti. Þá er á það bent að leitað hafi verið til umboðsmanns Alþingis vegna ákvörðunar ríkisins um kröfugerð. Er þess krafist að málflutningur fari ekki fram fyrr en að fengnum umsögnum ofangreindra aðila og að fenginni niðurstöðu umboðsmanns Alþingis.

8.2. Almenn atriði varðandi eignarréttarlegar kröfur

Á því sé byggt að hið eiginlega afréttarland, sem Þingvallahreppur „hefur ekki sem lögpersóna eignast með kaupum“, sé eign eigenda þeirra lögbýla í Þingvallahreppi sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á afréttinum.

Landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og það síðan fylgt jörðunum og sé því í óskiptri sameign eigenda lögbýlanna í Þingvallahreppi. Landsvæði þetta hafi verið nytjað af eigendum jarða í Þingvallahreppi allt frá landnámsöld en hreppsfélagið hafi farið með málefni afréttarins fyrir hönd landeigenda allt frá stofnun hreppsfélagsins. Afrétturinn hafi á hverjum tíma verið nýttur til fulls með þeim hætti sem tíðarandi, tækifæri og möguleikar hafi verið til á hverjum tíma. Þannig hafi landið verið nýtt til beitar, grastekju, veiða, skógarhöggs og kolagerðar, námutöku, vatnsréttinda-sölu og leigu og til landleigu. Orðið afréttur hafi um langan tíma verði notað yfir þetta sameignarland en sú orðnotkun dragi á engan hátt úr eignarrétti jarðanna að landsvæðinu þrátt fyrir að í

seinni tíð hafi, af hálfu ríkisvaldsins, verið reynt að tengja það nafn við einhvers konar takmörkuð eignarréttindi.

Jarðeigendur o.fl. vísa um eignarrétt sinn til ofangreindra heimilda og fyrirbyggjandi landamerkjalyýsinga. Þeir telja eignarréttinn óskoraðan með öllum gögnum og gæðum og að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt það svo bindandi sé. Landamerkjum verði ekki hnekknt nú, mörg hundruð árum síðar.

Við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðar nr. 41/1919, hafi ætlun löggjafans verið sú að framkvæmdarvaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og að leyst yrði úr ágreiningi um þau væri hann fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum, hverjum í sinu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum hefði verið þinglýst. Allt til ársins 1981 hafi verið gert ráð fyrir að sérstakur dómstóll, landamerkjadómstóll, skæri úr ágreiningi um landamerki. Löggjafarvaldið hafi með þessu viljað tryggja að landamerki væru sem skýrust og að um þau þyrfti ekki að deila. Með landamerkjalögum hafi átt að koma góðri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll og hafi fyrirmælum laganna verið fylgt og landamerkjalyýsingar gerðar fyrir nær allar jarðir. Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekki kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt. Alkunna hafi verið að eignarlöndum fylgdi fullkominn eignarréttur og að afréttarlönd væru í sameign eigenda þeirra jarða sem afréttareignina áttu.

Afréttir hafi á þessum tíma verið taldir undirorpnr fullkomnum eignarrétti sem einungis takmarkaðist af eignarrétti annarra landeigenda. Um þetta hafi ekki verið deilt enda hafi þetta sameignlega land fyrst og fremst verið nýtt til beitar fyrir sauðfé og hesta.

Í 1. gr. landamerkjalaganna sé mælt fyrir um að landeigendur eða fyrirsvarsmenn jarða þar sem eigi séu af völdum náttúrunnar glögg landamerki, skuli setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vötnum með hæfilegu millibili enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki sem löglega sé við haldið. Framangreind regla eigi m.a. við um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna ef sá sem land á að afrétti eða lendu krefst þess. Landamerkjalyýsingar þær, sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjalaganna 1882, hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingum og eftirlitsskyldu valdsmanna sem leitt hafi til þess að um sé að ræða fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Landamerki þessi og þetta fyrirkomulag beri að virða. Landeigendur kveða ekki hægt að raska landamerkjum með því að setja meira en öld síðar lög, sem kveði á um eignarrétt ríkisvaldsins að stórum landsspildum, sem í meira en 100 ár hafi verið taldar innan þinglýstra landamerkja jarða eða eftir atvikum í sameign tiltekins fjölda jarða. Ríkisvaldið geti ekki slegið eign sinni á land sem sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi verið það í yfir 100 ár. Hér hljóti venjuréttur og hefðarsjónarmið að vega þungt.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi var lokið. Lengi hafi verið óvissa um hvort hefðarréttur gilti hér á landi. Í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746 hafi verið kveðið á um að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign. Víða megi sjá þess stað að út frá því hafi verið gengið að hefðarreglur Norsku eða Dönsku laga (1683 og 1687) giltu hér á landi. Einnig sé vikið að hefðarreglum í nokkrum tilskipunum, sbr. konungsbréf frá 18. apríl 1761, nýbýlatilskipunina frá 1776 og tilskipun frá 17. apríl 1833 er varði óðalsrétt á Íslandi. Landsyfírréttur hafi í dómi frá 5. maí 1830 gengið ótvírætt út frá því að hefðarreglur Norsku laga giltu á Íslandi þó að rétturinn hafi síðar eða í dómi frá 19. desember 1887 hafnað hefðarreglum. Hefð hafi síðan fyrst og fremst haft gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Ákvæði 1. gr. hefðarlaga sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber

eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt þessu megi halda því fram að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð á landi sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti undirorpið. Í fyrri Landmannaafréttardóminum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð verði unnin á landi, sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. Þjóðlendulaga i.f. Gaukur Jörundsson telji að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur um sé að ræða afrétt eða almenning ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt. Hann telji þó að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Því sé hins vegar ekki haldið fram að umþrætt landsvæði í Þingvallahreppi hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum heldur sé ljóst að landið hafi verið numið. Hluti þess, þ.e. Þingvallaafréttur, hafi um aldir verið nýttur sameiginlega af jarðeigendum í Þingvallahreppi. Sjónarmiðin um hefð séu til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt jarðeigenda í hreppnum. Gaukur Jörundsson telji jafnframt að slaka beri á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmætið og allar aðstæður gefi minna tilefni til víðtækra umráða og fjölbreyttra nota. Í dómi Hæstaréttar frá 20. janúar 1939 hafi verið fallist á eignarhefð engjalsands enda þótt hefðandi virtist hafa haft lítil sem engin önnur not af landinu en til slægna.

Engu breyti um eignarhaldið hvort hefðandi lands er einn aðili eða margir sameigendur. Það, að landið hafi frá upphafi nánast einungis verið nýtt til þeitar og þótt þeir sem það nýttu, hafi nýtt það sameiginlega og að um afréttamálefni og fjallskil hafi gilt almenn lög þá breyti það ekki því að þessir sameigendur hafi nýtt landið eins og kostur var í fullan hefðartíma og meira en það og jafnframt meinað öðrum not þess. Ríkisvaldið hafi ekki nýtt afréttarland Þingvellinga með nokkrum hætti. Venjuréttur og hefð falli hér saman og eigi að leiða til þess að afrétturinn tilheyri jörðunum í hreppnum sem hafi nýtt landið öldum saman. Landeigendur kveða það síðari tíma útúrsnúning að halda því fram að jarðeigendur eigi einungis beitarrétt á afréttinum enda þjóni það hagsmunum valdhafa að beinn eignarréttur að landsvæði þessu tilheyri ríkisvaldinu. Þessa pólitísku niðurstöðu, sem menn telja almannahagsmunum hagnæmari, sé síðan reynt að búa í skrautbúning þess lagaumhverfis sem við lifum í nú. Af hálfu landeigenda er því haldið fram að virða beri þá skipan sem gilt hafi um aldir og staðfest hafi verið m.a. með landamerkjalogunum frá 1882 og að eignarréttindi verði ekki færð í hendur ríkisvaldsins með einföldum lögum enda geta sett lög vart verið gild frum- eignarheimild.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi talið að ríkisvaldið geti farið með ákveðin umráð lands í skjóli valdheimilda sinna sé ekki þar með sagt að löggjafinn geti framselt vald þetta til stjórnvalda og jafnframt falið stjórnvöldum að skera úr um það hvaða land skuli vera undirorpið eignarrétti ríkisvaldsins og hvað skuli skilið eftir handa raunverulegum eigendum landsins. Hér sé fyrst og fremst um pólitískar deilur að ræða sem færðar hafi verið að nokkru leyti í lögfræðilegan búning. Minni deilurnar á margan hátt á þær deilur sem í byrjun síðustu aldar hafi verið um eignarrétt að vatni og vatnsföllum.

Í þessu máli sé aðstaðan um margt með líkum hætti og þegar Fossamálið hafi verið til umfjöllunar í byrjun 20. aldar. Ríkisvaldið leitist við að slá fullkominni eign sinni á land sem sé háð eignarrétti einstaklinga. Eðlilegra hefði verið að skorið hefði verið úr ágreiningi þessum fyrir hlutlausum dómstóli í stað stjórnvöldunefndar og að sönnunarbyrðin um eignarrétt ríkisins að hálandi landsins utan þinglýstra landamerkja jarða hefði hvílt á ríkisvaldinu. Komist óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að land, sem einstaklingur eða lögaðili telji sig eiga, skuli vera þjóðlenda sé slík niðurstaða ekki bindandi fyrir landeigendur.

Jarðeigendur o.fl. byggja kröfur sínar m.a. á því að löggjafarviljinn hafi ekki staðið til þess að land, sem nú er innan þinglýstra landamerkja bújarða, verði talið til þjóðlendna, samanber umræður og ályktanir um málið á Alþingi. Þá er vísað til meðalhófsreglu stjórnvöldunefndar um þinglýsingu að ekki skuli telja meira land til þjóðlendu en sem brýna nauðsyn beri til og sátt sé um að teljast skuli þjóðlenda.

Jarðeigendur o.fl. telja að landsvæði það, sem um sé deilt í þessu máli, hafi allt verið numið í öndverðu. Vísað er til rits Haraldar Matthíassonar, Landið og Landnáma. Bændur í Þingvallasveit hafi snemma öðlast beitarrétt á þessu svæði með samkomulagi við eigendur og fyrir venju. Snemma hafi orðið til reglur um beitarnýtingu á þessu sameignarlandi enda hafi sveitarfélögin snemma tekið við skipulagningu á fjallskilum og skipti þá engu í hvers eigu landið sé sem smala þurfi, sbr. 4. gr. laga um afréttamálefni og fjallskil, sbr. nú lög nr. 6/1986 og 52. gr. þeirra laga. Samkvæmt nýbýlatilskipuninni 1776 hafi konungur sett lög um heimild til stofnunar nýbýla á eigendalausum svæðum og hafi því í raun allt land utan eignarlanda talist til ríkisins. Það styðji jafnframt þá fullyrðingu að landið sé undirorpið fullkomnum eignarrétti að við stólsjarðauppboðin 1794 hafi jarðirnar verið seldar samkvæmt konungsúrskurði sem fullkomið eignarland samkvæmt uppkölluðum landamerkjum. Þannig beri ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að landamerki hafi verið önnur fyrir gildistöku landamerkjalaganna 1882.

Mótmælt sé þeirri túlkun, sem fram komi í greinargerð ríkisins, um að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd eftir nýtingu þeirra. Í fyrsta lagi sé viðurkennt af fræðimönnum að afréttarland geti verið fullkomið eignarland sé ljóst að það hafi í öndverðu eða síðar verið undirorpið fullkomnum eignarrétti, sbr. Gullberastaðatungur, Tunguheidi og Kalmanstungu. Mjög stór hluti lands á Suðurlandsundirlendi sé ekki í heilsársnotum af skiljanlegum ástæðum. Yfir vetrartím-ann sé landið gegnfrosið og enginn skepna fari um það. Vetrararbeit sé nú víðast aflögð með nútíma-landbúnaðarháttum.

Að því er varði staðhæfingar í greinargerð ríkisins um aðgreiningu lands í heimalönd og afrétti telja jarðeigendur o.fl. að innan jarðanna sé ekki um afrétti að ræða í þeirri merkingu sem heima-menn leggi í orðið afréttur. Sumar jarðir, t.d. Þingvallajörðin, hafi hins vegar mjög víðfeðm heima-lönd. Slíkt land, sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarland í víðustu merkingu þess orðs, sé hins vegar að mati landeigenda eignarland enda viðurkennt af fræðimönnum að slíkt land geti verið undirorpið beinum eignarrétti. Á þessu landi séu t.d. ekki gerð fullkomin fjallskil af hálfu fjallskila-stjórnar, þ.e. tvær lögskipaðar leitir samkvæmt 37. gr. laga um afréttarmál og fjallskil, nr. 6/1986, enda um einkaland jarða að ræða sem landeigendur smali sjálfir. Þá benda jarðeigendur o.fl. á að á vorin sleppi menn fê sínu í heimalönd og smali síðan til rúnings. Einnig sé ám sleppt í heimalönd á haustin eftir að lömb hafa verið tekin undan. Á afréttinn reki menn hins vegar fê í byrjun sumars og óheimilt sé að fara með fê í afrétt til haustbeitar.

Þeim skilningi, sem fram komi í greinargerð ríkisins um landnám, er alfarið mótmælt, og er bent á að fræðimenn hafi talið að mjög víða hafi land verið numið allt til jökla. Landnáma sé ekkert óljós um þetta. Gróðurfar nú veiti enga vísbendingu enda með allt öðrum hætti en við landnám.

Jarðeigendur o.fl. telja að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Benda þeir á að lýsingar Landnámu hafi verið taldar benda til þess að um beinan eignarrétt að landi væri að ræða, s.s. í H 1960 726 (Skeljabrekka) og H 1994 2228 (Geitland). Þá benda jarðeigendur o.fl. á að í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfjallshagi) hafi vafinn verið metinn sökunaut í hag. Viðkomandi skotveiðimenn hafi verið sýknaðir m.a. vegna vafa um hvar þeir voru staddir, vafa um landamerki og fleira. Í málsmeðferðinni fyrir óbyggðanefnd beri hins vegar að túlka vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eða að hve miklu leyti land hafi verið nýtt landeiganda í hag hafi hann athugasemdalaus þinglýsta eignarheimild í hendi. Ríkið beri því sönnunarbyrðina fyrir því að umþrætt land hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því eigendalaus.

Því er mótmælt að Arnarvatnsheiðardómur, H 1975 55, hafi ekki fullkomið gildi um eignarrétt-indi þess landsvæði sem deilt hafi verið um. Til grundvallar niðurstöðunnar hafi legið lögfesta eig-anda Kalmanstungu frá 1879 og séu fræðimenn á því að ekki verði annað ráðið af niðurstöðu Hæstaréttar en að landið sem um hafi verið deilt sé fullkomið eignarland. Jarðeigendur o.fl. telja að land innan Þingvallajarðarinnar hafi ekki sambærilega stöðu og Auðkúluheiði og Eyvindarstaða-heiði. Þar hafi vissulega verið um afréttarlönd að ræða en ekki heimalönd. Munurinn liggir í þeim

notum sem menn hafi haft af þessum heimalöndum, umfram afréttarlöndin og þeim réttindum sem landeigendur hafi þar haft. Það sem mestu skipti sé þó að í heimalöndum, þó víðfeðm séu, hafi landeigendur getað bannað öðrum not landsins.

Því sé mótmælt að ekki hafi þurft að stofna óbyggðanefnd ef miða eigi við þinglýst landamerki um mörk þjóðlendna. Jarðeigendur o.fl. telja að tilgangurinn með lögum um þjóðlendur hafi fyrst og fremst verið sá að gera ríkisvaldið þinglýstan eiganda þeirra landsvæða sem enginn hafi skjöl fyrir að hann eigi en svo háttar til um einhver eigendalaus svæði og jökla á miðhálandi Íslands. Óbyggðanefnd eigi að finna út hver þessi eigendalaus svæði séu. Sveitarfélög telja sig eiga sum þessi svæði á grundvelli hefðar, án þess að hafa skjöl fyrir. Skv. 1. gr. þjóðlendulaganna, nr. 58/1998, komi einmitt fram að þjóðlendur séu utan eignarlanda. Eignarland sé skilgreint sem „landsvæði sem háð er einkaeignarrétti þannig að eigandinn fer með öll venjuleg eignarráð þess.“ Jarðeigendur o.fl. halda því fram að svo hátti til með allt það land sem þeir hafi þinglýsta eignarheimild fyrir. Innan þinglýstra landamerkja fari landeigendur einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfiráð.

Að undanfögnu hafi verið á það bent bæði af stjórnámálönnum og fræðimönnum að með lögnum hafi ekki staðið til að taka eignarrétt af neinum enda sé óbyggðanefnd ekki til þess bær.

Ríkið fari villur vegar í umfjöllun sinni um landamerkjabréf. Landeigendur haldi því fram að alls staðar í Árnessýslu sé land innan þinglýstra landamerkja undirorpið beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi hefði enginn tilgangur verið með landamerkjalögnum 1882 ef þau hefðu ekki átt að tryggja eigandanum beinan eignarrétt á því landi sem landamerki jarðar hans náðu til. Hver sé annars munurinn á fullkomnum „yfiráðarétti“ og eignarrétti. Raunar sé ekkert sem bendi til þessarar hugsunar, þ.e. að innan þinglýstra landamerkja kunni að vera tvenns konar eignarréttur, þ.e. beitarafnotaréttur annars vegar og fullkominn eignarréttur hins vegar, þegar greinargerð með lögnum og umræður um þau á Alþingi séu skoðuð. Ef svo hafi verið hefði þurft að orða það miklu skýrar í lögnum. Svo virðist sem með lögnum 1882 hafi verið reynt að koma fastri skipan á þessi mál, þ.e. hvar væru mörk eignarlanda og afrétta. Löggjafinn skipaði málum með lögum án þess að raska eignarrétti. Það sé því rangt að enginn hafi farið með hið „eigendalaus“ svæði hafi afrétturinn talist eigendalaus. Upprekstrarfélög og eftir atvikum sveitarfélög hafi farið með yfiráðin þar í skjóli þeirrar eignar sem leiddi af sameignarrétti jarðanna er upprekstrarétt áttu.

Af hálfu landeigenda er minnt á landamerkjalögin, á reglur um hefð og reglur um venjurétt, sem séu samstiga um að telja nánast allt landið undirorpið eignarrétti annarra lögaðila en ríkisins. Enga nauðsyn hafi þannig borið til þess að kafa svo langt niður í djúp fortíðarinnar eins og gert sé í greinargerð ríkisvaldsins heldur nægi að líta til síðustu 100 ára.

8.3. Miðfell

Af hálfu þinglýstra eigenda Miðfells er um óskoraðan eignarrétt vísað til þinglýstra afsala og skiptayfirlýsinga. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina frá 7. september 1883. Taki eignarrétturinn til jarðarinnar með öllum gögnum og gæðum að undanskildu landi sem selt hafi verið frá jörðinni.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannast.

8.4. Þingvellir

Af hálfu prestssetrasjóðs er vísað til landamerkjalýsingar Þingvalla frá 1. september 1886, þinglesnu á manntalsþingi 7. júní 1890, að teknu tilliti til makaskipta árið 1924 þar sem Þingvellir afsöluðu landi til Grímsneshrepps á móti jörðinni Kaldárhöfða. Í munnlegum flutningi málsins vísaði lögmaður til þess sem fram hefði komið af hálfu ríkisins en það ætti að mörgu leyti við, einkum tilvísun til ritgerðar Karls Axelssonar um svæðið.

8.5. Þingvallaafreittur

Af hálfu eigenda lögbýla í Þingvallahreppi er byggt á því að á hið eiginlega afréttarland, sem Þingvallahreppur „hefur ekki sem lögpersóna eignast með kaupum“ sé eign eigenda þeirra lögbýla í hreppnum sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á afréttinum. Er á því byggt að landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og það síðan fylgt síðan jörðunum og sé þannig í óskiptri sameign eigenda lögbýla í Þingvallahreppi. Svæðið hafi verið nytjað af eigendum jarða í hreppnum allt frá landnámsöld en hreppsfélagið hafi farið með málefni afréttarins í umboði eigenda allt frá stofnun hreppsins. Afrétturinn hafi á hverjum tíma verið nýttur til fulls með þeim hætti sem tíðarandi, tækifæri og möguleikar hafi verið til, þ.e. til beitara, grastekju, veiða, skógarhöggs og kolagerðar, námutöku, vatnsréttindasölu og leigu og landleigu. Orðið afréttur hafi um langan tíma verið notað yfir þetta sameignarland en sú orðnotkun dragi á engan hátt úr eignarrétti jarðanna.

9. SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR

Landsvirkjun rekur á hinu tilgreinda landsvæði, svæði nr. 1, stærstu orkuver fyrirtækisins og mannvirki sem þeim tengjast, svo sem stíflur, uppistöðulón, vatnsvegi, háspennulínur, spennavirki, svo og ýmis önnur mannvirki sem tengjast starfsemi þess, sbr. 2. grein laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Landsréttindi, vatnsréttindi (fallréttindi), heimildir til byggingar og reksturs orkuvera og mannvirkja sem þeim eru tengd, þar með talið uppistöðulóna, stíflna, vatnsvega, miðlunarmannvirkja, orkuflutningslína, spenna- og rofavirkja og hvers kyns annarra mannvirkja á hinu auglýsta landsvæði byggjast annars vegar á sameignarsamningi, dags. 1. júlí 1965, milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun og hins vegar einkum á lagaheimildum og virkjunar- og framkvæmdaleyfum ráðherra fyrir hverja einstaka virkjun, svo og samningum við sveitarfélög og einstaklinga, svo sem rakið er í kröfugerð í skjali nr. 46.

Með lögum um Landsvirkjun nr. 59/1965 var ákveðið, sbr. 1. gr. laganna, að ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur skyldu setja á stofn virkjanafyrirtæki, er nefnist Landsvirkjun. Í 4. gr. laga nr. 59/1965 kemur fram að Landsvirkjun tekur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og í Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell. Í 5. gr. laganna var kveðið á um að ríkið og Reykjavíkurborg legðu Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir þær og réttindi, sem tiltekin voru í 4. gr.

Miðlun í Þingvallavatni

Heimild til virkjunar Efra-Sogs ásamt gerð stíflu við útfall Þingvallavatns með heimild til miðlunar frá 102 m y.s. að sumri til 103 m y.s. að vetri var veitt með bréfi atvinnumálaráðuneytisins 20. júní 1955, sbr. skjal nr. 64.

Landsvirkjun leggur áherslu á að fyrirtækið er eigandi framangreindra réttinda til vatnsmiðlunar og nauðsynlegra landsréttinda og krefst þess að það verði viðurkennt af óbyggðanefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Það felur í sér að ekki er heimilt að ákvarða endurgjald skv. 4. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga fyrir nýtingu réttindanna.

Hrauneyjafosslína (220 kV)

Línan liggur frá mörkum við Grímsneshrepp, norðvestan Skjaldbreiðar, að sýslumörkum við Borgarfjarðarsýslu, sbr. skjal nr. 97.

Lagaheimild fyrir byggingu línunnar er í lögum nr. 37/1971 og 1. og 6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum. Iðnaðarráðherra veitti leyfi fyrir Hrauneyjafosslínu 30. desember 1976, sbr. skjal nr. 55. Heimilda til byggingar línunnar var aflað hjá við-

komandi sveitarfélögum á árunum 1978-1979 í samræmi við 5. gr. skipulagslaga, nr. 31/1968, og gengið frá samningum við sveitarfélög og einstaklinga á árinu 1979 um bætur fyrir línubygginguna, sbr. skjal nr. 83.

Fyrirhuguð Sultartangalína (400 kV)

Fyrirhuguð er bygging háspennulínu frá Sultartangavirkjun að aðveitustöð Landsvirkjunar við Brennimeil í Hvalfirði. Á því landsvæði, sem hér um ræðir, mun línán liggja samhliða Hrauneyja-fosslínu (220 kV). Almenna lagaheimild til byggingar línunnar er að finna í lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

Landsvirkjun tekur fram að fyrirtækið mótmælir öllum kröfum um að ríki, sveitarfélög, aðrir lögaðilar eða einstaklingar eigi beinan eignarrétt að afréttarlandi nema þeim sem kröfuna hefur uppi takist að sanna fullkominn eignarrétt.¹ Að öðrum kosti telst afréttarland vera þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Mælistöðvar Landsvirkjunar

Landsvirkjun á og rekur allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnassýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu. Landsvirkjun krefst þess að landsréttindi og umferðarréttindi sem þarf til reksturs þeirra verði viðurkenndur.

10. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

10.1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyrja.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Í því sambandi verður einnig litið til réttarreglna um fjallskil.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitásium, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

Um niðurstöður óbyggðanefndar varðandi Landsvirkjun er vísað til 12. kafla.

10.2. Gróðurfar við landnám og síðari breytingar

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti*, *hlíðabelti* og *hálendis- eða fjallabelti*.² Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuð-einkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum eftir því hvort um er að ræða innhæruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100-150 m hæð og sums staðar nokkru hærri sunnanlands. Hlíðabeltið

¹ H 1981 1584 (Landmannaafréttur) og H 1997 1162 og 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðadómar).

² Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

tekur við og nær upp í 300-400 m hæð en þar ofan við er hálandisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $\frac{2}{3}$ hluta af yfirborði landsins.¹ Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálandisbeltis upp að 600-700 m hæð á miðhálandinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari uns hann hefur horfið að mestu í 800-1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálandisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $\frac{1}{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglandi og hálandi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgæðist efri mörk gróðurs og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $\frac{1}{4}$ hluta landsins í heild og um $\frac{10}{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálandisins í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $\frac{1}{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálandisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

10.3. Stofnun eignarréttinda

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda, sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi, eru landnám, hefð og lög.

10.3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.²

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874-930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema

1 Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

2 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, s. 10-11. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignarréttur II* (fjöl.). Reykjavík. S. 133-134. Þorgeir Örylgsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.¹ Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.² Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnsvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálf hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu, sem fjallar um Sunnlendingafjórðung, segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“³

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.⁴ Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.⁵ Enn fremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúruferðum eða búskaparháttum.⁶ Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar lítið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbygðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.⁷ Svo sem fram kemur í kafla 10.2.

1 Landnámaabók 1986, s. 337.

2 Landnámaabók 1986, s. 321.

3 Landnámaabók 1986, s. 337.

4 Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámaabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6-7, 20. Jón Jóhannesson, 1954-58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225-226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193-222.

5 Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámaabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia*. Lundi. S. 203-217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknunum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222-225, 231-233.

6 Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578-584. Sjá enn fremur greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grimni. Riti um nafnfræði*. 1-3. b. (1980-1996).

7 Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarrikis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

10.3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnyttjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr átörlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lögleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“¹

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögboekunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar.² Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að hefð sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.³

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem islensk lög þar um ekki áhræra né forklára“. Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Item huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bij-uijisist það sie j panta sett edur lient.⁴

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.⁵ Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

1 Jónsbók. *Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarbætr de for Island givne rett-erbøder af 1294, 1305 og 1314*. Kaupmannahöfn 1904. S. 156. Sbr. einnig Grágás. *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbp.).

2 Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

3 Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287-288.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 425-426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917-1918. S. 33-35.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 351.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og viðtækari ályktun en sú að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr.:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfírréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.¹

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign.²

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmáður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfírrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.³

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafabingið frumvarp kansellisins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafabinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.⁴

Þrátt fyrir að Landsyfírréttur hefði um árabíl dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óatalið í 30-40 ár, veitti það eigi eignar-

1 *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum 1802-1873*. 3. b. Reykjavík 1925-1931. S. 360-374.

2 *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

3 *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga*. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845. Reykjavík 1845. S. 2-12.

4 *Tíðindi frá Alþingi*...1845, s. 466.

heimild eftir íslenskum lögum.¹ Í dómi Landsyfrréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. 11b. i.f.²

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapitula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalíf, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalíf, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845 ...³

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 10.5.2. og 10.5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.⁴

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.⁵ Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan

1 *Landsyfrrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum*. 3. b. (1886-1889). Reykjavík 1890. S. 236-241.

2 *Landsyfrrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum*. 5. b. (1895-1898). Reykjavík 1901. S. 327-330.

3 *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426-428.

4 *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

5 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14-15.

eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarheit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga, nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands, sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

10.3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta hardindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.¹

1 Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254-255.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni, var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskríteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þröngd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.¹

10.4. Flokkun lands

10.4.1. Almenn

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanothkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli jarða og afrétta, auk almenninga. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning, þá festi sá lög fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.²

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.³ Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalogum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalogum um „aðrar óbyggðar lendur“.⁴ Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, eignarland og þjóðlendu, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma“. Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi“. Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“. Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum eignarland og þjóðlenda. Verður nú hugað að jörðum, afréttum og almenningum í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka.

1 Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir.* (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

2 *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Möður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. llb.).

3 Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.-2. gr. veiðitilskipunar.

4 Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðatta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251-257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882 og 41/1919.

10.4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnföll deila til sjóvar. ... Síðan skipaði hann heraðit sínum félögum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjörð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfis í Geitlandi.¹

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.² Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afrétu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök.“ Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.“³ Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jörð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svadagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrnt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almenningis eða afréttar ...“⁴

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.-3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.-3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitir, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 10.4.5. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.⁵ Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvefrrar skyldu ráða veiði á landi.⁶

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign

1 *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139-146, 230-232.

2 *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. llb.).

3 *Jónsbók* 1904, s. 125 (6. k. llb). Samkvæmt ákvæðum *Jónsbókar* voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.-32. k. llb.).

4 *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

5 Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188-192 (56.-57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970 og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

6 Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

hverri, sbr. ákvæði 2. gr.¹ Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.² Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrir mæli lengst af í íslenski löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum, nr. 15/1923.³ Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans myndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.⁴ Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.⁵ Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.⁶ Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspeglar tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákvæðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.⁷ Höfuðskyldan hefur þó fyrir og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/1097.⁸ Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leitust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 10.5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *adalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið staður er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.⁹

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.¹⁰ Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í

1 Sjá nú einnig 2.-3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

2 Sjá t.d. Grágás 1992, s. 324-325, 350-351 (34., 35. og 52. k. lþþ.). Jónsbók 1904, s. 188-190 (56. k. llb.).

3 Ólafur Lárússon sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárússon, 1929: *Skrifaðir kaflar úr hlutarjetti. Vatnsrjettur*. Reykjavík. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

4 Sbr. Jónsbók 1904, s. 134-136, 194-196 (6. og 60. k. llb.).

5 Sjá Grágás 1992, s. 345 (48. k. lþþ.). Jónsbók 1904, s. 135-136 (6. og 7. k. llb.).

6 Sjá 3. k., 8.-10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454-455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

7 Grágás 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). Jónsbók 1904, s. 106-108, 110-112 (29. og 32. k. ffb.).

8 Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

9 Sbr. Magnús Stefánsson, 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

10 Grágás 1992, s. 344 (48. k. lþþ.).

byrjun 15. aldar.¹ Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábyli*.² Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.³

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.⁴ Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.⁵ Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrir en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.⁶ Þau hugtök, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samamburði við hugtökin afréttur og almennigur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki sist máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sök á því.⁷

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“ þó að þaðan liggja næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.⁸

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „eins konar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt

1 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3.b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem hjáleiga kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

2 Árni Daniel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

3 Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462-463.

4 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls*. 4. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5, s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6, s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7, s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8, s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9, s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10, s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

5 Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213-215, 226.

6 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 24.

7 *Jónsbók* 1904, s. 292.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.¹

Hugtök þau, sem hér hefur verið fjallað um, koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

Heimalönd. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

a. *Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflíð.

b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.²

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.³

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi, sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið, séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.⁴

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiri háttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig í kafla 10.4.4. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindar-

1 Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*. Reykjavík. S. 78-79.

2 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

3 Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

4 Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

staðaheidi. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd, sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

10.4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.¹ Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig hátað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.² Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annaðhvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.³ Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningaland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beutiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.⁴ Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólikar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.⁵

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur víðurinn.⁶

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

1 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868-869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4.b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 642.

2 Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187-189.

3 Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917-1919: „Almenningar og afréttir.“ *Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar* (B). S. 20-22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afréttir og almenninga.“ *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61-62.

4 Bjarni Jónsson frá Vogu 1917-1919, s. 27-30.

5 Eggert Briem 1917, s. 61-62.

6 *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lþb.).

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivötn öll í almenningi eru öllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvöku; þar eigu menn at telja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar öðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...¹

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.²

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.³ Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörum tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. IIb., við norsk lög.⁴ Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.⁵ Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýttjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.⁶

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.⁷ Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.⁸ Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nýttjar eru af.⁹

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tímann svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.¹⁰ Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnús-

1 Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. IIb.).

2 Jónsbók 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. IIb.).

3 Eggert Briem 1917, s. 61-62.

4 Sjá eldri Frostþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (IIb., 61. k.). *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250-251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144-145.

5 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórásartungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104-114.

6 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

7 Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

8 Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, 8.-1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

9 Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

10 Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur*. Reykjavík. S. 83.

sonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.¹ Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

10.4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins afréttur er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfê úr heimahögum til fjarlægara beitilands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.²

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.³ Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.⁴

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 10.4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur þjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.⁵ Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalogum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalog, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 10.5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanami á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.⁶ Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og solum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirferst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn ótalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir, sem lögþækkurnar tóku til, einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra

1 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. *Atriðisorðaskrá*. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

2 Bjarni Jónsson frá Vogu 1917-1919, s. 43.

3 Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

4 *Jónsbók* 1904, s. 176-177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig *Grágás* 1992, s. 330-331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. llb.).

5 *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

6 Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S. 1.

landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarþeirra fyrir búþening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana* en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, löggjörnum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afréttar er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnyttja innan afréttar (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnyttja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 10.4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í nógildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.¹ Sjá nánar í kafla 10.4.5.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi en það var bannað í afréttum og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var víður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.²

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.³ Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.⁴ Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyrir til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.⁵ Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveið-

1 Jónsbók 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). Grágás 1992, s. 330-331 (38. k. lbp.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.-8. gr., og nr. 6/1986, 7.-8. gr.

2 Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

3 Grágás 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbp.).

4 Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).

5 Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

ar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.¹

Engin sérákvæði hafa verið í íslenski löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.²

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 53/1957, sem tekið var af skarið um það og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsparfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnota-afrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur, beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum, sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði, þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.³

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.⁴

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 10.5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að

1 Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

2 *Nefndarálit minnihluta Fossanefndar*; bls. IV og 32 og *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar*, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

3 Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

4 Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.-10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

skipa málum á hinum fyrrnefndu.¹ Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur afréttaralmenningur, sbr. kafla 10.4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og samnotaafréttur. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo:

Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt. Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskríteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neindir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.² Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallar munur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.³

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.⁴ Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot, sem falist hefðu í sumarreit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum, styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundaarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri, sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eda aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur réttihafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga úr landi jarðarinnar Gullberastaða.

1 Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvarar vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

2 Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

3 Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

4 Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtaldshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir samnotaafrétt, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn afréttir einstakra jarða og stofnana, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir, hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrir og síðar fyrst og fremst falist í sumarreit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með, hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur, sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða, sem lagt hefur verið til afréttar, vísast til kafla 10.4.2. um hugtakið jörð, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

10.4.5. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunní að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögnum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru enn fremur tekin upp ákvæði í þessa veru í réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám ef þessi réttur var brotinn.¹ Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.² Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.³

1 Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 144-145 (6. og 18. k. llb.).

2 *Jónsbók* 1904, s. 292.

3 *Jónsbók* 1904, s. 152-154 (24. k. llb.).

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn, er næstir bjuggu afrétti, beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrararbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.¹

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda, t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapitula landsleigubálks Jónsbókar:

Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lögrétt skal vera, skipa svá öðrum göngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mörk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gönguna.²

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“ sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.³

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi en það var bannað í afréttum og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var víður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.⁴

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969,

1 *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. lbb.).

2 *Jónsbók* 1904, s. 181.

3 *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 149.

4 *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbb.).

um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem nágildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef lítið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeutilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögnum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beutilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögnum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimalands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginsteftnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapitula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beutiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaf framkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið lítið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttáð á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur, sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna, verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttáð.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu

máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimalanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttáð að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttáð svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrir fram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glögg-ar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

10.5. Heimildir um eignarhald

10.5.1. Almenn

Í kafla 4.3. kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefina og óútgefina, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig kafla 4.2. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum flokkum heimilda og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

10.5.2. Jarðamót og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).¹

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.² Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.³

Á árunum 1702-1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða

1 Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

2 Sbr. Björn Lárússon 1967, s.18. Björn Lárússon, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundi. S. 18.

3 Björn Lárússon 1967, s. 63.

eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyföður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fódurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýrleidis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heidalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.¹ Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“²

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fódurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.³ Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.⁴ Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800-1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.⁵ Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.⁶ Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat, nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr. að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

1 Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165-175.

2 *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

3 Björn Lárusson 1982, s. 17.

4 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

5 *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475-481.

6 *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Prætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útgang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið visbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

10.5.3. Máldagar og vísitásiur

Hugtakið máldagi var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fê til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögrétu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða00 lesa00 skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn00 einu sinni00 á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.¹

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082-1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.² Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitásiuferðum sínum.³

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. staður að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum staðamálum á síðari hluta 13. aldar.⁴ Jafnframt gildi sú regla að kirkju-eign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.⁵

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan

1 Grágás 1992, s. 12.

2 Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134-135.

3 Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

4 Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123-126, 223-226.

5 Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40-49.

kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.¹ Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögrétu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitásiuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.²

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og autentískt“ kirkju-registur.³ Eftir síðaskipti tóku vísitásiubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.⁴

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálf-sagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasia um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

10.5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið lögfesta fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (IIb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (IIb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (IIb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (IIb. 17).⁵

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (IIb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

1 *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

2 Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

3 *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513-514.

4 Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47-48.

5 Sbr. Sigurður Lindal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175-176.

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lögfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lögfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggir, bú ok löð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lög máli réttu ...

Að visu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.¹ Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögrettu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu þegar hann ritaði fyrrneftt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.² Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.³

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engja-plássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.⁴ Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga⁵ virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

10.5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.⁶ Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitásiur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.⁷ Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.⁸ Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þurfi fastri og áreiðanlegri skipan á landa-

1 Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögboðar þeirrar, er Jónsbók kallast* ... Reykjavík. S. 165.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. Reykjavík 1993. S. 162.

3 *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519-521.

4 Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

5 Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

6 Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

7 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, s. 67-68; 1849, s. 26, 261-263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515-516; 1879 (fyrri partur), s. 24-28; 1881 (síðari partur), s. 118.

8 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 28-29, 31, 337. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (fyrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

merki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.¹ Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalyásingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.² Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.³ Af þessu má ráða að setning landamerkjalaða 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok níjtjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 10.3.3. og 10.5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslensku löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við gögglum landamerkjum gilti því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu nügildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.⁴ Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annarra óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirbyggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaða fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrá þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrá hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðila vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju

1 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 29, 31, 261, 274-275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá enn fremur *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

2 Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

3 Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá enn fremur *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

4 Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

um ágreiningu eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.¹ Orðin landamerkjalyking og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggæringu. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreiningu að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afréttu að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum ...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjagagna að fyrirsvarsmenn hreppa áritu landamerkjabréf jarða sem liggja að afréttu og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afréttu.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerðu landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðningu í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjagagna 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinna jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfírréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjagagna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efnu jarða um mörk jarða og afréttu. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálu að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði, sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afréttu, hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).²

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Lítið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðhátta, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaaféttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvandarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsímálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1994 2227 (Geitland).³ Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi

1 Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

2 Enn fremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997:2792.

3 Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið öbyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst öbyggðum, skuli afmarkaðar er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni öbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Öbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

10.5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmalum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.¹ Samkvæmt 11. og 12. kapitula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lög mála á Alþingi, sbr. 8.-9. kapitula landsbrigðapáttar í Jónsbók.²

Í 28. gr. 3. kapitula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellisins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmani falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga, nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískuldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“³ Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær

1 Grágás 1992, s. 300 (14. k. lbb.).

2 Jónsbók 1904, s. 127-128 (8.-9. k. lbb.), 221-222 (11.-12. k. kb.).

3 Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrukun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.¹ Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum, nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.²

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögbingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfírréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga, nr. 39/1978, þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992 var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.³ Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttinda-skrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.⁴ Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

10.5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómur hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómur, sem gengið hafa í gildistíð samtímaréttarskipunar okkar, verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegru niðurstöðu um einstök álitaefti.

Heimildir um stjórnsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitásium en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunar-gerð biskups eða prófests. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar

1 Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

2 *Alþingistíðindi* A 1977-1978, s. 1382.

3 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

4 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi, sem hér hefur verið gefið ágríp af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

10.6. Niðurstaða

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendir og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. lög-gjöf um nýbýli og þjóðlendir.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkjja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkjja jarðar. Jafnframt er ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkjja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkjja jarðar eru þröng þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir, afrétti og almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvefrrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hvefrrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð, sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítil eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningsur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slíkt landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfenað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með, hefur einungis verið um að ræða

heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenski löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitadist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinna jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfírréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afréttar. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Enn fremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur, sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að

meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með, hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

11. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggir á. Í upphafi verður tekin afstaða til krafna málsaðila um frávísun og fleira vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar. Því næst verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar, gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða og loks tekin afstaða til krafna Landsvirkjunar.

11.1. Kröfur um frávísun o.fl.

Í greinargerð Sigurðar Jónssonar hrl. fyrir hönd prestssetrasjóðs og eigenda afréttarlands í Þingvallahreppi, sem lögð var fram á fundi óbyggðanefndar 3. maí 2000, var þess krafist að kröfum ríkisvaldsins, er lytu að þinglýstum eignarlöndum, yrði vísað frá óbyggðanefnd, málflutningur færi ekki fram fyrr en umboðsmaður Alþingis hefði látið í ljósi álit sitt á atriðum sem til hans hafi verið beint með kvörtun af hálfu lögmannsins og umsagnir ýmissa aðila lægju fyrir. Jafnframt var farið fram á að framkomin frávísunarkrafa yrði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að fyrirhuguðum málflutningi fyrir óbyggðanefnd kæmi.

Af þessu tilefni var eftirfarandi ákvörðun kynnt málsaðilum þann 30. maí 2000:

Með hliðsjón af aðdraganda málsins og þá einkum skilgreiningar og auglýsingar nefndarinnar á því svæði sem nú er til meðferðar, eru ekki forsendur til að fjalla sérstaklega um kröfu um frávísun á ákvæðnum þáttum kröfugerðar íslenska ríkisins. Úrlausn um þau atriði tengist og fellur saman við efnismeðferð málsins, enda á ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998 ekki við í þessu sambandi, sbr. áðurnefndan aðdraganda að málsmeðferð á svæðinu og verksvið nefndarinnar almennt.

Þá vill óbyggðanefnd benda á að óbyggðanefnd er stjórnábylgjufund og hlutverk hennar er skýrt afmarkað í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Það er ekki á verksviði óbyggðanefndar að meta stjórnskipulegt gildi laga, enda hefur það verið talin grundvallarregla í íslenskum rétti að slíkt sé ekki á verksviði annarra en dómstóla, sbr. 2. gr. l. nr. 33/1944, sbr. einnig 60. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur að skylda til að leita álits þeirra aðila sem lögmaðurinn tilgreinir verði hvorki leidd af 4. mgr. 10. gr. né 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig 10. gr. stjórnábylgjulaga, nr. 37/1993.

Engin lagaheimild er fyrir hendi til þess að fresta máli uns úrlausn umboðsmanns Alþingis liggur fyrir.

11.2. Landnám

Eins og áður er komið fram greinir Landnáma frá því að Ingólfur Arnarson hafi numið land milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, austur að Öxará, miðja vegu milli Almannagjár og Brúsastaða, að því er talið er. Ekki er hins vegar greint frá landnámi austan og norðan við Öxará fyrr en kemur að landnámi Ketilbjarnar gamla í Grímsnesi en hann nam land vestur að Lyngdalsheiði og Hrafnabjargarhálsi. Óvíst er um nákvæma legu eða stærð svæðisins á milli tveggja fyrrgreindra landnáma en af þessum lýsingum má ráða að innan þess liggja nú Þingvellir, a.m.k. sunnanverðir, og jarðir í Þingvallahreppi, austan við Þingvallavatn. Eftir því sem dregur norðar og austar upp af Þingvallavatni verður hins vegar óljósara hvar landnám Ingólfs og Ketilbjarnar hefur endað. Umfjöllun Landnámu um landnám í Borgarfirði veitir engar upplýsingar um það svæði sem hér er til umfjöllunar.

Ólafur Lárússon taldi að svæði þetta hafi í fyrstu verið almenningur sem enginn taldi sér til eignar. Heimildir benda til að snemma hafi búseta hafist á þessum slóðum, sbr. frásögn Íslendingabókar um land Þóris kroppinskeggja í Bláskógum. Fræðimenn eru almennt sammála um að Bláskógar hafi síðar fengið nafnið Þingvellir. Óljóst er þó um nákvæm mörk Bláskógajarðarinnar og hafa komið fram mismunandi kenningar um það atríði svo sem nánar verður gerð grein fyrir í næsta kafla.

Í greinargerð um gróðurfar á því svæði, sem hér er til umfjöllunar, er komið fram að í upphafi landnáms hafi birkiskógur eða kjarr að jafnaði teygt sig upp undir 400 m hæð yfir sjávarmáli en þar fyrir ofan hafi tekið við víðir, lyng og ýmsar harðgerar jurtir. Fjalllendið á vestur- og suðvesturluta svæðisins sé raklendara, þar sé mikil úrkoma og snjóþyngsli sem séu gróðri hagstæð. Þar séu gróðurskilyrði því að jafnaði betri nema þar sem hæð fjalla er yfir gróðurmörkum.

Þá er fram komið að milli Oks og Geitlandsjökuls hafi legið þjóðleið þeirra sem komu úr Vestfirðingafjórðungi og Norðlendingafjórðungi vestanverðum og tengst leið Borgfirðinga.

Samkvæmt framangreindu verður ekki af Landnámu ráðið að svæðið á milli landnáma Ingólfs Arnarsonar og Ketilbjarnar gamla hafi verið numið. Umfangi þessara landnáma er þó ekki lýst nákvæmlega og samsvarandi óvissa um afmörkun lands þeirra á milli. Óbyggðanefnd telur ekki útilokað að svæðið milli Öxarár, Lyngdalsheiðar og Hrafnabjargarháls hafi verið numið að einhverju leyti, sbr. vísbendingar um að þar hafi mjög snemma tekist byggð, a.m.k. á svæðinu suðvestan- og suðaustanverðu, hagstætt gróðurfar og nálægar samgönguleiðir.

11.3. Gjábakki

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyngingu frá 10. maí 1890 telst innan landamerkja Gjábakka. Kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendu í Þingvallahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. Þá lýsir sami aðili kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta jarðarinnar, samkvæmt landamerkjalyngingu, sem liggur sunnan við lýsta þjóðlendulínu en um afréttarland jarðarinnar innan þjóðlendu að öðru leyti. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.1.3.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að þrátt fyrir að heimildir skorti um nám í öndverðu, þá hafi stofnast til beins eignarréttar að landi jarðarinnar við það að landið hafi verið brotið til ræktunar og gert að bújörð. Er vísað til þess að slíkt hefði líklega ekki verið látið ótalið ef ekki hefði byggst á eldra rétti. Allt landsvæði innan landamerkja jarðarinnar, sunnan við 400 metra hæðarlínu í Hrafnabjörgum, sé eignarland, en annar hluti innan landamerkja, þ.e. norðan við greinda línu, sé þjóðlenda.

Elsta heimild um Gjábakka er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Jörðin er einnig nefnd í jarðabók 1695. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um Þingvallasveit 1711 kemur fram að Gjábakki hafi legið í eyði um skeið. Jörðin var seld á uppboði Skálholtsjarða í lok 18. aldar og komst þá í einkaeigu. Hennar er getið í Jarðatali Johnsens frá 1847 og í Nýrri jarðabók 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Gjábakka.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi Gjábakka, dags. 10. maí 1890. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Frá Hallstíg á Hrafnagjá í vörðu neðst í Kambsvörðuhrauni, þaðan í Stóra-stein, þaðan í Róthól, þaðan sjónhending í Hamraselshelli, þaðan í Dimon, þaðan í Stórueldborg; þaðan í landsuðurshorn á Hrafnabjörgum, þaðan beint í útnorðurhorn sama fjalls; síðan í vörðu á Hliðarstíg; þaðan í vörðu á Innri-Gaphæð, síðan ráða Hrafnagjáardrög og Hrafnagjá á áðurnefndan Hallstíg. Þessi landamerki eiga að standa um aldur og æfi.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 7. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Gjábakka liggja Mjóanes, Þingvellir, Grímsnesafréttur, Laugarvatn og Miðfell. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi landsvæðum eftir gerð landamerkjabréfsins en áður er greint frá makaskiptum Þingvallaprests og Grímsneshrepps.

Eins og greinir í kafla 6.3. hafði Gjábakkaland verið minna en náð tilfærðri stærð með kaupum Eiríks Grímssonar á jarðarparti úr Laugarvatni. Ekki hafa fundist aðrar heimildir um þessi kaup en þær sem skráðar eru í 2. bindi Sunnlenskra byggða en þar er ekki getið nákvæmlega um legu þessa landsvæðis. Hins vegar gefur lögfesta fyrir Laugarvatn frá árinu 1669 nokkra vísbendingu í þá átt að þetta eigi við rök að styðjast en þar er merkjum Laugarvatns lýst í Stelpusteinhelli sem nú er innan landamerkja Gjábakka.

Landamerkjabréf Mjóaness er ódags. en þinglesið 7. júní 1890. Landamerkjabréf Þingvallakirkjulands er dags. 1. september 1886 og þingl. 7. júní 1890. Landamerkjabréf Laugarvatns er dags. 12. maí 1890 og þingl. 6. júní 1890. Landamerkjabréf Miðfells er dags. 7. september 1883 og þingl. 7. júní 1890. Bréf allra þessara jarða eru árituð af hálfu Gjábakka og fyrirvarsmenn þeirra, utan Miðfells, árita einnig bréf Gjábakka.

Á landamerkjalyýsingu Gjábakka er því sá ágalli að hún hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirvarsmanna Grímsnesafréttar. Um mörk jarðarinnar við Grímsnesafrétt er fjallað í máli nr. 2/2000. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að merkjum afréttarins við jörðina sé rétt lýst í landamerkjabréfi hennar

Við undir- og yfirmat vegna eignarnáms á Gjábakka 1945 og 1946 var landamerkjabréf jarðarinnar lagt til grundvallar um umfang hennar.

Hér að framan hefur verið rakið hvernig Gjábakka er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt er ekki loku fyrir það skotið, sbr. kafla 11.2., að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan landnáms í Þingvallahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Gjábakka, dags. 10. maí 1890. Fyrirliggjandi gögn benda til að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nággranna. Landamerkjabréf Mjóaness, Þingvallakirkjulands, Miðfells og Laugarvatns eru einnig þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Gjábakka hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Gjábakki hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, án teljandi frávíka. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru árið 1890, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með lögerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda og var við það miðað í eignarnámi á jörðinni. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfár eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja jarðarinnar Gjábakka sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, er þó óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess hvort fjármálaráðherra sé unnt að leggja til þjóðlendu land sem undirorpið er beinum eignarrétti íslenska ríkisins.

Í ákvæði 1. gr. laga nr. 58/1998 kemur skýrt fram að eðlismunur er á eignarlandi og þjóðlendu. Þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda. Ljóst er því að eignarland verður ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsali sér eignarráðum sínum. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort eigandinn er íslenska ríkið eða einhver annar. Þá hefur fjármálaráðherra ekki heimild til slíks afsals, sbr. 2. mgr. 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Ekki verður talið að slík heimild felist í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998 þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra skuli fara með fyrirvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Gjábakka, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 10. maí 1890, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.4. Miðfell

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalytingu frá 7. september 1883 telst innan landamerkjja jarðarinnar Miðfells og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og þinglýstum eigendum jarðarinnar um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Þingvallahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðarinnar í kafla 3.3.

Miðfell er ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Miðfell er í jarðabók 1597 en þá var jörðin í eigu Skálholtskirkju. Jörðin er einnig nefnd í jarðabókum 1695, 1711, 1847 og 1861. Hún komst í einkaeigu á uppboði í lok 18. aldar. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Miðfells.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 7. september 1883. Þar lýsa eigendur og umráðamenn jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

1. Að norðvestanverðu, úr vatninu fyrir innan Búðarvík, í Hrafnaklett, af þeim kletti beina stefnu á svokallaðan Hatt, vestan á há-Dagmálafjalli, og svo sem fjallshryggurinn ræður yfir Borgarskarð og Hánorðurfjall niður að rótum fjallsins að norðan.
2. Úr fjallsrótum að norðaustan beina stefnu á há-Róthól, þaðan á Hamraselshelli, þaðan beina stefnu fyrir ofan Driptarenda og í miðborgina á Þrasaborgum.
3. Að sunnanverðu frá Þingvallavatni í miðjan Sprænutanga hinn háa, og þaðan beina stefnu í gil það í Driptinni, er StórasCRIða kemur úr, verður þá línan sunnan til við svokallaða Brik, sem er í Miðfellslandi og norðan til við Hraunskigni, sem er í Kaldárhöfðalandi. Svo úr Stóruskriðagili beina stefnu í áðurnefnda Þrasaborg.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 7. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Miðfelli liggja jarðirnar Mjóanes, Gjábakki, Laugarvatn og Kaldárhöfði. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Bréfið er ári- tað um samþykki vegna allra framangreindra jarða.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Miðfells er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt er ekki loku fyrir það skotið, sbr. kafla 11.2., að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan landnáms í Þingvallahreppi. Þá benda fyrirleggjandi gögn til þess að landamerkjum Miðfells sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 7. september 1883. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Miðfells. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Miðfells frá 7. september 1883 teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.5. Þingvallakirkjuland

Land sunnan Langjökuls og ofan byggðar í Þingvalla-, Grímsnes-, Laugardals- og reyndar einnig Biskupstungnahreppi hefur lengi verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Þar á milli eru ekki skýr mörk af náttúrunnar hendi. Sauðfé getur því runnið nokkuð hindrunarlaust frá Hvítá í austri allt vestur til Borgarfjarðardala. Af þessari ástæðu hafa upprekstraraðilar á svæðinu þurft að hafa samráð um smölun og fjallskil. Jafnframt eru lýsingar í eldri heimildum oft þannig að skýr mörk milli upprekstrarsvæða/afrétta einstakra hreppa verða ekki greind.

Landamerkjabréf fyrir Þingvallakirkjuland er gert 1. september 1886 og verður efni þess tekið upp hér síðar. Hinn 7. september 1896 lét presturinn á Þingvöllum af hendi til Grímsneshrepps „... tiltekið stykki af afrjettarlandi Þingvallakirkju“ en fékk í þess stað jörðina Kaldárhöfða. Þar var nánar tiltekið um að ræða „afrjettarland það alt, tilheyrandi Þingvallakirkju, sem liggur fyrir austan þessa línu: Frá Gjábakkalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn á enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan í beina stefnu í hæsta hnúkinn á Galtafelli, og þaðan í beina stefnu í vesturhornið á Hrúðurkörlum.“ Hér verður fjallað um Þingvallakirkjuland eins og því er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi frá 1886. Landsvæði það, sem afsalað var Grímsneshreppi 1896, er hins vegar formlega séð til meðferðar í máli nr. 2/2000, Grímsnes- og Grafningshreppur, og eignarréttarleg staða þess er því ekki til efnislegrar úrlausnar í þessu máli. Samhengis vegna verður þó fjallað um það hér að því marki sem saga þess er samofin sögu annarra hluta Þingvallakirkjulands.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt framangreindu landamerkjabréfi telst innan merkja Þingvallakirkjulands. Krafist er beins eignarréttar að landinu sunnan umkrafinnar þjóðlendulínu. Jafnframt því að krafist er þjóðlendu norðan kröfulínu er gerð krafa um að Þingvallajörðin eigi afréttarrétt, þ.e. beitarrétt og þann rétt sem á hverjum tíma er talinn fylgja þeim rétti að lögum, til lands norðan hennar. Í tengslum við kröfugerð sína lagði íslenska ríkið fram „Lýsingu á afréttarlöndum í Þingvallahreppi“. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í köflum 3.1.1. og 3.1.3. Eigendur jarða í Þingvallasveit krefjast afnotaréttar, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, í landi Þingvallakirkju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda, sjá nánar í kafla 3.5. Þá gerir prestssetrasjóður kröfu um beinan eignarrétt að jörðinni Þingvöllum, sjá nánar í kafla 3.4. Þannig telja tveir aðilar sig fara með fyrirvar fyrir Þingvelli. Í tilefni af aðskildri kröfugerð íslenska ríkisins og prestssetrasjóðs lagði lögmaður ríkisins fram, í upphafi aðalmeðferðar málsins 13. júní 2000, svohljóðandi minnisblað frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 7. júní 2000:

Eftir nánari athugun á stöðu Þingvalla að því er snertir þjóðlendumálarekstur vegna landamerkja, afréttar almenninga, ítaka o.fl. hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu, að

ekkert sé í vegi fyrir því að annars vegar annist fjármálaráðuneytið (Ólafur Sigurgeirsson lögmaður) kröfugerð og fari með málið um Þingvelli hjá óbyggðanefndinni á grundvelli þess að hér er um kirkjujörð/ríkisjörð að ræða, sbr. þinglýsingu hjá sýslumanninum á Selfossi og sbr. lög um friðun Þingvalla frá 1928, o.fl., og að hins vegar sæki prestssetrasjóður (Sigurður Jónsson lögmaður) málið á grundvelli þess að hér er um prestssetur að ræða. Ekki er talið að þessi háttur skaði málið fyrir ríkið. [...]

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á að landamerkjabréfið sé rétt að því er tekur til yfirráðasvæðis en að það taki ekki á því álitaefni hvert inntak eignarréttarins hafi verið á hverjum stað innan svæðisins. Byggt er á því að land það innan lýstra landamerkja, sem liggur norðan við kröfulínu, sé annaðhvort ógróið eða vaxið heiðargróðri. Þetta séu miklar hálendisviðáttur og háfjöll allt til jökla. Land sunnan kröfulínunnar sé hins vegar háð beinum eignarrétti.

Af hálfu prestssetrasjóðs er á því byggt að Þingvellir séu prestssetur og að beinn eignarréttur taki til alls lands innan lýstra landamerkja að frátöldu því landi sem afsalað var Grímsneshreppi 1896.

Um kröfugerð Landsvirkjunar á svæðinu og úrlausn óbyggðanefndar þar að lútandi vísast til kafla 3.6, 9 og 11.

Samkvæmt þinglýsingarbókum eru Þingvellir „ríkisjörð“. Ekkert hefur komið fram um að Þingvellir séu prestssetur í skilningi laga um það efni, nr. 137/1993, og prestssetrasjóður eigi þannig aðild að máli þessu. Óbyggðanefnd leggur því til grundvallar að fjármálaráðherra sé réttur fyrirsvarmaður jarðeiganda, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd tekur hins vegar enga efnislega afstöðu til þess hver sé réttur eigandi Þingvalla, sbr. 7. gr. sömu laga.

Áður hefur verið gerð grein fyrir þögn Landnámu um svæðið milli landnáma Ingólfs Arnarsonar og Ketilbjarnar gamla í Grímsnesi. Í 3. kafla Íslendingabókar skýrir Ari fróði svo frá að maður nokkur, er nefndur var Þórir kroppinskeggi, hafi gerst sekur um þræls morð eða leysings. Hann átti land í Bláskógum. Það varð síðan allsherjarfé, „en þat lögðu landsmenn til alþingis neyzlu. Af því es þar almenning at víða til alþingis í skógum ok á heiðum hagi til hrossahafnar“. Fræðimenn greinir á um hvar land þetta liggur. Jakob Benediktsson telur að Bláskógar hafi táknað svæðið norðan, vestan og sunnan Þingvallavatns og að Þórir hafi búið á jörð þeirri sem síðan var kölluð Þingvöllur. Einar Arnórsson taldi það naumast orka tvímælis að land Þóris hefði verið á milli Almannagjár og Hrafnagjár. Bláskógaheiði hefði hins vegar náð yfir hálendið milli Borgarfjarðar og hraunsins vestanvert við Skjaldbreið, að því er virðist sunnan undir Oki og suður um Hallbjarnarvörður eða jafnvel suður undir Kvígindisfell. Um það hvort Bláskógaheiði hafi verið hluti af jörðinni Bláskógum er hins vegar ekki vitað. Eftir frásögnum Íslendingabókar og Landnámu að dæma virðast Þingvellir og heiðarnar þar fyrir ofan hafa verið einhvers konar almenningur sem fyrst og fremst var nytjaður þann tíma sem þinghald stóð yfir.

Fyrsti nafngreindi maðurinn sem vitað er með vissu að búið hafi á Þingvöllum, með því nafni, var Brandur Þórisson og er þá komið fram undir 1200. Vitað er að um 1200 var prestsskyld kirkja á Þingvöllum. Kirkjan var orðin beneficium (kirkjulén), fyrir lok 14. aldar, en í því fólst að hún taldist myndug og sjálfstæð undir forræði biskups. Þingvallakirkja hafði þá sérstöðu að hún þjónaði þinghaldi landsmanna og þingmenn hafa líklega deilt hlunnindum jarðarinnar að einhverju leyti með kirkjunni.

Í elsta máldaga Þingvallakirkju, Vilkinsmáldaga frá 1397, er ekki greint frá öðrum fasteignum í hennar eigu en 6 hundruðum í Brúsastaðajörð. Samkvæmt Gíslamáldaga frá 1575 á Þingvallakirkja hins vegar m.a. „heimaland allt með gögnum og gæðum. Skjaldbreið.“ Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig til þessara eignarréttinda hafi verið stofnað.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1711 segir að kirkjustaðurinn á Þingvöllum hafi átt afrétt „... á Skjaldbreiðarhrauni, en hefur ekki brúkaður verið yfir 40 ár, lætur nú presturinn brúka fyrir afrið Ármannsfell, Kvígindisfell og Gagnheiði“. Aðrar jarðir í Þingvallahreppi eru ein-

nig sagðar eiga afrétt í Skjaldbreiðarhrauni og ekki einungis hjáleigur Þingvallakirkju heldur einnig jarðir í einkaeign, sbr. umfjöllun um Miðfell. Jafnframt kemur fram að Grímsnesingar allir hafi átt afrétt „nordur og vestur á fjöllum kringum Skjaldbreið, og var þá siður að reka þangað sem heitir Lambahraun“, sbr. lýsingu Efstadals frá 1707. Virðast þessi afréttarnot Þingvellinga og Grímsnesinga hafa verið slík frá fornu fari þó að afrétturinn hafi ekki verið notaður um nokkurt skeið þegar jarðabókin er rituð vegna uppblásturs og snjópýngsla langt fram á sumar.

Í þeim heimildum sem hér hafa verið raktar er ekkert fjallað um landamerki Þingvalla.

Árið 1736 gaf amtmaður út álitserð um Þingvelli þar sem hann áréttaði þau ævafornu réttindi þingmanna að nýta sér almenning („aldminding“) til skógartekju og beitar jafnframt því sem þeim væri heimilt að reisa þar búðir. Tilefnið var beiðni sóknarprestsins um að fá bætur vegna búðabygginga og annars átroðnings. Nokkru síðar, eða árið 1740, sá presturinn á Þingvöllum, sr. Markús Snæbjörnsson, ástæðu til að lögfesta landareign kirkjunnar með svofelldum hætti:

Soknarprestur til Þingvallar og Ulflotsvatns Kyrkiu Safnada Eg Markus Snæbjörnsson lögfesti hér i Dag mér forlénad kongl. Majsts Beneficium Þingvelli innann Arness Syslu, til efter skrifadra Takmarka: Á Mjóaness Síðu: i Saudanes fyrer sunnann Arnarfell, þaðann beint uppi Prestsveginn og vestur epter sem hann heldur ad Hrafnagiá, sidann epter endelángri sömu Giá nordur ad Hrafnabjarga Vegi, Enn fyrer nordann vegenn strandlengis efter Fjöllum norðr ad Skjaldbreið hvörja eg lögfesti alla itra; þaðann beint i Leirárhöfða og so vestur epter allt þar til vötnum hallar ad Borgarfyrði: það[an] beint yfer ad Steinkyrkiu eda Steinkistu (af sumum kalladri) úr henni i miðja þúfuna sem stendr hædst uppa Brattafelli, sidann beint ofann i Holmavad, úr Holmavadi midt yfer um stóra Saudafell, þaðann i Riúpnagil, úr Riúpnagili i Steininn á litla Saudafelli, frá Steini þeim i Sýsluvörður á eystri Moldbreckum, og so þvert yfir i Klofninga, enn úr þeim i Þingvallavatn, epter gilinu milli Heidarbæar og Nesia. Innann þessara Marka lögfesti eg Tödur og Engiar, Skóga Holt og Haga Vötn og Veidistadi, Eggver og allar landsnytiar þær sem þessu Landi eiga ad logum ad fylgia og Kongl Majt ei allranadugast epter láted hefr Landsþinginu til nytsemða, allt ad ordfullu lögfullu og lögmáli réttu, fyrerbjödande hédann af hvörjum manni sér ad nýta tilteked Þingvallar Beneficii land edur i því vinna nema mitt leifi þar til fái. Eg lögfesti og i allann sama Máta Þingvallar kyrkjujörd Sydri Brú i Grímsnesi og allt henni ad lögum tilheyrandi hvört heldur það vera kann epter lögföstum Skiölum edur Lagahefd. Lögfestuna stadfester Nafn mitt med egenn hendi skrifad her ad nedann.

Hér er um að ræða fyrstu lýsinguna á landamerkjum Þingvalla. Eins og þarna kemur fram er enginn greinarmunur gerður á Skjaldbreið og öðru landi „Þingvallar Beneficii“. Innan þessara marka lögfesti sóknarpresturinn nánar tiltekin réttindi að því marki sem ekki hafði verið eftirlátið „Landsþinginu til nytsemða“. Var öðrum fyrirboðið að nýta sér landið eða í því vinna nema með leyfi sóknarprests. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi að Stóruborg 16. maí 1740 en ekki sjást þess merki í heimildum að hún hafi verið staðfest með dómi eins og þó var ætlast til í lögum.

Í kafla 6.5. er einnig tekin upp sýslumarkalýsing Þórðar Sveinbjörnssonar sýslumanns 1832, lýsing Stefáns Pálssonar hreppstjóra á landamerkjum Þingvallakirkju og sýslumörkum sama ár, sóknarlýsing sr. Björns Pálssonar 1840 og þau mörk sem lesa má út úr Íslandskorti Björns Gunnlaugssonar frá 1844. Jafnframt er þar að finna lýsingu Guðbjörns Einarssonar hreppstjóra á Þingvallaafrétti, dags. 2. júní 1978. Að einstökum atriðum í þessum lýsingum verður vikið nánar hér á eftir, eftir því sem ástæða er til.

Í sóknarlýsingu sr. Björns Pálssonar á Þingvöllum 1840 segir að fyrir norðan Sútur, Ármannsfell og Lágafell og suður af Skjaldbreið sé afréttur fyrir Þingvallasókn sem tilheyri Þingvallaprestakalli og brúkist leigulaust. Fáeinir úr Grímsnesi reki þangað. Einnig segir að yfir um mið Hrafnabjörg, Tindafjöll eða Tindaskaga og Skjaldbreið séu „afréttarskil milli Laugardals og Þingvallahrepps.“ Sr. Jón Bachmann greinir hins vegar frá því á sama tíma að fáeinir sóknarmanna í Klausturhóla- og Búrfellssóknum kaupi upprekstur í Þingvallasveitarafrétti.

Í skrá yfir landamerki prestssetursins Þingvalla, með hjáleigunum Arnarfelli, Skógarkoti, Hrauntúni og Svartagili, þ.e. Þingvallakirkjulands, dags. 1. september 1886, lýsir sr. Jens Pálsson merkjum á þessa leið:

Frá Öxarármynni liggur Þingvallavatn fyrir landinu suður að Langatanga (Sauðanesi). Úr klofnum hellusteini á Langatanga liggja svo mörkin beina stefnu að sjá í slakkann milli Gildruholta allt til markavörðu við hinn forna svonefnda Prestsveg; þá ræður Prestsvegurinn mörkum til Hallstígs á Hrafnagjá, og svo Hrafnagjá inneptir þartil hún þrýtur við Rauðshól. Úr Rauðshól í vörðu á sprungnum klapparhól á Innri-Gaphæðum, þaðan beint í Hlíðarstíg; úr Hlíðarstíg beina stefnu yfir Þúfuhól í Hrafnabjörg. Síðan liggja mörkin strandlengis með fjallabrunum allt til norðausturenda Tindaskaga, svo sem hjer segir: eptir norðureggjum Hrafnabjarga, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatindi sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eptir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallakirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess, og úr norðurrótum þess eptir beinni stefnu á Leirárhöfða, þartil vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þar sem þessi síðast nefnda lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða er hornmark. Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvikfjáryndisfells, þaðan í Mjóu-Súlu (eður Háu-Súlu), þaðan til Öxarárupptaka, eður þess staðar er Öxará rennur úr Myrkavatni, þaðan beina stefnu í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils, og eptir því gili til Öxarár, sem þá ræður landamerkjum til Þingvallavatns.

Landamerkjabréfið var þinglesið 7. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Þessi lýsing er í allgöðu samræmi við lögfestu sr. Markúsar Snæbjörnssonar frá 1740 hvað varðar það svæði sem hér er til umfjöllunar. Þær lýsingar, sem gerðar voru á vesturmörkum Árnessýslu, Þingvallalands eða -sóknar og ganga lengra en landamerkjabréfið frá 1886, byggja ekki á skjalglegum gögnum og hafa ekki stuðning af öðrum heimildum. Óbyggðanefnd telur að ekkert bendi til þess að landsvæði Þingvallakirkju hafi aukist í vesturrátt frá lögfestu sr. Markúsar. Verða þessar lýsingar ekki lagðar til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Að Þingvallakirkjulandi, þ.m.t. landi því sem Grímsneshreppur fékk í makaskiptum við Þingvallaprest 1896, liggja Gjábakki og Brúsastaðir í Þingvallahreppi, Ingunnarstaðir í Kjósarhreppi, Stóribotn í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Vörðufell (Gilstreymi) í Skorradalshreppi og Þverfell í Lundarreykjadalshreppi. Þá liggur afréttur Lundarreykjadalshrepps að landi Þingvalla að vestan en að norðan og austan liggur afréttur Grímsneshrepps hins forna. Norðan við Þingvallakirkjuland, á milli sýslu- og sveitarfélagamarka við Borgarfjörð og þess svæðis sem fjallað er um í máli nr. 2/2000, liggur einnig þríhyrndur landskiki sem hér er til meðferðar, sbr. kafla 11.6. Þá liggur Þingvallavatn sunnan við Þingvallakirkjuland, frá Öxarármynni og suður að Langatanga (Sauðanesi). Glögg merki eru þannig í landslaginu að því leyti.

Landamerkjabréf Þingvallakirkjulands er áritað um samþykki fyrirsvarsmanna allra aðliggjandi landsvæða nema afréttar Lundarreykjadalshrepps og Grímsnesafréttar, auk þess skika beint norður af Þingvöllum sem áður var nefndur. Við mat á þýðingu framangreindrar landamerkjalyýsingar er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um þau merki eða aðliggjandi landsvæða. Ástæða er til þess að sá samanburður taki til allra aðliggjandi landsvæða án tillits til framangreindra áritana á landamerkjabréf, sbr. kafla nr. 11.6.

Jarðirnar Brúsastaðir, Ingunnarstaðir, Stóribotn, Vörðufell (Gilstreymi) og Þverfell liggja vestan við Þingvelli. Brúsastaðir voru á þessum tíma Þingvallajörð og landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 1. september 1890 og þingl. 2. júní 1891, er undirritað af Þingvallapresti. Þar segir að landamerki milli Brúsastaða og Þingvalla séu „Öxará neðan frá Þingvallavatni allt upp að Búrfellsgili, þá Búrfellsgil til upptaka sinna, þaðan bein stefna í Há-kjöl.“ Þessi lýsing er nánast samhljóða lýsingu í landamerkjabréfi Þingvalla.

Landamerkjabréf Ingunnarstaða er dags. 26. apríl 1890 og þingl. 2. júní sama ár. Merkjum við Þingvallakirkju er lýst þannig: „Bein lína frá svonefndri „Háusúlu“ eða „Mjósúlu“ sem stendur í beinni línu við merki að norðanverðu ræður svo stefna úr nýnefndri Súlu, til upptaka Öxarár við Mirkavatn, og þaðan sjónhending í suður á „Há-kjöl“.“ Fyrirsvarsmenn Ingunnarstaða og Þingvalla árita hvor um sig landamerkjabréf hins og lýsingum bréfanna ber saman.

Landamerkjabréf Stórabotns er dags. 14. maí 1890 og þingl. 6. júní sama ár. Um merki gagnvart Þingvöllum segir: „... úr há Kvísfjárindisfelli og í Háusúlu (Mjósúlu) ...“. Fyrirsvarsmenn Stórabotns og Þingvalla árita hvor um sig landamerkjabréf hins og lýsingum bréfanna ber saman.

Vörðufell var áður hluti jarðarinnar Gilstreymis. Landamerkjabréf Gilstreymis er dags. 20. mars 1922 og þingl. 5. júlí 1932. Því ber saman við landamerkjabréf Þingvallakirkjulands um að einn landamerkjapunktur sé sameiginlegur, nefnilega Kvíkfjáryndisfell. Bréf Þingvallakirkjulands er áritað vegna Vörðufells en ekki öfugt.

Landamerkjabréf Þverfells er dags. 10. september 1886 og þingl. 2. júní 1887. Þar segir svo um merki gagnvart Þingvöllum „... suður að Reidarlæk, svo ræður hann merkjum til Grunnvatns, svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn á Kvígindisfelli ...“. Fyrirsvarsmenn Þverfells og Þingvalla árita hvor um sig landamerkjabréf hins og lýsingum bréfanna ber í meginatriðum saman. Þingvallabréfið er þó ekki eins nákvæmt og bréf Þverfells þar sem í hinu fyrrnefnda er einungis dregin lína beint á milli norðvesturhorns Geitlandsjökuls og Kvíkfjáryndisfells. Þar á milli, örlítið austan við beina stefnu, rennur Reyðarlækur úr Grunnvatni (Brunnavatni) og við það miðar Þverfellsbréfið, sem er lítið eitt yngra og verður að telja eðlilegt að leggja til grundvallar.

Norðan og vestan Brunnvatns tekur við afréttur Lundarreykjadalshrepps. Um þetta landsvæði er fjallað í svokölluðum Reyðarvatnsmálum (H 1967 916 og H 1971 1137). Fram kemur að Reykholtskirkja hafi talið sér til eignar land við Reyðarvatn, „austan frá Drangshlíð og útundir Fossárfloá“. Árið 1885 hafi Lundarreykjadalshreppur keypt afréttarlönd Reykholtskirkju við Reyðarvatn, án nánari lýsingar landamerkja. Í kjölfarið hafi hreppsnefndin lögfest hreppnum „land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands“, nánar tiltekið 29. maí 1890. Ekki er frekari gagna getið í dómunum en lögfestu hreppsins frá 1890.

Óbyggðanefnd telur að líta megi á lögfestu Lundarreykjadalshrepps frá 1890 um land norðan Reyðarlækjar sem samþykki gagnvart landamerkjalyngu Þingvallakirkju, að teknu tilliti til lýsingar Þverfells frá sama tíma. Samkvæmt þessu eru mörk Þingvallakirkjulands og afréttar Lundarreykjadalshrepps bein lína úr ósi Brunnvatns í stefnu á suðvesturhorn Þórisjökuls, allt þar til kemur að skurðarpunkti við norðurmörk Þingvalla en þau eru um línu sem dregin er frá norðurrótum Skjaldbreiðar í stefnu í Leirárhöfða. Lýsing á austurmörkum þessa afréttar í ritinu „Byggðir Borgarfjarðar III“ er í samræmi við þetta, svohljóðandi:

Að austan Þórisjökull (Geitlandsjökull) og úr suðvesturhorni hans (nálægt eða þar, sem forn varða stendur á fjallsbrúninni) stefna í ós Brunnvatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu.

Norðan við Þingvallakirkjuland, austan framangreindra sýslu- og sveitarfélagamarka við Borgarfjörð og vestan þess svæðis sem um er fjallað í máli nr. 2/2000, Grímsnes- og Grafningshreppur, liggur þríhyrndur landskiki. Austurmörk eru nánar tiltekið stefnulína sú sem dregin var í Hróðurkarla við makaskipti Þingvallaprests og Grímsneshrepps 1896. Mörkum Þingvallakirkjulands til norðurs er einhliða lýst enda ekki að sjá að nokkur hafi fyrr eða síðar talið til réttinda á þessu svæði, sjá nánar í kafla 11.6. Lýsing norðurmarka í landamerkjabréfi Þingvallakirkju fær samrýmst lögfestu sr. Markúsar Snæbjörnssonar frá 1740 enda virðist eðlilegt að túlka hana á þann veg að tekin sé stefna á Leirárhöfða en vatnaskil ráði að öðru leyti.

Norðurmörk Þingvallakirkjulands að öðru leyti og austurmörk voru ekki staðfest með áritun af

hálfu fyrirvarsmanna hins upphaflega Grímsnesafréttar. Tíu árum eftir gerð landamerkjabréfs Þingvalla gerðu Þingvallaprestur og Grímsneshreppur með sér samning um skipti á „afréttarlandi Þingvallakirkju“ og jörðinni Kaldárhöfða. Gerð er grein fyrir aðdraganda þessara makaskipta í kafla 6.5. Þar kemur m.a. fram að í bréfi því frá stjórnvöldum í Kaupmannahöfn, sem heimilaði makaskiptin, er m.a. kveðið á um að fara skyldi með umrætt land sem bændajörð hvað gjaldskyldu snerti. Hér er þess að gæta að samkvæmt konungsbréfi 30. júní 1786 var óheimilt að skilja eignir frá kirkju eða rýra þær á annan hátt. Væri eign afsalað frá kirkju varð hún hins vegar gjaldskyld og mun það skýring þessa. Í makaskiptasamningnum segir m.a. svo:

Jeg Jón Thorstensen prestur á Þingvöllum afhendi Grímsneshreppi til löglegrar eignar, afnota og umráða aftrjettarland það alt, tilheyrandi Þingvallakirkju, sem liggur fyrir austan þessa línu. Frá Gjábakkalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn á enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan beina stefnu í hæsta hnúkinn á Galtafelli, og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörlum. Alt það aftrjettarland Þingvallakirkju, þar með talið fjallið Skjaldbreiður, sem liggur fyrir austan nefnda markalínu, er því upp frá þessu rjett eign Grímsneshrepps og honum heimil til allra löglegra afnota, með skilyrðum þeim og takmörkunum, sem nú skal greina. ...

Þá segir að Grímsnesingar smali landið sem annan afrétt sinn til allra rétta. Mælt er fyrir um hvenær reka má í landið og um sektir til Þingvallahrepps ef út af því væri brugðið. Ekki mátti reka hross á þennan afrétt. Grímsnesingar skyldu flytja aðalréttir sínar upp á Laugarvatnsvelli og Þingvalla- og Grímsneshreppar koma sér saman um hvernig afréttarsmölun færi fram. Þá er fjallað um refaveiðar og framkvæmd þeirra og fram kemur að ábúendur á jörðunum Gjábakka, Skógarkoti og Hrauntúni hafi rétt til að reka fjallfé upp í eitt eða fleiri skipti hvert sumar og skyldi Grímsneshreppur greiða þann kostnað. Samningur þessi er dagsettur 7. september 1896 og var þinglýst með undirritun stiftsfirvalda 16. júní 1897.

Svo sem áður hefur komið fram greina heimildir um Grímsnesafrétt frá 1708 og 1840 frá því að Grímsnesingar hafi beitt fé sínu innan þess „afréttarlands“ sem þeir festa hér kaup á, sbr. orðalagið „vestur á fjöll kringum Skjaldbreið“ og örnefnið „Skjaldbreiðarhraun“. Eðlilegt er þó að miða við að merkjum Þingvallakirkjulands og Grímsnesafréttar hins forna sé rétt lýst í landamerkjabréfi hins fyrrnefnda enda enginn fyrirvari gerður um annað í makaskiptasamningnum tíu árum síðar. Samkvæmt landamerkjabréfinu liggja merkin eftir norðureggjum Hrafnabjarga og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatind sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eftir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu á Leirárhöfða, allt þar til kemur að skurðarpunkti við línu þá úr Gattelli í vestasta Hróðurkarl sem áður var gerð grein fyrir og afmarkar framangreinda landspildu norðan Þingvallalands.

Jörðin Gjábakki liggur einnig austan við Þingvelli. Landamerkjabréf Gjábakka er dags. 10. maí 1890 og þingl. 7. júní sama ár. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig að þau liggja frá útnorðurhorni Hrafnabjarga „síðan í vörðu á Hlíðarstíg; þaðan í vörðu á Innri-Gaphæð, síðan ráða Hrafnagjáardrög og Hrafnagjá á áðurnefndan Hallstíg.“ Fyrirvarsmenn Gjábakka og Þingvalla árita hvor um sig landamerkjabréf hins og lýsingum ber saman í meginatriðum.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf það fyrir Þingvallakirkjuland sem áður er getið. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst, að teknu tilliti til landamerkjabréfs Þverfells. Bréf Þingvallakirkjulands er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta sem máli skipti. Landamerkjabréfum Gjábakka, Brúsastaða, Ingunnarstaða, Stórabotns, Gilstreymis (Vörðufells) og Þverfells er einnig þinglýst. Þetta allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þeir formlegu ágallar sem á

bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi. Þrátt fyrir þetta bera gögn málsins með sér að tilefni sé til að skoða sérstaklega hvort allt land innan þessara marka hafi sömu eignarréttarlega stöðu.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig fyrst Bláskóga og síðar Þingvalla er getið í heimildum allt frá upphafi allsherjarríkis. Af þeim verður ekki annað ráðið en að um jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2., en eignarréttarleg staða hennar snemma með sérstökum hætti. Af orðum Íslendingabókar verður þó ekki ótvírætt dregin sú ályktun að allt land Þóris kroppinskeggja með gögnum og gæðum hafi verið gert að allsherjarfé. Í þeim gæti einnig falist að þingmönnum hafi verið heimilt að nýta skóg og hagbeitarland bótaalaust, án þess að áhrif hefði á önnur eignarréttindi. Jafnframt er ekki útilokað að landið milli Öxarár, Lyngdalsheiðar og Hrafnabjargarháls hafi verið numið að einhverju leyti, sbr. vísbendingar um að þar hafi mjög snemma tekist byggð, a.m.k. á svæðinu suðvestanverðu, hagstætt gróðurfar og nálægar samgönguleiðir. Vafi um landnám hlýtur þó óhjákvæmilega að verða meiri eftir því sem norðar og austar dregur.

Þingmenn og kirkjan, eftir að hún var stofnuð, hafa að öllum líkindum nytjað gögn og gæði Þingvallalands fyrstu aldirnar. Þegar umsvif þinghaldsins minnkuðu og það lagðist loks alveg niður hefur svigrúm Þingvallakirkju eðlilega aukist að sama skapi.

Eignarréttarleg sérstaða Þingvallakirkjulands, eins og því er fyrst lýst í lögfestu Þingvallaprests 1740 og síðan í landamerkjabréfi 1886, kemur fram í heimildum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi var lengi vel um að ræða not þingmanna af landinu á meðan á þinghaldi stóð. Í öðru lagi hefur Skjaldbreiður og hraunið umhverfis frá því fyrstu heimildir greina og fram á þennan dag verið nýtt til sameiginlegrar sumarbeitar fyrir búpening Þingvellinga og Grímsnesinga. Umråd og hagnýting Þingvallakirkjulands hefur í sama mæli verið frábrugðin því sem gildir um eignarland almennt. Að öðru leyti virðist jörðin Þingvellir hafa verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, fram til friðunar hluta landsins 1928. Gögn málsins benda því til að innan Þingvallakirkjulands, eins og því er lýst í landamerkjabréfi 1886, megi gera greinarmun á annars vegar jörðinni Þingvöllum og hins vegar afréttarlandi hennar og að þessi landsvæði hafi ekki sömu eignarréttarlegu stöðu.

Obyggðanefnd telur að tilgreining Skjaldbreiðar í Gíslamáldaga 1575 sé vísbending um að þetta svæði hafi ekki tilheyrt kirkjunni áður enda er þess ekki getið í Vilkinsmáldaga frá 1397. Af þeim greinarmun sem gerður er á Skjaldbreið og heimalandi má jafnframt ráða að fjallið hefur ekki verið órofa hluti Þingvallajarðar. Áréttað skal að elstu heimildir um afmörkun Þingvallakirkjulands eru frá 1740. Lýsingar Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1711 á Skjaldbreið og hrauninu umhverfis sem sameiginlegum afrétti Grímsnesinga og Þingvellinga eru skýrar. Samkvæmt sóknarlýsingu frá 1840 á þetta við um allt svæðið fyrir norðan Súlur, Ármannsfell og Lágafell. Ummæli jarðabókarinnar um „Ármannsfell, Kviindisfell og Gagnheiði“ hníga í sömu átt. Þannig benda heimildir til þess að Skjaldbreiður, Skjaldbreiðarhraun og jafnvel landsvæði þar til suðvesturs hafi nær einvörðungu verið notuð til beitar á fyrri tíð. Sögusagnir og munnmæli um byggð á þessu svæði verða enga þýðingu taldar hafa. Þegar þessara landsvæða er getið í skriflegum heimildum að öðru leyti er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Efni og orðalag makaskiptasamningsins frá 1896, auk aðdraganda þeirra viðskipta, bendir til þess sama, sbr. t.d. notkun hugtaksins „sommergræsgang“. Þetta er í samræmi við niðurstöðuna í H 1926 341 þar sem Grímsneshreppur var ekki talinn skyldur til að greiða útsvar til Þingvallahrepps vegna makaskiptalandsins en í málinu var lögð til grundvallar yfirlýsing þess fyrrnefnda um að hann ætti þar aðeins upprekstrarétt.

Suðurhluti svæðisins, næst Þingvallavatni, virðist hins vegar aldrei hafa verið afréttarland. Að frátöldum notum þingmanna, á meðan á þeim stóð, virðast eignarråd og nýting hafa verið með hefðbundnum hætti jarðarnota. Um hluta þessa lands er fjallað í lögum nr. 59/1928 og kveðið á um ævarandi eign íslensku þjóðarinnar að því. Enginn vafi er á því að friðlandið á Þingvöllum er eignarland. Lög þessi og lögskýringargögn með þeim, ásamt fyrri frumvörpum um sama efni, bera hins vegar ekki með sér að mat á inntaki eignarréttar hafi ráðið ákvörðun marka friðlandsins.

Lína sú, sem dregin er í aðalkröfu íslenska ríkisins, liggur með fjallsbrúnum, norðan við friðlandið og skammt ofan við þær hjáleigur Þingvalla sem öruggar heimildir eru um. Lína sú, sem dregin er í varakröfu ríkisins, liggur sums staðar norðar en annars staðar sunnar og að hluta til utan þess svæðis sem tekið er til meðferðar með tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999. Engin rök eru færð fram fyrir varakröfunni.

Með vísan til rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, er þó óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess hvort fjármálaráðherra sé unnt að leggja til þjóðlendu land sem undirorpið er beinum eignarrétti íslenska ríkisins.

Í ákvæði 1. gr. laga nr. 58/1998 kemur skýrt fram að eðlismunur er á eignarlandi og þjóðlendu. Þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda. Ljóst er því að eignarland verður ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsali sér eignarráðum sínum. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort eigandinn er íslenska ríkið eða einhver annar. Þá hefur fjármálaráðherra ekki heimild til slíks afsals, sbr. 2. mgr. 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Ekki verður talið að slík heimild felist í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998 þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra skuli fara með fyrirvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Þegar litið er til alls þess sem að framan er rakið um Þingvallakirkjuland og nýtingu þess, verður ekki talið að Þingvallakirkjuland í heild sinni hafi nokkurn tíma verið undirorpið fullkomnum eignarrétti einstaklinga, kirkjunnar eða ríkisins, hvorki fyrir nám né með löggerningum eða öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir þannig til þeirrar niðurstöðu að þar sé að hluta til um þjóðlendu að ræða. Tiltækar heimildir benda hins vegar til þess að um afréttareign eigenda Þingvallakirkjulands hafi verið að ræða í þeim skilningi að ádrir hafi ekki átt þar óskoraðan rétt til upprekstrar, og a.m.k. á einhverjum tíma greitt Þingvallapresti gjald fyrir.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið hefur land innan landamerkja Þingvallakirkjulands mismunandi eignarréttarlega stöðu, eignarland að sunnanverðu og þjóðlenda að norðanverðu, þ.m.t. makaskiptalandið allt. Utan þess er óljóst hvar mörk liggja á milli. Fjármálaráðherra er í máli þessu fyrirvarsmáður bæði Þingvallakirkjulands og þjóðlendu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998. Aðalkrafa íslenska ríkisins er dregin þannig að óbyggðanefnd telur ekkert mæla gegn því að leggja hana til grundvallar sem mörk eignarlands og þjóðlendu á því svæði sem hér er til umfjöllunar enda verður ekki við önnur réttari mörk miðað, sbr. til hliðsjónar ákvæði 15. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að umræddur hluti Þingvallakirkjulands svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, þ.e. norðan aðalkröfulínu íslenska ríkisins, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá há-Kili, sjónhendingu til upptaka Öxarár við Myrkavatn og þaðan beina línu í Háusúlu (Mjósúlu). Úr Háusúlu í há-Kvígindisfell. Úr háhnjúknum á Kvígindisfelli beina sjónhendingu í Reyðarlæk þar sem hann rennur úr Brunnavatni. Úr ósi Brunnavatns í stefnu á suðvestur horn Þórisjökuls, allt þar til kemur að skurðarpunkti við norðurmörk Þingvallakirkjulands, en þau eru um línu sem dregin er frá norðurrótum Skjaldbreiðar í stefnu í Leirárhöfða. Norðurmörkum Þingvallakirkjulands er síðan fylgt þar til kemur að skurðarpunkti við línu sem dregin er frá vesturhorninu á Hróðurkörlum, beina stefnu í hæsta hnúkin á Gatfelli og í enda Hlíðargjár fyrir innan Prestastíg og eftir Hlíðargjá að Gjábakkalandi á Hlíðarstíg. Frá þeim punkti að Smágígum við suðurenda Hlíðargjár og áfram þar til skorin er 200 metra hæðarlína vestan gíganna. Þeirri hæð fylgt norðvestur hraunið og áfram yfir veginn að Stóragili utan í Ármannsfelli sunnanverðu. Haldið upp gilið að 400 metra hæðarlínu og þeirri hæðarlínu fylgt vestur og suður fyrir Búrfell að Búrfellsgili og svo eftir því í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Þingvalla, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga. Óljós lýsing íslenska ríkisins á afréttarlöndum í Þingvallahreppi breytir ekki þeirri

niðurstöðu enda verður ekki séð að aðrir en eigendur jarðarinnar Þingvalla eigi sjálfstæð eignarréttindi innan þjóðlendunnar.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti Þingvallakirkjulands, sem hér er til meðferðar og liggur sunnan við aðalkröfulinu íslenska ríkisins, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver sé efnislega réttur handhafi þeirra eignarréttinda eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttareign jarðarinnar Þingvalla, eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, og nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Skjaldbreiður“, og „Þingvellir og Þingvallavatn“ auk þess sem sérstök lög gilda um friðun Þingvalla, nr. 59/1928.

11.6. Land norðan við Þingvallakirkjuland („Þingvallaafréttur“)

Á milli norðurmarka Þingvallakirkjulands, sýslu- og sveitarfélagamarka við Borgarfjörð og Grímsnesafréttar, sbr. mál nr. 2/2000, liggur þríhyrndur landskiki sem hér er til meðferðar.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að land þetta sé þjóðlenda, sjá nánar í kafla 3.1. Meginröksemdir fyrir þessari kröfugerð séu þær sömu og varðandi þjóðlendukröfu innan landamerkja Þingvallakirkju.

Af hálfu eigenda jarða í Þingvallasveit er því haldið fram að um Þingvallaafrétt sé að ræða. Krafist er beins eignarréttar aðallega en afnotaréttar að öllum venjubundnum afnotum komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda, sjá nánar í kafla 3.5. Byggt er á því að landsvæði þetta hafi verið numið og síðan fylgt jörðum í hreppnum. Það sé því í óskiptri sameign lögbýlanna í hreppnum. Svæðið hafi verið nytjað af eigendum jarða í Þingvallahreppi allt frá Landnámsöld en hreppsfélagið farið með málefni þess fyrir hönd landeigenda allt frá stofnun hreppsfélagsins. Afrétturinn hafi á hverjum tíma verið nýttur til fulls með þeim hætti sem tíðarandi, tækifæri og möguleikar hafi verið til á hverjum tíma. Það dragi á engan hátt úr eignarrétti þótt svæðið sé kallað afréttur.

Landskiki þessi afmarkast nánar tiltekið þannig: Að vestan eru sýslu- og sveitarfélagamörk við Borgarfjörð, þ.e. stefna úr ósi Brunnavatns í suðvesturhorn Þórisjökuls. Stefnulína sú sem dregin var úr Gatfelli í Hróðurkarla við skiptingu Þingvallakirkjulands vegna makaskipta Þingvallaprests og Grímsneshrepps 1896 myndar austurmörk. Þar sem makaskiptalínan sker markalínuna við Borgarfjörð er hornmark. Loks eru suðurmörk skikans jafnframt norðurmörk Þingvallakirkjulands, um línu sem dregin er frá norðurrótum Skjaldbreiðar í stefnu í Leirárhöfða, og sker fyrrgreindar markalínur til vesturs og austurs.

Fjallað er um merki Þingvallakirkjulands og afréttar í Lundaarreykjadalshreppi í kafla 11.5. og vísast þangað. Ástæða er hins vegar til að gera hér nánari grein fyrir austurmörkum. Forsaga þeirra er sú að við skiptingu Þingvallakirkjulands 1896 er miðað við stefnulínu eftir því endilöngu, frá Gatfelli og norður í Hróðurkarla en þeir liggja utan við land Þingvallakirkju. Með því að gefa þessari línu sjálfstætt gildi eftir að Þingvallakirkjulandi sleppir afmarkast þríhyrnt svæði í Grímsneshreppi sem liggur að Borgarfirði ofan við Þingvallakirkjuland. Þennan skika vilja jarðeigendur í Þingvallahreppi kalla Þingvallaafrétt, samkvæmt kröfugerð, en Grímsnesingar telja hann ekki til afréttar síns, sbr. mál 2/2000. Er þetta ástæða þess að um hann er fjallað í þessu máli.

Í kafla 6.2. er rakið hvernig afréttarnot jarða í Þingvallahreppi hafa verið innan merkja Þingvallakirkjulands og það svæði stundum nefnt Þingvallaafréttur. Sérstök merkjalýsing hefur aldrei verið gerð fyrir þennan skika. Hann er þó innan þess svæðis sem afmarkað er í lýsingu hreppstjóra á landamörkum afréttar Þingvallahrepps 1978 og í fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu, nr. 408/1996. Það sama má hins vegar segja um Þingvallakirkjuland alla leið suður að Þingvallavatni, að því er varðar lýsingu hreppstjórans, og jafnvel enn stærra svæði samkvæmt reglugerðinni.

Engra heimilda nýtur við sem bent gætu til þess að svæðið norðan Þingvallakirkjulands hafi nokkurn tíma verið undirorpið beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd telur lýsingu Landnámu ekki styðja þann skilning að það hafi í neinu verulegu lagið innan upphaflegs landnáms og engar heimildir eru um síðari stofnun eignarréttar eða byggð. Af hálfu eigenda lögbýla í Þingvallasveit hefur þannig ekki verið sannað að landsvæði þetta sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að það sé þjóðlenda.

Jafnframt eru engar heimildir um að landsvæðið norðan Þingvallakirkjulands hafi verið nýtt að staðaldri til sameiginlegrar sumarþeir fyrir búfé og að það sé eða hafi nokkurn tímann verið afréttur. Þannig verður t.d. ekki séð að Þingvellingar hafi innt þar af hendi smölun og fjallskil. Í máli þessu er því ekki sýnt fram á að íbúar í Þingvallahreppi hafi tekið landsvæði þetta til sumarþeir fyrir búpening eða annarrar takmarkaðrar notkunar. Af hálfu eigenda jarða í Þingvallasveit er með engu móti leitast við að útskýra hvaða atriði í greinargerð þeirra, sem rakin er í kafla 8.2. og 8.5. hér að framan, eigi við um svæðið eða hvaða sjónarmið ættu að ráða því að fallast bæri á kröfur þeirra. Rannsókn óbyggðanefndar hefur heldur ekkert leitt í ljós sem styður kröfur þessar. Tekið skal fram að þjóðlendlög, nr. 58/1998, gera ekki ráð fyrir því að aðilar geti samið um eða sæst á tiltekin réttindi innan þjóðlendu ef þau voru ekki til staðar við gildistöku laganna.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að umrætt landsvæði norðan Þingvallakirkjulands, svo sem það er afmarkað hér að framan, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, og nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Skjaldbreiður,, og „Þingvellir og Þingvallavatn“.

12. LANDSVIRKJUN

Í máli þessu gerir Landsvirkjun kröfur vegna Hrauneyjafosslínu, fyrirhugaðrar Sultartangalínu 3 og mælistöðva sem fyrirtækið kveðst eiga í hreppnum. Hér á eftir verður í fyrstu vikið að því hvað felst í þeim heimildum sem Landsvirkjun byggir kröfur sínar á og því næst tekin til úrlausnar einstök mannvirki sem kröfur eru gerðar um.

12.1. Almenn

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III. kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr., sbr. 1. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrir-mælum a- og c-liða 7. gr. laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi, sbr. orðalag c-liðar 7. gr. þjóðlendlaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Kröfur Landsvirkjunar í máli þessu byggjast á tvíþættum grundvelli. Annars vegar er byggt á framsali á grundvelli einkaréttarlegra heimilda. Hins vegar byggir Landsvirkjun réttindi sín á lagaheimildum og leyfum stjórnvalda veittum á grundvelli þeirra.

12.2. Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á við-

komandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réði í raun yfir.

Hér kemur einkum til skoðunar bótasamningur sem Landsvirkjun hefur gert við Þingvallahrepp vegna lagningar orkuveitu (háspennulínu) um afrétt hreppsins. Þann 22. júní 1979 undirrituðu Landsvirkjun og oddviti Þingvallahrepps, f.h. hreppsins, yfirlýsingu vegna lagningar orkulínu yfir afréttarland Þingvallahrepps.¹ Í 1. gr. kom fram að Landsvirkjun væri heimilt hreppsins vegna að reisa eða láta reisa 13 stauravirki til að bera háspenna rafmagnslínu í afrétti Þingvallahrepps. Skyldu Landsvirkjun eða þeir sem fyrirtækið fæli slík störf hafa óhindraðan aðgang að stauravirkjum og rafmagnslinum í landinu, bæði að því er varðaði byggingarframkvæmdir og venjulegt eftirlit og viðhald síðar, sbr. 2. gr. yfirlýsingarinnar. Þá var því lýst yfir í 3. gr. að Landsvirkjun hefði greitt að fullu gjald vegna réttinda sem um ræddi í yfirlýsingunni og mættu mannvirkin standa í afréttinum óátalin af hálfu hreppsins. Í 4. gr. kemur fram að Landsvirkjun skuldbindur sig til að jafna allt jarðrask af völdum línuframkvæmda, bæði við möstur og vegaslóðir. Enn fremur að sáð og borið yrði á öll gróðursár og áburði dreift á öll gróðursár ári eftir sáningu. Jafnframt lofaði Landsvirkjun samkvæmt sömu grein að gera hlið á vegaslóðir til að fyrirbyggja óþarfa umferð um vegaslóðir meðfram háspennulínunni. Í 5. gr. var því lýst yfir að yrðu spjöll á eignum hreppsins við framkvæmdir háspennulínunnar ætti hreppurinn rétt til bóta vegna þess. Í 7. gr. kom svo fram að samkomulag, sem í yfirlýsingunni fólst, væri gert án þess að afstaða væri tekin af hálfu Landsvirkjunar til eignarréttar að landinu.

Ljóst þykir af orðalagi tilvitnaðrar yfirlýsingar Landsvirkjunar og Þingvallahrepps að ekki er um að ræða framsal eignarréttinda á afréttinum til handa Landsvirkjunar heldur er verið að semja um greiðslu bóta vegna hugsanlegs tjóns sem rétthafar að afréttinum verða fyrir vegna þeirrar röskunar sem hljótast kann af því að háspennulínan er lögð á landsvæði afréttarins. Verður því ekki byggt á yfirlýsingunni sem stuðningi fyrir eignaryfirfærslu til handa Landsvirkjun.

Í 00 kafla 11.3. hér að framan er komist að niðurstöðu um að land það sem háspennulínan er lögð um sé innan marka Þingvallakirkjulands. Þingvallahreppur var því ekki til þess bær að veita Landsvirkjun nein réttindi á landsvæði þessu.

12.3. Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma í annan stað til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum, sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar, og koma þá jafnframt til skoðunar framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í köflum 12.2. og 12.3. í máli nr. 7/2000, þar sem fjallað er um þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi o.fl., gefur að finna tæmandi úttekt á þeirri löggjöf sem hefur tekið til starfsemi Landsvirkjunar og þess sem henni tengist. Ekki eru efni til þess í þessu máli að taka þá umfjöllun upp í heild sinni.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir með löggjöf um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983 með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981 með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar áður en í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

1 Skjal nr. 83.

Það skal þó þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir, sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gildra lagaheimilda.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að með umræddum lögum hafi tilætlunin verið sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðs 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi lagaheimilda er fölgð í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögnum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 milli landbúnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965 styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr., 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Íslenska ríkið og Landsvirkjun sömdu um það, sbr. 3. gr. sameignarsamnings frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hvernir virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu, sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði, felst ekki áform um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er því eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar

með talið vegi, varnargarða, háspennulínur, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjana og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum nr. 59/1965, sbr. síðar lög nr. 42/1983, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærri handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

Undir framangreindum kringumstæðum fer íslenska ríkið því óskorað með eignarheimildir á því landi sem úrskurðað verður sem þjóðlenda, sbr. 2. kafli laga nr. 58/1998.

12.4. Einstök mannvirki

Í köflunum sem hér koma á eftir verður fjallað um mannvirki Landsvirkjunar sem staðsett eru í Þingvallahreppi eða munu rísa í hreppnum og fyrirtækið gerir tilkall til á grundvelli laga nr. 58/1998. Gerð verður grein fyrir þeim mannvirkjum sem um er að ræða, hvar þau eru staðsett, í þeim tilvikum sem það liggur fyrir, og á hvaða grundvelli kröfur Landsvirkjunar byggja. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna mannvirkjana.

12.4.1. Hrauneyjafosslína

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Hrauneyjafossvirkjun í Rangárvallasýslu yfir í Gnúpverjahrepp við Sultartangavirkjun og þaðan þvert yfir Gnúpverjaáfrétt í stefnu norðan Háafoss í Fossá. Þaðan liggur svo línan allt vestur að Brennimeil í Hvalfirði. Línan er því staðsett að hluta í Þingvallahreppi, nánar tiltekið frá mörkum hreppsins við áfrétt Grímsneshrepp norðvestur af Skjaldbreið og þaðan beina stefnu í vestur, þvert yfir Þingvallakirkjuland. Hrauneyjafosslína var reist á grundvelli heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 30. desember 1976. Var hún tekin í notkun á árinu 1982. Landsvirkjun og oddviti Þingvallahrepps undirrituðu þann 22. júní 1979, yfirlýsingu um bætur vegna lagningar línunnar sbr. kafla 12.2. Hrauneyjafosslína hefur í kröfugerð Landsvirkjunar gengið undir því nafni en undir rekstri málsins einnig verið kölluð Sultartangalína 1.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Hrauneyjafosslínu á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971, leyfi iðnaðarráðherra sbr. bréf dags. 30. desember 1976 og bótasamningum við einstakar jarðir og hreppa í Árnassýslu. Sú niðurstaða er fyrr rökstudd, sbr. umfjöllun í kafla 12.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Þá fela bótageiðslur til handa Þingvallahreppi á

grundvelli samningsins frá 22. júní 1979 ekki heldur í sér innlaun eða yfirfærslu á eignarréttindum til handa Landsvirkjun.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Hrauneyjafosslína og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.2. Sultartangalína 3

Hér er um að ræða fyrirhugaða háspennulínu Landsvirkjunar með áætlaða flutningsgetu upp á 400 kV spennu sem á að liggja samsíða Hrauneyjafosslínu frá Sultartangavirkjun að Brennimmel í Hvalfirði. Línan verður því staðsett að hluta í Þingvallahreppi, nánar tiltekið frá mörkum hreppsins við afrétt Grímsneshrepps norðvestur af Skjaldbreið og þaðan beina stefnu í vestur þvert yfir Þingvallahrepp. Sultartangalína 3 verður reist á grundvelli almennrar heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981, ennfremur á leyfi iðnaðarráðherra dags. 12. mars 1997. Væntanleg háspennulína Landsvirkjunar sem hér hefur verið fjallað um er nefnd Sultartangalína 1 í kröfugerð fyrirtækisins, en undir rekstri málsins var farið að nefna þessa háspennulínu Sultartangalínu 3.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Sultartangalínu 3 á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981 og einnig leyfi iðnaðarráðherra dags. 12. mars 1997. Sú niðurstaða er fyrr rökstudd, sbr. kafla 12.3, að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Enn fremur er það utan valdsviðs óbyggðanefndar að ákvarða aðilum réttindi að landi vegna mannvirkja sem ekki hafa enn verið reist. Heimild til byggingar Sultartangalínu 3 er að finna í lagaheimildum og leyfi ráðherra sem eru svo almenns eðlis að ekki þykir fært að ákvarða sérstök réttindi á grundvelli þeirra þegar mannvirkin hafa ekki enn verið byggð. Styðst sú niðurstaða enn fremur við þá staðreynd að ekki hefur verið tilgreind nákvæm staðsetning orkulínunnar.

Samkvæmt framansögðu er Landsvirkjun því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sultartangalínu 3.

12.4.3. Mælistöðvar

Hér er um að ræða ótiltekinn fjölda mælistöðva sem Landsvirkjun hefur að sögn reist í Þingvallahreppi og er ætlað til mælinga á vatnshæð, vedri og ísingu á virkjunarsvæði fyrirtækisins. Landsvirkjun krefst þess að landsréttindi og umferðaréttindi sem þurfi til vegna reksturs mælistöðva fyrirtækisins verði viðurkennd. Umræddar kröfur Landsvirkjunar sýnast byggjast á þeim sérstöku lögum sem heimila Landsvirkjun byggingu og rekstur virkjana, orkuveitna og vatnsveitna, þ.e. lögum nr. 59/1965 og lögum nr. 42/1983 með áorðnum breytingum.

Sú niðurstaða er fyrr rökstudd, sbr. kafla 12.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar hvers kyns mannvirkja í tengslum við starfsemi fyrirtækisins á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mælistöðva, sem fyrirtækið hefur komið fyrir í tengslum við einstök virkjunarmannvirki, sem fullnægjandi heimildir eru fyrir að lögum og njóti þá

lögvarins réttar til nýtingar mælistöðvanna. Hins vegar er Landsvirkjun ekki eigandi þess lands sem mælistöðvarnar standa á.

Við rekstur máls þessa ber þess hins vegar að gæta að ekki hefur verið upplýst hverjar né hver-su margar þær mælistöðvar eru sem um er að ræða né heldur hvar þær eru. Eru því ekki efni til þess af hálfu óbyggðanefndar að nein afstaða sé tekin til meintra eða mögulegra réttinda þeim tengdum.

13. ÚRSKURÐARORÐ¹

Land innan eftirfarandi merkja er þjóðlenda og jafnframt afréttareign eigenda jarðarinnar Þingvalla:

Frá há-Kili, sjónhendingu til upptaka Öxarár við Myrkavatn og þaðan beina línu í Háusúlu (Mjósúlu). Úr Háusúlu í há-Kvígindisfell. Úr háhnjúknum á Kvígindisfelli beina sjónhendingu í Reyðarlæk þar sem hann rennur úr Brunnavatni. Úr ósi Brunnvatns í stefnu á suðvestur horn Þórisjökuls, allt þar til kemur að skurðarpunkti við norðurmörk Þingvallakirkjulands, en þau eru um línu sem dregin er frá norðurrótum Skjaldbreiðar í stefnu í Leirárhöfða. Norðurmörkum Þingvallakirkjulands er síðan fylgt þar til kemur að skurðarpunkti við línu sem dregin er frá vesturhorninu á Hróðurkörlum, beina stefnu í hæsta hnúkin á Gatfelli og í enda Hliðargjár fyrir innan Prestastíg og eftir Hliðargjá að Gjabakkalandi á Hliðarstíg. Frá þeim punkti að Smágígum við suðurenda Hliðargjár og áfram þar til skorin er 200 metra hæðarlína vestan gíganna. Þeirri hæð fylgt norðvestur hraunið og áfram yfir veginn að Stóragili utan í Ármannsfelli sunnanverðu. Haldið upp gilið að 400 metra hæðarlínu og þeirri hæðarlínu fylgt vestur og suður fyrir Búrfell að Búrfellsgili og svo eftir því í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils.

Land innan eftirfarandi landamerkja er þjóðlenda:

Að vestan eru sýslu- og sveitarfélagamörk við Borgarfjörð, þ.e. stefna úr ósi Brunnavatns í suðvestur horn Þórisjökuls. Stefnulína sú sem dregin var úr Gatfelli í Hróðurkarla við skiptingu Þingvallakirkjulands vegna makaskipta Þingvallaprests og Grímsneshrepps 1896 myndar austurmörk. Þar sem makaskiptalínan sker markalínuna við Borgarfjörð er hornmark. Loks eru suðurmörk skikans jafnframt norðurmörk Þingvallakirkjulands, um línu sem dregin er frá norðurrótum Skjaldbreiðar í stefnu í Leirárhöfða, og sker fyrrgreindar markalínur til vesturs og austurs.

Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda, þar með talinna vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998 en á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að Hrauneyjafosslínu sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum og nýtur lögvarinna réttinda til nýtingar hennar.

Kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, ákvarðast sameiginlega 438.535 krónur er greiðist úr ríkissjóði, þar af þóknun lögmans sem ákvarðast 350.000 krónur og útlagður kostnaður 88.535 krónur, þegar endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Kostnaður Landsvirkjunar, þ.e. þóknun lögmans, ákvarðast 150.000 krónur er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon

Halldór Jónsson

¹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (kort).


14. FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Skjalaskrá

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)

IV. Aðilaskrá (afréttur)





- Varakröfulína ríkisins
- Kröfulína Landsvirkjunar
- Krafa um svæði sem er ekki til meðferðar

Mælikvarði 1:ekki í kvarða Dags. 21. mars 2002 Teikning nr. ÞV-10 Verknúmer 201-035



II. Skjalaskrá

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Þingvallahreppi, dags. 18.6.1999.
- 2 Ekkert skjal ber þetta númer.
- 3 Ljósrit úr bókinni „Göngur og réttir“, bls. 294-297.
- 4 Ljósrit úr bókinni „Árnesþing á landnáms- og söguöld“, bls. 192-195 og 206-211.
- 5 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytis, um frest til skila á kröfulýsingu, dags. 4.6.1999.
- 6 Bréf fjármálaráðuneytis til óbn. um 2. hluta kröfugerðar ráðuneytisins um þjóðlendu-
mörk, dags. 21.6.1999.
- 7 Bréf fjármálaráðuneytis til óbn. um leiðréttingar á kröfulýsingu fjármálaráðh., dags.
6.7.1999.
- 8 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytis um mótteknar kröfulýsingar og önnur gögn, dags. 12.8.1999.
- 9 Bréf fjármálaráðuneytis til óbn. varðandi umbeðin gögn og skýringar, dags. 15.9.1999.
- 10 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytis um drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1. dags.
12.10.1999.
- 11 Bréf fjármálaráðuneytis til óbn. með svörum við fyrirspurnum í bréfi óbn. frá 6.9.1999,
dags. 22.10.1999.
- 12 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytis um yfirlitskort og skrá yfir kröfur á svæði 1, dags. 4.11.1999.
- 13 Landakort m/ kröfulínum í mkv. 1:50 000 á 3 blöðum.
- 14 Lýsing íslenska ríkisins á afréttarlöndum í Þingvallahreppi, dags. 18.6.1999.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Þingvalla:

- 15 Kröfulýsing, dags. 9.7.1999.
- 16 Skjalaskrá.
- 17 Skrá yfir landamerki Þingvallakirkjulands, dags. 1.9.1886.
- 18 Veðbókarvottorð fyrir Þingvelli, dags. 7.9.1999.
- 19 Úr bókinni „Árnesþing á landnáms- og söguöld“, bls. 192-195 og 206-211 (sama skjal og
nr. 36).
- 20 Makaskiptasamningur Þingvallaprests og Grímsneshrepps um tiltekið afréttarland og
jörðina Kaldárhöfða í Grímsnesi, dags. 7.9.1896. (a)
- 20 b Makaskiptasamningur Þingvallaprests og Grímsneshrepps um tiltekið afréttarland og
jörðina Kaldárhöfða í Grímsnesi, dags. 6.4.1897 (þinglýsing á samþykki stiftsyrivalda).
- 21 Landakort með kröfulínum í mkv. 1:50 000 á 3 blöðum (smækkuðum).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Miðfells:

- 22 Kröfulýsing, dags. 26.6.1999.
- 23 Landamerkjaskrá fyrir Miðfell, dags. 7.9.1883.
- 24 Veðbókarvottorð fyrir Miðfell, dags. 28.6.1999 (3 blöð).
- 25 Fasteignamatsvottorð fyrir Miðfell, dags. 28.6.1999.
- 26 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínum.
- 27 Skiptayfirlýsing vegna slita á Miðfelli hf., dags. 27.5.1977. Hlutur Jóns Ingileifssonar.
- 28 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar hrl. um yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði 1,
dags. 4.11.1999.
- 29 Bréf Sigurðar Jónssonar hrl. til óbn. um drög að kröfulínukorti óbn., dags. 26.10.1999.

- 30 Bréf Landforms ehf. til Ólafs Björnssonar og Sig. Jónssonar um óbyggðanefnd, mörk eignarlands, þjóðlendna og afrétta skv. þjóðlendulögum nr. 58/1998, dags. 21.10.1999.
- 31 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar hrl. um drög að kröfulínukorti af svæði nr. 1, dags. 12.10.1999.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Gjábakka:

- 32 Kröfulýsing, dags. 9.7.1999.
- 33 Skjalaskrá.
- 34 Landamerkjabréf fyrir Gjábakka, dags. 10.5.1890.
- 35 Veðbókarvottorð fyrir Gjábakka, dags. 7.9.1999.
- 36 Ljósrit úr bókinni „Árnesþing á landnáms- og söguöld“, bls. 192-195 og 206-211 (sama skjal og nr. 19).
- 37 Landakort með kröfulínum í mkv. 1:50 000 á 4 blöðum (smækkuðum).
- 38 Afsöl vegna eignarnáms ríkissjóðs á jörðinni Gjábakka, dags. 14.5.1947 (Snæbjörn Guðmundsson) og 19.6.1947 (Ámundi Geirsson).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Þingvallaafrettar:

- 39 Kröfulýsing, dags. 4.7.1999.
- 40 Skrá yfir jarðir í Þingvallahreppi frá Tækni- og kerfissviði Fasteignamats ríkisins, dags. 5.7.1999.
- 41 Lýsing Guðbjörns Einarssonar hreppstjóra á landamörkum afrettar Þingvallahrepps, dags. 2.6.1978.
- 42 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínum (2 blöð).
- 43 Land- og hornpunktaskrá jarða og afrettar í Þingvallahreppi.
- 44 Skrá yfir jarðeigendur í Þingvallahreppi ásamt kennitölum (málsaðilar skv. afrettarkröfu).
- 45 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar hrl. vegna athugasemda við kröfulýsingar, dags. 14.7.1999.

Lagt fram af Landsvirkjun:

- 46 Kröfulýsing Landsvirkjunar, dags. 24.6.1999.
- 47 [1] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1.7.1965.
- 48 [2] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dags. 27.2.1981.
- 49 [3] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, með breytingum gerðum 28.10.1996.
- 50 [4] Eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, vegna virkjunar Þjorsár við Búrfell.
- 51 [5] Heimild atvinnumálaráðherra, dags. 23.2.1968, til virkjunar Þjorsár við Búrfell.
- 52 [6] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.
- 53 [7] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.
- 54 [8] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.
- 55 [9] Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.12.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.
- 56 [10] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 1.7.1981, til að kaupa þriðju aflvél og stækka Hrauneyjafossvirkjun í 210 MW afl.
- 57 [11] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.1.1982, til byggingar Sultartangastíflu.
- 58 [12] Ályktun Alþingis 6.5.1982 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

- 59 [13] Auglýsing menntamálaráðherra, dags. 10.11.1987, um friðland í Þjórsárverum.
- 60 [14] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til 1) stækkunar Búrfellsvirkjunar í allt að 310 MW afl ásamt tilheyrandi flutningslínum og aðveitustöðvum, 2) hækkunar stíflna og gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúkingar 5. áfanga Kvíslaveitu.
- 61 [15] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuveitum.
- 62 [16] Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, samkvæmt lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, til að reisa virkjun samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999, og annarra framkvæmda af því tilefni á svonefndum Holtamannaafretti.
- 63 [17] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW aflí ásamt aðalorkuveitum.
- 64 [18] Bréf atvinnumálaráðuneytis, dags. 20.6.1955, til stjórnar Sogsvirkjunar um miðlun í Þingvallavatni og virkjun Efra-Sogs.
- 65 [19] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 29.5.1997.
- 66 [20] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna umhverfisbreytinga vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 16.5.1986.
- 67 [21] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ársæll Jónasson eigandi jarðarinnar Tortu í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 68 [22] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Björn Sigurðsson eigandi jarðarinnar Úthlíðar í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 69 [23] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Gísli Einarsson, Kjarnholtum, oddviti Biskupstungnahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 70 [24] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Haukur Þórðarson, eigandi jarðarinnar Hrauntúns í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 71 [25] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Kristbergur Jónsson, ábúandi jarðarinnar Lauga (ríkiseign) í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 72 [26] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 13.6.1979. Sigurður Greipsson, forsvarsmáður jarðanna Haukadals II og Bryggju í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 73 [27] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Steinar Þórðarson eigandi jarðarinnar Hrauntúns í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 74 [28] Bréf hreppsnefndar Biskupstungnahrepps, dags. 23.6.1979, varðandi fyrirhugaða byggingu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Grundartanga.
- 75 [29] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Ásmundur Eiríksson, Ásgarði, oddviti Grímsneshrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 76 [30] Fundargerð hreppsnefndar Grímsneshrepps 18.1.1979, vegna fyrirhugaðrar línulagningar frá Hrauneyjafossi að Brennimmel í Hvalfirði.
- 77 [31] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 18.6.1979. Steinþór Ingvarsson, Þrándarlundi, oddviti Gnúpverjahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 78 [32] Bréf hreppsnefndar Gnúpverjahrepps, dags. 21.1.1979, um háspennulínulögn frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimmel í Hvalfirði.
- 79 [33] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Daníel Guðmundsson, Efra-Seli, oddviti Hrunamannahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 80 [34] Bréf hreppsnefndar Hrunamannahrepps, dags. 23.1.1978, um fyrirhugaða raflínulögn frá Hrauneyjafossi að Brennimmel.

-
- 81 [35] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Þórir Þorgeirsson, Laugarvatni, oddviti Laugardalshrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 82 [36] Bréf hreppsnefndar Laugardalshrepps, dags. 29.1.1979, um nýja háspennulínu frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel á Hvalfjarðarströnd.
- 83 [37] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ingólfur Guðmundsson, Miðfelli, oddviti Þingvallahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 84 [38] Bréf hreppsnefndar Þingvallahrepps, dags. 21.2.1979, um lagningu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 85 [39] Bréf Landsvirkjunar, dags. 29.10.1990 varðandi greiðslur vegna lagningar Hrauneyjafosslínu til Grímsnes-, Gnúpverja- og Hrunamannahrepps.
- 86 [40] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 24.7.1991, um leyfi til að reisa og reka 220 kV Búrfellslínu 3A.
- 87 [41] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 7.8.1997, þar sem staðfest er leyfi fyrir Búrfellslínu 3A til flutnings raforku með 400 kV spennu.
- 88 [42] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps í Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 89 [43] Staðfesting á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps í Rangárvallasýslu hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981. Staðfestingin er dags. 24.7.1981.
- 90 [44] Um eignarrétt að miðlunarlónum. Greinargerð prófessors Sigurðar Lindal, dags. 22.6.1987.
- 91 [45] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, dags. 8.7.1987, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 92 [46] Bréf Landsvirkjunar til Veiðifélags Holtamannaafréttar, dags. 31.1.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 93 [47] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, dags. 3.2.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 94 [48] Fundargerð fundar Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahreppa um fiskveiði á Holta og Landmannaafrétti, haldinn 2.6.1992, dags. 22.6.1992.
- 95 [49] Þjórsárvirkjanir, mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjórsár niður fyrir Búrfell, dags. í október 1980.
- 96 [50] Ekkert skjal ber þetta númer.
- 97 [51] Kort 1 – Skjaldbreiður, mkv. 1:50 000.
- 98 [52] Kort 2 – Hengill, mkv. 1:50 000.
- 99 [53] Kort 3 – Haukadalur, mkv. 1:50 000.
- 100 [54] Kort 4 – Geldingafell, mkv. 1:50 000.
- 101 [55] Kort 5 – Þjórsárdalur, mkv. 1:50 000.
- 102 [56] Kort 6 – Nyrðri-Háganga, mkv. 1:50 000.
- 103 [57] Kort 7 – Gnúpverjahreppur. Aðalskipulag 1993-2013. Mkv.1:50.000.
- 104 Bréf óbyggðanefndar til Landsvirkjunar vegna drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1, dags. 12.10.
- 105 Bréf Landsvirkjunar til óbn. vegna drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1, dags. 19.10.1999.
- 106 Bréf óbyggðanefndar til Landsvirkjunar vegna yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
- 107 Bréf Landsvirkjunar til óbn. vegna athugasemdir vegna kröfulýsinga, dags. 30.12.1999.
- 108 Efri Þjórsá – Samanburður virkjunarkosta, útg. í desember 1992.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 109 Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 12.3.2000.
 110 Kort sem sýnir varakröfulínu ríkisins (2 blöð).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.:

- 111 Greinargerð eigna afrettarlands í Þingvallahreppi, dags. 1.5.2000.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.:

- 112 Greinargerð Landsvirkjunar, dags. 3.5.2000.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 113 Greinargerð um sögu Þingvallaafrettar, handrit frá mars 2000, eftir Gunnar F. Guðmundsson og Pétur M. Jónsson.
 114 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir stöðu gagnaöflunar í máli nr. 1/2000 (b), dags. 23.3.2000.
 114 a Endanlegt skilabréf (a) Þjóðskjalasafns vegna gagnaöflunar í máli nr. 1/2000, dags. 7.11.2001 (sbr. skjöl nr. 114b, 115, 120, 122 og 123).
 115 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir stöðu gagnaöflunar í máli nr. 1/2000, ódags. en móttakið 25.5.2000, ásamt tilgreindu fylgiskjali.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 116 Minnisblað stm. óbn. um upplýsingaleit í Íslensku fornbréfasafni, dags. 29.5.2000, ásamt ljósritum af bls. 92-95 og 730-731 úr IV. bindi Íslensks fornbréfasafns og bls. 644-645 úr XV. bindi Íslensks fornbréfasafns.
 117 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar, dags. 29.5.2000, um upplýsingaleit í Alþingisbókum Íslands.
 118 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar, dags. 5.6.2000, um upplýsingaleit í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ásamt ljósritum af bls. 358-367 í öðru bindi Jarðabókarinnar.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.:

- 119 Umboð Sigurðar Jónssonar hrl. frá prestssetrasjóði til að gæta hagsmuna kirkjunnar vegna Þingvallajarðarinnar, Þingvallahreppi, dags. 5.6.2000.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 120 Minnisblað Þjóðskjalasafns frá Jóni Torfasyni, dags. 7.6.2000, ásamt 17 bls. af fylgiskjölum.
 121 Bréf Héraðsskjalasafns Árnesinga, dags. 5.6.2000, ásamt fylgiskjölum sem tilgreind eru í bréfinu nr. 1, 2, 3, 4, 6, 9, 11, 13, 14 og 15.
 122 Fasteignamat 1849-1850 (Miðfell, Mjóanes, Gjábakki og Þingvellir).
 123 Fasteignamat 1916: Miðfell (bls. 119), Gjábakki (bls. 122) og Þing-vellir (bls. 124).
 124 Umfjöllun um Þingvallahrepp í „ÍSLEIF“, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf.
 124-1 Bréf Fornleifastofnunar ehf. til óbn. vegna „ÍSLEIF“ o.fl., dags. 27.3.1999.
 124-2 Heimildaskrá Fornleifastofnunar Íslands ehf. vegna skráningar í „ÍSLEIF“.
 124-3 Þjóðminjakort (Svæðisskipul. miðhálandis Íslands 2015), hluti (Þingvallahr.).
 125 Jarðatal Johnsens 1847 (umfjöllun um Þingvallahrepp, bls. 72-74, 82-83).
 126 Minnisblað stm. óbn., dags. 7.6.2000, um upplýsingaleit í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, útdráttum Gunnars F. Guðmundssonar.

- 127 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, um heimildaleit í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, dags. 2.6.2000.
- 128 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um gróðurfar á kröfusvæði ríkisins á Þingvallasvæðinu, dags. 7.6.2000.
- 129 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um heimildargildi Landnámu, dags. 9.6.2000.
- 130 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um máldaga og heimildargildi þeirra, dags. 9.6.2000.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 131 Kröfugerð fjármálaráðherra í Þjóðlendumálinu 1/2000, Ágreiningur um Þjóðlendumörk í Þingvallahreppi, mótt. 13.6.2000.
- 132 Minnisblað frá Hjalta Zóphóniasyni, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, til Ragnheiðar Snorradóttur, fjármálaráðuneyti, um að málið um Þingvelli verði sótt bæði af fjármálaráðuneytinu og Prestssetrasjóði, dags. 7.6.2000.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.:

- 133 Endanlegar kröfur eigenda Þingvallaafreittar og Þingvallalands, mótt. 13.6.2000.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 134 Minnisblað um heimildaleit stm. óbn. í Lovsamling for Island og Stjórnartíðindum 1874-1918.
- 135 Minnisblað um gagnaöflun óbyggðanefndar hjá sýslumanninum á Selfossi, dags. 10.10.2001.
- 136 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í ráðuneytum dóms- og kirkjumála og landbúnaðar, dags. 5.7.2001.
- 137 Minnisblað stm. óbn. um athugun á bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, dags. 23.1.2001.
- 138 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 30.8.2001.
- 139 Landnámabók, Reykjavík 1986. Bls. 44-47.
- 140 Ný jarðabók 1861 (umfjöllun um Þingvallahrepp, bls. 26).
- 141 (a-d) Fasteignamat í Þingvallahreppi 1922 (bls. 76), 1932 (bls. 18), 1938 (bls. 254) og 1957 (bls. 372-375).
- 142 Sérkort óbyggðanefndar: Þingvallahreppur (Lýstar kröfur á svæði nr. 1), dags. 29.10.1999. Mælikvarði 1:100 000.
- 143 (a-h) Fundargerðir máls nr. 1/2000, Þingvallahreppur (5 fyrirtökur, aðalmeðferð, enduruptaka og lokafyrirtaka).
- 144 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í dómum Landsyfírréttar og Hæstaréttar, dags. 29.6.2000.
- 145 (a-c) Opnur í veðbókarregistri sýslumannsins á Selfossi fyrir Miðfell (II/503), Gjábakka (II/506) og Þingvelli (II/508).
- 146 Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð hafa verið á vegum óbyggðanefndar vegna máls nr. 1/2000, dags. 8.11.2001.
- 147 (a-b) Yfireignarnámsmatsgjörð um Gjábakka, dags. 15.3.1946, ásamt uppskrift óbyggðanefndar.
- 148 Samningur um reit til skógræktar, dags. 3.6.1899.
- 149 Náttúruminjaskrá (1996), bls. 44, 47 og kort (hluti: Þingvallahreppur).

- 150 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2.b., bls. 312-314.
 151 Árnessýsla, sýslu- og sóknalýsingar, bls. 154-155.
 152 Lýsing Böðvars Pálssonar, hreppstjóra í Grímsneshreppi, á mörkum Grímsnesafréttar, dags. 2.5.1979.
 153 Bréf óbyggðanefndar til Sigurðar Jónssonar hrl. um vesturmörk svæðis nr. 1, dags. 7.4.2000.
 154 Minnisblað Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um máldaga Þingvallakirkju um 1570, dags. 9.11.2001.
 155 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar hrl. um endurupptöku máls nr. 1/2000, dags. 9.11.2001.
 156 Bréf óbn. til Ólafs Sigurgeirssonar hrl. um endurupptöku máls nr. 1/2000, dags. 9.11.2001.
 157 Bréf óbn. til Þórðar Bogasonar hdl. um endurupptöku máls nr. 1/2000, dags. 9.11.2001.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 158 Leiðrétt kröfulinukort ríkisins. Mörk Gjábackalands gagnvart Grímsnesafrétti. Dags. 12.11.2001.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 159 Ljós. af dómi Hæstaréttar 31.5.1926 í máli nr. 19/1926. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gegn hreppsnefnd Grímsneshrepps. Um útsvarsskyldu.
 160 Simskeyti Stjórnarráðsins til allra sýslumannsembætta á landinu varðandi vatnsréttindi á afréttum, dags. 3.4.1918.
 161 Undirmat vegna eignarnáms á Gjábakka í Þingvallasveit, dags. 28.7.1945.
 162 a Skjal frá Þjóðskjalasafni. Bréf prestsins á Þingvöllum til konungs um heimild til að hafa makaskipti á afréttarlandi. Dags. 6.9.1895.
 b Skjal frá Þjóðskjalasafni. Visítasía Þórðar biskups Þorlákssonar á Þingvöllum árið 1677.
 c Skjal frá Þjóðskjalasafni. Visítasía Jóns Árnasonar á Þingvöllum árið 1726.
 d Skjal frá Þjóðskjalasafni. Bréf til prestsins á Þingvöllum frá héraðsfundi þar sem óskað er eftir því að hreppurinn fái hluta af afréttarlandi Þingvallakirkju í makaskiptum fyrir Kaldárhöfða. Dags. 13.9.1895.
 163 a Skjal frá Þjóðskjalasafni. Úr hreppsbók Grímsneshrepps 1891-1899.
 b Skjal frá Þjóðskjalasafni. Úr hreppsbók Grímsneshrepps 1883-1890.
 164 Landamerkjabréf fyrir jörðina Ingunnarstaði í Brynjudal í Kjós, dags. 26.4.1890.
 165 Landamerkjabréf fyrir jörðina Þverfell í Lundarreykjadal í Borgarfjarðarsýslu, dags. 10.9.1886.
 166 Landamerkjabréf fyrir jörðina Brúsastaði í Þingvallasveit, dags. 1.9.1890.
 167 Landamerkjabréf fyrir jörðina Gilstreymi í Lundarreykjadal í Borgarfjarðarsýslu, dags. 20.3.1922.
 168 Landamerkjabréf fyrir jörðina Stórabotn í Hvalfirði í Borgarfjarðarsýslu, dags. 14.5.1890.
 169 Landamerkjabréf Mjóvaness, ódags. en þingl. 7.6.1890.
 170 Landamerkjabréf fyrir Laugarvatn, dags. 12.5.1890.
 171 (a-e) Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. um Sigöldulínur 1-3 og Sultartangalínu 1, dags. 24.1.2002. Tölvupóstur, dags. 24.1.2002, 28.1.2002, 5.2.2002, 11.2.2002 milli óbyggðanefndar og Þórðar Bogasonar hdl. um þetta efni.

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)

Gjábakki	Ríkisfjárhirsla
Miðfell	Db. Ingólfs Guðmundssonar o.fl.
Þingvellir	Ríkisbókhald
Þingvellir	Prestssetrasjóður

IV. Aðilaskrá (afréttur)¹

Arnarfell	Ríkisbókhald
Brúsastaðir	Ríkisbókhald
Fellsendi	Ríkisbókhald
Gjábakki	Ríkisfjárhirsla
Heiðarbær I	Ríkisbókhald
Heiðarbær II	Ríkisbókhald
Kárastaðir	Ríkisfjárhirsla
Miðfell	Db. Ingólfs Guðmundssonar
Mjóanes	Ingimar Ingimarsson
Mjóanes	Sigrún Sigurbórsdóttir
Mjóanes	Ólafur Johnson
Selkot	Þingvallahreppur
Skálabrekka	Regína Sveinbjarnardóttir
Skálabrekka	Unnur Samúelsdóttir
Skálabrekka	Halldór Magnússon
Skálabrekka	Sigríður Magnúsdóttir
Skálabrekka	Magnús Magnússon
Skógarhólar	Ríkisbókhald
Stíflisdalur 1	Karl Eiríksson
Stíflisdalur 2	Lilja Anna K. Schopka
Stíflisdalur 2	Sverrir G. Schopka
Stíflisdalur 2	Sigfús A. Schopka
Stíflisdalur 2	Sigríður H. Sigurbjörnsdóttir
Svartagil	Ríkisbókhald
Vatnskot	Ríkisbókhald
Þingvellir	Ríkisbókhald

¹ Sjá kafla 3.5.

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 2/2000
Grímsnesafréttur
og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði
í Grímsnes- og Grafningshreppi



21. mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	125
2. MÁLSMEÐFERÐ	125
2.1. Norðanverð Árnassýsla tekin til meðferðar	126
2.2. Lýstar kröfur og kynning	127
2.3. Afmörkun máls nr. 2/2000	127
2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð	128
3. KRÖFUGERÐ	129
3.1. Kröfur íslenska ríkisins	129
3.1.1. Þjóðlenda	129
3.1.2. Kaldárhöfði	129
3.2. Kröfur Grímsnes- og Grafningshrepps o.fl. um sáttatillögu, frávisun o.fl.	129
3.3. Krafa þinglýsts eiganda Bjarkar vegna lands innan landamerkjia	130
3.4. Krafa þinglýstra eigenda Búrfells I, II og III vegna lands innan landamerkjia . . .	130
3.5. Krafa þinglýstra eigenda Efri-Brúar og Brúarholts vegna lands innan landamerkjia	130
3.6. Krafa þinglýsts eiganda Hæðarenda vegna lands innan landamerkjia	131
3.7. Krafa þinglýstra eigenda Klausturhóla og Hallkelshóla I og II vegna lands innan landamerkjia	131
3.8. Krafa þinglýsts eiganda Neðra-Apavatns vegna lands innan landamerkjia	132
3.9. Krafa þinglýstra eigenda Þóroddsstaða vegna lands innan landamerkjia	132
3.10. Krafa eigenda jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi sem eiga upprekstrarrétt vegna hins eiginlega afréttarlands og hreppsins vegna hluta úr landi Laugarvatns og Þingvallakirkju	133
3.11. Krafa Landsvirkjunar	133
4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN	135
4.1. Almennnt	135
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	135
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	135
4.4. Vettvangsferð	138
4.5. Skýrslutökur	139
5. STAÐHÆTTIR OG GRÓÐURFAR	140
5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður	140
5.2. Áætlað gróðurfar um landnám og síðari þróun þess	140
5.3. Núverandi gróðurfar	141
5.4. Náttúruminjar	142
6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR	142
6.1. Landnám í Grímsnesi	142
6.2. Landnám og upphaf búsetu í Þingvallasveit	143
6.3. Björk	145
6.4. Búrfell	146

6.5.	Efri-Brú og Brúarholt	147
6.6.	Hæðarendi	148
6.7.	Kaldárhöfði	149
6.8.	Klausturhólar og Hallkelshólar I og II	150
6.9.	Neðra-Apavatn	152
6.10.	Þóroddsstaðir	153
6.11.	Grímsnesafréttur	153
6.11.1.	Saga og nýting Grímsnesafréttar	153
6.11.2.	Land fengið í makaskiptum við Þingvallakirkju 1896	157
6.11.3.	Land keypt úr Laugarvatni 1917	163
7.	SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS	166
7.1.	Almenn atriði	166
7.2.	Laugarvatnsland	173
7.3.	Land Þingvallakirkju	173
7.4.	Sameignarafréttur Grímsnesinga	174
7.5.	Kaldárhöfði	175
8.	SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.	176
8.1.	Kröfur um sáttatillögu, frávísun o.fl.	176
8.2.	Almenn atriði varðandi eignarréttarkröfur	177
8.3.	Grímsnesafréttur	181
8.4.	Laugarvatnsland	182
8.5.	Land Þingvallakirkju	182
9.	SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR	183
10.	ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	184
11.	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU	184
11.1.	Kröfur um sáttatillögu, frávísun o.fl.	185
11.2.	Landnám	186
11.3.	Björk	186
11.4.	Búrfell I-III	187
11.5.	Efri-Brú og Brúarholt	188
11.6.	Hæðarendi	190
11.7.	Kaldárhöfði	191
11.8.	Klausturhólar og Hallkelshólar I og II	192
11.9.	Neðra-Apavatn	194
11.10.	Þóroddsstaðir	195
11.11.	Grímsnesafréttur	196
11.11.1.	Vesturhluti hins upphaflega Grímsnesafréttar	196
11.11.2.	Land fengið í makaskiptum við Þingvallakirkju 1896	202
11.11.3.	Land keypt úr Laugarvatni 1917	209

12. LANDSVIRKJUN	210
12.1. Almennt	210
12.2. Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum	211
12.3. Kröfur byggðar á lagaheimildum	211
12.4. Einstök mannvirki	213
12.4.1. Hrauneyjafosslína	213
12.4.2. Sultartangalína 3	214
12.4.3. Mælistöðvar	214
12.4.4. Miðlun í Þingvallavatni og Kaldárhöfði	215
13. ÚRSKURÐARORÐ	215
14. FYLGISKJÖL	217
I. Kort	
II. Skjalaskrá	
III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)	
IV. Aðilaskrá (afréttur)	

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2002, fimmtudaginn 21. mars, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

nr. 2/2000, Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafningshreppi, hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna, hver séu mörk þjóðlendu við eignarland, hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Ragnheiður Bragadóttir.

Aðilar málsins eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og f.h. Þingvallakirkju vegna jarðarinnar Kaldárhöfða, samkvæmt 11. gr. laga nr. 58/1998.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur lögbýla í Grímsnes- og Grafningshreppi og Grímsnes- og Grafningshreppur vegna Grímsnesafréttar auk þinglýstra eigenda jarðanna Neðra-Apavatns, Efri-Brúar (ásamt Brúarholti), Búrfells I, II og III, Hæðarenda, Klausturhóla (ásamt Hallkelshólum I og II), Bjarkar og Þóroddsstaða, hvers um sig vegna jarðar sinnar.

(Sigurður Jónsson hrl.)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl. f.h. Hreins Loftssonar hrl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor.

2.1. Norðanverð Árnæssýsla tekin til meðferðar

Meðferð þessa máls hófst 1. mars 1999 með því að óbyggðanefnd gaf út svohljóðandi tilkynningu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998:

Óbyggðanefnd, sem starfar á grundvelli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, hefur ákveðið að taka til meðferðar landsvæði sem afmarkast svo:

Austurmörk: Þjórsá.

Vesturmörk: Mörk Árnæssýslu og Borgarfjarðarsýslu og vestur- og suðurmörk Þingvallalands.

Norðurmörk: Suðurmörk Hofsjökuls og Langjökuls og á milli jöklanna mörk milli afréttar Biskupstungnahrepps í Árnæssýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu, skv. dómsátt frá 9. september 1983 fyrir aukadómþingi Árnæssýslu.

Suðurmörk: Suðurmörk þeirra jarða, sem liggja að hálendinu eða afréttum, en þær jarðir virðast vera:

Í Þingvallahreppi: Þingvallaland, Gjábakki og Miðfell.

Í Grímsneshreppi: Kaldárhöfði, Brúarholt, Efri-Brú, Búrfell (I-III), Hæðarendi, Klausturhólar, Hallkelshólar (I-II), Björk, Þóroddsstaðir og Neðra-Apavatn.

Í Laugardalshreppi: Efra-Apavatn (I-II), Gröf, Lækjarhvammur, Eyvindartunga, Laugarvatn, Snorrastaðir (I-II), Hjálmsstaðir (I-II), Ketilvellir, Miðdalur, Miðdalskot, Laugardalshólar, Hólabrekka og Efstidalur (I-IV).

Í Biskupstungnahreppi: Miðhús, Úthlíð (I-II), Stekkholt, Hrauntún, Austurhlíð, Dalsmynni, Hlíðartún, Neðri-Dalur, Helludalur (I-II), Haukadalur (I-III), Torta, Bryggja, Laug, Brú, Kjóastaðir (I-II), Brattholt og Tunguheiði.

Í Hrunamannahreppi: Hamarsholt, Tungufell, Jaðar (I-II), Foss, Klufar, Kaldbakur og Hrunakrókur.

Í Gnúpverjahreppi: Laxárdalur I-II, Skáldabúðir, Minni-Mástungur, Stóru-Mástungur (I-II), Hamarsheiði (I-II), Fossnes, Hagi, Ásólfstaðir (I-II), Skriðufell og virkjanasvæði Landsvirkjunar.

Afréttir á svæðinu eru afréttir ofangreindra hreppa auk afréttar Flóa- og Skeiðamanna.

Gerður er fyrirvari um að aðrar jarðir/landskikar en tilgreindir eru kunnir að liggja á mörkum svæðisins að sunnanverðu, svo sem land sem ráðstafað kann að hafa verið úr ofangreindum jörðum.

Óbyggðanefnd áskilur sér rétt til þess að minnka eða stækka það landsvæði sem hér er lýst. Slik breyting yrði auglýst sérstaklega.

Á þessu svæði mun óbyggðanefnd: a) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, b) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og c) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendu.

Hér með er skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á ofangreindu landsvæði að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, innan þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs Lögbirtingablaðsins sem tilkynning þessi birtist í. Með kröfum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á ásamt uppdrátti af mörkum þess landsvæðis/jarðar sem kröfur lúta að, allt í fjórriti.

Sérstaklega er áréttað að tilkynning þessi nær til allra þeirra aðila sem telja til réttinda á ofangreindu landsvæði, án tillits til þess hvort þeir koma fram í lýsingu á afmörkun svæðisins.

Tilkynning óbyggðanefndar var birt í Lögbirtingablaðinu 5. mars 1999. Útdráttur úr efni hennar var birtur í Morgunblaðinu og víðar. Jafnframt lét nefndin þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók sýslumannsins á Selfossi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Málið var að auki kynnt fyrir sveitarstjórnnum, sýslumannsembættum og fleiri aðilum.

Óbyggðanefnd framlengdi hinn upphaflega frest í þeim tilvikum þegar leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti. Jafnframt vakti nefndin athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og gaf færi á lagfæringum.

2.2. Lýstar kröfur og kynning

Óbyggðanefnd bærust kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur í 7 hreppum og 57 aðrar kröfulýsingar sem sumar tóku til fleiri en einnar jarðar eða stærri landsvæða. Síðustu kröfulýsingar bærust 22. október 1999.

Þann 29. október gaf óbyggðanefnd út yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdrátt sama efnis. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Selfossi, dagana 1.-30. nóvember 1999, og að auki til loka athugasemdafrests 31. desember. Vakin var athygli á kynningunni með auglýsingum í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir og afreittarmálefélag yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bærust fyrir desemberlok en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum. Í janúar 2000 bærust kröfulýsingar fyrir fimm jarðir, allar í Hrunamannahreppi.

2.3. Afmörkun máls nr. 2/2000

Í janúar 2000 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi 7 málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2000; Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi.

Mál nr. 2/2000; Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Mál nr. 3/2000; Laugardalsafréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi.

Mál nr. 4/2000; Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi.

Mál nr. 5/2000; Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi.

Mál nr. 6/2000; Flóa- og Skeiðamannafréttur.

Mál nr. 7/2000; Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi.

Jafnframt var gerð grein fyrir því hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Þá fengu fyrirvarsmenn málsaðila afhent afrit kröfulýsinga og fylgigagna annarra aðila að viðkomandi máli. Óskað var eftir athugasemdum við fyrirhugaða skiptingu svæðisins í mál og hæfi einstakra nefndarmanna innan tiltekins frests. Engar athugasemdir bærust.

Vesturmörk þess svæðis, sem hér er til meðferðar, eru samkvæmt tilkynningu óbyggðanefndar frá 1. mars 1999 „Mörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu og vestur- og suðurmörk Þingvallalands.“ Á fundi óbyggðanefndar 21. desember 1999 var eftirfarandi bókað um þetta atriði:

Hér er nánar tiltekið um að ræða eftirfarandi: Úr suðvesturhorni Þórisjökuls í ós Brunnvatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr því. Því næst í hæsta tind Kvígindisfells/Kvikfjáryndifells, þaðan í Mjóu-Súlu (eða Háu-Súlu), ...

Á fundi óbyggðanefndar 6. apríl 2000 var enn fremur bókað:

Úr suðvesturhorni Þórisjökuls þar sem forn varða stendur á fjallsbrúninni (neðan jökulmarka), í hábungu jökulsins og þaðan yfir að jökulrönd Geitlandsjökuls, í stefnu á hábungu Geitlandsjökuls.

Auk framangreindra marka eru að vestan Þingvallakirkjuland og jarðirnar Gjábakki og Miðfell. Að norðanverðu eru mörk þess svæðis, sem hér er til meðferðar, suðurmörk Langjökuls en að sunnanverðu suðurmörk jarðanna Kaldárhöfða, Brúarholts, Efri-Brúar, Búrfells (I-III), Hæðarenda, Klausturhóla, Hallkels hóla (I-II), Bjarkar, Þóroddsstaða og Neðra-Apavatns samkvæmt tilkynningu óbyggðanefndar frá fyrsta mars 1999.

Að austanverðu eru jarðirnar Efra-Apavatn (I-II) og Laugarvatn og Laugardalsafréttur.

Svo sem nánar greinir í kafla 3 er í máli þessu, nr. 2/2000, ágreiningur milli aðila um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem kallað hefur verið Grímsnesafréttur, þ.m.t. lands sem hreppurinn fékk í makaskiptum við Þingvallakirkju 1896 og keypti úr jörðinni Laugarvatni 1917, þó einungis um hluta hins síðastnefnda. Í meginráttum er þar annars vegar að stærstum hluta gerð krafa um þjóðlendu og hins vegar um eignarland. Enginn ágreiningur er hins vegar með aðilum um eignarréttarlega stöðu þeirra jarða á og umhverfis Lyngdalsheiði sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar og til umfjöllunar eru í málinu, að undanskildu Laugarvatni, svo sem áður greindi. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 2/2000 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 29. febrúar 2000. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá. Fram kom krafa Grímsnes- og Grafningshrepps um að óbyggðanefnd legði fram sáttatillögu í málinu. Þá var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð. Við fyrirtöku málsins þann 28. mars var bókað um afstöðu óbyggðanefndar til fram kominnar kröfu um sáttatillögu, sjá nánar í kafla 11.1. Greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn voru lögð fram við sama tækifæri og öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum.

Við fyrirtöku málsins þann 8. maí voru lagðar fram greinargerðir „f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps vegna landeigenda“ og Landsvirkjunar ásamt fleiri gögnum. Á fundi þann 30. maí voru lögð fram gögn og bókað um afstöðu óbyggðanefndar til krafna í greinargerð eigenda jarða og af rétta í Grímsnes- og Grafningshreppi um frávisun o.fl., sjá nánar í kafla 11.1. Málið var einnig tekið fyrir á fundi þann 4. júlí þar sem lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð stóð dagana 9.-10. ágúst 2000 í Menntaskólanum á Laugarvatni og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflutning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 26. nóvember 2001 var málið endurupptekið, lögð fram ný gögn og málsaðilum gefinn kostur á að tjá sig um þau. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfu vegna jarðarinnar Kaldárhöfða.

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu íslenska ríkisins er endanleg aðalkrafa sú að viðurkennt verði að þjóðlendumörk í Grímsnes- og Grafningshreppi séu svo sem hér segir:

Lína sem dregin er frá syðsta hluta Litla Reyðarbarms og í beina stefnu vestur að mörkum Þingvallahrepps.

Varakrafa íslenska ríkisins er sú að viðurkennt verði að þjóðlendumörk í Grímsnes- og Grafningshreppi séu þessi:

Lína dregin frá Kálfstindum að austan frá Hrossadal í topp Hrafnabjarga.

Verði ekki orðið við þessum kröfum íslenska ríkisins er þess krafist að þjóðlendulína verði ákveðin sem allra styst til norðurs frá þessum kröfulínum.

Viðurkenndur er réttur afréttareigenda til venjulegra lagalegra afréttarmota af Grímsnes- og Grafningsafrétti, sbr. Lýsingu hreppstjóra á merkjum afréttarins í bréfi, dags. 2. maí 1979.

3.1.2. Kaldárhöfði

Þær kröfur eru gerðar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur Þingvallakirkju til alls lands jarðarinnar innan núverandi landamerkja sem eru þessi:

Að norðanverðu í miðjan Sprænutanga hinn háa og þaðan beina stefnu í gil það í Driptinni er Stóra skriða kemur úr; verður þá línan sunnan til við svokallaða Brik, sem er í Miðfellslandi og norðan til við Hraunskyggni, sem er í Kaldárhöfðalandi, svo úr Stóruskriðugili beina stefnu í miðborgina í Þrasaborgum. Að sunnanverðu úr Stapanum miðjum norðanvert við Dæluna beina stefnu í há-Moldárásenda vestri og ræður Moldás upp hjá stórum steini (Dagmálasteini) sjónhending norðan til við Kaplamýri í steina tvo sem eru vestan til í brúninni á Brúarskyggni og þaðan beina stefnu í áðurnefnda Þrasaborg.

Þá er þess krafist að jörðinni fylgi hlutdeild í sameignarafrétti Grímsness.

3.2. Kröfur Grímsnes- og Grafningshrepps o.fl. um sáttatillögu, frávisun o.fl.

Af hálfu Grímsnes- og Grafningshrepps var þess krafist að óbyggðanefnd legði fram sáttatillögu í málinu.

Þá er þess krafist af hálfu „eigenda jarða og afrétta í Grímsnes- og Grafningshreppi“ að kröfum ríkisvaldsins er lúta að þinglýstum eignarlöndum verði vísað frá óbyggðanefnd.

Þá var þess krafist að málflutningur færi ekki fram fyrr en umboðsmaður Alþingis hefði látið í ljósi álit sitt á atríðum varðandi kröfugerð ríkisins sem til hans hefði verið beint með kvörtun og fyrir lægju umsagnir allra þeirra aðila sem að ágreiningslandinu kæmu, svo sem Náttúruverndar-

¹ Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og III-IV (aðilaskrár).

ráðs, héraðsnefndar Árnæssýslu, iðnaðarráðuneytisins, Þingvallanefndar og allra þeirra aðilja sem gætu veitt upplýsingar um eða tengdust ágreiningslandinu með einhverjum hætti.

Jafnframt var þess krafist að óbyggðanefnd tæki ekki einstök svæði til úrlausnar áður en fyrir lægi kröfugerð til alls landsins.

Farið var fram á að framkomin frávísunarkrafa yrði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að málflytningi fyrir óbyggðanefnd kæmi.

3.3. Krafa þinglýsts eiganda Bjarkar vegna lands innan landamerkjá

Af hálfu Tryggva Tómassonar er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi jarðarinnar Bjarkar eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Syðsta þúfa á Skógarholti er hornmark milli jarðanna Stóruborgar, Klausturhóla og Bjarkar; þaðan sjónhending í stóran stein (Stóristeinn) austarlega á „Langamel“, þaðan sjónhending í þúfu sem er fyrir ofan austasta Lyngdalsmýraroddann. Þessi þúfa er hornmark milli Klausturhóla, Bjarkar og Þóroddsstaða. Þaðan sjónhending í þúfuna á Stelpuhæð, sem er hornmark milli Bjarkar, Þóroddsstaða og Svínavatns; þaðan sjónhending í þúfuna á Stóruhólahæð; úr þeirri þúfu aptur sjónhending í þúfuna á Miðmarkahrygg; sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Svínavatns og Stærribæjar; úr þeirri þúfu aptur sjónhending í þúfuna á „Smalaskála“, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Stærribæjar og Brjánsstaða; þaðan sjónhending í þúfuna á Hlauphól, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Minniborgar og Stóruborgar, þaðan sjónhending í fyrstnefnda þúfu á Skógarholtum.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.4. Krafa þinglýstra eigenda Búrfells I, II og III vegna lands innan landamerkjá

Af hálfu Böðvars Pálssonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna Búrfells I, II og III eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Úr þúfu í Þrengslás (sem skal endurbyggjast) bein stefna norður í há Grensás, og áframhaldandi bein stefna í stein þann sem stendur á Nónhólataglinu, svo í klett þann sem stendur austan undir Tjarnarhólum og nefndur er „Hestur“, þaðan í Gildruhólinn, svo í Hnífhól, þaðan bein stefna um Sauðadalinn í Gilfarveg, sem liggur niður úr Búrfellsfjalli úr vatninu á Vatnsásnum. Úr Vatnsásnum áframhaldandi bein stefna í vestar Gilklófann sem liggur ofan úr norðari Búrfellsfjallsenda vestur að austari brún á Búrfellshálsi, þaðan yfir Búrfellsdal upp eftir Lingdalsheiði Klapparhólinn við efri Beinugrófarendu, og þaðan í Þrasaborgir, þaðan aftur til suðurs í Markagil sem liggur vestan við Lingbrekku, þaðan bein stefna í norðurendann á Grænugróf, svo eftir miðri Grænugróf og þaðan í Berjaholtalæk, svo ræður hann til Búrfellslækjar, svo ræður hann (Búrfellslækur) til áðurnefnds Þrengsla-áss.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.5. Krafa þinglýstra eigenda Efri-Brúar og Brúarholts vegna lands innan landamerkjá

Af hálfu Böðvars Guðmundssonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur

jarðanna Efri-Brúar og Brúarholts eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að landamerki jarðanna séu þessi:

Millum landa Efri-Brúar og Syðri Brúar liggja landamerkin úr Soginu eptir Kaldalæk einum er rennur í Sogið fyrir sunnan Ljósafoss og ræður sá lækur upp að krók þeim er á honum er fáum föðmum neðar en hann greinist og hverfur í tvær keldur. Úr þessum krók á læknum ræður bein lína austur yfir hallinn til Draugagils. Þá ræður gilið mörkum norðan við Nyrðra Hallvelli til Brúarár gegnt Gunnlögslækjarminni í Svartabakka austan við ána. Frá Gunnlögslæk í Svartabakka ræður bein stefna í Dagmálagil við Búrfellsrætur og eptir því gili upp eptir fjallshlíðinni og efst úr gljúfri þessu beina stefnu í Vatnsás upp á Búrfelli.

Millum Efri-Brúar og Búrfells úr áðurnefndum Vatnsás í sömu stefnu í vestri gilklöfann sem liggur úr norðari Búrfellsfjallsenda, vestan við eystri brún á Búrfellshálsi. Þaðan yfir Búrfellsdal upp eftir Lyngdalsheiði á Klapparhólinn í efri Beinugrófarenda og þaðan í Þrasaborgir.

Millum Efri-Brúar og Kaldárhöfða, úr miðjum stapanum við Sogið, norðanvert við dæluna, beina stefnu í há-Moldásarenda vestri og ræður Moldás upp hjá stórum steini (Dagmálasteini) sjónhending norðan til við Kaplamýri í steina tvo sem eru vestan til á brúninni í Brúarskyggir og þaðan bein stefna í áðurnefndar Þrasaborgir.

Lítið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.6. Krafa þinglýsts eiganda Hæðarenda vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Guðmundar Sigurfinnssonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigendur jarðarinnar Hæðarenda eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Frá syðstu hæðinni á Þrasaborgum beina stefnu í Nýpuhól austast í Lingbrekkum, þaðan í Gálgagil, og eftir þeim vatnsfarveg sem úr því er niður í Bauluvatn, þá eftir læknum sem úr því rennur (Hæðarendalæk) heilt af út fyrir Kálfshóla, þaðan eftir gömlu lækjarsfari, sem byrjar við lækinn að sunnanverðu og eftir því út í Búrfellslæk, þá eftir honum uppað gömlu lækjarsfari að sunnanverðu við lækinn og eftir því þar til það liggur aftur að læknum, og þá eftir læknum aftur upp að lækjarmótum, þaðan eftir vestri læknum sem nefndur er Berjuholtalækur, eftir honum til enda, og þá eftir vatnsfarveg uppað honum uppí Grænugróf, eftir henni miðri til enda, þaðan beint á fyrstnefndan stað við Þrasaborgir.

Lítið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.7. Krafa þinglýstra eigenda Klausturhóla og Hallkelshóla I og II vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Guðmundar Jóhannessonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi jarðanna Klausturhóla og Hallkelshóla I og II eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að landamerki jarðanna allra, sem eru allar hluti gömlu Klausturhólajarðarinnar, séu þessi:

1. Milli jarðanna Klausturhóla og Neðraapavatns eru þessi merki: Þrasaborgir hornmark, þaðan bein

stefna í þúfu, sem er fyrir ofan austasta Lyngdalsmýrar oddann, þess þúfa er hornmark milli Klausturhóla og Bjarkar.

2. Milli Klausturhóla og Bjarkar eru þessi merki: Næstnefnd þúfa og úr henni sjónhending í stóran stein (Stóri-Steinn) austarlega á Laugamel, þaðan sjónhending í syðstu þúfu á Skógarholti, sem er hornmark milli jarðanna Klausturhóla, Bjarkar og Stóru-Borgar.
3. Milli Klausturhóla og Stóruborgar eru þessi merki: Úr áðurnefndri þúfu á Skógarholti sjónhending í Tvíbytnu í Ljósvirki, þaðan ræður Tvíbytnulækur að Engjatungulæk.
4. Milli Klausturhóla og Foss eru þessi merki: Markakelda, sem er vestri bakka Engjatungulækjar úr Markakeldu sjónhending í Árnahreysi, sem er hornmark milli Klausturhóla, Foss og Hraunkots.
5. Milli Klausturhóla, Hraunkots og Vaðness eru þessi merki: Úr áðurnefndu Árnahreysi í Gráhellu.
6. Úr Gráhellu er bein stefna í vörðuna á Kálfhólaskeri þaðan sama bein stefna í Hæðarendalæk.
7. Svo ræður Hæðarendalækur mörkum uppi Bauluvatn, úr Bauluvatni ræður Hrólfsgil upp undir miðja Nýpuhálsflöt, þá sjónhending í miðjan Nýpuhól og úr honum sama stefna í fyrstnefndar Prasaborgir.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.8. Krafa þinglýsts eiganda Neðra-Apavatns vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Ingibjargar Ebbu Magnúsdóttur er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi jarðarinnar Neðra-Apavatns eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Úr Apármynni svo lengi sem Apaá ræður, fyrir norðan efra Smiðjuholt og úr áarbotninum þar beint í Stórhól og þaðan sjónhending í Prasaborgir, úr Prasaborgum sjónhending í Markholt í þúfu á því, vestan undir nyrsta odda á Lyngdalsmýrum, úr Markholti í þúfu á syðstu Lyngdalshæð, þaðan sjónhending í þúfur á Melhól, mið Hoffmannahól, nyrsta Tjaldhól og beint í Morulækjarmynni, sem fellur í Stangarlæk og ræður sá lækur merkjum út í Apavatn, sem ræður í fyrstnefnt Apármynni.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.9. Krafa þinglýstra eigenda Þóroddsstaða vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Bjarna Þorkelssonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi jarðarinnar Þóroddsstaða eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Að norðaverðu úr Morulækjarminni vestur í þúfu á norðasta Tjaldhól, þaðan beina stefnu í þúfu á mið Hofmannahól, þaðan áfram haldandi stefna um Melhól í Þúfu norðast í syðstu Lingdalshæð beint í hornmark millum Klausturhóla og Neðra-Apavatns. Að austan og sunnan ræður Stangarlækur úti Áttungslækjarminni, þaðan bein stefna út í syðstu þúfu á Stelpuhæð, þaðan sjónhending í opinn Lingdalslæk fyrir austan Lingdal, þaðan bein stefna í áðurnefnt hornmark.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.10. Krafa eigenda jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi sem eiga upprekstrarrétt vegna hins eiginlega afréttarlands og hreppsins vegna hluta úr landi Laugarvatns og Þingvallakirkju

Af hálfu Grímsnes- og Grafningshrepps vegna hluta úr landi Laugarvatns og hluta úr landi Þingvallakirkju er þess krafist að viðurkennt verði að hreppurinn hafi beinan eignarrétt að þessum hlutum afréttarins, að öðru leyti en því sem umsamdar kvaðir á landinu greini.

Af hálfu eigenda lögbýla í Grímsnesi er þess krafist að viðurkennt verði að hið eiginlega afréttarland, þ.e. land milli afrétta Laugardals og Þingvallasveitar sé eign eigenda þeirra lögbýla í Grímsnes- og Grafningshreppi, sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á afréttinum að öðru leyti en því sem umsamdar kvaðir á landinu greini.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki afréttarins séu þessi:

Vesturmörk: Úr Þrasaborgum á Lyngdalsheiði í Driftarenda, þá Hamraselshæðir, þaðan í Stóra-Dímon, síðan eftir Eldborgum uppí stærstu (hæstu) Eldborgina. Þá er bein lína í Hrafnabjörg (Bjargarhornið), úr Hrafnabjörgum í Hlíðarstíg, þaðan bein lína í há Gatfell og af Gatfelli bein lína í vestasta Hróðurkarlinn við Þórisjökul.

Austurmörk: Úr Þrasaborgum í Biskupsbrekku í Litla-Barmshornið, þá ræður Litli-Barmur, svo Stóri-Barmur (Reyðarbarmur) Hrutafjöll, svo Skefilfjöll, þá Skefilfjallahnúkur í Skriðuna, þá ræður Skriðan í Skriðuhnúkinn. Úr Skriðuhnúknum í Mófellið, í há Sköflungahálsinn og síðan ræður Langafellið til Jökuls.

Þess er ekki krafist að eignarhluti hvers lögbýlis í sameiginlega landinu verði tiltekinn heldur einungis að landið sé sameign eigenda lögbýlanna. Krafa þessi er ekki gerð fyrir hönd ríkisjarða í Grímsnes- og Grafningshreppi en viðurkennd eru samsvarandi réttindi þeirra til afréttarins og kröfugerðin kveður á um.

Lítið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Við munnlegan máflutning kvaðst talsmaður Grímsnes- og Grafningshrepps gera þá breytingu á kröfulýsingu að hún tæki einnig til skákar úr landi Laugarvatns sem væri afmörkuð af línu dreginni úr Reyðarbarmi í norðasta Kálfstind, þaðan með stefnu í Eldborgir að línu sem dregin væri úr Skefilfjallahorni að Hrutafjöllum og þaðan í Reyðarbarm. Breytingu þessari var ekki mótmælt af hálfu talsmanns íslenska ríkisins.

3.11. Krafa Landsvirkjunar

Með bréfi, dags. 24. júní 1999, lýsti Landsvirkjun kröfum sínum á svæði I í heild, en óbyggðanefnd hafði með auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu 5. mars 1999 skorað á þá sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á því landsvæði að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests. Landsvirkjun lýsti kröfum sínum á svæði I í einu lagi þannig:

Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin réttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði:

Öll vatnsréttindi (fallréttindi) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spennna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu.

Öll vatnsréttindi jarðarinnar Kaldárhöfða frá Þingvallavatni niður í Úlfhljótsvatn, 38 ha lands ásamt réttindum sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta vatnsaflíð, þar með talið stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spennu- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar.

Landsréttindi og réttindi sem til þarf vegna háspennulínu frá Þjórsá að austanverðu að mörkum Þingvallahrepps og Borgarfjarðarsýslu um Þingvallahrepp, Grímsneshrepp, Laugardalshrepp, Biskups-tungnahrepp, Hrunamannahrepp, afrétt Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverjahrepp (Hrauneyjafosslínu); Búrfellslínu 1, 2 og 3A í Gnúpverjahreppi; línu frá Sigölduvirkjun yfir Þjórsá að Sandafelli í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sigöldulína 1); og línu frá Sultartangavirkjun í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sultartangalínu 2).

Önnur eignarréttindi sem til þarf vegna orkumannvirkja sem lýst er í kafla 3, Jörð/landsvæði og til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana Landsvirkjunar í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma.

Öll veiðiréttindi í virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar á landsvæði því sem auglýsing óbygðanefndar tekur til, þ.e. í Bjarnalóni ofan Búrfellsvirkjunar, Sultartangalóni og 5. áfanga Kvíslaveitu.

Kröfugerð þessi er gerð með þeim almenna fyrirvara að Landsvirkjun áskilur sér rétt til að leiðrétta og bæta við hana síðar og leggja fram viðbótargögn eftir þörfum og ef krafist verður.

Í bréfi Landsvirkjunar, dags. 19. október 1999, sem var svar við bréfi óbygðanefndar frá 12. s.m., eru nokkrar athugasemdir við uppkast að kröfulínukorti sem Landsvirkjun hafði fengið sent. Auk þess var gerð grein fyrir því að láðst hafði að geta 6. hluta Kvíslaveitu, sbr. heimild í 4. gr. laga 74/1990.

Óbygðanefnd barst síðan bréf Landsvirkjunar, dags. 30. desember 1999, þar sem eftirfarandi kom fram:

a. Landsvirkjun hefur látið gera áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggja fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá en sýndir eru á korti óbygðanefndar.

b. Landsvirkjun á og rekur allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnessýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu.

Með greinargerð, dags. 3. maí 2000, var vísað í kröfugerð, dags. 24. júní 1999, ásamt síðari breytingum og jafnframt gerðar svofelldar kröfur í máli nr. 2/2000, þjóðlendumörk í Grímsneshreppi, o.fl.:

Krafist er að staðfest verði réttindi Landsvirkjunar á eða vegna eftirtalinna landsvæða í Grímsnes- og Grafningshreppi, hvort sem þau verða talin falla innan eða utan marka þjóðlendu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998:

Miðlun í Þingvallavatni
Jörðin Kaldárhöfði - Steingrímsstöð
Hrauneyjafosslína (220kV)

Fyrirhuguð Sultartangalína (400kV)

Mælistöðvar Landsvirkjunar.

Landsvirkjun krefst þess að óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-259, sjá nánar í fylgiskjali nr. II.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Í þjóðlendlögum er mælt fyrir um skyldu aðila til að leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í því felst að óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðll. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Könnun frumgagna var að hluta framkvæmd af óbyggðanefnd og að hluta falin sérfræðingum Þjóðskjalasafns Íslands, samkvæmt samkomulagi og mati þessara aðila. Í því sambandi hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Árnesinga, handritadeild Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gerð er nánari grein fyrir þessari leit í kafla 4.3. Þá aflaði óbyggðanefnd álitgerðar Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, sjá kafla 5. Loks var að auki litið til almennra uppláttarrita og ítarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í kafla 10.5.

Fyrirsvarsmönnum aðila var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Þeir gátu jafnframt bent á gögn sem ástæða væri til að kanna.

Þau gögn, sem í leitirnar komu og óbyggðanefnd taldi að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu og afrit afhent málsaðilum. Jafnframt voru lögð fram minnisblöð um þá þætti gagnaöflunar sem lokið var hverju sinni.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarin (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a).

Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarin (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 198).

2. Jarðabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarin (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a). Sjá að öðru leyti lið B-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarnar (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a). Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarnar (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001).

4. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðamat 1804 – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a og skjal nr. 208).

Jarðamat 1849-1850 – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a og skjal nr. 209).

Sjá að öðru leyti lið B-2 (prentuð fasteigna- og jarðamöt).

5. Dóma- og þingabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarnar (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a).

Sjá að öðru leyti lið B-3 (prentaðir dómur).

6. Bréfabækur og gerðabækur sýslumanna og hreppa

Á Þjóðskjalasafni – Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki þörf á að yfirfara þetta efni í heild sinni enda engar vísbendingar um að jarðeignir hreppsþúa hafi komið til úrskurða embættismanna (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a).

7. Vísitásiubækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarnar (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a).

8. Kirkjustólar

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarnir (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a).

9. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Á Þjóðskjalasafni – Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki þörf á að yfirfara þetta efni í heild sinni enda engar vísbendingar um að jarðeignir hreppsþúa hafi komið til úrskurða þessara embættismanna, (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a). Sjá að öðru leyti lið B-6 (prentað efni úr skjalasöfnum ...).

10. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar – Yfirfarin (sbr. bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, dags. 30. júní 2000, skjal nr. 188).

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið eftir því sem ástæða þótti til (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a).

Sjá að öðru leyti lið B-8 (prentaðar bréfabækur biskupa).

11. Klausturumboð

Á Þjóðskjalasafni – Um slík gögn er ekki að ræða á þessu svæði (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 190 a).

12. Fornleifaskráning (yfirlit)

Lögð fram útprentun úr gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf. („Ísleif“) fyrir Grímsneshrepp, skjal nr. 175.

13. Örnefnaskráning (yfirlit)

Óbyggðanefnd hefur ekki talið ástæðu til að leggja fram gögn um þetta efni.

14. Önnur óprentuð frumgögn

Starfsmenn Þjóðskjalasafns töldu ástæðu til að kanna eftirtalda flokka óprentaðra frumgagna (sbr. minnisblað Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001).

Landamerkjavitnisburðir Klausturhóla 1825 og 1830 og lögfesta jarðarinnar 1846 (kirkna-skjöl). Sbr. skjal nr. 190 c (4 og 5).

Sátt um landamerki Kaldárhöfða og Miðfells 1862 (sáttabók Grímsness), sbr. skjal nr. 190 c (3).

Leitað var í skjölum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins en þar fannst ekkert sem gaf tilefni til frekari athugunar (sbr. minnisblað óbn., dags. 5.7.2001, skjal nr. 216).

Einnig var leitað í skjölum stjórnarráðsins um sölu þjóð- og kirkjujarða en þar fannst ekkert sem snertir heiðalöndin í Grímsneshreppi, (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, skjal nr. 190 a).

B. Prentuð frumgögn:**1. Jarðabréf**

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 185).

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) – Yfirfarin (sbr. minnisblað óbn., dags. 2.11.2001, skjal nr. 199).

Jarðabréf frá 16. og 17. öld – Yfirfarin (sbr. minnisblað óbn., dags. 7.6.2000, skjal nr. 179).

Sjá að öðru leyti lið A-2 (óprentuð jarðabréf).

2. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen 1847 – Yfirfarið (sbr. skjal nr. 207).

Ný jarðabók 1861 – Sjá skjal nr. 206.

Fasteignabók 1922 – Sjá skjal nr. 202.

Fasteignabók 1932 – Sjá skjal nr. 203.

Fasteignabók 1938 – Sjá skjal nr. 204.

Fasteignabók 1957 – Sjá skjal nr. 205.

Sjá að öðru leyti lið A-4 (óprentuð fasteigna- og jarðamöt).

3. Dómar

Útgefnir dómar Hæstaréttar og Landsyfírréttar – Yfirfarnir (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.6.2000, skjal nr. 182).

Sjá að öðru leyti lið A-5 (óprentaðar dóma- og þingabækur).

4. Fjallskilareglugerðir

Stjórnartíðindi – Yfirfarin (sbr. bréf frá Héraðsskjalasafni Árnesinga, dags. 5.6.2000, skjal nr. 176).

5. Máldagar

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 185).

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Lovsamling for Island – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 180).

Stjórnartíðindi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 180).

Sjá að öðru leyti lið A-9 (óprentað efni úr skjalasöfnum ...).

7. Landnáma

Óbyggðanefnd hefur gengið úr skugga um að í málinu hefur verið lagt fram það efni Landnámu sem varðar landnám á því svæði sem um er fjallað í málinu. Skjal nr. 201.

8. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar: Yfirfarin (sbr. minnisblað óbn., dags. 23.1.2001, skjal nr. 200).

Sjá að öðru leyti lið A-10 (óprentaðar bréfabækur biskupa).

9. Alþingisbækur Íslands

Yfirfarnar (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 181).

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Yfirfarin (sbr. minnisblað óbn., dags. 5.6.2000, skjal nr. 178).

Sjá einnig lið B-1 (13. bindi Jarðabókar ...).

11. Önnur prentuð frumgögn

Hvorki starfsmenn Þjóðskjalasafns né óbyggðanefndar töldu ástæðu til að yfirfara gögn í þessum flokki.

4.4. Vettvangsferð

Vettvangsferð fór fram 9. ágúst 2000 og í henni tóku þátt, auk nefndarmanna, starfsmanna óbyggðanefndar og lögmannna málsaðila, þeir Gunnar Þorgeirsson oddviti og Böðvar Pálsson, fyrrverandi oddviti, af hálfu jarðeigenda. Heimamenn veittu leiðsögn um svæðið. Fyrst var haldið eftir Gjábackavegi þar til snúið var við á móts við Stelpuhelli. Við Reyðarbarm var beygt til norðurs og haldið eftir vegarslóða að vörðunni Bragbót þar sem staðnæmst er og staðhættir skoðaðir. Þessu næst er haldið áfram eftir vegarslóðanum uns snúið var við hjá stórum steini sem kallaður mun Steingrímur, undir Skefilfjöllum. Var þá komin svo mikil þoka að ekki þótti fært að halda vettvangsferð áfram. Þann 10. ágúst var vettvangsferð haldið áfram og í henni tóku þátt, auk nefndarmanna, starfsmanna óbyggðanefndar og lögmannna málsaðila. Böðvar Pálsson veitti leiðsögn um svæðið. Fyrst var haldið upp Miðdalsfjall í Laugardalshreppi og staðnæmst þar sem útsýni var yfir staðhætti. Því næst var haldið áleiðis að Hlöðufelli og áð á Hlöðuvöllum. Þar gerði Ingvi Þorsteinson grein fyrir gróðurfari Grímsnes- og Laugardalsafretta fyrr og nú. Haldið var áfram Eyfirðingaveg en þaðan farið inn á svonefnda Langadalsleið og á vegarslóða þann undir Skefilfjöllum sem ekinn var daginn áður og þaðan niður á Gjábackaveg.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur þeir Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps og garðyrkjubóndi í Ártanga, og Böðvar Pálsson, fyrrverandi oddviti og bóndi að Búrfelli II-III.

Fram kom hjá Gunnari Þorgeirssyni að sauðfé fer stöðugt fækkandi en afrétturinn er samt notaður fyrir sauðfjárbreit. Smalað sé inn í Lambahlíðar og þaðan niður í sveit. Á svæði norðan Skjaldbreiðar gangi fátt sauðfé og þá helst norður í Lambahlíðar. Þegar best hafi verið hafi 3-5000 fjár verið í Hólaréttum en sé nú um þriðjungur þess. Þá sé svæðið norðan Skjaldbreiðar og Tjaldafells deiliskipulagt og þar hafi verið heimilað að reisa fjallaskála. Ekki séu seld leyfi til rjúpnaveiða og ekki hafi þótt ástæða til að fylgjast með því hvort menn veiddu þar með eða án leyfis. Lóðarleigusamningar liggja ekki fyrir við eigendur fjallaskála á svæðinu.

Böðvar Pálsson, bóndi og fyrrverandi oddviti, Búrfelli III, kom fyrir nefndina og gaf skýrslu.

Hann sagðist hafa farið í leitir á Grímsnesafrétti frá 14 ára aldri eða allt frá árinu 1951. Hann kvað leitarfyrirkomulag eins og því væri lýst í ritinu, Sunnlenskar byggðir, lítið hafa breyst í þau 50 ár sem væru liðin frá því að hann tók fyrst þátt í leitum. Þá kvaðst hann einnig hafa farið í eftirleit en þá væri leitarfyrirkomulagið nokkuð annað en í fyrstu leit. Þegar komið væri í Kringlumýri smalaði hver sitt land á heiðinni heim til sín. Þeir sem ekki ættu land á heiðinni smöluðu Klausturhólaland niður í Klausturhólarétt. Væri lítið á landið úr Klausturhólajörðinni, sem undan hefði verið skilið við sölu jarðarinnar árið 1992, sem eins konar rekstrarleið að Hólaréttum. Að því er varðaði girðingar á Lyngdalsheiði þá sagði hann að árið 1925 hefði verið girt vestan úr Sogi og austur að Apavatni. Girðingunni hefði verið haldið ágætlega við fyrst í stað, en ekkert frá árinu 1952, en það ár hefðu fjárskiptin farið fram. Hún væri nú fallin niður. Þá hefðu verið engjagirðingar á heiðinni, t.d. frá Búrfelli, en eftir að menn hefðu farið að rækta tún hefði slíkum girðingum ekki verið haldið við. Almennt væru tún jarða, sem liggja að heiðinni, afgirt.

Frá árinu 1976 kvaðst hann hafa tekið að sér að fara á bíl inn á afréttinn norðan Skjaldbreiðar í leitum á haustin. Væri lítið á þetta sem eina og hálfu leit, en áður hefði þurft að senda þangað þrjá menn sérstaklega. Hann hefði oft séð för eftir kindur þarna inn frá en aðeins þrisvar fundið kindur, um það bil þrjár í hvert skipti. Svona hefði þetta verið síðustu 10 til 15 árin. Áður fyrr hefðu fundist þarna, í svokallaðri Lambahlídaleit, allt upp í 8 til 10 kindur. Í einhverjum árum fyrir 1950 hefði þetta svæði ekki verið smalað í fyrstu leit en eftirleitarmenn hefðu alltaf farið þarna um, þ.e. hringinn í kringum Skjaldbreið, og gerðu þeir það enn þann dag í dag. Leitunum væri að öðru leyti skipt í austurleit og vesturleit. Austurleitin væri við Kerlingu og smalaði Skjaldbreið að austan en vesturleitin smalaði hann að vestan. Þessar leitir kæmu fyrst saman í Kringlumýri á þriðja degi en þaðan væri Lyngdalsheiðin smöluð að Klausturhólarétt.

Hann sagði að Grímsnesingar hefðu engin tók á að fylgjast með skotveiðimönnum á afréttinum en of dýrt væri að halda þar uppi einhverri vörslu. Hann sagðist vita til þess að bændur í Grímsnesi hefðu nýtt þetta land til rjúpnaveiða.

Aðspurður kvað hann Grímsneshrepp og fjallskilasjóð hafa lagt fyrsta veginn á afréttinum frá Hofmannaflet inn að Kerlingu. Um 1967 hefði fjallvegasjóður Vegagerðarinnar lagt veginn upp á Miðdalsfjall og inn á Hlöðuvelli sunnan við Skjaldbreið og vestur úr. Um 1980 hefði Landsvirkjun síðan lagt svokallaðan línuveg norðan við Skjaldbreið.

Aðspurður um land úr Laugarvatnsjörðinni, sem lagt var til afréttarins 1917, kvaðst hann halda að bændur á þessum stóru jörðum eins og Laugarvatnsjörðinni hefðu ekki ráðið við smalamennsku á þeim. Þá hefði fé Grímsnesinga gengið á þessu landi og því hefði þótt eðlilegt að Grímsneshreppur keypti landið.

Hann sagði að munnmæli hermdu að menn hefðu deilt um landamerki jarða sinna í Þrasaborgum efst á Lyngdalsheiði. Aðspurður kvaðst hann halda að heimaland jarðanna næði alveg inn í Þrasaborgir.

Hann sagði að afrétturinn hefði breyst geysilega mikið en mikið uppfok væri inn við Tjaldafell.

5. STADHÆTTIR OG GRÓÐURFAR¹

5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður

Kröfussvæði ríkisins er nær allur Grímsnes- og Grafningsafréttur nema landskiki syðst sem Grímsneshreppur keypti úr Laugarvatnsjörðinni. Þá er sneið af Gjabakkalandi innan svæðisins. Afrétturinn er um 394 km² að stærð.² Hann er langur en tiltölulega mjór og er mesta lengd hans frá suður-mörkum norður að jökulrönd Langjökuls um 45 km.

Syðsti hluti kröfussvæðisins er í 150-200 m hæð en þaðan hækkar undirlendið stöðugt er norðar dregur allt upp í 1000-1200 m hæð uppi við jökul. Þórisdalur er í 800-900 m hæð. Upp úr undirlendinu gnæfa fjöll eins og Skjaldbreiður (1060 m), Stóra- og Litla-Björnsfell (964 og 838 m), Prestahnjúkur (1226 m) og Þórisjökull (1329 m).

Berggrunnur mikils hluta svæðisins er basísk og ísúr hraun frá sögulegum tíma eða yngri en 1100 ára. Viðs vegar á svæðinu eru móbergshryggir og fell eins og Hrafnabjörg, Tindaskagi, Langafell og landið umhverfis Þórisjökul. Þessi berggrunnur er frá síðari hluta ísaldar eða yngri en 0,8 milljón ára gamall. Nyrst á svæðinu eru basísk og ísúr goslög (grágrýti) og setlög, einnig frá síðari hluta ísaldar.

Skjaldbreiðarhraun, sem er talið vera meira en 9000 ára gamalt, þekur suður- og miðhluta kröfussvæðisins allt norður undir Lambahlíðar við norðurjaðar Skjaldbreiðar. Þar taka við jökulset, urðir og melar, leirur og fjöll, allt norður að jökulum.

Berggrunnur og landslag ráða miklu um vatnsbúskap lands og þar með einnig um gróðurfar þess. Í heild er berggrunnur Grímsnes- og Grafningsafréttar lekur og yfirborð landsins því þurr. Skjaldbreiðardýngjan er mjög snjópung en sá gróður sem haldist hefur á svæðinu fram á þennan dag er ekki sist snjóalögum að þakka því að þau hafa verndað hann gegn erfiðum veðurskilyrðum.

Á norðurhluta afréttarins og í vestanverðu Skjaldbreiðarhrauni er mikið sandmagn sem berst fram og aftur, en þó einkum suður á bóginn í þurrum norðanáttum, og hleðst upp á suðurhluta svæðisins. Sandurinn sverfur jaðra gróðurlenda og kemur í veg fyrir að land nái að gróa upp. Úr leirum við jökulröndina berast einnig fokefni sem geta kaffært gróður og eytt honum. Fínustu efnin berast lengst og suður yfir byggð.

5.2. Áætlað gróðurfar um landnám og síðari þróun þess

Eftir hæð landsins má skipta Íslandi í þrjú gróðurbelti en þó án skarpra skila: Láglandisbelti að 100-150 m hæð, hlíðabelti að 300-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra hæðarmarka.³ Kröfussvæði ríkisins á Grímsnes- og Grafningsafrétti er nánast allt í efri beltunum tveimur.

Gera má ráð fyrir því að um landnám hafi mestallt land á þessu svæði upp undir 500 m hæð yfir sjávarmáli, þ.e. langleiðina inn undir Þórisjökul, verið þakið nokkuð samfelldum gróðri.⁴ Þar ofan við, upp að 700-800 m hæð, hefur verið dreifður bersvæðisgróður sem hefur orðið því slitróttari sem ofar dró. Enn eru talsverðar breiður af gróðri í þeirri hæð sunnan og austan Þórisjökuls. Hæstu og bröttustu móbergsfjöll á svæðinu hafa verið gróðurlítill um landnám.

Birkiskógur og kjarr hefur verið ríkjandi í gróðurfari láglandisbeltisins og hefur að jafnaði teygst sig upp undir 400 m hæð yfir sjávarmáli þar sem önnur náttúrufarsleg skilyrði, eins og t.d. mikill snjópungi í hlíðum Skjaldbreiðar og skjólleysi, hafa ekki staðið trjávexti fyrir þrifum. Eftir því sem

1 Kafflar 5.1-5.3 eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 191.

2 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1965-1967. Gróðurkort (1:40 000).

3 Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Almenna bókafélagið.

4 Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, 2000. Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands (1:500 000). Hugmynd um gróðurfar á Íslandi við landnám.

ofar dró í hliðabeltinu varð skógurinn lágvaxnari og gisnari og við tók lyng og víðir og ýmsar harðgerar jurtir. Í fjallbeltinu var ríkjandi mosagróður, fléttur og snjóældagróður en við efri mörk þess tók við bersvæðisgróður á því landi sem í daglegu máli er nefnt ógróid.

Landnámsgróður svæðisins var þannig gróskumikill en viðkvæmur fyrir því álagi sem búsetunni fylgdi, þeirri kólnun í veðurfari, sem hófst fljótlega eftir að landið var fullnumið og lauk ekki fyrr en í lok 19. aldar, og áhrifum eldgosa. Þá hafa breytingar í vatnsstöðu uppi við jökul leyst úr læðingi mikið magn jarðefna sem borist hafa yfir afréttinn og spillt honum. Samverkandi áhrif þessara þátta leiddu til mikillar gróðurrýrnunar og síðan til mikillar gróður- og jarðvegseyðingar. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem var skráð fyrir Grímsneshrepp árið 1708,¹ kemur fram að gróðri á þessum afrétti og núverandi Laugardalsafrétti sem voru sameiginlegir Grímsnesi og Laugardal, sem þá voru einn hreppur, hafi þá hnignað svo mjög að jafnvel var hætt að reka sauðfé á hluta hans.

Á síðari árum, sem réttað var í Barmaréttum undir Reyðarbarmi á Laugarvatnsvöllum, voru 15-16 þúsund fjár á afréttinum og ef til vill meira eftir að hætt var að færa frá um 1920.² En síðar var ástand lands á afréttum Þingvallasveitar, Grímsnes- og Laugardalshrepps talið vera orðið svo slæmt að á árunum 1975-1979 lét Landgræðsla ríkisins setja upp nær 59 km langa girðingu þvert yfir þessa afrétti frá austri til vesturs, m.a. til að friða sandfoks- og uppblástursvæðin við Sandkluftavatn, í Skjaldbreið og við Hlöðufell. Þetta varð stærsta landgræðslusvæði landsins, um 43,1 ferkm að stærð. Í kjölfar þessara aðgerða var sáð í ýmis svæði innan hins friðaða lands. Girðingin hefur nú að mestu verið tekin niður.

5.3. Núverandi gróðurfar

Núverandi gróður á kröfussvæðinu á Grímsnes- og Grafningsafrétti er gerólikur þeim gróðri sem klæddi svæðið við upphaf landnáms og sem hér að framan er lýst og framangreindra gróðurbelta gætir lítið í svipbragði landsins. Gróðurþekjan hefur dregist mikið saman vegna beinnar gróður- og jarðvegseyðingar og þekur nú um 170 ferkm lands. Snjóalög á svæðinu hafa öðru fremur spornað gegn enn frekari eyðingu.

Hins vegar hefur einnig orðið mikið tap á þeim landgæðum, sem felast í jarðvegi og gróðri vegna breytinga, sem orðið hafa á tegundasamsetningu, grósku og framleiðslugetu svæðisins síðan um landnám.

Skógur og kjarr, sem áður var svo snar þáttur í gróðurfari svæðisins, vex nú aðeins í takmörkuðum mæli syðst á svæðinu á hrauninu milli Hrafnabjarga og Hrauntúns. Hrafnabjörg, Tröllatindur og Tindaskagi eru að mestu ógróin en að öðru leyti eru á suðurhluta svæðisins allvel gróin hraun, klædd grámosa, fjalldrapa, víði og lyngi. Austan Tindaskaga nær þetta gróðurlendi yfir Þjófahraun norður undir hliðar Skjaldbreiðar en vestan og norðvestan Skjaldbreiðar er það, með mismunandi þéttleika, á víðáttumiklu svæði allt vestur að mörkum kröfussvæðisins.

Hliðar Skjaldbreiðar eru vel grónar og valda því einkum hagstæð snjóalög. Gróður er þéttastur neðan til í hliðunum en verður gisnari þegar ofar dregur. Sunnan, vestan og norðan á dyngjunni er fyrst og fremst um að ræða grasvíðigróður sem endurspeglar mjög þung snjóalög, en sudaustan og austan á henni er starargróður ríkjandi. Nær hann austur yfir mörk kröfussvæðisins og norður undir Tjaldafell.

Norður við Þórisjökul eru dreifðar en allvíðáttumiklar breiður af tegundasnaudum mosa- og snjóældagróðri sem nær allt upp í 800-900 m hæð.

1 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 2. b. Kaupmannahöfn 1918-1921.

2 *Göngur og réttir*. 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1984. S. 271-274 (frásögn Böðvars Magnússonar).

Í heild er gróðurfar á kröfusvæðinu fjölbreytilegt en langalgengustu gróðurlendi eru mosaþembur, lyng- og starmóar. Mjög lítið er þar um votlendisgróður enda er svæðið afar þurrt.

Á hinum miklu sandsvæðum sunnan Þórisjökuls og Langjökuls á sér stað mikið jarðvegsrof. Á gróðurlendinu á afréttinum sunnanverðum er lítið um rof. Ástand jarðvegs á afréttinum í heild er hins vegar talið vera lélegt.¹ Þetta mat á ekki við um ástand gróðurs en Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur, sem fór í vettvangsferð um svæðið í júlímánuði 2001, telur að gróðurrynun á svæðinu sé enn mun meiri en gróðurframfarir af hendi sjálfrar náttúrunnar eða af manna völdum.

5.4. Náttúruminjar

Innan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar eru á náttúruminjaskrá eftirfarandi svæði að meira eða minna leyti, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Skjaldbreiður“, „Þingvellir og Þingvallavatn“, „Laugarmýri og Bauluvatn“, „Kálfshólar, Búrfells- og Hæðarendalækur“, „Kringlumýri“ og „Tintron“, hraunketill sunnan við Stóru-Dímon. Þessi landsvæði njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu afréttarins frá öndverðu til þessa dags.

6.1. Landnám í Grímsnesi

Tveir landnámsmenn eru nefndir í Grímsnesi. Annar þeirra var Ketilbjörn hinn gamli Ketilsson. Í Landnámu (Sturlubók og Hauksbók) segir svo:

Ketilbjörn nam Grímsnes allt upp frá Høskuldslæk ok Laugardal allan ok alla Byskupstungu upp til Stakksár ok bjó at Mosfelli.²

Hinn landnámsmaðurinn hét Grímur. Ekki eru sögð önnur deili á honum en þau að hann hafi verið systursonur Véþorms hersis Vémundarsonar. Grímur fór til Íslands „ok nam Grímsnes allt upp til Svínavatns ok bjó í öndurðunesi fjóra vetr, en síðan at Búrfelli“.³

Einar Arnórsson lýsir landnámsmörkum Gríms á þessa leið:

Suðurmörk landnáms Gríms eru Hvítá svo langt til austurs sem það hefur náð. Og vesturmörkin er Sogið allt upp til Þingvallavatns. Norðurmörkin eru óglögg, en Lyngdalsheiði liggur á því svæði fyrir ofan byggðina. Er Svínavatn undan suðausturhorni heiðarinnar. Austurmörk landnámsins eru mjög óviss, ef það hefur náð til Svínavatns.⁴

Einar bendir einnig á að miðhluti Grímsness hafi legið í landnámi þeirra beggja, Gríms og Ketilbjarnar. Haraldur Matthíasson segir Grímsnes vera mjög vötnum lukt en þó sé ekkert þessara stórvatna nefnt til marka í landnámi Gríms. Þetta kveður hann í samræmi við það sem víðar sé í

1 Ólafur Arnalds o.fl., 1997: *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

2 *Landnámabók*, 1986. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. S. 385.

3 *Landnámabók* 1986, s. 387 (Sturlubók og Hauksbók).

4 Einar Arnórsson, 1950: *Árnesþing á landnáms- og söguöld*. Reykjavík. S. 165.

Landnámu, að nefna ekki mörk ef landnámið eigi sérstakt nafn. Hann vekur enn fremur athygli á því að Höskuldslækur sé um 6 km neðar en uppmörk Gríms, Svínavatn.¹ Um landið milli Höskuldslækjar og Svínavatns mun síðar hafa sprottið deila milli landnámsmannanna beggja sem ekki var útkljáð fyrir en Hrafnkell, hálfbróðir Ketilbjarnar, felldi Grím í hólmgöngu.

6.2. Landnám og upphaf búsetu í Þingvallasveit

Þar sem hluti þess svæðis, sem til umfjöllunar er í máli þessu, var áður hluti Þingvallakirkjulands er óhjákvæmilegt að gera hér grein fyrir landnámi og upphafi búsetu á því svæði.

Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu segir m.a. um Ingólf Arnarson:

Ingólfr fór um várit ofan um heiði; hann tók sér bústað þar sem öndvegissúlur hans höfðu á land komit; hann bjó í Reykjavík; þar eru enn öndugissúlur þær í eldhúsi. En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.²

Í Hauksbók er frásögnin lítið eitt frábrugðin í lokin. Í stað orðanna „milli ok Öxarár, ok öll nes út“ stendur „ok millim Hrannagioll [nes út]“. Hér mun vera misritun fyrir „millim Hramnagjár öll [nes út]“.³ Farvegur Öxarár á tíma landnámsins er talinn hafa legið miðja vegu milli Almannagjár og Brústaða, síðan skammt fyrir austan Kárastaðatún og loks út í Þingvallavatn skammt fyrir austan Skálabrekku.⁴ Eftir frásögn Sturlubókar að dæma hefur landnám Ingólfs því náð að Öxará en ekki yfir vellina þar fyrir austan nema rétt sé frá því greint í Hauksbók að austurmörkin hafi verið Hrafnagjá. „Hramnagjá“ (eða „Hramnagjá“) gæti þó verið misritun fyrir „Hvannagjá“ en úr því verður ekki skorið.⁵

Ólafur Lárusson kvað líklegt að milli landnáms Ingólfs Arnarsonar og Ketilbjarnar gamla í Grímsnesi, sem nam land vestur að Lyngdalsheiði og Hrafnabjargarhálsi, hefði í fyrstu verið almenningur sem enginn taldi sér til eignar.⁶

Nokkrar líkur benda til að búseta hafi snemma hafist á völlum austan Öxarár. Í 3. kafla Íslendingabókar skýrir Ari fróði svo frá að maður nokkur, er nefndur var Þórir kroppinskeggi, hafi gerst sekur um þræls morð eða leysings. Hann átti land í Bláskógum. Það varð síðan allsherjarfé „en þat lögðu landsmenn til alþingis neyzlu. Af því es þar almenning at víða til alþingis í skógum ok á heiðum hagi til hrossahafnar“. Jakob Benediktsson taldi að Bláskógar hefðu táknað svæðið norðan, vestan og sunnan Þingvallavatns og að Þórir hefði búið á jörð þeirri sem síðan var kölluð Þingvöllur.⁷ Af orðum Íslendingabókar verður ekki ótvírætt sú ályktun dregin að allt land Þóris kroppinskeggja með gögnum og gæðum hafi verið gert að allsherjarfé heldur getur einnig falist í þeim að þingmönnum hafi verið heimilt að nýta skóg og hagbeitarland bótalaust. Björn Þorsteinsson virðist a.m.k. ekki hafa verið í vafa um að Bláskógar og síðar Þingvellir (-völlur)⁸ hafi verið mikið land og í einkaeign á miðöldum.⁹

Einar Arnórsson var einnig þeirrar skoðunar að land Þóris hefði verið á milli Almannagjár og

1 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 501.

2 *Landnámabók*, 1986. s. 45.

3 *Landnámabók* 1986, s. 45 (9. nmgr.).

4 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 505. Sbr. Einar Arnórsson 1950, s. 122.

5 Einar Arnórsson 1950, s. 194-195.

6 Ólafur Lárusson, 1930: „Alþingi og Þingvellir.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 4.

7 *Íslendingabók*, 1986. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. S. 8 (2. nmgr.). Almenningar vestri, vestan Kjaransvíkur, eru annað dæmi um að sektarfé hafi verið gert að almenningum (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 154).

8 Nafnið var fyrrum notað í eintölu um þingstaðinn og jörðina en síðar hvarf *r* í eignarfalli Þingvalla í samsetningum og fleirtölumynd nafnsins varð mönnum töm (Björn Þorsteinsson, 1986: *Þingvallabókin. Handbók um helgistað þjóðarinnar*. Reykjavík. S. 60).

9 Sbr. Björn Þorsteinsson 1986, s. 61-62.

Hrafnagjár. Bláskógaheiði hefði hins vegar náð yfir hálandið milli Borgarfjarðar og hraunsins vestanvert við Skjaldbreið að því er virðist sunnan undir Oki og suður um Hallbjarnarvörður eða jafnvel suður undir Kvígindisfell.¹

Fleiri menn en Þórir kroppinskeggi voru kenndir við Bláskóga. Einn þeirra var Grímkell goði, sonur Bjarnar gullbera sem nam Reykjardal syðri (Lundarreykjadal) í Borgarfirði.² Í Harðar sögu og Hólmverja er Grímkell sagður hafa búið að Ölfusvatni en það er eldra nafn á Þingvallavatni. Fyrsti nafngreindi maðurinn sem vitað er með vissu að búið hafi á jörðinni Þingvelli með því nafni var hins vegar Brandur Þórisson og er þá komið fram undir 1200.³ Skömmu síðar bjó á Þingvöllum Guðmundur Ámundason gríss, allsherjagoði og höfðingi mikill.

Rétt er að geta þess að í Ölkofra sögu, sem á að hafa gerst nokkru eftir aldamótin 1000, kemur fram að Þórhallur ölkofri hafi búið „í Bláskógum á Þórhallastöðum“.⁴ Þar er ekki minnst á allsherjarfé til alþingisneyslu en samkvæmt sögunni áttu sex goðorðsmenn skóg, svonefndan Goðaskóg, sem var að því er virðist milli Hrafnabjarga og Ármannsfells, og höfðu þeir keypt hann til þess að hafa til nytja sér á þingi. Ölkofra saga er sköpleikur og háðsádeila og ekki talin á nokkurn hátt trúverðug heimild.⁵

Því hefur verið haldið fram að alþingi hafi verið valinn staður á Þingvelli við Öxará af því að hann lá vel við samgöngum úr helstu héruðum sunnan, vestan og norðan lands.⁶ Enn lifa örnefni sem minna á fornar samgönguleiðir til Þingvalla. Norðlingavegur (eða Norðlendingavegur) nefndist þjóðleið þeirra sem komu úr Vestfirðingafjórðungi og Norðlendingafjórðungi vestanverðum. Hún lá milli Oks og Geitlandsjökuls og tengdist leið Borgfirðinga. Vegurinn upp úr Lundarreykjadal, um Uxahryggi, kom inn á Norðlingaveg þar sem nefnt er í Sæluhúsum á Bláskógaheiði, um 22 km fyrir norðaustan Þingvöll, en úr Reykholtssdal lá leið Borgfirðinga fyrir Ok og tengdist aðalveginum nokkru fyrir norðan Brunna.

Úr Eyjafirði fóru þingmenn Vatnahjallaveg í Kjalhraun, vestan undir Hofsjökli, og þaðan Kjalveg til Haukadals en á Þingvöll var síðan riðið um Hellisskarð og Hlöðuvelli, Eyfirðingaveg, um Goðaskarð og á Hofmannaföt. Þaðan lá leiðin síðan niður á Þingvöll.⁷

Á síðari á öldum voru sagnir um að á þessu svæði hefði snemma myndast byggð. Um þetta ritaði Árni Magnússon eftirfarandi athugasemd í byrjun 18. aldar: „Byggð í kringum Skjaldbreið, byggð fram úr Lundarreykjadal, meinast eyðst hafa í plágu.“⁸ Um landnám í Lundarreykjadal er það eitt vitað sem áður er dregið á að Björn gullberi hafi numið „Reykjardal enn syðra ok bjó á Gullberastöðum“⁹ Ekki er þar minnst á byggð fram úr dalnum.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru höfð eftir munnmæli um að fyrr á tíð hafi verið fjölmennari byggð í Þingvallasveit: „Sagt er að fyrir pláguna stóru hafi í allri Þingvallasveit

1 Einar Arnórsson 1950, s. 211, sbr. 206. Matthías Þórðarson, 1945: *Þingvöllur. Alþingisstaðurinn forni*. Reykjavík. S. 54-55.

2 *Landnámabók* 1986, s. 72.

3 Einar Arnórsson 1950, s. 208-209.

4 Þórhallastaðir voru fyrir löngu komnir í eyði þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Þingvallasveit var gerð 1711. Talið er að Þórhallastaðir, einnig nefndir Ölkofrastaðir, hafi verið skammt fyrir austan Skógarkot (sbr. *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðan Jónsson*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979. S. 186).

5 Vésteinn Ólason o.fl., 1993: *Íslensk bókmenntasaga*. 2. b. Reykjavík. S. 120.

6 Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, 1991: *Íslandssaga til okkar daga*. Reykjavík. S. 33.

7 Matthías Þórðarson 1945, s. 93-94.

8 Árni Magnússon, 1955: „Chorographica Islandica.“ *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta*. Annar flokkur, I.2. Reykjavík. S. 45. Sbr. einnig *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 363. Þar er sagt að fyrir pláguna stóru (sennilega átt við svartadauða 1402) hafi í allri Þingvallasveit verið 50 býli og að Hrafnabjörg hafi þá staðið í miðri sveit.

9 *Landnámabók* 1986, s. 72. Í Þórðarbók Landnámu segir að Björn hafi numið Reykjardal syðri „frá Grímsá ok til Flókadalsár“.

verið 50 býli, og að Hrafnabjörg hafi þá staðið í miðri sveit.¹ Flest þeirra virðast hafa verið á láglendi eða við jaðar þess en þó er rétt að nefna þrjú býli sem fjær lágu, Ólafsvelli, Eiríksstaði og Fífilsvelli. Í sóknalýsingu séra Björns Pálssonar frá 1840 er sérstakur kafli um eyðibýli. Þar nefnir hann m.a. Ólafsvelli sem eiga að hafa verið „í Klukkuskarði, milli Skjaldbreiðar og Tindaskaga“. Hann tekur þó fram að engar rústir hafi fundist eftir þetta býli.² Í Bárðar sögu Snæfellsáss er getið um mann sem Eiríkur hét og bjó „í Skjaldbreið á Eiríksstöðum“. Í Ármanns sögu er hann nefndur „Eiríkur á Eiríksstöðum undir Skjaldbreið“. Þar og í Atla sögu Ótryggssonar eru einnig sögð deili á Ólafi nokkrum á Fífilsvöllum.³ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru Eiríksstaðir sagðir hafa verið „fyrir norðan Mjóafelli [!] á milli og Skjaldbreiðar“.⁴ Pétur J. Jóhannsson frá Skógarkoti, sem ritað hefur um örnefni í Þingvallasveit, telur að í Jarðabókinni sé átt við svæðið milli Skjaldbreiðar og Gatfells, „sem er innsti hluti Innra-Mjóafells og þar tengt Lágafelli“.⁵ Á öðrum stað setur hann fram þá tilgátu að Eiríksstaðir hafi verið „norðvestan í rótum Skjaldbreiðar, nálægt svokallaðri Breiðarfloð“.⁶ Fífilvelli (Fífilsvelli) taldi hann hins vegar hafa verið „norðaustan við Skjaldbreið við hina fornu leið, sem lá milli uppsveita Borgarfjarðar og Biskupstungna og um Hlöðuvelli og Helluskarð og heitir Skessubásaleið“.⁷ Um sögur þær sem hér er vitnað til er það að segja að þær geta ekki talist mjög trúverðugar. Elst þeirra er Bárðar saga Snæfellsáss, rituð á fyrri hluta 14. aldar en Ármanns saga er talin rituð á síðari hluta 18. aldar og Atla saga Ótryggssonar mun varla yngri en frá því um 1800.⁸

6.3. Björk

Björk var eign Skálholtsstóls samkvæmt jarðabók 1597. Hún var talin 21 hndr. og 160 álnir árið 1686 en 18 hndr. og 40 álnir árið 1695.⁹ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1708) er dýrleikans ekki getið en eftir landskuldinni að dæma hefur hann verið óbreyttur frá 1695.¹⁰ Jörðin var seld prófastinum Halldóri Finnssyni á stólsjarðauppboði 18. júní 1790. Hún var þá metin á 28 hndr. og 40 álnir.¹¹ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er hún skráð 21 hndr.¹²

Landamerkjabréf jarðarinnar var undirritað 1. júní 1886 og samþykkt vegna jarðanna Klausturhóla, Minniborgar, Stóruborgar, Þóroddsstaða, Stærrabæjar, Sveinavatns og Brjánsstaða. Bréfinu var þinglýst 24. júní sama ár:

Syðsta þúfa á Skógarholti er hornmark milli jarðanna Stóruborgar, Klausturhóla og Bjarkar; þaðan sjónhending í stóran stein (Stóristeinn) austarlega á „Langamel“; þaðan sjónhending í þúfu, sem er

1 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 363.

2 *Árnessýsla 1979*, s. 192.

3 *Íslendinga sögur*. 3. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. (Bárðar saga Snæfellsáss.) [Reykjavík] 1953. S. 318. *Íslendinga sögur*. 12. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. (Ármanns saga.) [Reykjavík] 1953. S. 440, 445. *Íslendinga sögur*. 4. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. (Atla saga Ótryggssonar.) [Reykjavík] 1953. 470.

4 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 363.

5 Pétur J. Jóhannsson: *Þingvallabankar & lýsing eyðibýla ásamt örnefnaskrá*. [Fjölrit án útgst. og árs.] S. XXII.

6 *Sunnlenskar byggðir*. 3. b. *Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur*. Búnaðarsamband Suðurlands, 1983. S. 181.

7 *Þingvallabankar...*, s. XXIII.

8 *Íslendinga sögur 3*, s. VIII. *Íslendinga sögur 4*, s. X. *Íslendinga sögur 12*, s. XIII-XIV.

9 Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 114.

10 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 340.

11 Skjöl nr. 57 og 78.

12 *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, úgripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 71. *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 25.

fyrir ofan austasta Lyngdalsmýraroddann. Þessi þúfa er hornmark milli Klausturhóla, Bjarkar og Þór-oddsstaða. Þaðan sjónhending í þúfuna í Stelpuhæð, sem er hornmark milli Bjarkar, Þór-oddsstaða og Svinavatns; þaðan sjónhending í þúfuna í Stóruhólalæð; úr þeirri þúfu aptur sjónhending í þúfuna á Miðmarkahrigg; sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Svinavatns og Stærribæjar; úr þeirri þúfu aptur sjónhending í þúfuna á „Smalaskála“, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Stærribæjar og Brjánsstaða; þaðan sjónhending í þúfuna á Hlauphól, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Minniborgar og Stóruborgar, þaðan sjónhending í fyrstnefnda þúfu á Skógarholtum.¹

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á jörðinni Björk frá því hennar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.²

6.4. Búrfell

Í máldaga sem með nokkurri óvissu er talinn frá 1269 segir um kirkjuna á Búrfelli að hún sé helguð með guði Mariu drottningu, Blasíusi biskupi og Þorláki biskupi og eigi heimaland hálf. Ekki er þess getið hver eigi hinn helming heimalands en tekið fram að biskup eigi forræði kirkjujár sem nánar er tilgreint í máldaganum. Þar virðist einvörðungu um að ræða lausamuni og kirkjugripi.³ Í Vilkinsmáldaga frá 1397 er ekki minnst á þetta forræði biskups.⁴ Í máldaga sem talinn er frá árunum 1553-1554 er komist svo að orði að kirkjan á Búrfelli eigi hálf heimaland og síðar er bætt við: „hun er Skalholtz eign“.⁵ Frá lokum 16. aldar var Búrfell leigujörð Skálholtsstóls.⁶ Það bendir til að biskupsstóllinn hafi átt kaupahlutann og síðan öðlast forræði yfir jörðinni allri.

Í jarðabókunum 1597, 1686 og 1695 er Búrfell skráð sem eign Skálholtsstóls og einnig í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1708). Búrfell var talið 33 hndr. og 80 álnir árið 1686 en 33 hndr. og 40 álnir árið 1695.⁷ Þegar jörðin var seld á stólsjarðauppboði 29. sept. 1794 var hún metin á 47 hndr.⁸ Samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 var Búrfell 47 hndr. að dýrleika. Þar er einnig nefnd hjáleigan Búrfellskot og mun hennar fyrst getið í jarðabók 1803.⁹ Hún mun vera sama hjáleiga og nefnd er Suðurhjáleiga í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.¹⁰ Í Nýrri jarðabók 1861 er Búrfell ásamt hjáleigunni talið 41,7 hndr. að dýrleika.¹¹

Landamerkjabréf Búrfells var undirritað 20. október 1884 og samþykkt vegna Ásgarðs, Efribrúar, Miðengis, Hæðarenda og Klausturhóla. Bréfið var þinglesið 6. júní 1885:

Úr þúfu í Þrengslás (sem skal endurbyggjast) bein stefna norður í há Grensás, og áframhaldandi bein stefna í stein þann sem stendur á Nónhólataglinu, svo í klett þann sem stendur austan undir Tjarnarhólum og nefndur er „Hestur“, þaðan í Gildruhólinn, svo í Hnifhól, þaðan bein stefna um Sauðadalinn í Gilfarveg, sem liggur niður úr Búrfellsfjalli úr vatninu á Vatnsásnum. Úr Vatnsásnum áframhaldandi

1 Skjal nr. 71.

2 Skjal nr. 219. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 128.

3 *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 63.

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 90.

5 *Íslenskt fornbréfasafn*. 12. b. Reykjavík 1923-1932. S. 661.

6 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*. Reykjavík 1919-42. S. 283.

7 Björn Lárusson 1967, s. 115.

8 Skjöl nr 56 og 57. Dagsetningin er í skjali nr. 57 sem er samantekt Páls Lýðssonar. Skv. annarri heimild var jörðin seld 8. sept. 1798 (*Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984*. II. Skrár. Október 1992. S. 77). Þar er miðað við útgáfudag sölubréfs konungs (sbr. einnig *Jarðatal* 1847, s. 420).

9 *Jarðatal* 1847, s. 71.

10 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 134.

11 *Ný jarðabók* 1861, s. 25.

bein stefna í vestar Gilklöfann sem liggur ofan úr norðari Búrfellsfjallsenda vestur að austari brún á Búrfellshálsi, þaðan yfir Búrfellsdal upp eptir Lingdalsheiði Klapparhólinn við efri Beinugrófarendu, og þaðan í Prasaborgir, þaðan aptur til suðurs í Markagil sem liggur vestan við Lingbrekku, þaðan bein stefna í norðurendann á Grænugróf, svo eptir miðri Grænugróf og þaðan í Berjaholtalæk, svo ræður hann til Búrfellslækjar, svo ræður hann (Búrfellslækur) til áðurnefnds Þrengslaáss.

Hér að auki tilheyrir jörð þessari svo kallaður „Hólmi“ fyrir sunnan Búrfellslæk, sem er afmarkaður í suðursíðuna með gömlum lækjarfarveg.

Þar að auki á jörðin skógarítak í Miðengislandi sem liggur innan þeirra ummerkja er nú skal greina: Frá kirkjuvaðinu á Búrfellslæk suður vestari kirkjugötuna suður á hraunbrún, svo ræður brúnnin til landnorðurs í Kálfshóla, þaðan bein stefna norður í Búrfellslæk.

Þar á móti á jörðin Miðengi slægjuítak, sem kallað er „Ítala“, sem er þríhyrnd spilda síðst við Búrfellslæk, sem takmarkist að austanverðu af litlum farveg sem liggur til vesturs, þvert yfir lækjarbakkann, og þaðan ræður bein stefna vestur í klett í hrauninu.

Landamerki þessi sem eru samþykkt og undirskriftuð af eiganda téðrar jarðar og öllum umráðamönnum kringumliggjandi jarða, skulu héðan í frá öröskuð standa.¹

Árið 1939 stofnuðu þeir bræður Páll og Halldór Diðrikssynir tvíbýli á jörðinni, Búrfell I og II. Skiptu þeir húsum, túnnum og engjum en annað land er óskipt. Nýbýlið Búrfell III stofnaði Böðvar Pálsson árið 1963. Það er á hálfu landi jarðarinnar Búrfells II eða ¼ hluta alls Búrfells.²

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Búrfelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.³

6.5. Efri-Brú og Brúarholt

Í þessum kafla verður fjallað um jörðina Efri-Brú en jafnframt vikið að býlinu Brúarholti sem stofnað var á ofanverðri 20. öld. Á Efri-Brú var kirkja á miðöldum og átti samkvæmt Vilkinsmáldaga 1397 10 hundruð í heimalandi.⁴ Jörðin er sögð í einkaeign í heimildum frá 17. öld og metin á 30 hundruð í jarðabókum 1686 og 1695.⁵ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1708) og einnig í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin skráð 34,1 hundrað. Kirkjan (bænhúsið) á Efri-Brú mun líklega hafa niður fallið um miðja 17. öld.

Landamerkjabréf Efri-Brúar var undirritað 4. maí 1887 og samþykkt vegna jarðanna Kaldárhöfða, Syðri-Brúar og Búrfells. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi sumarið 1887 (staðar og dagsetningar er ekki getið):

Millum landa Efri-Brúar og Syðri-Brúar liggja landamerkin úr Soginu eptir Kaldalæk einum, er rennur í Sogið fyrir sunnan Ljósafoss og ræður sá lækur upp að krók þeim er á honum er fáum föðmum neðar en hann greinist og hverfur í tvær keldur. Úr þessum krók á læknum ræður bein lína austur yfir

1 Skjal nr. 39.

2 Sbr. skjal nr. 219 (samningurinn var gerður 1938 og honum þinglýst 1939). *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 134-135. Nafntökuleyfi Búrfells III var þinglýst 4. maí 1971 (skjal nr. 219).

3 Skjal nr. 219. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 133-135.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 63. *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 91.

5 Björn Lárusson 1967, s. 115.

Hallinn til Draugagils; þá ræður gilið mörkum norðan við nyrðra Hallvelli til Brúarár gengt Gunnlögs-lækjarminni í Svartabakka austan við ána; frá Gunnlögslæg í Svartabakka ræður bein stefna í Dag-málagil við Búrfellsrætur, og eptir því gili upp eptir fjallshlíðinni, og efst úr gljúfri þess beina stefnu í Vatnsás upp á Búrfelli.

Millum Efri-Brúar og Búrfells úr áðurnefndum Vatnsás, í sömu stefnu í vestari gilklofann, sem liggur úr norðari Búrfellsfjallsenda, vestan við eystri brún á Búrfellshálsi. Þaðan yfir Búrfellsdal upp eptir Lingdalsheiði á Klapparhólinn í efri Beinugrófarendu og þaðan í Þrasaborgir.

Millum Efri-Brúar og Kaldárhöfða, úr miðjum Stapanum, við Sogið, norðanvert við dæluna, beina stefnu í há-Moldásarenda vestri, og ræður Moldás upp hjá stórum steini (Dagmálasteini) sjónhending norðan til við Kaplamýri í steina tvo sem eru vestan til á brúninni á Brúarskyggir og þaðan bein stefna í áðurnefndar Þrasaborgir.

Þessi landamerki, sem eru samþykkt og undirskrifuð af öllum eigendum og umráðamönnum jarðarinnar, Efri-Brúar og allra kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.¹

Árið 1958 var stofnað nýbýlið Brúarholt í landi jarðarinnar Efri-Brúar. Óskipt land jarðanna Efri-Brúar er ¹¹/₃₂ og Brúarholts ⁷/₃₂.²

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Efri-Brú frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.³ Í því sambandi má geta þess að árið 1932 keypti Raftækjaverslun Íslands öll vatnsréttindi sem tilheyrðu Efri-Brú, frá landamerkjum Efri-Brúar og Kaldárhöfða að ofan, í Úlfjótuvatni og Soginu, niður að landamerkjum Efri-Brúar og Syðri-Brúar milli Ýrufoss og Ljósafoss, að neðan. Reykjavíkurbær keypti þessi sömu vatnsréttindi með samningi 20. desember 1935.⁴

6.6. Hæðarendi

Hæðarendi (Hægindi) var eign Skálholtsstóls þegar jarðarinnar er fyrst getið í heimildum en seld Ólafi nokkrum Árnasyni árið 1553 í skiptum fyrir jörðina Tungu í Grafningi.⁵ Jörðin komst aftur í eigu Skálholtsstóls 1586 en gekk síðar til erfingja Odds biskups Einarssonar og var eftir það bændaeign.⁶ Árið 1686 var jörðin talin 20 hndr. að dýrleika en 15 hndr. árið 1695.⁷ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns (1708) er jörðin sögð 16 hndr. Þar er þess einnig getið að jörðin heiti Hægende (í fleirtölu) í gömlum bréfum og sé almennt enn kölluð svo.⁸ Jarðardýrleikinn var óbreyttur, 16 hndr., í Jarðatali Johnsens 1847 en 18,6 hndr. samkvæmt Nýrri jarðabók 1861.

Varðveitt er afrit af áreiðarbréfi frá 1586 þar sem lýst er eignum og ítökum Hæðarenda:

Það gjörum vér eftirskrifaðir menn, Jón Jónsson p., Stefán Gunnarsson ráðsmann, Jón Gíslason lög-réttumann, Snorri Jónsson og Ólafur Arnþórsson góðum mönnum kunnigt með þessu voru opnu bréfi að á miðvikudaginn eftir Maríumessu enu fyrri þann 17. augusti vorum vér viðstaddir í ferð og sam-

1 Skjal nr. 21.

2 Sbr. skjal nr. 22 (a). Í *Sunnlenskum byggðum* 3 (s. 137) segir að Brúarholt sé 7/16 af öllu landi Efri-Brúar.

3 Skjöl nr. 26, 219. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 136-137.

4 Skjal nr. 219 (dags. þinglýsingar kemur ekki fram).

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 533.

6 Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 6. b. Reykjavík 1933-1940. S. 464.

7 Björn Lárusson 1967, s. 115.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 343.

reið þá þann góði mann, Ólafur Árnason, afhenti herra Gísla Jónssyni jörðina Hægindi eftir þeirra kaupbréfi og með öllum þeim ummerkjum sem greindri jörðu fylgir og fylgt hefur og Ólafur vissi sönnust vera eftir gamallra manna sögn og lýsingu sem var Gestur Pálsson hver að í 40 ár hafði búið á Hægindum og svo hans sonur, Gvendur Gestsson, hver þar hafði uppalist. Í fyrstu hóf Ólafur sína reið frá fjárhellirinum austan undir Hægindatúni og upp með læknum allt í Baulversvatn og sjónhending úr ósmynninu inu neðra í þann ós fyr ofan vatnið, sem rennur úr Hrólfsgili, og svo úr ósmynninu efra og sjónhending á efra gilsbarminn á Hrólfsgili, sjónhending þaðan og í Grenjabrekkur er liggur fyrir austan Puntamýri [Puntamyre, hdr.], sjónhending þaðan í stein þann sem stendur fyrir vestan Lyngbrekkur á gilsbarminum vestara, sjónhending þaðan og suður í Grænugróf og svo síðan ofan með þeim öllum læk sem rennur í millum Hæginda og Búrfells, allt ofan í kringum Grásteinsvöllu, allt fram í odda þar sem mætast lækirnir, sá sem rennur ofan hjá Hægindum fyrir austan en Búrfellslækur fyrir vestan og svo upp með þeim læk öllum sem kallast Kálfhólalækur og allt upp að Hægindahelli, þar Ólafur hóf upp sína reið. Ítem lýsti Ólafur að Hægindi ætti torfskurð í Hægindamýri fyrir vestan Hóla, en Hólar ættu mánaðarbeið í Lyngbrekku í annað mál. ...¹

Landamerkjabréf Hæðarenda var undirritað 24. maí 1885 og samþykkt vegna Miðengis, Klausturhóla og Búrfells. Bréfið var þinglesið 6. júní 1885:

Frá syðstu hæðinni á Þrasaborgum beina stefnu í Nýpuhól austast í Lingbrekkum, þaðan í Gálgagil, og eptir þeim vatnsfarveg sem úr því er niður í Bauluvatn, þá eptir læknum sem úr því rennur (Hæðarendalæk) heilt af út fyrir Kálfs hóla, þaðan eptir gömlu lækjarfari, sem byrjar við lækinn að sunnanverðu og eptir því út í Búrfellslæk, þá eptir honum uppað gömlu lækjarfari að sunnanverðu við lækinn og eptir því þar til það liggur aptur að læknum, og þá eptir læknum aptur upp að lækjarmótum, þaðan eptir vestri læknum sem nefndur er Berjaholtalækur, eptir honum til enda, og þá eptir vatnsfarveg uppaf honum uppi Grænugróf, eptir henni miðri til enda, þaðan beint á fyrstnefndan stað við Þrasaborgir.²

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Hæðarenda frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.³

6.7. Kaldárhöfði

Kaldárhöfði var eign biskupsstólsins í Skálholti á 16. öld. Hann var talinn 11 hndr. og 160 álnir árið 1686 en 13 hndr. og 40 álnir árið 1695. Jörðin virðist hafa rýrnað nokkuð að landgæðum þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð 1708 því að þá hafði landskuld lækkað úr 80 álnum í 60 álnir. Leigukúgildum hafði einnig verið fækkað úr fimm í fjögur sökum skriðufalla.

Kaldárhöfði var metinn á 12 hndr. og 40 álnir þegar hann var seldur Bessa Sigurðssyni í Klausturhólum á stólsjarðauppboði 18. júní 1790. Dýrleikinn var óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 og var jörðin þá enn skráð bóndaeign. Í Nýrri jarðabók (1861) er Kaldárhöfði sagður hafa verið 10 ¹/₃ (þ.e. 10 hndr. og 40 álnir) að fornu mati og mun þar hafa verið farið eftir umsögn hreppstjóra.⁴ Samkvæmt nýju mati var jörðin 11,1 hndr. að dýrleika.

Landamerkjabréf Kaldárhöfða var undirritað 3. maí 1884 og samþykkt vegna jarðanna Efri-

1 Skjal nr. 190 (6).

2 Skjal nr. 49.

3 Skjal nr. 219. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 132.

4 *Ný jarðabók* 1861, s. 25. Sbr. *Jarðatal* 1847, s. 71, 9. nmgr.

Brúar og Miðfells. Kaldárhöfði var þá orðinn eign Grímsneshrepps. Landamerkjabréfið, sem þinglýst var 24. maí 1884, er á þessa leið:

Að norðanverðu í miðjann Sprænutanga hinn háa og þaðan beina stefnu í gil það í Driptinni er Stóra skriða kemur úr; verður þá línan sunnan til við svokallaða Brik, sem er í Miðfelli og norðan til við Hraunskignir, sem er í Kaldárhöfðalandi, svo úr Stóruskriðugili beina stefnu í miðborgina í Þrása-borginn. En að sunnanverðu, úr Stapanum miðjum norðanvert við Dæluna beina stefnu í há Moldásar-enda vestri og ræður Moldás upp hjá stórum steini (Dagmálasteini) sjónhending norðan til við Kapla-mýri í steina tvo sem eru vestan til í brúninni á Brúarskignir og þaðan beina stefnu í áður nefnda Þrása-borg.¹

Árið 1896 seldi Grímsneshreppur Kaldárhöfða í makaskiptum fyrir afréttarland Þingvallakirkju og er hér vísað til þess sem um það er sagt í kafla nr. 6.11.2.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Kaldárhöfða frá því að jarðarinnar er fyrst getið og að hún hafi framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett fram til þess tíma er Grímsneshreppur eignaðist jörðina.

6.8. Klausturhólar og Hallkelshólar I og II

Í þessum kafla verður fjallað um jörðina Klausturhóla en jafnframt vikið að býlunum Hallkels-hólum I og II sem stofnuð voru um miðbik 20. aldar.

Klausturhólar voru kirkjujörð og nefndust fyrr á öldum Hólar. Í máldaga Vilkins biskups frá 1397 er greint frá því að kirkjan eigi 20 hndr. í heimalandi. Sama kemur fram í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570.² Klausturhólar voru 40 hndr. að dýrleika samkvæmt jarðabókinni 1686 en 30 hndr. árið 1695 og skýrist þessi munur sennilega af landspjöllum. Eftir þessu að dæma hefur kirkjan átt helming í heimalandi.

Í fyrrnefndum máldaga Gísla Jónssonar er ekki minnst á það hver eigi heimalandið til móts við kirkjuna. Í jarðabók frá 1597 eru Klausturhólar skráðir sem eign Skálholtsstóls, en í heimild frá svipuðum tíma (1569) eru Hólar taldir með jörðum Viðeyjarklausturs (þaðan er nafnið *Klausturhólar* komið).³ Kaupahluti jarðarinnar hefur þannig verið „innlimaður“ í jarðagóss klaustursins. Konungur eignaðist Klausturhóla eftir siðaskipti, eins og aðrar klausturjarðir. Árið 1652 gaf konungur út tilskipun um stofnun holdsveikraspítala á Klausturhólum og þremur öðrum jörðum.⁴ Spítalahald á Klausturhólum virðist hafa að mestu lagst af áður en Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð 1708 en í stað landskuldar var áskilin „forsorgun eins spítelsks ómaga“.⁵

Þegar stólsjarðauppboðið fór fram í lok 18. aldar voru Klausturhólar boðnir upp á 50 hndr. og 240 álnir þó að jörðin væri sögð 75 hndr. Ekkert tilboð fékkst.⁶ Með konungsleyfi 31. júlí 1801 var kirkjan á Snæfoksstöðum lögð niður sökum örbirgðar og eignir hennar seldar á opinberu uppboði en í hennar stað var kirkjan á Klausturhólum gerð að sóknarkirkju.⁷ Eftir það voru Klausturhólar skráðir sem beneficium (staður) eins og Snæfoksstaðir höfðu áður verið (sbr. Jarðatal Johnsens 1847).⁸ Í Nýrri jarðabók 1861 er dýrleiki Klausturhóla ásamt Hólakoti færður úr 75 hndr. í 35,7 hndr.⁹

1 Skjal nr. 14. Sbr. skjal nr. 215.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 90. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 646.

3 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, s. 283. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 79.

4 Sbr. Björn Lárússon 1967, s. 170 (22. nmgr.). *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 245-246.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 342. Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 490.

6 Skjal nr. 57.

7 *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 520-522.

8 Sbr. *Jarðatal* 1847, s. 71.

9 *Ný jarðabók* 1861, s. 25.

Árið 1830, 20. júní, lögfesti Jón Jónsson landamerki Klausturhóla:

Eptir skriflegum og munnlegum vitnisburðum þeirra gamalla manna, sem verið hafa á Klausturhólum og þar í grend sem kunnugir og minnugir sömuleiðis eptir máldögum kirkna og Árna Magnússonar jarðabók lögfesti eg undirskrifaður Klausturhólaland með þess gögnum og gæðum engium og ítökum til lands og vatns innan hjer tjeðra landamerkja, sem eru að norðan úr Þrasaborgum sjónhending austur eptir því hæðst liggjandi upp á Löngubrekkum og í hæðsta og austasta melinn á Hrólfshólahálsinum og í gilið, sem þar byrjar neðan undir og rennur ofan á Sláttuflöt, sjónhending aptur úr því gili í þúfuna eður giljaklafana austur af Lingdalsmýraroddanum, sem er hornmark á Klausturhólalandi, en Bjarkarland tekur við að sunnan, og ráða þar mörkum litlu holtin milli Lingdalslækjanna og sjónhending í stóra steininn austarlega á Langamel og þaðan stefnu í þúfurnar á Skógarholti til þeirrar syðstu, þaðan aptur sjónhending í Tvíbytnuna í Ljósavíki, ræður svo lækurinn úr henni í Engjatungulækinn, þá úr Markakeldu, sem er á vestri lækjarbakkanum á straxnefndum Engjatungulæk og sjónhending eptir þeim vörðum sem eru á Háfaleyti sömu stefnu neðan undir Hústóptinni í Arnahreysi, sem er hornmark, og þaðan aptur sjónhending í Gráhellu, þaðan stefnu í vörðuna á Kálfshólakeri og sömu stefnu norður í lækinn, ræður svo Hæðarendalækur mörkum og Bauluvatn, síðan Hrólfsgil upp undir miðja Nípuhólsflöt, þá sjónhending í miðjan Nípuhól og sömu stefnu upp í Þrasaborgir. Sömuleiðis á kirkjan skógarhögg í Miðengislandi til eldiviðar. Fyrirbýð eg einum og sjerhverjum að hagnýta sjer, yrkja eður yrkja láta Klausturhólaland innan hjer tjeðra landamerkja nema mitt lof eða leyfi hafi, undir fullkomnar bætur sem lög til segja.¹

Svipaðar lögfestur eru frá árunum 1842 og 1846.²

Landamerkjabréf Klausturhóla með tilheyrandi hjáleigu var undirritað 3. júní 1890 og samþykkt vegna jarðanna Hæðarenda, Stóruborgar, Neðra-Apavatns, Vaðness, Snæfoksstaða og Foss. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi að Stóruborg 6. júní 1890:

Milli jarðanna Klausturhóla og Neðraapavatns eru þessi merki: Þrasaborgir hornmark, þaðan bein stefna í þúfu, sem er fyrir ofan austasta Lyngdalsmýrar oddan, þess þúfa er hornmark milli Klausturhóla og Bjarkar.

Milli Klausturhóla og Bjarkar eru þessi merki: næstnefnd þúfa og úr henni sjónhending í stóran stein (Stóri-Steinn) austarlega á Laugamel, þaðan sjónhending í syðstu þúfu á Skógarholti, sem er hornmark milli jarðanna Klausturhóla, Bjarkar og Stóruborgar.

Milli Klausturhóla og Stóruborgar eru þessi merki: úr áðurnefndri þúfu á Skógarholti sjónhending í Tvíbytnu í Ljósavíki, þaðan ræður Tvíbytnulækur og Engjatungulæk.

Milli Klausturhóla og Foss eru þessi merki: Markakelda, sem er vestri bakka Engjatungulækjar; úr Markakeldu sjónhending í Arnahreysi, sem er hornmark milli Klausturhóla, Foss og Hraunkots.

Milli Klausturhóla, Hraunkots og Vaðness eru þessi merki: Úr áðurnefndu Arnahreysi í Gráhellu.

Úr Gráhellu er bein stefna í vörðuna á Kálfshólakeri þaðan sama bein stefna í Hæðarendalæk.

Svo ræður Hæðarendalækur mörkum uppi Bauluvatn, úr Bauluvatni ræður Hrólfsgil upp undir miðja Nýpuhálsflöt, þá sjónhending í miðjan Nýpuhól og úr honum sama stefna í fyrstnefndar Þrasaborgir.³

1 Skjal nr. 190 (5).

2 Skjal nr. 190 (8-10).

3 Skjal nr. 60.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Klausturhólum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.¹ Í því sambandi má geta þess að árið 1917 voru Klausturhólar seldir ábúanda jarðarinnar, Magnúsi Jónssyni, samkvæmt ráðherrabréfi og lögum nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða. Klausturhólar voru seldir Grímsneshreppi með afsali sem undirritað var 4. september 1986 (þingl. 20. október). Sex árum síðar, 9. maí 1992, seldi hreppurinn ábúendum Klausturhóla jörðina til eignar en undanþeginn við sölu var Rauðhóll með þriggja hektara spildu. Jörðin var þó ekki öll seld því að samkvæmt afsalinu náðu mörk hins selda lands ekki lengra en „í há Nýpuhól, þá hugsast bein lína í stóran stein austarlega á Langamel sem er hornmark Klausturhóla, Hallkelshóla og Bjarkar“.² Landið þar fyrir ofan var því áfram eign hreppsins.³ Býlin Hallkelshólar (I og II) voru stofnuð þar sem áður var hjáleigan Hólakot. Hallkelshólar I fengu nafntökuleyfi 1943 en Hallkelshólar II árið 1959.⁴

6.9. Neðra-Apavatn

Kirkja var að Neðra-Apavatni á miðöldum. Í máldaga sem talinn er vera frá um 1220 segir að Mariukirkja að Apavatni eigi 10 hndr. í heimalandi.⁵ Ekkert er hins vegar minnst á eignarhlut kirkjunnar í Vilkinsmáldaga 1397.⁶ Í jarðabók frá lokum 16. aldar er Neðra-Apavatn skráð sem eign Skálholtsstóls og svo er einnig í jarðabókum eftir þann tíma. Í jarðabókum 1686 og 1695 er jörðin talin 40 hndr. að dýrleika svo að kirkjan hefur ekki átt nema fjórðung í heimalandi.⁷ Ef miðað er við landskuld virðist dýrleiki jarðarinnar hafa verið óbreyttur í byrjun 18. aldar (1708) þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð. Þá var kirkjan þar fyrir löngu horfin.⁸

Neðra-Apavatn var metið á 55 hndr. og 40 álnir þegar það var selt á stólsjarðauppboði 23. febrúar 1791.⁹ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin talin 30,5 hndr.

Landamerkjabréf Neðra-Apavatns var undirritað 2. júní 1890 og samþykkt vegna Þóroddsstaða, Efra-Apavatns, Bjarkar, Klausturhóla og Mosfells. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi á Stóru-borg 6. júní sama ár:

Úr Apármynni svo lengi sem Apaá ræður, fyrir norðan efra Smiðjuholt og úr áarbotninum þar beint í Stórhól og þaðan sjónhending í Þrasaborgir, úr Þrasaborgum sjónhending í „Markholt“ í þúfu á því, vestan undir nyrsta odda á Lingdalsmýrum, úr Markholti í þúfu á syðstu Lingdalshæð, þaðan sjónhending í þúfur á Melhól, mið Hoffmannahól, nyrsta Tjaldhól og beint í Morulækjarmynni, sem fellur í Stangarlæk, og ræður svo sá lækur merkjum út í Apavatn, sem svo ræður í fyrstnefnt Apármynni.¹⁰

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Neðra-Apavatni frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

1 Sbr. skjöl nr. 61 (a-h), 65, 219.

2 Sbr. skjöl nr. 61, 64 og 65. Afsalinu var þinglýst 15. júlí sama ár.

3 Sbr. skjal nr. 63 (a).

4 Skjal nr. 61 (3).

5 *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857-76. S. 405.

6 *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. s. 91.

7 Björn Lárusson 1967, s. 114.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 325.

9 Skjal nr. 98. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 80.

10 Skjal nr. 92.

6.10. Þóroddsstaðir

Þóroddsstaðir voru eign Skálholtsstóls samkvæmt jarðabók 1597. Jörðin var nálægt 22 hndr. að dýrleika samkvæmt jarðabókunum 1686 og 1695.¹ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1708) er tekið fram að jörðin kallist almennt „Þórustadir“ þótt aðrir segi rétt nafn vera „Þóroddzstadir“. Jörðin var seld ábúanda á uppboði stólsjarða 18. júní 1790. Hún var þá metin á 32 hndr. og 40 álnir.² Þetta jarðamat er óbreytt í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin talin 23,8 hndr. að dýrleika.

Landamerkjabréf Þóroddsstaða er frá 15. maí 1885 og samþykkt af „eigendum og umráðamönnum allra kringumliggjandi jarða“. Bréfinu var þinglýst 6. júní sama ár:

Að norðanverðu úr Morulækjarminni vestur í þúfu á norðasta Tjaldhól, þaðan beina stefnu í þúfu á mið Hofmannahól, þaðan áfram haldandi stefna um Melhól í þúfu norðast í syðstu Lingdalsshæð beint í hornmark millum Klausturhóla og Neðra-Apavatns. Að austan og sunnan ræður Stangarlækur úti Áttungslækjarminni, þaðan bein stefna út í syðstu þúfu á Stelpuhæð, þaðan sjónhending í opinn Lingdalslæk fyrir austan Lingdal, þaðan bein stefna í áðurnefnt hornmark.

Þessi skráðu landamerki sem eru undirskrifuð af eiganda Þóroddsstaða og eigendum og umráðamönnum allra kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.³

Fjórir menn rituðu nöfn sín undir bréfið en um jarðir þeirra er ekki getið. Af samanburði við önnur landamerkjabréf má þó ráða að þeir hafi verið fulltrúar þessara jarða: Þóroddsstaða (Árni Guðmundsson), Neðra-Apavatns (Guðjón Vigfússon), Svínavatns (Guðmundur Guðmundsson) og Bjarkar (Jónas Sigvaldason).

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Þóroddsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁴

6.11. Grímsnesafréttur

6.11.1. Saga og nýting Grímsnesafréttar

Í þessum kafla verður rakin saga og nýting Grímsnesafréttar að fornu og nýju en fyrst vikið að skiptingu afréttarins sem átti sér stað þegar Grímsneshreppi hinum forna var skipt og Laugardalshreppur stofnaður.

Í maí 1905 barst Stjórnarráði Íslands bréf frá sýslumanni Árnassýslu og fylgdi því erindi hreppsnefndar Grímsneshrepps um skiptingu hreppsins í tvö sveitarfélög. Stjórnarráðið féllst á þessi til-mæli með bréfi 21. nóvember sama ár og var þar tekið fram að mörkin milli hinna nýju hreppa skyldu verða „Apá, Apavatn og Hagaós, og nefnist efri hlutinn Laugardalshreppur, en syðri hlutinn haldi nafninu Grímsneshreppur“. Skipting hreppsins fór fram 1906 og var ákveðið að $\frac{3}{4}$ hlutar allra eigna, skulda og sveitarþyngsla skyldu falla til Grímsneshrepps en $\frac{1}{4}$ til Laugardalshrepps.⁵

Á fundi hreppsnefnda Grímsnes- og Laugardalshreppa 12. maí 1920 var að fullu komist að niðurstöðu um skiptingu afréttarins milli hreppanna:

Kálfstindar ráða inn að Skifilfjallahorni, þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Langafell, þaðan í svartan hnjúk vestan í Langjökli inn af Jökulkróknum.⁶

1 Björn Lárusson 1967, s. 114.

2 Skjal nr. 89.

3 Skjal nr. 81.

4 Skjal nr. 219. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 120.

5 Skjal nr. 226.

6 Skjal nr. 195. Sbr. *Göngur og réttir*. 2. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1984. S. 253.

Samþykkt þessi var þinglesin að Minniborg 27. júní 1922.

Hér kemur skýrt fram að Grímsnesingar miðuðu norðausturmörk afrettar síns við jökulrætur, þ.e. fyrir norðan Skjaldbreiðarsvæðið eins og það er afmarkað í landamerkjabréfi Þingvalla.

Ásmundur Eiríksson, oddviti Grímsneshrepps, lýsti landamerkjum afrettarins árið 1975 með þessum orðum:

Úr vestasta Hróðurkarli um Fremra Sandfell, þaðan í há Gatfell, um Prestastíg í vestasta horn á Hrafnabjörgum, í suð-austur horn á Hrafnabjörgum, um Eldborgir í Stóra Dímon þaðan í Driftarhorn, í há Þrasaborgir, í Litla-Barmshorn, inn með Litla- og Stóra-Barmi að vestan, þaðan í fremsta Skefilfjallahorn inn yfir há Skefilfjöll, þaðan í Skriðuhorn um Skriðuhnjúk, í há Sköflung, þaðan í Langafell síðan inn í Jökul.¹

Lýsing þessi var undirrituð af oddvitanum einum og er ekki að sjá að henni hafi verið þinglýst. Böðvar Pálsson, hreppstjóri Grímsneshrepps, gerði einnig nákvæma grein fyrir afrettarmörkum:

Vesturmörk: Úr Þrasaborgum á Lyngdalsheiði í Driftarenda, þá Hamraselshæðir, þaðan í Stóra-Dímon, síðan eftir Eldborgum uppí stærstu (hæstu) Eldborgina. Þá er bein lína í Hrafnabjörg (Bjargarhornið), úr Hrafnabjörgum í Hlíðarstíg, þaðan bein lína í há Gatfell og af Gatfelli bein lína í vestasta Hróðurkarlinn við Þórisjökul.

Austurmörk: Úr Þrasaborgum í Biskupsbrekku í Litla-Barmshornið, þá ræður Litli-Barmur, svo Stóri-Barmur (Reyðarbarmur) Hrutafjöll, svo Skefilfjöll, þá Skefilfjallahnúkur í Skriðuna, þá ræður Skriðan í Skriðuhnúkinn. Úr Skriðuhnúknum í Mófellið, í há Skuflungahálsinn og síðan ræður Langafellið til Jökuls.

Afrettur Grímsneshrepps í Lyngdalsheiði að Eldborg vestan við Barm er keypt úr landi Laugarvatns.

Afrettur úr Hrafnabjörgum, Hlíðarstígur o.s.frv. = Hálfur Skjaldbreiður, er keypt af Þingvallakirkju fyrir aldamót og Kaldárhöfði látinn í staðinn. (Þinglýst líklega 1924).²

Landamerkjalyking þessi er frá árinu 1979. Hún var undirrituð af hreppstjóranum einum og henni var ekki þinglýst.

Aðra lýsingu hefur Böðvar Pálsson samið og er hún birt í *Sunnlenskum byggðum*:

Þegar landamerki afrettarins eru rakin er eðlilegt að byrja á Þrasaborgum á há-Lyngdalsheiði. Þaðan bein lína í Driftarendann. Þaðan um Hamraselið. Þaðan í Stóra-Dímon, upp eftir Eldborgunum og í Hrafnabjörg. Úr há-Hrafnabjörgum í Hlíðarstíg. Inn eftir Hlíðargjánni inn fyrir Prestastíg og þaðan beina línu í há Gatfell. Þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörtunum. Á austurkantinum eru afrettarmörkin úr Þrasaborgum í vörðuna á Biskupsbrekku. Þaðan í Litlabarmshornið og síðan fyrir vestan Litlabarm og Stórabarm eða Reyðarbarm og áfram inn eftir Skefilfjöllum. Úr Skefilfjöllum beint í Skriðuna og meðfram henni að Skriðuhnúknum. Úr Skriðuhnúknum beina línu í há Sköflung. Síðan eftir Langafelli alla leið upp í Klakk við Langjökul.³

1 Skjal nr. 259

2 Skjal nr. 102.

3 *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 84.

Böðvar Magnússon á Laugarvatni kvað hins vegar vesturmörkin liggja í Fanntófell („Fantafell“) þegar hann lýsti mörkum Grímsnesafréttar og Þingvallafréttar. Þó kann að vera að Böðvar hafi fremur átt við leitarmörk en ystu merki þess afréttar sem Grímsnesingar gerðu tilkall til:

Að vestan úr Prasaborgum, sem eru klapparhólar á há-Lyngdalsheiði, í Driftarenda um Hamarssellhelli og um Stóra-Dímon í Hrafnabjörg. Úr norðurhorni Hrafnabjarga í Gatfellsenda, úr norðurhorni Gatfells í Fantafell [Fanntófell] og liggur það við Ok.

Afréttarlönd Grímsnesinga eru því aðallega Skjaldbreiður á mótum Laugdælingum, svo hin ágætu sauðlönd Hrafnabjargaháls og hraunin frá Hrafnabjörgum inn að „fjöllum“, Mjóufjöllum og Gatfelli. Þessi mörk, sem nú voru talin, eru á milli Grímsnesafréttar að vestan og Þingvallafréttar að austan. Að norðan eru mörk Þingvallafréttar úr Hróðurkötum við Langjökul, þaðan vestur sjónhendingu yfir Sjónarhól, yfir há-Kvífenaðsfell eða Kvígindisfell, þaðan yfir Botnsúlur, yfir Kjöl norðan Búrfells, þaðan í Skálafell og Moldbrekkur, sem eru austarlega á Mosfellsheiði. Þingvallafréttur liggur að norðan og vestan á mótum afréttarlöndum og heimalöndum Borgfirðinga, Kjósarínga, Mosfellinga og Grafningshrepps.¹

Að síðustu skal hér vitnað í 2. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Árnessýslu austan vatna, nr. 408/1996, en þar segir orðrétt:

Afréttur Grímsneshrepps afmarkast af Hrafnabjörgum, Hlíðargjá og Gatfelli í Hróðurkarla sem vesturmörk, en að austan ræða Skefilfjöll í Sköflung um Langafell í Klakk í Langjökli.²

Næst skal hugað að því hvernig afrétturinn hefur verið nytjaður.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1708) mun vera ein elsta heimild um afrétt Grímsnesinga. Í lýsingu Efstadals segir svo um afréttinn:

Afrjett á jörðin ásamt öllum Grímsnesingum norður og vestur á fjöllum kringum Skjaldbreið, og var þá síður að reka þangað sem heitir Lambahraun. Sá afrjettur er nú aflagður fyrir nær því 40 árum; síðan ganga lömb í búfjárhögum, sem til fjalls vita, og með því jörðin á mikið land til fjalls, þiggja stundum fleiri, stundum færri, sumarhaga fyrir lömb sín af ábúandanum fyrir einhvorn góðvilja eftir því sem um semur.³

Hér er einnig rétt að taka upp það sem sagt er um afrétt Miðfells í Þingvallasveit:

Afrjett hefur til forna brúkuð verið í Skjaldbreiðarhrauni og meinast allur þessi hreppur eigi afrjettinn saman við Grímsnesinga, en nú yfir 40 ár hefur þangað ei rekið verið, lagðist það af vegna þess að þaðan voru slæmar heimtur, svo er nú og landið þar mjög blásið og liggur undir snjóum langt fram á sumur.⁴

Grímsnesingar virðast þannig hafa átt afrétt sameiginlegan með Þingvellingum.

Séra Halldór Jónsson á Mosfelli kemst svo að orði um afréttinn í sóknarlýsingu sinni 1840:

1 *Göngur og réttir* 2 (1984), s. 252-253.

2 Skjal nr. 176 (14).

3 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 313.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 359-360.

Í Kræklur og Lambahraun, sem eg heyri sagt, að liggja muni á landamerkjum Þingvalla og Laugar-dalsjarða (Laugarvatns og Miðdals), en nú í langan tíma ei brúkaðan. Mun helst grasleysi valda, og fê rennur þaðan víðs vegar, so tapast að öllu leyti, hvorsvegna nokkrir sóknarbændur hafa leigt nú um nokkurn tíma Hestfjall af Skálholtseiganda til lambauppreksturs.¹

Kræklur eru á svæðinu milli Hlíðargjár og Hrafnabjarga en það hlýtur að vera ranghermi hjá prestinum að Lambahraun liggja á landamerkjum Þingvalla og Laugar-dalsjarða nema hann hafi átt við Lambahlíðar austan við Skjaldbreið. Einnig kemur til greina, þótt ólíklegra sé, að hann sé að vísa til Lambagjárhrauns sem liggur norðan Hrauntúns, upp að Ármannsfelli og austur að Víðivöllum.

Séra Björn Pálsson, prestur á Þingvöllum, vikur einnig að Grímsnesingum í lýsingu á afrétti sóknarmanna sinna árið 1840:

Afréttur fyrir Grafnings- og Ölvesmenn, sem rétta saman, er í fjöllum milli Grafnings og Ölves, þegar kemur vestur fyrir Hrómundartind, og það vestur á Mosfellsheiði. Fyrir norðan Sútur, Ármannsfell og Lágafell og suður af Skjaldbreið er afréttur fyrir Þingvallasókn, sem tilheyrir Þingvallaprestakalli og brúkast leigulaust. Fáeinir úr Grímsnesi reka þangað. Réttir eru haldnar þriðjudag í 21tu viku sumars í Almagnagjá, kippkorn fyrir norðan Þingvelli, sóttar af sóknarmönnum. Kjósar- og Mosfellsveitarmenn og Grímsnesingar vitja þangað einnig marka sinna.²

Rúmlega hálfri öld eftir að þessi lýsing var gerð eignuðust Grímsnesingar drjúgan hluta afréttarins með makaskiptasamningi eins og frá er sagt í næsta kafla.

Í ritinu *Göngum og réttum* lýsir Böðvar Magnússon á Laugarvatni fjársmölun og fjallskilum á Grímsnesafrétti. Þar kemur fram að farið var um líkt leyti í afrétti Grímsnesinga, Þingvellinga og Laugdælinga enda liggja þeir saman eins og áður hefur verið tekið fram.

Yngri lýsing er í ritinu *Sunnlenskum byggðum*:

Í smalamenskum er leitum skipt í Austurleit og Vesturleit. Í hvorri leit eru 10-11 menn. Reglan var sú að Austurleitin fór á föstudagskvöldi upp að Snorrastöðum og Hjálmsstöðum og tjaldaði þar. En núna er farið í einni lotu alla leið inn að Kerlingu. Er þá farið inn úr Klukkuskarði, inn Langadal og að Kerlingu. Er þetta fjögurra tíma ferð frá Snorrastöðum að Kerlingu og þar gista þessir menn en trússið fer á bil um Þingvöll, norður fyrir Gafell og inn að Kerlingu. Rudd er braut frá Kerlingu áfram inn á Hlöðuvelli. Var hún rudd upphaflega 1955-1956 en lagfærð var hún 1967. Þá var braut gerð frá Miðdal upp á Hlöðuvelli og vestur úr og endurbætt ári síðar.

Austurleitin smalar svo á sunnudaginn Skjaldbreið að austan og fer norður á Skersli og aftur til baka. Hún smalar utan í Sköflungahálsinum og suður að Kerlingu, niður með Skriðu. Á mánudeginum smalar Austurleitin á „milli fjalla“ sem kallað er, milli Skefilfjalla og Tindaskaga og niður í Kringlumýri þar sem menn gista.

Vesturleitin fer með hesta sína gjarnan á efstu bæi, Efri-Brú til dæmis, á föstudagskvöldinu. Ríða menn svo frá Efri-Brú upp að Gjabakka og áfram alla leið inn að Gafelli og eru þar fyrstu nóttina. Smala þeir síðan á sunnudagsmorgninum og fara þá vestur í Brunna. Þar er skipt líði. Menn smala nú frá vesturmörkum afréttarins austur að Karli og Kerlingu og reka dálítið niður með Tindaskaganum, suður fyrir Söðulhóla og fara síðan aftur í tjaldstað og eru aðra nótt við Gafell. Næsta dag er smalað frá Gafelli austur að Tindaskaga. Hefur sá háttur verið á hafður undanfarin

1 *Árnessýsla* 1979, s. 154-155.

2 *Árnessýsla* 1979, s. 182-183.

20-30 ár að vera 2-3 tímum á eftir Þingvallasveitarmönnum þannig að þeim gefist kostur á að ná fé niður að Gjábakka. Síðan er safnið rekið saman niður við Hrafnabjörgin og að þar aðeins áður en farið er yfir Hrafnabjargaháls. Eiga leitirnar að koma saman suðaustan undir Hrafnabjörgunum og síðan er smalað saman niður í Kringlumýri. Í Barmaskarðið er sendur maður úr byggð í fyrirstöðu svo safnið renni ekki austur á Laugarvatnsvelli. Í Kringlumýrinni er það rekið inn í gerði og haft þar síðustu nóttina. Þangað kemur einnig Grímsnesfé úr Gjábakkarétt. Síðasta daginn er Lyngdalsheiðin smöluð og rekið til rétta.¹

Böðvar Magnússon komst svo að orði að ekki „[hefði verið] lengra farið en inn að Langjökli og Skjaldbreið, hlökkudu fjallmenn mikið til að fara í leitirnar“.² En í máli bæði núverandi og fyrrverandi oddvita Grímsneshrepps hefur komið fram að ekki er farið lengra í leitir en inn í Lambahlíðar.³

6.11.2. Land fengið í makaskiptum við Þingvallakirkju 1896

Árið 1896 eignaðist Grímsneshreppur „... tiltekið stykki af afrjettarlandi Þingvallakirkju“ í skiptum fyrir jörðina Kaldárhöfða. Ástæða er því til að gera nokkra grein fyrir sögu Þingvallakirkjulands.

Á Þingvöllum var reist kirkja fljótlega eftir kristnitöku. Í sögu Ólafs konungs Haraldssonar segir Snorri Sturluson frá því að konungur hafi sent við til kirkjubyggingar á Þingvöllum en ekki er ljóst hvort þá hafi verið þar fyrir önnur kirkja, væntanlega minni, í umsjá bóndans á staðnum.⁴

Vitað er að um 1200 var prestsskyld kirkja á Þingvöllum. Það bendir til að hún hafi þá verið alkirkja með fulla messuskyldu. Þingvallakirkja hafði þá sérstöðu að hún þjónaði þinghaldi landsmanna og hefur því trúlega notið góðs af því fé sem lagt var til alþingisneyslu og greint er frá í Íslendingabók Ara fróða (3. k.).

Í elsta máldaga Þingvallakirkju, Vilkinsmáldaga, frá 1397 er greint frá eignum hennar í fríðu fé, þ.e. bústofni, einnig kirkjugripum og öðrum umbúnaði til helgihalds. Ekki er vikið að heimalandi kirkjunnar eða eignarhlut hennar í því eins og þó var venja í máldögum en tekið fram að kirkjan hafi átt 6 hundruð í Brúsastaðajörð.⁵

Næst er getið ítarlega um eignir kirkjunnar í máldaga sem kenndur er við Gísla Jónsson biskup í Skálholti og mun vera frá um 1575. Þar er í fyrsta skipti minnst á heimaland kirkjunnar og í beinu framhaldi af því taldar upp aðrar eignir hennar:

Kirkian ä Thijngvulle. ä heimaland alltt med gøgnum og giædum.

Skialldbreid.

Vridaveijde i allre Øxar äa. Silungaveide ad Ölafsdreætti.

Item thessar Jarder Bru leigd fyrer c. Kärastader x^c. Leigd fyrer x. aura. Heidarbær xv^c. leigd fijrer x aura. Stiflisdalur xv^c. leigd fijrer iij ærgildi.

Item fastaeign xx^c.

Lausagötz Lxxx^c.

Björn Þorsteinsson sagnfræðingur taldi að Þingvellir hefðu á miðöldum verið í einkaeigu en orðið kirkjustaður og sjálfseignarstofnun líklega seint á 15. öld, væntanlega með því að henni hefur

1 *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 85-86.

2 *Göngur og réttir* 2, s. 254.

3 Skýrslutökur í máli 2/2000, 9. 8. 2000 (Gunnar Þorgeirsson og Böðvar Pálsson).

4 Sbr. Matthías Þórðarson 1945, s. 261-271.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 93-94.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 644-645 (skjal nr. 212).

verið gefið heimaland allt.¹ Í máldaganum er kirkjunni eignað fjallið Skjaldbreið. Óvíst er að hve miklu leyti það hefur verið metið í dýrleika jarðarinnar. Árið 1695 voru Þingvellir taldir 20 hundruð að dýrleika eða sem næst meðaljörð.² Til samanburðar má geta þess að landmiklar jarðir eins og Skútustaðir og Grænavatn í Þingeyjarsýslu voru taldar 30 hundruð að dýrleika árið 1712.³

Við útgáfu Gíslamáldaga í 15. b. Íslensks fornbréfasafns var handritið Lbs. 350, 4to lagt til grundvallar. Inn á saurblað þess handrits hefur Jón Þorkelsson, fyrrv. Þjóðskjalavörður, ritað að bókin sé öll með hendi Bjarna prests Gissurarsonar í Þingmúla sem var skrifari Brynjólfs biskups Sveinssonar á þessum tíma (1643) „og er þetta helzta afskriptin, sem til er, af máldagabókum þeirra Vilchins og Gísla (22/11 92.J.P.)“.

Rétt er að taka fram að orðið „Skialdbreið“ er í handritinu ekki í stakri línu eins og álykta mætti af hinum útgefna texta í Íslensku fornbréfasafni.⁴

Önnur afskrift Gíslamáldaga er *AM 261, fol.* frá 1642 og er hún, hvað Þingvallakirkju snertir, efnislega samhljóða *Lbs. 350, 4to*. Loks er að nefna handritið *JS 411, 4to* sem skrifað var um 1850 fyrir Jón Sigurðsson. Þar er upphaf máldagans á þessa leið:

Kirkjan á Þingvelli á heimaland allt með gögnum ok gæðum, urriðaveiði í allri Öxará, silúngsveiði at Ólafsdreitti.⁵

Athygli vekur að hér er ekki minnst á Skjaldbreið. Líklegast verður að telja að um glöp sé að ræða nema þá að ekki hafi verið talin ástæða til að nefna Skjaldbreið þegar hér var komið sögu því að nytjar af fjallinu höfðu þá að mestu lagst af.

Nær samhljóða Gíslamáldaga er lýsing Þingvallakirkju í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 25. apríl 1644.⁶ Tveimur áratugum síðar var sami máldagi færður inn í vísitásiubók Þórðar biskups Þorlákssonar og enn að nýju í vísitásiubók Jóns biskups Árnasonar 1726 með þeim breytingum í hvort skipti að fleiri jarðir voru eignaðar Þingvallakirkju og leigugjöld önnur.⁷

Árið 1736 gaf amtmaður út álitserð um Þingvelli þar sem hann áréttaði þau ævafornu réttindi þingmanna að nýta sér almenninginn á svæðinu til skógartekju og beitar jafnframt því sem þeim væri heimilt að reisa þar búdir. Tilefnið var beiðni sóknarprestisins á Þingvöllum um að fá bætur vegna búðabygginga og annars átroðnings á staðnum.⁸ Ef til vill hefur þessi álitserð amtmanns ráðið nokkru um það að árið 1740 sá presturinn á Þingvöllum, séra Markús Snæbjörnsson, ástæðu til að lögfesta landareign kirkjunnar:

Soknarprestur til Þingvallar og Ulflíotsvatns Kyrkiu Safnada Eg Markus Snæbjörnsson lögfesti hér í Dag mér forlénað kongl. Majsts Beneficium Þingvelli innann Arness Syslu, til efter skrifadra Takmarka: Á Mjóaness Sídu: í Saudanes fyrer sunnann Arnarfell, þaðann beint uppi Prestsveginn og vestur epter sem hann heldur ad Hrafnagiá, sidann epter endelángri sömu Giá nordur ad Hrafnabjarga Vegi, Enn fyrer nordann vegenn strandlengis efter Fjöllum nordr ad Skialdbreid hvörja eg lögfesti alla itra; þaðann beint í Leirárhöfða og so vestur epter allt þar til vötnum hallar ad Borgarfyrði: það[an] beint yfer ad Steinkyrkiu eda Steinkistu (af sumum kalladri) úr henni í midja þúfuna sem stendr hædst uppa

1 Björn Þorsteinsson, 1986: *Þingvallabókin. Handbók um helgistað þjóðarinnar*. Reykjavík. S. 61. Nánar er fjallað um eignarréttarstöðu Þingvalla í máli nr. 1/2000.

2 Björn Lárusson, 1967 s. 116.

3 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns*. 11. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 228, 231.

4 Sbr. Lbs. 350, 4to, s. 543-544.

5 JS 411, 4to, s. 68.

6 Skjal nr. 213 (1).

7 Skjöl nr. 255 og 256.

8 Matthías Þórðarson 1945, s. 279-283.

Brattafelli, sidann beint ofann í Holmavad, úr Holmavadi midt yfer um stóra Saudafell, þaðann í Riúpnagil, úr Riúpnagili í Steininn á litla Saudafelli, frá Steini þeim í Sýsluvörður á eystri Moldbreckum, og so þvert yfir í Klofninga, enn úr þeim í Þingvallavatn, epter gilinu milli Heidarbæar og Nesia. Innann þessara Marka lögfesti eg Tödur og Engjar, Skóga Holt og Haga Vötn og Veidistadi, Eggver og allar landsnytiar þær sem þessu Landi eiga ad logum ad fylgia og Kongl Maj[†] ei allránadugast epter láted hefr Landsþinginu til nytsemda, allt ad ordfullu lögfullu og lögmáli réttu, fyrerbjódande hédann af hvörjum manni sér ad nýta tilteked Þingvallar Beneficii land edur í því vinna nema mitt leifi þar til fái. Eg lögfesti og í allann sama Máta Þingvallar kyrkjujörd Sydri Brú í Grimsnesi og allt henni ad lögum tilheyrandi hvört heldur það vera kann epter lögföstum Skiölum edur Lagahefd. Lögfestuna stadfester Nafh mitt med egenn hendi skrifad her ad nedann.¹

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi að Stóruborg 16. maí 1740 en ekki sjást þess merki í heimildum að hún hafi verið staðfest með dómi.

Í byrjun árs 1832 fékk sýslumaðurinn í Árnessýslu, Þórður Sveinbjörnsson, bréf frá stiftamtmanni með fyrirspurn um hvar mörkin lægju milli Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Björn Gunnlaugsson aðjunkt var þá að vinna að kortagerð um landið og vildi amtmaður veita honum skýr svör um sýslumörkin. Í janúar sama ár lýsti sýslumaðurinn í Árnessýslu, Þórður Sveinbjörnsson, vesturmörkum sýslunnar á þessa leið:

Fra Sýsslusteinar under Geitahlýd over Fieldet i Nærheden af Vífilfell til den store Steen med den ostlige Ende af Liklafell, som ogsaa kaldes Sýsslusteinn, derfra til Borgarholar paa den saakalzte Mosfellsheide, derfra til de sydligere Moldbreckur, derfra í Riúpnagil mellem Gaardene Stardal, som tilhörer Kiose Sýssel, og Stýblisdal, som tilhörer Arness-Sýssel, derfra í Tuen, som er opført paa Store-Saudafell, derfra í Sýsselholmer (:Sýssluhólma:) í Store-Laxaaen, derfra í Steenkierken (:Steinkyrkiu:), derfra í Fieldet Sútur, hvorfra Grændserne af Arness- og Borgerfiörds-Sýsseler begynde til Hrosshædir, derfra til Uxahrígg, derfra í Leýrárhöfda og til Eiriksnypu í Baldjökulen.²

Þórður sýslumaður kvaðst hafa stuðst við lögfestu Þingvallaprestakalls hvað nyrstu punktalínu snerti og einnig haft hliðsjón af gögnum frá Stefáni Pálssyni, hreppstjóra á Oddgeirshólum en hann hafði um svipað leyti (10. janúar) tekið saman landamerkjaskrá Þingvalla. Stefán virðist þó hafa dregið landamerkjalinuna nokkru vestar en Þórður:

Þingvalla Kirkju Landamerki edur Takmörk milli Kiósar= og Borgarfiardar Sýsslna, ad vestann og Nordann verdu til móts vid Arnes=Sýsslu veit eg ecki betur en væru haldin eptir hér teiknum Örnefnum:

Útsudurs Hornmark; Borgarhólar á Mosfells=heidi, ur þeim í Sýdri Moldbreckur þaðan norðr yfir Litla Saudafell í Riúpnagil, sem er milli Stíblisdals og Stardals, ur nefndu gili, í Þúfuna á Stóra Saudafelli, þaðan í Laxár – edur – Sýssluhólma úr hönum í Steinkirkju, ur henni norðr eptir Kiöl og sem vötnum hallar austur á Botnsheidi, sem mun vera nálægt Leggjabriot, þaðan í gégnum Sútur og í Hrosshædir úr þeim eptir Uxahrýgg, og í Leýrárhöfda úr hönum, í Skurdi, Sunnan til vid Kaldadal, þaðan í Eyriks=Nýpu í Baldjökli. – Þetta mýnnir mig ecki betur en væri tilgreint í tveimur Lögfestum, er vóru við Þingvalla Kyrkju Skiölin.³

1 Skjal nr. 213 (2).

2 Skjal nr. 213 (3). Lýsing þessi er í fullu samræmi við lýsingu Páls Melsteðs sýslumanns á sýslumörkum sem hann gerði fyrir Hið íslenska bókmenntafélag 1842 (*Árnessýsla* 1979, s. 18).

3 Skjal nr. 213 (9).

Eins og sjá má gerðu bæði Þórður og Stefán ráð fyrir að Leirárhöfði væri á markalínu. Lögfestu Markúsar Snæbjörnssonar ber þó fremur að túlka á þann veg að Leirárhöfði sé viðmiðunarpunktur en vatnaskil ráði að öðru leyti vesturmörkum.

Í febrúar 1840 gerði presturinn á Þingvöllum, séra Björn Pálsson, að beiðni Hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn, grein fyrir takmörkum þeirra sókna sem hann þjónaði. Hann virðist að mestu hafa fylgt lýsingu bróður síns, Stefáns hreppstjóra á Oddgeirshólum, og bætti jafnvel um betur því að hann tók fram að Fanntófell væri á sýsluskilum.¹ Um fjallið Skjaldbreið fer hann svofelldum orðum:

Skjaldbreið, hátt og kringlótt, skjaldmyndað eldfjall með miklum gíg í kollinum. Yfir um mið þessi 3 seinast nefndu fjöll [þ.e. Hrafnabjörg, Tindafjöll eða Tindaskaga og Skjaldbreið] eru afréttarskil milli Laugardals og Þingvallahrepps.²

Árið 1844 kom út Íslandskort Björns Gunnlaugssonar. Þar voru vesturmörk Árnessýslu sýnd mun austar en þeir Þórður, Stefán og Björn gerðu ráð fyrir: um austurenda Leirvogsvatns í Búrfell, þaðan í Súlu, um Hvalvatn í Kvingindisfell, þaðan um Uxahryggi í Kerlingu í suðvesturenda Langjökuls.³

Árið 1882 voru gefin út lög um landamerki jarða og fjórum árum síðar, 1. september 1886, var landamerkjabréf prestssetursins Þingvalla undirritað. Það var þinglesið 7. júní 1890 á manntalsþingi að Þingvöllum og er á þessa leið:

Frá Öxarármynni liggur Þingvallavatn fyrir landinu suður að Langatanga (Sauðanesi). Úr klofnum hellusteini á Langatanga liggja svo mörkin beina stefnu að sjá í slakkann milli Gildruholta allt til markavörðu við hinn forna svonefnda Prestsveg; þá ræður Prestsvegurinn mörkum til Hallstígs á Hrafnagjá, og svo Hrafnagjá inneptir þartil hún þrýtur við Rauðshól. Úr Rauðshól í vörðu á sprungnum klapparhól á Innri-Gaphæðum, þaðan beint í Hlíðarstíg; úr Hlíðarstíg beina stefnu yfir Þúfuhól í Hrafnabjörg. Síðan liggja mörkin strandlengis með fjallabrunum allt til norðausturenda Tindaskaga, svo sem hjer segir: eptir norðureggjum Hrafnabjarga, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatindi sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eptir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallakirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess, og úr norðurrótum þess eptir beinni stefnu á Leirárhöfða, þartil vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þar sem þessi síðast nefnda lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða er hornmark. Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvikfjáryndisfells, þaðan í Mjóu-Súlu (eður Háu-Súlu), þaðan til Öxarárúpp-taka, eður þess staðar er Öxará rennur úr Myrkavatni, þaðan beina stefnu í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils, og eptir því gili til Öxarár, sem þá ræður landamerkjum til Þingvallavatns.

Ítök:

1. Í Brúsastaðalandi eiga Þingvellir rjett til beitar á svonefndu þingi móts við Þingvallabæ, og í Almannagjá; og til slæгна í Hestagjá. En þar á móti á kirkjujörðin Brúsastaðir torfristu í Brúsastaðamýri og vetrararbeit á Brúsastaðabrekkum.
2. Þingvallakirkja á alla urriðaveiði í Öxará og alla silungsveiði á Ólafsdreitti.
3. Þingvellir eiga slægjur í Þingvallagróf og á Kjálkunum.⁴

1 *Árnessýsla* 1979, s. 174-175, 190.

2 *Árnessýsla* 1979, s. 175.

3 Björn Gunnlaugsson, 1844: *Uppdráttir Íslands 1844*. (Suðvesturland.) Pr. í Haraldur Sigurðsson, 1978: *Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848*. Reykjavík (39. myndblað).

4 Skjal nr. 211.

Bréf þetta var samþykkt með undirskrift vegna jarðanna Gjábakka, Vörðufells, Þverfells og Stóra-
botns. Að auki var handsalað nafn Jóns Péturssonar en hann mun hafa búið á Ingunnarstöðum í Kjós.
Með landamerkjabréfinu var presturinn á Þingvöllum, séra Jens Pálsson, í reynd að falla frá tilkalli
kirkjunnar til þess lands á mörkum Borgarfjarðarsýslu sem þeir bræður, Stefán og Björn Pálssynir,
höfðu áður eignað henni. Sagnir eru um að þessi tilfærsla landamerkjanna hafi stafað af ágreiningi
um greiðslu á refaveiðikostnaði. Lundarreykjadalshreppur greiddi þennan kostnað og taldi sig eiga
endurkröfu á Þingvallakirkju en presturinn, sr. Jens Pálsson, á að hafa neitað að greiða og viljað
heldur láta landið af hendi við hreppinn.¹ Erfitt er að finna þessari skýringu stað í rituðum heimild-
um.² Á það skal hins vegar bent að landamerki Þingvallakirkju voru nú aftur orðin nokkurn veginn
í samræmi við lögfestu séra Markúsar Snæbjörnssonar frá 1740. Um leið var hafnað þeirri túlkun á
lögfestu séra Markúsar að norðurmörk Þingvallalands skyldu dregin í Leirárhnjúk heldur væri hann
til viðmiðunar „allt þar til vötnum hallar að Borgarfyrði“. Árið 1890, sama ár og landamerkjabréf-
inu var þinglýst, gerðist það síðan að hreppsnefndin í Lundarreykjadalshreppi lögfesti hreppnum „land
það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands“.³

Í byrjun september 1895 ritaði presturinn á Þingvöllum, séra Jón Thorstensen, konungi bréf og
fór fram á heimild til að selja Grímsnessveit til eignar og afnota „tiltekið stykki af afrjettarlandi
Þingvallakirkju í makaskiptum fyrir jörðina Kaldárhöfða, sem er eign Grímsnessveitar“. Í bréfinu
vísaði presturinn til niðurstöðu fundar sem haldinn var á Gjábakka 4. júní sama ár og vakti jafn-
framt athygli á því að afgangur af jörðinni Kaldárhöfða gæti fært prestakallinu allt að 60 kr. árlega í
tekjur. Síðan bætti hann við:

Með því að þannig hagar til, að Þingvallakirkja hefur nægilegt afrjettarland eptir sem áður, en Gríms-
nessveit lítið, og löndin liggja saman, svo að ágangur af fje Grímsnesinga er óumflýjanlegur, leyfi jeg
mjer allra þegnsamlegast að beiðast þess, að þessi gjörningur mætti fá staðfestingu.⁴

Að auki ritaði presturinn stiftsyfirvöldum bréf um málið en þau vísuðu því til landshöfðingja,
æðsta fulltrúa konungs í landinu.⁵ Í byrjun næsta árs, 1896, barst bréf frá stjórnvöldum í Kaup-
mannahöfn þar sem makaskiptin voru heimiluð en með tilteknum skilyrðum:

Daa Ministeriet for Islands efter Modtagelsen af Hr. Landshövdingens behagelige Skrivelse af 11
oktober f.A. derom nedlagte allerunderdanigste Forestilling har det under 14 d.M. behaget Hans
Majestæt Kongen allernaadigst at meddele allerhöjeste Tilladelse til at det i bemeldte Skrivelse
omhandlede af Thingvellir Kirkes Sommergræsgang maa bortmageskiftes med Jorden Kaldarhöfði i
Arnes Rep, saaledes at nævnte Stykke i Henseende til Afgifterpligt for Fremtiden betragtes som
Bondejord, medens den for Kirken erhvervede Jord stilles lige med anden Kirkejord.⁶

Makaskiptin fóru fram 7. september 1896 og var þeim þinglýst með undirritun stiftsyfirvalda
16. júní 1897.⁷ Í samningnum er hinu framselda afrjettarlandi lýst með þessum orðum:

1 Hrd. 1969. S. 924, 927.

2 Sbr. *Álitsgerð próf. Magnúsar Mús Lárussonar 1. maí 1967*. Viðbótarágrip í Hæstaréttarmálinu nr. 84/1966 (Z. Nýtt skjal), s. 22-25.

3 Skjal nr. 213 (8).

4 Skjal nr. 252, sbr. skjal nr. 254.

5 Sbr. skjal nr. 213 (7).

6 Skjal nr. 213 (5). Í bréfi landshöfðingja til stiftsyfirvalda eru skilmálarnir orðaðir á þessa leið: „...þannig að farið verði eptirleiðis með nefndan afrjettarlands hluta sem bændaeygn, að því er gjaldskyldu snertir, en með Kaldárhöfða apturá-
móti einsog hverja aðra kirkjujörð“ (skjal nr. 213 (4)).

7 Skjal nr. 214. Lítils háttar breytingar voru gerðar á texta samningsins þegar hann var færður inn í þinglýsingabók og lúta þær einkum að stafsetningu. Í hornklofum eru viðbætur eða orðalagsmunur í þinglýsingabók.

Jeg Jón Thorstensen prestur á Þingvöllum afhendi Grímsneshreppi til löglegrar [lögfullrar] eignar, afnota og umráða afrjettarland það alt, tilheyrandi Þingvallakirkju, sem liggur fyrir austan þessa línu. Frá Gjabakkalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn á enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan beina stefnu í hæsta hnúkinn á Galtafelli, og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörslum. Alt það af-rjettarland Þingvallakirkju, þar með talið fjallið Skjaldbreiður, sem liggur fyrir austan nefnda markalínu, er því upp frá þessu rjett eign Grímsneshrepps og honum heimil til allra löglegra afnota, með skilyrðum þeim og takmörkunum, sem nú skal greina.

1. Grímsnesingar smala landið, sem annan afrjett sinn til allra rjetta.
2. Að vorinu mega Grímsnesingar enga kind reka í landið fyrir 15. dag júnímánaðar, og engan rekstur mega þeir skilja eftir fyrir framan beina línu úr hæsta hnúk á Gatafelli um suðurenda á Söðulhólum og austur að Tindaskaga. Sje sannað brot móti þessu sæta hlutaðeigendur sektum 10 kr. fyrir hvern rekstur, hvort sem hann er stór eða lítill og fellur sektin til Þingvallahrepps. Hross má engin reka á þennan afrjett.
4. Grímsnesingar flytja aðalrjettir sínar upp á Laugarvatnsvöllu, þar sem þær hafa verið að fornu. Hreppsnefndir Þingvalla- og Grímsneshreppa koma sjer saman um hvernig afrjettasmölun fer fram og skulu leitir jafnan vera samhliða.
5. Refaveiðar í afrjettalandi þessu kostar Grímsneshreppur. Hreppsnefnd Grímsneshrepps getur með samkomulagi falið hreppsnefnd Þingvallahrepps framkvæmd refaveiðanna en hafi hreppsnefnd Grímsneshrepps þá framkvæmd á hendi, litur hreppsnefnd Þingvallahrepps eftir að verkið sje trúlega unnið. Sje verkið illa af hendi leyst, er hreppsnefnd Þingvallahrepps heimilt að ráðstafa umbótum á því á kostnað Grímsneshrepps. Hausteitrun kosta Grímsnesingar, þó ekki að öðru en því, að leggja til eina kind til eitrunar og kosta eitran hennar. Alla aðra eitrun taka Þingvallasveitarmenn að sjer endurgjaldslaust.
6. Ábúendur á jörðunum Gjabakka, Skógarkoti og Hrauntúni hafa rjett til að reka fjallfje upp í eitt eða fleiri skifti hvert sumar og greiðir Grímsneshreppur þann kostnað með 20 kr. árlega. Upp í þennan kostnað [Upp í þetta gjald] kemur þó sektarfje, sem til kann að falla (sbr. 2. gr.).
7. Grímsnesingar hirða fje sitt í Þingvallarjettum eins og verið hefur og senda þangað í því skyni 6 menn í fyrstu rjett á hausti hverju.
8. Jeg Stefán Stephensen prestur að Mosfelli og oddviti í Grímsneshreppi afhendi aftur á móti Þingvallapresti og kirkju hreppssegnina allan Kaldárhöfða í Grímsnesi innan Árnessýslu 11,1^c að dýrleika eftir nýju mati með 2 kúgildum og öllu, sem henni ber að fylgja til fullrar eignar, umráða og afnota. Þar eð makaskifti þessi eru að sljettu og eigi bundin öðrum skilmálum [eða skilyrðum] en þeim, sem fram eru tekin hjer að framan, lýsum við því hjer með yfir að áðurnefnt afrjettarland er upp frá þessu lögleg eign Grímsneshrepps og jörðin Kaldárhöfði einnig upp frá þessu lögleg eign Þingvallakirkju [Þingvallahreppskirkju].¹

Rétt er að benda á að í makaskiptasamningnum var austurhluti Skjaldbreiðar lagður að jöfnu við fremur rýra jörð. Kaldárhöfði var talinn 11,1 hundrað að dýrleika samkvæmt nýju jarðamati um miðja 19. öld, og í lok aldarinnar höfðu mikilvægustu hlunnindi jarðarinnar, veiðirétturinn, verið seld undan henni.²

Árið 1924, 4. júlí, var samningnum þinglýst að nýju með eftirfarandi viðbót sem oddviti Grímsneshrepps, Magnús Jónsson, hafði undirritað 2. febrúar sama ár: „Söluverð án veiðirjettar kr. 1000,00 – eitt þúsund krónur.“ Hér er átt við söluverð Kaldárhöfða.

1 Skjal nr. 104.

2 Sbr. *Ný jarðabók* 1861, s. 25. Árni Erlingsson 1987: „Upphaf stangaveiði austanfjalls.“ *Veiðimaðurinn. Málagn stangveiðimanna*. Apríl 1987, s. 7-20.

Í makaskiptasamningnum er dregin lína úr Galtafelli [þ.e. Gatfelli] „og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörllum“. Hér verður að líta svo á að Hróðurkarlarnir séu viðmiðunarpunktur fremur en að þeir standi á markalínu. Að öðrum kosti er ekki samræmi á milli makaskiptasamningsins og landamerkjalýsingar Þingvalla. Þetta er þó umdeild túlkun eins og kemur fram í því að við merkjalyðingu afréttarins frá síðari hluta 20. aldar er ævinlega gert ráð fyrir því að Hróðurkarlar (Hróðurkatlar) séu nyrst á vesturmörkum afréttarins (sjá k. 6.11.1).

6.11.3. Land keypt úr Laugarvatni 1917

Árið 1917 gerði Grímsneshreppur samning við Böðvar Magnússon um kaup á landspildusneid af Laugarvatnslandi „til eignar og umráða, með öllum gögnum og gæðum, sem hún hefur í sér fölg- in“. Af þessari ástæðu þykir rétt að rekja hér í stórum dráttum sögu Laugarvatns.

Ekki er vitað hvenær fyrst var reistur bær að Laugarvatni. Fyrst er Laugarvatns getið í Njálu en óvíst er hvort þar sé átt við vatnið sjálft eða bæ sem þar stóð hjá.¹

Á Laugarvatni var bændakirkja helguð heilögum Blasíusi. Í máldaga, sem talinn er frá 1379, er sagt að kirkjan eigi 10 hndr. í heimalandi.² Þetta er síðan endurtekið í Vilkinsmáldaga 1397 og máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570.³ Árið 1497, að talið er, var lýst landamerkjum milli Laugarvatns og Snorrastaða og er ljóst að á þeim tíma var jörðin orðin eign klaustursins í Viðey:

landa merki aa milli laugarvatz og snorrastada.

Þessi ero landa merki j mille lavgar vatz og snorastada.

vr hellinvm ofan vpp j brvnnine og sionhending ofan j rvnnin firir avstan hristanga þar sem lýr(i)tarn- er liggja vnder. og sionhending yfer j þvfvna er stendur hia divpaa. Enn mille eyvindar tvngv skilvr ain og nedann vnder gotvnrar firir vtann aana er ridit er vt aa vollvna. og fra hnvkvmm og vt til blondv og svo yfer vnder gotvnrar er ridit er vr skalholtti. og vt epter heidinne sem gotvnrar liggja. og vp j stelpv steins helli og nordvr j sanndgýgi og þaðann nordvr j hrafvna biorg. Af henti oddvr brandzson lavgar vatnn med þessvm tilsogdvm landamerkvmm brodur ormi jonssyne conventubrodur j videy vegna klavstvrzins j videy.

Ridv aa fir sogd landa merki gvdmvndvr magnvsson. gestvr andreosson og hafdi gestur þa verid xxiiij vetvr aa lavgar vatnni.⁴

Við siðaskiptin eignaðist konungur Laugarvatn þegar hann lagði hald á allar klaustureignir í landinu en árið 1616 lét hann jörðina af hendi ásamt Bakka og Kiðafelli í Kjósarsýslu í makaskiptum fyrir Reykjavík.⁵ Eftir það var Laugarvatn í einkaeign.

Um landamerki Laugarvatns er til vitnisburður sem saminn var í Skálholti 31. mars 1618. Vitnisburðurinn var síðan borinn fram í staðfestu afriti á manntalsþingi að Stóruborg 14. maí 1728 og í nýju afriti á manntalsþingi á sama stað 21. maí 1833. Vitnisburðurinn er á þessa leið:

Þad medkenni eg Magnús Brandsson ad eg er barnfæddur á Laugarvatni j Middals kyrkiu sókn og ólst eg þar upp og var eg þar hjá mínum föður til þess eg hafði fimm um tvítugt og síðan hef eg hvörgi annarstadar til vista enn þar í Laugardalnum verid nema fjögur ár á Arnarbæli í Grímsnesi og nú þrjú

1 Haraldur Matthíasson, 1961: „Árnessýsla. Grímsnes og Biskupstungur.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 53.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 343.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 91. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 646.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 324-325.

5 Björn Lárússon 1967, s. 127-128 (28. nmgr.).

ár í Haukadal í Biskupstúngum enn eg hefi nú sex um fertugt og um allan þann tíma sem eg hefi til vitad hefir svo verid haldit um Laugarvatns landamerki.

Í fyrstu á milli Laugarvatns og EJVindartungu rædur litla áin (í sínum gamla farveg) allt upp fyrir Nónhólin sem kallaður er Nónhóll frá Laugarvatni og þaðan í Smalaskálan sem er austan til á Hnúkaheiði og sjónhending úr þeim Smalaskála og í stóra steinin á Blönduhálsi og úr þeim steini réttýsnis í Þrasaborgir sem standa hæðst suður á heijðinni og úr þeim Þrasaborgum sjónhending í norðra Driftar endan á þeirri vestustu Driftinni. Þaðan sjónhending og í Stelpusteinhellir vestur á hrauninu. Þaðan upp í sandgygjenn sem er í Hrafnabiargahálsi langt frá Reidarbarminum.

J öðru lægi á millum Laugarvatns og Snorrastada. Fyrst sjónhending úr Markatánga (fyrir austan stóra Hristanga) og í Markagilskjaptin. Úr því ræður Markagilid þangad sem Hellirsskútinn er í fjallsbrúninni.

J þriðia máta úr fyrnefndum Markatánga sjónhending fram í Hialmstadaá. Þar sem ein fuglstapapúfa er Híalmstada megin á arbackanum. Hún stendst á við Borgarstædid á Lambhagaholti. ...¹

Árið 1626 báru nafngreindir menn því vitni að Oddur Einarsson hefði látið lesa upp opinberlega fyrir Magnúsi Brandssyni fyrrnefndan vitnisburð og hefði Magnús staðið við hvert orð sem þar kæmi fram.

Lögfesta fyrir Laugarvatni var lesin upp á Alþingi 1669 og er hún á þessa leið:

Eg Sæmundur Árnason í handsöluðu og vottuðu umboði Jóns Árnasonar lögfesti hér í dag hans eignarjörð Laugarvatn, liggjandi í þessari sýslu og Miðdals kirkjusókn, akra og töður, engjar og skóga, holt og haga, vötn og veiðistaði og allar landsnyttjar, þær er því landi eiga að fylgja, til þessara takmarka, þar til önnur löglegri með sannri reynist: Í fyrstu millum Laugarvatns og Eyvindartungu ræður litla áin í sínum gamla farveg allt upp yfir Nónhólinn, sem kallaður er Nónhóll frá Laugarvatni, og þaðan í Smalaskála, sem er austan til á Hnúkaheiði, og sjónhending úr þeim Smalaskála og í stóra steinninn á Blönduhálsi, og úr þeim steini réttýsnis á Þrasaborgir, sem standa hæst suður á heijðinni, og úr þeim Þrasaborgum sjónhending í norðra Driftarendann á þeirri vestustu Driftinni, þaðan sjónhending og í Stelpusteinhellir vestur á hrauninu, þaðan og upp í sandgíginn, sem er í Hrafnabjargarhálsi langt frá Reyðarbarminum. Í öðru lagi millum Laugarvatns og Snorrastada: Fyrst sjónhending úr Markatanga fyrir austan stóra Hristanga og í Markagilskjaptinn. Úr því ræður Markagilid þangað sem hellisskútinn er í fjallbrúninni. Í þriðja máta úr fyrnefndum Markatanga sjónhending fram í Hjálmsstaðaá, þar sem ein fuglstapahrúga er Hjálmsstaðamegin á árbakkanum. Hún stenzst á við borgastykkið á Lambhagaholti. Fyrirbýður Jón Árnason hverjum manni sér að nýta eður brúka, nema hans sé lof eður leyfi fyrir. Að vitni lögmanna og lögréttumanna, er orð mín heyra.²

Laugarvatn var talið 30 hndr. jörð í jarðabókunum 1686 og 1695.³ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1708). Kirkjuhúsið var þá fyrir löngu niður fallið en munnmæli voru að þar hefði að fornu verið hálfkirkja. Eigandi jarðarinnar var sagður Oddur Sigurðsson varalögmaður eða móðir hans, Sigríður Hákonardóttir. Eins og aðrar jarðir í hreppnum átti Laugarvatn afrétt „norður og vestur á fjöllum kringum Skjaldbreið“. Raftviðarskógur jarðarinnar var gereyddur en til kolgerðar og eldiviðar var hann enn nýtilegur. Tvær hjáleigur eru nefndar með jörðinni, Stekkjarbakki sem hafði legið 14 ár í eyði og „hjáleigunefna“ sem varaði aðeins í eitt ár.⁴

1 Skjal nr. 242.

2 Skjal nr. 240 (*Alþingisbækur Íslands*. 7. b. Reykjavík 1944-1948. S. 153-154).

3 Björn Lárusson 1967, s. 113.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 319-320.

Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleiki Laugarvatns enn sagður 30 hndr. en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var jörðin metin á 40,3 hndr.¹

Landamerkjabréf Laugarvatns í Grímsnesi var undirritað 12. maí 1890:

Milli Laugarvatns og Eivindartungu ræður litla áin í sínum gamla farveg þangað til að gilið, sem er norðanundir Skógarhólnum kemur í hana, úr því gilmyggi beina stefnu í vörðu á Kolhól, þaðan sjónhending rjetta í stóra steininn á Blönduhálsi; þaðan beint fram í Blönduhálsklofa, þaðan sjónhending í vörðu á Biskupsbrekku; þaðan sjónhending rjetta í Prasaborgir, sem er hæzti hnúkurinn á sunnanverðri Lingdalsheiði, þaðan sjónhending í nyrðri Driptarendan á vestustu Driptinni, þaðan sjónhending í Hamraselshelli, sem er langt vestur á hrauni, þaðan aptur beina sjónhending í Eldborgir á Hrafnabjargahálsi, úr Eldborgum sjónhending í háan hnúk á norðan og austan verðri Hrossadalsbrún, úr nefndum hnúk aptur sjónhending fram á fjallsbrúnina, þar sem hellisskúti er efst í Markagili; síðan ræður Markagil niður að mýrinni, en úr því sjónhending niður í Hjálmstaðaá, þar sem Fuglstapaþúfa er, Hjálmstaðameigin og stentz sú þúfa á við borgarstæðið á Lambhagaholti. Frá áður nefndri þúfu ræður Hjálmstaðaá niður í Laugarvatn.²

Landamerkjabréf þetta samþykktu ýmist eigendur, ábúendur eða umráðamenn eftirtalinna jarða: Miðfells, Gjábakka, Snorrastaða, Hjálmsstaða, Eyvindartungu, Grafar, Efra-Apavatns, Kaldárhöfða, Neðra-Apavatns, Búrfells og Klausturhóla.

Nokkur munur kemur í ljós þegar borin eru saman landamerkjabréfið og lögfestan frá 1669. Þar ber helst að geta að Laugarvatn átti áður land vestur í Stelpusteinselli. Einhvern tíma fyrir 1890 keypti Eiríkur Grímsson í Gjábakka stórt landsvæði af Magnúsi Magnússyni á Laugarvatni og færðust þá landamerkin í Hamraselshelli eins og nánar er greint frá í landamerkjabréfinu.³

Samkvæmt kaupsamningi sem undirritaður var 28. ágúst 1917 seldi Böðvar Magnússon Grímsneshreppi landspildusneið af Laugarvatnslandi „til eignar og umráða, með öllum gögnum og gæðum, sem hún hefur í sér fölginn“. Landamerki landspildunnar voru þessi:

Markaþúfan á Biskupsbrekku, úr henni bein lína í Prasaborgir, þaðan sjónhending í norðurendann á Driftinni, þaðan um Hamarselshelli, Stóra Dímon, Eldborgir og þaðan sjónhending í norðasta Kálfs-tind. Þaðan fram með fjallgarðinum fram í syðra Litlubarmshorn og þaðan sjónhending í áðurnefnda þúfu í Biskupsbrekku.⁴

Í samningnum áskildi seljandi að hreppsnefnd Grímsneshrepps leyfði engum að reka sauðfé til sumargöngu í hinu selda landi heldur væri það aðallega notað fyrir afrennslifé úr afrétti Grímsnesinga. Á móti skuldbatt hann sig til að taka engan sauðfénað af öðrum jörðum í Laugarvatnslandi sem valdið gæti átroðningi á hinu selda landi. Samningnum var þinglýst að Laugardalshólum 22. júní 1918.

Um smölun jarðarinnar Laugarvatns hefur verið nokkur ágreiningur á síðari árum. Hreppsnefnd Laugardalshrepps hefur haldið því fram að eigendur Laugarvatns eigi að sinna og bera allan kostnað af smölun jarðarinnar utan girðinga og vísar til 39. gr. laga um afréttamálefni o.fl. nr. 6/1986 þar sem segir að hver bóndi sé skyldur að smala heimaland sitt á haustin samhliða leitum ef sveitarstjórn mæli svo fyrir. Eigendur jarðarinnar Laugarvatns hafa hins vegar verið þeirrar skoðunar að 12. gr. sömu laga ættu við um þennan hluta jarðarinnar en þar er fjallað um beitolund

1 *Jarðatal* 1847, s. 70. *Ný jarðabók* 1861, s. 25.

2 Skjal nr. 241.

3 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 221.

4 Skjal nr. 103.

einstakra jarða sem notuð eru til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með líkum hætti og afréttir.¹

Vorið 1910 var reist nýbýli í Reyðarbarmi á Laugarvatnsvöllum, í helli einum sem frá fornu fari hafði verið notaður fyrir beiturfé og fjármannaskýli. Býlið var nefnt Reyðarmúli. Þar var um skeið veitingarekstur. Í maí 1919 seldi Böðvar Magnússon á Laugarvatni Símoni Simonarsyni, fyrrverandi bónda í Reyðarmúla, hluta úr eignarjörð sinni, Laugarvatni, sem var hálf tóbýlið og er merkjum þess nánar lýst í kaupsamningnum.² Búskapur mun hafa lagst af í Reyðarmúla 1922.³

Árið 1919 eignaðist Laugarvatnsskóli hálfja jörðina ásamt hálfum Reyðarmúla og árið 1949 var gerður samningur um friðun skóglendis á jörðinni. Á Laugarvatni hefur á síðari árum verið rekin fjölbreytt fræðslustarfsemi auk þess sem ferðaþjónusta er þar vaxandi atvinnugrein.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Laugarvatni frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin verið framseld með hefðbundnum hætti og veðsett.

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Almenn atriði

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að fljótlega eftir að menn komu til landsins hafi komist á hið venjulega landnámsfyrirkomulag germanskra þjóða, að nema land annars vegar til eignar og hins vegar til afnota. Heimildir eins og landnámabækur, Íslendingasögur, fornminjar og búsetusaga segi okkur nútímamönnum að í aðaldráttum hafi byggð haldist á þeim svæðum sem numin hafi verið til eignar. Á svæðum utan og ofan byggða hafi afmarkað land ýmist verið tekið afnotatöku eins eða fleiri jarðeigenda (afréttir) eða afnot öllum fjórðungsmönnum jafnheimil (almenningar). Um afnot afréttar tveggja eða fleiri aðila og svo um afnot fjórðungsmanna að almenningum hafi fljótlega verið settar lagareglur og þær sem lögfestar hafi verið með Jónsbók 1281 hafi haldist fram á 20. öldina.

Hvorki sé talið að afréttareigandi hafi getað gefið eða selt einkaafrétt frá jörð sinni né að jarðeigandi hafi getað selt eða gefið sinn hlut í sameignarafrétti nema láta um leið af hendi jörð sína og bústofn að mestu leyti því að afréttur eða hlutdeild í sameignarafrétti hafi fylgt jörðum. Kirkjur hafi því getað eignast hlut í afrétti ef hann fylgdi heimalandi því, sem þeim var gefið. Sama hafi gilt um klaustur að þessu leyti.

Ráða megi af máldögum að gögn og gæði lands hafi einungis fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum löndum þeirra og því aðeins að öll heimajörðin væri eign þeirra. Þessi regla, að gögn og gæði fylgi aðeins heimajörð kirkju, sé ein helsta skýringin á því að stór afréttarlandsvæði hafi smám saman tekið að safnast að kirkjujörðum en ekki öðrum jörðum. Síðan hafi þessir afréttir oft og tíðum verið innlimaðir í merkjalýsingar, bæði í máldögum og landamerkjabréfum. Þetta sé helsta skýringin á því, að í flestum tilvikum séu það kirkjujarðir sem telji til mikilla landsvæða í óbyggðum.

Þá hafi sagnfræðingar sett fram aðra skýringu á afréttareign kirkjujarða, sem sé þá að á grundvelli máldaga hafi kirkjujarðir ranglega eignað sér heilu afréttina þegar þeir einungis áttu tiltekna hluta í sameignarafrétti. Þetta hafi gerst með þeim hætti að kirkju hafi verið gefin jörð ásamt þeim afréttarrétti sem henni fylgdi. Þessi afréttareign hafi svo verið skráð í máldaga og mörkum afréttarins lýst. Eftir samdrátt í búsetu, eins og t.d. varð á 15. öld vegna mannfalls af völdum svarta

1 Skjöl nr. 208 og 209. Samkomulag mun hafa náðst um að fara að tilmælum hreppsnefndar, sbr. skýrslutökur 28. júní 2000 (Theodór Vilmundarson).

2 Skjal nr. 238

3 *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 57.

dauda, hafi máldagar um eign kirkju á nánar tilgreindu afréttarlandi verið lagðir fram er menn vildu taka að nýta þá að nýju en jarðeigendur hafi enga hliðstæða skriflega sönnun haft fyrir rétti sínum. Þeir hafi því farið halloka fyrir kirkjuvaldinu og greitt afréttartolla til kirkjunnar til þess að fá heimild til nýtingar. Á annan hvorn framangreindan hátt sé talið að flestir afréttir í Húnavatnssýslu og víðar hafi skilist frá jörðum og orðið kirkjueign. Löngu síðar, aðallega á 19. og 20. öld eftir að stétt sjálfseignarbænda reis upp að nýju í landinu, hafi viðkomandi sveitarfélög keypt þessa afrétti.

Lönd hafi gengið kaupum og sölum á öllum tímum Íslandssögunnar og það hafi alltaf verið viðurkennd regla að sá sem afsali landi geti ekki veitt viðsemjanda sínum betri rétt en hann sjálfur átti. Sé venjulegu afréttarlandi afsalað verði það ekki að afrétti með beinum eignarrétti í höndum viðsemjandans.

Að því viðbættu hvað skýrar línur um inntak eignarréttar að landi skipti miklu, vegna ýmissa lagaákvæða sem snerta fasteignir, megi benda á að aukin og breytt nýting á landi utan eignarlanda kalli á að ljóst sé hver sé bær til að taka ákvarðanir vegna þess. Sem dæmi um þetta megi nefna fjölda ferðamanna sem sæki heim óbyggðir og sívaxandi eftirspurn eftir því að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Í nútímanum felist í óbyggðunum miklu meiri verðmæti en áður hafi verið þegar þau hafi einskorðast við ávexti jarðar og veiði.

Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunn- eignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendur. Það hafi hins vegar aldrei verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna í dómsmálum svo öll þau mörk séu óákveðin en þess sé að vænta að þau verði öll ákveðin af óbyggðanefnd innan nokkurra ára. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

Við skilgreiningu þjóðlendulínu í Grímsneshreppi sé að meginsteffnu við það miðað að mörk eignarlanda og þjóðlendu í hreppnum séu þau sömu og landnámsmörk. Sunnan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin hafi verið til eignar en ofan og norðan þjóðlendulínu séu landsvæði sem að einhverju leyti hafi verið tekin til afnota í öndverðu og að öllu leyti á síðari tímum.

Nám hafi verið sá háttur sem hafður hafi verið á frumstofnun eignarréttar að landi hérlendis og meðal annarra germanskra þjóða. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenski lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur séreignarréttur.

Benda megi á nokkur ákvæði í fornlögum okkar sem skýri að strax í upphafi byggðar hafi verið mikill eðlismunur á jörðum og öðrum lendum. Engar nýtingarreglur hafi verið í lögum um jarðir. Eigandinn hafi ráðið hvenær og hvernig hann beitti landið, hvenær eða hvort hann sló tún eða engi. Hins vegar hafi bæði í Grágás og Jónsbók verið mörg og ítarleg ákvæði um hvernig nýta hafi mátt afrétti og almenninga. Til dæmis hafi ekki mátt slá gras í afréttum né reisa þar sel. Hins vegar hafi mátt reisa sel í almenningum. Um báðar þessar landgerðir hafi svo verið ýmsar reglur um hvernig og á hvaða tímum hafi mátt beita þar fé.

Í kristinna laga þætti Grágásar hafi verið mismunandi reglur um líkflutningaskyldu eftir því hvort um var að ræða jörð manns, afrétt, almenning eða háfjöll og öræfi. Í þessu tilliti hafi jörð manns verið í sérstökum flokki öndverðum við hinar þrjár landgerðirnar.

Ákvæði Jónsbókar um lögfestur hafi sumpart verið til að skera úr um hvort land var eignarland, afréttur eða almenningur. Þá sé í landsleigubálki Jónsbókar settur eiðstafur er sverja skyldi eftir þegar deilt var um hvort land væri einstaklingseign eða almenningur eða afréttur. Þar séu afréttir hliðstæðir almenningum.

Í nýbýlatilskipun 1776 hafi konungur talið sig geta ráðskast með eigendalausar eyðijarðir enda hafi þær verið flokkaðar sem almenningar í tilskipuninni. Sömuleiðis hafi konungur getað ráðskast með afrétti og almenninga en aldrei jarðeignir einstaklinga og hafi þó stjórnarskrárákvæðið um friðhelgi eignarréttar ekki verið komið til sögunnar. Vísað sé til þeirrar niðurstöðu Bjarna Jónssonar frá Vogu í skýrslu hans til fossanefndar Alþingis árið 1919 að frá 1776 hafi almenningar og afréttir verið mótmælalaust þjóðareign. Nýbýlalögin frá 1897 hafi ekki breytt þessu enda þótt með þeim hafi það skilyrði verið sett fyrir veitingu nýbýlaleyfis að sveitarstjórn þess sveitarfélags, sem afréttinn átti eða hagsmuna átti að gæta í almenningi, samþykkti.

Í þessu sambandi megi benda á umfjöllun í síðari dómi Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þar segi að telja verði að handhafar ríkisvalds, sem til þess séu bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess sem um ræði. Þetta sé niðurstaða Hæstaréttar eftir að rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að enginn ætti þrætulandið. Það væri eigandalaust með öllu. Þetta sé eitt skýrasta dómafordæmið um að afréttarland geti ekki verið eign í skilningi laga en að hægt sé að eiga tiltekinn rétt til landsins. Gildi þessi regla um þau lönd sem nú kallast þjóðlendur þá hafi ekki verið hægt að hefða rétt til slíks lands þar sem samkvæmt hefðarlögum sé einungis hægt að hefða fasteign er geti verið eign einstakra manna.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þar sem réttindi til afréttar byggist einvörðungu á upprekstrar- eða beitarrétti frá fornu fari sé einungis um afréttareign að ræða en ekki fullkomið eignarland. Slíkir afréttir séu því þjóðlenda. Þetta verði leitt af fyrrnefndum dómi Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þá er af hálfu ríkisins ekki fallist á þá skoðun að í þeim tilvikum er lönd jarða hafa verið lögð til afréttar leiki enginn vafi á um að viðkomandi afréttarland sé undirorpið beinum eignarrétti. Kanna verði hvort slíkt afréttarland hafi verið undirorpið beinum eignarrétti við framsal þess og hvort grunneignarrétturinn, hafi hann verið til staðar, hafi verið framseldur eða einungis beitarrétturinn. Ekki sé unnt að byggja á H 1971 1137 (Reyðarvatn II) sem fordæmi hvað þetta atriði varðar.

Til viðbótar við ofangreinda umfjöllun sé á því byggt að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd í þjóðlendu á nýtingu þeirra. Eignarlönd séu nýtt allt árið til búrekstrar en afréttir til sumarar. Um nýtingu megi oft fá talsverðar upplýsingar í skrifuðum heimildum. Allt frá Jónsbók hafi verið í gildi þau lagaákvæði að eigandi smali sitt land en allt annað land sé smalað sameiginlega af fjallskilastjórn.

Í bók sinni, *Árnesþing á landnám og söguöld*, fjalli Einar Arnórsson um landnám í Grímsnesi. Þar segi að Ketilbjörn gamli hafi numið Grímsnes allt upp frá Höskuldslæk. Þá sé einnig getið um landnám Gríms í Grímsnesi, sem greint sé frá í Sturlubók, Hauksbók og Þórðarbók Landnámu (S 388, H 342, Þ 58). Þessar bækur séu samhljóða um það að Grímur hafi komið að landi rétt við Stokkseyri í á þar rétt fyrir austan sem nefnd hafi verið Grímsá. Land hafi þá verið numið um þessar slóðir og hafi Grímur því leitað lengra upp í landið. Er Grímur hafi verið kominn upp í núverandi Grímsnes hafa honum litist landkostir góðir. Segi landnámabækur að hann hafi numið Grímsnes allt upp til Svinavatns. Suðurmörk landnáms Gríms séu Hvítá svo langt til austurs sem það hefur náð. Vesturmörkin séu Sogið allt upp til Þingvallavatns. Norðurmörkin séu hins vegar óglögg en Lyngdalsheiði liggja á því svæði fyrir ofan byggðina. Bærinn og vatnið Svinavatn sé undir suðausturhorni heiðarinnar. Austurmörk landnámsins séu mjög óviss en skipti ekki máli í þessari umfjöllun.

Eins og fyrr segi telji landnámabækur Ketilbjörn gamla hafa numið Grímsnes allt til Höskuldslækjar sem renni úr Lyngdalsheiði austanvert við Klausturhóla og suður í Hvítá austanvert við Hraunin í Grímsnesi. Samkvæmt þessu sé allur miðhluti Grímsnessins í landnámi þeirra Gríms og Ketilbjarnar beggja. Rekist því sagnir um landnám þeirra því á að þessu leyti. Þetta skipti þó ekki máli þar sem báðar heimildirnar séu í samræmi hver við aðra um hvaða land var numið.

Af dómafordæmum Hæstaréttar verði að ráða þá reglu að sé deilt um upphaflegt nám lands verði aðeins stuðst við glöggar landfræðilegar heimildir. Til að skýra þetta frekar er bent á H 1960

726 (Skeljabrekka), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1161 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá), H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1999 368 (Víðihólar).

Sammerkt sé öllu því landi innan þjóðlendumarka samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins að þar sé um að ræða landsvæði sem séu annað hvort ógróin eða vaxin heiðargróðri. Um sé að ræða miklar hálendisviðáttur og háfjöll allt til jökla.

Ráða megi þá reglu af heimildum um landnám og því sem þekkt sé um nýtinguna, sem fylgt hafi í kjölfarið, að hálendi, fjöll og öræfi hafi ekki verið numin til eignar og því hafi dómstólar gert ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðháttá, víðáttu og gróðurfars, sbr. H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá). Í þessu sambandi skipti hæðarlínur miklu máli enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Íslenska ríkið telji að af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum. Litið sé til þessara atriða við kröfugerð í aðalkröfu. Í varakröfunni sé tekið mið af sömu atriðum en farið eftir augljós-um kennileitum í landslagi.

Það er þó talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna að raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinna jarðar eða önnur atriði hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Aðra reglu megi einnig leiða af dómum Hæstaréttar, þ.e. að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landsréttar. Samhengi þurfi að vera í frumstofnun eignarréttar og framsali hans áfram. Í því sambandi sé vísað til H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1980 1225 (Sandfellshagi, Öxarfjarðarheiði I), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Til þess að greina á milli eignarlanda og þjóðlendna skipti miklu máli að átta sig á nýtingu lands. Því þurfi að skoða hvernig nýtingu þrætulands sé háttáð. Allt frá lokum landnámsaldar og fram að 21. öldinni hafi þeir sem með löggjafarvald hafa farið sett ýmsar reglur um nýtingu þeirra landsvæða sem nú heiti þjóðlendir. Um nýtingu eignarlanda hafi hins vegar ekki verið settar nýtingarreglur nema þær sem teljist til grenndarréttar. Eitt meginatriði skilji á milli eignarlanda og þjóðlendna en það sé að allt frá Jónsbókartíma hafi eigandi átt að smala eignarland sitt en þjóðlendna, sem svo heitir nú, hafi verið smöluð sameiginlega af fjallskilastjórn.

Benda megi á fjölmarga dóma Hæstaréttar þar sem litið hafi verið til þessara atriða við úrlausn um ágreining um eignarhald að landi. Þar sé um að ræða H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Fram komi í bók Braga Sigurjónssonar, Göngur og réttir, að allt fjalllendi og heiðar í hreppnum, þar á meðal Lyngdalsheiði, séu smöluð að frumkvæði sveitarstjórnar. Lyngdalsheiðin sé svo að segja í miðri sveit og þar skipti girðingar ekki löndum, hvorki á hreppamörkum né á landamerkjum jarða. Þá mun heiðin sjálf ekki vera afgirt. Vegna þessa sé greinilega það fyrirkomulag haft á leitum að heimalöndin séu smöluð á leiðinni heim í réttir á Klausturhólum, undir Lyngdalsheiðinni. Lýsing Braga á fjallskilum og smölun landa í hreppnum sé þannig ekki glögg heimild um hvort jarðir, er liggja að heiðinni, skiptist í heimalönd og útlendi. Allt sé smalað í einu. Jafnframt sé ljóst að sá hluti Lyngdalsheiðarinnar, sem tilheyri Grímsnes- og Grafningshreppi, sé ekki smalaður eins og um eignarland sé að ræða, sbr. ákvæði laga um afréttarmálefni og fjallskil.

Samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins liggja þjóðlendumörk langt fyrir norðan landamerki jarða í hreppnum og reyndar norðan við ýmsa sameignarafrétti einnig. Því sé engin þörf á að ræða mörk heimalanda og afrétta í máli þessu.

Af Landnámu og áðurgreindri umfjöllun Einars Arnórssonar sé ljóst að Grímsnesið hafi verið numið til eignar. Ekki sé frá því greint að Lyngdalsheiðin hafi verið numin en það þurfi ekki endilega að þýða að svo hafi ekki verið. Land hafi verið numið til eignar og umráða í því skyni að reisa þar býli og stofna þannig til beins eignarréttar að landi. Býli þessi hafi náð mislangt inn til óbyggða. Ekki sé rökrétt að telja Lyngdalsheiðina til óbyggða þar sem land inn á hana smáhækki og engin skörp skil verði á gróðurfari. Hæsti punktur heiðarinnar, Þrasaborgir, sé aðeins 404 m y.s. en meginhluti heiðarinnar virðist vera u.þ.b. 200 m y.s. Af þessum sökum sé óljóst hvar mörk landnámsins hafi verið á heiðinni. Engra heimilda njóti við hversu lengi heiðin hafi verið nefnd þessu nafni, Lyngdalsheiði, en hún gæti áður hafa verið talin hluti af Grímsnesinu.

Þau rök sem hnígi að því að telja Lyngdalsheiðina alla innan þjóðlendumarka séu þau helst að óglöggt sé hvort hún hafi verið numin í öndverðu. Heiðin sé ekki smöluð sem eignarland heldur að frumkvæði fjallskilastjórnar en sá háttur hafi verið hafður á hvað afréttina varði allt frá Jónsbókartíma. Þá hafi eigendur jarða, sem telja sig eiga land á Lyngdalsheiði ekki girt af lönd sín þar.

Þrátt fyrir framangreind rök hafi íslenska ríkið ekki séð sér fært að krefjast þess að Lyngdalsheiðin teljist innan marka þjóðlendu. Ráði þar mestu að öll heiðin sé eða hafi verið innan landamerkjla lögbýla sem mætist í Þrasaborgum á miðri heiðinni. Heiðin sé frekar láglend landtunga, sem gangi fram í Grímsnesið, umlukin byggð á allar hliðar nema að norðan. Hún sé öll gróin og landfræðilega hafi hún engin mörk við óbyggðir. Þá megi benda á hún sé öll langt fyrir sunnan það svæði sem heyri undir svæðisskipulag miðhálandis. Heiðin skeri sig því úr öðrum jaðarsvæðum í Árnassýslu að þessu leyti.

Þá sé fallist á að afréttarland Grímsnesinga sunnan Þrasaborga, er áður tilheyrði jörðinni Klausturhólum, sé undirorpið beinum eignarrétti og því ekki þjóðlenda.

Af hálfu íslenska ríkisins er því mótmælt að landsvæði norðan kröfulínu íslenska ríkisins sé undirorpið beinum eignarrétti annars vegar hreppsins en hins vegar þeirra jarðeigenda, sem upprekstrarrétt eigi á afréttinn. Af hálfu íslenska ríkisins er þó viðurkenndur upprekstrarréttur þessara aðila á afréttinn og af þess hálfu eru engar athugasemdir gerðar við mörk afréttarins svo sem þeim sé lýst í kröfugerð hreppsins þar sem engar afréttarkröfur séu gerðar. Landsvæði þetta skiptist í svonefnt Laugarvatnsland, sem Grímsneshreppur keypti árið 1917, land Þingvallakirkju, sem Grímsneshreppur eignaðist með makaskiptasamningi árið 1897 og innafrétt Grímsnesinga, þ.e. landsvæði á milli afrétta Laugardals og Þingvallasveitar.

Hugtakið heimaland hafi ekki verið skilgreint í lögum. Þó hafi orðið heimaland strax í Jónsbók verið notað í öndverðri merkingu við úthaga sem notaðir hafi verið til sumarbeitar. Benda megi í þessu sambandi á Jónsbók Llb. 53 „Um afréttarfé, ef þat gengr í heimaland“. Orðið heimaland sé notað í máldögum kirkna frá fyrstu tíð og án skilgreiningar. Í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. hafi verið lagaákvæði um heimalönd án skilgreiningar. Í þessu sambandi megi benda á lög nr. 6/1986. Í 3. gr. l. mgr. laganna segi þetta: „Í fjallskilasamþykkt, er héraðsnefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta“. Einnig sé vísað til 1. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941. Landskiptagerðir vegi þungt um mörk heimalanda.

Í nokkrum dómum Hæstaréttar sé vikið að hugtakinu heimaland. Í því sambandi sé vísað til H 1976 55 (Arnarvatnsheiði), H 1980 1225 (Sandfellshagi, Öxarfjarðarheiði I), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Um þessa dóma sé það að segja að glöggt komi fram í dómunum varðandi Kalmanstungu og Sandfellshaga í Öxarfirði að innan landamerkjalyásingar jarðar sé tvenns konar land, heimaland sem sé í heilsársnotum og síðan afréttarland sem sé í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjallajarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin

á hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkjja sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám, blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda nái til alls heimalandsins.

Því er haldið fram með tilvísun í framangreint að kröfulínu um þjóðlendumörk í gegnum Laugarvatnslandið skuli taka til greina þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tilteknar heimildir, mörk heimalands jarðarinnar við óbyggðir. Landamerkjabréf Laugarvatnsjarðarinnar hafi ekkert um þetta að segja enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk, jafnvel þótt þinglýst séu.

Bent sé á að kirkja hafi snemma verið reist að Laugarvatni en það sé sammerkt hinum víðáttumiklu fjallajörðum að þar sé eða hafi verið kirkjustaður. Augljóst sé að kirkjujarðirnar hafi smám saman farið að eigna sér víðlend svæði til fjalla. Í máldaga kirkjunnar á Laugarvatni frá 1379 sé frá því greint að kirkjan eigi 10 hundruð í heimalandi. Þetta komi einnig fram í Vilkinsmáldaga frá 1397. Þetta sýni að land jarðarinnar hafi snemma skipst í heimaland annars vegar og útlendi hins vegar. Landamerkjabréf jarðarinnar og lýsing á landamerkjum hennar í afsali fyrir hluta jarðarinnar til Grímsneshrepps frá 1917 sé ekki í samræmi við eldri heimildir.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að landamerkjabréf sé ekkert annað en yfirlýsing um yfirráðasvæði á sama hátt og landamæri ríkja, sveitarfélaga og stjórnsýsluumdæma sýslumanna. Þar sem landamörk eignarlanda liggja saman sé landamerkjabréf samningur milli aðila um þessi mörk eignarjarða innbyrðis eftir að réttir eigendur eða umboðsmenn hafi ritað undir bréfið samþykki sitt við lýsingu. Í landamerkjabréfi felist á engan hátt að allt land innan merkja skuli vera óskorað eignarland. Almennar sönnunarreglur ráði að sjálfsögðu hér eins og annars staðar. Fyrst og fremst skilgreini landamerkjabréfið takmörk nýtingarréttar að landi. Á það megi benda í þessu sambandi að landamerkjabréf séu jafnt til fyrir jarðir sem afrétti sem séu innan þjóðlendu.

Af ákvæðum landamerkjjalaganna frá 17. mars 1882 megi ráða að landamerkjabréfið sé í eðli sínu samningur milli jarðeigenda og næðist ekki sátt um landamerkin skyldi landamerkjadómur skera úr.

Samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis þá sem séu aðilar að samkomulaginu og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felist. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjallajarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882 og það hafi ekki verið fyrir en 116 árum síðar að slíkt var mögulegt eftir að íslenska ríkinu var með lögum verið fenginn eignarrétturinn að þjóðlendum.

Margir dómur Hæstaréttar komi inn á landamerkjabréf og inntak þeirra. Í því sambandi megi nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 519 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn II), H 1979 846 (Geirland-Prestbakki), H 1996 2848 (Bláfjöll), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) H 1997 2410 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Þessir tilvitnuðu dómur séu allir því álitir íslenska ríkisins til stuðnings að landamerkjabréf sanni ekki inntak eignarréttar og sé ekki gilt um mörk milli umráðamanna landa nema þeir eigi aðild að þeim réttindum sem samið sé um. Einnig komi glöggt fram í þessum dómum að landamerkjabréf séu til fyrir lönd, sem nú séu óumdeilt þjóðlendum eftir dómsniðurstöður eins og sé um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði og Landmannaafrétt. Síðan komi glöggt fram í Bláfjallamálinu að hægt sé að fjalla um landamerki yfirráðasvæða án þess að afstaða sé tekin til inntaks eignarréttar.

Annað atriði sem valdi ágreiningi, sé gildi þinglýsingar landamerkjabréfs og hafi því verið haldið fram af gagnaðilum íslenska ríkisins að með þinglýsingu landamerkjabréfs sé búið að gulltryggja eignarréttinn. Því sé til að svara að enginn öðlist meiri rétt en viðsemjandi geti veitt, sömu-leiðis þinglýsi enginn meiri rétti en hann eigi. Þinglýsing heimildarskjals um fasteign sé laga-

skylda og til að tryggja öryggi í viðskiptum og skapa eigendum réttarvernd gagnvart grandlausum viðsemjendum og lánardrottnum.

Spurning sé hvort þegjandi eða jákvæðar athafnir ýmissa umboðsmanna ríkisins geti falið í sér samþykki valdstjórnar eða ríkis vegna lands sem nær inn í þjóðlendu. Þetta geti verið í tengslum við mótmælalausa móttöku og þinglýsingu landamerkjabréfa sem haft hafi að geyma lýsingu í átt að óbyggðum eða einfaldlega afsal ríkisins á tilteknum lendum. Því sé til að svara að af Landmannaafréttardómi síðari megi ráða þá reglu að löggjafinn einn sé bær til að ráðstafa réttindum yfir landsvæði utan eignarlanda. Af því leiði að athafnir eða athafnaleyfi starfsmanna stjórnarsýslunnar geti ekki leitt af sér slík yfirráð nema heimild í almennum lögum hafi verið fyrir hendi.

Því álitaefni hafi verið hreyft að hafi beinn eignarréttur ekki verið að öllu landi innan merkja skv. landamerkjabréfi, er það var ritað eftir landamerkjalogin 1882, þá hafi þessi beini eignarréttur orðið til síðar fyrir hefð vegna óslitins eignarhalds.

Talið hafi verið að hefðarréttur hafi ekki verið í okkar fornögum, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið, hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðarréttar stofnaðist til slíkra landsvæða. Í þessu sambandi megi benda á Jónsbók Lfb. 52, „Ef menn vitu eigi, hvárt eru almenningar eða afréttir“. Þar segi: „Svá skulu almenningar vera, sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra“.

Fyrstu lögin um hefð séu í Norsku lögum frá 1687, V. bók 5. kap. Í 7. gr. laganna segi svo:

Enginn á að fá eignardóm að nokkurri fasteign, nema hann leiði lögfulla sönnun að heimild sinni, með erfðum, kaupum, eignaskiptum, gjöf eða 20 ára hefð, án þess að átalið hafi verið og að hann hafi þannig öðlast hana ákærulaust af öllum er kynnu að hafa haft einhverjar athugasemdir við það.

Þegar þessi lög hafi verið sett hafi lagaákvæði Jónsbókar um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið enn verið í gildi og þessi hefðarlög hafi ekki afnumið Jónsbókarákvæðið, þess sé að minnsta kosti ekki getið. Einnig sé talið að orðið fasteign beri að túlka á þann veg, að merki eignarjörð með byggingum eða bara byggingu eða hús. Lögin taki því ekki til afrétta eða almenninga og því enn óheimilt að hefða slík landsvæði.

Næstu lög um hefð séu nr. 46 frá 1905. Í 1. gr. þeirra segi að hefð megi vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstakra manna, án tillits til þess hvort hann hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign. Þessi lög staðfesti enn gildandi rétt til að hefða fasteignir sem undirorpnar séu beinum eignarrétti en skv. gagnályktun sé ekki heimilt að hefða eign, sem ekki geti verið eign einstakra manna, eins og grunnréttinn að afréttum og almenningum, sem nú heiti þjóðlendur. Segja megi að þessi skoðun komi fram í Landmannaafréttardóminum síðari. Þar sé því slegið föstu að afréttarlandsvæði sé einskis manns eign og af því leiði að slík landsvæði geti ekki verið eign í skilningi hefðarlaga. Í núgildandi lögum um þjóðlendur sé þessi regla lögfest í niðurlagsákvæði 3. greinar en þar segir: Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.

Rétt sé að vekja athygli á því að skilyrði fyrir hefðarhaldi sé óslitið eignarhald sem hafi verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi sem nú gæti heitið þjóðlenda, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1581 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar). Í þessum dómum sé ekki tekið á því hvort hægt sé að hefða grunneignarrétt afréttarlands. Sleppt sé að fjalla um það þar sem efnisskilyrði skorti.

7.2. Laugarvatnsland

Í ljósi staðhátta víðáttu og gróðurfars sé því haldið fram að sá hluti Laugarvatnslandsins, sem sé norðan kröfulínu ríkisins, sé þjóðlenda en landið sunnan við sé hluti af upphaflegu heimalandi jarðarinnar. Kröfulína íslenska ríkisins gangi í gegnum Laugarvatnslandið fyrir neðan syðsta hluta Litla-Reyðarbarms. Þarna sé talið að mörkin á milli heimalands Laugarvatns og útlendis eða afréttarlands jarðarinnar séu. Íslenska ríkið leggi ákveðinn skilning í hugtakið heimaland og telji það undirorpið beinum eignarrétti en fjarlægari hlutar lands samkvæmt landamerkjabréfi séu hins vegar afréttarland til sumarbeitar fyrir búfé.

7.3. Land Þingvallakirkju

Að því er varði land Þingvallakirkju, sem Grímsneshreppur eignaðist með makaskiptasamningi 6. apríl 1897, er af hálfu íslenska ríkisins bent á að fleiri heimildir séu til um þetta heiðarland en áður nefndur makaskiptasamningur.

Í elsta máldaga Þingvallakirkju, Vilkinsmáldaga frá 1397, sé hvorki á það minnst að kirkjan eigi afrétt né að kirkjan eigi hlut í heimalandi. Í máldaga Gísla Jónssonar, biskups í Skálholti, frá 1575 komi fram að kirkjan eigi heimaland allt með gögnum og gæðum og einnig Skjaldbreið og ýmsar jarðir.

Samkvæmt 16. gr. erindisbréfs handa biskupum frá 1. júní 1746 séu Vilkins- og Gíslamáldagar taldir áreiðanlegir og löggiltir og skuli allar þrætur um eignir kirkna, réttindi og kúgildi, er standi á jörðum léns- og bændakirkna, dæmd og útkljáð eftir þeim. Á þessum tíma hafi Þingvallakirkja verið lénskirkja og umrætt erindisbréf konungs, sem gert hafi verið á einveldistíma, hafi lagagildi um eignarhald að heimajörð og eignum þar. Vafi kunni að hafa leikið á um eignarrétt kirkjunnar að jörðinni sjálfri þar sem landið hafði verið gert að allsherjarfé. Þessum vafa hafi hins vegar verið eytt með birtingu erindisbréfsins. Öðru máli gegni hins vegar um afréttinn. Hann sé utan jarðarinnar og því eigi erindisbréfið ekki við um hann.

Nær samhljóða Gíslamáldaga sé Lýsing Þingvallakirkju í vísitásiubók Brynjólfs Sveinssonar frá 25. apríl 1644. Tveimur áratugum síðar hafi sami máldagi verið færður óbreyttur inn í vísitásiubók Þórðar biskups Þorlákssonar nema hvað fleiri jarðir séu þá eignaðar Þingvallakirkju.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segi að kirkjustaðurinn á Þingvöllum hafi átt afrétt á Skjaldbreiðarhrauni sem hafi ekki verið brúkaður í yfir 40 ár. Láti prestur brúka fyrir afrétt Ármannsfell, Kvíndisfell og Gagnheiði. Fleiri jarðir eigi afrétt á Skjaldbreiðarhrauni, ekki aðeins hjáleigur Þingvallakirkju, heldur einnig jarðir í einkaeign, svo og Grímsnesingar og virðist svo hafa verið frá fornu fari. Svo virðist sem þetta hafi valdið ágreiningi því að árið 1740 hafi presturinn á Þingvöllum séð ástæðu til að lögfesta landareign kirkjunnar. Hafi hann ætlast til að eftir það léki ekki vafi á um hver væri raunverulega eigandi afréttarins.

Ekki sé vitað hvernig Þingvallakirkja eignaðist afrétti sína í öndverðu. Við samanburð máldaga megi ætla að afrétturinn hafi komist undir eignarráð kirkjunnar á 15. öld eða í byrjun 16. aldar. Þó geti leikið á þessu vafi. Benda megi á að eigi síðar en á 14. öld hafi skipting landsins í afrétti verið komin nokkurn veginn í fast horf og fyrir siðaskipti hafi flestar kirkjur verið búnar að eignast þær eignir og hlunnindi sem þær bjuggu að síðar öldum saman. Sennilegt sé að kirkjan hafi snemma eignast afrétt eða beitarítök þótt þess sé ekki getið í Vilkinsmáldaga. Ekki hafi alltaf verið talin þörf á að geta þess sem var á allra vitorði. Þegar frá leið hafi þótt tryggara að færa það allt í letur sem kirkjunni var eignað.

Sú tilgáta hafi verið sett fram að flestir afréttir kirkna hafi upphaflega verið beitarítak. Þegar kirkja hafi verið stofnuð hafi hún yfirleitt fengið hlutdeild í heimalandi með gögnum þess og gæðum og að auki beitarítak, ýmist í heimahögum eða uppi á afréttum, nema hvort tveggja væri. En með þessu hafi kirkjubóndi ekki óhjákvæmilega verið að afsala sér öðrum gæðum afréttarins eins og fuglaveiði, silungsveiði eða grasatekju. Smám saman hafi það gerst að afréttareign kirkna

hafi færst yfir á landið sjálf. Ein ástæða þess hafi ef til vill verið sú, að við flestar kirkjur hafi verið máldagi þar sem tekið hafi verið skilmerkilega fram að kirkjan ætti afrétt án þess reyndar að sú eign væri skilgreind nánar. Sambærilegt plagg hafi fæstir bændur haft í höndum. Þeir hafi þannig átt óhægara um vik að verja rétt sinn þótt þeir hefðu viljað. Það sé því hugsanlegt að bændur á þeim jörðum, sem áttu afrétt í Skjaldbreiðarhrauni samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, hafi verið grunlausir um að í raun hafi Markús Snæbjörnsson lögfest Þingvallakirkju vídtækari eignarrétt árið 1740 en beinar heimildir voru fyrir um.

Ljóst sé þegar saga umrædds afréttar Þingvallakirkju sé skoðuð að afrétturinn hafi ekki verið hluti af jörðinni sjálfri eins og haldið hafi verið fram heldur hafi kirkjan einungis átt þar upprekstrarrett, sem hafi þó varla verið einkaréttur.

Í afsali fyrir afréttarlandinu segi: „Ég Jón Thorstensen prestur á Þingvöllum afhendi Grímsnes-hreppi til lögfullrar eignar, afnota og umráða afréttarland það allt tilheyrandi Þingvallakirkju o.s.frv.“ Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að hefði eignarland verið gjaldmiðillinn í þessum makaskiptasamningi hefði ekki verið talað um afhendingu heldur sölu. Enn fremur hefði þá verið talað um eignarland eða hluta úr jörð Þingvalla. Þess í stað komi skýrt fram að afhent sé til umráða afréttarland. Í afsalinu sé í fleiri skipti talað um umrætt landsvæði sem afréttarland.

Orð og efni afsala skeri oftast úr um hvað selt sé og í umræddu tilfelli sé það ótvírátt. Meginreglan sé sú að kaupandi öðlist ekki betri rétt en seljandi átti. Því geti kaupandi ekki eignast beinan eignarrétt að landi ef viðsemjandi hans átti þar eingöngu takmörkuð eignarréttindi svo sem beitarrett. Hins vegar sé hægt að selja tiltekin afnotaréttindi án þess að grunneignarréttur landsins fylgi með í kaupunum. Þannig ráði orð og efni afsala miklu þegar skera þurfi úr um álitæfni eins og því sem hér sé til umfjöllunar. Á þetta hafi reynt í nokkrum dómum Hæstaréttar, sbr. H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn II), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar). Einkum verði að líta svo á að dómarnir um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði séu fordæmisgefandi í máli þessu en notkun heiðanna, svo og staðhættir, víðátta og gróðurfar þar svipi til afréttarlands þess sem Grímsneshreppur eignaðist í fyrrnefndum makaskiptum við Þingvallakirkju.

7.4. Sameignarafréttur Grímsnesinga

Af hálfu íslenska ríkisins er á það bent að engar heimildir séu til um nám þess lands sem nú teljist innan landamerkjalyýsingar sameignarafréttar Grímsness. Landnáma sé mjög glögg hvað þetta varði og ljóst sé að allur afrétturinn sé utan þess lands sem numið var. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við lýsingu á landnámi á þessu svæði svo sem fyrr greini og sé vísað til þess.

Af hálfu íslenska ríkisins er því mótmælt að jarðeigendur í hreppnum hafi öðlast beinan eignarrétt að afréttinum á grundvelli landnytja. Á það sé bent að af tilteknum nytjum megi ráða hvort landið sé undirorpið beinum eignarrétti þess sem nytjar landið eða hvort hann eigi þar einungis óbein eignarréttindi. Meginreglan sé sú að land, sem nytjað hafi verið til beitar og smalað að frumkvæði fjallskilastjórnar, sé þjóðlenda. Land, sem nytjað hafi verið til búrekstrar með byggingum og öðrum mannvirkjum, sé hins vegar eignarland. Sameignarafréttur Grímsness sé í flokki þess fyrrnefnda, þ.e. þjóðlenda. Kenningar fræðimanna um beinan eignarrétt að landi miðast við að hann stofnist fyrir mannanna verk. Á afréttinum séu hins vegar ekki önnur mannanna verk en þau sem tengist beitarafnotunum. Því geti hann ekki verið undirorpinn beinum eignarrétti.

Því sé mótmælt að jarðeigendur í Grímsnesi geti stutt eignartilkall sitt til afréttarins með vísan til landamerkjabréfs og þinglýsingu þess. Svo sem fyrr greini sé landamerkjabréf fyrst og fremst afmörkun yferráðasvæðis og af hálfu íslenska ríkisins séu engar athugasemdir gerðar um mörk afréttarins. Þinglýsing sé ekki sönnun fyrir öðrum rétti en þeim sem þinglýst var og að því er afréttinn varði sé það yferráðaréttur yfir afréttarlandi.

Þá sé ekki hægt að fallast á þá málsástæðu gagnaðila ríkisins að ríkisvaldið hafi margsinnis

viðurkennt eignarrétt jarðaeigenda í Grímsneshreppi að afréttinum. Ekki sé bent á nein slík tilvik í greinargerð og til dæmis beri framlögð landamerkjalyásing ekki með sér að henni hafi verið þinglýst.

Af hálfu íslenska ríkisins sé því haldið fram að sá sem haldi því fram að tiltekið land sé eignarland beri sönnunarbyrðina fyrir því. Það land, sem ekki tekst að sanna að sé undirorpið beinum eignarrétti, sé þá þjóðlenda. Þessa reglu megi leiða af almennum reglum um sönnunarfærslu.

Við skoðun heimilda um umráð og nýtingu og önnur atriði sem máli skipti sé alveg ljóst að sameignarafréttur jarðeigenda í Grímsnesi sé sams konar landsvæði og Landmannaafréttur. Um hann hafi Hæstiréttur sagt: „Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla, hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar.“

Með vísan til þess sem hér hafi verið rakið sé því haldið fram að almenn rök og samfelld réttarþróun allt til þjóðlendulaga hafi leitt í ljós að íslenska ríkið sé eigandi að þessu afréttarsvæði sem hér sé til úrlausnar. Réttur þessi leiði til óskerts réttar íslenska ríkisins til hvers konar jarðefna og námuvinnslu, jarðhita, vatnsafls og hagnýtingar þess. Einnig umferðarréttar, fuglaveiða, dvalar og náttúruskoðunar fyrir landsmenn en að virtum einkarétti afréttareigenda til upprekstrar. Það liggja ljóst fyrir að réttarþróun að núverandi stöðu mála sé á þá lund að enginn hafi getað eignast grunnrétt að hálendissvæðum utan numdra landa. Við athugun á því hvað felist í hugtökunum almenn-ingur og afréttur séum við Íslendingar í þeirri einstæðu aðstöðu að hafa skjállegar frásagnir um það er Ísland var numið en þær séu taldar áreiðanlegar af sagnfræðingum. Samkvæmt þeim heimildum sé greint frá yfir 400 landnámu og sé hvergi getið um þau nema þar sem um er að ræða eignarlönd sem síðar hafi verið byggð. Einnig sé talið áreiðanlegt að Jónsbók í núverandi afritum sýni hvaða lög giltu hér 1281. Þá sé einnig talið sannað að í Jónsbók hafi verið tekin upp eldri ákvæði að miklu leyti óbreytt hvað landbúnað og landnot varðar. Frá Jónsbók hafi öll réttarþróun verið á þá lund að eigna ríkisheildinni á hverjum tíma grunnrétt að löndum utan eignarlanda og þá þau réttindi sem grunnrétti fylgi. Þessi þróun felist m.a. í nýbýlatilskipun 1776, álitum landbúnaðarnefndar 1877, nýbýlalögum 1897, vatnalögum 1923, námulögum og síðar lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, t.d. álitum beggja hluta fossanefndar 1917, náttúruverndarlögum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Nú á dögum verði einnig að taka tillit til nútímavíðhorfa réttarþjóðfélags. Í því tilliti beri að líta til þess grundvallaratriðis að ríki er óhugsandi nema það eigi landið undir sér og frumeignarréttur að landi sé ávallt á hendi ríkisheildarinnar en einkaeignarréttur sé innan þeirra marka sem beinar sannanlegar heimildir verði leiddar að. Verði íslenska ríkinu ekki úrskurðaður grunnréttur að þessu umdeilda afréttarsvæði séu ekki líkur til að annað land, sem líkt sé á farið með, fái aðra meðferð og þá sé spurning hvort pláss sé fyrir ríkishugtak hér á landi.

7.5. Kaldárhöfði

Þinglýstur eigandi jarðarinnar Kaldárhöfða sé Þingvallakirkja og fyrirvar fyrir hana í þessu máli sé á hendi fjármálaráðuneytisins. Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til landamerkjabréfs Kaldárhöfða frá árinu 1884 sem samþykkt hafi verið frá aðliggjandi jörðum. Samkvæmt þeirri landamerkjalyásingu eigi jörðin land allt inn til Þrasaborga á miðri Lyngdalsheiði en þangað séu ýmsar jarðir og afréttir taldir ná.

Ljóst sé að land jarðarinnar fyrir neðan Lyngdalsheiðina hafi verið numið í öndverðu, þ.e. allt það land sem vegna legu og nota geti talist hæft til heilsársnota. Landnám Gríms í Grímsnesi hafi náð að Sogi í vestri og meðfram því að Þingvallavatni. Þar með verði Kaldárhöfði síðasti bærinn í vestri í landnámi hans. Ekki sé ljóst nákvæmlega hvar á Lyngdalsheiði landnámsmörkin séu þar sem heiðin sé mjög aflíðandi og hæsti punktur hennar, í Þrasaborgum, einungis í 404 m hæð. Þá sé

frekar afmarkað svæði umhverfis Þrasaborgir í 300 m hæð en meginhluti hennar sé í 200 m hæð eða meira. Við Kaldárhöfða hagi þannig til að heiðin sé rétt fyrir ofan bæinn sem standi í kvos undir henni. Væri sá hluti jarðarinnar, sem liggur á Lyngdalsheiðinni og allt til Þrasaborgar, ekki talin beinum eignarrétti háð heldur þjóðlenda væri jörðin nánast landlaus. Því verði að telja að land ofan bæjarkvosarinnar hafi verið með í landnáminu og teljist til heimalands jarðarinnar enda geri enginn annar tilkall til hennar.

Um lagarök er vísað til þess að samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1998 sé eignarland landsvæði sem háð sé einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fari með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segi til um á hverjum tíma. Núverandi landsvæði innan landamerkja jarðarinnar Kaldárhöfða sé slíkt landsvæði. Allt land jarðarinnar til Þrasaborga sé þannig heimland, undirorpið beinum eignarrétti landeiganda.

8. SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.

8.1. Kröfur um sáttatillögu, frávisun o.fl.

Af hálfu Grímsnes- og Grafningsshrepps er þess krafist að óbyggðanefnd leggi fram sáttatillögu í málinu í samræmi við 15. gr. laga nr. 58/1998. Meginhlutverk óbyggðanefndar hljóti að vera að sætta aðilja enda geti úrskurðir hennar vart verið bindandi um eignarréttindi. Með þátttöku í málsmeðferð fyrir nefndinni sé á engan hátt verið að viðurkenna úrlausnarvald hennar að þessu leyti. Eignarréttur, sem byggist á athugasemdalausum þinglýstum heimildum, verði hvorki takmarkaður né tekinn af landeigendum með úrskurði óbyggðanefndar og sé hvers konar ráðagerð um það mótmælt.

Í greinargerð jarðeigenda o.fl. segir að krafa þeirra um að vísa beri frá óbyggðanefnd kröfu ríkisvaldsins um að þjóðlendur nái inn í þinglýst eignarlönd byggist á því að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar verði ekki hróflað við eignarrétti manna nema með lögum. Í þjóðlendulögunum sé ekki að finna neina heimild til eignarnáms heldur sé þvert á móti hnykk á því í lögunum að þjóðlendur séu utan eignarlanda. Óbyggðanefnd hafi því ekki lagaheimild til að úrskurða að til þjóðlendna skuli teljast land sem nú liggur innan þinglýstra landamerkja bújarða eða afrétta þar sem lögaðilar hafi þinglýst afsal fyrir eignarrétti sínum þar sem með þeim hætti væri í raun verið að svipta viðkomandi eiganda eignarrétti sínum. Þar með væri land, sem eigandinn hefur fullkomna eignarheimild fyrir í dag og sem viðurkennt hefur verið af yfirvöldum að hann eigi, sbr. skráningu í fasteignamat og aðrar opinberar skrár, ekki lengur fullkomin eign hans heldur væri honum gert að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Höfði landeigandinn ekki mál fyrir dómstólum innan 6 mánaða frá úrskurði óbyggðanefndar til viðurkenningar á eignarrétti sínum glati hann endanlega eignarrétti að umræddu landi. Landeigandanum væri gert að sækja mál fyrir dómstólum til að verja eignarrétt sinn. Á því sé byggt að málsmeðferð þessi standist ekki 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og því beri að vísa kröfum, sem lúta að þinglýstum eignarlöndum frá óbyggðanefnd, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Í öðru lagi sé frávisunarkrafan á því byggð að óbyggðanefnd sé ekki óháður úrskurðaraðili. Það að leggja þurfi málin undir óbyggðanefnd með þeim hætti sem ráð sé fyrir gert í lögum nr. 58/1998, sé andstætt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, svo og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi talið ákvæði þetta eiga við um ákvarðanir stjórnvalda, sem hafi áhrif á eignarrétt og atvinnuréttindi manna í víðtækri merkingu. Í 19. gr. laga nr. 58/1998 sé vissulega að finna ákvæði um heimild einstaklinga til að bera ákvörðun óbyggðanefndar undir dómstóla enda sé það gert innan mjög skamms tíma, þ.e. 6 mánaða. Engu að síður sé því haldið fram að málsmeðferðin geti ekki verið réttlát. Í fyrsta lagi benda jarðeigendur o.

fl. á það hversu skammur málshöfðunarfresturinn sé. Í öðru lagi er á það bent, að þegar óbyggðanefnd, sem heyri undir forsætisráðuneytið, hafi tekið ákvörðun um að tiltekin landspilda skuli teljast þjóðlenda og sæta þannig forsjá forsætisráðuneytisins, þá verði þolandinn, þ.e. hinn raunverulegi landeigandi, að höfða dómsmál og vera þannig sóknaraðili í máli til þess að fá þessari ákvörðun stjórnvaldsins hnekt. Við því sé að búast að staða stjórnvaldsins sé þá mun sterkari þar sem sérhæfð nefnd hafi þá þegar tekið afstöðu með málstað ríkisvaldsins. Af þessum sökum beri að vísa hvers konar ágreiningi um eignarréttindi frá óbyggðanefnd og beri nefndinni sjálfri að taka afstöðu til frávisunarkröfunnar með úrskurði.

Í greinargerð jarðeigenda o.fl. eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við lög um þjóðlendar og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998:

Kanna þurfi hvort úrskurðir óbyggðanefndar kunni að vera ógildanlegir þar sem þjóðlendulög standist hvorki stjórnarskrá né mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi beri að huga sérstaklega að tveimur atriðum. Í fyrsta lagi hvort löggjafanum sé heimilt að færa eignarrétt að almenningum og eigendalausum svæðum, er nú lúti fullveldisrétti Alþingis, til ríkisins, þ.e. til forsætisráðuneytisins, til þinglýstrar eignar. Telja jarðeigendur o.fl. að það gerist í raun þegar land sé úrskurðað þjóðlenda og spyrja hvort slíkt „landnám“ sé heimilt nú. Minnt sé á að ákvæði Jónsbókar um að „almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið“ sé í fullu gildi. Í Landmannaafreftarmálunum hafi verið tekist á um eignarréttindi á Landmannaafrefti. Í fyrra málinu hafi verið synjað um viðurkenningu á eignarrétti sveitarfélaganna og/eða jarðanna á afréttinum. Í síðara málinu hafi kröfu ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti þess á umræddu landi hins vegar verið hafnað. Alþingi geti tæplega breytt niðurstöðu dómstóla að þessu leyti og falið eignarréttinn að umræddu landsvæði ríkisvaldinu með lögum. Slík lagasetning kunni að brjóta í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnræði aðila. Standist slík lagasetning megi spyrja hvort ekki hefði verið eðlilegra að ákveða með lögum að Landmannahreppur ætti hið umdeilda landsvæði með hliðsjón af því að þeir einir hefðu nýtt landið.

Í öðru lagi sé því haldið fram að það fari gegn jafnræði málsaðila og stríði gegn almennri réttlætiskennnd að forsætisráðherra skipi óbyggðanefnd, er eigi að úrskurða um eignarrétt að landi, sem fallið geti til ríkisvaldsins er lúti stjórn forsætisráðuneytisins. Enginn geti verið dómari í eigin sök. Sjónarmið um að skipan þessi stríði gegn réttlátri málsmeðferð leiði til þess að úrskurðir óbyggðanefndar kunni að verða ógildanlegir. Með þessu sé ekki verið að lýsa yfir vanhæfi nefndarmanna heldur hvernig staðið sé að skipan í nefndina. Þeim tilmælum sé beint til óbyggðanefndar að hún taki ábendingar þessar til meðferðar og segi af sér komist hún að þeirri niðurstöðu að þjóðlendulög in standist ekki stjórnarskrá eða að skipan nefndarinnar standist ekki hlutleysis- og jafnræðisreglu.

Þá er því haldið fram að óbyggðanefnd beri að leita umsagnar allra þeirra aðila, sem að hinu umdeilda landsvæði kunni að koma, svo sem Náttúruverndarráðs, héraðsnefndar Árnessýslu, Grímsneshrepps, Landgræðslunnar, iðnaðarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og allra þeirra aðila sem veitt geti upplýsingar um eða tengist hinu umdeilda landsvæði með einhverjum hætti.

Kröfugerð ríkisvaldsins hafi verið kærð til umboðsmanns Alþingis vegna meints brots á meðalhöfsreglu, rannsóknarreglu og andmæla-reglu stjórnsýslulaga.

Loks er því haldið fram að óbyggðanefnd geti ekki tekið einstök svæði til úrlausnar fyrr en fyrir liggja kröfugerð til alls landsins svo gæta megi jafnræðis við úrlausn málanna. Með öðru móti verði ekki nægilega rannsakað hvernig eignarhaldi sé almennt háttáð á landi sambærilegu því sem hér er til umfjöllunar.

8.2. Almenn atriði varðandi eignarréttarkröfur

Að því er varðar hið eiginlega afréttarland, þ.e. það land, sem hreppurinn hefur ekki eignast sem lögpersóna með kaupum, er á því byggt að það hafi verið numið í öndverðu og sé í óskiptri sameign eigenda þeirra lögbýla í Grímsnes- og Grafningshreppi sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á

afréttinum. Afrétturinn hafi verið nýttur til fulls allt frá landnámsöld eftir því sem mögulegt var hverju sinni af eignum jarða í hreppnum en hreppsfélagið hafi farið með málefni afréttarins fyrir hönd jarðeigenda allt frá stofnun hreppsfélagsins.

Að því er varðar það land, sem fyrrverandi Grímsneshreppur eignaðist úr landi Laugarvatnsjarðarinnar árið 1917 og úr landi Þingvallajarðarinnar árið 1897, er á því byggt að það sé fullkomin eign Grímsnes- og Grafningshrepps. Land þetta hafi tilheyrt ofangreindum jörðum og verið fullkomið eignarland þegar hreppurinn eignaðist það og lagði það til afréttarins.

Að því er varðar land jarða í Grímsnesi, sem liggja að Lyngdalsheiði, er á því byggt að það sé undirorpið beinum eignarrétti og er í þeim efnum vísað til ýmissa þinglýstra eignaryfirfærslugerninga og landamerkjalyásingar jarðanna. Þar sem ríkisvaldið hafi ekki gert kröfur vegna heima-landa þessara jarða verði að álykta að ríkisvaldið viðurkenni að jarðirnar séu undirorpnar beinum eignarrétti. Kröfur eigenda þessara jarða um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þeirra að jörðunum séu hins vegar ítrekaðar.

Auk ofangreinds er af hálfu jarðeigenda o.fl. byggt á landamerkjalyásingu afréttarlandsins og þeirra jarða, sem í hlut eigi. Enn fremur að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt þannig að bindandi sé að umrætt land, innan landamerkja, sé undirorpið beinum eignarrétti og því verði ekki hnekktt nú, mörg hundruð árum síðar.

Við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðar nr. 41/1919 hafi ætlun löggjafans verið sú að framkvæmdarvaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og að leyst yrði úr ágreiningi um þau, væri hann fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum, hverjum í sinu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum hefði verið þinglýst. Allt til ársins 1981 hafi verið gert ráð fyrir að sérstakur dómstóll, landamerkjadómstóll, skæri úr ágreiningi um landamerki. Löggjafarvaldið hafi með þessu viljað tryggja að landamerki væru sem skýrust og að um þau þyrfti ekki að deila. Með landamerkjalögum hafi átt að koma góðri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll og hafi fyrirmælum laganna verið fylgt og landamerkjalyásingar gerðar fyrir nær allar jarðir. Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekki kveðið á um það hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt. Alkunna hafi verið að eignarlöndum fylgdi fullkominn eignarréttur og að afréttarlönd væru í sameign eigenda þeirra jarða sem afrétturinn tilheyrði.

Afréttir hafi á þessum tíma verið taldir undirorpnir fullkomnum eignarrétti sem einungis takmarkaðist af eignarrétti annarra landeigenda. Um þetta hafi ekki verið deilt enda hafi þetta sameignlega land fyrst og fremst verið nýtt til beitar fyrir sauðfé og hesta.

Í 1. gr. landamerkjalaganna sé mælt fyrir um að landeigendur eða fyrirsvarsmenn jarða þar sem eigi séu af völdum náttúrunnar glögg landamerki skuli setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vötnum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki sem löglega sé við haldið. Framangreind regla eigi m.a. við um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna ef sá sem land á að afrétti eða lendu krefst þess. Landamerkjalyásingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjalaganna 1882, hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingum og eftirlitsskyldu valdsmanna sem leitt hafi til þess að um sé að ræða fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Landamerki þessi og þetta fyrirkomulag beri að virða. Af hálfu hreppsins og jarðeigenda sé talið að ekki sé hægt að raska landamerkjum með því að setja meira en öld síðar lög, sem kveði á um eignarrétt ríkisvaldsins að stórum landsspildum, sem í meira en 100 ár hafi verið taldar innan þinglýstra landamerkja jarða eða eftir atvikum í sameign tiltekins fjölda jarða. Ríkisvaldið geti ekki slegið eign sinni á land sem sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi verið það í yfir 100 ár. Hér hljóti venjuréttur og hefðarsjónarmið að vega þungt.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi var lokið. Lengi hafi verið óvissa um hvort hefðarréttur gilti hér á landi. Í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746 hafi verið kveðið á um að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign. Víða megi sjá þess stað að út frá því hafi verið gengið að hefðarreglur Norsku eða Dönsku laga (1683 og 1687) giltu hér á landi. Einnig sé vikið að hefðarreglum í nokkrum tilskipunum, sbr. konungsbréf frá 18. apríl 1761, nýbýlatilskipunina frá 1776 og tilskipun frá 17. apríl 1833 er varði óðalsrétt á Íslandi. Landsyfurréttur hafi í dómi frá 5. maí 1830 gengið ótvírætt út frá því að hefðarreglur Norsku laga giltu á Íslandi þó að rétturinn hafi síðar, eða í dómi frá 19. desember 1887, hafnað hefðarreglum. Hefð hafi síðan fyrst og fremst haft gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Ákvæði 1. gr. hefðarlaga sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt þessu megi halda því fram að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð á landi, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti undirorpið. Í fyrri Landmannaafréttardóminum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð verði unnin á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. Þjóðlendulaga i.f. Gaukur Jörundsson telji að eignarhefð verði unnin á landi hvort heldur um sé að ræða afrétt eða almenning ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt. Hann telji þó að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Því sé hins vegar ekki haldið fram að afréttur Grímsnesinga hafi verið eigendalaust land heldur sé ljóst að landið hafi verið numið og nýtt sameiginlega af jarðeigendum í Grímsnesi. Sjónarmiðin um hefð séu til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt jarðeigenda í hreppnum. Gaukur Jörundsson telji jafnframt að slaka beri á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmætið og allar aðstæður gefi minna tilefni til víðtækra umráða og fjölbreyttra nota. Í dómi Hæstaréttar frá 20. janúar 1939 hafi verið fallist á eignarhefð engjalands enda þótt hefðandi virtist hafa haft lítil sem engin önnur not af landinu en til slægna.

Engu breyti um eignarhaldið hvort hefðandi lands er einn aðili eða margir sameigendur. Það að landið hafi frá upphafi nánast einungis verið nýtt til beitarréttar og þótt þeir sem það nýttu, hafi nýtt það sameiginlega og að um afréttamálefni og fjallskil hafi gilt almenn lög þá breyti það ekki því að þessir sameigendur hafi nýtt landið eins og kostur var í fullan hefðartíma og meira en það og jafnframt meinað öðrum not þess. Ríkisvaldið hafi ekki nýtt afréttarland Grímsnesinga með nokkrum hætti. Þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi snemma haft afskipti af nýtingu afrétta með skipulagningu smölunar og eyðingu refa geti slík stjórnsýsluleg afskipti ein sér ekki haft í för með sér yfirfærslu eignarréttarins frá jarðeigendum til sveitarfélagsins eða ríkisvaldsins. Venjuréttur og hefð falli hér saman og eigi að leiða til þess að afrétturinn tilheyri jörðunum í hreppnum sem hafi nýtt landið öldum saman.

Miklu síðar hafi því verið haldið fram að jarðeigendur ættu einungis beitarrétt á afréttinum og sé þar um útufrásýning að ræða enda þjóni það hagsmunum valdhafa að beinn eignarréttur að landsvæði þessu tilheyri ríkisvaldinu. Þessa pólitísku niðurstöðu, sem menn telja almannahagsmunum hagnafelldari, sé síðan reynt að búa í skrautbúning þess lagaumhverfis sem við lifum í nú. Af hálfu hreppsins og jarðeigenda er því haldið fram að virða beri þá skipan sem gilt hafi um aldir og staðfest hafi verið m.a. með landamerkjalogunum frá 1882 og að eignarréttindi verði ekki færð í hendur ríkisvaldsins með almennum lögum.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi talið að ríkisvaldið geti farið með ákveðin umráð lands í skjóli valdheimilda sinna sé ekki þar með sagt að löggjafinn geti framselt vald þetta til stjórnvalda og jafnframt falið stjórnvöldum að skera úr um það hvaða land skuli vera undirorpið eignarrétti ríkisvaldsins og hvað skuli skilið eftir handa raunverulegum eigendum landsins. Hér sé fyrst og fremst um pólitískar deilur að ræða sem færðar hafi verið að nokkru leyti í lögfræðilegan búning. Minni deilurnar á margan hátt á þær deilur, sem í byrjun síðustu aldar hafi verið um eignarrétt að vatni og vatnsföllum.

Í þessu máli sé aðstaðan um margt með líkum hætti og þegar fossamálið var til umfjöllunar í byrjun 20. aldar. Ríkisvaldið leitist við að slá eign sinni á land sem sé háð eignarrétti einstaklinga. Eðlilegra hefði verið að skorið hefði verið úr ágreiningi þessum fyrir hlutlausum dómstóli í stað stjórnáskilunefndar og að sönnunarbyrðin um eignarrétt ríkisins að hálandi landsins utan þinglýstra landamerkjja jarða hefði hvílt á ríkisvaldinu. Komist óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að land sem einstaklingur eða lögaðili telur sig eiga skuli vera þjóðlenda sé slík niðurstaða andstæð stjórnarskrá.

Á því er byggt að löggjafarviljinn hafi ekki staðið til þess að land, sem nú sé innan þinglýstra landamerkjja bújarða, verði talið til þjóðlendna, samanber umræður og ályktanir um málið á Alþingi. Þá er vísað til meðalhófsreglu stjórnáskilulaga því til stuðnings að ekki skuli telja meira land til þjóðlendu en sem brýna nauðsyn beri til og sátt sé um að teljast skuli þjóðlenda.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er á því byggt að landsvæði það, sem um sé deilt í máli þessu, þ.e. afréttarlandið, hafi allt verið numið í öndverðu. Vísað er til rits Haraldar Matthíassonar, Landið og Landnáma. Bændur í Grímsnesi hafi öðlast beitarrétt á þessu svæði með samkomulagi við eigendur og fyrir venju. Snemma hafi orðið til reglur um nýtingu beitara á umræddu sameignarlandi og hafi sveitarfélögin fljótlega tekið við skipulagningu á fjallskilum. Engu skipti í hvers eigu landið sé, sem smala þurfi, sbr. 4. gr. nógildandi laga um afréttarmálefni og fjallskil, nr. 6/1986, sbr. 52. gr. sömu laga. Samkvæmt nýbýlatilskipuninni 1776 hafi konungur sett lög um heimild til stofnunar nýbýla á eigendalausum svæðum og hafi því í raun allt land utan eignarlanda talist í eigu ríkisins. Engin nýbýli hafi hins vegar verið stofnuð á Grímsnesafrétti á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Það styðji jafnframt þá fullyrðingu að landið sé undirorpið fullkomnum eignarrétti að við stólsjarðauppboðin 1794 hafi lönd verið seld samkvæmt konungsúrskurði sem fullkomin eignarlönd samkvæmt uppkölluðum landamerkjum. Þannig beri ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að landamerki hafi verið önnur fyrir gildistöku landamerkjaganna 1882.

Mótmælt sé þeirri túlkun sem fram komi í greinargerð ríkisins um að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd eftir nýtingu þeirra. Í fyrsta lagi sé viðurkennt af fræðimönnum að afréttarland geti verið fullkomið eignarland ef ljóst sé að það hafi í öndverðu eða síðar orðið undirorpið fullkomnum eignarrétti. Mjög stór hluti lands á Suðurlandsundirlendi sé ekki í heilsársnotum af skiljanlegum ástæðum. Yfir vetrartímamann sé landið gegnfrosið og enginn skepna fari um það. Vetrararbeit sé nú víðast aflögð með nútímalandbúnaðarháttum.

Að því er varði staðhæfingar í greinargerð ríkisins um aðgreiningu lands í heimalönd og afrétti telji jarðeigendur að innan jarðanna sé ekki um afrétti að ræða í þeirri merkingu, sem heimamenn leggi í orðið afréttur. Sumar jarðir, svo sem Þingvallajörðin, hafi hins vegar mjög víðfæðm heimalönd. Slíkt land, sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarland í víðustu merkingu þess orðs, sé hins vegar að mati hreppsins eignarland enda viðurkennt af fræðimönnum að slíkt land geti verið undirorpið beinum eignarrétti. Á slíku landi séu t.d. ekki gerð fullkomin fjallskil af hálfu fjallskilastjórnar enda að hluta til um einkaland jarða að ræða sem jarðeigendur smali sjálfir. Þá benda jarðeigendur á að á vorin sleppi menn fé sínu í heimalönd og smali síðan til rúnings. Einnig sé ám sleppt í heimalönd á haustin eftir að lömb hafi verið tekin undan. Á afréttinn reki menn hins vegar fé í byrjun sumars og óheimilt sé að fara með fé í afrétt til haustbeitara.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er tilgátum þeim, sem fram komi um landnám Íslands í greinargerð ríkisins, mótmælt. Ekkert bendi til þess að lönd hafi verið numin með þeim hætti, sem greint sé frá í greinargerð ríkisins, heldur sé mun líklegra að stórvötnin hafi ráðið þar sem þeirra naut við. Þannig hafi fræðimenn talið að mjög víða hafi land verið numið allt til jökla enda sé Landnáma alls ekki óljós að því er þetta varði. Gróðurfar nú veiti enga vísbendingu um þetta enda sé það nú með allt öðrum hætti en við landnám samkvæmt kenningum fræðimanna á því sviði.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Er á það bent að lýsingar Landnámu hafi verið taldar benda til þess að um beinan eignarrétt að landi væri að ræða, s.s. í H 1960 726 (Skeljabrekka) og H 1994 2228 (Geitland). Lýsing Landnámu á

landnámi í Grímsneshreppi sé óvenjuskýr og alls ekki óljósari en lýsing hennar á landnámi Geitlands. Ljóst sé að land hreppsins hafi allt verið numið.

Þá benda jarðeigendur o.fl. á að í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi) hafi vafinn verið metinn sökunaut í hag. Viðkomandi skotveiðimenn hafi verið sýknaðir m.a. vegna vafa um hvar þeir voru staddir, vafa um landamerki og fleira á grundvelli sönnunarreglna opinbers réttarfars. Í málsmeðferðinni fyrir óbyggðanefnd beri hins vegar að túlka vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eða að hve miklu leyti land hafi verið nýtt landeiganda í hag hafi hann athugasemdaleusa þinglýsta eignarheimild í hendi. Ríkið beri því sönnunarbyrðina fyrir því að umþrætt land hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því eigendalaus. Á það sé bent að fullkomið eignarland sé að sjálfsögðu mun verðmætara en beitarréttur eða annar takmarkaður eignarréttur að landi. Þá sé því mótmælt að með hinum svokölluðu skotveiðidómum hafi Hæstiréttur slegið á fast að eignarlönd manna gætu aldrei náð upp fyrir gróðurmörk eða ákveðna hæðarlínu. Einnig sé bent á að kröfulína ríkisins í máli þessu sé ekki studd neinum skynsamlegum rökum og taki hún til dæmis ekki mið af gróðurfari eða gróðurbeltum. Bent er á þá skoðun gróðursérfræðinga að landið hafi allt verið gróið við landnám en að gróður á viðkvæmstu stöðunum hafi síðar hopað vegna kólnandi veðurs og búsetu manna. Það og margt fleira bendi til þess að landið hafi verið numið lengra inn til landsins en byggðin nái í dag.

Þá er af hálfu jarðeigenda o. fl. mótmælt þeim skilningi talsmanns ríkisins að H 1975 55 (Arnarvatnsheiði) geti ekki haft fordæmisgildi í máli þessu. Bent sé á að til grundvallar niðurstöðunni hafi legið lögfesta eiganda Kalmanstungu frá 1879 og séu fræðimenn á þeirri skoðun að ekki verði annað ráðið af niðurstöðu Hæstaréttar en að landið, sem um hafi verið deilt, sé fullkomið eignarland.

Jarðeigendur o. fl. telja að land innan Þingvallajarðarinnar hafi ekki sambærilega stöðu og Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði. Þar hafi vissulega verið um afréttarlönd að ræða en ekki heimalönd. Menn hafi mun víðtækari not af heimalöndum jarða en afréttarlandi en þar skipti mestu máli að eigendur jarða geti bannað öðrum not heimalanda þó víðfeðm séu.

Þá vísa jarðeigendur o. fl. til framlagðra fjallskilasamþykktar en þar komi fram hvernig nýtingu afréttarins hafi verið háttáð. Þar sé t.d. lagt bann við því að utansveitarfé gangi á afréttinn.

Í þjóðlendulögunum sé eignarland skilgreint sem „landsvæði sem háð er einkaeignarrétti þannig að eigandinn fer með öll venjuleg eignarráð þess“. Af hálfu jarðeigenda o.fl. er því haldið fram að allt land, sem þeir hafi þinglýsta eignarheimild fyrir, sé eignarland. Innan þinglýstra landamerkjafari landeigendur einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfirráð.

Af hálfu jarðeigenda o. fl. er því haldið fram að alls staðar í Árnessýslu sé land innan þinglýstra landamerkjafari undirorpið beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi hefði enginn tilgangur verið með setningu landamerkjatalaga frá 1882 hefðu þau ekki átt að veita eigandanum beinan eignarrétt að því landi sem landamerki jarðar hans náðu til. Ekkert bendi til þess í lögskýringargögnum að ráð hafi verið fyrir því gert að innan þinglýstra landamerkjafari geti annars vegar verið land sem jarðareigandinn eigi aðeins afnotarétt að og hins vegar land sem undirorpið sé fullkomnum eignarrétti. Svo virðist sem með lögunum 1882 hafi verið reynt að koma skikki á þessi mál, þ.e. hvar mörk eignarlanda og afrétta liggja. Löggi afinn hafi skipað málum með lögum án þess að raska eignarrétti. Teljist afrétturinn eigendalaus sé rangt að halda því fram að enginn hafi farið með hið „eigendalaus“ svæði. Upprekstrarfélög eða sveitarfélög hafi farið með yfirráðin á afréttinum fyrir hönd eigenda jarða í hreppnum sem átt hafi afréttinn í óskiptri sameign.

Tilgangurinn með lögum um þjóðlendur hafi fyrst og fremst verið sá að gera ríkisvaldið að þinglýstum eiganda þeirra landsvæða sem enginn hafi skjöl fyrir að hann eigi en svo hátti til um hluta afrétta og jökla á hálendi Íslands. Landamerkjalyfingar ráði þar mjög miklu.

8.3. Grímsnesafréttur

Af hálfu jarðeigenda o. fl. er á því byggt að hið eiginlega afréttarland, þ.e. það land, sem hreppurinn

hefur ekki eignast sem lögpersóna með kaupum, svo sem hátti til um hluta af Laugarvatns- og Þingvallajörðunum, sé eign eigenda þeirra lögbýla í Grímsnes- og Grafningshreppi sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á afréttinum. Eigendur þessara lögbýla hafi veitt hreppnum umboð til að lýsa kröfum fyrir þeirra hönd. Af hálfu jarðeigenda o. fl. sé á því byggt að landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og það síðan fylgt jörðunum. Landið sé því í óskiptri sameign eigenda þeirra lögbýla í Grímsnes- og Grafningshreppi sem upprekstrarrétt eigi á afréttinn. Afrétturinn hafi verið nytjaður af eigendum jarða í hreppnum allt frá landsnámsöld en hreppsfélagið hafi farið með málefni hans fyrir hönd jarðeigenda allt frá stofnun hreppsfélagsins. Afrétturinn hafi verið nýttur til fulls eftir því sem mögulegt var hverju sinni. Til dæmis hafi landið verið nýtt til beitar, grastekju, veiða, skógarhöggs, kolagerðar og námstöku en einnig hafi hluti landsins verið leigður aðilum í ferðaþjónustu. Hreppurinn hafi lagt vegi á afréttinum og fengið samþykkt deiliskipulag á hluta hans. Orðið afréttur hafi um langan aldur verið notað yfir þetta sameignarland en sú orðnotkun dragi á engan hátt úr eignarrétti jarðanna að landsvæðinu.

Jarðeigendur o.fl. kveða efnislegar kröfur sínar hvað varðar afréttarlandið í heild byggjast á þinglýstum afsölum og landamerkjalyðingu afréttarlandsins. Um Laugarvatnslandið sé vísað til afsalsins frá 1917. Þá hafi ríkisvaldið viðurkennt fullkominn eignarrétt áður Grímsneshrepps að hluta úr Þingvallajörðinni með áritun sinni á makaskiptasamninginn frá 6. apríl 1897. Samkvæmt ofangreindum heimildum sé afrétturinn fullkomin eign annars vegar hreppsins og hins vegar eigenda jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi sem upprekstrarrétt eigi á afréttinn með öllum gögnum og gæðum. Enn fremur sé á því byggt að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt, þannig að bindandi sé, að umrætt land, innan landamerkja, sé undirorpið beinum eignarrétti og því verði ekki hnekknt nú, mörg hundruð árum síðar.

8.4. Laugarvatnsland

Við munnlegan málflutning kvaðst talsmaður Grímsnes- og Grafningshrepps gera þá breytingu á kröfulýsingu að hún tæki einnig til skákar úr landi Laugarvatns sem væri afmörkuð af línu dreginni úr Reyðarbarmi í norðasta Kálfstind, þaðan með stefnu í Eldborgir að línu sem dregin væri úr Skefilfjallahorni að Hrutfjöllum og þaðan í Reyðarbarm. Breytingu þessari var ekki mótmælt af hálfu talsmanns íslenska ríkisins.

Í greinargerð jarðeigenda o.fl. segir að með afsali dagsettu 17. nóvember 1917, þinglýstu 28. maí 1918, hafi Grímsneshreppur eignast hluta af jörðinni Laugarvatni í Laugardal. Með þessum hætti hafi afréttarland Grímsnesinga við Skjaldbreið verið tengt heimalöndum jarða í hreppnum. Á þessum tíma hafi Laugardalur tilheyrt Grímsneshreppi en þegar afréttarlandi hreppanna hafi verið skipt við stofnun Laugardalshrepps hafi þessi hluti Laugarvatnsjarðarinnar komið í hlut Grímsneshrepps. Landamerkjabréf fyrir jörðina hafi verið gert 12. maí 1890 og sé það að mestu leyti í samræmi við lögfestu fyrir jörðina frá 1669. Laugarvatnslandið sé fullkomið eignarland og sé þess krafist að viðurkennt verði að það sé fullkomin eign sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps.

8.5. Land Þingvallakirkju

Með makaskiptasamningi 6. apríl 1897 hafi Grímsneshreppur eignast hluta af jörðinni Þingvöllum í Þingvallasveit. Í staðinn hafi sveitarfélagið afsalað eignarjörð sinni, Kaldárhöfða, til ríkisins vegna þjóðkirkjunnar. Makaskiptasamningur þessi hafi verið staðfestur af hálfu ríkisvaldsins 6. apríl 1897 og honum þinglýst 16. júní 1897. Þrátt fyrir að landsvæði þetta sé nefnt „afréttarland“ í makaskiptasamningnum frá 1897 sé ljóst af orðalagi samningsins að verið var að afsala fullkomnu eignarlandi. Með gjörningi þessum hafi eignarland Grímsnesinga á hálendinu verið aukið verulega og komið sem viðbót við afréttarland jarðanna í sveitinni. Á þessum tíma hafi Laugardalur tilheyrt Grímsneshreppi en þegar afréttarlandi hreppanna hafi verið skipt við stofnun Laugardalshrepps hafi

Þetta landsvæði komið í hlut Grímsneshrepps. Land Þingvallakirkju sé fullkomið eignarland og sé þess krafist að viðurkennt verði að það sé fullkomin eign sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps. Landamerkjabréf fyrir jörðina hafi verið gert 1. september 1886 og sé það að mestu leyti í samræmi við eldri heimildir um landamerki jarðarinnar.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er bent á að fram komi í Gíslamáldaga, vísitasíubókum, lögfestum, svo og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að umrætt landsvæði hafi verið eign Þingvallakirkju. Enn fremur er bent á að þó að landið hafi ekki verið nýtt af kirkjunni í einhvern tíma eða verið nýtt af öðrum óátalið af kirkjunni hafi það ekki útrýmt eignarrétti Þingvallakirkju. Þá er á það bent að í erindisbréfi handa biskupum 1. júní 1746 séu Vilkins- og Gíslamáldagar taldir áreiðanlegir og löggiltir. Erindisbréfið hafi lagagildi og þar sem enginn munur sé gerður á eignarhaldi kirkjunnar á landsvæði því, sem hér sé til umfjöllunar og öðru landi kirkjunnar í Gíslamáldaga, verði að telja að umrætt landsvæði hafi verið fullkomin eign Þingvallakirkju.

9. SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR

Af hálfu Landsvirkjunar er atvikum máls lýst svo að fyrirtækið reki á hinu tilgreinda landsvæði, svæði nr. 1, stærstu orkuver fyrirtækisins og mannvirki sem þeim tengist, svo sem stíflur, uppistöðulón, vatnsvegi, háspennulínur, spennavirki svo og ýmis önnur mannvirki sem tengist starfsemi þess, sbr. 2. grein laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Landsréttindi, vatnsréttindi (fallréttindi), heimildir til byggingar og reksturs orkuvera og mannvirkja, sem þeim eru tengd, þar með talið uppistöðulóna, stíflna, vatnsvega, miðlunarmannvirkja, orkuflutningslína, spenna- og rofavirkja og hvers kyns annarra mannvirkja á hinu auglýsta landsvæði, byggjast annars vegar á sameignarsamningi, dagsettum 1. júlí 1965, milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun og hins vegar einkum á lagaheimildum og virkjunar- og framkvæmdaleyfum ráðherra fyrir hverja einstaka virkjun svo og samningum við sveitarfélög og einstaklinga svo sem rakið sé í kröfugerð.

Með lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, hafi verið ákveðið, sbr. 1. gr. laganna, að ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur skyldu setja á stofn virkjanafyrirtæki er nefnist Landsvirkjun. Í 4. gr. laga nr. 59/1965 komi fram að Landsvirkjun taki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og í Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell. Í 5. gr. laganna hafi verið kveðið á um að ríkið og Reykjavíkurborg legðu Landsvirkjun til, sem endurgjaldslaut stofnframlag, eignir þær og réttindi sem tiltekin hafi verið í 4. gr.

Í greinargerð segir að heimild til virkjunar Efra-Sogs ásamt gerð stíflu við útfall Þingvallavatns, með heimild til miðlunar frá 102 m y.s. að sumri til 103 m y.s. að vetri, hafi verið veitt með bréfi atvinnumálaráðuneytisins 20. júní 1955, sbr. skjal nr. 126.

Þá kveður Landsvirkjun austurenda stíflu við útfall Efra-Sogs úr Þingvallavatni vera í landi Kaldárhöfða. Réttindi þau í Grímsneshreppi, sem ríkið hafi afhent við stofnun Landsvirkjunar, hafi verið vatnsréttindi Kaldárhöfða frá Þingvallavatni niður í Úlfjótsvatn ásamt 38 ha. landi, sbr. sameignarsamning ríkis og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, sbr. skjal nr. 109. Jörðin sé að öðru leyti í eigu ríkisins.

Landsvirkjun kveðst leggja áherslu á að fyrirtækið sé eigandi framangreindra vatnsréttinda og nauðsynlegra landsréttinda og krefst þess að það verði viðurkennt af óbyggðanefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Það feli í sér að ekki sé heimilt að ákvarða endurgjald skv. 4. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga fyrir nýtingu réttindanna. Rétt sé þó að benda á að réttindi þessi séu ekki innan þess svæðis sem ríkið krefjist að verði viðurkennt sem þjóðlenda. Ekki sé því víst að fjalla þurfi um framangreind réttindi Landsvirkjunar í úrskurði óbyggðanefndar.

Landsvirkjun kveður Hrauneyjafosslínu (220 kV) liggja á afréttarlandi, að austan frá mörkum við Laugardalshrepp og vestur að mörkum Þingvallahrepps. Lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé í lögum nr. 37/1971 og 1. og 6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum. Iðnaðarráðherra hafi veitt leyfi fyrir Hrauneyjafosslínu 30. desember 1976, sbr. skjal nr. 117. Heimilda til byggingar línunnar hafi verið aflað hjá viðkomandi sveitarfélögum á árunum 1978-1979 í samræmi við 5. gr. skipulagslaga, nr. 31/1968, og gengið frá samningum við sveitarfélög og einstaklinga á árinu 1979 um bætur fyrir línubygginguna, sbr. skjöl nr. 137, 138 og 147.

Þá kveður Landsvirkjun byggingu 400 kV háspennulínu frá Sultartangavirkjun að aðveitustöð Landsvirkjunar við Brennimeil í Hvalfirði fyrirhugaða. Á því landsvæði, sem hér um ræði, muni línan liggja samhliða Hrauneyjafosslínu, sem sé 220 kV. Almenna lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé að finna í lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Hrauneyjafosslínan sinni orkufrekum iðnaði á Grundartanga í Hvalfirði. Sé þar um að ræða járnblendiverksmiðjuna og álbræðslu Norðuráls. Upphafleg stærð álversins miðist við 60 þúsund tonna ársframleiðslu en umhverfismat og samningar geri ráð fyrir að unnt verði að stækka álverðið í tveimur áföngum þannig að ársframleiðslan miðist við 180 þúsund tonn. Verði álver Norðuráls stækkað þannig að það geti framleitt 180 þúsund tonn á ári og ef bætt verður við fjórða ofni í verksmiðju íslenska járnblendisins sé ljóst að leggja þurfi framangreinda Sultartangalínu 2, þ.e. frá Sultartangavirkjun að aðveitustöð á Brennimeil í Hvalfirði til að sinna aukinni orkuþörf fyrir tækjanna. Svo sem að framan greinir muni hún liggja samhliða Hrauneyjafosslínu og krefjast sambærilegra réttinda, m.a. til umferðar og viðhalds.

Landsvirkjun tekur fram að fyrirtækið mótmæli öllum kröfum um að ríki, sveitarfélög, aðrir lögaðilar eða einstaklingar eigi beinan eignarrétt að afréttarlandi nema þeim sem kröfuna hefur uppi takist að sanna fullkominn eignarrétt, sbr. H 1981 1584 (Landmannaafrettur), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), að öðrum kosti teljist afréttarland vera þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Í 2. mgr. 5. gr. sömu laga sé kveðið á um að þeir sem geti sannað að þeir eigi réttindi innan þjóðlendu skuli halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Þessa grein beri að skilja sem svo að ekki sé unnt að ákvarða endurgjald vegna beinna eða óbeinna eignarréttinda innan marka þjóðlendu, sem fengin séu fyrir gildistöku laganna. Af hálfu Landsvirkjunar er áréttað að hvort sem það landsvæði, sem til umfjöllunar sé í máli þessu, verður talið þjóðlenda eða eignarland, standi óhögguð þau réttindi sem fyrirtækið hefur fengið með lögum og samningum og sönnur hafa verið færðar á.

Að lokum kveðst Landsvirkjun eiga og reka allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnassýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu. Sé þess krafist að landsréttindi og umferðaréttindi, sem þurfi til reksturs þeirra, verði viðurkenndur.

10. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá bls. 55.

11. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður tekin afstaða til krafna málsaðila um frávísun og fleira vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar. Því næst verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar, gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða og loks tekin afstaða til krafna Landsvirkjunar.

11.1. Kröfur um sáttatillögu, frávisun o.fl.

Við fyrirtöku málsins 29. febrúar 2000 kom fram krafa Grímsnes- og Grafningsshrepps um að óbyggðanefnd legði fram sáttatillögu í málinu og var í því sambandi vísað til 15. gr. laga nr. 58/1998. Eftirfarandi ákvörðun óbyggðanefndar var af þessu tilefni færð til bókar við fyrirtöku 28. mars:

Ákvæði 15. gr. laga nr. 58/1998 er svohljóðandi: „Óbyggðanefnd leitar sáttá með aðilum nema telja verði að sáttatilaun verði árangurslaus.“ Ákvæðið kveður ekki á um skyldu óbyggðanefndar til að leggja fram sáttatillögu. Í því felst að nefndin skuli sjálf meta hvort og með hvaða hætti leitað skuli sáttá. Við það mat hefur óbyggðanefnd í huga að málsaðilar hafa ekki forræði á hvers kyns ágreiningi fyrir nefndinni. Þá ber þess að geta að gagnaöflun stendur nú yfir í umræddum málum.

Það er mat óbyggðanefndar að forsendur til að leita sáttá séu ekki fyrir hendi að svo komnu máli. Ofangreindri kröfu er því hér með hafnað.

Í greinargerð Sigurðar Jónssonar hrl. fyrir hönd eigenda jarða og afrétta í Grímsnes- og Grafningsshreppi, sem lögð var fram á fundi óbyggðanefndar 8. maí 2000, var þess krafist að kröfum ríkisvaldsins er lytu að þinglýstum eignarlöndum yrði vísað frá óbyggðanefnd, málflutningur færi ekki fram fyrir en umboðsmaður Alþingis hefði látið í ljósi álit sitt á atriðum sem til hans hafi verið beint með kvörtun af hálfu lögmannsins og umsagnir ýmissa aðila lögju fyrir. Jafnframt var farið fram á að framkomin frávisunarkrafa yrði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að fyrirhuguðum málflutningi fyrir óbyggðanefnd kæmi.

Af þessu tilefni var eftirfarandi ákvörðun kynnt málsaðilum þann 29. maí 2000:

Með hliðsjón af aðdraganda málsins og þá einkum skilgreiningar og auglýsingar nefndarinnar á því svæði sem nú er til meðferðar, eru ekki forsendur til að fjalla sérstaklega um kröfu um frávisun á ákveðnum þáttum kröfugerðar íslenska ríkisins. Úrlausn um þau atriði tengist og fellur saman við efnismeðferð málsins, enda á ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998 ekki við í þessu sambandi, sbr. áður nefndan aðdraganda að málsmeðferð á svæðinu og verksvið nefndarinnar almennt.

Þá vill óbyggðanefnd benda á, að óbyggðanefnd er stjórnáslunefnd og hlutverk hennar er skýrt afmarkað í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Það er ekki á verksviði óbyggðanefndar að meta stjórnskipulegt gildi laga, enda hefur það verið talin grundvallarregla í íslenskum rétti að slíkt sé ekki á verksviði annarra en dómstóla, sbr. 2. gr. l. nr. 33/1944, sbr. einnig 60. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur að skylda til að leita álots þeirra aðila sem lögmaðurinn tilgreinir verði hvorki leidd af 4. mgr. 10. gr. né 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig 10. gr. stjórnáslulaga, nr. 37/1993.

Engin lagaheimild er fyrir hendi til þess að fresta máli uns úrlausn umboðsmanns Alþingis liggur fyrir.

Óbyggðanefnd byggir forsendur sínar á reglum eignarréttar sem raktar eru í úrskurði þessum og úrskurðar á grundvelli þeirra meðal annars um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Þessum almennu reglum er beitt í hverju máli og eru málin flutt fyrir nefndinni með það fyrir augum. Óbyggðanefnd telur ekki að kröfur fyrir aðra landshluta geti breytt forsendum eða niðurstöðu fyrir það mál sem nú er til umfjöllunar og telur að með beitingu sömu reglna eignarréttarins á öll landsvæði sé tryggt að jafnræðis verði gætt í málum fyrir nefndinni. Kröfu um að úrskurðir í Árnessýslu verði ekki kveðnir upp fyrir en kröfum hafi verið lýst fyrir allt landið er því hafnað.

11.2. Landnám

Eins og áður hefur komið fram greinir Landnámubók frá tveimur landnámsmönnum í Grímsneshreppi hinum forna. Annar þeirra var Ketilbjörn hinn gamli Ketilsson en hann „nam Grímsnes allt upp frá Høskuldsloek ok Laugardal allan ok alla Byskupstungu upp til Stakksár ok bjó at Mosfelli“. Hinn landnámsmaðurinn er nefndur Grímur „ok nam Grímsnes allt upp til Svinavatns“. Báðar þessar lýsingar gefa mjög óljósa mynd af því landsvæði sem numið var og virðast jafnvel stangast á. Til að mynda hefur verið vakin athygli á því að miðhluti Grímsness sýnist hafa legið í landnámi þeirra beggja, Gríms og Ketilbjarnar. Þó þykir sennilegast að landnámsmörk Gríms hafi verið Hvítá að sunnan og austan og Sogið að vestan upp til Þingvallavatns. Einnig virðist mega álykta af frásögn Landnámu að Lyngdalsheiði hafi verið í landnámi Ketilbjarnar en að öðru leyti ríkir óvissa um efri mörk landnámana.

Þá greinir Landnáma frá því að Ingólfur Arnarson hafi numið land milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, austur að Öxará, miðja vegu milli Almannagjár og Brúsastaða, að því er talið er. Ekki er hins vegar greint frá landnámi austan og norðan við Öxará fyrr en kemur að landnámi Ketilbjarnar gamla í Grímsnesi. Óvíst er um nákvæma legu eða stærð svæðisins á milli tveggja fyrrgreindra landnáma en af þessum lýsingum má ráða að innan þess liggja nú Þingvellir, a.m.k. sunnanverðir, og jarðir í Þingvallahreppi, austan við Þingvallavatn. Eftir því sem dregur norðar og austar upp af Þingvallavatni verður hins vegar óljósara hvar landnám Ingólfs og Ketilbjarnar hefur endað. Umfjöllun Landnámu um landnám í Borgarfirði veitir engar upplýsingar um það svæði sem hér er til umfjöllunar.

Ólafur Lárusson taldi að svæði þetta hefði í fyrstu verið almenningur sem enginn taldi sér til eignar. Heimildir benda til að snemma hafi búseta hafist á þessum slóðum, sbr. frásögn Íslendingabókar um land Þóris kroppinskeggja í Bláskógum. Fræðimenn eru almennt sammála um að Bláskógar hafi síðar fengið nafnið Þingvellir. Óljóst er þó um nákvæm mörk Bláskógajarðarinnar og hafa komið fram mismunandi kenningar um það atriði.

Í greinargerð um gróðurfar á því svæði, sem hér er til umfjöllunar, er komið fram að í upphafi landnáms hafi birkiskógur eða kjarr að jafnaði teygst sig upp undir 400 m y.s. hæð yfir sjávarmáli en þar fyrir ofan hafi tekið við víðir, lyng og ýmsar harðgerar jurtir. Í máli nr. 1/2000, Þingvallahreppur, kemur fram að fjallendið á vestur- og suðvesturhluta Þingvallakirkjulands sé raklendara, þar sé mikil úrkoma og snjóþyngsli sem séu gróðri hagstæð. Þar séu gróðurskilyrði því að jafnaði betri nema þar sem hæð fjalla er yfir gróðurmörkum.

Þá er fram komið að milli Oks og Geitlandsjökuls hafi legið þjóðleið þeirra sem komu úr Vestfirðingafjórðungi og Norðlendingafjórðungi vestanverðum og tengst leið Borgfirðinga.

Samkvæmt framangreindu verður ekki af Landnámu ráðið að svæðið á milli landnáma Ingólfs Arnarsonar og Ketilbjarnar gamla hafi verið numið. Umfangi þessara landnáma er þó ekki lýst nákvæmlega og samsvarandi óvissa um afmörkun lands þeirra á milli. Óbyggðanefnd telur ekki útilokað að svæðið milli Öxarár, Lyngdalsheiðar og Hrafnabjargarháls hafi verið numið að einhverju leyti, sbr. vísendingar um að þar hafi mjög snemma tekist byggð, a.m.k. á svæðinu suðvestan- og suðaustanverðu, hagstætt gróðurfar og nálægar samgönguleiðir.

11.3. Björk

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggi norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalytingu frá 1. júní 1886 telst innan landamerkja jarðarinnar Bjarkar og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Tryggva Tómassyni, þinglýstum eiganda jarðarinnar, um eignar-réttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Grímsnes- og Grafningshreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar í kafla 3.3.

Björk er ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999,

þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998.

Elsta heimild um Björk er frá 16. öld og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Bjarkar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1708. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppböðinu 18. júní 1790 og kemst þá í einkaeign. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Bjarkar.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 1. júní 1886. Þar er landamerkjum hennar lýst þannig:

Syðsta þúfa á Skógarholti er hornmark milli jarðanna Stóruborgar, Klausturhóla og Bjarkar; þaðan sjónhending í stóran stein (Stóristeinn) austarlega á „Langamel“; þaðan sjónhending í þúfu, sem er fyrir ofan austasta Lyngdalsmýraroddann. Þessi þúfa er hornmark milli Klausturhóla, Bjarkar og Þór-oddsstaða. Þaðan sjónhending í þúfuna í Stelpuhæð, sem er hornmark milli Bjarkar, Þóróddsstaða og Svinavatns; þaðan sjónhending í þúfuna í Stóruhólshæð; úr þeirri þúfu aptur sjónhending í þúfuna á Miðmarkahrigg; sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Svinavatns og Stærribæjar; úr þeirri þúfu aptur sjónhending í þúfuna á „Smalaskála“, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Stærribæjar og Brjánsstaða; þaðan sjónhending í þúfuna á Hlauphól, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Minniborgar og Stóruborgar, þaðan sjónhending í fyrstnefnda þúfu á Skógarholtum.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 24. júní 1886 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Björk liggja jarðirnar Klausturhólar, Þóróddsstaðir, Sveinavatn, Stærribær, Brjánsstaðir, Minniborg og Stóraborg. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Bréfið er áritað um samþykki vegna allra framangreindra jarða.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Bjarkar er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Grímsneshreppi. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Bjarkar sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 1. júní 1886. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendlukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Bjarkar. Jafnframt benda þau gögn málsins sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Bjarkar frá 24. júní 1886 teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.4. Búrfell I-III

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendlúlinan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyýsingu frá 20. október 1884 telst innan landamerkja jarðarinnar Búrfells og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Guðrúnu Halldórsdóttur o.fl., þinglýstum eigendum Búrfells I, og Böðvari Pálssyni, þinglýstum eiganda Búrfells II og III, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Grímsnes- og Grafningshreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðanna í kafla 3.4.

Búrfell (I-III) er á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á þessum jörðum, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Búrfell er í máldaga sem talinn er frá 13. öld. Jarðarinnar er einnig getið í máldögum 1397 og 1553-1554. Í jarðabókunum 1597, 1686, 1695 og 1708 er Búrfell skráð sem eign Skálholtsstóls. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboði 1794 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Búrfells.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 20. október 1884. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Úr þúfu í Þrengslás (sem skal endurbyggjast) bein stefna norður í há Grensás, og áframhaldandi bein stefna í stein þann sem stendur á Nónhólataglinu, svo í klett þann sem stendur austan undir Tjarnarhólum og nefndur er „Hestur“, þaðan í Gildruhólinn, svo í Hnífhól, þaðan bein stefna um Sauðadalinn í Gilfarveg, sem liggur niður úr Búrfellsfjalli úr vatninu á Vatnsásnum. Úr Vatnsásnum áframhaldandi bein stefna í vestar Gilklófann sem liggur ofan úr norðari Búrfellsfjallsenda vestur að austari brún á Búrfellshálsi, þaðan yfir Búrfellsdal upp eptir Lingdalsheiði Klapparhólinn við efri Beinugrófarendu, og þaðan í Þrasaborgir, þaðan aptur til suðurs í Markagil sem liggur vestan við Lingbrekku, þaðan bein stefna í norðurendann á Grænugróf, svo eptir miðri Grænugróf og þaðan í Berjaholtalæk, svo ræður hann til Búrfellslækjar, svo ræður hann (Búrfellslækur) til áðurnefnds Þrengsla-áss.

Hér að auki tilheyrir jörð þessari svo kallaður „Hólmi“, fyrir sunnan Búrfellslæk, sem er afmarkaður í suðursíðuna með gömlum lækjarfarveg.

Þar að auki á jörðin skógarítak í Miðengislandi sem liggur innan þeirra ummerkja er nú skal greina: Frá kirkjuvaðinu á Búrfellslæk suður vestari kirkjugötuna suður á hraunbrún, svo ræður brúnin til landnorðurs í Kálfshóla, þaðan bein stefna norður í Búrfellslæk.

Þar á móti á jörðin Miðengi slægjuítak, sem kallað er „Ítala“, sem er þríhyrnd spilda síðst við Búrfellslæk, sem takmarkist að austanverðu af litlum farveg sem liggur til vesturs, þvert yfir lækjarbakkann, og þaðan ræður bein stefna vestur í klett í hrauninu.

Landamerkjabréf Búrfells er þinglesið 6. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Búrfell I, II og III.

Að Búrfelli liggja Ásgarður, Efri-Brú, Hæðarendi og Miðengi. Bréfið er áritað um samþykki vegna allra framangreindra jarða auk Klausturhóla.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Búrfells er getið í heimildum allt frá 13. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Grímsneshreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Búrfells sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 20. október 1884. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eptir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlenduakrafa íslenska ríkisins ekki til Búrfells. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Búrfells frá 20. október 1884 teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.5. Efri-Brú og Brúarholt

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlenduálinan liggi norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 4. maí 1887 telst innan landamerkja jarðarinnar Efri-Brúar og taki ekki til

lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Bóðvari Guðmundssyni o.fl., þinglýstum eigendum jarðanna Efri-Brúar og Brúarholts, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Grímsnes- og Grafningshreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðanna í kafla 3.5.

Efri-Brú ásamt Brúarholti er á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðunum, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Efri-Brú er máldagi frá 14. öld. Hennar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695, 1708, 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Efri-Brúar.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 4. maí 1887. Þar lýsa eigendur landamerkjunum þannig:

Millum landa Efri-Brúar og Syðri-Brúar liggja landamerkin úr Soginu eptir Kaldalæk einum, er rennur í Sogið fyrir sunnan Ljósafoss og ræður sá lækur upp að krók þeim er á honum er fáum föðmum neðar en hann greinist og hverfur í tvær keldur. Úr þessum krók á læknum ræður bein lína austur yfir Hallinn til Draugagils; þá ræður gilið mörkum norðan við nyrðra Hallvelli til Brúarár gengt Gunnlögslækjarminni í Svartabakka austan við ána; frá Gunnlögslæk í Svartabakka ræður bein stefna í Dagmálakil við Búrfellsrætur, og eptir því gili upp eptir fjallshlíðinni, og efst úr gljúfri þess beina stefnu í Vatnsás upp á Búrfelli.

Millum Efri-Brúar og Búrfells úr áðurnefndum Vatnsás, í sömu stefnu í vestari gilklöfann, sem liggur úr norðari Búrfellsfjallsenda, vestan við eystri brún á Búrfellshálsi. Þaðan yfir Búrfellsdal upp eptir Lingdalsheiði á Klapparhólinn í efri Beinugrófarendu og þaðan í Prasaborgir.

Millum Efri-Brúar og Kaldárhöfða, úr miðjum Stapanum, við Sogið, norðanvert við dæluna, beina stefnu í há-Moldásarenda vestri, og ræður Moldás upp hjá stórum steini (Dagmálasteini) sjónhending norðan til við Kaplamýri í steina tvo sem eru vestan til á brúninni á Brúarskyggfir og þaðan bein stefna í áðurnefndar Prasaborgir.

Þessi landamerki, sem eru samþykkt og undirskrifuð af öllum eigendum og umráðamönnum jarðarinnar, Efri-Brúar og allra kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið „sumarið 1887“ og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Efri-Brú og Brúarholt.

Að Efri-Brú liggja jarðirnar Syðri-Brú, Kaldárhöfði og Búrfell. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á framangreindum jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Jafnframt liggur jörðin að Úlfjótuvatni og Sogi. Landamerkjabréf Efri-Brúar er áritað um samþykki vegna allra framangreindra jarða.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Efri-Brúar er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Grímsneshreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Efri-Brúar sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 4. maí 1887. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til Efri-Brúar og Brúarholts. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Efri-Brúar frá 4. maí 1887 teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.6. Hæðarendi

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggji norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 24. maí 1885 telst innan landamerkja jarðarinnar Hæðarenda og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Guðmundi Sigurfinnssyni o.fl., þinglýstum eigendum jarðarinnar, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Grímsnes- og Grafningshreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðarinnar í kafla 3.6.

Hæðarendi er ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Hæðarenda er frá 1553 og fyrsta lýsingin á landamerkjum jarðarinnar er svaðhljóðandi áreiðarbréf frá 1586:

Það gjörum vér eftirskrifaðir menn, Jón Jónsson p., Stefán Gunnarsson ráðsmann, Jón Gíslason lög-
réttumann, Snorri Jónsson og Ólafur Arnþórsson góðum mönnum kunnigt með þessu voru opnu bréfi
að á miðvikudaginn eftir Maríumessu enu fyrri þann 17. augusti vorum vér viðstaddir í ferð og sam-
reið þá þann góði mann, Ólafur Árnason, afhenti herra Gísla Jónssyni jörðina Hægindi eftir þeirra
kaupbréfi og með öllum þeim ummerkjum sem greindri jörðu fylgir og fylgt hefur og Ólafur vissi
sönnust vera eftir gamallra manna sögn og lýsingu sem var Gestur Pálsson hver að í 40 ár hafði búið
á Hægindum og svo hans sonur, Gvendur Gestsson, hver þar hafði uppalist. Í fyrstu hóf Ólafur sína
reið frá fjárhellirinum austan undir Hægindatúni og upp með læknum allt í Baulversvatn og sjón-
hending úr ósmynninu inu neðra í þann ós fyr ofan vatnið, sem rennur úr Hrólfsgili, og svo úr ósmynn-
inu efra og sjónhending á efra gilsbarminn á Hrólfsgili, sjónhending þaðan og í Grenjabrekkur er ligg-
ur fyrir austan Puntamýri [Punttamyre, hdr.], sjónhending þaðan í stein þann sem stendur fyrir vestan
Lyngbrekkur á gilsbarminum vestara, sjónhending þaðan og suður í Grænugróf og svo síðan ofan með
þeim öllum læk sem rennur í millum Hæginda og Búrfells, allt ofan í kringum Grásteinsvöllu, allt fram
í odda þar sem mætast lækirnir, sá sem rennur ofan hjá Hægindum fyrir austan en Búrfellslækur fyrir vest-
an og svo upp með þeim læk öllum sem kallast Kálfhólalækur og allt upp að Hægindahelli, þar Ólaf-
ur hóf upp sína reið. Ítem lýsti Ólafur að Hægindi ætti torfskurð í Hægindamýri fyrir vestan Hóla, en
Hólar ættu mánaðarþing í Lyngbrekku í annað mál. ...

Hæðarenda er einnig getið í jarðabókunum 1686, 1695, 1708, 1847 og 1861. Í þeim heimildum er ekkert fjallað um landamerki jarðarinnar.

Næst er fjallað um landamerki Hæðarenda í landamerkjabréfi, dags. 24. maí 1885, sem hljóðar svo:

Frá syðstu hæðinni á Prasaborgum beina stefnu í Nýpuhól austast í Lyngbrekkum, þaðan í Gálgagil, og
eptir þeim vatnsfarveg sem úr því er niður í Bauluvatn, þá eptir læknum sem úr því rennur
(Hæðarendalæk) heilt af út fyrir Kálfshóla, þaðan eptir gömlu lækjarfari, sem byrjar við lækinn að
sunnanverðu og eptir því út í Búrfellslæk, þá eptir honum uppað gömlu lækjarfari að sunnanverðu við
lækinn og eptir því þar til það liggur aptur að læknum, og þá eptir læknum aptur upp að lækjarmótum,
þaðan eptir vestri læknum sem nefndur er Berjaholtalækur, eptir honum til enda, og þá eptir vatns-
farveg uppaf honum uppi Grænugróf, eptir henni miðri til enda, þaðan beint á fyrstnefndan stað við
Prasaborgir.

Bréfið er þinglesið 6. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Hæðarenda liggja Búrfell, Klausturhólar og Miðengi. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna allra framangreindra jarða.

Lýsingar á landamerkjum Hæðarenda er þannig að finna í heimildum frá 1586 og 1885. Þær eru frábrugðnar að því leyti að samkvæmt áreiðarbréfinu er nyrsti punktur að vestanverðu í Grenjabrekkum en í landamerkjabréfinu eru Þrasaborgir nyrsti punktur. Af örnefnalýsingu fyrir Hæðarenda frá 1971 má ráða að Grenjabrekkur eru fyrir norðan Markagil, ekki langt suður af Þrasaborgum.

Elstu heimildir um landamerki jarða á Lyngdalsheiði eru, auk framangreinds áreiðarbréfs, lýsing merkja Laugarvatns og Snorrastaða frá 1497, vitnisburður frá 1618 um landamerki Laugarvatns og lögfestur Klausturhóla frá 1830, 1842 og 1846. Samkvæmt þessum lýsingum utan merkjalýsingarinnar og áreiðarbréfsins eru merki í Þrasaborgir. Klausturhólar eru næsta jörð austan við Hæðarenda og Laugarvatnsjörðin gamla er handan við Þrasaborgir, beint norður af Hæðarenda. Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir jarðir á Lyngdalsheiði, nánar tiltekið á tímabilinu 1884-1890. Allar þessar merkjalýsingar ná í Þrasaborgir á miðri Lyngdalsheiði. Með hlíðsjón af gögnum um merki aðliggjandi jarða verður ekki talið að lýsing norðurmarka Hæðarenda í áreiðarbréfi frá 1586 og merkjalýsing Laugarvatns frá 1497 gangi framár lýsingu sömu marka í landamerkjabréfi sem gert er um 300 árum síðar.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Hæðarenda er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Grímsneshreppi. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Hæðarenda sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 24. maí 1885. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Hæðarenda. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hæðarenda frá 24. maí 1885 teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.7. Kaldárhöfði

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyýsingu frá 3. maí 1884 telst innan landamerkja jarðarinnar Kaldárhöfða og taki ekki til lands innan þeirra. Þá lýsir sami aðili fyrir hönd Þingvallakirkju kröfu um beinan eignarrétt að landi jarðarinnar innan sömu merkja. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.1. Um kröfugerð Landsvirkjunar á svæðinu og úrlausn óbyggðanefndar um hana vísast til kafla 3.11. og 12.

Kaldárhöfði er ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Kaldárhöfða er frá 16. öld og jarðarinnar er einnig getið í jarðabókum árið 1686, 1695 og 1708. Kaldárhöfði er seldur undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 18. júní 1790 og kemst þá í einkaeign. Hans er einnig getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Kaldárhöfða.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 3. maí 1884. Þar lýsir eigandi landamerkjum hennar þannig:

Að norðanverðu í miðjann Sprænutanga hinn háa og þaðan beina stefnu í gil það í Driptinni er Stóra skriða kemur úr; verður þá línan sunnan til við svokallaða Brik, sem er í Miðfellslandi og norðan til við Hraunskignir, sem er í Kaldárhöfðalandi, svo úr Stóruskriðugili beina stefnu í miðborgina í Þrásborginn. En að sunnanverðu, úr Stapanum miðjum norðanvert við Dæluna beina stefnu í há Moldásarenda vestri og ræður Moldás upp hjá stórum steini (Dagmálasteini) sjónhending norðan til við Kaplamýri í steina tvo sem eru vestan til í brúninni á Brúarskignir og þaðan beina stefnu í áðurnefnda Þrásaborg.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 24. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Kaldárhöfða liggja jarðirnar Miðfell og Efri-Brú. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Jörðin liggur einnig að Þingvallavatni, Soginu og Ulfljótuvatni. Landamerkjabréf Kaldárhöfða er áritað um samþykki vegna beggja framangreindra jarða.

Árið 1896 seldi Grímsneshreppur Kaldárhöfða í makaskiptum fyrir „afrettarland Þingvallakirkju“, sjá nánar í kafla 11.11.2.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Kaldárhöfða er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Grímsneshreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Kaldárhöfða sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 3. maí 1884. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Kaldárhöfða. Jafnframt benda þau gögn málsins sem hér hafa verið reifuð ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Kaldárhöfða frá 3. maí 1884 teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.8. Klausturhólar og Hallkelshólar I og II

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 3. júní 1890 telst innan landamerkja jarðarinnar Klausturhóla og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Guðmundi Jóhannessyni o.fl., þinglýstum eigendum jarðarinnar Klausturhóla, Rannveigu Albertsdóttur, þinglýstum eiganda Hallkelshóla I, og Gísla Hendrikssyni, þinglýstum eiganda Hallkelshóla II, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Grímsnes- og Grafningshreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðanna í kafla 3.7.

Klausturhólar og Hallkelshólar I og II eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnæssýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðunum, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Klausturhóla er í máldaga frá 1397 og um jörðina er einnig fjallað í máldögum frá 1569 og 1570 og konungstilskipun 1652. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1597, 1686, 1695, 1708, 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Klausturhóla.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum jarðarinnar er að finna í svohljóðandi lögfestu Jóns Jónssonar frá 20. júní 1830, sbr. einnig svipaðar lögfestur frá 1842 og 1846:

Eftir skriflegum og munnlegum vitnisburðum þeirra gamalla manna sem verið hafa á Klausturhólum

og þar í grennd sem kunnugir og minnugir sömuleiðis eftir máldögum kirkna og Árna Magnússonar jarðabók lögfesti ég undirskrifaður Klausturhóland með þess gögnum og gæðum, engjum og ítökum til lands og vatns innan hér téðra landamerkjja, sem eru að norðan úr Þrasaborgum sjónhending austur eftir því hæst liggjandi upp á Löngubrekku og í hæsta og austasta melinn á Hrólfsbólhálsinum og í gilið sem þar byrjar neðan undir og rennur ofan á Sláttuflöt, sjónhending aftur úr því gili í þúfuna eður giljaklafana austur af Lyngdalsmýraroddanum sem er hornmark á Klausturhólalandi, en Bjarkarland tekur við að sunnan, og ráða þar mörkum litlu holtin milli Lyngdalslækjanna og sjónhending í stóra steininn austarlega á Langamel og þaðan stefnu í þúfurnar á Skógarholti til þeirrar syðstu, þaðan aftur sjónhending í Tvíbytnuna í Ljósavíki, ræður svo lækurinn úr henni í Engjatungulækinn, þá úr Markakeldu, sem er á vestri lækjarbakkannum á straxnefndum Engjatungulæk og sjónhending eftir þeim vörðum sem eru á Háaleiti sömu stefnu neðan undir hústöftinni í Árnahreysi sem er hornmark og þaðan aftur sjónhending í Gráhellu, þaðan stefnu í vörðuna á Kálfshólakeri og sömu stefnu norður í lækinn, ræður svo Hæðarendalækur mörkum og Bauluvatn, síðan Hrólfsgil upp undir miðja Nýpuhálsflöt, þá sjónhending í miðjan Nýpuhól og sömu stefnu upp í Þrasaborgir. Sömuleiðis á kirkjan skógarhögg í Miðengislandi til eldiviðar. Fyrirbyð ég einum og sérhverjum að hagnýta sér, yrkja eður yrkja láta Klausturhóland inna hér téðra landamerkjja nema mitt lof eða leyfi hafi, undir fullkomnar bætur sem lög til segja.

Landamerkjum Klausturhóla er næst lýst í landamerkjabréfi, dags. 3. júní 1890, þar sem segir svo:

Milli jarðanna Klausturhóla og Neðraapavatns eru þessi merki: Þrasaborgir hornmark, þaðan bein stefna í þúfu, sem er fyrir ofan austasta Lyngdalsmýrar oddan, þess þúfa er hornmark milli Klausturhóla og Bjarkar.

Milli Klausturhóla og Bjarkar eru þessi merki: næstnefnd þúfa og úr henni sjónhending í stóran stein (Stóri-Steinn) austarlega á Laugamel, þaðan sjónhending í syðstu þúfu á Skógarholti, sem er hornmark milli jarðanna Klausturhóla, Bjarkar og Stóruborgar.

Milli Klausturhóla og Stóruborgar eru þessi merki: úr áðurnefndri þúfu á Skógarholti sjónhending í Tvíbytnu í Ljósavíki, þaðan ræður Tvíbytnulækur og Engjatungulæk.

Milli Klausturhóla og Foss eru þessi merki: Markakelda, sem er vestri bakka Engjatungulækjar; úr Markakeldu sjónhending í Árnahreysi, sem er hornmark milli Klausturhóla, Foss og Hraunkots.

Milli Klausturhóla, Hraunkots og Vaðness eru þessi merki: Úr áðurnefndu Árnahreysi í Gráhellu.

Úr Gráhellu er bein stefna í vörðuna á Kálfshólakeri þaðan sama bein stefna í Hæðarendalæk.

Svo ræður Hæðarendalækur mörkum uppí Bauluvatn, úr Bauluvatni ræður Hrólfsgil upp undir miðja Nýpuhálsflöt, þá sjónhending í miðjan Nýpuhól og úr honum sama stefna í fyrstnefndar Þrasaborgir.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 6. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Klausturhóla, Hallkelshóla I og II. Nyrsti hluti Klausturhóla er í eigu hreppsins og nýttur sem hluti Grímsnesafréttar.

Að Klausturhólum liggja jarðirnar Miðengi, Hæðarendi, Neðra-Apavatn, Björk, Stóraborg, Foss, Hraunkot, Vaðnes og Snæfoksstaðir. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á framangreindum jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Bréfið er áritað um samþykki vegna allra að-

liggjandi jarða, nema Miðengis og Hraunkots. Landamerkjabréf Miðengis, dags. 24. maí 1885 og þingl. 24. júní 1886, er hins vegar áritað vegna Klausturhóla. Landamerkjabréf Hraunkots er dags. 2. júní 1885 og þingl. 6. júní 1885. Enda þótt gagnkvæmar áritanir skorti ber bréfum Hraunkots og Klausturhóla saman um að merki liggi úr Arnarhreysi að mörkum við Vaðnes, í stefnu á Gráhellu.

Lýsingar á landamerkjum Klausturhóla er þannig að finna í heimildum frá 1830 og 1890. Þeim ber saman í öllum meginatriðum.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Klausturhóla er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Grímsneshreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Klausturhóla sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 3. júní 1890. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðanna Klausturhóla og Hallkelshóla I og II. Jafnframt benda þau gögn málsins sem hér hafa verið reifuð ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Klausturhóla frá 3. júní 1890 teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.9. Neðra-Apavatn

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggi norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalýsingu frá 2. júní 1890 telst innan landamerkja jarðarinnar Neðra-Apavatns og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Ingibjörgu Ebbu Magnúsdóttur, þinglýstum eiganda jarðarinnar, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Grímsnes- og Grafningshreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar í kafla 3.8.

Neðra-Apavatn er á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Elsta heimild um Neðra-Apavatn er frá 13. öld. Í jarðabók frá lokum 16. aldar er Neðra-Apavatn skráð sem eign Skálholtsstóls. Jarðarinnar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1708. Hún var seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 23. febrúar 1791. Þá er hennar getið í jarðabókunum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Neðra-Apavatns.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 2. júní 1890. Þar er merkjum lýst þannig:

Úr Apármynni svo lengi sem Apaá ræður, fyrir norðan efra Smiðjuholt og úr áarbotninum þar beint í Stórhól og þaðan sjónhending í Þrasaborgir, úr Þrasaborgum sjónhending í „Markholt“ í þúfu á því, vestan undir nyrsta odda á Lingdalsmýrum, úr Markholti í þúfu á syðstu Lingdalslhæð, þaðan sjónhending í þúfur á Melhól, mið Hoffmannahól, nyrsta Tjaldhól og beint í Morulækjarmynni, sem fellur í Stangarlæk, og ræður svo sá lækur merkjum út í Apavatn, sem svo ræður í fyrstnefnt Apármynni.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 6. júní sama ár og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Neðra-Apavatni liggja jarðirnar Klausturhólar, Efra-Apavatn, Mosfell, Þóroddsstaðir og Björk. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landa-

merkjabréfsins. Þá liggur jörðin að Apavatni. Bréfið er áritað um samþykki vegna allra framan- greindra jarða.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Neðra-Apavatns er getið í heimildum allt frá 13. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Grímsneshreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Neðra-Apavatns sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 2. júní 1890. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Neðra-Apavatns. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Neðra-Apavatns frá 2. júní 1890 teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.10. Þóroddsstaðir

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalytingu frá 15. maí 1885 telst innan landamerkja jarðarinnar Þóroddsstaða og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Bjarna Þorkelssyni o.fl., þinglýstum eigendum jarðarinnar, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Grímsnes- og Grafningshreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðarinnar í kafla 3.9.

Þóroddsstaðir eru meðal þeirra jarða, sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Þóroddsstaði er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Þóroddsstaða er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1708. Jörðin var seld ábúanda á stólsjarðauppboðinu 18. júní 1790. Hennar er einnig getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Þóroddsstaða.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 15. maí 1885. Þar er merkjum lýst þannig:

Að norðanverðu úr Morulækjarminni vestur í þúfu á norðasta Tjaldhól, þaðan beina stefnu í þúfu á mið Hofmannahól, þaðan áfram haldandi stefna um Melhól í þúfu norðast í syðstu Lingdalshæð beint í hornmark millum Klausturhóla og Neðra-Apavatns. Að austan og sunnan ræður Stangarlækur úti Áttungslækjarminni, þaðan bein stefna út í syðstu þúfu á Stelpuhæð, þaðan sjónhending í opinn Lingdalslæk fyrir austan Lingdal, þaðan bein stefna í áðurnefnt hornmark.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 6. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Þóroddsstöðum liggja jarðirnar Björk, Neðra-Apavatn, Stærta- og Minna-Mosfell auk Svínavatns. Bréfið er áritað um samþykki vegna Bjarkar, Neðra-Apavatns og Svínavatns. Landamerkjabréf fyrir Stóra-Mosfell, dags. 26. maí 1887 og þingl. „sumarið 1887“, er áritað vegna Þóroddsstaða. Þá ber landamerkjabréfum Þóroddsstaða og Minna-Mosfells, dags. 25. maí 1887 og þingl. sumarið 1887, saman um að mörk séu um Stangarlæk enda þótt gagnkvæmar áritanir skorti.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Þóroddsstaða er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt

eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Grímsneshreppi. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Þóroddsstaða sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 15. maí 1885. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Þóroddsstaða. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Þóroddsstaða frá 15. maí 1885 teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.11. Grímsnesafréttur

Grímsnesafrétti má skipta í þrjá hluta sem eiga sér mismunandi uppruna. Þar er í fyrsta lagi um að ræða vesturhluta hins upphaflega Grímsnesafréttar, þ.e. land sunnan og norðan Skjaldbreiðar. Í öðru lagi er um að ræða land sem Grímsneshreppur eignaðist í makaskiptum við Þingvallaprest 1896, þ.e. Skjaldbreið og landsvæði vestur og suðvestur af honum. Í þriðja lagi er um að ræða land úr jörðinni Laugarvatni sem Grímsneshreppur keypti 1917. Öll framangreind landsvæði komu í hlut Grímsneshrepps 1920 er Laugardalshreppur fékk eystri hluta hins upphaflega Grímsnesafréttar skipt út. Laugardalshreppur var hluti Grímsneshrepps til 1906 og afrétturinn því hinn sami áður. Tvö síðarnefndu landsvæðin hafa ekki verið lögð til Grímsnesafréttar með þeim formlega hætti sem mælt er fyrir um í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, enda keypt fyrir gildistöku þeirra. Með vísan til skiptingar hins forna Grímsnesafréttar 1920 er litið svo á að þessi landsvæði hafi verið formlega lögð til afréttar. Með þau hefur hins vegar verið farið á sama hátt og aðra hluta Grímsnesafréttar. Loks er þess að geta að hreppurinn á hluta jarðarinnar Klausturhóla og nýtir sem afréttarland en um Klausturhóla er fjallað í kafla 11.8.

Um vesturhluta hins upphaflega Grímsnesafréttar, þ.e. landið sunnan og norðan Skjaldbreiðar, er fjallað í kafla 11.11.1., en um afréttarland Þingvalla og Laugarvatns sem keypt var samkvæmt framangreindu í köflum 11.11.2. og 11.11.3., sbr. einnig mál nr. 1/2000 (Þingvallahreppur) og 3/2000 (Laugardalshreppur).

Land sunnan Langjökuls og ofan byggðar í Þingvalla-, Grímsnes-, Laugardals- og reyndar einnig Biskupstungnahreppi hefur lengi verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Þar á milli eru ekki skýr mörk af náttúrunnar hendi ef frá er talið Farið, sem rennur úr Hagavatni í Sandvatn. Áður en svokölluð Hlíðalönd í Biskupstungum voru girt af um 1930 og Farið varð að meiri farartálma en það hafði verið gat sauðfé runnið nokkuð hindrunarlaust frá Hvítá í austri allt vestur til Borgarfjarðardala. Af þessari ástæðu hafa upprekstraráðilar á svæðinu þurft að hafa samráð um smölun og fjallskil. Jafnframt eru lýsingar í eldri heimildum oft þannig að skýr mörk milli upprekstrar-svæða/afrétta einstakra hreppa verða ekki greind.

11.11.1. Vesturhluti hins upphaflega Grímsnesafréttar

Hér verður fjallað um vesturhluta hins upphaflega Grímsnesafréttar, að meðtöldum hluta Þórisjökuls og svæðinu allt upp að Langjökli, sbr. kafla 2.3. Nánar tiltekið er um að ræða tvö landsvæði, annað sunnan og suðaustan og hitt norðan þess lands sem Grímsneshreppur eignaðist í makaskiptum við Þingvallaprest 1896, þ.e. Skjaldbreiðs og landsvæði vestur og suðvestur af honum, sjá nánar í næsta kafla

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að landsvæði þessi verði viðurkennd þjóðlenda í eigu íslenska ríkisins að viðurkenndum rétti afréttareigenda til allra lagalegra afréttarnota, sjá nánar í

kafla 3.1.1. Byggt er á þeim meginröksemdum að engar heimildir séu til um nám þess lands sem nú teljist innan landamerkjalyýsingar Grímsnesafréttar. Landnáma sé mjög glögg hvað þetta varðar og ljóst sé að allur afrétturinn sé utan þess lands sem numið var. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við lýsingu á landnámi á þessu svæði. Því er mótmælt að jarðeigendur í hreppnum hafi öðlast beinan eignarrétt að afréttinum á grundvelli landnytja.

Af hálfu eigenda lögbýla í Grímsnesi er þess krafist að landsvæði þetta sé eign eigenda þeirra lögbýla í Grímsnes- og Grafningshreppi, sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á afréttinum, sjá nánar í kafla 3.10. Á því er byggt að það hafi verið numið í öndverðu og síðan fylgt jörðunum.

Um kröfugerð og sjónarmið Landsvirkjunar á svæðinu og úrlausn óbyggðanefndar um hana vísast til kafla 3.11. 9. og 12.

Elsta heimild um hinn upphaflega Grímsnesafrétt er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Í lýsingu á jörðinni Efstadal segir svo:

Afrjett á jörðin ásamt öllum Grímsnesingum norður og vestur á fjöllum kringum Skjaldbreið, og var þá síður að reka þangað sem heitir Lambahraun. Sá afrjettur er nú aflagður fyrir nær því 40 árum; síðan ganga lömb í búfjárhögum, sem til fjalls vita, og með því jörðin á mikið land til fjalls, þiggja stundum fleiri, stundum færri, sumarhaga fyrir lömb sín af ábúandanum fyrir einhvorn góðvilja eftir því sem um semur.

Í umfjöllun um aðrar jarðir í Grímsneshreppi er vísað í framangreinda lýsingu á Efstadal. Þá segir svo um um afrétt Miðfells í Þingvallasveit:

Afrjett hefur til forna brúkuð verið í Skjaldbreiðarhrauni og meinast allur þessi hreppur eigi afrjettinn saman við Grímsnesinga, en nú yfir 40 ár hefur þangað ei rekið verið, lagðist það af vegna þess að þaðan voru slæmar heimtur, svo er nú og landið þar mjög blásið og liggur undir snjóum langt fram á sumur.

Í sóknarlýsingu séra Halldórs Jónssonar á Mosfelli frá 1840 segir svo um afrétt sóknarmanna:

Í Kræklur og Lambahraun, sem eg heyri sagt, að liggja muni á landamerkjum Þingvalla og Laugaraldalsjarða (Laugarvatns og Miðdals), en nú í langan tíma ei brúkaðan. Mun helst grasleysi valda, og fé rennur þaðan víðs vegar, so tapast að öllu leyti, hvorsvegna nokkrir sóknarbændur hafa leigt nú um nokkurn tíma Hestfjall af Skálholtseiganda til lambauppreksturs.

Á fundi hreppsnefnda Grímsnes- og Laugardalshreppa 12. maí 1920 var ákveðið að Grímsnesafrétti skyldi skipt þannig á milli hreppanna:

Kálfstindar ráða inn að Skifilfjallahorni, þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Langafell, þaðan í svartan hnjúk vestan í Langjökli inn af Jökulkróknum.

Fundargerð þessa fundar var þinglesin og innfærð í landamerkjabók sýslumanns. Á hana verður því að líta sem fullgilt landamerkjabréf að þessu leyti.

Heildamerkjum afréttarins er fyrst lýst í yfirlýsingu Ásmundar Eiríkssonar oddvita, dags. 26. maí 1975, svohljóðandi:

Úr vestasta Hróðurkarli um Fremra Sandfell, þaðan í há Gatfell, um Prestastíg í vestasta horn á Hrafnabjörgum, í suð-austur horn á Hrafnabjörgum, um Eldborgir í Stóra Dímon þaðan í Driftarhorn, í há Þrasaborgir, í Litla-Barmshorn, inn með Litla- og Stóra-Barmi að vestan, þaðan í fremsta Skefil-

fjallahorn inn yfir há Skefilfjöll, þaðan í Skriðuhorn um Skriðuhnjúk, í há Sköflung, þaðan í Langafell síðan inn í Jökul.

Í kafla 6.11.1. er einnig tekin upp yfirlýsing Böðvars Pálssonar hreppstjóra, um landamerki Grímsnesafréttar, dags. 2. maí 1979, og sú lýsing hans sem birt er í Sunnlenskum byggðum. Jafnframt er þar að finna lýsingu Böðvars Magnússonar á vesturmörkum sem birt er í Göngum og réttum. Að einstökum atriðum í þessum lýsingum verður vikið nánar hér á eftir, svo sem ástæða er talin til.

Í fjallskilasamþykktum segir ekkert um merki afréttarins fyrr en í þeirri sem nú gildir, sbr. 2. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Árnessýslu austan vatna, nr. 408/1996, þar sem segir svo:

Afréttur Grímsneshrepps afmarkast af Hrafnabjörgum, Hlíðargjá og Gatfelli í Hróðurkarla sem vesturmörk, en að austan ráða Skefilfjöll í Sköflung um Langafell í Klakk í Langjökli.

Þannig var ekki gerð landamerkjalyýsing um hinn upphaflega Grímsnesafrétt í kjölfar setningar landamerkjaganna árið 1882 nema að því er varðar skiptalínu afréttarins 1920. Jafnframt árituðu fyrirvarsmenn þáverandi Grímsneshrepps ekki þau landamerkjabréf aðliggjandi landsvæða sem gerð voru. Yfirlýsing oddvita frá 26. maí 1975 er fyrsta heildstæða lýsingin á merkjum núverandi Grímsnesafréttar. Hún er samin tæpum hundrað árum eftir gildistöku hinna upphaflegu landamerkjagala og ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalog mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á hana verður því að líta sem einhliða yfirlýsingu oddvita f.h. hreppsins á heildarlandamerkjum afréttarins. Með hliðsjón af lögskipuðu hlutverki hreppstjóra sem umbóðsmanns sýslumanns verður hins vegar ekki talið að í lýsingu Böðvars Pálssonar 1979 felist yfirlýsing af hálfu hreppsins. Eina lögformlega lýsingin á merkjum Grímsnesafréttar í heild sinni er í 2. gr. Fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996. Allar fimm framangreindar lýsingar eru samdar u.þ.b. öld eftir gildistöku landamerkjagala og samningar Grímsneshrepps við Þingvallaprest 1896 og eiganda Laugarvatnsjarðarinnar 1917 lagðir þeim til grundvallar.

Við mat á þýðingu þeirrar lýsingar sem fram kemur í fjallskilareglugerðinni er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins eða aðliggjandi landsvæða. Með því móti verður annars vegar reynt að skilgreina merki hins upphaflega Grímsnesafréttar og hins vegar þess lands sem í hlut Grímsneshrepps kom við skiptingu afréttarins 1920.

Hér verður fyrst fjallað um þann hluta hins upphaflega Grímsnesafréttar sem á mörk að makaskiptalandinu frá 1896 til norðurs og vesturs. Þar liggur að austan Laugardalsafréttur, að sunnan sá hluti úr jörðinni Laugarvatni sem hreppurinn keypti 1917 og að suðvestan jörðin Gjábakki í Þingvallahreppi.

Verða fyrst könnuð mörk þessa landsvæðis við Gjábakka í Þingvallahreppi. Landamerkjabréf jarðarinnar er dags. 10. maí 1890 og þingl. 7. júní 1890. Samkvæmt því eru mörk jarðarinnar við hinn upphaflega Grímsnesafrétt og um leið þann hluta hans sem Grímsneshreppur hélt eftir 1920, um línu sem dregin er með stefnu úr Dimon í Stóru-Eldborg; þaðan í landsuðurshorn á Hrafnabjörgum, þaðan beint í útnorðurhorn sama fjalls; síðan í vörðu á Hlíðarstíg. Eldri gögn um merki Gjábakka að þessu leyti liggja ekki fyrir. Ákvæði 2. gr. fjallskilareglugerðarinnar, þar sem Hlíðargjá og Hrafnabjörg eru tilgreind sem syðsti punktur vesturmarka, fær samrýmst þessu og sama máli gegnir um lýsingar oddvita og hreppstjóra frá síðustu öld. Mörkum Grímsnesafréttar og Gjábakka er ekki lýst í elstu heimildum um afréttinn en ekkert í þeim mælir gegn framangreindri lýsingu í landamerkjabréfi Gjábakka. Landamerkjabréfi þessu var þinglýst og á lýsingu þess hefur verið byggt síðan án athugasemda yfirvalda eða ágreinings. Það bendir til þess að hún sé í samræmi við það sem almennt er talið gilda. Jafnframt er ljóst að hagsmunaaðilar hafa haft réttmæta ástæðu til að vænta þess að merkjum jarðarinnar við afréttinn sé rétt lýst. Líta verður svo á að landamerkjabréf jarðarinnar gildi til fyllingar ákvæði 2. gr. fjallskilareglugerðarinnar sem er mun ónákvæmara.

Að vestan og norðan liggur land það sem Grímsneshreppur fékk í makaskiptum við Þingvalla-

prest 1896. Samkvæmt makaskiptasamningnum er þar um að ræða „aftjettarland“ austan við línu sem dregin er yfir u.þ.b. mitt land kirkjunnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, dags. 1. sept. 1886 og þingl. 7. júní 1890. Nánar tiltekið liggur lína þessi „frá Gjábakkalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn á enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan í beina stefnu í hæsta hnúkinn á Galtafelli, og þaðan í beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörslum“. Svo sem áður hefur komið fram greina heimildir um Grímsnesafrétt frá 1708 og 1840 frá því að Grímsnesingar hafi beitt fé sínu innan þess „afréttarlands“ sem þeir festa hér kaup á, sbr. orðalagið „vestur á fjöllum kringum Skjaldbreið“ og örnefnið „Skjaldbreiðarhraun“. Eðlilegt er þó að miða við að merkjum Grímsnesafréttar hins forna og Þingvallakirkjulands, austan við makaskiptalínuna, sé rétt lýst í landamerkjabréfi hins síðarnefnda, enda enginn fyrirvari gerður um annað í makaskiptasamningnum tíu árum síðar. Samkvæmt landamerkjabréfinu liggja merkin eftir norðureggjum Hrafnabjarga og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatind sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eftir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess.

Að austanverðu er Laugardalsafréttur sem var hluti Grímsnesafréttar til 1920. Ákvæði 2. gr. fjallskilasamþykktarinnar kveður á um merki úr Skefilfjöllum í Sköflung og þaðan í Langafell. Þannig er tekið mið af landamerkjabréfinu frá 1920, þ.e. skiptalínunni, nema hvað lýsing bréfsins hefst í því landi sem hreppurinn keypti úr Laugarvatni 1917, sbr. tilgreiningu Kálfstínda, og fer beint í Langafell. Lýsingar oddvita og hreppstjóra miðast einnig við kennileiti í Laugarvatnslandinu syðst en þegar norðar dregur er mörkum lýst austar en í fundargerð eða reglugerð, þ.e. í Skriðuna. Sú lýsing samræmist hins vegar ekki landamerkjabréfinu frá 1920 og kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til álita. Mörk Grímsnesafréttar og Laugardalsafréttar fyrir sunnan Skefilfjöll og norðan Laugarvatnslands ráðast af því hvaðan stefna er tekin að sunnan í Skefilfjöll þar sem lýsing fjallskilareglugerðarinnar hefst. Landamerkjabréfið frá 1920 miðar við Kálfstínda, án nánari tilgreiningar, en hreppstjóri við Hrutafjöll 1979. Við þetta síðarnefnda kennileiti er nú miðað í skipulagi bæði Grímsnes- og Grafningshrepps og Laugardalshrepps og því eðlilegt að leggja það til grundvallar. Að sunnanverðu er jörðin Laugarvatn, þar á meðal landspilda sem Grímsneshreppur keypti 1917. Landamerkjabréf Laugarvatns er dags. 12. maí 1890 og þingl. 6. júní s.á. Samkvæmt því eru mörk jarðarinnar við hinn upphaflega Grímsnesafrétt, og um leið þann hluta hans sem Grímsneshreppur hélt eftir 1920, um línu sem dregin er úr Eldborgum og að skiptalínunni frá 1920, í stefnu á háan hnúk á norðan- og austanverðri Hrossadalsbrún. Eldri heimildir um landamerki Laugarvatns styðja þetta, sjá nánar í kafla 11.11.3. og máli nr. 3/2000 (Laugardalshreppur). Ákvæði 2. gr. fjallskilasamþykktarinnar, þar sem Skefilfjöll eru tilgreind sem syðsti punktur austurmarka, fær ágætlega samrýmst þessu. Mörkum Grímsnesafréttar og Laugarvatnsjarðarinnar er ekki lýst í öðrum heimildum um merki afréttarins en ekkert í þeim mælir gegn framangreindri lýsingu í landamerkjabréfi Laugarvatns. Jafnframt festir Grímsneshreppur kaup á hluta af landi Laugarvatns 1917 og við það tækifæri er norðurmörkum lýst á mjög svipaðan hátt og í landamerkjabréfi Laugarvatns 1890, þ.e. úr Eldborgum og þaðan sjónhending í norðasta Kálfstínd, sem er lítið eitt sunnar en hnúkur sá á norðan- og austanverðri Hrossadalsbrún sem landamerkjabréfið miðar við. Þar sem mið er tekið með þessum hætti verður til mjó landræma úr landi Laugarvatns sem skilur á milli Grímsnesafréttar og landsins sem hreppurinn keypti úr Laugarvatni 1917. Hér er nánar tiltekið um að ræða svæðið á milli framangreindra tveggja stefnulína úr Eldborgum og að skiptalínu hreppanna frá 1920, milli Kálfstínda og Skífilfjallahorns, enda nær lýsing fjallskilareglugerðarinnar 1996 ekki svo sunnarlega. Landamerkjabréfi Laugarvatns var þinglýst og á lýsingu þess hefur verið byggt síðan án athugasemda yfirvalda eða ágreinings. Það bendir til þess að hún sé í samræmi við það sem almennt er talið gilda. Jafnframt er ljóst að hagsmunaaðilar hafa haft réttmæta ástæðu til að vænta þess að merkjum jarðarinnar við afréttinn sé rétt lýst. Líta verður svo á að landamerkjabréf jarðarinnar gildi til fyllingar ákvæði 2. gr. fjallskilareglugerðarinnar sem er mun ónákvæmara.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið eru mörk þess hluta hins upphaflega Grímsnesafréttar sem er sunnan og suðaustan við makaskiptalandið frá 1896 svo sem hér segir:

Mörk Gjabakka og afréttarins eru um línu sem dregin er með stefnu úr Dímon í Stórueldborg; þaðan í landsuðurhorn á Hrafnabjörgum, þaðan beint í út norðurhorn sama fjalls; síðan í vörðu á Hliðarstíg. Mörk Þingvallakirkjulands og afréttarins eru eftir norðureggjum Hrafnabjarga, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatind sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eftir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs og svo kringum það norður fyrir meðfram rötum þess allt þar til kemur að mörkum við Laugardalsafrétt. Mörk Grímsnesafréttar og Laugardalsafréttar eru um línu sem dregin er úr Sköflungi í Skefilfjöll og loks að mörkum við Laugarvatn, í stefnu á Hrutafjöll. Mörk Grímsnesafréttar og Laugarvatnsjarðarinnar eru um línu sem dregin er úr Eldborgum og að skiptalínunni frá 1920 milli Kálfstinda og Skifilfjallahorns, í stefnu á háan hnúk á norðan- og austanverðri Hrossadalsbrún.

Þá verður næst fjallað um þann hluta hins upphaflega Grímsnesafréttar sem á mörk að makaskiptalandinu til suðurs. Þar liggja að norðan Þórisjökull og Langjökull. Að austan er Laugardalsafréttur og að vestan er annars vegar landspilda norðan við land Þingvallakirkju innan hreppamarka Grímsnes- og Grafningshrepps og hins vegar land í Borgarfjarðarsveit.

Verða fyrst könnuð mörk landspildu þeirrar, norðan Þingvallakirkjulands, sem er til meðferðar í máli nr. 1/2000. Forsaga þessa er sú að við skiptingu Þingvallakirkjulands 1896, vegna makaskipta Þingvallaprests og Grímsneshrepps, er miðað við stefnulínu eftir því endilöngu, frá Gatfelli og norður í Hróðurkarla en þeir liggja utan við land Þingvallakirkju. Með því að gefa þessari línu sjálfstætt gildi eftir að Þingvallakirkjulandi sleppir afmarkast þríhyrnt svæði í Grímsneshreppi sem liggur að Borgarfirði ofan við Þingvallakirkjuland. Ákvæði 2. gr. fjallskilasamþykktarinnar miðar við makaskiptalínuna. Þennan skika vilja jarðeigendur í Þingvallahreppi kalla Þingvallafrétt, sbr. mál nr. 1/2000, en Grímsnesingar telja hann ekki til afréttar síns. Er þetta ástæða þess að um hann er fjallað í máli nr. 1/2000, Þingvallahreppur. Þar sem makaskiptalínunni sker markalínuna við Borgarfjörð, þ.e. stefna úr ósi Brunnvatns í suðvesturhorn Þórisjökuls, er hornmark. Loks eru suðurmörk skikans jafnframt norðurmörk Þingvallakirkjulands.

Því næst tekur við landsvæði í Borgarfjarðarsveit, þ.e. afréttur Lundarreykjadalshrepps en mörk þessi eru jafnframt vesturmörk þess svæðis sem óbyggðanefnd tók til meðferðar með tilkynningu, dags. 1. mars 1999, sbr. kafla 2.3. Lýsing á austurmörkum þessa afréttar í ritinu „Byggðir Borgarfjarðar III“ er í samræmi við það sem þar kemur fram, svohljóðandi:

Að austan Þórisjökull (Geitlandsjökull) og úr suðvesturhorni hans (nálægt eða þar, sem forn varða stendur á fjallsbrúninni) stefna í ós Brunnvatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu.

Norðurmörk þess svæðis sem hér er til umfjöllunar eru frá vörðu við suðvesturhorn Þórisjökuls í hábungu Þórisjökuls, þaðan að jökulrönd Geitlandsjökuls með stefnu á hábungu Geitlandsjökuls og loks með jökulröndinni að Klakki í Langjökli, sbr. kafla 2.3. Á milli Þórisjökuls og Geitlandsjökuls er Þórisdalur. Mörkum Grímsnesafréttar til norðurs er fyrst lýst í framangreindri fundargerð frá 1920 þar sem miðað er við „svartan hnjúk vestan í Langjökli inn af Jökulkróknum“. Samkvæmt afréttarlýsingu í Sunnlenskum byggðum og fjallskilareglugerð 1996 er hér um að ræða Klakk enda er hann beina stefnu frá Langafelli um há-Sköflungahálsinn.

Fyrsta lýsing á norðurmörkum að vestanverðu er í yfirlýsingu oddvita frá 1975 þar sem dregin er lína í vestasta Hróðurkarl, sbr. viðmiðun úr makaskiptasamningi Þingvallaprests og Grímsneshrepps 1896. Lýsingar hreppstjóra gera ráð fyrir því sama en Böðvar Magnússon dregur mörk í Fanntófell sem er norðvestan við Hróðurkarla. Ekki verður séð að það eigi við rök að styðjast.

Hrúðurkarlar eru suðvestur af Þórisjökli, innan marka Borgarfjarðarsveitar og utan þess svæðis sem hér er til meðferðar.

Í ákvæði 2. gr. fjallskilareglugerðar er á sama hátt miðað við Klakk í Langjökli að austanverðu og Hrúðurkarla að vestanverðu, án nánari tilgreiningar. Um norðurmörk afréttarins á milli Klakks og Hrúðurkarla er ekki fjallað. Af elstu heimildum um hinn upphaflega Grímsnesafrétt verður ekkert ráðið umfram það að afrétturinn hafi náð norður fyrir Skjaldbreið. Engar óyggjandi heimildir eru um að leitir á þessu svæði hafi náð lengra en í Lambahlíðar, sunnan við Stóra-Björnsfell. Í kaflanum um staðhætti og gróðurfar á Grímsnesafrétti kemur fram að áætlað sé að um landnám hafi nokkuð samfelldur gróður þakið mikinn hluta lands á afréttinum upp undir 500 m hæð yfir sjávarmáli. Síðan hafi tekið við slitróttur bersvæðisgróður upp að 700-800 m hæð, þ.e. að suðurhlíðum Litla-Björnsfells, Stóra-Björnsfells og Langafells. Ætla má að hálendið þar norður af hafi þá, eins og nú, verið nánast gróðurlaust allt norður að Þórisjökli, svo og Þórisdalur og umhverfi hans milli Þórisjökuls og Langjökuls norður að Prestahnjúk og Geitlandsjökli. Ólíklegt verður að teljast að á þessu svæði hafi verið bithagar síðan land byggðist.

Ekkert bendir því til þess að land við Þórisjökul, norðan við Stóra- og Litla-Björnsfell og inn í Þórisdal, hafi að staðaldri verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Þá verður jökull eðli máls samkvæmt ekki notaður til sumarbeitar fyrir búfé. Samkvæmt þessu telur óbyggðanefnd eðlilegt að miða norðurmörk Grímsnesafréttar fyrir og síðar við línu sem dregin er úr Klakki í hæsta punkt Stóra-Björnsfells, þaðan í hæsta punkt Litla-Björnsfells og loks að mörkum við Borgarfjarðarsveit í stefnu á Hrúðurkarla.

Að austanverðu er Laugardalsafréttur. Ákvæði 2. gr. fjallskilasamþykktarinnar miðar við Skefilfjöll í Sköflung um Langafell í Klakk í Langjökli. Mið er þannig tekið af fundargerðinni frá 1920. Lýsingar oddvita og hreppstjóra eru á sama veg nema hvað stefna norður í Sköflung er tekin nokkru austar en í fundargerð eða reglugerð, þ.e. úr Skriðunni. Ekki verður séð að það eigi við rök að styðjast. Lýsing fjallskilareglugerðarinnar á austurmörkum, veitir einungis upplýsingar um þann hluta hins upphaflega Grímsnesafréttar sem Grímsneshreppur hélt eftir 1920.

Að sunnanverðu er makaskiptalandið frá 1896. Um þetta atriði gildir hið sama og áður greindi um þann samning, af honum verður dregin sú ályktun að suðurmörk Grímsnesafréttar hins forna á þessu svæði megi ráða af lýsingu norðurmarka í landamerkjabréfi Þingvalla frá 1886. Samkvæmt landamerkjabréfinu liggja merkin úr austurrótum fjallsins Skjaldbreiðs „og svo kringum það norður fyrir með-fram rótum þess, og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu á Leirárhöfða...“, allt þar til kemur að skurðarpunkti við línu þá úr Gاتفelli í vestasta Hrúðurkarl sem áður var gerð grein fyrir og afmarkar framangreinda landspildu norðan Þingvallalands.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið eru mörk þess hluta hins upphaflega Grímsnesafréttar, sem er norðan við makaskiptalandið svo sem hér segir:

Mörk afréttarins og landskika norðan Þingvallakirkjulands: Lína sem dregin er frá hæsta hnúkn-um á Gاتفelli, og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hrúðurkørlum. Þar sem þessi línan sker markalínu við Borgarfjörð er hornmark og einnig þar sem hún sker norðurmörk Þingvallakirkjulands. Mörk afréttarins og lands í Borgarfirði eru frá suðvesturhorni Þórisjökuls, stefnu í ós Brunnavatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu. Mörk afréttarins til norðurs eru um línu sem dregin er frá Klakki í hæsta punkt Stóra-Björnsfells, þaðan í hæsta punkt Litla-Björnsfells og loks að mörkum við Borgarfjarðarsveit í stefnu á Hrúðurkarla. Mörk Grímsnesafréttar og Laugardalsafréttar eru Skefilfjöll í Sköflung um Langafell í Klakk í Langjökli. Mörk afréttarins og Þingvallalandsins eru frá mörkum við Laugardalsafrétt á austurrótum fjallsins Skjaldbreiðs og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess, og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu á Leirárhöfða, allt þar til kemur að skurðarpunkti við framangreinda línu úr Gاتفelli í vestasta Hrúðurkarl.

Hluti þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar fellur þannig utan Grímsnesafréttar.

Mörk þessi eru um línu sem dregin er úr Klakki í hæsta punkt Stóra-Björnsfells, þaðan í hæsta

punkt Litla-Björnsfells og loks að mörkum við Borgarfjarðarsveit í stefnu á Hróðurkarla. Þaðan að vörðu við suðvesturhorn Þórisjökuls og í hábungu Þórisjökuls, að jökulrönd Geitlandsjökuls með stefnu á hábungu Geitlandsjökuls og loks með jökulröndinni að Klakki í Langjökli.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig hins upphaflega Grímsnesafréttar er getið í heimildum allt frá 1708. Af þeim verður ráðið að um afrétt hafi þá verið að ræða, án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt, sbr. umfjöllun í kafla 10.6.

Frá því fyrstu heimildir greina og fram á þennan dag hefur Grímsnesafréttur verið nýttur til sameiginlegrar sumarbeitar fyrir búpening. Óbyggðanefnd telur lýsingu Landnámu ekki styðja þann skilning að Grímsnesafréttur hafi í neinu verulegu legið innan upphaflegs landnáms.

Af hálfu eigenda jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi hefur ekki verið sannað að landsvæði þau sem hér eru til umfjöllunar, séu eignarlönd, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til Grímsnesafréttar hafi í öndverðu orðið til á þann veg að íbúar á landsvæði framangreinds hrepps hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Innan marka þeirra landsvæða, sem hér hafa að framan verið skilgreind sem vesturhluti hins upphaflega Grímsnesafréttar, annað sunnan og hitt norðan þess lands sem Grímsneshreppur eignaðist í makaskiptum við Þingvallaprest 1896, hafa búfjáreigendur í Grímsneshreppi haft hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins á sama hátt og gildir um samnotaafreitti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Hins vegar bendir ekkert til þess að norðvesturhorn þess landsvæðis, sem hér er til meðferðar, þ.e. svæði það norðan Björnsfellanna og meðfram jaðri Langjökuls sem skilgreint var hér að framan, sé eða hafi nokkurn tímann verið afréttur. Sýnast þau mörk varlega áætluð miðað við að engar óyggjandi heimildir eru um sumarbeit fyrir búfé norðar en í Lambahlíðum.

Ljóst er að einstakir hlutar þeirra landsvæða, sem hér hafa verið skilgreind sem afréttur, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það, sem hér eru til umfjöllunar, að frátöldu landi norðan þeirrar línu sem að framan hefur verið dregin sem norðurmörk afréttarins, verður því í heild sinni talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að þau landsvæði, sem hér eru til umfjöllunar og skilgreind hafa verið að framan, þ.e. vesturhluti hins upphaflega Grímsnesafréttar, sunnan og norðan makaskiptalandsins frá 1886, og svæðið norðan Litla- og Stóra-Björnsfells, allt upp að Langjökli, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Sömu landsvæði, að frátöldu svæðinu norðan Litla- og Stóra-Björnsfells, eru afréttur Grímsnes- og Grafningshrepps í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

11.11.2. Land fengið í makaskiptum við Þingvallakirkju 1896

Landamerkjabréf fyrir Þingvallakirkjuland er gert 1. september 1886 og verður efni þess tekið upp hér síðar. Hinn 7. september 1896 lét presturinn á Þingvöllum af hendi til Grímsneshrepps „... tiltekið stykki af aftjettarlandi Þingvallakirkju“ en fékk í þess stað jörðina Kaldárhöfða. Þar var nánar tiltekið um að ræða „aftjettarland það alt, tilheyrandi Þingvallakirkju, sem liggur fyrir austan

þessa línu: Frá Gjábakkalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn á enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan í beina stefnu í hæsta hnúkinn á Galtafelli, og þaðan í beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörlum.“ Hér verður fjallað um þann hluta Þingvallakirkjúlunds sem Grímsneshreppur eignaðist í þessum makaskiptum, þ.e. Skjaldbreið og landsvæði vestur og suðvestur af honum. Þingvallakirkjuland að öðru leyti, eins og því er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi frá 1886, er hins vegar formlega séð til meðferðar í máli nr. 1/2000, Þingvallahreppur, og eignarréttarleg staða þess er því ekki til efnislegrar úrlausnar í þessu máli. Samhengis vegna verður þó fjallað um það hér að því marki sem saga þess er samofin sögu makaskiptalandsins.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að landsvæði þetta sé að öllu leyti þjóðlenda, sjá nánar í kafla 3.1.1. Bent er á að fleiri heimildir séu til um þetta heiðarland en makaskiptasamningur Þingvallaprests og Grímsneshrepps. Saga umrædds afréttar Þingvallakirkju sýni að afrétturinn hafi ekki verið hluti af jörðinni sjálfri heldur hafi kirkjan einungis átt þar upprekstrarétt sem hafi þó varla verið einkaréttur.

Krafa hreppsins er sú að landsvæði þetta sé fullkomin eign hans, sjá nánar í kafla 3.10. Land þetta hafi tilheyrt Þingvallakirkju og verið fullkomið eignarland þegar hreppurinn eignaðist það í makaskiptum og lagði til afréttarins. Makaskiptasamningur þessi hafi verið staðfestur af hálfu ríkisvaldsins 6. apríl 1897 og honum þinglýst 16. júní s.á. Þrátt fyrir að landsvæði þetta sé þar nefnt „afréttarland“ sé ljóst af orðalagi samningsins að verið var að afsala fullkomnu eignarlandi. Landamerkjabréf fyrir jörðina hafi verið gert 1. september 1886 og sé það að mestu leyti í samræmi við eldri heimildir um landamerki hennar. Í greinargerð jarðeigenda og í málfutningi kom fram að þeir litu svo á að í kröfugerð þeirra fælist að ef kröfu þeirra um beinan eignarrétt yrði hafnað fælist í kröfugerð þeirra jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju.

Í kafla 11.2. er gerð grein fyrir þögn Landnámu um svæðið milli landnáma Ingólfs Arnarsonar og Ketilbjarnar gamla í Grímsnesi. Í 3. kafla Íslendingabókar skýrir Ari fróði svo frá að maður nokkur, er nefndur var Þórir kroppinskeggi, hafi gerst sekur um þræls morð eða leysings. Hann átti land í Bláskógum. Það varð síðan allsherjarfé, „en það lögðu landsmenn til alþingis neyslu. Af því es þar almenning at víða til alþingis í skógum ok á heiðum hagi til hrossahafnar“. Fræðimenn greinir á um hvar land þetta liggur; Jakob Benediktsson telur að Bláskógar hafi táknað svæðið norðan, vestan og sunnan Þingvallavatns og að Þórir hafi búið á jörð þeirri sem síðan var kölluð Þingvöllur. Einar Arnórsson taldi það naumast orka tvímælis að land Þóris hefði verið á milli Almannagjár og Hrafnagjár. Bláskógaheiði hefði hins vegar náð yfir hálendið milli Borgarfjarðar og hraunsins vestanvert við Skjaldbreið, að því er virðist sunnan undir Oki og suður um Hallbjarnarvörður eða jafnvel suður undir Kvígindisfell. Um það hvort Bláskógaheiði hafi verið hluti af jörðinni Bláskógum er hins vegar ekki vitað. Eftir frásögnum Íslendingabókar og Landnámu að dæma virðast Þingvellir og heiðarnar þar fyrir ofan hafa verið einhvers konar almenningur sem fyrst og fremst var nytjaður þann tíma sem þinghald stóð yfir.

Fyrsti nafngreindi maðurinn sem vitað er með vissu að búið hafi á Þingvöllum, með því nafni, var Brandur Þórisson og er þá komið fram undir 1200. Vitað er að um 1200 var prestsskyld kirkja á Þingvöllum. Kirkjan var orðin beneficium (kirkjulén), fyrir lok 14. aldar en í því fólst að hún taldist myndug og sjálfstæð undir forræði biskups. Þingvallakirkja hafði þá sérstöðu að hún þjónaði þinghaldi landsmanna og þingmenn hafa líklega deilt hlunnindum jarðarinnar að einhverju leyti með kirkjunni.

Í elsta máldaga Þingvallakirkju, Vilkinsmáldaga frá 1397, er ekki greint frá öðrum fasteignum í hennar eigu en 6 hundruðum í Brúsastaðajörð. Samkvæmt Gíslamáldaga frá 1575 á Þingvallakirkja hins vegar m.a. „heimaland allt með gögnum og gæðum. Skjaldbreið.“ Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig til þessara eignarréttinda hafi verið stofnað.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1711 segir að kirkjustaðurinn á Þingvöllum hafi

átt afrétt „... á Skjaldbreiðarhrauni, en hefur ekki brúkaður verið yfir 40 ár, lætur nú presturinn brúka fyrir afrétt Ármannsfell, Kvíndisfell og Gagnheiði“. Aðrar jarðir í Þingvallahreppi eru einnig sagðar eiga afrétt í Skjaldbreiðarhrauni og ekki einungis hjáleigur Þingvallakirkju heldur einnig jarðir í einkaeign, sbr. umfjöllun um Miðfell. Jafnframt kemur fram að Grímsnesingar allir hafi átt afrétt „nordur og vestur á fjöllum kringum Skjaldbreið, og var þá síður að reka þangað sem heitir Lambahraun“, sbr. lýsingu Efstadals frá 1707. Virðast þessi afréttarnot Þingvellinga og Grímsnesinga hafa verið slík frá fornu fari þó að afrétturinn hafi ekki verið notaður um nokkurt skeið þegar jarðabókin er rituð vegna uppblásturs og snjóþyngsla langt fram á sumar.

Í þeim heimildum sem hér hafa verið raktar er ekkert fjallað um landamerki Þingvalla.

Árið 1736 gaf amtmaður út álitsgerð um Þingvelli þar sem hann áréttaði þau ævafornu réttindi þingmanna að nýta sér almenning („aldminding“) til skógartekju og beitar jafnframt því sem þeim væri heimilt að reisa þar búðir. Tílefnið var beiðni sóknarprestisins um að fá bætur vegna búðabygginga og annars átroðnings. Nokkru síðar, eða árið 1740, sá presturinn á Þingvöllum, sr. Markús Snæbjörnsson, ástæðu til að lögfesta landareign kirkjunnar með svofelldum hætti:

Soknarprestur til Þingvallar og Ulflotsvatns Kyrkiu Safnada Eg Markus Snæbjörnsson lögfesti hér i Dag mér forlénad kongl. Majsts Beneficium Þingvelli innann Arness Syslu, til efter skrifadra Takmarka: Á Mjóaness Sidu: i Saudanes fyrer sunnann Arnarfell, þadann beint uppi Prestsveginn og vestur epter sem hann heldur ad Hrafnagiá, sidann epter endelángri sömu Giá nordur ad Hrafnabjarga Vegi, Enn fyrer nordann vegenn strandlengis efter Fjöllum nordr ad Skjaldbreid hvörja eg lögfesti alla itra; þadann beint i Leirárhöfða og so vestur epter allt þar til vötnum hallar ad Borgarfyrði: þad[an] beint yfer ad Steinkyrkiu eda Steinkistu (af sumum kalladri) úr henni i midja þúfuna sem stendr hædst uppa Brattafelli, sidann beint ofann i Holmavad, úr Holmavadi midt yfer um stóra Saudafell, þadann i Riúpnagil, úr Riúpnagili i Steininn á litla Saudafelli, frá Steini þeim i Sýsluvörður á eystri Moldbreckum, og so þvert yfir i Klofninga, enn úr þeim i Þingvallavatn, epter gilinu milli Heidarbæar og Nesia. Innann þessara Marka lögfesti eg Tödur og Engiar, Skóga Holt og Haga Vötn og Veidistadi, Eggver og allar landsnytiar þær sem þessu Landi eiga ad logum ad fylgia og Kongl Majt ei allranádugast epter láted hefr Landsþinginu til nytsemda, allt ad ordfullu lögfullu og lögmáli réttu, fyrerbjödande hédann af hvörjum manni sér ad nýta tilteked Þingvallar Beneficii land edur i því vinna nema mitt leifi þar til fái. Eg lögfesti og i allann sama Máta Þingvallar kyrkjujörd Sydri Brú i Grímsnesi og allt henni ad lögum tilheyrandi hvört heldur þad vera kann epter lögföstum Skiölum edur Lagahefd. Lögfestuna stadfester Nafn mitt med egenn hendi skrifad her ad nedann.

Hér er um að ræða fyrstu lýsinguna á landamerkjum Þingvalla. Eins og þarna kemur fram er enginn greinarmunur gerður á Skjaldbreið og öðru landi „Þingvallar Beneficii“. Innan þessara marka lögfesti sóknarpresturinn nánar tiltekin réttindi að því marki sem ekki hafði verið eftirlátið „Landsþinginu til nytsemda.“ Var öðrum fyrirboðið að nýta sér landið eða í því vinna nema með leyfi sóknarprestis. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi að Stóruborg 16. maí 1740 en ekki sjást þess merki í heimildum að hún hafi verið staðfest með dómi eins og þó var ætlast til í lögum.

Í kafla 6.11.2. er einnig tekin upp sýslumarkalýsing Þórðar Sveinbjörnssonar, sýslumanns 1832, lýsing Stefáns Pálssonar hreppstjóra á landamerkjum Þingvallakirkju og sýslumörkum sama ár, sóknarlýsing sr. Björns Pálssonar 1840 og þau mörk sem lesa má út úr Íslandskorti Björns Gunnlaugssonar frá 1844. Jafnframt er þar að finna lýsingu Guðbjörns Einarssonar hreppstjóra á Þingvallaafrétti, dags. 2. júní 1978. Að einstökum atriðum í þessum lýsingum verður vikið nánar hér á eftir, eftir því sem ástæða er til.

Í sóknarlýsingu sr. Björns Pálssonar á Þingvöllum 1840 segir að fyrir norðan Súlur, Ármannsfell og Lágafell og suður af Skjaldbreið sé afréttur fyrir Þingvallasókn, sem tilheyri Þingvallaprestakalli og brúkist leigulaust. Fáeinir úr Grímsnesi reki þangað. Einnig segir að yfir um mið

Hrafnabjörg, Tindafjöll eða Tindaskaga og Skjaldbreið séu „afréttarskil milli Laugardals og Þingvallahrepps“. Sr. Jón Bachmann greinir hins vegar frá því á sama tíma að fáeinir sóknarmanna í Klausturhóla- og Búrfellssóknum kaupi upprekstur í Þingvallasveitarafrétti.

Í skrá yfir landamerki prestssetursins Þingvalla, með hjáleigunum Arnarfelli, Skógarkoti, Hrauntúni og Svartagili, þ.e. Þingvallakirkjulands, dags. 1. september 1886, lýsir sr. Jens Pálsson merkjum á þessa leið:

Frá Öxarármynni liggur Þingvallavatn fyrir landinu suður að Langatanga (Sauðanesi). Úr klofnum hellusteini á Langatanga liggja svo mörkin beina stefnu að sjá í slakkann milli Gildruholta allt til markavörðu við hinn forna svonefnda Prestsveg; þá ræður Prestsvegurinn mörkum til Hallstígs á Hrafnagjá, og svo Hrafnagjá inneptir þartil hún brýtur við Rauðshól. Úr Rauðshól í vörðu á sprungnum klapparhól á Innri-Gaphæðum, þaðan beint í Hlíðarstíg; úr Hlíðarstíg beina stefnu yfir Þúfuhól í Hrafnabjörg. Síðan liggja mörkin strandlengis með fjallabrunum allt til norðausturenda Tindaskaga, svo sem hjer segir: eptir norðureggjum Hrafnabjarga, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatindi sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eptir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallakirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess, og úr norðurrótum þess eptir beinni stefnu á Leirárhöfða, þartil vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þar sem þessi síðast nefnda lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða er hornmark. Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvikfjáryndisfells, þaðan í Mjóu-Súlu (eður Háu-Súlu), þaðan til Öxarárupptaka, eður þess staðar er Öxará rennur úr Myrkavatni, þaðan beina stefnu í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils, og eptir því gili til Öxarár, sem þá ræður landamerkjum til Þingvallavatns.

Landamerkjabréfið var þinglesið 7. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Þessi lýsing er í allgöðu samræmi við lögfestu sr. Markúsar Snæbjörnssonar frá 1740 hvað varðar það svæði sem hér er til umfjöllunar. Þær lýsingar sem gerðar voru á vesturmörkum Árnessýslu, Þingvallalands eða -sóknar og ganga lengra en landamerkjabréfið frá 1886, byggja ekki á skjallægum gögnum og hafa ekki stuðning af öðrum heimildum. Óbyggðanefnd telur að ekkert bendi til þess að landsvæði Þingvallakirkju hafi aukist í vesturátt frá lögfestu sr. Markúsar. Verða þessar lýsingar ekki lagðar til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Að Þingvallakirkjulandi, þ.m.t. landi því sem Grímsneshreppur fékk í makaskiptum við Þingvallaprest 1896, liggja Gjábakki og Brúsastaðir í Þingvallahreppi, Ingunnarstaðir í Kjósarhreppi, Stóribotn í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Vörðufell (Gilstreymi) í Skorradalshreppi og Þverfell í Lundarreykjadalshreppi. Þá liggur afréttur Lundarreykjadalshrepps að landi Þingvalla að vestan en að norðan og austan liggur afréttur Grímsneshrepps hins forna. Norðan við Þingvallakirkjuland, á milli sýslu- og sveitarfélagamarka við Borgarfjörð og þess svæðis sem fjallað er um hér liggur einnig þríhyrndur landskiki sem til meðferðar er í máli nr. 1/2000, Þingvallahreppur. Þá liggur Þingvallavatn sunnan við Þingvallakirkjuland, frá Öxarármynni og suður að Langatanga (Sauðanesi). Glögg merki eru þannig í landslaginu að því leyti.

Landamerkjabréf Þingvallakirkjulands er áritað um samþykki fyrirsvarsmanna allra aðliggjandi landsvæða nema afréttar Lundarreykjadalshrepps og Grímsnesafréttar, auk þess skika beint norður af Þingvöllum sem áður var nefndur. Við mat á þýðingu framangreindrar landamerkjalyýsingar er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um þau merki eða aðliggjandi landsvæða. Ástæða er til þess að sá samanburður taki til allra aðliggjandi landsvæða, án tillits til framangreindra áritana á landamerkjabréf, sbr. kafla nr. 11.6.

Jarðirnar Brúsastaðir, Ingunnarstaðir, Stóribotn, Vörðufell (Gilstreymi) og Þverfell liggja vestan við Þingvelli. Brúsastaðir voru á þessum tíma Þingvallajörð og landamerkjabréf jarðarinnar,

dags. 1. september 1890 og þingl. 2. júní 1891, er undirritað af Þingvallapresti. Þar segir að landamerki milli Brúsastaða og Þingvalla séu „Öxará neðan frá Þingvallavatni allt upp að Búrfellsgili, þá Búrfellsgil til upptaka sinna, þaðan bein stefna í Há-kjöl.“ Þessi lýsing er nánast samhljóða lýsingu í landamerkjaskrá Þingvalla.

Landamerkjabréf Ingunnarstaða er dags. 26. apríl 1890 og þingl. 2. júní sama ár. Merkjum við Þingvallakirkju er lýst þannig: „Bein lína frá svonefndri “Háusúlu,, eða “Mjósúlu,, sem stendur í beinni línu við merki að norðanverðu ræður svo stefna úr nýnefndri Súlu, til upptaka Öxarár við Mirkavatn, og þaðan sjónhending í suður á “Há Kjöl,,“. Fyrirsvarsmenn Ingunnarstaða og Þingvalla árita hvor um sig landamerkjabréf hins og lýsingum bréfanna ber saman.

Landamerkjabréf Stórabotns er dags. 14. maí 1890 og þingl. 6. júní sama ár. Um merki gagnvart Þingvöllum segir: „... úr há Kvísfjarindisfelli og í Háusúlu (Mjósúlu) ...“ Fyrirsvarsmenn Stórabotns og Þingvalla árita hvor um sig landamerkjabréf hins og lýsingum bréfanna ber saman.

Vörðufell var áður hluti jarðarinnar Gilstreymis. Landamerkjabréf Gilstreymis er dags. 20. mars 1922 og þingl. 5. júlí 1932. Því ber saman við landamerkjabréf Þingvallakirkjulands um að einn landamerkjapunktur sé sameiginlegur, nefnilega Kvíkfjaryndisfell. Bréf Þingvallakirkjulands er áritað vegna Vörðufells en ekki öfugt.

Landamerkjabréf Þverfells er dags. 10. september 1886 og þingl. 2. júní 1887. Þar segir svo um merki gagnvart Þingvöllum „... suður að Reidarlæk, svo ræður hann merkjum til Grunnvatns, svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn á Kvígindisfelli ...“ Fyrirsvarsmenn Þverfells og Þingvalla árita hvor um sig landamerkjabréf hins og lýsingum bréfanna ber í meginatriðum saman. Þingvallabréfið er þó ekki eins nákvæmt og bréf Þverfells þar sem í hinu fyrrnefnda er einungis dregin lína beint á milli norðvesturhorns Geitlandsjökuls og Kvíkfjaryndisfells. Þar á milli, örlítið austan við beina stefnu, rennur Reyðarlækur úr Grunnvatni (Brunnavatni) og við það miðar Þverfellsbréfið, sem er lítið eitt yngra og verður að telja eðlilegt að leggja til grundvallar.

Norðan og vestan Brunnvatns tekur við afréttur Lundarreykjadalshrepps. Um þetta landsvæði er fjallað í svokölluðum Reyðarvatnsmálum (H 1967 916 og H 1971 1137). Fram kemur að Reykholtskirkja hafi talið sér til eignar land við Reyðarvatn, „austan frá Drangshlíð og útundir Fossárfloá“. Árið 1885 hafi Lundarreykjadalshreppur keypt afréttarlönd Reykholtskirkju við Reyðarvatn, án nánari lýsingar landamerkja. Í kjölfarið hafi hreppsnefndin lögfest hreppnum „land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands.“, nánar tiltekið 29. maí 1890. Ekki er frekari gagna getið í dómunum en lögfestu hreppsins frá 1890.

Óbyggðanefnd telur að líta megi á lögfestu Lundarreykjadalshrepps frá 1890 um land norðan Reyðarlækjar sem samþykki gagnvart landamerkjalyýsingu Þingvallakirkju, að teknu tilliti til lýsingar Þverfells frá sama tíma. Samkvæmt þessu eru mörk Þingvallakirkjulands og afréttar Lundarreykjadalshrepps bein lína úr ósi Brunnvatns í stefnu á suðvesturhorn Þórisjökuls, allt þar til kemur að skurðarpunkti við norðurmörk Þingvalla en þau eru um línu sem dregin er frá norðurrótum Skjaldbreiðar í stefnu í Leirárhöfða. Lýsing á austurmörkum þessa afréttar í ritinu „Byggðir Borgarfjarðar III“ er í samræmi við þetta, svohljóðandi:

Að austan Þórisjökull (Geitlandsjökull) og úr suðvesturhorni hans (nálægt eða þar, sem forn varða stendur á fjallsbrúninni) stefna í ós Brunnvatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu.

Norðan við Þingvallakirkjuland, austan framangreindra sýslu- og sveitarfélagamarka við Borgarfjörð og vestan svæðis sem um er fjallað í kafla 11.11.1. um vesturhluta hins forna Grímsnesafréttar, liggur þríhyrndur landskiki sem um er fjallað í máli 1/2000, Þingvallahreppur. Austurmörk eru nánar tiltekið stefnulína sú sem dregin var í Hróðurkarla við makaskipti Þingvallaprests og Grímsneshrepps 1896. Mörkum Þingvallakirkjulands til norðurs er einhliða lýst enda ekki að sjá að

nokkur hafi fyrir eða síðar talið til réttinda á þessu svæði, sjá nánar í máli nr. 1/2000. Lýsing norðurmarka í landamerkjabréfi Þingvallakirkju fær samrýmst lögfestu sr. Markúsar Snæbjörnssonar frá 1740 enda virðist eðlilegt að túlka hana á þann veg að tekin sé stefna á Leirárhöfða en vatnaskil ráði að öðru leyti.

Norðurmörk Þingvallakirkjulands að öðru leyti og austurmörk voru ekki staðfest með áritun af hálfu fyrirsvarsmanna hins upphaflega Grímsnesafréttar. Tíu árum eftir gerð landamerkjabréfs Þingvalla gerðu Þingvallaprestur og Grímsneshreppur með sér samning um skipti á „afréttarlandi Þingvallakirkju“ og jörðinni Kaldárhöfða. Gerð er grein fyrir aðdraganda þessara makaskipta í kafla 6.11.2. Þar kemur m.a. fram að í bréfi því frá stjórnvöldum í Kaupmannahöfn, sem heimilaði makaskiptin, er m.a. kveðið á um að fara skyldi með umrætt land sem bændajörð hvað gjaldskyldu snerti. Hér er þess að gæta að samkvæmt konungsbréfi 30. júní 1786 var óheimilt að skilja eignir frá kirkju eða rýra þær á annan hátt. Væri eign afsalað frá kirkju varð hún hins vegar gjaldskyld og mun það skýring þessa. Í makaskiptasamningnum segir m.a. svo:

Jeg Jón Thorstensen prestur á Þingvöllum afhendi Grímsneshreppi til löglegrar eignar, afnota og umráða afréttarland það alt, tilheyrandi Þingvallakirkju, sem liggur fyrir austan þessa línu. Frá Gjá-bakkalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn á enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan beina stefnu í hæsta hnúkinn á Galtafelli, og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörlum. Alt það afréttarland Þingvallakirkju, þar með talið fjallið Skjaldbreiður, sem liggur fyrir austan nefnda markalínu, er því upp frá þessu rjett eign Grímsneshrepps og honum heimil til allra löglegra afnota, með skilyrðum þeim og takmörkunum, sem nú skal greina. ...

Þá segir að Grímsnesingar smali landið sem annan afrétt sinn til allra rétta. Mælt er fyrir um hvenær reka má í landið og um sektir til Þingvallahrepps ef út af því væri brugðið. Ekki mátti reka hross á þennan afrétt. Grímsnesingar skyldu flytja aðalréttir sínar upp á Laugarvatnsvelli og Þingvalla- og Grímsneshreppar koma sér saman um hvernig afréttarsmölun færi fram. Þá er fjallað um refaveiðar og framkvæmd þeirra og fram kemur að ábúendur á jörðunum Gjábakka, Skógarkoti og Hrauntúni hafi rétt til að reka fjallfê upp í eitt eða fleiri skipti hvert sumar og skyldi Grímsneshreppur greiða þann kostnað. Samningur þessi er dagsettur 7. september 1896 og var þinglýst með undirritun stiftsfirvalda 16. júní 1897.

Svo sem áður hefur komið fram greina heimildir um Grímsnesafrétt frá 1708 og 1840 frá því að Grímsnesingar hafi beitt fê sínu innan þess „afréttarlands“ sem þeir festa hér kaup á, sbr. orðalagið „vestur á fjöll kringum Skjaldbreið“ og örnefnið „Skjaldbreiðarhraun“. Eðlilegt er þó að miða við að merkjum Þingvallakirkjulands og Grímsnesafréttar hins forna sé rétt lýst í landamerkjabréfi hins fyrrnefnda enda enginn fyrirvari gerður um annað í makaskiptasamningnum tíu árum síðar. Samkvæmt landamerkjabréfinu liggja merkin eftir norðureggjum Hrafnabjarga og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatind sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eftir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs og svo kringum það norður fyrir meðfram rötum þess og úr norðurrötum þess eftir beinni stefnu á Leirárhöfða, allt þar til kemur að skurðarpunkti við línu þá úr Gattelli í vestasta Hróðurkarl sem áður var gerð grein fyrir og afmarkar framangreinda landspildu norðan Þingvallalands.

Jörðin Gjábakki liggur einnig austan við Þingvelli. Landamerkjabréf Gjábakka er dags. 10. maí 1890 og þingl. 7. júní sama ár. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig að þau liggja frá útnorðurhorni Hrafnabjarga „síðan í vörðu á Hlíðarstíg; þaðan í vörðu á Innri-Gaphæð, síðan ráða Hrafnagjáardrög og Hrafnagjá á áðurnefndan Hallstíg“. Fyrirsvarsmenn Gjábakka og Þingvalla árita hvor um sig landamerkjabréf hins og lýsingum ber saman í meginatriðum.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf það fyrir Þingvalla-

kirkjuland sem áður er getið. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst, að teknu tilliti til landamerkjabréfs Þverfells. Bréf Þingvallakirkjulands er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna sem máli skipti. Landamerkjabréfum Gjábakka, Brúsastaða, Ingunnarstaða, Stórabotns, Gilstreymis (Vörðufells) og Þverfells er einnig þinglýst. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þeir formlegu ágallar, sem á bréfinu eru, verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi. Þrátt fyrir þetta bera gögn málsins með sér að tilefni sé til að skoða sérstaklega hvort allt land innan þessara marka hafi sömu eignarréttarlega stöðu.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig fyrst Bláskóga og síðar Þingvalla er getið í heimildum allt frá upphafi allsherjarríkis. Af þeim verður ekki annað ráðið en að um jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2., en eignarréttarleg staða hennar snemma með sérstökum hætti. Af orðum Íslendingabókar verður þó ekki ótvírætt dregin sú ályktun að allt land Þóris kroppinskeggja með gögnum og gæðum hafi verið gert að allsherjarfé. Í þeim gæti einnig falist að þingmönnum hafi verið heimilt að nýta skóg og hagbeitarland bótalaust án þess að áhrif hefði á önnur eignarréttindi. Jafnframt er ekki útilokað að landið milli Öxarár, Lyngdalsheiðar og Hrafnabjargarháls hafi verið numið að einhverju leyti, sbr. vísbendingar um að þar hafi mjög snemma tekist byggð, a.m.k. á svæðinu suðvestanverðu, hagstætt gróðurfar og nálægar samgönguleiðir. Vafi um landnám hlýtur þó óhjákvæmilega að verða meiri eftir því sem norðar og austar dregur.

Þingmenn og kirkjan, eftir að hún var stofnuð, hafa að öllum líkindum nytjað gögn og gæði Þingvallalands fyrstu aldirnar. Þegar umsvif þinghaldsins minnkuðu og það lagðist loks alveg niður hefur svigrúm Þingvallakirkju eðlilega aukist að sama skapi.

Eignarréttarleg sérstaða Þingvallakirkjulands, eins og því er fyrst lýst í lögfestu Þingvallaprests 1740 og síðan í landamerkjabréfi 1886, kemur fram í heimildum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi var lengi vel um að ræða not þingmanna af landinu meðan á þinghaldi stóð. Í öðru lagi hefur Skjaldbreiður og hraunið umhverfis frá því fyrstu heimildir greina og fram á þennan dag verið nýtt til sameiginlegrar sumarþeirrar fyrir búþening Þingvellinga og Grímsnesinga. Umråd og hagnýting Þingvallakirkjulands hefur í sama mæli verið frábrugðin því sem gildir um eignarland almennt. Að öðru leyti virðist jörðin Þingvellir hafa verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, fram til friðunar hluta landsins 1928. Gögn málsins benda því til að innan Þingvallakirkjulands, eins og því er lýst í landamerkjabréfi 1886, megi gera greinarmun á annars vegar jörðinni Þingvöllum og hins vegar afréttarlandi hennar og að þessi landsvæði hafi ekki sömu eignarréttarlegu stöðu.

Óbyggðanefnd telur að tilgreining Skjaldbreiðar í Gíslamáldaga 1575 sé vísbending um að þetta svæði hafi ekki tilheyrt kirkjunni áður enda er þess ekki getið í Vilkinsmáldaga frá 1397. Af þeim greinarmun, sem gerður er á Skjaldbreið og heimalandi, má jafnframt ráða að fjallið hefur ekki verið órofa hluti Þingvallajarðar. Áréttað skal að elstu heimildir um afmörkun Þingvallakirkjulands eru frá 1740. Lýsingar Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1711 á Skjaldbreið og hrauninu umhverfis sem sameiginlegum afrétti Grímsnesinga og Þingvellinga eru skýrar. Samkvæmt sóknarlýsingu frá 1840 á þetta við um allt svæðið fyrir norðan Súlur, Ármannsfell og Lágafell. Ummæli jarðabókarinnar um „Ármannsfell, Kvíundisfell og Gagnheiði“ hníga í sömu átt. Þannig benda heimildir til þess að Skjaldbreiður, Skjaldbreiðarhraun og jafnvel landsvæði þar til suðvesturs hafi nær einvörðungu verið notuð til beitar á fyrri tíð. Sögusagnir og munnmæli um byggð á þessu svæði verða enga þýðingu taldar hafa. Þegar þessara landsvæða er getið í skriflegum heimildum að öðru leyti er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Efni og orðalag makaskiptasamningsins frá 1896, auk aðdraganda þeirra viðskipta, bendir til þess sama, sbr. t.d. notkun hugtaksins „sommergræsgang“. Þetta er í samræmi við niðurstöðuna í H 1926 341, þar sem Grímsneshreppur var ekki talinn skyldur til að greiða útsvar til Þingvallahrepps vegna makaskipta-

landsins en í málinu var lögð til grundvallar yfirlýsing þess fyrrnefnda um að hann ætti þar aðeins upprekstrarétt.

Suðurhluti svæðisins, næst Þingvallavatni, virðist hins vegar aldrei hafa verið afréttarland. Að frátöldum notum þingmanna, á meðan á þeim stóð, virðast eignarráð og nýting hafa verið með hefðbundnum hætti jarðarnota. Um hluta þessa lands er fjallað í lögum nr. 59/1928 og kveðið á um ævarandi eign íslensku þjóðarinnar að því. Enginn vafi er á því að friðlandið á Þingvöllum er eignarland. Lög þessi og lögskýringargögn með þeim, ásamt fyrri frumvörpum um sama efni, bera hins vegar ekki með sér að mat á inntaki eignarréttar hafi ráðið ákvörðun marka friðlandsins.

Þegar litið er til alls þess sem að framan er rakið um Þingvallakirkjuland og nýtingu þess verður ekki talið að Þingvallakirkjuland í heild sinni hafi nokkurn tíma verið undirorpið fullkomnum eignarrétti einstaklinga, kirkjunnar eða ríkisins, hvorki fyrir nám né með löggerningum eða öðrum hætti. Rannsókn óbygðanefndar leiðir þannig til þeirrar niðurstöðu að þar sé að hluta til um þjóðlendu að ræða og að öllu leyti hvað makaskiptalandið varðar. Tiltækar heimildir benda hins vegar til þess að um afréttareign eigenda Þingvallakirkjulands hafi verið að ræða í þeim skilningi að aðrir hafi ekki átt þar óskoraðan rétt til upprekstrar, og a.m.k. á einhverjum tíma greitt Þingvallapresti gjald fyrir. Þá eru staðhættir og víðátta heiðalandsins þannig að líkur mæla gegn óskoruðum eignarráðum jarðeigenda. Í afsali Þingvallaprests 1896 gat ekki falist víðtækari eignarréttur Grímsnes-hreppi til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið hefur land innan landamerkja Þingvallakirkjulands mismunandi eignarréttarlega stöðu, eignarland að sunnanverðu og þjóðlenda að norðanverðu, þ.m.t. makaskiptalandið allt. Utan þess er óljóst hvar mörk liggja á milli en um það atriði er fjallað í máli nr. 1/2000, Þingvallahreppur.

Það er því niðurstaða óbygðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að umræddur hluti Þingvallakirkjulands svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, þ.e. makaskiptaland Grímsneshrepps frá 1896, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá Gjábackalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn á enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan beina stefnu í hæsta hnúkinn á Gاتفelli, og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörlum. Frá Hlíðarstíg beina stefnu yfir þúfuhól í Hrafnabjörg. Síðan liggja mörkin strandlengis með fjallabrunum allt til norðausturenda Tindaskaga svo sem hér segir: eftir norðureggjum Hrafnabjarga, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatind sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eftir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess, og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu á Leirárhöfða, þar til kemur að skurðarpunkti við framangreinda stefnulínu úr Gاتفelli í vesturhornið á Hróðurkörlum.

Sama landsvæði er afréttur Grímsnes- og Grafningshrepps, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota, sem afréttareign fylgja, fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur Grímsnes og Grafningshrepps eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, og nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Skjaldbreiður“, og „Þingvellir og Þingvallavatn“ auk þess sem sérstök lög gilda um friðun Þingvalla, nr. 59/1928.

11.11.3. Land keypt úr Laugarvatni 1917

Í máli nr. 3/2000 er fjallað um Laugarvatn eins og jörðinni er lýst í landamerkjabréfi, dags. 12. maí 1890 og þingl. 6. júní s.á. Þar er þó er ekki til úrlausnar eignarréttarleg staða þess hluta lands jarðarinnar sem Grímsneshreppur keypti 28. ágúst 1917. Í kaupsamningi er mörkum hins selda lýst svo:

Markaðúfan á Biskupsbrekku, úr henni bein lína í Prasaborgir, þaðan sjónhending í norðurendann á Driftinni, þaðan um Hamarsselshellir, Stóra Dímon, Eldborgir og þaðan sjónhending í norðasta Kálfstind. Þaðan fram með fjallgarðinum fram í syðra Litlubarmshorn og þaðan sjónhending í áður-nefnda þúfu í Biskupsbrekku.

Þetta landsvæði sem nefnt er „spilda úr afréttarlandi Laugarvatns“ í fasteignabók sýslumannsembættisins á Selfossi er til meðferðar hér. Þetta svæði hefur verið nýtt sem hluti afréttar án þess þó að hafa verið formlega lagt til afréttar skv. l. nr. 42/1969.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja um landsvæði þetta, sjá nánar í kafla 3.1.1. Í málatilbúnaði íslenska ríkisins er því haldið fram að sá hluti afréttarins sem keyptur var úr Laugarvatni sé ekki allur fullkomin eign hreppsins. Kröfulínan miðist við mörk á milli heimalands Laugarvatns og útlendis eða afréttarlands jarðarinnar.

Af hálfu hreppsins er þess krafist að viðurkennt verði að landsvæði þetta sé fullkomið eignarland. Vísað er til afsals frá 17. nóvember 1917 en með því hafi hreppurinn eignast hluta af jörðinni Laugarvatni í Laugardal. Þannig hafi afréttarland Grímsnesinga við Skjaldbreið verið tengt heimalöndum jarða í hreppnum. Á þessum tíma hafi Laugardalur tilheyrt Grímsneshreppi en þegar afréttarlandi var skipt við stofnun Laugardalshrepps hafi þessi hluti Laugarvatnsjarðarinnar komið í hlut Grímsneshrepps. Landamerkjabréf fyrir jörðina hafi verið gert 12. maí 1890 og sé það að mestu leyti í samræmi við lögfestu fyrir jörðina frá 1669 sem byggist á vitnisburði Magnúsar Brandssonar frá 1618.

Í máli nr. 3/2000, Laugardalshreppur, eru rakin sjónarmið aðila um jörðina Laugarvatn eins og henni er lýst í áður-nefndu landamerkjabréfi frá 1890, heimildir um merki hennar og sögu að öðru leyti. Samhengis vegna snýst sú umfjöllun einnig um „spildu úr afréttarlandi Laugarvatns“, fram til 1917 þegar það er selt frá jörðinni enda er saga svæðisins fram til þess samofin sögu jarðarinnar að öðru leyti.

Komist er að þeirri niðurstöðu í máli nr. 3/2000 að það land jarðarinnar, sem þar er til meðferðar, sé eignarland. Að teknu tilliti til sögu jarðarinnar eftir 1917 og þeirra sjónarmiða sem aðilar hafa fram að færa í þessu máli telur óbyggðanefnd að þær ályktanir nefndarinnar sem fram koma í kafla 11.1. í máli nr. 3/2000 eigi einnig við um þann hluta Laugarvatns sem hér er til meðferðar, þ.e. land það sem Grímsneshreppur keypti 1917.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að landspilda sú úr Laugarvatni, sem Grímsneshreppur keypti árið 1917, sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að sá hluti lands Laugarvatns, sem er til meðferðar í þessu máli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

12. LANDSVIRKJUN

Í máli þessu gerir Landsvirkjun kröfur vegna Hrauneyjafosslínu, fyrirhugaðrar Sultartangalínu 3 og mælistöðva sem fyrirtækið kveðst eiga í hreppnum. Þá gerir fyrirtækið einnig kröfur vegna vatnsmiðlunar í Þingvallavatni og vegna Steingrímsstöðvar í landi jarðarinnar Kaldárhöfða. Hér á eftir verður í fyrstu vikið að því hvað felst í þeim heimildum sem Landsvirkjun byggir kröfur sínar á og því næst tekin til úrlausnar einstök mannvirki sem kröfur eru gerðar um.

12.1. Almenn

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III.

kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr., sbr. 1. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrir-mælum a- og c-liða 7. gr. laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi sbr. orðalag c-liðar 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Kröfur Landsvirkjunar í máli þessu byggjast á tvíþættum grundvelli. Annars vegar er byggt á framsali á grundvelli einkaréttarlegra heimilda. Hins vegar byggir Landsvirkjun réttindi sín á lagaheimildum og leyfum stjórnvalda veittum á grundvelli þeirra.

12.2. Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réð í raun yfir.

Hér kemur einkum til skoðunar bótasamningur sem Landsvirkjun hefur gert við Grímsneshrepp vegna lagningu orkuveitu (háspennulínu) um afrétt hreppsins. Þann 15. júní 1979 undirrituðu Landsvirkjun og oddviti Grímsneshrepps, f.h. hreppsins, yfirlýsingu vegna lagningu orkulínu um afrétt Grímsneshrepps.¹ Í 1. gr. kom fram að Landsvirkjun væri heimilt hreppsins vegna að reisa eða láta reisa 36 stauravirki til að bera háspennna rafmagnslínu í afrétti Grímsneshrepps norðan Skjaldbreiðar. Skyldu Landsvirkjun eða þeir sem fyrirtækið fæli slík störf hafa óhindraðan aðgang að stauravirkjum og rafmagnslinum í landinu, bæði að því er varðaði byggingarframkvæmdir og venjulegt eftirlit og viðhald síðar, sbr. 2. gr. yfirlýsingarinnar. Þá var því lýst yfir í 3. gr. að Landsvirkjun hefði greitt að fullu gjald vegna réttinda sem um ræddi í yfirlýsingunni og mættu mannvirkin standa í afréttinum óátalin af hálfu hreppsins. Í 4. gr. kemur fram að Landsvirkjun skuldbindur sig til að jafna allt jarðrask af völdum línuframkvæmda, bæði við möstur og vegaslóðir. Enn fremur að sáð og borið yrði á öll gróðursár og áburði dreift á öll gróðursár ári eftir sáningu. Jafnframt lofaði Landsvirkjun samkvæmt sömu grein að gera hlið á vegaslóðir til að fyrirbyggja óþarfaumferð um vegaslóðir meðfram háspennulínunni. Í 5. gr. var því lýst yfir að yrðu spjöll á eignum hreppsins við framkvæmdir háspennulinnunnar ætti hreppurinn rétt til bóta vegna þess. Í 7. gr. kom svo fram að samkomulag, sem í yfirlýsingunni fólst, væri gert án þess að afstaða væri tekin af hálfu Landsvirkjunar til eignarréttar að landinu.

Ljóst þykir af orðalagi tilvitnaðrar yfirlýsingar Landsvirkjunar og Grímsneshrepps að ekki er um að ræða framsal eignarréttinda á afréttinum til handa Landsvirkjunar heldur er verið að semja um greiðslu bóta vegna hugsanlegs tjóns sem rétthafar að afréttinum verða fyrir vegna þeirrar röskunar sem hljótast kann af því að háspennulínan er lögð á landsvæði afréttarins. Verður því ekki byggt á yfirlýsingunni sem stuðningi fyrir eignaryfirfærslu til handa Landsvirkjun.

12.3. Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma í annan stað til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar og koma þá jafnframt til skoðunar framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í köflum 12.2. og 12.3. í máli nr. 7/2000, þar sem fjallað er um þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi o.fl., gefur að finna tæmandi úttekt á þeirri löggjöf sem hefur tekið til starfsemi Landsvirkjunar og þess sem henni tengist. Ekki eru efni til þess í þessu máli að taka þá umfjöllun upp í heild sinni.

1 Skjal nr. 137.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir með löggjöf um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983 með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981 með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg séu, til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

Það skal þó þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gilda lagaheimilda.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að með umræddum lögum hafi tilætlanin verið sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðs 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti og samkvæmt hljóðan sinni. Aðild ríkisins og framsal í formi lagaheimilda er fölgid í fullveldisrétti, yfirráða eða umráðarétti en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögnum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 milli landbúnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanevnd a/s Titan, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965 styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr., 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Íslenska ríkið og Landsvirkjun sömdu um það, sbr. 3. gr. sameignarsamnings frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hvernir virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda

á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu, sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði felst ekki áform um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er því eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, háspennulínur, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum nr. 59/1965, sbr. síðar lög nr. 42/1983, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærri handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

Undir framangreindum kringumstæðum fer íslenska ríkið því óskorað með eignarheimildir á því landi sem úrskurðað verður sem þjóðlenda, sbr. 2. kafla laga nr. 58/1998.

12.4. Einstök mannvirki

Í köflunum sem hér koma á eftir, verður fjallað um mannvirki Landsvirkjunar sem staðsett eru í Grímsneshreppi eða munu rísa í hreppnum og fyrirtækið gerir tilkall til á grundvelli laga nr. 58/1998. Gerð verður grein fyrir þeim mannvirkjum sem um er að ræða, hvar þau eru staðsett, í þeim tilvikum sem það liggur fyrir, og á hvaða grundvelli kröfur Landsvirkjunar byggja. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna mannvirkjanna.

12.4.1. Hrauneyjafosslína

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Hrauneyjafossvirkjun í Rangárvallasýslu yfir í Gnúpverjahrepp við Sultartangavirkjun og þaðan þvert yfir Gnúpverjafrétt í stefnu norðan Háafoss í Fossá. Þaðan liggur svo línan allt vestur að Brennimeil í Hvalfirði. Línan er því staðsett að hluta í afrétti Grímsneshrepps, nánar tiltekið frá mörkum Laugardalsafréttar og Grímsnesafréttar fyrir norðan Sköflung og fyrir sunnan Langafell og þaðan í vestur yfir afrétt Grímsnesinga meðfram Skjaldbreið. Hrauneyjafosslína var reist á grundvelli heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 30. desember 1976. Var hún tekin í notkun á árinu 1982. Landsvirkjun og oddviti Grímsneshrepps undirrituðu þann 15. júní 1979, yfirlýsingu um bætur vegna lagningar línunnar yfir land Grímsnesafréttar. Hrauneyjafosslína hefur í kröfugerð Landsvirkjunar gengið undir því nafni en undir rekstri málsins einnig verið kölluð Sultartangalína 1.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Hrauneyjafosslínu á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 leyfi iðnaðarráðherra, sbr. bréf dags. 30. desember 1976, og bótasamningum við einstakar jarðir og hreppa í Árnessýslu. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.3. að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Þá fela bótageiðslur til handa Grímsneshreppi á grundvelli samningsins frá 22. júní 1979 ekki heldur í sér innlausn eða yfirfærslu á eignarréttindum til handa Landsvirkjun.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Hrauneyjafosslína og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.2. Sultartangalína 3

Hér er um að ræða fyrirhugaða háspennulínu Landsvirkjunar með áætlaða flutningsgetu upp á 400 kV spennu sem á að liggja samsíða Hrauneyjafosslínu frá Sultartangavirkjun að Brennimeil í Hvalfirði. Línan verður því staðsett að hluta í afrétti Grímsneshrepps, nánar tiltekið frá mörkum Laugardalsafréttar og Grímsnesafréttar fyrir norðan Sköflung og sunnan Langafells og þaðan í vestur yfir afrétt Grímsnesinga með fram Skjaldbreið. Sultartangalína 3 verður reist á grundvelli almennrar heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981, enn fremur á leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12. mars 1997. Væntanleg háspennulína Landsvirkjunar sem hér hefur verið fjallað um, er nefnd Sultartangalína 1 í kröfugerð fyrirtækisins en undir rekstri málsins var farið að nefna þessa háspennulínu Sultartangalínu 3.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Sultartangalínu 3 á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981 og einnig leyfi iðnaðarráðherra dags. 12. mars 1997. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Enn fremur er það utan valdsviðs óbyggðanefndar að ákvarða aðilum réttindi að landi vegna mannvirkja sem ekki hafa enn verið reist. Heimild til byggingar Sultartangalínu 3 er að finna í lagaheimildum og leyfi ráðherra sem eru svo almenns eðlis að ekki þykir fært að ákvarða sérstök réttindi á grundvelli þeirra þegar mannvirkin hafa ekki enn verið byggð. Styðst sú niðurstaða enn fremur við þá staðreynd að ekki hefur verið tilgreind nákvæm staðsetning orkulínunnar.

Samkvæmt framansögðu er Landsvirkjun því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sultartangalínu 3.

12.4.3. Mælistöðvar

Hér er um að ræða ótiltekinn fjölda mælistöðva sem Landsvirkjun hefur að sögn reist í Grímsneshreppi og er ætlað til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu á virkjunarsvæði fyrirtækisins. Landsvirkjun krefst þess að landsréttindi og umferðarréttindi sem þurfi til vegna reksturs mælistöð-

va fyrirtækisins verði viðurkennd. Umræddar kröfur Landsvirkjunar sýnast byggjast á þeim sérstöku lögum sem heimila Landsvirkjun byggingu og rekstur virkjana, orkuveitna og vatnsveitna, þ.e. lögum nr. 59/1965 og lögum nr. 42/1983 með áorðnum breytingum.

Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar hvers kyns mannvirkja í tengslum við starfsemi fyrirtækisins á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mælistöðva sem fyrirtækið hefur komið fyrir í tengslum við einstök virkjunarmannvirki sem fullnægjandi heimildir eru fyrir að lögum og njóti þá lögvarins réttar til nýtingar mælistöðvanna. Hins vegar er Landsvirkjun ekki eigandi þess lands sem mælistöðvarnar standa á.

Við rekstur máls þessa ber þess hins vegar að gæta að ekki hefur verið upplýst hverjar né hversu margar þær mælistöðvar eru sem um er að ræða né heldur hvar þær eru. Eru því ekki efni til þess af hálfu óbyggðanefndar að nein afstaða sé tekin til meintra eða mögulegra réttinda þeim tengdum.

12.4.4. Miðlun í Þingvallavatni og Kaldárhöfði

Krafan um vatnsmiðlun í Þingvallavatni kemur ekki hér til álita þar sem Þingvallavatn er utan þess svæðis sem er til meðferðar í máli þessu. Á sama hátt verður ekki fjallað um kröfuna vegna austurenda stíflu í landi Kaldárhöfða við útfallið í Efra-Sog þar sem það mannvirki stendur ekki í þjóðlendu.

13. ÚRSKURÐARORÐ¹

Land innan eftirfarandi landamerkjja er þjóðlenda:

Um línu sem dregin er úr Klakki í hæsta punkt Stóra-Björnsfells, þaðan í hæsta punkt Litla-Björnsfells og loks að mörkum við Borgarfjarðarsveit í stefnu á Hróðurkarla. Þaðan að vörðu við suðvesturhorn Þórisjökuls og í hábungu Þórisjökuls, að jökulrönd Geitlandsjökuls með stefnu á hábungu Geitlandsjökuls og loks með jökulröndinni að Klakki í Langjökli.

Land innan eftirfarandi merkja er þjóðlenda og jafnframt afréttur Grímsnes- og Grafningshrepps:

Frá Gjábackalandi á Hlíðarstíg, eftir Hlíðargjá inn á enda hennar fyrir innan Prestastíg, þaðan beina stefnu í hæsta hnúkinn á Gatfelli, og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörllum. Frá Hlíðarstíg beina stefnu yfir þúfuhól í Hrafnabjörg. Síðan liggja mörkin strandlengis með fjallabrúnum allt til norðausturenda Tindaskaga svo sem hér segir: eftir norðureggjum Hrafnabjarga, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatind sjónhendning í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eftir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs og svo kringum það norður fyrir með fram rótum þess, og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu á Leirárhöfða, þar til kemur að skurðarpunkti við framangreinda stefnulínu úr Gatfelli í vesturhornið á Hróðurkörllum.

¹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (kort).

Land innan eftirfarandi landamerkjia er þjóðlenda og jafnframt afréttur Grímsnes- og Grafningshrepps:

Frá hæsta hnúknum á Gatfelli, og þaðan beina stefnu í vesturhornið á Hróðurkörlum. Þar sem þessi línan sker mörk til norðvesturs, þ.e. frá suðvesturhorni Þórisjökuls, stefnu í ós Brunnavats þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu, er hornmark. Frá Klakki í hæsta punkt Stóra-Björnsfells, þaðan í hæsta punkt Litla-Björnsfells og loks að skurðarpunkti við framangreind mörk til norðvesturs, í stefnu á Hróðurkarla. Frá Klakki suður um Langafell í Sköflung og í stefnu á Skefilfjöll. Þar sem þessi lína sker línu í austurrótum fjallsins Skjaldbreiðs er hornmark. Þaðan kringum fjallið Skjaldbreið norður fyrir með fram rótum þess, og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu á Leirárhöfða, allt þar til kemur að skurðarpunkti við framangreinda línu úr Gatfelli í vestasta Hróðurkarl.

Land innan eftirfarandi landamerkjia er þjóðlenda og jafnframt afréttur Grímsnes- og Grafningshrepps:

Frá Stórueldborg í landsuðurshorn á Hrafnabjörgum, þaðan beint í útnorðurhorn sama fjalls; síðan í vörðu á Hlíðarstíg. Eftir norðureggjum Hrafnabjarga, úr skurðarpunkti við framangreinda línu í Hlíðarstíg, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatind sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eftir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess allt þar til kemur að mörkum við Laugardalsafrétt. Þaðan um línu sem dregin er úr Sköflungi í Skefilfjöll, í stefnu á Hrítafjöll, uns komið er að skurðarpunkti við línu sem dregin er úr Eldborgum og að skiptalínunni frá 1920 milli Kálfstinda og Skíflfjallahorns, í stefnu á háan hnúk á norðan- og austanverðri Hrossadalsbrún.

Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998 en á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að Hrauneyjafosslínu sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum og nýtur lögvarins réttar til nýtingar hennar.

Kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, ákvarðast sameiginlega 998.892 krónur er greiðist úr ríkissjóði, þar af þóknun lögmans sem ákvarðast 800.000 krónur og útlagður kostnaður 198.892 krónur, þegar endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Kostnaður Landsvirkjunar, þ.e. þóknun lögmans, ákvarðast 150.000 krónur er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar enda hefur óbyggðanefnd ekki fjallað um öll nærliggjandi landsvæði.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon


Ragnheiður Bragadóttir

14. FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Skjalaskrá


III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)



ÞJÓÐLENDULÍNA

Mál nr. 2/2000; Grímsnesafiréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafingshreppi.

- █ Þjóðlendulína
- █ Afriðtarlína ó
- Kröfulína jarð



- Aðalkröfulína ríkisins
 - Varakröfulína ríkisins
 - Kröfulína Landsvirkjunar
- Öbygðanefndar
 Bygðanefndar
 Deigenda

II. Skjalaskrá

Skjöl lögð fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Grímsneshreppi, dags. 18.6.1999.
- 2 „Göngur og réttir“ bls. 252-255, 268-271, 282-283 og 292-293.
- 3 „Árnesþing á landnáms- og söguöld“ eftir Einar Arnórsson, bls. 124-125, 164-167 og 172-173.
- 4 a-b Landakort með kröfulínum í mkv. 1:50 000. (2 blöð).
- 5 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, dags. 4.6.1999. Staðfesting á fresti til að skila kröfulýsingu.
- 6 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn., dags. 21.6.1999, fylgibréf m/ kröfulýsingu.
- 7 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, dags. 12.8.1999. Mótteknar kröfulýsingar til óbyggðanefndar og önnur gögn.
- 8 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, dags. 12.10.1999. Drög að kröfulínukorti óbyggðanefndar nr. 1.
- 9 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, dags. 4.11.1999. Tilkyning um að yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1 hafi verið birtar.
- 10 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn. dags. 15.9.1999. Svar við bréfi óbn. frá 12.8.1999.
- 11 Lýsing íslenska ríkisins á afréttarlöndum í Grímsneshreppi, dags. 18.6.1999.

Skjöl lögð fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. v/Kaldárhöfða:

- 12 Kröfulýsing, dags. 6.7.1999.
- 13 Skjalaskrá með kröfulýsingu óbyggðanefndar vegna jarðarinnar Kaldárhöfða.
- 14 Landamerkjabréf fyrir Kaldárhöfða, dags. 3.5.1884.
- 15 Makaskiptasamningur milli Grímsneshrepps og Þingv.kirkju, dags. 6.4.1897.
- 16 Veðbókarvottorð, dags. 1.7.1999.
- 17 „Árnesþing á landnáms- og söguöld“, bls. 124-125 og 164-167.
- 18 Ljósrit af korti yfir Lyngdalsheiði og nágrenni þar sem mörk Kaldárhöfða hafa verið teiknuð inn.
- 19 a-b Landakort í mkv. 1:50 000 á 2 blöðum.

Skjöl lögð fram af Sigurði Jónssyni hrl. v/Efri-Brúar og Brúarholts:

- 20 Kröfulýsing, dags. 6.6.1999.
- 21 Landamerkjabréf fyrir Efri-Brú, dags. 4.5.1887.
- 22 a-j Veðbókarvottorð fyrir Efri-Brú og Brúarholt, dags. 3.6.1999.
- 23 a-c Fasteignamatsvottorð fyrir Efri-Brú og Brúarholt.
- 24 Landakort í mkv. 1:50 000 með inndregnum kröfulínum.
- 25 Skrá yfir landamerkjapunkta.
- 26 Skiptagerð, dags. 10.7. 1995, v/ dánarbús Guðmundar Guðmundssonar.
- 27 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar hrl., dags. 12.10.1999. Drög að kröfulínukorti óbyggðanefndar af svæði nr. 1.
- 28 Bréf Landforms ehf. til Ólafs Björnssonar og Sig. Jónssonar, dags. 21.10.1999, v/ yfirllesturs á korti óbn.
- 29 Bréf Ólafs Björnssonar og Sigurðar Jónssonar til óbn. um drög að kröfulínukorti óbn, dags. 26.10.1999.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 30 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar hrl., dags. 21.6.1999, v/kröfulýsingar til óbyggðanefndar.
- 31 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar hrl., dags. 15.7.1999, staðfesting á kröfulýsingum.
- 32 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar hrl., dags. 4.11.1999. Yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 33 Bréf Páls Lýðssonar til óbn., dags. 23.6.1999, um heimildir sögu fjalljarða.
- 34 „The old Icelandic Land Registers“, titilblað og bls. 114-115.
- 35 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 36 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstólsjarðir í samantekt Páls Lýðssonar, bls. 23-25.
- 37 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 356-357.

Skjöl lögð fram af Sigurði Jónssyni hrl. v/Búrfells I, II og III:

- 38 Kröfulýsing, dags. 6.6.1999.
- 39 Landamerkjabréf fyrir Búrfell, dags. 20.10.1884.
- 40 a-f Veðbókarvottorð fyrir Búrfell I-III, dags. 7.6.1999.
- 41 Fasteignamatsvottorð fyrir Búrfell I-III.
- 42 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum.
- 43 Yfirlýsing um efni skiptasamnings um fasteignina Búrfell II, dags. 11.12.1976.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 44 „The old Icelandic Land Registers“, titilblað og bls. 114-115.
- 45 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 46 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstólsjarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
- 47 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 353-354.

Skjöl lögð fram af Sigurði Jónssyni hrl. v/Hæðarenda:

- 48 Kröfulýsing, dags. 6.6.1999.
- 49 Landamerkjabréf fyrir Hæðarenda, dags. 24.5.1885.
- 50 Veðbókarvottorð fyrir Hæðarenda, dags. 3.6.1999.
- 51 Fasteignamatsvottorð fyrir Hæðarenda.
- 52 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum.
- 53 Yfirlýsing, dags. 30.11.1988, um skipti á dánarbúi Marenar Eyvindsdóttur og Sigurfinns Guðmundssonar á milli barna þeirra.
- 54 Greinargerð frá ábúendum Hæðarenda með kröfulýsingu til óbn., dags. 4.6.1999.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 55 „The old Icelandic Land Registers“, titilblað og bls. 114-115.
- 56 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 57 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
- 58 Jarðabók Árna og Páls, titilblað og bls. 343-344.

Skjöl lögð fram af Sigurði Jónssyni hrl. v/Klausturhóla og Hallkelshóla I og II:

- 59 Kröfulýsing, dags. 6.6.1999.
- 60 Landamerkjabréf fyrir Klausturhóla, dags. 3.6.1890.
- 61 a-h Veðbókarvottorð fyrir Klausturhóla og Hallkelshóla I og II, dags. 3.6.1999.
- 62 Fasteignamatsvottorð fyrir Klausturhóla.

- 63 a-c Landakort í mkv. 1:50 000 með inndregnum kröfulinum (3 blöð).
 64 Afsal Ara Þorleifssonar á jörðinni Klausturhólum til Grímsneshrepps, dags. 4.9.1986.
 65 a-b Afsal Grímsneshrepps á jörðinni Klausturhólum til Þorleifar Gunnarsdóttur, dags. 9.5.1992.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 66 „The old Icelandic Land Registers“, titilblað og bls. 114-115.
 67 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 68 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar, bls. 23-25.
 69 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og 342-343.

Skjöl lögð fram af Sigurði Jónssyni hrl. v/Bjarkar:

- 70 Kröfulýsing, dags. 6.6.1999.
 71 Landamerkjabréf fyrir jörðinni Björk, dags. 1.6.1886.
 72 Veðbókarvottorð fyrir spildu úr jörðinni Björk, dags. 3.6.1999.
 73 Fasteignamatsvottorð fyrir Björk.
 74 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum.
 75 Afsal Reynis Tómassonar til Tryggva Tómassonar á 1/2 jörðinni Björk, Grímsnesi, dags. 14.4.1955.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 76 „The old Icelandic Land Registers“, titilblað og 114-115.
 77 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 78 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
 79 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 340.

Skjöl lögð fram af Sigurði Jónssyni hrl. v/Þóroddsstaða:

- 80 Kröfulýsing, dags. 6.6.1999.
 81 Landamerkjabréf fyrir Þóroddsstaði, dags. 15.5.1885.
 82 a-b Veðbókarvottorð fyrir Þóroddsstaði, dags. 3.6.1999.
 83 Fasteignamatsvottorð fyrir Þóroddsstaði.
 84 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum
 85 Afsal Teits Eyjólfssonar til Þorkels Bjarnasonar á jörðinni Þóroddsstaðir í Grímsneshreppi, dags. 15.11.1953.
 86 Kaupsamningur Þorkels Bjarnasonar við Bjarna Þorkelsson og Margréti Hafliðadóttur, um kaup á jörðinni Þóroddsstöðum í Grímsnesi, dags. 5.11.1998.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 87 „The old Icelandic Land Registers“, titilblað og bls. 114-115.
 88 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 89 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar, bls 23-25.
 90 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 326 og 327.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. v/Neðra-Apavatns:

- 91 Kröfulýsing, dags. 6.6.1999.
 92 Landamerkjabréf fyrir Neðra-Apavatn, dags. 2.6.1890.
 93 Veðbókarvottorð fyrir Neðra-Apavatn, dags. 31.5.1999.
 94 Fasteignamatsvottorð fyrir Neðra-Apavatn.

- 95 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum.
 96 Leyfi fyrir Ingibjörgu Ebbu Magnúsdóttur til að sitja í óskiptu búi á Neðra-Apavatni, útg. 4.12.1978.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 97 „The old Icelandic Land Registers“, titilblað og bls. 114-115.
 98 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 99 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
 100 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 325-326.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. v/afréttarlands Grímsnesinga:

- 101 Kröfulýsing, dags. 4.7.1999.
 102 Landamerkjaskrá fyrir Grímsnesafrétt, dags. 2.5.1979.
 103 Kaupsamningur milli Böðvars Magnússonar, Laugarvatni og hreppsnefndar Grímsneshrepps, vegna hluta Laugarv.jarðar dags. 28.8.1917 og 17.11.1917.
 104 Makaskiptasamningur vegna lands Þingvallakirkju annars vegar, og Grímsneshrepps hins vegar, dags. 7.9.1896.
 105 a-d Skrá yfir lögbýli í Grímsneshreppi frá Tækni- og kerfissviði Fasteignamats rík., dags. 5.7.1999.
 106 a-c Landakort í mkv. 1:50000 með inndregnum kröfulinum (3 blöð), dags. 7.7.1999.
 107 Skrá yfir kennitölur eigenda jarða í uppsveitum Árnessýslu, frá Lögmönnum Suðurlandi, dags. 26.7.1999.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. vegna Landsvirkjunar:

- 108 Kröfulýsing Landsvirkjunar, dags. 24.6.1999.
 109 [1] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1.7.1965.
 110 [2] Sameignarsamningur milli Ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dags. 27.2.1981.
 111 [3] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um breytingu á sameignarsamningi um Landsvirkjun, dags. 28.10.1996.
 112 [4] Eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, vegna virkjunar Þjorsár við Búrfell.
 113 [5] Heimild atvinnumálaráðherra, dags. 23.2.1968, til virkjunar Þjorsár við Búrfell.
 114 [6] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.
 115 [7] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.
 116 [8] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.
 117 [9] Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.13.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.
 118 [10] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 1.7.1981, til að kaupa þriðju aflvél og stækka Hrauneyjafossvirkjun í 210 MW afl.
 119 [11] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.1.1982, til byggingar Sultartangastíflu.
 120 [12] Ályktun Alþingis 6.5.1982 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.
 121 [13] Auglýsing menntamálaráðherra, dags. 10.11.1987, um friðland í Þjorsárverum.
 122 [14] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til 1) stækkunar Búrfellsvirkjunar í allt að 310 MW afl ásamt tilheyrandi flutningslínunum og aðveitustöðvum, 2) hækkunar stíflna og

- gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúkningar 5. áfanga Kvíslaveitu.
- 123 [15] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuveitum.
- 124 [16] Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, samkvæmt lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur, til að reisa virkjun samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999, og annarra framkvæmda af því tilefni á svonefndum Holtamannafrétti.
- 125 [17] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli ásamt aðalorkuveitum.
- 126 [18] Bréf atvinnuáráðuneytis, dags. 20.6.1955, til stjórnar Sogsvirkjunar um miðlun í Þingvallavatni og virkjun Efra-Sogs.
- 127 [19] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 29.5.1997.
- 128 [20] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna umhverfisbreytinga vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 16.5.1986.
- 129 [21] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 22. júní 1979. Ársæll Jónasson eigandi jarðarinnar Tortu í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 130 [22] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Björn Sigurðsson eigandi jarðarinnar Úthlíð í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 131 [23] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Gísli Einarsson, Kjarnholtum, oddviti Biskupstungnahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 132 [24] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Haukur Þórðarson, eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 133 [25] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Kristbergur Jónsson, ábúandi jarðarinnar Laugar (ríkiseign) í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 134 [26] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 13.6.1979. Sigurður Greipsson, forsvarsmaður jarðanna Haukadalur II og Bryggja í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 135 [27] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Steinar Þórðarson eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 136 [28] Bréf hreppsnefndar Biskupstungnahrepps, dags. 23.6.1979, varðandi fyrirhugaða byggingu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Grundartanga.
- 137 [29] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Ásmundur Eiríksson, Ásgarði, oddviti Grímsneshrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 138 [30] Fundargerð hreppsnefndar Grímsneshrepps 18.1.1979, vegna fyrirhugaðrar línulagningar frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 139 [31] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 18.6.1979. Steinþór Ingvarsson, Þrándarlundi, oddviti Gnúpverjahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 140 [32] Bréf hreppsnefndar Gnúpverjahrepps, dags. 21.1.1979, um háspennulínulögn frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel í Hvalfirði.
- 141 [33] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Daníel Guðmundsson, Efra-Seli, oddviti Hrunamannahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 142 [34] Bréf hreppsnefndar Hrunamannahrepps, dags. 23.1.1978, um fyrirhugaða raflínulögn frá Hrauneyjafossi að Brennimel.
- 143 [35] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Þórir Þorgeirsson, Laugarvatni, oddviti Laugardalshrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.

- 144 [36] Bréf hreppsnefndar Laugardalshrepps, dags. 29.1.1979, um nýja háspennulínu frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel á Hvalfjarðarströnd.
- 145 [37] Yfirlýsing v/ lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ingólfur Guðmundsson, Miðfelli, oddviti Þingvallahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 146 [38] Bréf hreppsnefndar Þingvallahrepps, dags. 21.2.1979, um lagningu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 147 [39] Bréf Landsvirkjunar, dags. 29.10.1990 varðandi greiðslur vegna lagningar Hrauneyjafosslínu til Grímsnes-, Gnúpverja- og Hrunamannahrepps.
- 148 [40] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 24.7.1991, um leyfi til að reisa og reka 220 kV Búrfellslínu 3A.
- 149 [41] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 7.8.1997, þar sem staðfest er leyfi fyrir Búrfellslínu 3A til flutnings raforku með 400 kV spennu.
- 150 [42] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 151 [43] Staðfesting á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu hins vegar, varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981. Staðfestingin er dags. 24.7.1981.
- 152 [44] Um eignarrétt að miðlunarlónum. Greinargerð prófessors Sigurðar Línal, dags. 22.6.1987.
- 153 [45] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, um veiðirétt í miðlunarlónum, dags. 8.7.1987.
- 154 [46] Bréf Landsvirkjunar til Veiðifélags Holtamannaafreftar, dags. 31.1.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 155 [47] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, dags. 3. 2.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 156 [48] Fundargerð fundar sem haldinn var 2.6.1992, Landsvirkjunar og fulltrúa Ásahrepps, Djúpárhrepps, Holtamannahrepps og Landmannahrepps, um fiskveiði á Holta- og Landmannaafrefti, dags. 22.6.1992.
- 157 [49] Þjósárvirkjanir, mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjósársar niður fyrir Búrfell, dags. í október 1980.
- 158 [50] Ekkert skjal ber þetta númer
- 159 [51] Kort 1 - Skjaldbreiður 1:50 000.
- 160 [52] Kort 2 - Hengill 1:50 000
- 161 [53] Kort 3 - Haukadalur 1:50 000.
- 162 [54] Kort 4 - Geldingafell 1:50 000.
- 163 [55] Kort 5 - Þjósárdalur 1:50 000.
- 164 [56] Kort 6 - Nyrðri-Háganga 1:50 000.
- 165 [57] Kort 7 - Gnúpverjahreppur. Aðalskipulag 1993-2013. 1:50 000.
- 166 Bréf óbn. um drög að kröfulínukorti, dags. 12.10.1999.
- 167 Bréf Landsvirkjunar um drög að kröfulínukorti, dags. 19.10.1999.
- 168 Bréf óbn. til Landsvirkjunar um yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfuvirki á svæði 1, dags. 4.11.1999.
- 169 Bréf Landsvirkjunar til óbn. um athugasemdir v/ kröfulýsingu, dags. 30.12.1999.
- 170 Efri-Þjósá - Samanburður virkjunarkosta útg. í desember 1992.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.

- 171 Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins.
172 Kort sem sýnir varakröfulínu ríkisins.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.

- 173 Greinargerð eigna afrettarlands í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.

- 174 Greinargerð Landsvirkjunar.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 175 1-3 Umfjöllun um Grímsneshrepp í „ÍSLEIF“, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf., ásamt 3 fylgiskjölum (bréf Fornleifastofnunar ehf., dags. 27.3.1999, heimildaskrá, kort).
- 176, 1-20 Bréf Héraðsskjalasafns Árnesinga, dags. 5.6.2000, ásamt fylgiskjölum sem tilgreind eru í bréfinu nr. 1, 3, 4, 6, 9, 11, 13, 14, 15, auk nr. 16, 19, (bls. 17) og 20 (bls. 75-76).
- 177 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðatali á Íslandi gefnu út af J. Johnsen, dags. 5.6.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum 1, (bls.70-72) 2, (82-83).
- 178 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 5.6.2000, ásamt tilgreindu fylgiskjali 1.
- 179 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, útdráttum Gunnars F. Guðmundssonar, dags. 7.6.2000.
- 180 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Lovsamling for Island og Stjórnartíðindum frá 1874-1918, dags. 20.6.2000.
- 181 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Alþingisbókum Íslands, dags. 29.5.2000, ásamt tilgreindu fylgiskjali 1.
- 182 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um leit í Landsyfírréttar- og Hæstaréttardómum, dags. 29.6.2000.
- 183 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings, um máldaga og heimildargildi þeirra, dags. 9.6. 2000.
- 184 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings, um heimildar-gildi Landnámu, dags. 9.6.2000.
- 185 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Íslensku fornbréfasafni, dags. 29.5.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum 1-7.
- 186 Bréf umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Selfossi, dags. 6.7.1999, ásamt fylgiskjölum. (1-10)
- 187 Bréf byggingarfulltrúa á Laugarvatni, dags. 8.5.1999, um skála á afrettarlöndum Grímsnes- og Grafningshrepps, Þingvallahrepps, Laugardalshrepps, Biskupstungnahrepps, Hrunamannahrepps, Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í árslok 1998.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 188 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns til óbyggðanefndar, dags. 30.6.2000, varðandi Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar.
- 189 Ljósrit úr Gjörðabók fasteignamatsnefndar Árnessýslu 1916-1918, bls. 157-158, 161-167, 169 og 176.
- 190 a-c Skilabréf Þjóðskjalasafns (a) dags. 7.11.2001, sbr. minnisblað frá Þjóðskjalasafni

- Íslands (b), mótt. 11.7.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum 1-10 og uppskriftum og bréfi Jóns Torfasonar til óbyggðanefndar, dags. 11.7.2000.
- 191 Umfjöllun Ingva Þorsteinssonar, náttúrufræðings, um gróðurfar á kröfusvæði ríkisins í Grímsnesafrétti.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.

- 192 Leiðrétt kröfulínukort ríkisins (teiknað á hluta af kröfulínukorti óbn.).
- 193 Leiðrétt kröfulínukort ríkisins (teiknað á hluta af kröfulínukorti landeiganda).
- 194 Gögn frá Ólafi Sigurgeirssyni, ljósrit úr Íslensku fornbréfasafni III. bindi bls. 343, IV. bindi bls. 91, VII. bindi bls. 324-325. Alþingisbækur Ísl. VII. bindi, bls. 153-154.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.

- 195 Fundargerð fundar hreppsnefnda Grímsness- og Laugardalshreppa 12.5.1920 þar sem m.a. er samþykkt að skipta afrétti með tilteknum hætti. Landamerkjabók Árnessýslu nr. 337.
- 196 Bréf frá Skipulagsstofnun til Grímsnes- og Grafningshrepps, varðandi deiliskipulag fjallaskála v/ Tjaldafell, dags. 28.7.2000.
- 197 Kvittun frá oddvita Grímsneshrepps til Landsvirkjunar, v/greiðslu 36 turna, dags. 2.7.1979.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 198 Minnisblað um gagnaöflun óbyggðanefndar hjá Sýslumanninum á Selfossi, dags. 10.10.2001.
- 199 Minnisblað óbyggðanefndar um upplýsingaleit í 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 30.8.2001.
- 200 Minnisblað óbyggðanefndar um athugun á bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, dags. 23.1.2001.
- 201 Ljósrit úr Landnámbók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík 1986, bls. 384-389.
- 202 Fasteignamat jarða í Grímsneshreppi 1922.
- 203 Fasteignamat jarða í Grímsneshreppi 1932.
- 204 Fasteignamat jarða í Grímsneshreppi 1938.
- 205 Fasteignamat jarða í Grímsneshreppi 1957.
- 206 Ný jarðabók fyrir Ísland (Grímsneshreppur).
- 207 Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Khöfn 1847. (Grímsneshreppur)
- 208 Jarðamat 1804 (Grímsneshreppur).
- 209 Jarðamat 1849-1850 (Grímsneshreppur).
- 210 Bréf óbn. til Lögmanna Suðurlandi varðandi vesturmörk svæðis nr. 1 hjá óbyggðanefnd, dags. 7.4.2000.
- 211 Landamerki Þingvalla með hjáleigunum Arnarfelli, Skógarkoti, Hrauntúni og Svartagili, dags. 1.9.1886.
- 212 Máldagi Gísla biskups Jónssonar um Þingvallakirkju frá um 1570. Íslenskt fornbréfasafn 15.b. Reykjavík 1949.
- 213 Bréf Jóns Torfasonar til óbyggðanefndar ásamt fylgiskjölum varðandi heimildir um Þingvallaafrétt, dags. 7.6.2000.
- 214 Þinglýsing á makaskiptum um Skjaldbreið og jörðina Kaldárhöfða milli Þingvallakirkju og Grímsneshrepps, dags. 16.6.1897.
- 215 Bréf Þjóðskjalasafns Íslands til óbyggðanefndar varðandi þinglestur á landmerkjum Kaldárhöfða ásamt fylgiskjölum, dags. 11.9.2001.

- 216 Minnisblað óbyggðanefndar um heimildaleit í ráðuneytum, dags. 5.7.2001.
- 217 Landamerkjabréf jarðarinnar Gjábakka í Þingvallasveit, dags. 10.5.1890.
- 218 Landamerki jarðarinnar Miðfells í Þingvallahreppi, dags. 7.9.1883.
- 219 a-i Ljósrit úr veðbókarregistri fyrir jarðir í Grímsnesi.
- 220 Skiptasamningur milli Páls Diðrikssonar og Halldórs Diðrikssonar um jörðina Búrfell 1, dags. 30.10.1938.
- 221 Landamerkjabréf jarðarinnar Laugarvatn, dags. 12.5.1890.
- 222 Veðbókarvottorð fyrir spildu úr afréttarlandi Laugarvatns, dags. 12.4.1999.
- 223 Ljósrit úr veðbókarregistri fyrir Laugarvatn.
- 224 Veðbókarvottorð fyrir Laugarvatn að undanskilinni spildu úr afrétti, dags.
- 225 Ljósrit úr veðbókarregistri fyrir Þingvelli.
- 226 Bréf Þjóðskjalasafns Íslands til óbn. ásamt ljósrítum sem varða skiptingu Grímsnes-hrepps í Grímsnes- og Laugardalshreppa, dags. 14.8.2001.
- 227 Simskeyti Stjórnarráðsins til allra sýslumanna landsins varðandi vatnsréttindi, dags. 3.4.1918.
- 228 Minnisblað óbn. um yfirlit yfir frumgögn sem könnuð hafa verið vegna máls nr. 2/2000, dags. 19.11.2001.
- 229 Bréf Héraðsskjalasafns Árnesinga varðandi staðfest afrit skjala, dags. 21.11.2001.
- 230 Sérkort óbyggðanefndar: Grímsneshreppur (Lýstar kröfur á svæði nr. 1), dags. 29.10.1999. Mælikvarði 1:100 000.
- 231 a-h Fundargerðir í máli nr. 2/2000 hjá óbyggðanefnd (5 fyrirtökur, aðalmeðferð, endurupp-taka og lokafyrirtaka).
- 232 a-c Bréf óbyggðanefndar til lögmanna aðila, dags. 19.11.2001. Tilkynning um endurupp-töku, spurningar til lögmanna og skrá yfir breytingar á skjalamálum.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.:

- 233 Minnisblað Sigurðar Jónssonar hrl. til óbn. varðandi svör við spurningum við endur-
upptöku, dags. 26.11.2001.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 234 Kort með breytingum á þjóðlendulínu íslenska ríkisins. Dags. 26.11.2001.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 235 Kaupsamningur Böðvars Magnússonar og Grímsneshrepps um landspildu af Laugar-
vatnslandi, dags. 17.11.1917.
- 236 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Laugarvatn. Dags.
29.10.2001.
- 237 Veðbókarvottorð fyrir jörðina Laugarvatn að undanskilinni spildu úr afrétti.
- 238 Kaupsamningur um nýbýlið Reyðarmúla milli Böðvars Magnússonar og Símonar
Símonarsonar. Dags. 19.7.1919.
- 239 Bréf Tryggva Gunnarssonar til hreppsnefndar Laugardalshrepps, dags. 20.9.1995 varð-
andi fjallskil vegna jarðarinnar Laugarvatns.
- 240 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Alþingisbókum Ís-
lands, dags. 29.5.2000, ásamt ljósríti af bls. 251-253 úr I. bindi og bls.153-154 úr VII.
bindi.
- 241 Landamerkjaskrá fyrir Laugarvatn, dags. 12.5.1890.
- 242 Vitnisburður um landamerki Laugarvatns frá 1618.
- 243 Greinargerð fjallskilaneftar Laugardalshrepps vegna bréfs Tryggva Gunnarssonar til

-
- hreppsnefndar Laugardalshrepps, varðandi fjallskil Laugarvatnsjarðarinnar, dags. 9.11.1995.
- 244 Landamerkjabréf jarðarinnar Hraunkots, dags. 2.6.1885.
- 245 Landamerkjabréf jarðarinnar Miðengi, dags. 24.5.1885.
- 246 Landamerkjabréf jarðarinnar Minna-Mosfells, dags. 25.5.1887.
- 247 Landamerkjabréf jarðarinnar Stóra-Mosfells, dags. 26.5.1887.
- 248 Örnefnalýsing fyrir Hæðarenda, frá apríl 1971.
- 249 Hæðarendi. Jarðabréf frá 16. og 17. öld bls. 13 og 139.
- 250 Hæðarendi. Alþingisbækur Ísl. VI. bls. 464-465.
- 251 Hæðarendi. Úr Íslensku fornbréfasafni 12. bindi, bls. 532-535.
- 252 Bréf prestsins á Þingvöllum til konungs um heimild að selja hluta af afrétti Þingvallakirkju í makaskiptum fyrir jörðina Kaldárhöfða, dags. 6.9.1895.
- 253 Úr hreppabók Grímsneshrepps 1896-1897.
- 254 Bréf héraðsfundar Grímsneshrepps til prestsins á Þingvöllum um kaup á hluta á afréttarlandi Þingvallakirkju í makaskiptum fyrir jörðina Kaldárhöfða, dags. 10.9.1895.
- 255 Úr vísitásiu Jóns biskups Árnasonar af Þingvöllum 24.7.1728.
- 256 Úr vísitásiu Þórðar biskups Þorlákssonar á Þingvöllum 15.8.1677.
- 257 Dómur Hæstaréttar um greiðslu útsvars af afrétti Grímsneshrepps, 31.5.1926.
- 258 (a-e) Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. um Sigöldulínu 1-3 og Sultartangalínu 1, dags. 24.1.2002. Tölvupóstur, dags. 24.1.2002, 28.1.2002, 5.2.2002, 11.2.2002 milli óbyggðanefndar og Þórðar Bogasonar hdl. um þetta efni.
- 259 Yfirlýsing Ásmundar Einarssonar dags. 26. maí 1975 um landamerki á Grímsnesafrétti.

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)

Björk	Tryggvi Tómasson
Brúarholt	Böðvar Guðmundsson
Búrfell 1	Guðrún Ásgerður Halldórsdóttir
Búrfell 1	Ólöf Erla Halldórsdóttir
Búrfell 2	Böðvar Pálsson
Efri-Brú	Böðvar Guðmundsson
Hallkelshólar 1	Rannveig Björg Albertsdóttir
Hallkelshólar 2	Gísli Hendriksson
Hæðarendi	Guðmundur Sigurfinnsson
Hæðarendi	Birgir Sigurfinnsson
Kaldárhöfði	Ríkisbókhald
Klausturhólar	Þórleif Gunnarsdóttir
Klausturhólar	Guðmundur Jóhannesson
Neðra-Apavatn	Ingibjörg Ebba Magnúsdóttir
Þóroddsstaðir	Bjarni Þorkelsson
Þóroddsstaðir	Margrét Hafliðadóttir

IV. Aðilaskrá (afréttur)¹

Arnarbæli 1	Ingibjörg Magnúsdóttir
Arnarbæli 1	Grétar Ottó Róbertsson
Arnarbæli 2	Árni Guðmundsson
Ártangi	Gunnar Þorgeirsson
Ásgarður	Búgarður ehf.
Ásgarður land	Grímsnes- og Grafningshreppur
Básar	Sigurður Gunnarsson
Bíldsfell	Guðmundur Þorvaldsson
Bíldsfell	Árni Þorvaldsson
Bíldsfell 1	Sigurður Jónsson
Bíldsfell 2	Sigurður Guðmundsson
Bíldsfell 3	Þóra Guðmundsdóttir
Bíldsfell 4	Kiddy Amry El Kholy
Bíldsfell 4	Lene Sivertsen
Bíldsfell 5	Þórdís Todda Guðmundsdóttir
Bíldsfell 6	Grétar B. Grímsson
Bjarnastaðir	Sigurður Gunnarsson
Bjarnastaðir	Ása Gunnarsdóttir
Bjarnastaðir	Ólafur Einarsson
Björk	Tryggvi Tómasson
Brjánsstaðir	Sveinn Hjartarson

¹ Sjá kafla 3.10.

Brúarholt	Böðvar Guðmundsson
Búrfell 1	Guðrún Ásgerður Halldórsdóttir
Búrfell 1	Ólöf Erla Halldórsdóttir
Búrfell 2	Böðvar Pálsson
Búrfell 3	Böðvar Pálsson
Efri-Brú	Böðvar Guðmundsson
Eyvík	Kolbeinn Reynisson
Eyvík	Guðrún Bergmann Vilhjálmsdóttir
Eyvík II	Sigrún Reynisdóttir
Foss	Guðrún Claessen
Gíslastaðir	Gunnlaugur Þór Pálsson
Gíslastaðir	Gunnlaugur Pálmi Steindórsson
Gíslastaðir	Gunnlaugur J. Briem
Gíslastaðir	Málfríður Jónsdóttir
Gíslastaðir	Soffia S. Briem
Gíslastaðir	Sveinn Skúlason
Gíslastaðir	Gunnlaugur Skúlason
Gíslastaðir	Páll Skúlason
Gíslastaðir	Sigurður Ingason
Gíslastaðir	Gunnlaugur Jón Ingason
Gíslastaðir	Soffia Ingadóttir
Gíslastaðir	Sigurjón Ágúst Ingason
Gíslastaðir	Jórunn Sörensen
Gíslastaðir	Guðrún S. Jónsdóttir
Gíslastaðir	Halldór Ólafur Jónsson
Gíslastaðir	Bryndís Jónsdóttir
Gíslastaðir	Robert Kaatee
Gíslastaðir	Theódór Skúli Halldórsson
Gíslastaðir	Guðmundur V. Karlsson
Gíslastaðir	Eiríkur Karlsson
Gíslastaðir	Gunnar Þorsteinsson
Gíslastaðir, land	Robert Kaatee
Grímkelsstaðir	Egill Guðmundsson
Göltur	Gunnlaugur Guðmundsson
Hagavík	Tómas Helgason
Hagavík	Ragnhildur Helgadóttir
Hagavík	Bjarni Helgason
Hagi 1	Kristrún Kjartansdóttir
Hagi 2	Kristrún Kjartansdóttir
Hallkelshólar 1	Rannveig Björg Albertsdóttir
Hallkelshólar 2	Gísli Hendriksson
Hamrar 1	Eiríkur Guðmundsson
Hamrar 1	Gyða Sigurðardóttir
Hamrar 2	Gunnar Jóhannesson
Hestur	Gunnlaugur Þór Pálsson
Hestur	Gunnlaugur Pálmi Steindórsson
Hestur	Gunnlaugur J. Briem
Hestur	Málfríður Jónsdóttir

Hestur	Soffía S. Briem
Hestur	Sveinn Skúlason
Hestur	Gunnlaugur Skúlason
Hestur	Páll Skúlason
Hestur	Sigurður Ingason
Hestur	Gunnlaugur Jón Ingason
Hestur	Soffía Ingadóttir
Hestur	Sigurjón Ágúst Ingason
Hestur	Jórunn Sörensen
Hestur	Guðrún S. Jónsdóttir
Hestur	Halldór Ólafur Jónsson
Hestur	Bryndís Jónsdóttir
Hestur	Robert Kaatee
Hestur	Guðmundur V. Karlsson
Hestur	Theódór Skúli Halldórsson
Hestur	Gunnar Þorsteinsson
Hestur	Eiríkur Karlsson
Hlið	Sigurður Þorvaldsson
Hraunkot	Sjómannadagsráð Rvíkur/Hafnarfj
Hæðarendi	Guðmundur Sigurfinnsson
Hæðarendi	Birgir Sigurfinnsson
Kaldárhöfði	Ríkisbókhald
Kiðjaberg	Meistarafélag húsasmiða
Kiðjaberg	Robert Kaatee
Klausturhólar	Þórleif Gunnarsdóttir
Klausturhólar	Guðmundur Jóhannesson
Kringla 1	Halldór Steingrímsson
Kringla 2	Jón H. Bjarnason
Krókur	Egill Guðmundsson
Krókur	Áslaug F. Guðmundsdóttir
Krókur	Jóhannes Guðmundsson
Krókur	Jóhanna Guðmundsdóttir
Krókur	Sæunn Guðmundsdóttir
Krókur	Elfa Guðmundsdóttir
Krókur	Erlingur Guðmundsson
Krókur	Jóhannes Jóhannsson
Krókur	Kristín B. Hallbjörnsdóttir
Krókur	Guðmundur V. Hallbjörnsson
Krókur	Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Litli-Háls	Grímsnes- og Grafningshreppur
Miðengi	Valgerður Kristinsdóttir
Miðengi	Gústav Adolf Guðnason
Minna-Mosfell	Gunnar Sigurðsson
Minni-Borg	Hólmar Bragi Pálsson
Minni-Bær	Hjörtur Jónsson
Mosfell	Ríkisfjárhirsla
Mosfell	Ríkisfjárhirsla
Mýrarkot	Böðvar Guðmundsson

Mýrarkot	Sjómannadagsráð Rvíkur/Hafnarfj.
Mýrarkot	Guðjón Hermannsson
Neðra-Apavatn	Ingibjörg Ebba Magnúsdóttir
Nesjar	Ásta G. Pétursdóttir
Nesjvellir	Orkuveita Reykjavíkur
Norðurkot	Ástríður Ólafsdóttir
Norðurkot	Runólfur Oddsson
Ormsstaðir	Tómas J. Brandsson
Reykjalundur	Valfríður Gísladóttir
Reykjanes	Guðmundur Óli Ólafsson
Reykjanes	Willy Petersen
Reykjanes	Sigurður Ingi Bjarnason
Reykjanes	Elín Jóhanna Elíasdóttir
Reykjanes	Guðmundur Ingi Leifsson
Sandey Þingvallavatni	Ríkisfjárhirsla
Sel 1	Þórunn Árnadóttir
Sel 2	†Sveinn Kjartansson
Snæfoksstaðir	Skógræktarfélag Árnésinga
Sólheimar	Sólheimar í Grímsnesi
Stóra-Borg	Ólafur Sigurjónsson
Stóra-Borg	Jórunn Erla Sigurjónsdóttir
Stóra-Borg	Halldór Ingi Sigurjónsson
Stóra-Borg	Pálmar Karl Sigurjónsson
Stóra-Borg	Sigurjón S. Sigurjónsson
Stóra-Borg	Þröstur Sigurjónsson
Stóra-Borg	Björn Ingvar Björnsson
Stóri-Háls	Ársæll Hannesson
Stóri-Háls	Ársæll Hannesson
Stærri-Bær 2	Gunnar Ágústsson
Stærri-Bær I	Ágúst Gunnarsson
Stærri-Bær I	Sigríður Jósefsdóttir
Stærri-Bær I	Markús Jósefsson
Stærri-Bær I	Anna Margrét Sigurðardóttir
Suðurkot	Ólafur Tryggvason
Svínavatn	Ólafur Jónsson
Svínavatn	Jón Ingileifsson
Syðri-Brú	Guðmundur S. Ottesen
Torfastaðir 1	Grímsnes- og Grafningshreppur
Torfastaðir 2	Grímsnes- og Grafningshreppur
Úlfjótuvatn	Orkuveita Reykjavíkur
Vaðnes	Kjartan Pálsson
Vatnsholt	Ingþór Guðmundur Haraldsson
Vatnsnes	Þorsteinn Magnússon
Villingavatn	Sigurður Hannesson
Þórisstaðir 1	Sigurdís Sigurðardóttir
Þórisstaðir 2	Svanhildur Eiríksdóttir
Þórisstaðir 2, land	Jón H Bjarnason
Þórisstaðir 2, land	Elsa Jónsdóttir

Þóroddsstaðir	Bjarni Þorkelsson
Þóroddsstaðir	Margrét Hafliðadóttir
Ölfusvatn norðurhluti	Ragnheiður Brynjólfsdóttir
Ölfusvatn suðurhluti	Orkuveita Reykjavíkur
Öndverðarnes 1	Múrarafélag Reykjavíkur
Öndverðarnes 1	Múrarmeistarafélag Reykjavíkur
Öndverðarnes 2	Alviðra, félag

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 3/2000
Laugardalsafréttur og
efstu jarðir í Laugardalshreppi



21. mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	241
2. MÁLSMEÐFERÐ	241
2.1. Norðanverð Árnassýsla tekin til meðferðar	242
2.2. Lýstar kröfur og kynning	243
2.3. Afmörkun máls nr. 3/2000	243
2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð	244
3. KRÖFUGERÐ	244
3.1. Kröfur íslenska ríkisins	244
3.1.1. Þjóðlenda	245
3.1.2. Miðdalskot og Ketilvellir	245
3.2. Kröfur Laugardalshrepps o.fl. um frávisun, sáttatillögu o.fl.	246
3.3. Krafa þinglýstra eigenda Efra-Apavatns I og II vegna lands innan landamerkja .	246
3.4. Krafa þinglýstra eigenda Efstadals I og II vegna lands innan landamerkja	246
3.5. Krafa þinglýstra eigenda Eyvindartungu vegna lands innan landamerkja	246
3.6. Krafa þinglýstra eigenda Grafar og Lækjarhvamms vegna lands innan landamerkja	247
3.7. Krafa þinglýstra eigenda Hjálmsstaða I og II vegna lands innan landamerkja ...	247
3.8. Krafa þinglýstra eigenda Laugardalshóla og Hólabrekku vegna lands innan landamerkja	247
3.9. Krafa þinglýstra eigenda Miðdals vegna lands innan landamerkja	247
3.10. Krafa þinglýstra eigenda Snorrastaða vegna lands innan landamerkja	248
3.11. Krafa eigenda lögbýla í Laugardalshreppi vegna Laugardalsafiréttar	248
3.12. Krafa Landsvirkjunar	249
4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN	250
4.1. Almennt	250
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	250
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	251
4.4. Vettvangsferð	253
4.5. Skýrslutökur	254
5. STADHÆTTIR OG GRÓÐURFAR	256
5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður	256
5.2. Áætlað gróðurfar um landnám og síðari þróun þess	256
5.3. Núverandi gróðurfar	257
5.4. Náttúruminjar	257
6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR	257
6.1. Landnám	258
6.2. Efra-Apavatn	258
6.3. Efstidalur	259
6.4. Eyvindartunga	260
6.5. Gröf	261

6.6.	Hjálmstaðir	263
6.7.	Laugardalshólar og Hólabrekka	264
6.8.	Laugarvatn	265
6.9.	Miðdalur, Miðdalskot og Ketilvellir	269
6.10.	Snorrastaðir	270
6.11.	Laugardalsafréttur	271
7.	SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS	274
7.1.	Almenn atriði	274
7.2.	Efstidalur I-II	281
7.3.	Hjálmstaðir I-II	282
7.4.	Ketilvellir	282
7.5.	Laugardalshólar og Hólabrekka	284
7.6.	Laugarvatn	284
7.7.	Miðdalskot	284
7.8.	Miðdalur	285
7.9.	Snorrastaðir	285
7.10.	Laugardalsafréttur	285
8.	SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.	286
8.1.	Kröfur um sáttatillögu, frávísun o.fl.	286
8.2.	Almenn atriði varðandi eignarréttarkröfur	288
8.3.	Efra-Apavatn	292
8.4.	Efstidalur	293
8.5.	Eyvindartunga	293
8.6.	Gröf og Lækjarhvammur	293
8.7.	Hjálmstaðir I og II	293
8.8.	Laugardalshólar og Hólabrekka	293
8.9.	Miðdalur	293
8.10.	Snorrastaðir	293
8.11.	Laugardalsafréttur	294
9.	SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR	294
10.	ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	295
11.	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	296
11.1.	Kröfur um sáttatillögu, frávísun o.fl.	296
11.2.	Landnám	297
11.3.	Efra-Apavatn I-II	297
11.4.	Efstidalur I-II	298
11.5.	Eyvindartunga	302
11.6.	Gröf og Lækjarhvammur	303
11.7.	Hjálmstaðir I og II	305
11.8.	Laugardalshólar og Hólabrekka	308
11.9.	Laugarvatn	309
11.10.	Miðdalstorfa (Miðdalur, Ketilvellir og Miðdalskot)	314

11.11. Snorrastaðir	317
11.12. Laugardalsafréttur	319
12. LANDSVIRKJUN	324
12.1. Almennt	324
12.2. Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum	325
12.3. Kröfur byggðar á lagaheimildum	325
12.4. Einstök mannvirki	327
12.4.1. Hrauneyjafosslína	327
12.4.2. Sultartangalína 3	328
12.4.3. Mælistöðvar	328
13. ÚRSKURÐARORÐ	329
14. FYLGISKJÖL	331
I. Kort	
II. Skjalaskrá	
III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)	
IV. Aðilaskrá (afréttur)	

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2002, fimmtudaginn 21. mars, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

nr. 3/2000, Laugardalsafréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna, hver séu mörk þjóðlendu við eignarland, hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir, Allan V. Magnússon og Ragnheiður Bragadóttir.

Aðilar málsins eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og jarðanna Ketilvalla og Miðdalskots, samkvæmt 11. gr. laga nr. 58/1998.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.).

Laugardalshreppur fyrir hönd eigenda lögbýla í Laugardalshreppi vegna Laugardalsafréttar, eigendur jarðanna, Efra-Apavatns I og II, Grafar (ásamt Lækjarhvammi), Snorrastaða I og II, Eyvindartungu, Hjálmsstaða I og II, Miðdalstorfu (Miðdalur, Ketilvellir og Miðdalskot), Efstadals I og II, og Laugardalshóla (ásamt Hólabrekku).

(Sigurður Jónsson hrl.).

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl., f.h. Hreins Loftssonar hrl.).

2. MÁLSMEDFERÐ

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka Þjóðlendulaga nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor.

2.1. Norðanverð Árnessýsla tekin til meðferðar

Meðferð þessa máls hófst 1. mars 1999 með því að óbyggðanefnd gaf út svohljóðandi tilkynningu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998:

Óbyggðanefnd, sem starfar á grundvelli laga um Þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, hefur ákveðið að taka til meðferðar landsvæði sem afmarkast svo:

Austurmörk: Þjórsá.

Vesturmörk: Mörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu og vestur- og suðurmörk Þingvallalands.

Norðurmörk: Suðurmörk Hofsjökuls og Langjökuls og á milli jöklanna mörk milli afréttar Biskupstungnahrepps í Árnessýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu, skv. dómsátt frá 9. september 1983 fyrir aukadómþingi Árnessýslu.

Suðurmörk: Suðurmörk þeirra jarða sem liggja að hálendinu eða afréttum en þær jarðir virðast vera:

Í Þingvallahreppi: Þingvallaland, Gjábakki og Miðfell.

Í Grímsneshreppi: Kaldárhöfði, Brúarholt, Efri-Brú, Búrfell (I-III), Hæðarendi, Klausturhólar, Hallkelshólar (I-II), Björk, Þóroddsstaðir og Neðra-Apavatn.

Í Laugardalshreppi: Efra-Apavatn (I-II), Gröf, Lækjarhvammur, Eyvindartunga, Laugarvatn, Snorrastaðir (I-II), Hjálmsstaðir (I-II), Ketilvellir, Miðdalur, Miðdalskot, Laugardalshólar, Hólabrekka og Efstidalur (I-IV).

Í Biskupstungnahreppi: Miðhús, Úthlíð (I-II), Stekkholt, Hrauntún, Austurhlíð, Dalsmynni, Hlíðartún, Neðri-Dalur, Helludalur (I-II), Haukadalur (I-III), Torta, Bryggja, Laug, Brú, Kjóastaðir (I-II), Brattholt og Tunguheiði.

Í Hrunamannahreppi: Hamarsholt, Tungufell, Jaðar (I-II), Foss, Kluftar, Kaldbakur og Hrunakrókur.

Í Gnúpverjahreppi: Laxárdalur I-II, Skáldabúðir, Minni-Mástungur, Stóru-Mástungur (I-II), Hamarsheiði (I-II), Fossnes, Hagi, Ásólfstaðir (I-II), Skriðufell og virkjanasvæði Landsvirkjunar.

Afréttir á svæðinu eru afréttir ofangreindra hreppa auk afréttar Flóa- og Skeiðamanna.

Gerður er fyrirvari um að aðrar jarðir/landskikar en tilgreindir eru kunnir að liggja á mörkum svæðisins að sunnanverðu, svo sem land sem ráðstafað kann að hafa verið úr ofangreindum jörðum.

Óbyggðanefnd áskilur sér rétt til þess að minnka eða stækka það landsvæði sem hér er lýst. Slik breyting yrði auglýst sérstaklega.

Á þessu svæði mun óbyggðanefnd: a) kanna og skera úr um hvaða land telst til Þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, b) skera úr um mörk þess hluta Þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og c) úrskurða um eignarréttindi innan Þjóðlendu.

Hér með er skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á ofangreindu landsvæði að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, innan þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs Lögbirtingablaðsins sem tilkynning þessi birtist í. Með kröfum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á ásamt uppdrátti af mörkum þess landsvæðis/jarðar sem kröfur lúta að, allt í fjórriti.

Sérstaklega er áréttað að tilkynning þessi nær til allra þeirra aðila sem telja til réttinda á ofangreindu landsvæði, án tillits til þess hvort þeir koma fram í lýsingu á afmörkun svæðisins.

Tilkynning óbyggðanefndar var birt í Lögbirtingablaðinu 5. mars 1999. Útdráttur úr efni hennar var birtur í Morgunblaðinu og víðar. Jafnframt lét nefndin þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók sýslumannsins á Selfossi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Málið var að auki kynnt fyrir sveitarstjórnnum, sýslumannsembættum og fleiri aðilum.

Óbyggðanefnd framlengdi hinn upphaflega frest í þeim tilvikum þegar leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti. Jafnframt vakti nefndin athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og gaf færi á lagfæringum.

2.2. Lýstar kröfur og kynning

Óbyggðanefnd bærust kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur í 7 hreppum og 57 aðrar kröfulýsingar sem sumar tóku til fleiri en einnar jarðar eða stærri landsvæða. Síðustu kröfulýsingar bærust 22. október 1999.

Þann 29. október gaf óbyggðanefnd út yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdrátt sama efnis. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu Sýslumannsins á Selfossi, dagana 1.-30. nóvember 1999 og að auki til loka athugasemdafrests 31. desember. Vakin var athygli á kynningunni með auglýsingum í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir og afréttarmálaafélag yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bærust fyrir desemberlok en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum. Í janúar 2000 bærust kröfulýsingar fyrir jarðirnar Berghyl, Hlíð, Jötu, Laugar og Þórarinsstaði, allar í Hrunamannahreppi.

2.3. Afmörkun máls nr. 3/2000

Í janúar 2000 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi 7 málum, og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2000, Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi.

Mál nr. 2/2000, Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Mál nr. 3/2000, Laugardalsafréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi.

Mál nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi.

Mál nr. 5/2000, Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi.

Mál nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannafréttur.

Mál nr. 7/2000, Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi.

Jafnframt var gerð grein fyrir því hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Þá fengu fyrirvarsmenn málsaðila afhent afrit kröfulýsinga og fylgigagna annarra aðila að viðkomandi máli. Óskað var eftir athugasemdum við fyrirhugaða skiptingu svæðisins í mál og hæfi einstakra nefndarmanna innan tiltekins frests. Engar athugasemdir bærust.

Mörk þess svæðis, sem hér er til meðferðar, eru samkvæmt tilkynningu óbyggðanefndar frá 1. mars 1999 að norðanverðu suðurmörk Langjökuls en að sunnanverðu suðurmörk jarðanna Efra-Apavatns (I-II), Lækjarhvamms, Eyvindartungu, Laugarvatns, Snorrastaða (I-II), Hjálmsstaða (I-II), Ketilvalla, Miðdals, Miðdalskots, Laugardalshóla (ásamt Hólabrekku) og Efstadals (I-II).

Að vestan afmarkast svæðið af afrétti Grímsnes- og Grafningshrepps en að austan við annars vegar land Úthlíðar í Biskupstungnahreppi og hins vegar Biskupstungnaafrétt.

Svo sem nánar greinir í kafla 3 er í máli þessu, nr. 3/2000, ágreiningur milli aðila um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem kallað hefur verið Laugardalsafréttur og land jarðanna sem liggja sunnan afréttarins. Íslenska ríkið gerir kröfu til þess að afrétturinn og hluti jarðanna Laugarvatns, Hjálmsstaða, Snorrastaða, Miðdals (auk Miðdalskots og Ketilvalla) og Efstadals sé þjóðlenda, að viðurkenndum rétti afréttareigaenda til venjulegra lagalegra afréttarnota og óbeinum rétti Landsvirkjunar. Á móti gera einkaaðilar og Laugardalshreppur kröfur til þess að um eignarland verði talið að ræða. Enginn ágreiningur er hins vegar með aðilum um eignarréttarlega stöðu þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar en eiga ekki mörk að afréttinum og til umfjöllunar eru í málinu, að undanskilinni jörðinni Laugardalshólum. Ekki hafa verið lagðar fram sérstakar kröfur vegna Laugarvatns. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfu aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 3/2000 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 29. febrúar 2000. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá. Fram kom krafa Laugardalshrepps og landeigenda í Laugardalshreppi um að óbyggðanefnd legði fram sáttatillögu í málinu og var í því sambandi vísað til 15. gr. laga nr. 58/1998. Þá var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð. Við fyrirtöku málsins þann 28. mars 2000 var bókað um afstöðu óbyggðanefndar til fram kominnar kröfu um sáttatillögu, sjá nánar kafla 11.1. Greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn voru lögð fram við sömu fyrirtöku og eigendum jarða í Laugardalshreppi, Landsvirkjun og öðrum kröfulýsendum veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum.

Við fyrirtöku málsins 8. maí voru lagðar fram greinargerðir eigenda lögbýla og afrétta í Laugardalshreppi og Landsvirkjunar ásamt fleiri gögnum. Á fundi 29. maí voru lögð fram gögn og bók að um afstöðu óbyggðanefndar til frávisunarkröfu í greinargerð eigenda jarða og afrétta í Laugardalshreppi, sjá nánar í kafla 11.1. Málið var einnig tekið fyrir á fundi 21. júní. Lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð fór fram dagana 27.-28. júní 2000 að Hótel Eddu, Menntaskólanum að Laugarvatni, og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflutning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 26. nóvember 2001 var málið endurupptekið, lögð fram ný gögn og málsaðilum gefinn kostur á að tjá sig um þau. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfu vegna jarðanna Ketilvalla og Miðdalskots.

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu ríkisins vegna þjóðlendna er endanleg aðalkrafa að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk í Laugardalshreppi:

¹ Sjá einnig fylgiskjal nr. I (kort) og III-IV (aðilaskrár).

Þjóðlendulína skal dregin frá hornlínu við Grímsneshrepp við Litla Reyðarbarm og þaðan norður sjónhending upp á Reyðarbarm. Frá þeim punkti efst í Kálfstinda og fara þaðan norður í 500 metra hæðarlínu og fylgja henni með fram hálandisbrúninni að Laugarvatnsfjalli. Síðan skal fylgja brún fjallsins að Fagradalsfjalli og þaðan í 600 m hæðarlínu þar sem hún sker afréttarmörk Laugardalsafrettar fyrir ofan Jafnafell, síðan skal fylgja afréttarmörkunum í norðaustur yfir Skillandsá, þar til komið er að 500 m hæðarlínu, henni skal fylgt til suðurs þar til vegurinn upp á Miðdalsfjallið sker hann, þá skal taka beina línu frá þeim stað í 500 metra hæðarlínu í Efstadalsfjalli og fylgja henni suður fyrir fjallið og aftur norður á móts við Fremra Selgil, síðan niður eftir því 300 m hæðarlínu og fylgja henni í norður allt til Brúarár við Brúarárskörð.

Varakrafa fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna er að viðurkennt verði að þjóðlendumörk í Laugardalshreppi séu eftirfarandi:

Frá línu, sem dregin er frá Biskupstungnahreppi um Miðfell og Litlahöfða til vesturs til skurðar við línu um topp Rauðafells og Efstadalsfjalls. Nefndar línur skerast um 0,6 km norðan toppsins á Rauðafelli. Frá skurðpunktinum er línunni fylgt suður á topp Efstadalsfjalls. Þaðan liggur 7,5 km línan skammt sunnan Gullkistu í upptök Skillandsár en þaðan um 1,7 km yfir á svonefnda Ása norðanvert við Hrossadal innst. Af Ásum um 7,6 km suður Fagradalsfjall fram á brún Laugarvatnsfjalls austur að Rauðumýrarmúla. Þaðan liggur kröfulínan 8,5 km vestur um Hrossadal og Kálfstinda.

Verði ekki orðið við þessum kröfum íslenska ríkisins er þess krafist að þjóðlendulína verði ákveðin sem allra styst til norðurs frá þessum kröfulínum.

Viðurkenndur er réttur þeirra sem nýtt hafa sér beit á afrétti Laugardalshrepps að undanfögnu til upprekstrar og annarrar þeirrar takmörkuðu notkunar, sem löggjöf segir til um á hverjum tíma að fylgi upprekstrarrétti.

Þá er af hálfu ríkisins viðurkennd lóðaréttindi til handa Landsvirkjunar en ekki beinn eignarréttur.

3.1.2. Miðdalskot og Ketilvellir

Af hálfu íslenska ríkisins er lýst kröfu um beinan eignarrétt að landi jarðanna Miðdalskots og Ketilvalla fyrir sunnan kröfulínu ríkisins en gerð er krafa til viðurkenningar á rétti þeirra til afréttarnota af landi því er liggur norðan kröfulínunnar og allt að afréttarmörkum afréttar Laugardalshrepps.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins er á það bent að ráðuneytið hafi ekki lýst kröfum vegna jarðanna öðru vísi en með bréfi dags. 22. október 1999 en þar segi að landamerkjum sé lýst að þjóðlendulínu að svo stöddu, sbr. fyrri kröfulýsingu, dags. 18. júní 1999, um þjóðlendumörk í Laugardalshreppi. Með þessu sé nánar tiltekið átt við að lýst sé beinum eignarrétti að landi jarðanna að þjóðlendukröfulínu en að krafist sé viðurkenningar á rétti jarðarinnar til afréttarnota á landi því er liggir norðan þjóðlendukröfulínu ríkisins og allt að mörkum afréttar Laugardalshrepps. Gerð sé varakrafa um eignarland lengra norður ef þjóðlendulína verður ákvörðuð norðar.

3.2. Kröfur Laugardalshrepps o.fl. um frávisun, sáttatillögu o.fl.

Af hálfu Laugardalshrepps var þess krafist að óbyggðanefnd legði fram sáttatillögu í málinu.

Þá er þess krafist af hálfu „eigenda jarða í Laugardalshreppi“ að kröfum ríkisvaldsins verði vísað frá óbyggðanefnd.

Þá var þess krafist að málflutningur færi ekki fram fyrr en fyrir liggja umsagnir allra þeirra aðila sem að ágreiningslandinu koma, svo sem Náttúruverndarráðs, Héraðsnefndar Árnessýslu, iðnaðaráðuneytisins og allra þeirra aðila sem geta veitt upplýsingar um eða tengjast ágreiningslandinu með einhverjum hætti. Þá hafi kröfugerð ríkisins vegna annarra mála verið kærð til umboðsmanns Alþingis og er þess krafist að málflutningur fari ekki fram fyrr en umsagnir þessara aðila liggja fyrir.

Farið var fram á að framkomin frávísunarkrafa yrði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að málflytningi fyrir óbyggðanefnd kæmi.

3.3. Krafa þinglýstra eigenda Efra-Apavatns I og II vegna lands innan landamerkja

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur séu fullkomnir eigendur jarðanna Efra-Apavatns I og II í Laugardalshreppi. Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Efra-Apavatn en landamerki jarðarinnar eru fundin út frá landamerkjum aðliggjandi jarða sem eru Neðra-Apavatn og Gröf-Lækjarhvamur.

Úr landamerkjalyýsingu Neðra-Apavatns má ráða að mörk Efra-Apavatns gagnvart þeirri jörð séu „Úr Apármynni svo lengi sem Apaá ræður, fyrir norðan efra Smiðjuholt og úr árbotninum þar beint í Stórhól og þaðan sjónhending í Þrasaborgir.“ Úr landamerkjalyýsingu Grafar má ráða að mörkin gagnvart þeirri jörð séu „Frá minni Urredalækjar ræður Urredalækurinn út að Ýrákletti, þaðan bein stefna til vesturs í syðstu vörðuna á Grenjabrekkum, og svo áframhaldandi sjónhending vestur Lyngdalsheiði í vörðu þar sem kemur að Laugarvatnslandi“. Frá Þrasaborgum að Grenjabrekkum liggur land Apavatns að Laugarvatnslandi.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.4. Krafa þinglýstra eigenda Efstadals I og II vegna lands innan landamerkja

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur séu fullkomnir eigendur jarðanna Efstadals I og II í Laugardalshreppi og að landamerki jarðanna séu þessi:

Beina sjónhendingu norður af Grásteini og upp í svonefndar Þrívörður, þaðan beina stefnu í stóran einkennilegan stein austan undir Grensás, þaðan beina stefnu norður um Vatnsheiðarvatn, í vestustu nýpuna á Raudafelli og þaðan beina stefnu norður í Afjettarlínu, frá þeirri sömu línu ræður Brúará að austan suður að Strýtuhólum beina stefnu vestur að Bleikhól, og þaðan beina sjónhendingu í fyrrnefndan Grástein.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.5. Krafa þinglýstra eigenda Eyvindartungu vegna lands innan landamerkja

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi sé fullkominn eigandi jarðarinnar Eyvindartungu í Laugardalshreppi og að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Frá Laugarvatni til vesturs eptir gömlum farveg (litlu áar) í Litluá. Þaðan eptir ánni uppí gilmynnið, sem er á millum Nónhóls og Katrínarhóls. Úr gilmynninu bein stefna í vörðuna á Kolhól, þaðan sjónhending vestur í stóran stein á Markahrygg. Þaðan eptir Markahrygg suður í Blönduhálsklofa. Úr Blönduhálsklofum ræður Djúpá alla leið austur í Laugarvatn.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.6. Krafa þinglýstra eigenda Grafar og Lækjarhvamms vegna lands innan landamerkja

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur séu fullkomnir eigendur jarðanna Grafar og Lækjarhvamms í Laugardalshreppi og að landamerki jarðanna séu þessi:

Frá minni Urreðalækjar ræður Urreðalækurinn út að Ýrákletti, þaðan bein stefna til vesturs í syðstu vörðuna á Grenjabrekkum, og svo áframhaldandi sjónhending vestur Lingdalsheiði í vörðu þar sem kemur að Laugarvatnslandi, sem er hornmark, þaðan bein stefna í Blönduhálsgil í Blönduhálsklofa, sem og svo er hornmark. Svo ræður Blönduhálsgil ásamt Djúpá austur að Garðatjörn, þaðan ræður Sognlækur ásamt Djúpánum austur í Sporð, þaðan til suðvesturs ræður Grafará að áður nefndu Urreðalækjarminni.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju- bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.7. Krafa þinglýstra eigenda Hjálmsstaða I og II vegna lands innan landamerkja

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur séu fullkomnir eigendur jarðanna Hjálmsstaða I og Hjálmsstaða II í Laugardalshreppi og að landamerki jarðanna séu þessi:

Á millum Hjálmsstaða og Laugarvatns skilur sú svokallaða Hjálmsstaðaá þar sem hún rennur í Laugarvatnsvatn, þaðan frá og uppá millum Hjálmsstaða og Snorrastaða, ræður sú sama á allt til sinna upptaka við vestri Hryssendann, það stefnu austan til yfir Fagradal og sama stefna yfir Mosana í Grensásinn vestan til á Jafnafelli norður í Afrjettarlínu, að austanverðu ræður Hnúkurinn á Mjóudalabrún vestri, þaðan sjónhending um vörður niður á Hæðunum og austanverða Kringlumíri í Ritruós niður við Skillandsá, svo ræður áin niður að Miðdalsengjavaði, þaðan um göturnar vestur Rotubakkann sjónhending úr vestanverðum Hristanga í Ósfarið við Laugarvatnsvatn, svo ræður vatnið vestur að fyrnefndri Hjálmsstaðaá.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju- bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.8. Krafa þinglýstra eigenda Laugardalshóla og Hólabrekku vegna lands innan landamerkja

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi sé fullkominn eigandi jarðanna Laugardalshóla og Hólabrekku í Laugardalshreppi og að landamerki jarðanna séu þessi:

Frá Hólaá ræður Farið vestur í Farklofa, þaðan sjónhending um Markalækjarminni í vörðu á Smáholtum og vörðu á Markagarði austan við Miðdalskotstún í Gljúfursgil uppi í fjallsbrún, og sömu stefnu vestast í Prestshæð, verður þá landið oddmyndað norðan í fjallsbrúninni á mótis við Vatnsheiðarvatn. Þaðan sjónhending til suðurs um stóran stein austan undir Grensás, suður af fjalli, niður um þrívörður í Grástein og frá Grásteini sjónhending um Maurholt suður í Hólaá, svo ræður Hólaá norður og vestur að áður nefndu Fari.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju- bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.9. Krafa þinglýstra eigenda Miðdals vegna lands innan landamerkja

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi sé fullkominn eigandi jarðarinnar Miðdals í Laugardalshreppi og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

1. Milli Miðdals og Hjálmsstaða: Úr markagerði á Vatnsbakknum í markapúfu á Rotubakkanum,

þaðan ráða götur á Rotubakkanum austur í Skillansá, ræður svo Skillandsá uppeftir meðan lönd liggja saman.

2. Milli Kjetilvallu og Miðdals: Úr markabúfu niður á Skillandsárþakka, sjónhending á Hóla að hundaþúfu á Búðarholtshalajaðri eystri enda á Vörðufjalli, ræður svo Skillandsá uppeftir svo lengi sem lönd liggja saman.
3. Milli Miðdalskots og Miðdals: Ræður Hökulækur austur eftir þar til Tóugil tekur við, og ræður það svo mörkum upp í fjallsbrúnina sjónhending um Vatnsheiði í vestra Rauðafellshorn þaðan af-rjettarlínu sjónhending vestur í Skriðutinda, og þaðan niður eftir um Mjóudalagil þar til Skillands-áruptök tekur við.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju-bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.10. Krafa þinglýstra eigenda Snorrastaða vegna lands innan landamerkja

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi sé fullkominn eigandi jarðanna Snorra-staða I og Snorrastaða II í Laugardalshreppi og að landamerki jarðanna séu þessi:

Á milli jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns byrja landamerki, niður við Hjálmsstaðaá, þar sem bera saman vörðurnar á Flúðakeldubakka og ofantil á Vestraholti, fyrir sunnan ána, þaðan sjónhending í Marka-pitt um Markavík og Markalág upp í Markagilið uppi í Fjallabrún, þaðan sama sjónhending til Afrijettar-línu, frá sömu línu að austanverðu sjónhending um Grensásinn vestantil á Jafnafelli, suður yfir Mosana og austantil yfir Fagradal í ána við vestri Hryggsendann, svo ræður áin niður að fyrstnefndum vörðum.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju-bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.11. Krafa eigenda lögbýla í Laugardalshreppi vegna Laugardalsafréttar

Þess er krafist að viðurkennt verði að eigendur lögbýla í Laugardalshreppi hafi beinan eignarrétt að öllum Laugardalsafrétti, að öðru leyti en því sem umsamdar kvaðir á landinu greina, og að viður-kennt verði að heildarlandamerki afréttarins séu þessi:

Austurmörk afréttar Laugardalshrepps, þar sem Úthlíð í Biskupstungnahreppi á land á móti eru þessi: Úr Brúarárskörðum, sem eru endimörk í Efstadalslandi, um Hagavatn í Hagafell, þar sem það skerst fram úr Langjökli. Þá liggja afréttarmörk inn með Langjökli um vesturhorn Lambahlíðar og Hróðu-katla við Langjökul. Þaðan austanvert í Skjaldbreið um Sköflung, Langafell, Skriðuhnjúk, Skefilfjöll og Klukkuskarð. Þaðan ráða svo landamerki Grímsnesinga og heimalands Laugarvatns fram með Reyðarbarmi og Litlabarmi að vestan og úr Syðra Litlabarmshorni í Biskupsbrekku norðanvert á Lyngdalsheiði.

Þess er ekki krafist að eignarhluti hvers lögbýlis í sameiginlega landinu verði tiltekinn heldur einungis að landið sé sameign eigenda lögbýlanna.

Krafa þessi er ekki gerð fyrir hönd ríkisjarða í Laugardalshreppi en viðurkennd eru samsvarandi réttindi þeirra til afréttarins og kröfugerðin kveður á um.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju-bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.12. Krafa Landsvirkjunar

Með bréfi dagsettu 24. júní 1999, lýsti Landsvirkjun kröfum sínum á svæði I í heild en óbyggðanefnd hafði með auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu 5. mars 1999 skorað á þá sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á því landsvæði að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests. Landsvirkjun lýsti kröfum sínum á svæði I í einu lagi þannig:

Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin réttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði:

Öll vatnsréttindi (fallréttindi) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu.

Öll vatnsréttindi jarðarinnar Kaldárhöfða frá Þingvallavatni niður í Úlfljótuvatn, 38 ha lands ásamt réttindum sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta vatnsafl, þar með talið stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar.

Landsréttindi og réttindi sem til þarf vegna háspennulínu frá Þjórsá að austanverðu að mörkum Þingvallahrepps og Borgarfjarðarsýslu um Þingvallahrepp, Grímsneshrepp, Laugardalshrepp, Biskupstungnahrepp, Hrunamannahrepp, afrétt Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverjahrepp (Hrauneyjafosslínu); Búrfellslínu 1, 2 og 3A í Gnúpverjahreppi; línu frá Sigölduvirkjun yfir Þjórsá að Sandafelli í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sigöldulína 1); og línu frá Sultartangavirkjun í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sultartangalína 2).

Önnur eignarréttindi, sem til þarf vegna orkumannvirkja, sem lýst er í kafla 3, Jörð/landsvæði og til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana Landsvirkjunar í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma.

Öll veiðiréttindi í virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar á landsvæði því sem auglýsing óbyggðanefndar tekur til, þ.e. í Bjarnalóni ofan Búrfellsvirkjunar, Sultartangalóni og 5. áfanga Kvíslaveitu.

Kröfugerð þessi er gerð með þeim almenna fyrirvara að Landsvirkjun áskilur sér rétt til að leiðrétta og bæta við hana síðar og leggja fram viðbótargögn eftir þörfum og ef krafist verður.

Í bréfi Landsvirkjunar, dags. 19. október 1999, sem var svar við bréfi óbyggðanefndar frá 12. s.m., eru nokkrar athugasemdir við uppkast að kröfulínukorti sem Landsvirkjun hafði fengið sent. Auk þess var gerð grein fyrir því að láðst hafði að geta 6. hluta Kvíslaveitu, sbr. heimild í 4. gr. laga 74/1990.

Óbyggðanefnd barst síðan bréf Landsvirkjunar, dags. 30. desember 1999, þar sem eftirfarandi kom fram:

a) Landsvirkjun hefur látið gera áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í

fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggja fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá en sýndir eru á korti óbyggðanefndar.

- b) Landsvirkjun á og rekur allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnessýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu.

Með greinargerð, dags. 3. maí 2000, var vísað í kröfugerð, dags. 24. júní 1999 ásamt síðari breytingum, og jafnframt gerðar svofelldar kröfur í máli nr. 3/2000, þjóðlendumörk í Laugardalshreppi, o.fl.:

Krafist er að staðfest verði réttindi Landsvirkjunar á eða vegna eftirtalinna landsvæða í Laugardalshreppi, hvort sem þau verða talin falla innan eða utan marka þjóðlendu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998:

Hrauneyjafosslína (220kV)
Fyrirhuguð Sultartangalína (400kV)
Mælistöðvar Landsvirkjunar.

Landsvirkjun krefst þess að óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-262, sjá nánar í fylgiskjali nr. II. Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Í þjóðlendulögum er mælt fyrir um skyldu aðila til að leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í því felst að óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefni. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Könnun frumgagna var að hluta framkvæmd af óbyggðanefnd og að hluta falin sérfræðingum Þjóðskjalasafns Íslands, samkvæmt samkomulagi og mati þessara aðila. Í því sambandi hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Árnesinga, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gerð er nánari grein fyrir þessari leit í kafla 4.3. Þá aflaði óbyggðanefnd álitsgerðar Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, sjá kafla 5. Loks var að auki litið til almennra

uppláttarrita og ítarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í kafla 10.5.

Fyrirsvarsmönnum aðila var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Þeir gátu jafnframt bent á gögn sem ástæða væri til að kanna.

Þau gögn, sem í leitirnar komu og óbyggðanefnd taldi að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu og afrit afhent málsaðilum. Jafnframt voru lögð fram minnisblöð um þá þætti gagnaöflunar sem lokið var hverju sinni.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a). Hjá sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 235).

2. Jarðabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 23.5.2000, skjal nr. 190). Sjá að öðru leyti lið B-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a). Hjá sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 8.6.2000, skjal nr. 197, sjá einnig minnisblað óbn. dags. 10.10.2001, skjal nr. 235).

4. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðamat 1804 – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 23.10.2001, skjöl nr. 190 a og 233).

Jarðamat 1849-1850 - Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 23.10.2000, skjal nr. 190 a). Jarðamat 1916 (1918) – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a og 232).

Sjá að öðru leyti lið B-2 (prentuð fasteigna- og jarðamöt).

5. Dóma- og þingabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

Sjá að öðru leyti lið B-3 (prentaðir dómur).

6. Bréfabækur og gerðabækur sýslumanna og hreppa

Á Þjóðskjalasafni – Ekki var talin ástæða til að kanna þennan skjalaflokk sérstaklega enda engar vísbendingar um að jarðeignir hreppsþúa hafi komið til kasta þessara embættismanna (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

7. Vísitásiubækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið eftir því sem ástæða þótti til, (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2000, skjal nr. 190 a).

8. Kirkjustólar

Á Þjóðskjalasafni – Yfirlit (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2000, skjal nr. 190 a).

9. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Á Þjóðskjalasafni – Ekki þótti ástæða til að kanna þennan skjalaflokk ítarlega (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).
Sjá að öðru leyti lið B-6 (prentað efni úr skjalasöfnum ...).

10. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar – Yfirlit (sbr. bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, dags. 13.6.2000, skjal nr. 201).
Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki þörf á að yfirfara í heild sinni þær óprentuðu bréfabækur biskupa sem þar eru varðveittar og engar sérstakar vísbendingar um að þar væri að finna efni varðandi Laugardalshrepp (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).
Sjá að öðru leyti lið B-8 (prentaðar bréfabækur biskupa).

11. Klausturumboð

Á Þjóðskjalasafni – Um slík gögn er ekki að ræða á þessu svæði (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

12. Fornleifaskráning (yfirlit)

Lögð fram útprentun úr gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf. („ÍSLEIF“) fyrir Laugardalshrepp, skjal nr. 191.

13. Örnefnaskráning

Óbyggðanefnd hefur ekki talið ástæðu til að leggja fram sérstök gögn um örnefni í þessu máli.

14. Önnur óprentuð frumgögn

Starfsmenn Þjóðskjalasafns athuguðu enn fremur kirknaskjöl Miðdals, skjöl stjórnarráðsins um sölu þjóð- og kirkjujarða og skjalasafn biskupa. Ekkert fannst sem talin var ástæða til að leggja fram í málinu (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

B. Prentuð frumgögn:**1. Jarðabréf**

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirlit (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 193).
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) – Yfirlit (sbr. minnisblað óbn., dags. 22.10.2001, skjal nr. 217).
Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.) – Yfirlit (sbr. minnisblað óbn., dags. 7.6.2000, skjal nr. 195).
Sjá að öðru leyti lið A-2 (óprentuð jarðabréf).

2. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847) – Sjá skjal nr. 194.
Ný jarðabók (1861) – Sjá skjal nr. 216.
Fasteignabók 1922 – Sjá skjal nr. 213.
Fasteignabók 1932 – Sjá skjal nr. 213.

Fasteignabók 1938 – Sjá skjal nr. 213. Fasteignabók 1957 – sjá skjal nr. 213.
Sjá að öðru leyti lið A-4 (óprentuð fasteigna- og jarðamöt).

3. Dómar

Útgefnir dómar Hæstaréttar og Landsyfirréttar – Yfirlarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.6.2000, skjal nr. 215).

Sjá að öðru leyti lið A-5 (óprentaðar dóma- og þingabækur).

4. Fjallskilareglugerðir

Stjórnartíðindi – Yfirlarið (sbr. bréf frá Héraðsskjalasafni Árneseinga, dags. 5.6.2000, skjal nr. 202).

5. Máldagar

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirlarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 193).

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Lovsamling for Island – Yfirlarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 205).

Stjórnartíðindi – Yfirlarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 205).

Sjá að öðru leyti lið A-9 (óprentað efni úr skjalasöfnum ...).

7. Landnáma

Óbyggðanefnd hefur gengið úr skugga um að í málinu hefur verið lagt fram það efni Landnámu sem varðar landnám á því svæði sem um er fjallað í málinu.

8. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar – Yfirlarið (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags. 23.1.2001, skjal nr. 212). Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirlara aðrar útgefnar bréfabækur enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Sjá að öðru leyti lið A-10 (óprentaðar bréfabækur biskupa).

9. Alþingisbækur Íslands

Yfirlarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 192).

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Yfirlarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 5.6.2000, skjal nr. 196).

Sjá einnig lið B-1 (13. bindi Jarðabókar ...).

11. Önnur prentuð frumgögn

Hvorki starfsmenn Þjóðskjalasafns né óbyggðanefnd töldu ástæðu til að yfirlara gögn í þessum flokki.

4.4. Vettvangsferð

Vettvangsferð hófst að loknum forflutningi þann 27. júní. Auk óbyggðanefndar, ritara nefndarinnar og lögmanna aðila, sbr. fyrri bókun, voru mættir þeir Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur og Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur sem tilkvaddir voru af hálfu óbyggðanefndar. Af hálfu heimamanna tóku þátt í vettvangsgöngunni Snæbjörn Sigurðsson bóndi, Efstadal II, Theódór Vilmundarson bóndi, Efstadal I, Friðgeir Stefánsson bóndi, Laugardalshólum og Páll Pálmason bóndi, Hjálmsstöðum.

Ekið var í langferðabifreið frá Laugarvatni og haldið sem leið liggur upp Miðdalsfjall. Er upp á fjallsbrúnina kom var staðnæmst við vörðu og lýstu heimamenn því sem fyrir augu bar og greindu frá nöfnum eftir því sem leitað var eftir. Var síðan haldið áfram upp að Gullkistu en er þangað var komið hafði skyggni versnað svo mjög að ákveðið var að snúa við og var farin sama leið til baka. Var þá haldið austur þjóðveginn og staðnæmst á móts við Grástein en síðan ekið inn í Miðhúsaskóg. Veittu heimamenn þar greinargóðar upplýsingar um landkosti og búskaparhætti. Var afráðið að ljúka vettvangsgöngunni þennan dag en kynna sér norðurhluta hreppsins og afréttinn í tengslum við væntanlega vettvangsgöngu í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þann 10. ágúst var vettvangsgöngu framhaldið og ekið norður yfir Miðdalsfjall og farinn vegur F 337. Farið var sunnan við Hlöðufell og síðan suður með Skriðu og Tindaskaga. Í vettvangsgöngunni tóku þátt, auk nefndarmanna í óbyggðanefnd, starfsmenn og sérfræðingar nefndarinnar, lögmennt málsaðila og Böðvar Pálsson, fyrrverandi oddviti, sem veitti leiðsögn um svæðið en hann er gjörkunnugur á Laugardalsafrétti. Víða var numið staðar á leiðinni og glöggvudu menn sig á kennileitum.

4.5. Skýrslutökur

Fyrir nefndina komu og gáfu skýrslu Snæbjörn Sigurðsson bóndi, Efstadal II, Theódór Vilmundarson bóndi, Efstadal I, Friðgeir Stefánsson bóndi, Laugardalshólum og Páll Pálmason bóndi, Hjálmsstöðum II.

Snæbjörn Sigurðsson sagði að lengst af hefðu Efstadalsmenn notað tækifærið og smalað heima-haga jarðarinnar um leið og svokölluð austurleit kom innan af afréttinum og niður beggja vegna Rauðafells. Féð úr heimahögunum hefði verið rekið saman við safnið og það síðan rekið í gegnum land jarðarinnar í Efstadalsrétt vestan við bæinn. Þeir hefðu hins vegar sjálfir séð um að smala landið í annarri og þriðju leit og oft hefðu þeir verið að heimta fé fram að jólum. Landið tilheyrði þeim og þeir einir bæru ábyrgð á því að það væri smalað. Þarna væru heiðar inn eftir öllu og hefðu þær verið nýttar til beitar fram eftir hausti. Hann sagði að inn við Rauðfell, sem lægi efst í landinu, væri landið grasi vaxið og víða kjarri vaxið. Aðspurður kvað hann sel hafa verið á milli svokallaðra Selgilja. Hann sagði að Efstadalsjörðin hefði verið talin vel fallin til vetrarbeitar. Sum árin hefði féð nánast gengið úti allan veturinn. Aðspurður kvað hann landið ekki vera girt að öllu leyti. Jörðunum Efstadal I og II tilheyrði sameiginlegt land sem væri óskipt og væri notað til beitar. Aðspurður kvaðst hann líta svo á að allt land Efstadals, eins og það væri afmarkað á framlögðu korti, væri heimaland jarðarinnar. Hann kvaðst ekki kannast við að jörðin skiptist annars vegar í heimaland og hins vegar í útlendi. Jörðin hefði öll verið nýtt á sama hátt. Jörðin ætti veiðirétt í Brúará og væri sú veiði nýtt en lítið væri um að þeir seldu veiðileyfi í ána. Hann sagðist svolítið hafa skotið rjúpu í landi sínu og leyft öðrum að skjóta en ekki selt veiðileyfi. Þá hefðu þeir ekki verið með skipulagt eftirlit með rjúpnaveiðimönnum en hreyft athugasemdum ef menn væru að skjóta í óleyfi á jörðinni. Skógarnytjar hefðu verið áður fyrr á jörðinni og um tíma hefði Skálholtskirkja átt þar skógarítak. Aðspurður sagði hann að sett hefði verið upp rétt á Rótasandi þegar afrétturinn var girtur af um 1974. Þar hefði fé úr Biskupstungum og Laugardal verið dregið í sundur.

Theódór Vilmundarson staðfesti lýsingu Snæbjörns á smalamenskum á Efstadalsjörðinni. Hann sagði að upphaflega hefði verið eitt býli á jörðinni en síðar hefði henni verið skipt upp í tvö býli, Efstadal I og II. Hvort býli um sig ætti sín tún en smalamenskur væru sameiginlegar enda væri hluti jarðarinnar í óskiptri sameign. Fram kom að Theódór situr í hreppsnefnd og fjallskilanefnd. Hann sagði að haustleitir skiptust í vestur- og austurleit. Austurleitinn kæmi niður Efstadals-hagana og þegar fleira fé var í hreppnum hefðu heimamenn komið á móti þeim og smalað með þeim hagana heim í réttir. Við þetta tækifæri hefði töluvert af Miðdalslandinu einnig verið smalað, þ.e. Geldingahlíðar og Vatnsheiði, en þá hefði verið tekið mið af landslaginu fremur en jarðamörku-m. Vesturleitinn kæmi hins vegar niður í Laugarvatnsréttir og á sama hátt hefðu heimamenn notað tækifærið og smalað Laugarvatnslandið með fjallmönnum. Laugarvatnslandið hefði síðan verið

smalað oftar á haustin líkt og Efstadalslandið. Hann sagði að afrétturinn væri smalaður að frumkvæði sveitarstjórnar. Hann staðfesti að mörk Efstadalsjarðarinnar og afréttarins væri lína dregin úr vestustu nípu Rauðafells í Rótasand svo sem fram kæmi á framlögðu korti. Um væri að ræða áberandi kennileiti í landslaginu. Hann sagði að engin skil væru í landslaginu þar sem kröfulína ríkisins lægi um land jarðarinnar. Línan lægi á stórum kafla í miðjum skógi vöxnum hlíðum. Þá væri greinilega ekki um sjónhendingu að ræða á milli kennileita. Aðspurður kvað hann heimamenn hafa lítillega stundað rjúpnaveiði á jörðinni en ekki selt veiðileyfi. Þá hefðu þeir stuggað við rjúpnaskyttum sem stundað hefðu veiðar í landinu í óleyfi. Hann sagðist líta svo á að ekki þyrfti að taka það fram að öll rjúpnaveiði á landinu án leyfis væri bönnuð. Hann sagði þó að í fyrra hefði slíkt bann verið auglýst. Engar nýttjar væru af skóginum nú til dags.

Friðgeir Stefánsson kannaðist ekki við að jörðin Laugardalshólar skiptist annars vegar í heimaland og hins vegar í sérstakt beitarland. Jörðin væri öll heimaland. Hann sagði að einungis túnin væru afgirt. Féð væri því ekki rekið á fjall heldur væri það sett upp fyrir túngirðinguna en þaðan væri opin leið fyrir það hvert sem væri. Hann sagði að land jarðarinnar væri ekki smalað í tengslum við leitir á afréttinum. Nágrannar hjálpuðust hins vegar að við smalamennskur á haustin; einn daginn væri smalað hjá honum og þann næsta í Efstadal o.s.frv. Hann sagðist hins vegar ekki vilja gera mikinn greinarmun á afréttarmöslun og heimasöslun. Afrétturinn væri vissulega smalaður að boði fjallskilastjórnar en eðlilegra væri hins vegar að tala um samkomulag bændanna í sveitinni um smöslun afréttarins. Bændur í sveitinni hittust iðulega og ræddu þessi mál, bæði á formlegum fundum og í dagsins önn. Þar væri lagt á ráðin og síðan smöluðu menn afréttinn í félagi. Til dæmis hefði verið lagt til við fjallskil að smala Laugarvatnshagana líka til að koma til móts við þann ágang fjár sem jörðin varð fyrir. Engin skýr skil væru á milli heimalanda og afréttarins enda væri afrétturinn ekki girtur af. Fé rynni því fjálist úr heimahögum inn á afrétt og öfugt. Bændur væru því að smala þetta svæði í tíma og ótíma og stundum fram að áramótum. Aðspurður kvað hann bændur í sveitinni hafa byggt leitarmannaskálann við Suðurfell, líklega fyrir 1960. Hann kvaðst álíta að skálinn væri í sameign jarðareigenda í hreppnum. Aðspurður kvað hann erfitt vera að smala Miðdalslandið. Nágrannarnir hefðu því hjálpast að við smöslun þess. Hann sagði að sel hefði verið í landi Laugardalshóla en Seljadalur væru framan í fjallinu og þar væri greinileg tóft. Þá væri til Húsadalur í Miðdal og þar væri ógreinileg tóft. Aðspurður kvað hann nokkra rjúpnaveiði vera framan í Hólaþinginu og upp á því en erfitt væri að ná rjúpninni niðri í skóginum. Þá sagði hann að silungsveiði væri í Hólaá og mótekja og torfrista hefði þótt góð. Einnig hefði skógurinn verið nýttur áður fyrr. Þá sagðist hann hafa það eftir föður sínum og föðursystur að nautum hefði verið beitt á fjallinu þó að hann sæi ekki mikla nautahaga þar í dag.

Páll Pálmason sagði að hann og nágrannar hans á Ketilvöllum, í Miðdal og á Snorrastöðum hefðu smalað jarðir sínar í sameiningu. Í seinni tíð væri ekið inn fyrir Gullkistu, gengið fyrir enda Mjóudala og inn að Skriðutindum. Síðan dreifðu menn sér á línuna vestur úr og féð væri síðan rekið fram og niður að Ketilvöllum. Um væri að ræða heimasöslun þessara jarða sem bændur sammæltust um. Áður fyrr hefði svokölluð austurleit verið tvískipt og hefði fyrri leitin komið niður Mjóudali. Nú væri þetta svæði ekki smalað að frumkvæði fjallskilastjórnar. Aðspurður sagði hann að gamlar skilaréttir væru við Skilvatnsá. Hann sagði að víðáttumikið landsvæði í landi Hjálmsstaða og Snorrastaða hétu Sel og í landi Hjálmsstaða væri tóft við ána. Þá væru rústir af yfirsetukofa í Fagradal. Aðspurður kvaðst hann ekki kannast við að Hjálmsstaðajörðin skiptist í heimaland og útlendi. Hann sagði að jörðin hefði öll verið nýtt á sama hátt og á þann hátt sem menn hefðu kosið hverju sinni. Hann sagði að ábúendur á Hjálmsstöðum hefðu stundað talsverða rjúpnaveiði í landi sínu en þeir hefðu ekki selt veiðileyfi þar og ekki þurft að stugga öðrum rjúpnaskyttum í burtu. Þá sagði hann að Hjálmsstaðir hefðu veiðarétt í Laugarvatni. Menn hefðu nýttjað skóginn áður fyrr og sæjust leifar eftir kolagerð á jörðinni, svo og mógrafir.

5. STADHÆTTIR OG GRÓÐURFAR¹

5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður

Suðurmörk kröfufsvæðis ríkisins í Laugardalshreppi fylgja í meginráttum fjallsbrúnum sem liggja í 300-600 m hæð ofan byggðarinnar. Norðurmörkin uppi við Vestari-Hagafellsjökul eru í u.þ.b. 600-750 m hæð. Eftir hæð yfir sjávarmáli er Íslandi gjarnan skipt í þrjú gróðurbelti: Láglandisbelti að 100-150 m hæð, hlíðabelti að 300-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka. Samkvæmt þessari skiptingu er allt kröfufsvæðið í tveimur síðarnefndu beltunum og að mestu leyti í fjallbeltinu.

Syðri hluti kröfufsvæðisins er mjög fjalllendur og ná fjöll þar allt að 1000 m hæð. Fjöllin eru mynduð úr móbergi en á milli þeirra er grágrýti. Nyðri hluti svæðisins er flatlandari og er yfirborð hans að mestu leyti hraun sem runnið hafa frá gosdyngjunum Skjaldbreiði og Eldborgum eftir lok síðasta jökulskeiðs; Skjaldbreiðarhraun fyrir meira en 9000 árum og Lambahraun fyrir rúmlega 3000 árum.² Hæsti hluti þessara hrauna er í 600-700 m hæð. Upp úr hraununum stendur hæsta fjall svæðisins, móbergsstapinn Hlöðufell (1186 m) og norður af honum teygir sig Þórólfsfell. Hagafell, nyrst á svæðinu, er myndað úr grágrýti og móbergi og liggja mörk milli Laugardalsafréttar og Biskupstungnaafréttar eftir fellinu endilöngu.

Breytileiki í jarðfræði, landslagi og hæð svæðisins skapar skilyrði fyrir breytilegt og fjölbreytt gróðurfur. Hraunin á norðurhluta svæðisins eru hriplek og grunnvatnsstaða lág. Þar er jarðvegur því mjög þurr og fokgjarn. Syðri hluti svæðisins er raklandari, einkum vegna grágrýtisins, og þar gætur áhrifa snjóalaga mjög í gróðurfari. Í þessari hæð er besti og sterkasti gróðurinn oft þar sem gætur hæfilegs snjóþunga sem hlífir gróðrinum fyrir köldum, þurrum vindum og umhleypingum.

5.2. Áætlað gróðurfur um landnám og síðari þróun þess

Loftslag fyrir og um landnám var hlýrra en það hefur að jafnaði verið síðan og jöklar voru þá minni en nú. Gróður hafði verið að þróast í landinu í nær 10.000 ár frá lokum síðustu ísaldar með nokkrum röskunum af völdum langtímasveiflna í veðurfari og af völdum eldgosa. Ætla má að landið hafi verið í nokkurs konar veðurfarslegu gróðurjafnvægi um landnám.

Gera má ráð fyrir því að þá hafi mikill hluti kröfufsvæðisins verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri upp í 400-500 m hæð en þar ofan við, upp að 700-800 m hæð, hafi verið gisinn bersvæðisgróður. Líklegt er að Hagafell hafi verið sem næst algróið. Brattar skriður fjalla hafa verið lítt eða ekki grónar og einnig aurar framan við Vestari-Hagafellsjökul og nálæg svæði sem hafa legið undir áfoki frá þeim.

Ætla má að við upphaf landnáms hafi skógur og kjarr að jafnaði teygt sig upp undir 400 m hæð þar sem aðrar ástæður en hæð yfir sjó hafa ekki hamlað vexti trjágróðurs. Kröfufsvæði ríkisins liggur að langmestu leyti ofan skógarmarkanna en skógur eða kjarr mun hafa teygt sig norður fyrir Miðdalsfjall. Lyngtegundir og ýmsar hávaxnar blómjurtir hafa verið rikjandi í botngróðri skóglendisins og gróska mikil. Ofan skógarmarkanna tók við víðir, lyng og ýmsar harðgerar jurtir, í fjallbeltinu þar fyrir ofan var mosagróður, fléttur og snjóðældagróður og loks tók við bersvæðisgróður á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Landnámsgróðurinn var viðkvæmur vegna þess að hann hafði þróast ósnortinn af beit. Margt bendir til þess að hann hafi tekið að breytast fljótlega eftir að landnám hófst, bæði vegna kólnandi loftslags sem stóð nær óslitið til loka 19. aldar, vegna búsetunnar og vegna eldgosa. Þá hafa breytingar á vatnsstöðu uppi við jökul leyst úr læðingi mikið magn jarðefna sem borist hafa yfir gróðurlendi svæðisins og eytt gróðri.

1 Kafflar 5.1.-5.3. eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 200.

2 Þorleifur Einarsson, 1968. *Jarðfræði*. Reykjavík, Mál og menning.

Skógurinn lét fyrst undan síga og það hafði í för með sér mikla rýrnun landgæða, bæði vegna fjölþættra nytja af honum, verndar sem hann veitti öðrum gróðri og jarðvegi og vegna frjósemi jarðvegs í skóglendum. Í kjölfar eyðingar birkiskóganna og rýrnunar annars gróðurs fylgdi mikil gróður- og jarðvegseyðing af völdum vatns og vinda sem hefur fram haldið til þessa, þó með mismunandi hraða.

5.3. Núverandi gróðurfur

Mikil rýrnun landgæða hefur af framangreindum ástæðum átt sér stað á svæðinu frá landnámi til þessa dags. Ætla má að allt að $\frac{2}{3}$ af yfirborði þess hafi verið þakið gróðri um landnám en nú er aðeins $\frac{1}{3}$ - $\frac{1}{4}$ hluti svæðisins gróinn.¹ Um er að ræða mismunandi vel gróin gróðurlendi, allt frá algrónu landi til gisins gróðurs sem að jafnaði er mun rýrari en fyrri gróður.

Austurhluti svæðisins, þ.e. Lambahraun, er gróðurlaust og Rótasandur sem er á syðsta hluta hraunsins á afréttinum er ógróið sandfokkssvæði. Landið norðan Hlöðufells eru gróðurlausar auðnir. Í Hagafelli er talsverður mosa- og snjóðældagróður. Á norðvesturhluta svæðisins, allt frá Langafelli og Langavatni vestur og suður fyrir Skriðuna, eru víðáttumikil, mjög vel gróin gróðurlendi í Skjaldbreiðarhrauni. Þar er um að ræða stinnastarmóa og kvistlendi ýmiss konar. Sunnan og suðvestan Hlöðufells eru Hlöðuvellir, fallegustu gróðurlendi svæðisins. Þar er um að ræða vallendi, stinnastarmóa og kvistlendi. Þessi gróðurlendi teygja sig suður Skagabrekkur milli Rótasands og Skriðutinda, en þau hafa verið að rýrna vegna sandágangs.

Allmikill gróður er á suðurhluta svæðisins. Hann er fjölbreytilegur niður undir fjallakolla Efstadals-, Miðdals-, Fagradals- og Laugarvatnsfjalla en þeir eru ýmist mosagrónir eða ógrónir, eins og líklegt er að einnig hafi verið áður.

Í heild er gróður kröfusvæðisins fjölbreytilegur, í samræmi við breytilega staðhætti svo sem að framan er getið. Þar er þó enginn eiginlegur votlendisgróður, mýrar eða flóar, en talsvert um hálfdeigjur eða starmóa. Ekkert skóglendi er á svæðinu.

Gróðurfarslega er hið gróna land kröfusvæðisins vel fallið til beitar, fyrst og fremst vegna þess hve þar er mikið um graslendis-, starmóa- og snjóðældagróður. Lítið er um náttúrulegar nýgræður á landi sem orðið hefur örfoka en talsvert land hefur verið grætt upp með landgræðsluáðgerðum.

Ástand jarðvegs á svæðinu er slæmt.² Orsök þess er fyrst og fremst ágangur sands frá sunnanverðum Langjökli þar sem mikið land hefur spillt á síðustu öldum. Sandurinn gengur á gróðurlendi og rýrir það. Allmikil önnur jarðvegseyðing á sér stað á svæðinu af völdum vatns og vinda.

5.4. Náttúruminjar

Innan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar eru á náttúruminjasrá eftirfarandi svæði að meira eða minna leyti, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Brúará og Brúarskörð“, „Skjaldbreiður“ og „Laugarvatn“. Þessi landsvæði njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu afréttarins frá öndverðu til þessa dags.

1 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1967-1968. Gróðurkort (1:40 000).

2 Ólafur Arnalds o.fl., 1997: Jarðvegsskrif á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

6.1. Landnám

Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu segir um landnám í Laugardal:

Ketilbjörn hét maður ágætr í Naumudal; hann var Ketilsson ok Æsu, dóttur Hákonar jarls Grjótgarðssonar; hann átti Helgu, dóttur Þórðar skeggja. Ketilbjörn fór til Íslands, þá er landið var víða byggt með sjá. ... Ketilbjörn nam Grímsnes allt upp frá Höskuldslæg ok Laugardal allan ok alla Byskups-tungu upp til Stakksár¹ ok bjó at Mosfelli.²

Upphaf þessa kafla er einnig að finna í Haukdæla þætti í Sturlungu og talið að Styrmissbók sé sameiginleg heimild þáttarins og frásagnarinnar í Landnámabók. Í þættinum er vitnað til Teits Ísleifssonar, fóstura Ara fróða og afkomanda Ketilbjarnar í þriðja lið. Það er bæði haft til marks um að kaflinn sé frá Ara fróða kominn og að heimildin sé traust. Landnámslýsingin í Haukdælaþætti er ekki eins nákvæm og í Landnámu því að þar segir einungis að Ketilbjörn hafi numið land umhverfis sig „svo vítt sem hann vildi átt hafa“.

Einar Arnórsson og Haraldur Matthíasson eru báðir þeirrar skoðunar að landamerki Ketilbjarnar séu nokkuð glögg. Einar hefur þó sitthvað við landamerkjalyfinguna að athuga. Þau virðast t.d. ekki koma heim og saman við það sem sagt er um landnám Gríms sem Grímsnes er kennt við. Grímur er sagður hafa numið „Grímsnes allt upp til Svínavats ok bjó í Qndurðunesi fjóra vetr, en síðan at Búrfelli“.³ Miðhluti Grímsness hefur því legið í landnámi þeirra beggja, Gríms og Ketilbjarnar. Einar vekur einnig athygli á því að nafnið „Biskupstunga“ er í lýsingunni notað í eintölu þó að tungurnar séu tvær. Haraldur Matthíasson skýrir þetta á þá leið að Biskupstungur hafi upphaflega verið kallaðar Ytri tunga og Eystri tunga. Fljótlega eftir að biskupsstóll var settur í Skálholti hafi Ytri tunga dregið nafn þar af og verið nefnd Biskupstunga en Eystri tungan haldið áfram sínu nafni eins og hún geri enn þegar hún sé nefnd ein. Þannig hafi þetta verið á ritunartíma Landnámu.⁴

Einar Arnórsson segir Ketilbjörn hafa numið Tunguna ytri milli Brúarár að vestan og Tungufljóts að austan upp þar til er Almenningsá falli í það. Þaðan verði landnámsmörkin Almenningsá og Stakksá sem renni niður austanvert við bæinn Múla.⁵ Norðanvert séu fjöllin fyrir ofan Tunguna ytri og Laugardalsfjöll en þá taki við hálsarnir fyrir utan Laugarvatn og Lyngdalsheiði. Óvíst sé þó hvort og þá hversu langt Ketilbjörn helgaði sér land upp til fjalla eða vestur um Lyngdalsheiði eða til Laugarvatnsvalla undir Kálfstindum. Einar telur víst að suðurmörk landnámsins hafi verið Hvítá en Höskuldslægur ráðið vesturmörkum í byggð.⁶

Haraldur Matthíasson miðar neðri mörk landnámsins við Höskuldslæg. Upp frá drögum lækjarins hafi þau síðan legið í Þrasaborgir. Að norðvestan hafi byggðarlandið markast af fjallgarðinum sem Tungu og Laugardalur liggja að og nefnist einu nafni Útfjöllin.⁷

6.2. Efra-Apavatn

Jörðin var eign biskupsstólsins í Skálholti samkvæmt jarðabók 1597.⁸ Í jarðabókunum 1686 og 1695 var hún metin 35 hndr. en dýrleikinn er sagður óviss í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls

1 *Stakkslækjar* stendur í Þórðarbók Landnámu.

2 *Landnámabók*, 1986. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. S. 384-385.

3 *Landnámabók* 1986, s. 387.

4 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 498-499.

5 Haraldur Matthíasson segir að Stakksá sé nú ekki nema lækur sem komi niður úr Hlíð Bjarnarfells (sama rit, s. 488).

6 Einar Arnórsson, 1950: *Árnesþing á landnáms- og söguöld*. Reykjavík. S. 124-125. Höskuldslægur fellur úr Lyngdalsheiði fyrir austan Klausturhóla og rennur í Hvítá austan Vaðness (Einar Arnórsson 1950, s. 125; sbr. Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 498).

7 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 498-499.

8 *Kirkjueignir á Íslandi* 1597-1984. II. Skrár. Kirkjueignanefnd, október 1992. S. 78.

Vídalíns (1708) enda voru stólseignir ekki tíundaðar til skatts.¹ Á jörðinni var þá tvíbýli en land-skuldin, 1 hndr. og 90 álnir, greidd af allri jörðinni.

Efra-Apavatn (*Apavatn efra* eins og jörðin er nefnd í heimildum frá þessum tíma) var seld Þorsteini Bjarnasyni í Njarðvíkum, bónda í Tjarnarkoti, á stólsjarðauppboði 18. júní 1790 og þá metin 48 hndr. og 80 álnir.²

Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleikinn einnig sagður 48 hndr. og 80 álnir. Þar er enn fremur haft eftir hreppstjóra að 12 hndr. og 20 álnir í jörðinni séu eign fátækra í Grímsneshreppi. Samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var jörðin 36,1 hndr. að dýrleika.³

Landamerkjabréf Efra-Apavatns er ekki að finna í landamerkjabók eða meðal jarðaskjala í Þjóðskjalasafni Íslands.

Á Efra-Apavatni hafði lengi verið tvíbýli en jörðinni var formlega skipt í tvær jarðir, Efra-Apavatn I og II árið 1967 og er landamerkjum hvorrar jarðar lýst í yfirlandskiptagerð 14. desember það ár. Þar kemur fram að hluti landsins, á Lyngdalsheiði, var óskiptur „svo og hlunnindi öll, svo sem vatns- og námaréttindi, veiði í ám og vötnum“.⁴ Frá árinu 1955 hefur ekki verið stundaður búskapur á Efra-Apavatni II.⁵

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Efra-Apavatni frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hafa jarðirnar framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsettar. Einnig liggja fyrir skiptayfirlýsingar varðandi báðar jarðirnar, Efra-Apavatn I og II.⁶

6.3. Efstidalur

Í Efstadal var bændakirkja á miðöldum en hún mun hafa lagst af á dögum Árna biskups Þorlákssonar á síðari hluta 13. aldar og eignin lögð undir biskupsstólinn í Skálholti.⁷ Efstidalur er skráður eign Skálholtsstóls í jarðabók frá 1597.⁸ Jörðin var 30 hndr. að dýrleika samkvæmt jarðabókum 1686 og 1695.⁹ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er jarðardýrleikinn sagður óviss því að engin tíund sé goldin af jörðinni og hafi aldrei verið í manna minni. Í Jarðabókinni er enn fremur greint frá seli sem biskupsstóllinn átti í Efstadalslandi:

Stólsselið stendur frá Skálholti þar sem menn kalla Efstadals land. Í tíð Brynjólfs biskups stóð staðarselið allnær jörðunni í hennar eigin selstöðu, og fjellu þá niður x aurar fyrir selstöðuna. Um það kvartaði bóndinn og var þá selið fært, so sem svari bæjarleið, þó í land jarðarinnar. Síðan hefur fyrir þá selstöðu enginn tollur goldist frá stólnum.¹⁰

Skógur til raftviðar var sagður eyddur en bjarglegur til kolagjörðar og eldiviðar, mest ungvíði.

1 Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 113. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 2. b. Kaupmannahöfn 1918-1921. S. 324-325.

2 Skjal nr. 32.

3 *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, úgripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 70. *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 25.

4 Sbr. skjöl nr. 188 (a-b) og 19 (kort).

5 Sbr. *Sunnlenskar byggðir*. 3. b. *Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur*. Búnaðarsamband Suðurlands 1983. S. 48. Skjal nr. 17 (c).

6 Skjöl nr. 17 (a-d), 21, 22 (a-b), 23 (a-b), 24 (a-c), nr. 223. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, 48.

7 Magnús Stefánsson, 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficalrettslige forhold i middelalderen*. 1. b. Bergen. S. 137.

8 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 78.

9 Björn Lárússon 1967, s. 113.

10 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 313.

Þennan skóg höfðu Grímsnesingar lengi nytjað í leyfi biskupsstólsins án þess að ábúandinn hefði nokkuð fyrir það þegið.¹

Efstidalur var ein af þeim 310 stólsjörðum sem seldar voru á uppboði undir lok 18. aldar.² Jörðin var seld Bessa Sigurðssyni í Klausturhólum 19. ágúst 1788 og var þá metin 42 hndr. og 80 álnir.³ Jörðin er einnig sögð 42 hndr. og 80 álnir í Jarðatali Johnsens frá 1847 en samkvæmt nýju jarðamati sem staðfest var 1861 var hún 38,5 hndr.

Í fasteignamati frá 1849-1850 er tekið fram um Efstadal að landrými sé mikið og gott undir bú á sumrum og að jörðin hafi mikinn og góðan skóg.⁴

Landamerkjabréf Efstadals er frá 21. maí 1887 og var því þinglýst á manntalsþingi um sumaríð og undirritað af eiganda Efstadals „og öllum eigendum og umráðamönnum kringumliggjandi jarða“ en hins vegar er það einungis undirritað af hálfu Efstadals, Miðdalsjarða og Böðmódsstaða:

Beina sjónhendingu norður af Grásteini, og upp í svonefndar Þrívörður, þaðan beina stefnu í stóran einkennilegan stein austan undir Grensás, þaðan beina stefnu norður um Vatnsheiðarvatn, í vestustu nýpuna á Rauðafelli og þaðan beina stefnu norður í Afrjettarlinu, frá þeirri sömu línu ræður Brúará að austan suður að Strýtuhólum beina stefnu vestur í Bleikhól, og þaðan beina sjónhendingu í fyrnefndan Grástein. Þessi landamerki, sem eru undirskrifuð af eigendum jarðarinnar Efstadals og öllum eigendum og umráðamönnum kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.⁵

Í jarðamati frá byrjun 19. aldar kemur fram að þá var tvíbýli á jörðinni.⁶ Árið 1860 var, eftir bréflægum fyrirætlum sýslumannsins, skóglendi jarðarinnar skipt á milli þeirra sem bjuggu á vesturhluta hennar og austurhluta en formleg skipti jarðarinnar munu ekki hafa farið fram fyrir en 1946.⁷ Yfirlandskiptagerð vegna Efstadals fór fram 19. febrúar 1964. Þar segir í upphafi:

Af gögnum málsins er ljóst, að hvoru tveggju skipti skuli ná til þess lands, sem telst heimaland jarðanna. Í hvorugri skiptagjörðinni⁸ eru þó mörkuð skýr takmörk milli hins skipta lands, heimalandsins, og hins óskipta sameignarlands, sem nánast mun talið vera afrettarland jarðanna. Á hluta þeirra takmarka (! svo) eru gróðurmörk talin takmörk milli hins skipta heimalands og afrettarlandsins.⁹

Síðan er mörkum nánar lýst milli Efstadals I og II.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Efstadal frá því að jarðanna beggja er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur Efstidalur framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsettur.¹⁰

6.4. Eyvindartunga

Eyvindartunga er getið í skrá um landamerki Laugarvatns og Snorrastaða frá lokum 15. aldar að

1 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 313.

2 Sbr. *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 455. Á sama tíma voru konungsjarðir um 750 í landinu (sama rit, s. 456).

3 Skjal nr. 100 (uppskrift af gögnum um sölu Skálholtsstólsjarða, lögð fram af Páli Lýðssyni). *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 78. Þar er sölundagur sagður 26.1. 1791 og er þá miðað við útgáfudag sölubréfs konungs, sbr. *Jarðatal* 1847, s. 420.

4 Skjal nr. 203.

5 Skjal nr. 92.

6 Sbr. skjöl nr. 93, 233.

7 Skjal nr. 202 (q). *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 66.

8 Hér er líklega átt við skiptagerðir 1946 og 1959.

9 Skjal nr. 187.

10 Skjöl nr. 93 (a-c), 96, 97, 224. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 66-69.

talið er.¹ Jörðin var eign biskupsstólsins í Skálholti samkvæmt jarðabók 1597.² Í jarðabókinni 1686 var Eyvindartunga talin 20 hndr., en 16 hndr. og 80 álnir árið 1695.³ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleikinn sagður óviss, „því jörðin tíundast öngvum“, en eftir landskulddinni að dæma hefur hann verið óbreyttur frá árinu 1695.⁴ Eyvindartunga var seld séra Jóni Finnssyni á stólsjarðauppboði 19. ágúst 1788 og þá metin 26 hndr. að dýrleika.⁵ Sami dýrleiki er skráður í Jarðatali Johnsens frá 1847, en í Nýrri jarðabók frá 1861 er hún talin 17 hndr.⁶

Varðveitt er lögfesta fyrir Laugarvatni frá 1669 og er þar lýst landamerkjum jarðarinnar til mótis við Eyvindartungu (sjá kafla 6.8.).

Landamerkjabréf jarðarinnar var undirritað 22. október 1889 og samþykkt af eigendum og umráðamönnum allra nærliggjandi jarða. Bréfinu var þinglýst að Stóruborg 6. júní 1890:

1. Frá Laugarvatnsvatni, til vesturs eptir gömlum farveg (litlu áar) í Litluá, þaðan eptir ánni uppi gilmynnið, sem er á millum Nónhóls og Katrínarhóls. Úr gilmynninu bein stefna í vörðuna á Kolhól, þaðan sjónhending vestur í stóran stein á Markahrygg. Þaðan eptir Markahrygg suður í Blönduhálsklofa.
2. Úr Blönduhálsklofum ræður Djúpa alla leið austur í Laugarvatnsvatn.

Frangreind merkjalýsing þessi er samin og skrásett til samþykkis. Síðan samþykkt og undirskrifuð af eiganda jarðarinnar Eyvindartungu og eigendum og umráðamönnum allra kringum liggjandi jarða.

Skulu landamerki þessi vera óraskanleg um aldur og æfi.⁷

Undir bréf þetta rita, auk umboðsmanns eiganda Eyvindartungu, ábúendur jarðanna Úteyjar, Laugarvatns og Grafar.⁸

Eyvindartunga var gerð að ættaróðali 20. mars 1956.⁹ Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Eyvindartungu frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjarefsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.¹⁰

6.5. Gröf

Hér verður fyrst fjallað um jörðina Gröf og síðan Lækjarhvamm sem byggður var úr jörðinni 1936.

Gröf var í einkaeign á 17. öld, 35 hndr. að dýrleika samkvæmt jarðabókinni 1686 en ekki nema 15 hndr. 1695.¹¹ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er jörðin einnig sögð 15 hndr.¹² Engin skýring er gefin á þessari rýrnun jarðarinnar en þó er tekið fram að grasatekja hafi eyðst við síðasta Heklugos. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er jörðin talin 15 hndr. en 26,6 hndr. í Nýrri jarðabók 1861.¹³

1 *Íslenskt fornbréfasafn*. 7. b. Reykjavík 1903-1907. S. 325. Sbr. einnig *Íslenskt fornbréfasafn*. 15. b. Reykjavík 1947. S. 162.

2 *Kirkjueignir* 2, s. 78.

3 Björn Lárusson 1967, s. 113.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 312-314.

5 Skjal nr. 54.

6 *Jarðatal* 1847, s. 70. *Ný jarðabók* 1861, s. 25.

7 Skjal nr. 47.

8 Árið 1966 var gerð dómsátt um landamerki milli Eyvindartungu og Laugarvatns (sbr. skjal nr. 229).

9 Skjöl nr. 48 (a), 221.

10 Skjöl nr. 48-51.

11 Björn Lárusson 1967, s. 113.

12 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 322-323.

13 *Jarðatal* 1847, s. 70. *Ný jarðabók* 1861, s. 25.

Varðveittur er vitnisburður um landamerki Úteyjar frá 27. nóvember 1568. Þar er m.a. lýst landamerkjum milli Úteyjar og Grafar:

Það medkiennist eg Jon Þordarson. að minn fader Þordur kom til Vteyar og bio þar vj ár. eg epter hann vj ar og xl. þá heyrda eg að ellster menn hófdu sagt. að þesse være landamerke j millum Vteyar og Grafar. J fyrstu frá Hölmavade og vt med áne. og vppj Eyarskygner. vt epter þuj Griotgile, sem geingur vpp að þessum Skygner. Vr Skijgner og j það griotgil. sem fyrer ofann hölenn geingur fyrer nedann Eyvindartungu. og j ána þa sem rennur j Laugarvatn. Enn sa gardur sem geingur yfer vmm þuera Tunguna. hafa menn halldid vordslugard. enn ongvann landamerckia Gard. Jtem j mille Eyanna skyllde landamerke vera. Vr Jllaös og vpp j Midvad j Hölaä. Jtem lyste eg þuj adur nefndur Jon Þordarson að suo bar til einu sinne. að eg beitta mijnu fie vmm vetrar dag vpp j þessa tungu. Bio þá Jon Tejtsson j Gröf. og fann að þessare beit miög fast. suo að eg ætlade að ríjda heim j Skalholltt. og seigia til mijnum husbændum. atte þá Sigurdur hejtinn Eigelsson Gröf. og það mig huurge að fara. þuj þetta þjirfte ecke suo hátt að komast. huad eg giorda. og. að eg för huurge. Suo og lyse eg þuj saukum minnar lijtilmensku. enn störmensku þeirra sem j hlut áttu. þá naut eg ecke þessarar tungu. enda hafde eg ongvann dugnad til henne að hallda. ...

Það medkiennunst við Magnus Olafsson og Arne Jonsson. að við heyrðum Jon Þordarson hafde suoddann lysing vmm landamercke krijngum Vtey. ord fyrir ord sem hier fyrir ofann skrifad stendur. heyrdu hier vppá hanz eiginn son Simon. og suo Gudmundur Gijslason. og j sannleik að suo er setium við ockar innsigle fyrer þetta vitnizburdarbrief. huur vinizburdur bæde var borinn og skrifadur á Torfastodum j Biskupztungum Laugardaginn næstann fyrer sunnudag j Aduentu árum epter Gudz burd 1568.¹

Í Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar er að finna lýsingu á landamerkjum Grafar og lögfestu þar sem landamerkjum er einnig lýst. Landamerkjalyisingin, sem undirrituð er 19. maí 1664, er höfð eftir Guðrúnu Jónsdóttur í Grímsnesi og sonum hennar, Narfa og Magnúsi Einarssonum. Þar segir m.a.:

Vr Hölmavadi upp efftir Midänni sem rennur midlum Grafar og Eyvindar Tungu, Vr Gardatiörn, og ä Jórdinni J þá Gardatiörn. Sidann taka Vid þrir gardar, Vr Gardatiörn og J Djupä, ä Jórdinn J Midgardinn, þvi þetta hafa halldner verid Lyrittagarða, og deila Lónd midlum Grafar og Vteyar, So tekur Við Diupä, rædur hún so upp effter öllu under Blönduháls, so rædur landamerckia lägin J Blönduhälsi og ut J Blöndu, Vr Blöndu ut J reidarbarminn þann minna, hvör mest allur hafi fylgt Gróf, og so möts Vid adrar ummliggandi Jardi J Þrasaborger, so að beiti Vellir allir og Biskups breckur hafa þessari Jórdu til brukunar fylgt. Item medkennir hún, að hun hafdi hiedann frá Gróf J Blönduseli J þriu ár, og so hafdi J ytra selinu haft Längafi hennar, Jön heitinn Sigurðsson sem kalladur Var Refur, eignar Madur og äbúandi Grafar J þann tíma, siäst enn nu þær seltöptir skamt frá hinum, Jtem Sæmundur sonur hanns effter hann, hiellt slíkt hið sama, hafdi hann her tilvitad umm sinn alldur allann, enn vard sjótugur madur, og þetta bar og vissi dötter hans Gudrun Sæmundsdötter, möder þessarar Gudrunar Jönsdötter, og hefur so halldid madur effter mann, til þessa tíma Vr Þrasaborgum og J Molldbreckur hinar efre eda Nordare, Vr þeim Molldbreckum og J markasteininn sem stendur ofann til Við gilið edur upptökinn ä Aurridalæk, er kallast Aurrida lækjar botnar, so framm effter læknum framm J Grafar ä, ber hun að J þann Aurridalæk hafi netnæmir fiskar geingid, so rædur Grafar ä framm að är mötum þeirrar är sem Djupinn kallast, räða so diupinn merkium midlum Grafar og uteyar i Hölmavad.²

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 15 s. 162-163.

2 Skjal nr. 201 (1).

Hinn 12. maí 1666 lögfesti Teitur Pétursson, í umboði Brynjólfs biskups Sveinssonar, jörðina Gröf, og er svo að sjá sem þar hafi í öllum meginatriðum verið stuðst viðfyrirnefnda lýsingu frá 1664:

Vr Hölma Vadi Vpp effter midänne, sem rennur J mjdle Grafar og Eivindartungu, J Gardatiörn, taka sidann Vid þrir gardar, og ä Jörðin Gróf J midgardinn. Sidann tekur vid Diupä, rædur hun so Vpp under Blönduhäls, so rædur Landamerkiurn Läginn J Blönduhälsi, og ut J Blöndu. Sidann á allt flata läglendeð sem liggur J midle Reidarbarnsens og Lingdalsheidar J Vestur ätt ad kliufast J sundur J tvó hluti Jafna, ur nefndri Blöndu Vestur effter allt so Langt að réttlínis horfe Við Þrasaborgir, ä þä Laugar Vatn allt ad Nordann Enn Gróf allt ad Sunnann til helminga hvor Vmm sig mótz Vid adra af greindu läglende, so leinge sem þesse Lónd Ná samann, sem er til retrrar siönhendingar J Þrasaborger, ur Þrasaborgum, og J Mollbreckur hinar efre edur nordari, ur þeim Mollbreckum og J Markasteininn sem stendur ofann til Við Gilid edur Upptokinn a Aurridalæk er kallast Aurridalækjarbotnar, so framm effter Aurridalæk ofann J Grafar ä, so rædur Grafarä framm ad Ármötum Við þä ä sem Diupenn kallast, ræda so Diupenn merkium J midle Grafar og Uteyar J Hölma Vad.¹

Landamerkjabréf Grafar var undirritað 24. maí 1886 og „samþykkt af eigendum og umráðamönnum jarðarinnar Grafar og allra kringumliggjandi jarða“. Þar fyrir neðan standa nöfn þessara jarða: Efra-Apavatns, Laugarvatns, Úteyjar og Eyvindartungu. Landamerkjabréfinu var þinglýst sumarið 1887 og er svolátandi:

Frá minni Urredalækjar ræður Urredalækurinn út að Ýrákletti, þaðan bein stefna til vesturs í syðstu vörðuna á Grenjabrekku, og svo áframhaldandi sjónhending vestur Lingdalsheiði í vörðu þar sem kemur að Laugarvatnslandi, sem er hornmark, þaðan bein stefna í Blönduhálsgil í Blönduhálsklofa, sem og svo er hornmark. Svo ræður Blönduhálsgil ásamt Djúpa austur að Gardatjörn, þaðan ræður Sognlækur ásamt Djúpánunum austur í sporð, þaðan til suðvesturs ræður Grafarä að áðurnefndu Urredalækjarminni.

Þessi framanskráðu landamerki eru samþykkt af eigendum og umráðamönnum jarðarinnar Grafar og allra kringumliggjandi jarða, og skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.²

Árið 1936 var býlið Lækjarhvammur byggt úr jörðinni Gröf en nafnleyfi var þinglýst 18. september 1942. Í landskiptafundargerð, dags. 3. september 1971, er tekið fram að eignarhlutföll jarðanna skuli vera 62,5% fyrir Lækjarhvamm og 37,5% fyrir Gröf. Í 6. gr. fundargerðarinnar er því lýst yfir að landskiptanefnd telji óeðlilegt samkvæmt anda jarðskiptalaganna að heiðlendi jarðanna verði tekið til skipta að sinni. Í skýringargrein er hins vegar áminnt um að þegar heiðlendi jarðanna verði skipt skuli það gert sem næst í sömu eignarhlutföllum.³

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Gröf frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hætti hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁴

6.6. Hjálmsstaðir

Hjálmsstaða er getið í dómi sex manna um testamentisbréf og gjafir Solveigar Björnsdóttur 29. júní 1497.⁵ Jörðin var í einkaeign á 17. öld, metin 25 hndr. árið 1686 en aðeins 10 hndr. árið 1695 enda

1 Skjal nr. 201 (2).

2 Skjal nr. 35.

3 Skjal nr. 189.

4 Skjöl nr. 39, 40 og 225. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 49-50.

5 *Íslenskt fornbréfasafn*. 7. b. Reykjavík 1903. S. 358.

þótt engin breyting hafi orðið á landskuld og leigukúgildum.¹ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er jörðin einnig talin 10 hndr.² Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens frá 1847 en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 voru Hjálmsstaðir 22,6 hndr. að dýrleika.³

Elsta heimild um landamerki Hjálmsstaða er frá 3. ágúst 1574. Þar segir orðrétt:

J firstu skilldi ræða að nedanverdu Bitruösminni fram við ána þadan sionhendijng j östanverda Krijnglumýri. Sijdan j vörðurnar sem giðrdar voru. tuær ä hæðunum. þä j gnijpuna ä Miödalsbrun hina vestari. og þä mann stendur vid ösinn liggja öll þessi merki thil samans að Rettri sionhendijngu. Voru þessi landamerki giðrd af Lögmanninum Þörði Gudmundssini og 6 lögrettumönnnum suo heitendum...⁴

Landamerkjalyásing þessi styðst við áreið sem gerð var þennan sama dag að frumkvæði lögmannsins, Þórðar Guðmundssonar.⁵

Landamerkjabréf Hjálmsstaða var undirritað 24. maí 1887 og staðfest vegna Snorrastaða og Miðdalsjarða. Því var þinglýst þetta sama sumar:

Á millum Hjálmsstaða og Laugarvatns skilur sú svokallaða Hjálmsstaðaá þar sem hún rennur í Laugarvatnsvatn, þaðan frá og uppá millum Hjálmsstaða og Snorrastaða, ræður sú sama á allt til sinna upptaka við vestri Hryggsendann, það [svo] stefnu austan til yfir Fagradal og sama stefna yfir Mosana í Grensásinn vestan til á Jafnafelli norður í Afrjettarlínu, að austan verðu ræður Hnúkurinn á Mjóudalabrún vestri, þaðan sjónhending um vörðu niður á Hæðunum og austanverða Kringlumíri í Bitruós niður við Skillandsá, svo ræður áin niður að Miðdalsengjavaði, þaðan um göturnar vestur Rotubakkann sjónhending úr vestanverðum Hristanga í Ósfarið við Laugarvatnsvatn, svo ræður vatnið vestur að fyrnefndri Hjálmsstaðaá.

Þessi landamerki, sem eru undirskrifuð af eigendum jarðarinnar Hjálmsstaða og öllum eigendum og umráðamönnum kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.⁶

Hjálmsstaðir voru gerðir að tvíbýlisjörð (Hjálmsstaðir I og II) árið 1943.⁷ Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Hjálmsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framsest með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁸

6.7. Laugardalshólar og Hólabrekka

Hér verður í fyrstu fjallað um jörðina Laugardalshóla og síðan býlisins Hólabrekku sem fyrst var byggt í landi jarðarinnar árið 1858.

Laugardalshólar voru í eigu Skálholtsstóls samkvæmt jarðabók frá 1597.⁹ Þeir voru taldir 40 hndr. jörð bæði í jarðabókinni 1686 og 1695.¹⁰ Dýrleikinn er sagður óviss í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1708) en landskuldin var óbreytt frá fyrri jarðabókum.¹¹

1 Björn Lárusson 1967, s. 113.

2 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 317-318.

3 *Jarðatal 1847*, s. 70. *Ný jarðabók 1861*, s. 24.

4 Skjal nr. 192 (*Alþingisbækur Íslands 1*, s. 251-253).

5 Skjal nr. 192.

6 Skjal nr. 68.

7 Sbr. skjal nr. 226. Í *Sunnlenskum bygðum 3*, s. 60, segir að býlin hafi orðið tvö árið 1942.

8 Sbr. skjöl nr. 72, 73, 226.

9 *Kirkjueignir á Íslandi 2*, s. 79.

10 Björn Lárusson 1967, s. 113.

11 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 315.

Jörðin var seld í tvennu lagi á stólsjarðauppboðinu í lok 18. aldar. Hálf jörðin var seld ábúandanum Einari Jónssyni 19. ágúst 1788 en hinn hlutinn var seldur ábúandanum Gísla Þórðarsyni 18. júní 1790. Jörðin í heild var þá metin 55 hndr. og 40 álnir.¹ Sami dýrleiki er skráður við jörðina í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók frá 1861 er hún metin 40,9 hndr.²

Landamerkjabréf Laugardalshóla var undirritað 21. maí 1887 og því þinglýst á manntalsþingi um sumarið:

Frá Hólaá ræður Farið vestur í Farklofa, þaðan sjónhending um Markalækjarminni í vörðu á Smáholtum og vörðu á Markagarði austan við Miðdalskotstún í Gljúfursgil uppi í fjallsbrún, og sömu stefnu vestast í Prestshæð, verður þá landið oddmyndað norðan í fjallsbrúninni á móts við Vatnsheiðarvatn. Þaðan sjónhending til suðurs um stóran stein austan undir Grensás, suður af fjalli, niður um þrívörður í Grástein og frá Grásteini sjónhending um Maurholt suður í Hólaá, svo ræður Hólaá norður og vestur að áðurnefndu Fari.

Þessi landamerki, sem eru undirskrifuð af eigendum jarðarinnar Laugardalshóla og öllum eignar og umráðamönnum kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.³

Skýrt kemur fram að umráðamenn Miðdalsjarða og Böðmósstaða rita undir bréfið en nafn ábúanda Efstadals er þar einnig þótt ekki sé hann kenndur við jörð sína.

Hólabrekka var fyrst byggð árið 1858, fjórðungur af landi Laugardalshóla. Jörðin var í byggð til ársins 1921 en fór þá í eyði.⁴ Árið 1952 hófst búseta þar að nýju og var nafntökuleyfi fyrir Hólabrekku þinglýst 27. nóvember sama ár. Á síðari árum hefur jörðin verið nytjuð af ábúanda Laugardalshóla.⁵

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelt á Laugardalshólum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁶

6.8. Laugarvatn

Ekki er vitað hvenær fyrst var reistur bær að Laugarvatni. Fyrst er Laugarvatns getið í Njálu en óvíst er hvort þar sé átt við vatnið sjálft eða bæ sem þar stóð hjá.⁷

Á Laugarvatni var bændakirkja helguð heilögum Blasíusi. Í máldaga, sem talinn er frá 1379, er sagt að kirkjan eigi 10 hndr. í heimalandi.⁸ Þetta er síðan endurtekið í Vilkinsmáldaga 1397 og máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570.⁹ Árið 1497, að talið er, var lýst landamerkjum milli Laugarvatns og Snorrastaða og er ljóst að á þeim tíma var jörðin orðin eign klaustursins í Viðey:

Þessi ero landa merki j mille lavgar vatz og snorastada.

vr hellinvm ofan vpp j brvnninne og sionhending ofan j rvnnin firir avstan hristanga þar sem lýr(i)tarn-er liggia vnder. og sionhending yfer j þvfvna er stendur hia divpaa. Enn mille eyvindar tvngv skilvr

1 Skjöl nr. 110 og 111.

2 *Jarðatal* 1847, s. 70. *Ný jarðabók* 1861, s. 24.

3 Skjal nr. 104.

4 *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 65.

5 Sbr. skjöl nr. 103 og 218. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 65.

6 Sbr. skjöl nr. 108 og 218. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 64.

7 Haraldur Matthíasson, 1961: „Árnessýsla. Grímsnes og Biskupstungur.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 53.

8 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1890. S. 343.

9 *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn. S. 91. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 646.

ain og nedann vnder gotvnrar firir vtann aana er ridit er vt aa vollvna. og fra hvkvmm og vt til blondv og svo yfer vnder goturnar er ridit er vr skalholli. og vt epter heidinne sem goturnar liggia. og vp j stelpv steins helli og nordvr j sanndgýgi og þadann nordvr j hrafna biorg. Af henti oddvr brandzson lavgar vatnn med þessvm tilsogdvm landamerkvmm brodur ormi jonssyne conventubrodur j videy vegna klavstvrzins j videy.

Ridv aa fir sogd landa merki gvdmvndvr magnvsson. gestvr andreosson og hafdi gestur þa verid xxiiij vetvr aa lavgar vatnni.¹

Við siðaskiptin eignaðist konungur Laugarvatn þegar hann lagði hald á allar klaustureignir í landinu en árið 1616 lét hann jörðina af hendi ásamt Bakka og Kiðafelli í Kjósarsýslu í makaskiptum fyrir Reykjavík.² Eftir það var Laugarvatn í einkaeign.

Um landamerki Laugarvatns er til vitnisburður sem saminn var í Skálholti 31. mars 1618. Vitnisburðurinn var síðan borinn fram í staðfestu afriti á manntalsþingi að Stóruborg 14. maí 1728 og í nýju afriti á manntalsþingi á sama stað 21. maí 1833. Vitnisburðurinn er á þessa leið (samkvæmt afritinu 21. maí 1833):

Það medkenni eg Magnús Brandsson að eg er barnfæddur á Laugarvatni j Middals kyrkiu sókn og ólst eg þar upp og var eg þar hjá mínum föður til þess eg hafði fimm um tvítugt og síðan hef eg hvörgi annarstadar til vista enn þar í Laugardalnum verid nema fjögur ár á Arnarbæli í Grímsnesi og nú þrjú ár í Haukadal í Biskupstúngum enn eg hefi nú sex um fertugt og um allan þann tíma sem eg hefi til vitad hefir svo verid haldit um Laugarvatns landamerki.

Í fyrstu á milli Laugarvatns og Ejvindartungu rædur litla áin (í sínum gamla farveg) allt upp fyrir Nónhólin sem kalladur er Nónhóll frá Laugarvatni og þaðan í Smalaskálan sem austan til á Hnúkaheijdi og sjónhending úr þeim Smalaskála og í stóra steinin á Blönduhálsi og úr þeim steini réttisýnis í Þrasaborgir sem standa hæðst sudur á heijdinni og úr þeim Þrasaborgum sjónhending í nordra Driftar endan á þeirri vestustu Driftinni. Þaðan sjónhending og í Stelpusteinhellir vestur á hrauninu. Þaðan upp í sandgygjenn sem er í Hrafnabiargahálsi langt frá Reidarbarminum.

J öðru lægi á millum Laugarvatns og Snorrastada. Fyrst sjónhending úr Markatánga (fyrir austan stóra Hrístanga) og í Markagilskjaptin. Úr því rædur Markagilid þängad sem Hellirsskútin er í fjallsbrúninni.

J þridia máta úr fyrnefndum Markatánga sjónhending fram í Hialmstadaá. Þar sem ein fuglstapapúfa er Híalmstada mégin á arbackanum. Hún stendst á við Borgarstædid á Lambhagaholti. ...³

Árið 1626 báru nafngreindir menn því vitni að Oddur Einarsson hefði látið lesa upp opinberlega fyrir Magnúsi Brandssyni fyrnefndan vitnisburð og hefði Magnús staðið við hvert orð sem þar kæmi fram.

Lögfesta fyrir Laugarvatni var lesin upp á Alþingi 1669 og er hún á þessa leið:

Eg Sæmundur Árnason í handsöluðu og vottuðu umboði Jóns Árnasonar lögfesti hér í dag hans eignarjörð Laugarvatn, liggjandi í þessari sýslu og Miðdals kirkjusókn, akra og töður, engjar og skóga, holt og haga, vötn og veiðistaði og allar landsnytjar, þær er því landi eiga að fylgja, til þessara takmarka, þar til önnur löglegri með sanni reynist: Í fyrstu millum Laugarvatns og Eyvindartungu ræður litla áin

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 324-325.

2 Björn Lárusson 1967, s. 127-128 (28. nmgr.).

3 Skjal nr. 190b (4).

í sínum gamla farveg allt upp yfir Nónhólinn, sem kallaður er Nónhóll frá Laugarvatni, og þaðan í Smalaskála, sem er austan til á Hnúkaheiði, og sjónhending úr þeim Smalaskála og í stóra steininn á Blönduhálsi, og úr þeim steini réttýsni á Prasaborgir, sem standa hæst suður á heiðinni, og úr þeim Prasaborgum sjónhending í norðra Driftarendann á þeirri vestustu Driftinni, þaðan sjónhending og í Stelpusteinhelli vestur á hrauninu, þaðan og upp í sandgíginn, sem er í Hrafnabjargarhálsi langt frá Reyðarbarminum. Í öðru lagi millum Laugarvatns og Snorrastaða: Fyrst sjónhending úr Markatanga fyrir austan stóra Hristanga og í Markagilskjafinn. Úr því ræður Markagilið þangað sem hellisskútinn er í fjallbrúninni. Í þriðja máta úr fyrrnefndum Markatanga sjónhending fram í Hjálmsstaðaá, þar sem ein fuglstapahrúga er Hjálmsstaðamegin á árbakkanum. Hún stentz á við borgastykkið á Lambhagaholti. Fyrirbýður Jón Árnason hverjum manni sér að nýta eður brúka, nema hans sé lof eður leyfir fyrir. Að vitni lögmanna og lögréttumanna, er orð mín heyra.¹

Laugarvatn var talið 30 hndr. jörð í jarðabókunum 1686 og 1695.² Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1708). Kirkjuhúsið var þá fyrir löngu niður fallið en munnmæli voru að þar hefði að fornu verið hálfkirkja. Eigandi jarðarinnar var sagður Oddur Sigrúðsson varalögmaður eða móðir hans, Sigríður Hákonardóttir. Eins og aðrar jarðir í hreppnum átti Laugarvatn afrétt „norður og vestur á fjöll kringum Skjaldbreið“. Raftviðarskógur jarðarinnar var gereyddur en til kolgerðar og eldiviðar var hann enn nýtilegur. Tvær hjáleigur eru nefndar með jörðinni, Stekkjarbakki sem hafði legið 14 ár í eyði, og „hjáleigunefna“ sem varaði aðeins í eitt ár.³

Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleiki Laugarvatns enn sagður 30 hndr. en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var jörðin metin á 40,3 hndr.⁴

Landamerkjabréf Laugarvatns í Grímsnesi var undirritað 12. maí 1890 og þinglesið 6. maí sama ár að Stóruborg:

Milli Laugarvatns og Eivindartungu ræður litla áin í sínum gamla farveg þangað til að gilið, sem er norðanundir Skógarhólnum kemur í hana, úr því gilmyggi beina stefnu í vörðu á Kolhól, þaðan sjónhending rjetta í stóra steininn á Blönduhálsi; þaðan beint fram í Blönduhálsklofa, þaðan sjónhending í vörðu á Biskupsbrekku; þaðan sjónhending rjetta í Prasaborgir, sem er hæzti hnúkurinn á sunnanverðri Lingdalsheiði, þaðan sjónhending í nyrðri Driptarendan á vestustu Driptinni, þaðan sjónhending í Hamraselhelli, sem er langt vestur á hrauni, þaðan aptur beina sjónhending í Eldborgir á Hrafnabjargarhálsi, úr Eldborgum sjónhending í háan hnúk á norðan og austan verðri Hrossadalsbrún, úr nefndum hnúk aptur sjónhending fram á fjallsbrúnina, þar sem hellisskúti er efst í Markagili; síðan ræður Markagil niður að mýrinni, en úr því sjónhending niður í Hjálmsstaðaá, þar sem Fuglstapapúfa er, Hjálmsstaðamegin og stentz sú þúfa á við borgarstæðið á Lambhagaholti. Frá áður nefndri þúfu ræður Hjálmsstaðaá niður í Laugarvatn.⁵

Landamerkjabréf þetta samþykktu ýmist eigendur, ábúendur eða umráðamenn eftirtalinna jarða: Miðfells, Gjábakka, Snorrastaða, Hjálmsstaða, Eyvindartungu, Grafar, Efra-Apavatns, Kaldárhöfða, Neðra-Apavatns, Búrfells og Klausturhóla.

Nokkur munur kemur í ljós þegar borin eru saman landamerkjabréfið og lögfestan frá 1669. Við samanburð á lögfestunni og landamerkjabréfinu kemur í ljós að landamerki Laugarvatns hafa færst frá Stelpusteinhelli í Hamraselhelli. Þetta hefur gerst þegar Eiríkur Grímsson í Gjábakka keypti,

1 Skjal nr. 192 (2) (*Alþingisbækur Íslands* 7, s. 153-154).

2 Björn Lárusson 1967, s. 113.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 319-320.

4 *Jarðatal* 1847, s. 70. *Ný jarðabók* 1861, s. 25.

5 Skjal nr. 16.

einhvern tíma fyrir 1890, stórt landsvæði af Magnúsi Magnússyni á Laugarvatni.¹ Þrátt fyrir eftirgrennslan hefur samningur um þessi viðskipti ekki fundist.

Árið 1917 var landspilda af Laugarvatnslandi seld Grímsneshreppi til eignar og umráða. Samkvæmt kaupsamningnum, sem undirritaður var 28. ágúst 1917, seldi Böðvar Magnússon Grímsneshreppi landspildusneið af Laugarvatnslandi „til eignar og umráða, með öllum gögnum og gæðum sem hún hefur í sér fölginn“. Landamerki landspildunnar voru þessi:

Markaþúfan á Biskupsbrekku, úr henni bein lína í Prasaborgir, þaðan sjónhending í norðurendann á Driftinni, þaðan um Hamarselshellir, Stóra Dímon, Eldborgir og þaðan sjónhending í norðasta Kálfs-tind þaðan fram með fjallgarðinum fram í syðra Litlubarmshorn og þaðan sjónhending í áðurnefnda þúfu í Biskupsbrekku.²

Í samningnum áskildi seljandi að hreppsnefnd Grímsneshrepps leyfði engum að reka sauðfé til sumargöngu í hinu selda landi heldur væri það aðallega notað fyrir afrennslisfé úr afrétti Grímsnesinga. Á móti skuldbatt hann sig til að taka engan sauðfénað af öðrum jörðum í Laugarvatnslandi sem valdið gæti átroðningi á hinu selda landi. Samningnum var þinglýst að Laugardalshólum 22. júní 1918.

Um smölun jarðarinnar Laugarvatns hefur verið nokkur ágreiningur á síðari árum. Hreppsnefnd Laugardalshrepps hefur haldið því fram að eigendur Laugarvatns eigi að sinna og bera allan kostnað af smölun jarðarinnar utan girðinga og vísar til 39. gr. laga um afréttarmálefni o.fl., nr. 6/1986, þar sem segir að hver bóndi sé skyldur að smala heimaland sitt á haustin samhliða leitum ef sveitarstjórn mæli svo fyrir. Eigendur jarðarinnar Laugarvatns hafa hins vegar verið þeirrar skoðunar að 12. gr. sömu laga ætti við um þennan hluta jarðarinnar en þar er fjallað um beitolönd einstakra jarða sem notuð eru til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með líkum hætti og afréttir.³

Vorið 1910 var reist nýbýli í Reyðarbarmi á Laugarvatnsvöllum, í helli einum sem frá fornu fari hafði verið notaður fyrir beiturfé og fjármannaskýli. Býlið var nefnt Reyðarmúli. Þar var um skeið veitingarekstur. Í maí 1919 seldi Böðvar Magnússon á Laugarvatni Símoni Simonarsyni, fyrrverandi bónda í Reyðarmúla, hluta úr eignarjörð sinni, Laugarvatni, sem var hálf nýbýlið og er merkjum þess nánar lýst í kaupsamningnum.⁴ Búskapur mun hafa lagst af í Reyðarmúla 1922. Í kaupsamningnum var tekið fram að Símon skyldi selja Böðvari aftur þennan hluta nýbýlisins ef hann vildi ekki búa þar sjálfur og þáverandi ábúandi í Reyðarmúla flytti þaðan eða óskaði ekki eftir því að kaupa býlið.⁵

Árið 1919 eignaðist Laugarvatnsskóli hálfja jörðina ásamt hálfum Reyðarmúla og árið 1949 var gerður samningur um friðun skóglendis á jörðinni.⁶ Á Laugarvatni hefur á síðari árum verið rekin fjölbreytt fræðslustarfsemi auk þess sem ferðaþjónusta er þar vaxandi atvinnugrein. Mannvirki á staðnum voru flest annaðhvort í eigu ríkisins eða sameign ríkisins annars vegar og Héraðsnefndar Árnesinga og Selfoskaupstaðar hins vegar. Nýr samningur var gerður milli þessara aðila 5. janúar 1996 um skiptingu eigna þeirra á Laugarvatni. Síðar sama ár afsöluðu sveitarfélögin (Héraðsnefnd Árnesinga og Selfoskaupstaður) til Laugardalshrepps öllum þeim réttindum sem þau áttu samkvæmt fyrrnefndum samningi og var afsalið undirritað 30. desember.⁷

1 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 221.

2 Skjal nr. 231.

3 Skjöl nr. 208 og 209. Samkomulag mun hafa náðst um að fara að tilmælum hreppsnefndar, sbr. skýrslutökur 28. júní 2000 (Theodór Vilmundarson).

4 Skjal nr. 230.

5 *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 57.

6 Skjöl nr. 214 og 246.

7 Skjöl nr. 259 og 260.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Laugarvatni frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.¹

6.9. Miðdalur, Miðdalskot og Ketilvellir

Samkvæmt Vilkinsmáldaga frá 1397 var í Miðdal kirkja helguð Maríu mey sem átti heimaland allt með gögnum og gæðum.² Miðdalur var því *staður*. Ekki er þar getið um aðrar eignir en kirkjumuni og búfê. Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá síðari hluta 16. aldar er fastagóss kirkjunnar metið á 25 hndr. Þar er jafnframt ítrekað að kirkjan eigi heimaland með gögnum og gæðum og jörðina Ketilvelli að auki.³ Þessi yfirlýsing er síðan skráð orðrétt í visitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1644.⁴

Í jarðabókinni 1695 er Miðdalur talinn 18 hndr. að dýrleika.⁵ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleikinn sagður óviss og landskuldin er ekki heldur tilgreind enda bjó staðarhaldarinn sjálfur (beneficiatus) á jörðinni. Þar er þess getið að Úthlíð hafi verið annexía frá Miðdal. Miðdalshjáleiga var í landi Miðdals en komin í auðn þegar jarðabókin var gerð (1708): „Þá eina grasnautn hafði býlið, sem staðurinn aflagði, nema hvað þar fyrir utan naut þolinmæði bóndans í Laugardalshólum.“⁶ Ketilvellir voru einnig í eigu Miðdals og sérstök jörð að því er virðist fremur en hjáleiga en naut þó Hjálmsstaða með líkum hætti og Miðdalshjáleiga naut Laugardalshóla.

Miðdalskot heitir býli út úr Miðdal. Það kemur fyrir í jarðamati frá byrjun 19. aldar (1804) en áður mun býlið hafa verið hjáleiga og nefnt Maríugerði eða Austurkot.⁷

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Miðdalur ekki metinn til dýrleika og ekki heldur hjáleigan Miðdalskot en í neðanmálgrein er þessi athugasemd: „Hreppstjóri telur Miðdal 32, og Miðdalskot 8 h. að dýrleika, en annarstaðar segir hvergi frá dýrleikanum, né heldur frá leigumála á Miðdal.“⁸ Um Ketilvelli er vitnað í hreppstjóra einn sem taldi jörðina 15 hndr. að dýrleika. Í Nýrri jarðabók 1861 er Miðdalur hins vegar sagður 32 hndr. að fornu mati en 26,2 hndr. eftir nýju mati. Miðdalskot var þá metið 7.9 hndr. (talið 8 hndr. áður) en Ketilvellir 11,5 hndr. (15 hndr. áður).⁹

Landamerkjabréf fyrir Miðdal ásamt Ketilvöllum og Miðdalskoti var undirritað 9. maí 1889 og staðfest af eigendum og ábúendum Miðdals og Miðdalskots, Efstadals, Laugardalshóla, Ketilvalla, Hjálmsstaða, Snorrastaða og Laugarvatns. Bréfinu var þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Borg 23. maí sama ár:

Milli Hjálmsstaða og Miðdals eru þessi mörk: Ósfarið við Laugarvatnsvatn upp mosann í vestan verðum Hrístanga, þaðan ráða götur þær sem liggja austur Rotubakkann sjónhending í svokallað Engjavað á Skillandsá; frá Engjavaði ræður áin að Bitruós, frá Bitruós sjónhending um austanverða Kringlumýri og vörður í hæðunum upp af henni í hnúkinn á Mjóudalabrún vestri; þaðan sjónhending í hnúkinn á austanverðri Hrossadalsbrún; þaðan gagnvart afirjetti, sjónhending í vestustu nýpuna á Rauðafelli; þaðan gagnvart Efstadal, sjónhending í Vatnsheiðarvatn; úr Vatnsheiðarvatni gagnvart Laugardalshólum sjónhending í Gljúfurgil á fjallsbrúninni og liggur sú stefna um Pretshæð [svo]; úr Gljúfurgilinu á fjallsbrúninni er bein sjónhending um vörður þær, sem hlaðnar eru á Markagarði, Smáholtum og við Markalæk í Farklofana; þaðan ræður Hólaá og Laugarvatnsvatn að fyrstnefndu Ósfari.¹⁰

1 Sbr. skjal nr. 214.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 38.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

4 Skjal nr. 190 (1).

5 Björn Lárússon 1967, s. 113. Mat jarðarinnar 1686 er ekki skráð.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 316.

7 Skjal nr. 233. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 63.

8 *Jarðatal* 1847, s. 70.

9 *Ný jarðabók* 1861, s. 24.

10 Skjal nr. 79.

Árið 1928 byggði Böðvar Magnússon, hreppstjóri í Laugardalshreppi, syni sínum, Magnúsi Böðvarssyni, jörðina Miðdal. Tekið var fram að byggingarsamningur þessi öðlaðist ekki gildi fyrr en sýslumaður staðfesti hann með undirskrift sinni. Magnús settist ekki strax að á jörðinni heldur framseldi Gunnari Gunnarssyni ábúðarréttinn til fardaga 1934. Samningur þeirra í milli var handskrifaður sem viðbót við byggingarbréf hreppstjórans en honum virðist ekki hafa verið þinglýst frekar en byggingarbréfinu. Í byggingarbréfinu var landamerkjum jarðarinnar lýst á þessa leið:

1. Milli Miðdals og Hjálmstaða: Úr markagerði á Vatnsbakkanum í markapúfu á Rotubakkanum, þaðan ráða götur á Rotubakkanum austur í Skillandsá, ræður svo Skillandsá uppeftir meðan lönd liggja saman.
2. Milli Kjetilvalla og Miðdals: Úr markapúfu niður á Skillandsárakka, sjónhending á Hóla að hundapúfu á Búðarholtshalajaðri á ystri enda á Vörðufjalli, ræður svo Skillandsá uppeftir svo lengi sem lönd liggja saman.
3. Milli Miðdalskots og Miðdals: Ræður Hökulækur austur eftir þar til Tóugil tekur við, og ræður það svo mörkum uppi fjallsbrúnina sjónhending um Vatnsheiði í vestra Rauðafellshorn þaðan afrijetarlínu sjónhending vestur í Skriðutinda, og þaðan niður eftir um Mjóudalagil þar til Skillandsár upp-tök tekur við.¹

Árið 1930, 3. janúar, keypti Magnús Böðvarsson Miðdal af Kirkjujarðasjóði en Miðdalskot og Ketilvellir voru áfram eign Miðdalskirkju (Kirkjujarðasjóðs).² Magnús seldi Hinu íslenska prentarafélagi í Reykjavík jörðina með afsali, dags. 17. október 1941.³ Árið 1980 sameinuðust Bókbíndarafélag Íslands, Grafíska sveinafélagið og Hið íslenska prentarafélag í eitt félag, Félag bókagerðarmanna, og var þá Miðdalur ásamt öðrum eignum og skuldum fært yfir á hið nýja félag.⁴

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Miðdal frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundum hætti og verið veðsett.⁵

6.10. Snorrastaðir

Snorrastaðir voru í einkaeign á 17. öld, taldir 20 hndr. árið 1686 en 16 hndr. árið 1695 og einnig 1708 þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín skráðu jarðalýsingar í Grímsneshreppi.⁶ Dýrleiki jarðarinnar er óbreyttur, 16 hndr., í Jarðatali Johnsens en þegar jörðin var metin að nýju um miðja 19. öld reyndist hún vera 22, 6 hndr. að dýrleika.⁷

Landamerkjabréf Snorrastaða var undirritað 24. maí 1887 og því þinglýst á manntalsþingi síðar um sumarið. Auk eiganda Snorrastaða skrifaði séra Stefán Stephensen undir bréfið vegna Laugarvatnseiganda:

Á milli jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns byrja landamerki, niður við Hjálmstaðaá, þar sem bera saman vörðurnar á Flóðakeldubakka og ofantil á Vestraholti, fyrir sunnan ána, þaðan sjónhending í Markapitt um Markavík og Markalág upp í Markagilið uppi í Fjallsbrún, þaðan sama sjónhending til Afrijetarlínu, frá sömu línu að austanverðu sjónhending um Grensásinn vestantil á Jafnafelli, suður

1 Skjal nr. 81, sbr. nr. 80.

2 Sbr. skjöl nr. 82, 185, 186 og 207. *Kirkjueignir á Íslandi 2*, s. 78-79. 5 hundruð og 77 álnir úr jörðinni voru í þinglýstri einkaeign samkvæmt veðbókarregistri (skjal nr. 227).

3 Skjal nr. 82.

4 Skjal nr. 86.

5 Skjal nr. 227.

6 Björn Lárusson 1967, s. 113. *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 318.

7 *Jarðatal* 1847, s. 70. *Ný jarðabók* 1861, s. 25.

yfir Mosana og austantil yfir Fagradal í ána við vestri Hryggsendann, svo ræður áin niður að fyrst-nefndum vörðum.

Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af umráðamönnum jarðarinnar Snorrastaða og öllum eigöndum og umráðamönnum kringumliggjandi jarða skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.¹

Árið 1934 var stofnað nýbýlið Skógar úr heimalandi Snorrastaða. Þar var síðan búið til ársins 1940 og að nýju frá 1953 til 1965 þegar eigendur Skóga seldu eiganda Snorrastaða þennan jarðarhluta.²

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Snorrastöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst við erfðir, gengið kaupum og solum og verið veðsett.³

6.11. Laugardalsafreittur

Laugardalshreppur var hluti Grímsneshrepps fram á öndverða 20. öld og afreittur þeirra hinn sami. Hér verður því í fyrstu rakin saga Grímsnesafreittar til þess tíma er honum var skipt milli Grímsneshrepps og Laugardalshrepps árið 1920.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns mun vera ein elsta heimild um afreitt Grímsnesinga. Í lýsingu Efstadals segir svo um afreittinn:

Afrjett á jörðin ásamt öllum Grímsnesingum norður og vestur á fjöll kringum Skjaldbreið, og var þá siður að reka þángað sem heitir Lambahraun. Sá afrjettur er nú aflagður fyrir nær því 40 árum; síðan ganga lömb í búfjárhögum, sem til fjalls vita, og með því jörðin á mikið land til fjalls, þiggja stundum fleiri, stundum færri, sumarhaga fyrir lömb sín af ábúandanum fyrir einhvorn góðvilja eftir því sem um semur.⁴

Hér er einnig rétt að taka upp það sem sagt er um afreitt Miðfells í Þingvallasveit:

Afrjett hefur til forna brúkuð verið í Skjaldbreiðarhrauni og meinast allur þessi hreppur eigi afrjettinn saman við Grímsnesinga, en nú yfir 40 ár hefur þángað ei rekið verið, lagðist það af vegna þess að þaðan voru slæmar heimtur, svo er nú og landið þar mjög blásið og liggur undir snjóum langt fram á sumur.⁵

Séra Halldór Jónsson á Mosfelli kemst svo að orði um afreittinn í sóknarlýsingu sinni 1840:

Í Kræklur og Lambahraun, sem eg heyri sagt, að liggja muni á landamerkjum Þingvalla og Laugardalsjarða (Laugarvatns og Miðdals), en nú í langan tíma ei brúkaðan. Mun helst grasleysi valda, og fé rennur þaðan víðs vegar, so tapast að öllu leyti, hvorsvegna nokkrir sóknarbændur hafa leigt nú um nokkurn tíma Hestfjall af Skálholtseiganda til lambauppreksturs.⁶

Kræklur eru á svæðinu milli Hlíðargjár og Hrafnabjarga en það hlýtur að vera ranghermi hjá prestinum að Lambahraun liggja á landamerkjum Þingvalla og Laugardalsjarða nema hann hafi átt við Lambahlíðar austan við Skjaldbreið. Einnig kemur til greina, þótt ólíklegra sé, að hann sé að vísa til Lambagjárhrauns sem liggur norðan Hrauntúns, upp að Ármannsfelli og austur að Víðivöllum.

1 Skjal nr. 57.

2 *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 58. Skjöl nr. 61 og 62. Nafnleyfi var þinglýst 18. september 1942 (skjal nr. 222).

3 Skjöl nr. 58 og 222.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 313.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 359-360.

6 *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðan Jónsson*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík. S. 154-155.

Séra Björn Pálsson, prestur á Þingvöllum, vikur einnig að Grímsnesingum í lýsingu sinni á afrétti sóknarmanna sinna árið 1840:

Afréttur fyrir Grafnings- og Ölvesmenn, sem rétta saman, er í fjöllum milli Grafnings og Ölves, þegar kemur vestur fyrir Hrómundartind, og það vestur á Mosfellsheiði. Fyrir norðan Sútur, Ármannsfell og Lágafell og suður af Skjaldbreið er afréttur fyrir Þingvallasókn, sem tilheyrir Þingvallaprestakalli og brúkast leigulaust. Fáeinir úr Grímsnesi reka þangað. Réttir eru haldnar þriðjudag í 21tu viku sumars í Almannagjá, kippkorn fyrir norðan Þingvelli, sóttar af sóknarmönnum. Kjósar- og Mosfellsveitarmenn og Grímsnesingar vitja þangað einnig marka sinna.¹

Grímsnesingar virðast þannig hafa átt afrétt sameiginlegan með Þingvellingum en farið að nýta aðra búfjárhaga eins og heiðalönd Efstadals eftir því sem afrétturinn í Skjaldbreiðarhrauni rýrnaði að gæðum. Þetta má einnig sjá í lýsingu séra Páls Tómassonar á Miðdals- og Úthlíðarsóknum 1840. Hann segir þar afréttarlönd sóknarmanna vera „byggðarfjöll“ sem hann kveðst áður hafa nafngreint og „kringum liggjandi hraun“.² Hér mun séra Páll hafa átt við Efstadalsfjall, Hólaafjall, Miðdalsfjall, Snorrastaða- og Laugarvatnsfjall, Kálfstinda og Reyðarbarm.³

Að lokum skal vísað til þess sem séra Jón Bachmann greinir frá í lýsingu Klausturhóla- og Búrfellssókna. Hann segir þar enga afrétti vera „því hraunalöndin og Lyngdalsheiði eru búfjárhagar þeirra jarða, sem þar eiga lönd að“. Síðan bætir hann við: „Mjög fáir kaupa upprekstur upp í Þingvallasveitarafrétti, en þeir það gjöra, rétta fé sínu þar.“⁴

Árið 1896 eignaðist Grímsneshreppur „[allt] það afrjettarland Þingvallakirkju, þar með talið fjallið Skjaldbreiður“, sem lá austan tiltekinnar markalínu í makaskiptum fyrir jörðina Kaldárhöfða.⁵

Í maí 1905 barst stjórnarráði Íslands bréf frá sýslumanni Árnessýslu og fylgdi því erindi hreppsnefndar Grímsneshrepps um skiptingu hreppsins í tvö sveitarfélög. Stjórnarráðið féll st á þessi til-mæli með bréfi 21. nóvember sama ár og var þar tekið fram að mörkin milli hinna nýju hreppa skyldu verða „Apá, Apavatn og Hagaós, og nefnist efri hlutinn Laugardalshreppur, en syðri hlutinn haldi nafninu Grímsneshreppur“. Skipting hreppsins fór fram 1906 og var ákveðið að æ hlutar allra eigna, skulda og sveitarþyngsla skyldu falla til Grímsneshrepps en ¼ til Laugardalshrepps.⁶

Á fundi hreppsnefnda Grímsnes- og Laugardalshreppa 12. maí 1920 var að fullu komist að niðurstöðu um skiptingu afréttarins milli hreppanna:

Kálfstindar ráða inn að Skíflfjallahorni, þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Langafell, þaðan í svartan hnjúk vestan í Langjökli inn af Jökulkróknum.⁷

Samþykkt þessi var þinglesin að Minniborg 27. júní 1922.

Nánari lýsing á afréttinum er að finna í ritinu *Sunnlenskum byggðum*:

Mörk afréttarins eru þessi: Að vestan og norðvestan eru þau um Langafell, þaðan í Sköflung, þaðan suður í Skriðuhnúk og þaðan vestan við Skriðuna í Skefilfjallahnúk. Síðan ráða Skefilfjöll meðan þau

1 *Árnessýsla* 1979, s. 182-183.

2 *Árnessýsla* 1979, s. 148.

3 Sbr. *Árnessýsla* 1979, s. 143.

4 *Árnessýsla* 1979, s. 166.

5 Í málum nr. 1/2000 og 2/2000 er nánar fjallað um þennan makaskiptasamning.

6 Skjal nr. 238.

7 Skjal nr. 236. Sbr. *Göngur og réttir*. 2. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1984. S. 253.

endast, en síðan úr suðvesturenda þeirra suðvestur í Kálfstínda sem fyrr var lýst, ráða þeir suður í Reyðarbarm. Að norðaustan ræður bein lína úr upptökum Brúarárskarða um Eldborgir á Lambahrauni og inn í Hagavatn.¹

Svipuð lýsing er í ritinu *Göngum og réttum*:

Afréttarlönd Laugdælinga, Grímsnesinga og Þingvellinga liggja saman. Er afréttur Laugdælinga austastur og liggur að löndum Biskupstungnahrepps. Mörk eru þar á milli úr Brúarárskörðum, sem eru endamörk í Efstadalssland, um Hagavatn í Hagafell, en það skerst fram úr Langjökli. ...

Þá liggja afréttarlönd Laugdælinga inn með Langjökli um vesturhorn Lambahlíðar og Hróðurkatla, sem eru mófellsnhjúkar inn við Langjökul. Þaðan austanvert í Skjaldbreið, um Sköflung, Langafell, Skriðuhnjúk, Skefilfjöll og í Klukkuskarð. Þaðan ráða svo landamerki Grímsnesinga og heimalands Laugarvatns fram með Reyðarbarmi og Litlabarmi að vestan, og úr syðra Litlabarmshorni í Biskupsbrekku norðanvert á Lyngdalsheiði. Þar er nú hornmark. Aðalafréttarlönd Laugdælinga eru því Sköflungsháls, Hlöðufell og Skjaldbreiður, og svo hin gróðurriku heimalönd Efstadals og Laugarvatns, sem alltaf eru smöluð sem afréttir til rétta.²

Hreppstjórinn í Laugardalshreppi, Þórir Þorgeirsson, dregur upp þessi mörk í yfirlýsingu 19. maí 1979:

Austurmörk afréttar Laugardalshrepps, þar sem Úthlíð í Biskupstungnahreppi á land á móti, eru þessi: Úr Brúarárskörðum, sem eru endamörk í Efstadalsslandi, um Hagavatn í Hagafell, þar sem það skerst fram úr Langjökli.

Þá liggja afréttarmörk inn með Langjökli um vesturhorn Lambahlíðar og Hróðukatla við Langjökul. Þaðan austanvert í Skjaldbreið um Sköflung, Langafell, Skriðuhnjúk, Skefilfjöll og í Klukkuskarð. Þaðan ráða svo landamerki Grímsnesinga og heimalands Laugarvatns fram með Reyðarbarmi og Litlabarmi að vestan, og úr Syðra Litlabarmshorni í Biskupsbrekku norðanvert á Lyngdalsheiði.³

Að lokum skal hér vitnað í fjallskilasamþykkt fyrir Árnassýslu austan vatna, nr. 408/1996:

Afréttur Laugardalshrepps afmarkast af Skefilfjöllum í Klakk að vestan og að austan frá Brúarárskörðum um eldborgir í Hagafell í Langjökli.⁴

Eins og áður hefur komið fram liggja afréttarlönd Laugdælinga, Grímsnesinga og Þingvellinga saman. Á afréttina var farið um líkt leyti og er smölun á Laugardalsafrétti lýst með svofelldum hætti í ritinu *Sunnlenskum byggðum*:

Laugdælir smöluðu Hagafell annað hvert ár á móti Tungnamönnum. Seinni árin hafa Tungnamenn smalað Hagafell ár hvert en Laugdælir hirt fé þeirra í Gjábakkaréttum, að undanskilinni fyrstu rétt.

Á afrétt Laugdæla er farið laugardaginn í 22. viku sumars. Fara þá 8 menn, 4 í Vesturleit og 4 í Austurleit. Fyrsta daginn er farið að Hlöðuvöllum og gist þar. Morguninn eftir er farið inn að Jökli. Þar hitt-

1 *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 18.

2 *Göngur og réttir* 2, s. 252.

3 Skjal nr. 114.

4 Skjal nr. 202 (14).

ast fjallkóngar Grímsness og Laugdæla á Langöldu og mun það hafa verið svo lengi sem vitað er. Grímsnesingar smala fé frá Stóra-Björnsfelli, Lambahlíðum og Skjaldbreið í veginn fyrir Laugdæli við Skriðuhnúk. Laugdælir smala landið milli Eldborga og Sköflungs um Hlöðuvelli og Lambahraun. Um miðjan dag koma tveir menn úr byggð og aðstoða við smölun og sundurdrátt í Rótarrétt á Rótasandi en sú rétt var byggð fyrir nokkrum árum. Einnig koma þar tveir bændur úr Tungum og hirða sitt fé þar.

Austurleit rekur svo fêð í heimalönd Efstadals en Vesturleit gistir undir Kerlingu við Skjaldbreið. Á mánudegi er smalað hraunið vestan við Skriðuna, Langidalurinn og Klukkuskarð sem er milli Klukkutinda og Skefilfjalla. Þar eru fyrir tveir menn sem komið hafa úr byggð um morguninn og smala þeir fram Laugarvatnsfjall fram á vesturbrúnir. Fjallmenn smala svæðið milli Hrossadalsbrúnar og Kálfs-tinda fram á brúnir í Kálfsdal og eru í fyrirstöðu fyrir Heiðarsmala. Þeir eru sjö og hafa lagt úr byggð um morguninn og smalað Lyngdalsheiði norðaustanverða og Laugarvatnsvelli. Fjallmenn fara svo niður af brúninni í Fardal en Klukkuskarðsmenn, sem nú eru orðnir þrír, koma niður austar. Safnið er svo rekið í Laugarvatnsrétt og réttað morguninn eftir, þriðjudag, ásamt fé sem komið hefur úr Gjabakkarétt.

Seinni leit er smöluð með líku sniði nema hvað þá eru 8 menn í Austurleit og þeir smala fram úr Brúarárskörðum og vestan Rauðafells. Réttað er í Efstadalsrétt sunnudaginn í 23. viku sumars. Í þriðju leit fara 6 menn á tveim bílum eftir miðjan október.¹

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Almenn atriði

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að fljótlega eftir að menn komu til landsins hafi komist á hið venjulega landnámsfyrirkomulag germanskra þjóða, að nema land annars vegar til eignar og hins vegar til afnota. Heimildir eins og landnámabækur, Íslendingasögur, fornminjar og búsetusaga segi okkur nútímamönnum að í aðaldráttum hafi byggð haldist á þeim svæðum sem numin hafi verið til eignar. Á svæðum utan og ofan byggða hafi afmarkað land ýmist verið tekið afnotatöku, eins eða fleiri jarðeigenda (afréttir) eða afnot öllum fjórðungsmönnum jafnheimil (almenningar). Um afnot afrétta tveggja eða fleiri aðila og svo um afnot fjórðungsmanna að almenningum hafi fljótlega verið settar lagareglur og þær sem lögfestar hafi verið með Jónsbók 1281 hafi haldist fram á 20. öldina.

Hvorki sé talið að afréttareigandi hafi getað gefið eða selt einkaafrétt frá jörð sinni né að jarðeigandi hafi getað selt eða gefið sinn hlut í sameignarafrétti nema láta um leið af hendi jörð sína og bústofn að mestu leyti því að afréttur eða hlutdeild í sameignarafrétti hafi fylgt jörðum. Kirkjur hafi því getað eignast hlut í afrétti ef hann fylgdi heimalandi því sem þeim var gefið. Sama hafi gilt um klaustur að þessu leyti.

Ráða megi af máldögum að gögn og gæði lands hafi einungis fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum löndum þeirra og því aðeins að öll heimajörðin væri eign þeirra. Þessi regla, að gögn og gæði fylgi aðeins heimajörð kirkju, sé ein helsta skýringin á því að stór afréttarlandsvæði hafi smám saman tekið að safnast að kirkjujörðum en ekki öðrum jörðum. Síðan hafi þessir afréttir oft og tíðum verið innlimaðir í merkjalýsingar, bæði í máldögum og landamerkjabréfum. Þetta sé helsta skýringin á því að í flestum tilvikum séu það kirkjujarðir sem telja til mikilla landsvæða í óbyggðum.

Þá hafi sagnfræðingar sett fram aðra skýringu á afréttareign kirkjujarða sem sé sú að á grundvelli máldaga hafi kirkjujarðir ranglega eignað sér heilu afréttina þegar þeir einungis áttu tiltekna hluta í sameignarafrétti. Þetta hafi gerst með þeim hætti að kirkju hafi verið gefin jörð ásamt þeim

1 *Sunnlenskar byggðir* 3, s. 20-21. Sbr. *Göngur og réttir* 2, s. 253-254.

rétti til afréttar sem henni fylgdi. Þessi afréttareign kirkjunnar hafi svo verið skráð í máldaga og mörkum afréttarins lýst. Eftir samdrátt í búsetu, eins og t.d. hafi orðið á 15. öld vegna mannfalls af völdum svarta dauða, hafi máldagar um eign kirkju á nánar tilgreindu afréttarlandi verið lagðir fram er menn vildu taka að nýta þá að nýju en jarðeigendur hafi enga hliðstæða skriflega sönnun haft fyrir rétti sínum. Þeir hafi því farið halloka fyrir kirkjuvaldinu og greitt afréttartolla til kirkjunnar til þess að fá heimild til nýtingar. Á annan hvorn framangreindan hátt sé talið að flestir afréttir í Húnavatnssýslu og víðar hafi skilist frá jörðum og orðið kirkjueign. Löngu síðar, aðallega á 19. og 20. öld eftir að stétt sjálfseignarbænda reis upp að nýju í landinu, hafi viðkomandi sveitarfélög keypt þessa afrétti.

Lönd hafi gengið kaupum og sölum á öllum tímum Íslandssögunnar og það hafi alltaf verið viðurkennd regla að sá sem afsali landi geti ekki veitt viðsemjanda sínum betri rétt en hann sjálfur átti. Sé venjulegu afréttarlandi afsalað verði það ekki að afrétti með beinum eignarrétti í höndum viðsemjandans.

Að því viðbættu hvað skýrar línur um inntak eignarréttar að landi skipti miklu, vegna ýmissa lagaákvæða sem snerta fasteignir, megi benda á að aukin og breytt nýting á landi utan eignarlanda kalli á að ljóst sé hver sé bær til að taka ákvarðanir vegna þess. Sem dæmi um þetta megi nefna fjölda ferðamanna sem sæki heim óbyggðir og sívaxandi eftirspurn eftir því að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Í nútímanum felist í óbyggðunum miklu meiri verðmæti en áður hafi verið þegar þau hafi einskorðast við ávexti jarðar og veiði.

Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunn-eignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendur. Það hafi hins vegar aldrei verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna í dómsmálum svo öll þau mörk séu óákveðin en þess sé að vænta að þau verði öll ákveðin af óbyggðanefnd innan nokkurra ára. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

Við skilgreiningu þjóðlendulínu í Laugardalshreppi sé að meginsteftu við það miðað að mörk eignarlanda í hreppnum séu þau sömu og landnámsmörk. Sunnan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin hafi verið til eignar en ofan og norðan þjóðlendulínu séu landsvæði sem að einhverju leyti hafi verið tekin til afnota í öndverðu og að öllu leyti á síðari tímum. Að auki sé byggt á heimildum um fjallskil og hæðarlínur vegna líkinda á takmörkuðum sumarnotum ef hátt er farið. Landskiptagerðir hafi og þýðingu þar sem af þeim megi fá upplýsingar um mörk heimalanda og einkaafréttar jarðar því samkvæmt landskiptalögunum sé aðeins heimilt að skipta heimalandi.

Nám hafi verið sá háttur sem hafður hafi verið á frumstofnun eignarréttar að landi hérlendis og meðal annarra germanskra þjóða. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenski lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur séreignarréttur.

Benda megi á nokkur ákvæði í fornögum okkar sem skýri að strax í upphafi byggðar hafi verið mikill eðlismunur á jörðum og öðrum lendum. Engar nýtingarreglur hafi verið í lögum um jarðir. Eigandinn hafi ráðið hvenær og hvernig hann beitti landið, hvenær eða hvort hann sló tún eða engi. Hins vegar hafi bæði í Grágás og Jónsbók verið mörg og ítarleg ákvæði um hvernig nýta hafi mátt afrétti og almenninga. Til dæmis hafi ekki mátt slá gras í afréttum, né reisa þar sel. Hins vegar hafi mátt reisa sel í almenningum. Um báðar þessar landgerðir hafi svo verið ýmsar reglur um hvernig og á hvaða tímum hafi mátt beita þar fé.

Í kristinna laga þætti Grágásar hafi verið mismunandi reglur um líkflutningaskyldu eftir því

hvort um var að ræða jörð manns, afrétt, almenning eða háfjöll og öræfi. Í þessu tilliti hafi jörð manns verið í sérstökum flokki, öndverðum við hinar þrjár landgerðirnar.

Ákvæði Jónsbókar um lögfestur hafi sumpart verið til að skera úr um hvort land var eignarland, afréttur eða almenningur.

Í nýbýlatiskipun 1776 hafi konungur talið sig geta ráðskast með eigendalausar eyðijarðir enda hafi þær verið flokkaðar sem almenningar í tilskipuninni. Sömuleiðis hafi konungur getað ráðskast með afrétti og almenninga en aldrei jarðeignir einstaklinga og hafi þó stjórnarskrárákvæðið um friðhelgi eignarréttar ekki verið komið til sögunnar.

Þá megi benda á gamlar matsreglur jarða og afrétta til skýringar á þeim mismun sem gerður hafi verið á þessum eignum en afréttareign hafi verið metin að hálfu á við beit í heimalandi. Einnig megi benda á lög nr. 28/1963 sem áður hafi gilt um fasteignamat og fasteignaskráningu. Þar segi að afréttarlönd, sem séu eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð aðallega til upprekstrar, skuli ekki meta sérstaklega en taka skuli upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða sem hann eigi.

Í þessu sambandi megi benda á umfjöllun í síðari dómi Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þar segi að telja verði að handhafar ríkisvalds, sem til þess séu bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess sem um ræði. Þetta sé niðurstaða Hæstaréttar eftir að rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að enginn ætti þrætulandið. Það væri eigandalaust með öllu. Þetta sé eitt skýrasta dómafordæmið um að afréttarland geti ekki verið eign í skilningi laga en hægt sé að eiga tiltekinn rétt til landsins. Gildi þessi regla um þau lönd sem nú kallist þjóðlendur, þá hafi ekki verið hægt að hefða rétt til slíks lands þar sem samkvæmt hefðarlögum sé einungis hægt að hefða fasteign er geti verið eign einstakra manna.

Til viðbótar við ofangreinda umfjöllun er á því byggt að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd í þjóðlendu á nýtingu þeirra. Eignarlönd séu nýtt allt árið til búrekstrar en afréttir til sumarþeirra. Um nýtingu megi oft fá talsverðar upplýsingar í skrifuðum heimildum. Allt frá Jónsbók hafi verið í gildi þau lagaákvæði að eigandi smali sitt land, en allt annað land sé smalað sameiginlega af fjallskilastjórn.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að afar ólíklegt sé að landnám hafi náð eins langt og Einar Arnórsson telji í bók sinni, *Árnesþing á landnáms- og söguöld*. Lýsing Landnámu gefi ekki tilefni til svo víðtækrar ályktunar og ekki sé ástæða til að ætla að landnámsmörk séu þarna á öðrum stað en annars staðar á landinu. Allar heimildir um landnám 400 manna hér á landi og búsetusaga landsins bendi ekki til annars en að aðeins þau landsvæði, sem byggð hafi fest á, hafi verið numin í öndverðu.

Af dómafordæmum Hæstaréttar verði að ráða þá reglu að sé deilt um upphaflegt nám lands verði aðeins stuðst við glöggar landfræðilegar heimildir. Verði ekki ráðið af Landnámu að land hafi verið numið sé tilhneiging til að hafna því að telja land undirorpið beinum eignarrétti. Til að skýra þetta frekar er bent á H 1960 726 (Skeljabrekka), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1161 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Í fyrrgreindri bók sinni fjalli Einar Arnórsson um landnám í Laugardal og Grímsnesi. Þar segi að landnámabækurnar allar þrjár greini frá því að Ketilbjörn hafi numið „Grímsnes allt upp frá Höskuldslæk ok Laugardal allan ok alla Biskupstungu upp til Stakksár (Stakkslækjar segir Þ)“.

Markalýsing þessi sé að nokkru leyti athugasemjuleg. Nafnið „Biskupstunga“, þ.e. eintala orðsins, gefi í skyn að aðeins hafi verið um eina tungu að ræða með því nafni en þær séu hins vegar tvær svo sem kunnugt sé. Landnáma greini frá því að Biskupstunguna eystri hafi numið Eyfröður gamli. Ketilbjörn hafi því einungis numið Tunguna ytri milli Brúarár að vestan og Tungufljóts að austan upp þar til er Almenningsá fellur í það. Þaðan verði landnámsmörkin Almenningsá og Stakksá sem renni niður austanvert við bæinn Múla. Suðurmörk landnámsins séu Hvítá. Norðanvert séu fjöllin

fyrir ofan Tunguna ytri og Laugardalsfjöll en þá taki við hálsarnir fyrir utan Laugarvatn og Lyngdalsheiði sem fyrst verði mörk frá hér um bil norðri til suðurs og síðan frá austri til vesturs norðanvert og ofanvert við Grímsnes. Þess beri þó að geta að óvíst sé hvort eða þá hversu langt Ketilbjörn kunni að hafa helgað sér land upp til fjalla eða vestur um Lyngdalsheiði eða til Laugarvatnsvalla undir Kálfstindum.

Vesturmörk landnámsins í byggð séu sögð Höskuldslægur sem falli úr Lyngdalsheiði fyrir austan Klausturhóla og renni síðan suður austanvert við hraunið og í Hvítá austan Vaðness. Vesturmörk þessi séu vafalaus, en þeim beri ekki saman við frásögn landnámapóka um landnámsmörk Gríms þess, sem Grímsnes sé kennt við. Hann sé sagður hafa numið „Grímsnes allt upp til Svínavatns“. Samkvæmt þessu verði allmikill hluti Grímsnessveitar í landnámi þeirra Gríms og Ketilbjarnar beggja.

Mjög líklegt sé að sú regla hafi verið talin gilda hér á landi, a.m.k. fram að lögtöku Jónsbókar, að einstaklingum hafi í einhverjum mæli verið heimilt að setjast að í sameiginlegu landi og ryðja það til ræktunar. Í Jónsbók sé hins vegar ákvæði sem banni slíkt. Ekki sé ólíklegt að slíkrar óheimillar töku hafi gætt að einhverju leyti eftir lögtöku Jónsbókar og að hún hafi verið látin átölulaus.

Sumir þeir fræðimenn, er ritað hafi um beinan og óbeinan eignarrétt, hafi litið svo á að réttindi þessi væru óbreytanleg. Hafi stofnast til beins eignarréttar að landi, geti síðari eigandi ekki staðið uppi með óbein eignarréttindi ein, svo sem beitarrétt. Krafa um beinan eignarrétt að hálendinu norðan kröfulínu ríkisins í hreppnum hljóti að byggjast á slíkum sjónarmiðum.

Íslenska ríkið haldi fram öndverðri skoðun. Sýnt þyki að á stórum hlutum landsins hafi byggðir lagst af og líklegt sé að enginn geti sannað eignarrétt sinn að þeim. Auk þess hafi mikið af afréttarlöndum og almenningum verið sæmilega fallið til búskapar en að gildandi rétti hafi enginn haft heimild til landnáms eða eignartöku lands undir býli. Á grundvelli þess sjónarmiðs að konungur hefði í krafti einveldis síns eða eignarráða heimild til að ráðstafa slíkum eigandalausum svæðum undir býli í því skyni að auka byggð í landinu hafi nýbýlatilskipun konungs verið sett og birt árið 1776. Ekki skuli sagt til um hvort vald þetta hafi byggst á því að konungur ætti allt land sem enginn annar gat sannað eignarrétt sinn að eða hvort í konungsvaldinu hafi að minnsta kosti falist vald til að ráðstafa slíkum löndum. Hins vegar megi benda á að á einveldistíma hafi orð konungs verið lög og tilskipanir konungs haft lagagildi.

Nýlegt og glöggt dómafordæmi, H 1994 2227 (Geitland), sé til um að beinn eignarréttur geti fallið niður.

Sammerkt sé öllu því landi innan þjóðlendumarka samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins að þar sé um að ræða landsvæði, sem séu annaðhvort ógróin eða vaxin heidargróðri. Um sé að ræða miklar hálendisviðáttur og háfjöll allt til jökla.

Ráða megi þá reglu af heimildum um landnám og því sem þekkt sé um nýtinguna sem fylgt hafi í kjölfarið að hálendi, fjöll og öræfi hafi ekki verið numin til eignar og því hafi dómstólar gert ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atríða eins og staðhátta, viðáttu og gróðurfars, sbr. H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá). Í þessu sambandi skipti hæðarlínur miklu máli enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Íslenska ríkið telji að af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atríði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum. Litið sé til þessara atríða við kröfugerð í aðalkröfu. Í varakröfunni sé tekið mið af aðalkröfulínu en varakröfulínan sé dregin milli þekktra kennileita í landslagi.

Það sé þó talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna að raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinnar jarðar eða önnur atríði hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Aðra reglu megi einnig leiða af dómum Hæstaréttar, þ.e. að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Í því sambandi sé vísað til H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969

510 (Nýjabæjarafréttur), H 1980 1225 (Öxarfjarðarheiði I), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Til þess að greina á milli eignarlanda og þjóðlendna skipti miklu máli að átta sig á nýtingu lands. Því þurfi að skoða hvernig nýtingu þrætulands sé háttað. Allt frá lokum landnámsaldar og fram að 21. öldinni hafi þeir sem með löggjafarvald hafa farið sett ýmsar reglur um nýtingu þeirra landsvæða sem nú heiti þjóðlendur. Um nýtingu eignarlanda hafi hins vegar ekki verið settar nýtingarreglur nema þær sem teljast til grenndarréttar. Eitt meginatriði skilji á milli eignarlanda og þjóðlendna en það sé að allt frá tíma Jónsbókar hafi eigandi átt að smala eignarland sitt, en þjóðlendan, sem svo heitir nú, hafi verið smöluð sameiginlega af fjallskilastjórn.

Benda megi á fjölmarga dóma Hæstaréttar þar sem litið hafi verið til þessara atriða við úrlausn um ágreining um eignarhald að landi. Þar sé um að ræða H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Í bók Braga Sigurjónssonar, Göngur og réttir, sé fjallað um leitarfyrirkomulag á afrétti Laugdæla. Af þeirri lýsingu megi glöggst sjá að allt land í Laugardalshreppi utan eiginlegra heimalanda sé óskipt beitoland hreppsþúa og að allt fjallendi og heiðar séu smöluð að frumkvæði sveitarstjórnar, svo sem gert hafi verið hvað afréttarlönd varðar allt frá lögtöku Jónsbókar. Hið sama hafi komið fram í skýrslutökum í málinu. Þetta bendi til þess að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins sé ekki undirorpið beinum eignarrétti.

Samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins liggi þjóðlendumörk í gegnum landsvæði nokkurra fjallajarða í hreppnum, eins og þeim sé lýst í þinglýstum landamerkjabréfum. Rökin á bak við kröfulýsinguna séu þau sömu og áður hafi verið reifuð. Land sunnan kröfulínu tilheyrir heimalöndum jarðanna, sem hafi verið numin í öndverðu en land ofan og norðan kröfulínu telji íslenska ríkið vera þjóðlendu, sem tekin hafi verið afnotatöku og síðan innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna með landamerkjabréfum. Þeir hlutar jarðanna, sem liggi norðan og ofan kröfulínu, séu að áliti ríkisins ekki taldir geta verið í heilsársnotum og því sé um afrétti að ræða og þá einkaafrétti, því aðrir virðist ekki gera kröfur til þessa landsvæðis.

Hugtakið heimaland hafi ekki verið skilgreint í lögum. Þó hafi orðið heimaland strax í Jónsbók verið notað í öndverðri merkingu við úthaga, sem notaðir hafi verið til sumarþeirra. Benda megi á í þessu sambandi á Jónsbók Llb. 53 „Um afréttarfé, ef þat gengr í heimaland“. Orðið heimaland sé notað í máldögum kirkna frá fyrstu tíð og án skilgreiningar. Heimalandið hafi hins vegar verið mikilvægasta eign kirkjunnar. Aðrar fasteignir eins og útjarðir eða afréttir hafi aldrei getað myndað þann grundvöll, sem kirkjan þurfti, til að geta talist myndug og sjálfstæð í skilningi kirkjulaga. Styðji það þá skoðun að einungis heimalönd kirkna hafi verið undirorpin beinum eignarrétti en ekki afréttarlönd þeirra. Í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. hafi verið lagaákvæði um heimalönd án skilgreiningar. Í þessu sambandi megi benda á lög 6/1986. Í 3. gr. 1. mgr. laganna segi þetta: „Í fjallskilasamþykkt, er héraðsnefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarþeitalanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta“. Einnig sé vísað til 1. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941. Landskiptagerðir vegi þungt um mörk heimalanda og afréttarlanda. Í bókaflökki sínum, Göngur og réttir, skilgreini Bragi Sigurjónsson heimaland jarðar, sem land öndvert við annað land, sem jörðin eigi aðgang að, t.d. á sameignararétti. Skilgreini hann hugtakið þarna mjög rúmt. Ljóst sé hins vegar að í einhverjum tilvikum hafi afréttarlönd verið innlimuð inn í landamerki jarða við gerð landamerkjabréfanna í lok 19. aldar.

Í nokkrum dómum Hæstaréttar sé vikið að hugtakinu heimaland. Í því sambandi sé vísað til H 1976 55 (Amarvatnsheiði), H 1980 1225 (Sandfellshagi, Öxarfjarðarheiði I), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Um þessa dóma sé það að segja að glöggt komi fram í dómunum varðandi Kalmanstungu og Sandfellshaga í Öxarfirði að innan landamerkjalyðsingar jarðar sé tvenns konar land, heimaland, sem sé í heilsársnotum, og síðan afréttarland sem sé í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjalljarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda ná til alls heimalandsins.

Með tilvísun í framangreint sé því haldið fram að kröfulínu um þjóðlendumörk í gegnum nokkrar fjallajarðir í Laugardalshreppi skuli taka til greina þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út, í samræmi við tilteknar heimildir, mörk heimalands jarðarinnar við óbyggðir. Landamerkjabréf jarðanna hafi ekkert um þetta að segja enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk, jafnvel þótt þinglýst séu.

Landamerkjabréf sé ekkert annað en yfirlýsing um yferráðasvæði á sama hátt og landamæri ríkja, sveitarfélaga og stjórnsýsluumdæma sýslumanna. Þar sem landamörk eignarlanda liggja saman sé landamerkjabréf samningur milli aðila um þessi mörk eignarjarða innbyrðis eftir að réttir eigendur eða umboðsmenn hafi ritað undir bréfið samþykki sitt við lýsingu. Í landamerkjabréfi felist á engan hátt að allt land innan merkja skuli vera óskorað eignarland. Almennar sönnunarreglur ráði að sjálfsögðu hér eins og annars staðar. Fyrst og fremst skilgreini landamerkjabréfið takmörk nýtingarréttar að landi. Á það megi benda í þessu sambandi að landamerkjabréf séu jafnt til fyrir jarðir sem afrétti sem séu innan þjóðlendu. Af ákvæðum landamerkjalaganna frá 17. mars 1882 megi ráða að landamerkjabréfið sé í eðli sínu samningur milli jarðaeigenda og næðist ekki sátt um landamerkin skyldi landamerkjadómur skera úr.

Samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis þá sem séu aðilar að samkomulaginu og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felist. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjallajarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882 og það hafi ekki verið fyrr en 116 árum síðar að slíkt var mögulegt eftir að íslenska ríkinu var með lögum fenginn eignarrétturinn að þjóðlendum.

Margir dómur Hæstaréttar komi inn á landamerkjabréf og inntak þeirra. Í því sambandi megi nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 519 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn II), H 1979 846 (Geirland-Prestbakki), H 1996 2848 (Bláfjöll), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) H 1997 2410 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Þessir tilvitnuðu dómur séu allir því álitir íslenska ríkisins til stuðnings að landamerkjabréf sanni ekki inntak eignarréttar og sé ekki gilt um mörk milli umráðamanna landa nema þeir eigi aðild að þeim réttindum sem samið sé um. Einnig komi glöggt fram í þessum dómum að landamerkjabréf séu til fyrir lönd sem nú séu óumdeilt þjóðlendir eftir dómsniðurstöður, eins og sé um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði og Landmannaafrétt. Síðan komi glöggt fram í Bláfjallamálinu að hægt sé að fjalla um landamerki yferráðasvæða án þess að afstaða sé tekin til inntaks eignarréttar.

Annað atriði, sem valdi ágreiningi, sé gildi þinglýsingar landamerkjabréfs og hafi því verið haldið fram af gagnaðilum íslenska ríkisins að með þinglýsingu landamerkjabréfs sé búið að gulltryggja eignarréttinn. Því sé til að svara að enginn öðlist meiri rétt en viðsemjandi geti veitt, sömuleiðis þinglýsi enginn meiri rétti en hann eigi. Þinglýsing heimildarskjals um fasteign sé lagaskylda og til að tryggja öryggi í viðskiptum og skapa eigendum réttarvernd gagnvart grandlausum viðsemjendum og lánardrottnum.

Spurning sé hvort þegjandi eða jákvæðar athafnir ýmissa umboðsmanna ríkisins geti falið í sér samþykki valdstjórnar eða ríkis vegna lands sem nær inn í þjóðlendu. Þetta geti verið í tengslum við mótmælalausa móttöku og þinglýsingu landamerkjabréfa sem haft hafi að geyma lýsingu í átt að óbyggðum eða einfaldlega afsal ríkisins á tilteknum lendum. Því sé til að svara að af Landmannaafréttardómi síðari megi ráða þá reglu að löggjafinn einn sé bær til að ráðstafa réttindum yfir landsvæði utan eignarlanda. Af því leiði að athafnir eða athafnaleysi starfsmanna stjórnáskráningar geti ekki leitt af sér slík yfirráð, nema heimild í almennum lögum hafi verið fyrir hendi.

Því álitaefni hafi verið hreyft að hafi beinn eignarréttur ekki verið að öllu landi innan merkja skv. landamerkjabréfi, er það var ritað eftir landamerkjaloðin 1882, þá hafi þessi beini eignarréttur orðið til síðar fyrir hefð, vegna óslitins eignarhalds.

Talið hafi verið að hefðarréttur hafi ekki verið í okkar fornlögum, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðarréttar stofnaðist til slíkra landsvæða. Í þessu sambandi megi benda á Jónsbók Lfb. 52, „Ef menn vitu eigi, hvárt eru almenningar eða afréttir“. Þar segi: „Svá skulu almenningar vera, sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra“.

Fyrstu lögum um hefð séu í Norsku lögum frá 1687, V. bók 5. kap. Í 7. gr. laganna segi svo:

Enginn á að fá eignardóm að nokkurri fasteign, nema hann leiði lögfulla sönnun að heimild sinni, með erfðum, kaupum, eignaskiptum, gjöf eða 20 ára hefð, án þess að átalið hafi verið og að hann hafi þannig öðlast hana ákærulaust af öllum er kynnu að hafa haft einhverjar athugasemdir við það.

Þegar þessi lög hafi verið sett hafi lagaákvæði Jónsbókar um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið enn verið í gildi og þessi hefðarlög hafi ekki afnumið Jónsbókarákvæðið, þess sé að minnsta kosti ekki getið. Einnig sé talið að orðið fasteign beri að túlka á þann veg að merki eignarjörð með byggingum eða bara byggingu eða hús. Lögum taki því ekki til afrétta eða almenninga og því enn óheimilt að hefða slík landsvæði.

Næstu lög um hefð séu nr. 46 frá 1905. Í 1. gr. þeirra segi að hefð megi vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstakra manna, án tillits til þess hvort hann hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign. Þessi lög staðfesti enn gildandi rétt til að hefða fasteignir sem undirorpnar séu beinum eignarrétti en skv. gagnályktun sé ekki heimilt að hefða eign, sem ekki geti verið eign einstakra manna, eins og grunnréttinn að afréttum og almenningum sem nú heiti þjóðlendur. Segja megi að þessi skoðun komi fram í Landmannaafréttardóminum síðari. Þar sé því slegið föstu að afréttarlandsvæði sé einskis manns eign og af því leiði að slík landsvæði geti ekki verið eign í skilningi hefðarlaga. Í núgildandi lögum um þjóðlendur sé þessi regla lögfest í niðurlagsákvæði 3. greinar en þar segi að frá og með gildistöku laganna sé ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.

Rétt sé að vekja athygli á að skilyrði fyrir hefðarhaldi sé óslitið eignarhald sem hafi verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi sem nú gæti heitið þjóðlenda, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1581 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar). Í þessum dómum sé ekki tekið á því hvort hægt sé að hefða grunneignarrétt afréttarlands. Sleppt sé að fjalla um það þar sem efnisskilyrði skorti.

Svo sem fyrr greini sé ljóst að Laugardalur hafi allur verið numinn svo og Grímsnes frá

Höskuldslæk. Af þessari lýsingu megi sjá að engin fjöll hafi verið numin en vafi geti verið um hve hátt til hliða nám hafi náð. Spurning sé hvort Laugardalur sé þannig bara dalbotninn og næstu hliðar eða hvort dalurinn nái upp að fjallsbrúnum. Lengra nái hann alla vega ekki.

Einar Arnórsson telji óbyggðamörk landnámsins vera fjöllin fyrir ofan Tunguna ytri og Laugardalsfjöll en þá taki við hálsarnir fyrir utan Laugarvatn og Lyngdalsheiði. Hann geti þess að óvíst sé hvort eða þá hversu langt Ketilbjörn hafi helgað sér land upp til fjalla eða vestur um Lyngdalsheiði eða til Laugarvatnsvalla undir Kálfstindum.

Af hálfu íslenska ríkisins sé talið að allan vafa um hvort land hafi verið numið í öndverðu skuli túlka landnámi í óhag, að minnsta kosti þegar um óbyggðir sé að ræða. Um þetta megi vísa til nokkuð samfelldrar dómaframkvæmdar Hæstaréttar.

Til annarra atriða en heimilda um nám beri að líta þegar fundin séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Af hálfu íslenska ríkisins sé talið að heimaland jarðar, þ.e. land sem sé í heilsársnotkun, skuli teljast eignarland í skilningi þjóðlendulaga. Í miðri byggð sé þetta ekki vandamál þar sem allt land sé heimaland. Vandamálin byrji við hálendisbrúnina því óviða hagi þannig til að hin eiginlegu heimalönd jarða liggi að sameignarafréttum. Stundum sé um að ræða talsverða landtöngu innan landamerkjara jarðar sem nýtt sé sem afréttur og liggi að sameignarafrétti. Í flestum þessara tilvika sé ekki um neinn mun á landkostum fjallendis jarðarinnar og afréttarins að ræða og jafnvel ekki munur á hæðarlínum. Hafi þetta land ekki verið numið í öndverðu minnki líkur á beinum eignarrétti.

Til ýmissa atriða beri að líta í slíkum óvissutilvikum. Af dómafordæmum Hæstaréttar megi glöggð ráða að þegar meta skuli hvort land sé eignarland eða afréttur sé helst litið til heimilda um fjallskil. Svo sem fyrr greini hafi landeiganda allt frá Jónsbókartíma verið skylt að smala sitt heimaland og þá í því skyni að koma höndum á afbæjarfé en ekki til að reka féð úr heimahögnum. Afréttarlönd hafi hins vegar ávallt verið smöluð að tilstuðlan sveitarstjórnar með sérstöku fyrirkomulagi sem nefnist fjallskil.

Hæstiréttur hafi sömuleiðis reynt að fá fram hvort land sé í heilsársnotkun því reglur um smölun afrétta byggist á því að reka fé af afréttunum til heimalandanna. Byggist það á því að ekki sé hægt að nota afrétti á ársgrundvelli þar sem búast megi við því að allt fé, sem þar verði eftir á haustin, lifi veturinn ekki af. Hæstiréttur hafi sömuleiðis gert strangari sönnunarkröfur til beins eignarréttar sé um að ræða landsvæði langt frá byggð og ekki síst ef þar vex einungis öræfagróður.

Kröfulýsing íslenska ríkisins byggir helst á heimildum um landnám, fjallskil og hæðarlínum vegna líkinda á takmörkuðum sumarnotum þegar ofar dregur í landslaginu. Rétt sé að leggja áherslu á að ekki sé greint frá námi Lyngdalsheiðar né nokkurra fjalla á óbyggðamörkum í hreppnum. Verði því við það að miða að þau svæði séu ekki undirorpin beinum eignarrétti vegna náms. Heimildir um fjallskil segi okkur að hin gróðurríku heimalönd Efstadals og Laugarvatns séu alltaf smöluð sem afréttir til rétta. Sama eigi við um Lyngdalsheiði norðaustanverða og Laugarvatnsvelli. Tvö mikilvæg atriði, þ.e. að landsvæði þetta var ekki numið og að það er smalað að hausti að tilhlutan sveitarstjórnar, styðji því þá niðurstöðu að telja þjóðlendumörk sunnar og nær byggð en landamerki efstu jarða og sameignarafréttarins. Framangreind tvö atriði séu helstu auðkenni lands utan eignarlanda.

Nokkrar jarðir í Laugardalshreppi hafi gengið í gegnum landskipti. Samkvæmt landskiptalögum hafi einungis verið heimilt að skipta heimalandi í heilsársnotkun en ekki afréttarlandi eða útlendi. Slíkt land sé því í óskiptri sameign og væntanlega þjóðlenda. Í ljósi þeirrar kenningar að einungis heimaland sé eignarland geti verið eðlilegt að miða þjóðlendumörk við mörk þess lands sem skipt var samkvæmt landskiptalögum mæli önnur atriði því ekki í gegn.

7.2. Efstidalur I-II

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að á jörðinni séu tvö býli í einkaeign. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 1887 sé samþykkt vegna Miðdalsjarða og Böðmódsstaða. Mörk jarðarinnar og afréttarins

hafi ekki verið samþykkt og eigi heldur mörk að jörðinni Úthlíð. Efstadalsjarðirnar eigi þinglýst landamerki langt inn fyrir kröfulínu íslenska ríkisins um þjóðlendu. Mörk þessi séu ósamþykkt og er vísað til umfjöllunar í kröfulýsingu um eignarhald og afmörkun. Talsverður hluti jarðanna liggir fyrir ofan þjóðlendulínu og þar með fyrir ofan landnámsmörk. Hvort sem land hafi verið numið með eldum eða kvígu sé útilokað að farið hafi verið upp fyrir hálandisbrún. Gróðurfar og hitastig í fjalllendu bendi heldur ekki til þess að landið sé í heilsársnotkun. Þá sé á það bent að ekki séu til eldri heimildir um landamerki jarðarinnar en landamerkjabréf frá ofanverðri 19. öld.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1709 sé þess getið að í Efstadal hafi kirkja verið til forna og skýri það vafalaust það fjalllendi sem fylgt hafi jörðinni. Í Jarðabókinni segi að eftir að afréttur í fjöllum kringum Skjaldbreið og Lambahraun hafi aflagst gangi lömb í búfjárhögum sem til fjalls viti og með því að jörðin eigi mikið land til fjalls þiggi stundum fleiri, stundum færri, sumarhaga fyrir lömb sín af ábúandanum fyrir einhvern góðvilja eftir því sem um semji. Að vita til fjalls hljóti að merkja annað en á fjalli og sé hér væntanlega átt við fjallsbrekkurnar inn með Efstadalsfjalli allt inn að Brúarárskörðum og Rauðafelli en kröfulína ríkisins liggja einmitt fyrir ofan þessar grónu brekkur. Talað hafi verið um búfjárhaga þar sem fráferum hafi verið haldið til haga með beitarstýringu en geldfé, lömb og annað hafi verið á fjalli. Búfjárhagar séu þannig landsvæði þar sem búfé jarðarinnar hafi haldið sig. Í þessu sambandi sé rétt að benda á það sem segi í jarðarbókinni um Laugardalshóla, þ.e. að jörðin ætti afrétt í Efstadal.

Jörðin Efstidalur sé austust á þjóðlendulínu í hreppnum og hafi farið í landskipti og síðar í yfirlandskiptagerð. Í yfirlandskiptagerðinni frá 26. febrúar 1960 sé talsverð umfjöllun um landareignina. Þar segi að af gögnum málsins sé ljóst að hvoru tveggja skipti skuli ná til þess lands sem teljist heimaland jarðanna. Í hvorugri skiptagjörðinni sé þó mörkuð skýr mörk milli hins skipta lands, þ.e. heimalandsins og hins óskipta sameignarlands, sem nánast hafi verið álitnið afréttarland jarðanna. Á hluta þeirra marka séu gróðurmörk talin vera mörk milli hins skipta heimalands og afréttarlandsins. Enda þótt gróðurtakmörk geti verið umdeilanlegt hugtak hafi við samanburð landstærða í skiptunum 1946 og 1959 verið við það stuðst að gróðurmörk væru þar sem á loftmyndum væri sjáanlegt að skógur og annar samfelldur gróður næði.

Allt annað land en það sem skipt hafi verið sé óskipt sameign beggja bæjanna. Milli skipta hluta landsins og þess óskipta hafi átt að leggja girðingu en það hafi ekki verið gert. Að öðru leyti megi um fjalllendi þessara jarða benda á fyrri umfjöllun um dómafordæmi Hæstaréttar um staðhætti, viðáttu og gróðurfar, svo og landnot og fjallskil, gildi landamerkjabréfa og skilgreiningu á heimalöndum og útlendi jarðar.

7.3. Hjálmsstaðir I-II

Um sé að ræða jörð í einkaeign. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 1887 sé samþykkt vegna Snorra-staða og Miðdalsjarða. Mörk jarðarinnar og Laugardalsafréttar séu ósamþykkt. Þótt býlin séu tvö hafi landskipti ekki farið fram. Í Alþingisbókum Íslands sé skjal frá 3. ágúst 1574 um landamerki milli jarðanna Ketilvalla og Hjálmsstaða. Þar séu merkin sögð liggja til fjalls milli jarðanna að gnipunni á Miðdalsbrún hinni vestari. Í greinargerð íslenska ríkisins segir að samkvæmt korti virðist það vera á svipuðum stað og kröfulína ríkisins í máli þessu. Sömu merki séu sögð vera á milli jarðanna í áreið sama ár.

7.4. Ketilvellir

Ketilvellir hafi verið hjáleiga frá kirkjujörðinni Miðdal ásamt Miðdalskoti. Um landamerkjabréf sé vísað til landamerkjabréfsins fyrir Miðdal. Þar sem um hjáleigu hafi verið að ræða sé vafasamur réttur jarðarinnar til óskipts lands Miðdals. Jörðin sé eign kirkjujarðasjóðs og þar með eign íslenska ríkisins. Fjármálaráðuneytið hafi ekki lýst kröfum vegna jarðanna öðruvísi en með bréfi dags. 22. október 1999 en þar segi að landamerkjum sé lýst að þjóðlendulínu að svo stöddu, sbr. fyrri kröfu-

lýsingu, dags. 18. júní 1999, um þjóðlendumörk í Laugardalshreppi. Með þessu sé nánar tiltekið átt við að lýst sé beinum eignarrétti að landi jarðanna að þjóðlendumörkum en að krafist sé viðurkennningar á rétti jarðanna til afréttarnota á landi því er liggja norðan þjóðlendulínu ríkisins og allt að mörkum afréttar Laugardalshrepps.

Sameiginlegt landamerkjabréf sé til fyrir jarðirnar Ketilvelli, Miðdal og Miðdalskot frá árinu 1889 en samkvæmt framlögðum gögnum hafi ekki farið fram landskipti milli jarðanna. Þó hafi einhver teiknað landamerki jarðanna inn á bréfið og tilheyri þar meginhluti landsins Miðdal. Einhverjar sneidar á báðar hliðar séu taldar eign Ketilvalla og Miðdalskots. Kröfum hafi verið lýst vegna Miðdals f.h. félags bókargerðarmanna. Þar sé þess krafist að viðurkennt verði að eigandi Miðdals sé fullkominn eigandi að landi jarðarinnar í samræmi við landamerkjalyýsingu á skjölum 79 og 80. Skjal 79 sé sameiginlegt landamerkjabréf fyrir Miðdal og hjáleigurnar Ketilvelli og Miðdalskot eins og þar segi. Skjal 80 sé hins vegar ódagsett skjal undirritað af ábúanda og síðar eiganda Miðdals og Gunnari Gunnarssyni sem taki við ábúð á jörðinni í 6 ár. Hér sé um að ræða prentaða afritun af niðurlagi byggingarbréfs frá 26. maí 1928. Af hálfu eiganda Miðdals virðist gert ráð fyrir að með fyrrgreindri bókun í byggingarbréfinu séu komin á formleg landskipti milli Miðdals, Ketilvalla og Miðdalskots.

Í gögnum málsins sé eftirfarandi heimildir um umræddar þrjár jarðir að finna:

Visitasíubók Brynjólfs Sveinssonar, biskups frá 1644, Jarðabók Árna og Páls, jarðamat Árnassýslu 1849-1850, landamerkjabréf frá 23. maí 1889 fyrir kirkjujörðina Miðdal og hjáleigurnar Ketilvelli og Miðdalskot, byggingarbréf frá 26. maí 1928 fyrir Miðdal, afsal kirkjujarðasjóds til ábúandans Magnúsar Böðvarssonar vegna jarðarinnar Miðdals frá 5. janúar 1930 og afsal frá 17. október 1941 til núverandi eiganda Miðdals.

Þær ályktanir megi draga af þessum heimildum að Miðdalur hafi verið orðinn staður er Brynjólfur Sveinsson biskup vísiteraði Miðdal 1644. Þá hafi staðurinn aðeins átt heimalandið en ekkert sé minnst á heiðarland. Auk heimalandsins eigi staðurinn jörðina Ketilvelli. Sú jörð og Miðdalskot séu í öllum heimildaskjölum nefndar jarðir nema í landamerkjabréfinu 1889 þar sem þær séu nefndar hjáleigur. Svo virðist sem jarðirnar hafi verið nefndar hjáleigur í landamerkjabréfinu þar sem þær hafi verið leigðar út frá kirkjujörðinni sem hafi átt þær. Greinilegt sé að við gerð landamerkjabréfsins hafi meira landsvæði verið talið innan marka en aðeins heimalandið þar sem stórt flæmi heiðarlands hafi fylgt með. Engir aðrir en íslenska ríkið og eigandi Miðdals geri kröfu til þessa heiðarlands samkvæmt fyrirliggjandi kröfulýsingum og þannig sé ekki ágreiningur milli annarra aðila um yfirráð eða beitarrétt á þessu svæði norðan kröfulínu íslenska ríkisins.

Landamerkjabréfið frá 1889 sé eins og fyrr greinir sameiginlegt fyrir Miðdal, Ketilvelli og Miðdalskot. Bókun í byggingarbréf Miðdals 1928 um merki milli jarðanna sé ekki samþykkt af til þess bærum aðila, þ.e. kirkjujarðasjóði, þar sem aðeins ábúendur hafi ritað undir bréfið. Við sölu Miðdals 1930 til ábúandans Magnúsar Böðvarssonar hafi ekki verið tilgreint hvaða land fylgdi við sölnu úr heildarlandsvæðinu. Sama hafi gerst er jörðinni Miðdal hafi verið afsalað 17. október 1941 til núverandi eiganda. Þar sem kirkjujarðasjóður hafi fyrir afsalið 1930 átt allar þrjár jarðirnar hafi eign kirkjujarðasjóds minnkað sem numið hafi því landi sem selt hafi verið með Miðdal en það hafi verið óskipt land úr heimalandi. Þar sem ekki sé getið um sölu á heiðarlandi í afsalinu liggja beint við að halda því fram að það hafi ekki verið selt. Það sé því allt eign íslenska ríkisins eftir að eignir kirkjujarðasjóds hafi fallið til ríkisins árið 1997. Heimaland jarðanna sé því í óskiptri sameign og því þörf formlegra landskipta.

Fjármálaráðuneytið lýsi þannig beinum eignarrétti fyrir jarðirnar Ketilvelli og Miðdalskot að þjóðlendumörkum, sbr. bréf ráðuneytisins frá 22. október 1999, en til vara að þeirri þjóðlendumörkum sem óbyggðanefnd kunnri að úrskurða gangi hún skemur. Fyrir jarðirnar sé heiðarlandinu norðan kröfu-

línu ríkisins lýst sem afréttarlandi, allt að mörkum Laugardalsafréttar að norðan. Lýst sé rétti jarðanna til sameiginlegs afréttar hreppsins, þ.e. beitarrétti. Þannig sé ekki lýst beinum eignarrétti vegna jarðanna til lands norðan þjóðlendulínu.

7.5. Laugardalshólar og Hólabrekka

Í greinargerð segir að Laugardalshólar og Hólabrekka séu í einkaeign. Landamerkjabréf Laugardalshóla frá 1887 sé samþykkt vegna Miðdalsjarða og Böðmódsstaða. Enginn samþykki óbyggðamörkin sem gangi örlítið inn fyrir kröfulínu ríkisins á Efstadalsfjalli. Hólabrekka hafi verið byggð úr landi Laugardalshóla árið 1858 og hafi land Hólabrekku verið fjórði partur af landi Laugardalshóla. Jörðin hafi af og til verið í búskap til 1940 og sé nú aftur eign Laugardalshóla. Ekki sé til sérstakt landamerkjabréf fyrir Hólabrekku. Í Jarðabók Árna og Páls sé frá því greint að jörðin eigi afrétt ut supra á Efstadal og berjalestur á Efstadal.

7.6. Laugarvatn

Laugarvatn sé landmikil jörð en þar hafi verið kirkja, svokölluð hálfkirkja. Jörðin sé sameign skólanna á Laugarvatni. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 1890 sé samþykkt af hálfu jarðanna Miðfells, Gjabakka, Snorrastaða, Hjálmsstaða, Eyvindartungu, Grafar, Efra-Apavatns, Kaldárhöfða, Neðra-Apavatns, Búrfells og Klausturhóla. Þetta þýði að öll merki jarðarinnar séu samþykkt. Út úr jörðinni hafi verið seld landspilda á Lyngdalsheiði og Hrafnabjargarhálsi til Grímsneshrepps með afsali dagsettu 17. nóvember 1917. Þar hljóti að vera um afréttarland að ræða. Til þess bendi gróðurfar á landinu, fjarlægð frá byggð, hæð yfir sjó og einhliða beitarnot. Í afriti af máldaga Blasíuskirkju á Laugarvatni, er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti, segi að kirkjan eigi í heimalandi. Þetta sé greinileg sönnun fyrir að landrými Laugarvatns hafi skipst í heimaland og afrétt.

Núverandi landamerkjalýsingu megi líklega rekja til lögfestu frá 1669. Þar sé landamerkjum lýst frá mörkum Eyvindartungu að stóra steininum á Blönduhálsi og þaðan í Þrasaborgir og þaðan í nyrðra Driftarendann á vestustu Driftinni í sandgíginn á Hrafnabjargarhálsi langt frá Reyðarbarminum. Óbyggðarmörkum sé ekki frekar lýst en næst sé lýst mörkum við Snorrastaði. Merkjalyfing sé ekki í fjallinu en byrji í fjallsbrúninni. Hún byrji svo: „Fyrst sjónhending úr Markartanga fyrir austan stóra Hristanga og í Markargilskjafittinn.“ Þegar fyrrgreind lögfesta sé skoðuð sé ekkert land talið til jarðarinnar fyrir ofan fjallsbrúnir í Laugardal eins og síðar sé gert með landamerkjabréfi. Þó sé væntanlega gengið lengra með lögfestunni en fyrr var en þá hafi verið um að ræða heimaland Laugarvatns sem kirkjan eignaðist, hversu víðfeðmt sem það kunni annars að hafa verið. Hér blasi við það sama og í Þingvallamálinu. Þar hafi verið heimaland en síðar hafi verið farið að ásælast land eða gefa það. Vitað sé að menn hafi gefið kirkjum til að komast hjá greiðslu tíundar. Vegna þessa hafi kirkjur eignast miklar eignir. Það hafi einnig gerst vegna þess að heimalandi kirkju tilheyru allar aðrar eignir kirkjunnar. Þegar kirkja eignaðist afréttarland þá hafi það verið talið tilheyra heimajörðinni vegna fyrrgreindrar reglu. Þannig hafi þetta verið skráð í máldögum sem síðan hafi gilt milli kynslóðanna.

Ráða megi af umfjöllun um fjallskil að allt útlendi Laugarvatns inn til Lyngdalsheiðar og Laugarvatnsvalla og ofan fjallsbrúna í Laugardalsfjöllum sé smalað sem afréttur en ekki sem eignarland. Spurning sé hvort land jarðarinnar á heiðinni sé þjóðlenda þrátt fyrir öndverða kröfulýsingu ríkisins en ríkið krefjist þess að minnsta kosti að landið ofan fjallsbrúna verði talið til þjóðlendu.

7.7. Miðdalskot

Jörðin sé eign kirkjujarðasjóðs. Hún hafi verið hjáleiga frá kirkjujörðinni Miðdal ásamt Ketilvöllum. Um landamerkjabréf sé vísað til landamerkjabréfsins fyrir Miðdal en þar sem um hjáleigu hafi verið að ræða sé vafasamur réttur til óskipts lands Miðdals. Að öðru leyti sé vísað til umfjöllunar um Ketilvelli hér að framan.

7.8. Miðdalur

Sagt er að jörðin sé eign Félags bókgæðarmanna samkvæmt afsali frá 1941. Landamerkjabréf jarðarinnar, sem gildi jafnframt fyrir jarðirnar Ketilvelli og Miðdalskot, sé frá 1889. Það sé samþykkt af hálfu jarðanna Efstadals, Laugardalshóla, Hjálmsstaða, Snorrastaða og Laugarvatns. Enginn samþykki mörk jarðarinnar og afréttarins sem ná upp fyrir þjóðlendumörk. Að öðru leyti sé vísað til umfjöllunar um Ketilvelli hér að framan.

7.9. Snorrastaðir

Í greinargerð segir að jörðinni hafi verið skipt í tvö býli og séu bæði býlin í einkaeign. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 1887 sé samþykkt einungis af hálfu jarðarinnar Laugarvatns. Þann 23. október 1986 hafi verið þinglýst jarðarskiptayfirlýsingu þar sem jörðinni hafi verið skipt upp í tvö býli. Snorrastaðir I sé bújörð en Snorrastaðir II sérstakt sumarbústaða- og útivistarland. Skiptin séu upp í fjallsbrún.

7.10. Laugardalsafréttur

Af hálfu íslenska ríkisins sé talið eðlilegt að skoða alla Lyngdalsheiðina sem eina heild þótt hún sé í þremur hreppum. Þar sem Heiðin sé öll innan landamerkja jarða eða hafi verið það sé tiltölulega láglend og ekki langt frá byggð og reyndar umlukin byggð á allar hliðar nema að norðan, sé þess ekki krafist að þjóðlendumörk ná inn á heiðina sjálfa.

Rökin að baki þjóðlenduínu umhverfis Laugardalinn byggist á upplýsingum um landnám eins og fyrr hafi verið rakið. Ljóst sé að dalurinn allur hafi verið numinn og þá upp á brúnir. Upplýsingar um fjallskil mæli þessu ekki í mót og benda megi á að öræfaland byrji neðar en þar sem kröfulína ríkisins liggir. Landskiptagerðir séu í samræmi við þetta þar sem þeirra njóti við. Að öðru leyti megi að því er varði fjalllendi jarða í hreppnum, benda á fyrri umfjöllun um dómafordæmi Hæstaréttar sem fjalli um staðhætti, víðáttu og gróðurfar, landnot og fjallskil, gildi landamerkjabréfa og skilgreiningar á heimalöndum og útlendi jarða.

Norðan þjóðlendumarka sé mikið landsvæði í hreppnum sem skiptist að mati íslenska ríkisins í nokkra einkaafrétti einstakra jarða og síðan sameignarafrétt jarða í hreppnum. Þess hafi verið krafist af hálfu þeirra sem nýtt hafi beit á afréttinum að viðurkennt verði að afréttarlönd þessi séu undirorpin beinum eignarrétti þeirra. Af hálfu íslenska ríkisins sé þessum kröfum mótmælt en viðurkenndur réttur þessara aðila til upprekstrar og annarrar takmarkaðrar notkunar sem lög kveði á um að fylgi upprekstrarrétti. Af hálfu íslenska ríkisins sé því haldið fram að land þetta skuli teljast þjóðlenda og sé vísað til sömu raka og liggir að baki kröfugerð ríkisins um lönd á þjóðlendumörkum. Eftir því sem fjær dragi byggð vegi rök þessi að sjálfsögðu þyngra.

Af hálfu íslenska ríkisins er á það bent að engar heimildir séu til um nám þess lands sem nú teljist innan landamerkjalyfingar afréttar Laugardals. Landnáma sé mjög glögg hvað þetta varði og ljóst sé að allur afrétturinn sé utan þess lands sem numið var. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við lýsingu á landnámi á þessu svæði svo sem fyrr greini og sé vísað til þess.

Af hálfu íslenska ríkisins er því mótmælt að jarðeigendur í hreppnum hafi öðlast beinan eignarrétt að afréttinum á grundvelli landnytja. Á það sé bent að af tilteknum nytjum megi ráða hvort landið sé undirorpið beinum eignarrétti þess sem nytjar landið eða hvort hann eigi þar einungis óbein eignarréttindi. Meginreglan sé sú að land, sem nytjað hafi verið til beitar og smalað að frumkvæði fjallskilastjórnar, sé þjóðlenda. Land, sem nytjað hafi verið til búrekstrar með byggingum og öðrum mannvirkjum, sé hins vegar eignarland. Afréttur Laugardalshrepps sé í flokki þess fyrrnefnda, þ.e. þjóðlenda. Kenningar fræðimanna um beinan eignarrétt að landi miðast við að hann stofnist fyrir mannanna verk. Á afréttinum séu hins vegar ekki önnur mannanna verk en þau sem tengist beitarafnotunum. Því geti hann ekki verið undirorpin beinum eignarrétti.

Öllum fullyrðingum afréttarhafa um margvísleg not af afréttinum sé mótmælt, í fyrsta lagi

vegna þess að engin gögn liggja fyrir um að þau hafi átt sér stað, svo sem leiga réttinda og náma, og í öðru lagi vegna þess að þá hafi verið um augljósa óheimila nýtingu að ræða. Sá sem haldi því fram að landsvæði eins og Laugardalsafreittur sé undirorpinn beinum eignarrétti verði að leggja fram ríkuleg sönnunargögn því til stuðnings.

Því sé mótmælt að jarðeigendur í Laugardalshreppi geti stutt eignartilkall sitt til afréttarins með vísan til landamerkjabréfs og þinglýsingu þess. Svo sem fyrr greini sé landamerkjabréf fyrst og fremst afmörkun yfirráðasvæðis og af hálfu íslenska ríkisins séu engar athugasemdir gerðar um mörk afréttarins. Þinglýsing sé ekki sönnun fyrir öðrum rétti en þeim sem þinglýst var og að því er afréttinn varðar sé það yfirráðaréttur yfir afréttarlandi.

Þá sé ekki hægt að fallast á þá málsástæðu gagnaðila ríkisins að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt eignarrétt jarðeigenda í Laugardalshreppi að afréttinum enda sé ekki bent á nein slík tilvik í greinargerð.

Af hálfu íslenska ríkisins er bent á að sá sem haldi því fram að tiltekið land sé eignarland beri sönnunarbyrðina fyrir því. Það land, sem ekki tekst að sanna að sé undirorpið beinum eignarrétti, sé þá þjóðlenda. Þessa reglu megi leiða af almennum reglum um sönnunarfærslu. Um þetta megi vísa til H 1981 182 (Mývatnsbotn).

Við skoðun heimilda um umráð og nýtingu og önnur atriði sem máli skipti sé alveg ljóst að afréttur Laugardalshrepps sé sams konar landsvæði og Landmannaafreittur. Um hann hafi Hæstiréttur sagt: „Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla, hafi tekið afréttarlandið til sumarþeirra fyrir búþening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar.“

Með ofangreindri umfjöllun sé búið að hrekja tilkall jarðeigenda í Laugardalshreppi til þess að viðurkennt verði að afrétturinn sé undirorpinn beinum eignarrétti þeirra. Spurning sé hvort hreppurinn hafi unnið hefð á afréttarréttinum en hér að framan hafi verið færð fyrir því rök að ekki sé hægt að hefða eignarrétt á landi utan eignarlanda. Í þessu sambandi sé vísað til H 1987 1656 (Flateyjaraldalsheiði). Þar hafi kröfu um rétt til upprekstrar á grundvelli hefðar verið hafnað vegna grandsemi um rétt annarra og enn fremur vegna skorts á sönnun fyrir samfelldum notum í 40 ár. Ljóst sé af heimildum að nokkrir aðilar hafi kallað til réttar yfir umræddu þrætulandi og spurning sé hvort umráð hafi nokkru sinni verið með þeim hætti að skilyrði hefðarlaga séu uppfyllt.

8. SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.

8.1. Kröfur um sáttatillögu, frávísun o.fl.

Af hálfu Laugardalshrepps er þess krafist að óbyggðanefnd leggi fram sáttatillögu í málinu í samræmi við 15. gr. laga nr. 58/1998. Meginhlutverk óbyggðanefndar hljóti að vera að setta aðila enda geti úrskurðir hennar vart verið bindandi um eignarréttindi. Með þátttöku í málsmeðferð fyrir nefndinni sé á engan hátt verið að viðurkenna úrlausnarvald hennar að þessu leyti. Eignarréttur sem byggist á athugasemdalausum þinglýstum heimildum verði hvorki takmarkaður né tekinn af landeigendum með úrskurði óbyggðanefndar og er hvers konar ráðagerð um það mótmælt.

Í greinargerð jarðeigenda o. fl. segir að krafa þeirra um að vísa beri frá óbyggðanefnd kröfu ríkisvaldsins um að þjóðlendur nái inn í þinglýst eignarlönd byggist á því að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar verði ekki hróflað við eignarrétti manna nema með lögum. Í þjóðlendulögunum sé ekki að finna neina heimild til eignarnáms heldur sé þvert á móti hnykk á því í lögunum að þjóðlendur séu utan eignarlanda. Óbyggðanefnd hafi því ekki lagaheimild til að úrskurða að til þjóðlendna skuli teljast land sem nú liggur innan þinglýstra landamerkja bújarða eða afrétta þar sem lögaðilar hafi þinglýst afsal fyrir eignarrétti sínum þar sem með þeim hætti væri í raun verið að

svipta viðkomandi eiganda eignarrétti sínum. Þar með væri land, sem eigandinn hefur fullkomna eignarheimild fyrir í dag, og sem viðurkennt hefur verið af yfirvöldum að hann eigi, sbr. skráningu í fasteignamat og aðrar opinberar skrár, ekki lengur fullkomin eign hans heldur væri honum gert að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Höfði landeigandinn ekki mál fyrir dómstólum innan 6 mánaða frá úrskurði óbyggðanefndar til viðurkenningar á eignarrétti sínum glati hann endanlega eignarrétti að umræddu landi. Landeigandanum væri gert að sækja mál fyrir dómstólum til að verja eignarrétt sinn. Á því sé byggt að málsmeðferð þessi standist ekki 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og því beri að vísa kröfum, sem lúta að þinglýstum eignarlöndum frá óbyggðanefnd, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Í öðru lagi sé frávisunarkrafan á því byggð að óbyggðanefnd sé ekki óháður úrskurðaraðili. Það, að leggja þurfi málin undir óbyggðanefnd með þeim hætti sem ráð sé fyrir gert í lögum nr. 58/1998, sé andstætt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, svo og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi talið ákvæði þetta eiga við um ákvarðanir stjórnvalda sem hafi áhrif á eignarrétt og atvinnuréttindi manna í víðtækri merkingu. Í 19. gr. laga nr. 58/1998 sé vissulega að finna ákvæði um heimild einstaklinga til að bera ákvörðun óbyggðanefndar undir dómstóla enda sé það gert innan mjög skamms tíma, þ.e. 6 mánaða. Engu að síður sé því haldið fram að málsmeðferðin geti ekki verið réttlát. Í fyrsta lagi benda jarðeigendur o.fl. á það hversu skammur málshöfðunarfresturinn sé. Í öðru lagi er á það bent að þegar óbyggðanefnd, sem heyri undir forsætisráðuneytið, hafi tekið ákvörðun um að tiltekin landsspilda skuli teljast þjóðlenda og sæta þannig forsjá forsætisráðuneytisins, þá verði þólandinn, þ.e. hinn raunverulegi landeigandi, að höfða dómsmál og vera þannig sóknaraðili í máli til þess að fá þessari ákvörðun stjórnvaldsins hnekk. Við því sé að búast að staða stjórnvaldsins sé þá mun sterkari þar sem sérhæfð nefnd hafi þá þegar tekið afstöðu með málstað ríkisvaldsins. Af þessum sökum beri að vísa hvers konar ágreiningi um eignarréttindi frá óbyggðanefnd og beri nefndinni sjálfri að taka afstöðu til frávisunarkröfunnar með úrskurði.

Í greinargerð jarðeigenda o. fl. eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998:

Kanna þurfi hvort úrskurðir óbyggðanefndar kunni að vera ógildanlegir þar sem þjóðlendulög standist hvorki stjórnarskrá né mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi beri að huga sérstaklega að tveimur atriðum. Í fyrsta lagi hvort löggjafanum sé heimilt að færa eignarrétt að almenningum og eigendalausum svæðum, er nú lúti fullveldisrétti Alþingis, til ríkisins, þ.e. til forsætisráðuneytisins, til þinglýstrar eignar. Telja jarðeigendur o. fl. að það gerist í raun þegar slíkt sé úrskurðað þjóðlenda og spyrja hvort slíkt „landnám,“ sé heimilt nú. Minnt sé á að ákvæði Jónsbókar um að „almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið,“ sé í fullu gildi. Í Landmannaafrettarmálunum hafi verið tekist á um eignarréttindi á Landmannaafretti. Í fyrri málinu hafi verið synjað um viðurkenningu á eignarrétti sveitarfélaganna og/eða jarðanna á afréttinum. Í síðara málinu hafi kröfu ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti þess á umræddu landi hins vegar verið hafnað. Alþingi geti tæplega breytt niðurstöðu dómstóla að þessu leyti og falið ríkisvaldinu eignarréttinn að umræddu landsvæði með lögum. Slík lagasetning kunni að brjóta í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnræði aðila. Standist slík lagasetning megi spyrja hvort ekki hefði verið eðlilegra að ákveða með lögum að Landmannahreppur ætti hið umdeilda landsvæði með hliðsjón af því að þeir einir hefðu nýtt landið.

Í öðru lagi er því haldið fram að það fari gegn jafnræði málsaðila og stríði gegn almennri réttlætiskennnd að forsætisráðherra skipi óbyggðanefnd, er eigi að úrskurða um eignarrétt að landi, sem fallið geti til ríkisvaldsins og lúti stjórn forsætisráðuneytisins. Enginn geti verið dómari í eigin sök. Sjónarmið um að skipan þessi stríði gegn réttlátri málsmeðferð leiði til þess að úrskurðir óbyggðanefndar kunna að verða ógildanlegir. Með þessu sé ekki verið að lýsa yfir vanhæfi nefndarmanna

heldur hvernig staðið sé að skipan í nefndina. Þeim tilmælum sé beint til óbyggðanefndar að hún taki ábendingar þessar til meðferðar og segi af sér komist hún að þeirri niðurstöðu að þjóðlendulög-in standist ekki stjórnarskrá eða að skipan nefndarinnar standist ekki hlutleysis- og jafnræðisreglur.

Þá er því haldið fram að óbyggðanefnd beri að leita umsagnar allra þeirra aðila, sem að hinu umdeilda landsvæði kunna að koma, svo sem Náttúruverndarráðs, Héraðsnefndar Árnassýslu, iðnaðarráðuneytisins og allra þeirra aðila sem veitt geti upplýsingar um eða tengist hinu umdeilda með einhverjum hætti.

Kröfugerð ríkisvaldsins hafi verið kærð til umboðsmanns Alþingis vegna meints brots á meðal-hófsreglu, rannsóknarreglu og andmæla-reglu stjórn-sýslulaga.

Loks er því haldið fram að óbyggðanefnd geti ekki tekið einstök svæði til úrlausnar fyrr en fyrir liggja kröfugerð til alls landsins svo gæta megi jafnræðis við úrlausn málanna. Með öðru móti verði ekki nægilega rannsakað hvernig eignarhaldi sé almennt háttáð á landi sambærilegu því, sem hér er til umfjöllunar.

8.2. Almenn atriði varðandi eignarréttarkröfur

Að því er varði hið eiginlega afréttarland, þ.e. það land, sem Laugardalshreppur „hefur ekki eignast sem lögpersóna með kaupum“, kveða jarðeigendur o. fl. á því byggt að það hafi verið numið í önd-verðu og sé í óskiptri sameign eigenda þeirra lögbýla í hreppnum, sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á afréttinum. Afrétturinn hafi verið nýttur til fulls allt frá landnámsöld eftir því sem mögulegt var hverju sinni af eigendum jarða í hreppnum en hreppsfélagið hafi farið með málefni afréttarins fyrir hönd jarðeigenda, allt frá stofnun hreppsfélagsins.

Að því er varði jarðirnar Snorrastaði I og II, Hjálmstaði I og II, Miðdal, Laugardalshóla, Hólabrekku og Efstadal I-IV er á því byggt að allt land fyrrgreindra jarða innan þinglýstra landamerkjja þeirra sé undirorpið beinum eignarrétti eigenda þeirra. Af hálfu ríkisins hafi engar kröfur hins vegar verið gerðar til heimalands jarðanna Efra-Apavatns I og II, Grafar, Lækjarhvamms og Eyvindartungu en kröfur eigenda þeirra um að viðurkennt verði að allt land jarðanna innan þinglýstra landamerkjja sé fullkomin eign þeirra eru ítrekaðar.

Af hálfu jarðeigenda o. fl. er byggt á landamerkjalyýsingu afréttarlandsins og þeirra jarða sem í hlut eigi. Enn fremur að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt þannig að bindandi sé að umrætt land, innan landamerkjja, sé undirorpið beinum eignarrétti og því verði ekki hnekk-t nú, mörg hundruð árum síðar.

Við setningu landamerkjialaga, nr. 5/1882 og síðar nr. 41/1919, hafi ætlun löggjafans verið sú að framkvæmdarvaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og að leyst yrði úr ágreiningi um þau, væri hann fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum hefði verið þinglýst. Allt til ársins 1981 hafi verið gert ráð fyrir að sérstakur dómstóll, landamerkjadómstóll, skæri úr ágreiningi um landamerki. Löggjafarvaldið hafi með þessu viljað tryggja að landamerki væru sem skýrust og að um þau þyrfti ekki að deila. Með landamerkjälögum hafi átt að koma góðri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll og hafi fyrirmælum laganna verið fylgt og landamerkjalyýsingar gerðar fyrir nær allar jarðir. Landamerkjälögin frá 1882 hafi ekki kveðið á um það hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt. Alkunna hafi verið að eignarlöndum fylgdi fullkominn eignarréttur og að afréttarlönd væru í sameign eigenda þeirra jarða sem afrétturinn tilheyrði.

Afréttir hafi á þessum tíma verið taldir undirorpnir fullkomnum eignarrétti sem einungis takmarkaðist af eignarrétti annarra landeigenda. Um þetta hafi ekki verið deilt enda hafi þetta sameiginlega land fyrst og fremst verið nýtt til beitar fyrir sauðfé og hesta.

Í 1. gr. landamerkjialaganna sé mælt fyrir um að landeigendur eða fyrirsvarsmenn jarða þar sem

eigi séu af völdum náttúrunnar glögg landamerki skuli setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vötnum með hæfilegu millibili enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki sem löglega sé við haldið. Framangreind regla eigi m.a. við um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna ef sá, sem land á að afrétti eða lendu krefst þess. Landamerkjalyásingar þær, sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjaganna 1882, hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingum og eftirlitsskyldu valdsmanna sem leitt hafi til þess að um sé að ræða fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Landamerki þessi og þetta fyrirkomulag beri að virða. Af hálfu jarðeigenda og fleiri sé talið að ekki sé hægt að raska landamerkjum með því að setja meira en öld síðar lög, sem kveði á um eignarrétt ríkisvaldsins að stórum landsspildum, sem í meira en 100 ár hafi verið taldar innan þinglýstra landamerkja jarða eða eftir atvikum í sameign tiltekins fjölda jarða. Ríkisvaldið geti ekki slegið eign sinni á land sem sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi verið það í yfir 100 ár. Hér hljóti venjuréttur og hefðarsjónarmið að veða þungt. Þá hafi jarðir gengið kaupum og sölum og heimildarskjölum vegna þeirra verið þinglýst athugasemdalaust í gegnum tíðina. Minnt sé á að það sé meðal annars talið felast í áreiðanleika þinglýsingarbóka að þær greini frá tilvist allra réttinda yfir eignum þannig að þriðji maður geti treyst því að þau réttindi, sem þinglýsingabækur greini ekki frá, gildi ekki og slík réttindi þurfi hann ekki að virða. Þá sé það leitt af reglum þinglýsingalaga að eldri rétthafi, sem ekki afli réttindum sínum verndar með þinglýsingu, geti átt það á hættu að grandlaus yngri rétthafi samkvæmt samningi og skuldheimtumenn eiganda geti rýmt burt rétti hans. Með landamerkjalögunum hafi sú skylda verið lögð á sýslumenn, umboðsmenn ríkisvaldsins að sjá til þess að landamerkjalyásing væri gerð fyrir allar jarðir og þeim síðan þinglýst. Á því sé byggt að þar sem þinglýsingardómarar og frá 1992, þinglýsingarstjórar, hafi ekki gert athugasemdir við heimildaskjöl þau, sem jarðeigendur byggja eignartilkall sitt á, þess efnis að hluti landsins sé ekki fullkomin eign afsalsgjafa, komist krafa íslenska ríkisins um viðurkenningu á beinum eignarrétti þess að hluta þessara jarða ekki að nú.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi var lokið. Lengi hafi verið óvissa um hvort hefðarréttur gilti hér á landi. Í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746 hafi verið kveðið á um að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign. Víða megi sjá þess stað að út frá því hafi verið gengið að hefðarreglur Norsku eða Dönsku laga (1683 og 1687) giltu hér á landi. Einnig sé vikið að hefðarreglum í nokkrum tilskipunum, sbr. konungsbréf frá 18. apríl 1761, nýbýlatilskipunina frá 1776 og tilskipun frá 17. apríl 1833 er varði óðalsrétt á Íslandi. Landsyfirréttur hafi í dómi frá 5. maí 1830 gengið ótvírætt út frá því að hefðarreglur Norsku laga giltu á Íslandi þó að rétturinn hafi síðar, eða í dómi frá 19. desember 1887, hafnað hefðarreglum. Hefð hafi síðan fyrst og fremst haft gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Ákvæði 1. gr. hefðarlaga sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt þessu megi halda því fram að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð á landi, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti undirorpið. Í fyrri Landmannaafréttardóminum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð verði unnin á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. þjóðlendulaga i.f. Gaukur Jörundsson telji að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur um sé að ræða afrétt eða almenning ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt. Hann telji þó að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Því sé hins vegar ekki haldið fram að afréttarsvæði það, er nú tilheyri Laugardalshreppi, hafi verið eigendalaust land heldur sé ljóst að landið hafi verið numið og nýtt sameiginlega af jarðeigendum í Laugardalshreppi. Sjónarmiðin um hefð séu til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt jarðeigenda í hreppnum. Gaukur Jörundsson telji jafnframt að slaka beri

á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmætið og allar aðstæður gefi minna tilefni til víðtækra umráða og fjölbreyttra nota. Í dómi Hæstaréttar frá 20. janúar 1939 hafi verið fallist á eignarhefð engjalands enda þótt hefðandi virðist hafa haft lítil sem engin önnur not af landinu en til slægna.

Engu breyti um eignarhaldið hvort hefðandi lands er einn aðili eða margir sameigendur. Það, að landið hafi frá upphafi nánast einungis verið nýtt til beitar og þótt þeir sem það nýttu hafi nýtt það sameiginlega og að um afréttarmálefni og fjallskil hafi gilt almenn lög þá breyti það ekki því að þessir sameigendur hafi nýtt landið eins og kostur var í fullan hefðartíma og meira en það og jafnframt meinað öðrum not þess. Ríkisvaldið hafi ekki nýtt afréttarland Laugardalshrepps með nokkrum hætti. Þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi snemma haft afskipti af nýtingu afrétta með skipulagningu smölunar og eyðingu refa geti slík stjórnsýsluleg afskipti ein sér ekki haft í för með sér yfirfærslu eignarréttarins frá jarðeigendum til sveitarfélagsins eða ríkisvaldsins. Venjuréttur og hefð falli hér saman og eigi að leiða til þess að afrétturinn tilheyri jörðunum í hreppnum sem nýtt hafi landið öldum saman.

Miklu síðar hafi því verið haldið fram að jarðeigendur ættu einungis beitarrétt á afréttinum og sé þar um útúrnsúning að ræða enda þjóni það hagsmunum valdhafa að beinn eignarréttur að landsvæði þessu tilheyri ríkisvaldinu. Þessa pólitísku niðurstöðu, sem menn telja almannahagsmunum hagfelldari, sé síðan reynt að búa í skrautbúning þess lagaumhverfis sem við lifum í nú. Af hálfu jarðeigenda og fleiri er því haldið fram að virða beri þá skipan sem gilt hafi um aldir og staðfest hafi verið m.a. með landamerkjalogunum frá 1882 og að eignarréttindi verði ekki færð í hendur ríkisvaldsins með almennum lögum.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi talið að ríkisvaldið geti farið með ákveðin umráð lands í skjóli valdheimilda sinna sé ekki þar með sagt að löggjafinn geti framselt vald þetta til stjórnvalda og jafnframt falið stjórnvöldum að skera úr um það hvaða land skuli vera undirorpið eignarrétti ríkisvaldsins og hvað skuli skilið eftir handa raunverulegum eigendum landsins. Hér sé fyrst og fremst um pólitískar deilur að ræða sem færðar hafi verið að nokkru leyti í lögfræðilegan búning. Minni deilurnar á margan hátt á þær deilur sem í byrjun síðustu aldar hafi verið um eignarrétt að vatni og vatnsföllum.

Í þessu máli sé aðstaðan um margt með líkum hætti og þegar fossamálið var til umfjöllunar í byrjun 20. aldar. Ríkisvaldið leitist við að slá eign sinni á land sem sé háð eignarrétti einstaklinga. Eðlilegra hefði verið að skorid hefði verið úr ágreiningi þessum fyrir hlutlausum dómstóli í stað stjórnsýslunefndar og að sönnunarbyrðin um eignarrétt ríkisins að hálandi landsins utan þinglýstra landamerkja jarða hefði hvílt á ríkisvaldinu. Komist óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að land sem einstaklingur eða lögaðili telur sig eiga skuli vera þjóðlenda sé slík niðurstaða andstæð stjórnarskrá.

Löggjafarviljinn hafi ekki staðið til þess að land, sem nú sé innan þinglýstra landamerkja bújarða, verði talið til þjóðlendna, sbr. umræður og ályktanir um málið á alþingi. Þá er vísað til meðalhöfsreglu stjórnsýslulaga því til stuðnings að ekki skuli telja meira land til þjóðlendu en sem brýna nauðsyn beri til og sátt sé um að teljast skuli þjóðlenda.

Af hálfu jarðeigenda o. fl. er á því byggt að landsvæði það, sem um er deilt í máli þessu, hafi allt verið numið í öndverðu. Vísað er til rits Haraldar Matthíassonar, Landið og Landnáma. Bændur í Laugardalshreppi hafi öðlast beitarrétt á afréttinum með samkomulagi við eigendur og fyrir venju. Snemma hafi orðið til reglur um nýtingu beitar á umræddu sameignarlandi og hafi sveitarfélögin fljótlega tekið við skipulagningu á fjallskilum. Engu skipti í hvers eigu landið sé, sem smala þurfi, sbr. 4. gr. núgildandi laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, sbr. 52. gr. sömu laga. Samkvæmt nýbýlatilskipuninni 1776 hafi konungur sett lög um heimild til stofnunar nýbýla á eigendalausum svæðum og hafi því í raun allt land utan eignarlanda talist í eigu ríkisins. Engin nýbýli hafi hins vegar verið stofnuð á afrétti þeim, sem nú tilheyri Laugardalshreppi, á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Það styðji jafnframt þá fullyrðingu að landið sé undirorpið fullkomnum eignarrétti að við stólsjarðauppboðin 1794 hafi lönd verið seld samkvæmt konungsúrskurði sem fullkomin

eignarlönd samkvæmt uppkölluðum landamerkjum. Þannig beri ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að landamerki hafi verið önnur fyrir gildistöku landamerkjaganna 1882.

Mótmælt sé þeirri túlkun, sem fram komi í greinargerð ríkisins, um að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd eftir nýtingu þeirra. Í fyrsta lagi sé viðurkennt af fræðimönnum að afréttarlönd geti verið fullkomið eignarland ef ljóst sé að það hafi í öndverðu eða síðar orðið undirorpið fullkomnum eignarrétti. Mjög stór hluti lands á Suðurlandsundirlendi sé ekki í heilsársnotum af skiljanlegum ástæðum. Yfir vetrartímamann sé landið gegnfrosið og engin skepna fari um það. Vetrarbeit sé nú víðast aflögð með nútímalandbúnaðarháttum.

Hæstiréttur hafi aldrei fallist á að bújörð skiptist í heimaland sem undirorpið sé beinum eignarrétti og afréttarland þar sem jarðareigandi eigi einungis beitarrétt og ef til vill önnur takmörkuð eignarréttindi. Þá hafi ríkisvaldið aldrei fengið dæmdan eignarrétt að landi innan þinglýstra landamerkja jarðar. Í þessu sambandi er af hálfu jarðeigenda o. fl. vísað til eftirfarandi dómsúrlausna: Lyfr. VII 223 (Bleiksmýrardalur), Lyfr. V 327 (Hellistungur), H 1955 108 (Landmannaafréttur I), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn), H 1975 55 (Amarvatnsheiði), H 1981 1584 (Landmannaafréttur II), H 1987 1656 (Flateyjardalur), H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 Eyvindarstaðaheiði og aukadómping Árnæssýslu 23. febrúar 1980 (Tunguheiði). Af dómum þessum megi sjá að gerðar séu strangari kröfur til sönnunar á eignarrétti að afréttum hafi þeir verið í eigu kirkna eða annarra opinberra aðila. Sé hins vegar um að ræða skýr landamerki venjulegra bújarða hnígi öll rök að því að um fullkomið eignarland sé að ræða.

Nú á dögum hafi orðið ákveðið gengisfall á hugtakinu eignarréttur. Áður fyrr hafi hugtakið að sjálfsgöðu átt við fullkominn eignarrétt en í seinni tíð verði að hnýta orðinu „fullkominn“ fyrir framan hugtakið til þess að það skiljist hvað við sé átt.

Að því er varði staðhæfingar í greinargerð ríkisins um aðgreiningu lands í heimalönd og afrétti telji jarðeigendur að innan jarðanna sé ekki um afrétti að ræða í þeirri merkingu sem heimamenn leggja í orðið afréttur. Sumar jarðir, svo sem Þingvallajörðin, hafi hins vegar mjög víðfeðm heimalönd. Slíkt land, sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarland í víðustu merkingu þess orðs, sé hins vegar að mati jarðeigenda eignarland enda viðurkennt af fræðimönnum að slíkt land geti verið undirorpið beinum eignarrétti. Á slíku landi séu t.d. ekki gerð fullkomin fjallskil af hálfu fjallskilastjórnar enda að hluta til um einkaland jarða að ræða sem jarðeigendur smali sjálfir. Þá benda jarðeigendur á að á vorin sleppi menn fé sínu í heimalönd og smali síðan til rúnings. Einnig sé ám sleppt í heimalönd á haustin eftir að lömb hafi verið tekin undan. Á afréttinn reki menn hins vegar fé í byrjun sumars og óheimilt sé að fara með fé í afrétt til haustbeitar.

Sérstaklega sé mótmælt tilgátum um að samvinna við smölun heimalanda bendi til þess að um einhvers konar sameignarland sé að ræða. Fram hafi komið í skýrslutökum að smölun afréttar og heimalanda hafi verið með ýmsum hætti í gegnum tíðina. Jafnframt hafi komið fram að mikil samvinna hafi ætíð verið um smölun heimalanda enda séu jarðir misvel afgirtar. Ekki þyki sanngjarnt að eigandi víðáttumikillar jarðar, sem liggja að afrétti, þurfi bæði að þola ágang fjár annarra á jörðinni og annast síðan einn um smölun fjárins að hausti. Hafi því samvinna komist á um smölun nokkurra jarða í hreppnum. Það tákni þó alls ekki að um einhvers konar sameignarland sé að ræða.

Af hálfu jarðeigenda o. fl. er tilgátum þeim, sem fram komi um landnám Íslands í greinargerð ríkisins, mótmælt. Ekkert bendi til þess að lönd hafi verið numin með þeim hætti sem greint sé frá í greinargerð ríkisins heldur sé mun líklegra að stórvötnin hafi ráðið þar sem þeirra naut við. Þannig hafi fræðimenn talið að mjög víða hafi land verið numið allt til jökla, enda sé Landnáma alls ekki óljós að því er þetta varði. Gróðurfar nú veiti enga vísbendingu um þetta enda sé það nú með allt öðrum hætti en við landnám. Af hálfu jarðeigenda o. fl. er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Er á það bent að lýsingar Landnámu hafi verið taldar benda til þess að um beinan eignarrétt að landi væri að ræða, s.s. í H 1960 726 (Skeljabrekka) og H 1994 2228

(Geitland). Lýsing Landnámu á landnámi í Laugardal sé alls ekki óljósari en lýsing hennar á landnámi Geitlands. Ljóst sé að land hreppsins hafi allt verið numið.

Pá er af hálfu jarðeigenda o. fl. bent á að í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi) hafi vafinn verið metinn sökunaut í hag. Viðkomandi skotveiðimenn hafi verið sýknaðir, m.a. vegna vafa um hvar þeir voru staddir, vafa um landamerki og fleira á grundvelli sönnunarreglna opinbers réttarfars. Í engu þessara mála hafi verið tekist á um eignarrétt að landi. Í málsmeðferðinni fyrir óbyggðanefnd beri hins vegar að túlka vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eða að hve miklu leyti land hafi verið nýtt landeiganda í hag hafi hann athugasemdalaus þinglýsta eignarheimild í hendi. Ríkið beri því sönnunarbyrðina fyrir því að umþrætt land hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því eigendalaus. Fullkomið eignarland sé að sjálfsögðu mun verðmætara en beitarréttur eða annar takmarkaður eignarréttur að landi. Pá er því mótmælt að með hinum svokölluðu skotveiðidómum hafi Hæstiréttur slegið á fast að eignarlönd manna gætu aldrei náð upp fyrir gróðurmörk eða ákveðna hæðarlínu. Kröfulína ríkisins í máli þessu sé ekki studd neinum skynsamlegum rökum og taki hún til dæmis ekki mið af gróðurfari eða gróðurbeltum. Bent er á þá skoðun gróðursérfræðinga að landið hafi allt verið gróið við landnám en að gróður á viðkvæmustu stöðunum hafi síðar hopað vegna kólnandi veðurs og búsetu manna. Það og margt fleira bendi til þess að landið hafi verið numið lengra inn til landsins en byggðin nái í dag.

Pá er af hálfu jarðeigenda o. fl. mótmælt þeim skilningi talsmanns ríkisins að H 1975 55 (Arnarvatnsheiði) geti ekki haft fordæmisgildi í máli þessu. Til grundvallar niðurstöðunni hafi legið löggesta eiganda Kalmanstungu frá 1879 og séu fræðimenn á þeirri skoðun að ekki verði annað ráðið af niðurstöðu Hæstaréttar en að landið, sem um hafi verið deilt, sé fullkomið eignarland.

Af hálfu jarðeigenda o. fl. er bent á að menn hafi mun viðtækari not af heimalöndum jarða en afréttarlandi en þar skipti mestu máli að eigendur jarða geti bannað öðrum not heimalanda þó viðfeðm séu.

Í þjóðlendulögunum sé eignarland skilgreint sem „landsvæði sem háð er einkaeignarrétti þannig að eigandinn fer með öll venjuleg eignarráð þess“. Af hálfu jarðeigenda o. fl. er því haldið fram að allt land, sem þeir hafi þinglýsta eignarheimild fyrir, sé eignarland. Innan þinglýstra landamerkjara fari landeigendur einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfirráð.

Af hálfu jarðeigenda o. fl. er því haldið fram að alls staðar í Árnassýslu sé land innan þinglýstra landamerkjara undirorpið beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi hefði enginn tilgangur verið með setningu landamerkjara frá 1882 hefðu þau ekki átt að veita eigandanum beinan eignarrétt að því landi sem landamerki jarðar hans náðu til. Ekkert bendi til þess í lögskýringargögnum að ráð hafi verið fyrir því gert að innan þinglýstra landamerkjara geti annars vegar verið land, sem jarðareigandinn eigi aðeins afnotarétt að og hins vegar land sem undirorpið sé fullkomnum eignarrétti. Svo virðist sem með lögnum 1882 hafi verið reynt að koma skikki á þessi mál, þ.e. hvar mörk eignarlanda og afrétta liggja. Löggjafinn hafi skipað málum með lögum án þess að raska eignarrétti. Teljist afrétturinn eigendalaus sé rangt að halda því fram að enginn hafi farið með hið „eigendalaus“ svæði. Upprekstrarfélög eða sveitarfélög hafi farið með yfirráðin á afréttinum fyrir hönd eigenda jarða í hreppnum sem átt hafi afréttinn í óskiptri sameign.

Tilgangurinn með lögum um þjóðlendur hafi fyrst og fremst verið sá að gera ríkisvaldið að þinglýstum eiganda þeirra landsvæða sem enginn hafi skjöl fyrir að hann eigi en svo hátti til um hluta afrétta og jökla á hálendi Íslands. Landamerkjara lýsingar ráði þar mjög miklu.

8.3. Efra-Apavatn

Eignarheimild eigenda Efra-Apavatns I byggist á afsali frá 13. apríl 1950 og skiptayfirlýsingu frá 1. júní 1996. Eignarheimildir eigenda Efra-Apavatns II byggist á skiptayfirlýsingu frá 18. apríl 1971 og 12. ágúst 1989 og á búsetuleyfi frá 19. desember 1995. Einnig sé vísað til þinglýstrar landamerkjara lýsingar Neðra-Apavatns frá 2. júní 1890 og jarðarinnar Grafar frá 24. maí 1886.

Samkvæmt ofangreindum heimildum eigi jarðeigandi jörðina með öllum gögnum og gæðum að

undanskildu landi sem selt hafi verið frá jörðinni. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild fasteignar sé talinn fullkominn eigandi hennar þar til annað sannist, sbr. H 1961 629.

8.4. Efstidalur

Eignarheimildir jarðeigenda byggist á afsöllum frá 1. maí 1948 og 19. apríl 1991. Einnig sé vísað til þinglýstrar landamerkjalyýsingar jarðarinnar frá 21. maí 1887.

Samkvæmt ofangreindum heimildum eigi jarðeigendur jörðina með öllum gögnum og gæðum að undanskildu landi sem selt hafi verið frá jörðinni. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild fasteignar sé talinn fullkominn eigandi hennar þar til annað sannist, sbr. H 1961 629.

8.5. Eyvindartunga

Eignarheimild jarðeiganda byggist á afsali frá 1. mars 1981. Einnig sé vísað til landamerkjalyýsingar jarðarinnar frá 21. maí 1887.

Samkvæmt ofangreindum heimildum eigi jarðeigandi jörðina með öllum gögnum og gæðum að undanskildu landi sem selt hafi verið frá jörðinni. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild fasteignar sé talinn fullkominn eigandi hennar þar til annað sannist, sbr. H 1961 629.

8.6. Gröf og Lækjarhvammur

Eignarheimild jarðeigenda byggist á afsöllum frá 16. maí 1942 og búsetuleyfi frá 24. mars 1992. Einnig sé vísað til þinglýstrar landamerkjalyýsingar jarðarinnar frá 24. maí 1887.

Samkvæmt ofangreindum heimildum eigi jarðeigandi jörðina með öllum gögnum og gæðum að undanskildu landi sem selt hafi verið frá jörðinni. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild fasteignar sé talinn fullkominn eigandi hennar þar til annað sannist, sbr. H 1961 629.

8.7. Hjálmsstaðir I og II

Eignarheimildir jarðeigenda byggist á afsöllum frá 16. maí 1942 og búsetuleyfi frá 24. mars 1992. Einnig sé vísað til þinglýstrar landamerkjalyýsingar jarðarinnar frá 24. maí 1887.

Samkvæmt ofangreindum heimildum eigi jarðeigandi jörðina með öllum gögnum og gæðum að undanskildu landi sem selt hafi verið frá jörðinni. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild fasteignar sé talinn fullkominn eigandi hennar þar til annað sannist, sbr. H 1961 629.

8.8. Laugardalshólar og Hólabrekka

Eignarheimild jarðeiganda byggist á afsali frá 1. mars 1981. Einnig sé vísað til þinglýstrar landamerkjalyýsingar jarðarinnar frá 21. maí 1887.

Samkvæmt ofangreindum heimildum eigi jarðeigandi jörðina með öllum gögnum og gæðum að undanskildu landi sem selt hafi verið frá jörðinni. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild fasteignar sé talinn fullkominn eigandi hennar þar til annað sannist, sbr. H 1961 629.

8.9. Miðdalur

Eignarheimild jarðeiganda byggist á afsali frá 17. október 1941. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjalyýsingar jarðarinnar frá 9. maí 1889. Þá sé og byggt á landamerkjalyýsingu frá 1939.

Samkvæmt ofangreindum heimildum eigi jarðeigandi jörðina með öllum gögnum og gæðum að undanskildu landi sem selt hafi verið frá jörðinni. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild fasteignar sé talinn fullkominn eigandi hennar þar til annað sannist, sbr. H 1961 629.

8.10. Snorrastaðir

Eignarheimild jarðeiganda byggist á afsöllum frá 28. júní 1965 og 1. júlí sama ár. Einnig sé vísað til þinglýstrar landamerkjalyýsingar jarðarinnar frá 24. maí 1887.

Samkvæmt ofangreindum heimildum eigi jarðeigandi jörðina með öllum gögnum og gæðum að undanskildu landi sem selt hafi verið frá jörðinni. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild fasteignar sé talinn fullkominn eigandi hennar þar til annað sannist, sbr. H 1961 629.

8.11. Laugardalsafréttur

Af hálfu jarðeigenda o. fl. er á því byggt að hið eiginlega afréttarland, þ.e. það land, sem Laugardalshreppur „hefur ekki eignast sem lögpersóna með kaupum“, sé eign eigenda þeirra lögbyla í Laugardalshreppi sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á afréttinum. Eigendur þessara lögbyla hafi veitt hreppnum umboð til að lýsa kröfum fyrir þeirra hönd. Af hálfu jarðeigenda o. fl. er á því byggt að landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og það síðan fylgt jörðunum. Landið sé því í óskiptri sameign eigenda þeirra lögbyla í Laugardalshreppi sem upprekstrarrétt eigi á afréttinn á grundvelli náms í öndverðu og síðar venju. Afrétturinn hafi verið nytjaður af eigendum jarða í Grímsneshreppi og síðar Laugardalshreppi allt frá landsnámsöld en hreppsfélagið hafi farið með málefni hans fyrir hönd jarðeigenda allt frá stofnun þess. Það sé til marks um það að afrétturinn tilheyri jörðunum að þegar Grímsneshreppi hafi verið skipt upp í Grímsnes- og Laugardalshrepp hafi verið samið um það hvaða hluti afréttarlandsins skyldi tilheyra jörðum hvorrar sveitar um sig. Afrétturinn hafi verið nýttur til fulls eftir því sem mögulegt var hverju sinni. Til dæmis hafi landið verið nýtt til beitar, grastekju, veiða, skógarhöggs, kolagerðar og námutöku en einnig hafi hluti landsins verið leigður aðilum í ferðaþjónustu. Hreppsfélagið hafi farið með eignarráð afréttarlandsins fyrir hönd jarðeigenda í hreppnum og veitt leyfi til að reisa þar mannvirki, svo og til hvers konar annarrar starfsemi sem þar hafi farið fram. Orðið afréttur hafi um langan aldur verið notað yfir þetta sameignarland en sú orðanotkun dragi á engan hátt úr eignarrétti jarðanna að landsvæðinu.

Jarðeigendur o. fl. kveða efnislegar kröfur sínar hvað varði afréttarlandið byggjast á landamerkjalyðingu afréttarins, svo og því að landið hafi verið numið í öndverðu og það nytjað af eigendum jarða í hreppnum allt frá landnámsöld. Með vísan til framangreinds sé afrétturinn fullkomin eign eigenda jarða í Laugardalshreppi sem upprekstrarrétt eigi á afréttinn með öllum gögnum og gæðum. Enn fremur sé á því byggt að ríkisvaldið hafi með framgöngu sinni og tómlæti margsinis viðurkennt þannig að bindandi sé að umrætt land, innan landamerkja, sé undirorpið beinum eignarrétti og því verði ekki hnekkt nú, mörg hundruð árum síðar.

9. SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR

Af hálfu Landsvirkjunar er atvikum máls lýst svo að fyrirtækið reki á hinu tilgreinda landsvæði, svæði nr. 1, stærstu orkuver fyrirtækisins og mannvirki sem þeim tengist, svo sem stíflur, uppistöðulón, vatnsvegi, háspennulínur, spennavirki svo og ýmis önnur mannvirki sem tengist starfsemi þess.

Tilgangur Landsvirkjunar sé meðal annars að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna, svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum, að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu. Tilgangur fyrirtækisins sé enn fremur að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínakerfi landsins, svo og að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar, sbr. 2. grein laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum. Þá sé það einnig tilgangur Landsvirkjunar að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt sé talið og beri fyrirtækinu einnig að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Inn á afrétti Laugardalshrepps liggja 220 kV háspennulína frá Hrauneyjafossvirkjun, Hrauneyjafosslína. Um sé að ræða aðalorkuveitu frá virkjuninni. Línan liggja frá mörkum við Biskupstungna-

hrepp norðan Þórólfsfells og Hlöðufells í vestur að hreppsmörkum við Grímsneshrepp. Með fram henni liggja svonefndur „línuvegur“. Lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé í lögum nr. 37/1971 og 1. og 6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum. Iðnaðarráðherra hafi veitt leyfi fyrir Hrauneyjafosslínu 30. desember 1976. Heimildar til byggingar línunnar hafi verið aflað hjá viðkomandi sveitarfélögum á árunum 1978-1979 í samræmi við 5. gr. skipulagslaga, nr. 31/1968, og gengið frá samningum við Laugardalshrepp á árinu 1979 um bætur fyrir línubygginguna, sbr. yfirlýsingu frá 22. júní 1979 frá Þóri Þorgeirssyni, oddvita hreppsins, og bréf hreppsnefndar Laugardalshrepps frá 29. janúar 1979.

Landsvirkjun kveðst leggja áherslu á að fyrirtækið sé eigandi framangreindrar orkuveitu og þeirra réttinda á afréttinum sem þurfi til reksturs hennar og viðhalds en þar með sé talinn óheftur umferðarréttur og réttur til að halda við vegi með fram línunni. Nauðsynlegt sé að þessi réttindi verði viðurkennd af óbyggðanefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Það feli í sér að ekki sé heimilt að ákvarða endurgjald skv. 4. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga fyrir nýtingu réttindanna.

Þá kveður Landsvirkjun byggingu 400 kV háspennulínu frá Sultartangavirkjun að aðveitustöð Landsvirkjunar við Brennifel í Hvalfirði fyrirhugaða. Á því landsvæði, sem hér um ræði, muni línan liggja samhliða Hrauneyjafosslínu, sem sé 220 kV. Almenna lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé að finna í lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Hrauneyjafosslínan sinni orkufrekum iðnaði á Grundartanga í Hvalfirði. Sé þar um að ræða járnblendiverksmiðjuna og álbræðslu Norðuráls. Upphafleg stærð álversins miðist við 60 þúsund tonna ársframleiðslu en umhverfismat og samningar geri ráð fyrir að unnt verði að stækka álverið í tveimur áföngum þannig að ársframleiðslan miðist við 180 þúsund tonn. Verði álver Norðuráls stækkað þannig að það geti framleitt 180 þúsund tonn á ári og ef bætt verði við fjórða ofni í verksmiðju íslenska járnblendisins sé ljóst að leggja þurfi framangreinda Sultartangalínu 2, þ.e. frá Sultartangavirkjun að aðveitustöð á Brennifel í Hvalfirði til að sinna aukinni orkuþörf fyrirtækjanna. Svo sem að framan greinir muni hún liggja samhliða Hrauneyjafosslínu og krefjast sambærilegra réttinda, m.a. til umferðar og viðhalds. Kveðst Landsvirkjun halda til haga í máli þessu rétti sínum til byggingar 440 kV Sultartangalínu samhliða Hrauneyjafosslínu.

Landsvirkjun tekur fram að fyrirtækið mótmæli öllum kröfum um að ríki, sveitarfélög og aðrir lögaðilar eða einstaklingar eigi beinan eignarrétt að afréttarlandi nema þeim sem kröfuna hefur uppi takist að sanna fullkominn eignarrétt, sbr. H 1981 1584 (Landmannaafréttur), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði),¹ að öðrum kosti teljist afréttarland vera þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Í 2. mgr. 5. gr. sömu laga sé kveðið á um að þeir sem geti sannað að þeir eigi réttindi innan þjóðlendu skuli halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Þessa grein beri að skilja sem svo að ekki sé unnt að ákvarða endurgjald vegna beinna eða óbeinna eignarréttinda innan marka þjóðlendu sem fengin séu fyrir gildistöku laganna. Með öðrum orðum sé óheimilt að krefja um endurgjald fyrir nýtingu réttinda sem urðu til fyrir 1. júlí 1998, sbr. 4. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga. Af hálfu Landsvirkjunar er áréttað að hvort sem það landsvæði, sem til umfjöllunar sé í máli þessu, verði talið þjóðlenda eða eignarland standi óhögguð þau réttindi sem fyrirtækið hafi fengið með lögum og samningum og sönnur hafi verið færðar á.

Að lokum kveðst Landsvirkjun eiga og reka allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnæssýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu. Sé þess krafist að landsréttindi og umferðarréttindi, sem þurfi til reksturs þeirra, verði viðurkennd.

10. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá úrskurð vegna máls nr. 1/2000, bls. 55.

¹ Hrd. 1981:1584 (Landmannaafréttur) og Hrd. 1997:1162 og 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðadómar).

11. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður tekin afstaða til krafna málsaðila um frávisun og fleira vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar. Því næst verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og loks gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Í kafla 12 er umfjöllun og niðurstaða um kröfur Landsvirkjunar á svæðinu.

11.1. Kröfur um sáttatillögu, frávisun o.fl.

Við fyrirtöku málsins 1. mars 2000 var þess krafist af hálfu Laugardalshrepps að óbyggðanefnd legði fram sáttatillögu í málinu og var í því sambandi vísað til 15. gr. laga nr. 58/1998. Eftirfarandi ákvörðun óbyggðanefndar var af þessu tilefni færð til bókar við fyrirtöku 28. mars:

Ákvæði 15. gr. laga nr. 58/1998 er svohljóðandi: „Óbyggðanefnd leitar satta með aðilum nema telja verði að sáttatillögu verði árangurslaus.“ Ákvæðið kveður ekki á um skyldu óbyggðanefndar til að leggja fram sáttatillögu. Í því felst að nefndin skuli sjálf meta hvort og með hvaða hætti leitað skuli satta. Við það mat hefur óbyggðanefnd í huga að málsaðilar hafa ekki forræði á hvers konar ágreinngi fyrir nefndinni. Þá ber þess að geta að gagnaöflun stendur nú yfir í umræddum málum.

Það er mat óbyggðanefndar að forsendur til að leita satta séu ekki fyrir hendi að svo komnu máli. Ofangreindri kröfu er því hér með hafnað.

Í greinargerð jarðaeigenda og fleiri er þess krafist að kröfum ríkisvaldsins er lúta að þinglýstum eignarlöndum verði vísað frá óbyggðanefnd, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998. Er í fyrsta lagi vísað til þess að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár verði ekki hróflað við eignarrétti manna nema með lögum en heimild til slíks sé ekki að finna í lögum nr. 58/1998. Í öðru lagi er frávisunarkrafan rökstudd með því að málsmeðferðin fyrir nefndinni og í heild stríði gegn 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Er á það bent að óbyggðanefnd sé ekki óháður úrskurðaraðili og að í lögnum sé gert ráð fyrir mjög skömmum málshöfðunarfresti þess, sem ekki vill una úrskurði nefndarinnar.

Í greinargerðinni eru jafnframt gerðar sérstakar athugasemdir við lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Á það er bent að úrskurðir óbyggðanefndar kunnir að vera ógildanlegir þar sem lög nr. 58/1998 standist hvorki stjórnarskrá né mannréttindasáttmála Evrópu. Sú skipan laganna að ráðstafa eignarrétti að öllum landsvæðum utan eignarlanda til íslenska ríkisins en ekki til viðkomandi sveitarfélags kunnir að brjóta í bága við 65. gr. stjórnarskrár um jafnræði aðila. Þá stríði það gegn jafnræði aðila að forsætisráðherra, sem samkvæmt lögnum eigi að fara með málefni þjóðlendna, skuli skipa óbyggðanefnd sem úrskurða eigi um mörk eignarlanda og þjóðlendna.

Í greinargerðinni er þeim tilmælum beint til óbyggðanefndar að hún taki ábendingar þessar til meðferðar og segi af sér komist hún að þeirri niðurstöðu að þjóðlendulög standist ekki stjórnarskrá eða að skipan nefndarinnar standist ekki hlutleysis- og jafnræðisreglur.

Þá er því haldið fram að óbyggðanefnd beri að leita umsagnar ýmissa aðila og þess krafist að málflutningur fari ekki fram fyrr en umboðsmaður Alþingis hafi látið í ljós álit sitt á atriðum sem til hans hafi verið beint með kvörtun af hálfu jarðeigenda og fleiri. Þar sé því haldið fram að kröfugerð íslenska ríkisins brjóti gegn meðalhófs-, rannsóknar- og andmælareglu stjórnsýslulaga.

Af hálfu jarðeigenda og fleiri var farið fram á að framkomin frávisunarkrafa yrði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að fyrirhuguðum málflutningi fyrir óbyggðanefnd kæmi.

Af þessu tilefni var eftirfarandi ákvörðun kynnt málsaðilum þann 30. maí 2000:

Með hliðsjón af aðdraganda málsins og þá einkum skilgreiningar og auglýsingar nefndarinnar á því svæði sem nú er til meðferðar, eru ekki forsendur til að fjalla sérstaklega um kröfu um frávisun á ákveðnum þáttum kröfugerðar íslenska ríkisins. Úrlausn um þau atriði tengist og fellur saman við efnismeðferð málsins, enda á ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998 ekki við í þessu sambandi, sbr. áður nefndan aðdraganda að málsmeðferð á svæðinu og verksvið nefndarinnar almennt.

Þá vill óbyggðanefnd benda á, að óbyggðanefnd er stjórnáskilunefnd og hlutverk hennar er skýrt afmarkað í 7. gr. laga um þjóðlendingur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Það er ekki á verksviði óbyggðanefndar að meta stjórnskipulegt gildi laga, enda hefur það verið talin grundvallarregla í íslenskum rétti að slíkt sé ekki á verksviði annarra en dómstóla, sbr. 2. gr. 1. nr. 33/1944, sbr. einnig 60. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur að skylda til að leita álits þeirra aðila sem lögmaðurinn tilgreinir verði hvorki leidd af 4. mgr. 10. gr. né 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig 10. gr. stjórnáskilulaga, nr. 37/1993.

Engin lagaheimild er fyrir hendi til þess að fresta máli uns úrlausn umboðsmanns Alþingis liggur fyrir.

11.2. Landnám

Í Landnámu er þess getið að Ketilbjörn Ketilsson hafi numið „Grímsnes allt upp frá Höskuldslæk ok Laugardal allan ok alla Byskupstungu upp til Stakksár ok bjó at Mosfelli“. Enda þótt í frásögn þessari sé fátt um kennileiti hafa fræðimenn talið sig geta lýst nokkurn veginn umfangi landnáms í Laugardalshreppi. Einar Arnórsson taldi víst að suðurmörk landnámsins hefðu verið Hvítá en Höskuldslækur ráðið vesturmörkum í byggð. Að norðanverðu væru fjöllin fyrir ofan Tunguna ytri og Laugardalsfjöll en þá tækju við hálsarnir fyrir utan Laugarvatn og Lyngdalsheiði. Óvist væri þó hvort og þá hversu langt Ketilbjörn hefði helgað sér land upp til fjalla eða vestur um Lyngdalsheiði eða til Laugarvatnsvalla undir Kálfstindum.

Haraldur Matthíasson gerði ráð fyrir að neðri mörk landnámsins væru við Höskuldslæk og frá drögum hans hefðu þau síðan legið í Prasaborgir. Að norðvestan hefði byggðarlandið markast af fjallgarðinum sem Tungur og Laugardalur lægju að og nefndust einu nafni Útfjöll. Þessi afmörkun landnámsins virðist þó fremur taka mið af staðháttum en ótvíræðri frásögn Landnámabókar.

Að mati óbyggðanefndar virðist mega álykta af frásögn Landnámu að Lyngdalsheiði hafi verið í landnámi Ketilbjarnar. Að öðru leyti er lýsing landnámsins hér ekki með þeirri nákvæmni að unnt sé að komast að ótvíræðri niðurstöðu um stærð þess og á það einkum við mörkin til norðurs.

11.3. Efra-Apavatn I-II

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyfingum aðliggjandi jarða, þ.e. Neðra-Apavatns, Grafar, Úteyjar og Laugarvatns, telst innan landamerkja Efra-Apavatns og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Jóni Sölva Helgasyni o.fl., þinglýstum eigendum Efra-Apavatns I, og Ágústi Karli Guðmundssyni o.fl., þinglýstum eigendum Efra-Apavatns II, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Laugardalshreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýstra eigenda Efra-Apavatns I-II í kafla 3.3.

Efra-Apavatn I og II eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðunum, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Efra-Apavatn er í jarðabók frá 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Efra-Apavatns er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1708. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppböðinu 18. júní 1790 og kemst þá í einka eign. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Efra-Apavatns.

Landamerkjabréf fyrir jörðina liggur ekki fyrir í málinu. Slíkt bréf er hvorki að finna í landamerkjabók Árnessýslu hjá sýslumanninum á Selfossi né á Þjóðskjalasafni Íslands. Óvíst er hvort það hefur nokkurn tímann verið gert. Mörk Efra-Apavatns verða því helst ráðin af landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, þ.e. Neðra-Apavatns, dags. 2. júní 1890 og þingl. 6. júní 1890, Laugarvatns, dags. 12. maí 1890 og þingl. 6. júní 1890, Grafar, dags. 24. maí 1886 og þingl. sumarið 1887 og Úteyjar, dags. 6. maí 1884 og þingl. 6. júní 1885. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfanna.

Núverandi þinglýstir eigendur vísa til landamerkjabréfa Neðra-Apavatns, Laugarvatns og Grafar og krefjast þess að viðurkennt verði að mörk jarðarinnar séu svo sem hér segir:

Gagnvart Neðra-Apavatni: Úr Apármynni svo lengi sem Apaá ræður, fyrir norðan efra Smiðjuholt og úr árbotninum þar beint í Stórhól og þaðan sjónhending í Prasaborgir ...

Gagnvart Gröf/Lækjarhvammi: Frá minni Urreðalækjar ræður Urreðalækurinn út að Ýrákletti, þaðan bein stefna til vesturs í syðstu vörðuna á Grenjabrekkum, og svo áframhaldandi sjónhending vestur Lingdalsheiði í vörðu þar sem kemur að Laugarvatnslandi, sem er hornmark ...

Gagnvart Laugarvatni þá segir að frá Prasaborgum að Grenjabrekkum liggja land Efra-Apavatns að Laugarvatnslandi.

Bréfin þrjú eru öll árituð um samþykki vegna Efra-Apavatns. Samkvæmt landamerkjabréfi Úteyjar eru merkin milli jarðanna frá Apavatni eftir Djúpinu þar til land Grafar/Lækjarhvamms tekur við. Landamerkjabréf Úteyjar er haldið þeim ágalla að það er einungis áritað um samþykki vegna Eyvindartungu en þess er þó getið að það hafi verið borið undir ábúendur kringumliggjandi jarða. Þá liggja austurmörk Efra-Apavatns að Apavatni og valda því ekki vafa. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Efra-Apavatn I og II.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Efra-Apavatns er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Laugardal. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Efra-Apavatns sé rétt lýst í landamerkjabréfum Neðra-Apavatns, Laugarvatns, Grafar og Úteyjar. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma enda þótt Efra-Apavatn II hafi farið í eyði um miðja 20. öld.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðanna Efra-Apavatns I og II. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Efra-Apavatns I og II svo sem það er afmarkað í framangreindum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.4. Efstidalur I-II

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 21. maí 1887 telst innan landamerkja Efstadals. Kröfum íslenska ríkisins er nánar

lýst í kafla 3.1.1. og kröfum Vilmundar Indriðasonar, þinglýsts eiganda jarðarinnar Efstadals I, og Snæbjörns Sigurðssonar o. fl. þinglýstra eigenda jarðarinnar Efstadals II, í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins er á það bent að mörk Efstadals að Laugardalsafrétti og jörðinni Úthlíð séu ósamþykkt. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Frásögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Víðalín um að Laugardalshólar eigi afrétt í Efstadal bendi til hins sama. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afrétti, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna. Þá er bent á niðurstöðu yfirlandskiptagerðar frá 1964 en af henni megi ráða að land jarðarinnar skiptist í heimaland og útlendi.

Af hálfu þinglýstra eigenda Efstadals I og II er á því byggt að allt land jarðanna innan þinglýstra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti þeirra. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjalaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingar landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Sá sem dragi í efa gildi fyrirbyggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Í Efstadal var bændakirkja á miðöldum en hún mun hafa lagst af á dögum Árna biskups Þorlákssonar á síðari hluta 13. aldar og eignin lögð undir biskupsstólinn í Skálholti. Næsta heimild um Efstadal er í jarðabók 1597 og er jörðin þá skráð eign Skálholtskirkju. Efstadals er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1708. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 19. ágúst 1788 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Efstadals.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi Efstadals, dags. 21. maí 1887. Þar lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Beina sjónhendingu norður af Grásteini, og upp í svonefndar Þrívörður, þaðan beina stefnu í stóran einkennilegan stein austan undir Grensás, þaðan beina stefnu norður um Vatsnsheidarvatn, í vestustu nýpuna á Rauðafelli og þaðan beina stefnu norður í Afrjettarlínu, frá þeirri sömu línu ræður Brúará að austan suður að Strýtuholum beina stefnu vestur í Bleikhól, og þaðan beina sjónhendingu í fyrrnefndan Grástein.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið „sumarið 1887“ og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Efstadal I og II. Einnig hafa nýbýlin Efstadalur III og IV verið stofnuð í landi jarðarinnar Efstadals I en þeim hefur ekki verið formlega skipt út úr jörðinni.

Að Efstadal liggja Böðmódsstaðir, Laugardalshólar, Miðdalur ásamt hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti og Laugardalsafréttur. Enn fremur Úthlíð, Miðhús, Brekka, Efri-Reykir og Syðri-Reykir sem liggja austan Brúarár og tilheyra því Biskupstungnahreppi. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Efstadals er einungis áritað um samþykki umráðamanna Miðdalsjarða og Böðmódsstaða. Þá er landamerkjabréf Laugardalshóla, dags. 21. maí 1887 og þingl. „sumarið 1887“, áritað um samþykki eigenda og ábúenda Efstadals.

Lýsingu á landamerkjum Efstadals er þannig ekki að finna í eldri heimildum en landamerkjabréfi frá 1887. Þá er bréfið haldið þeim ágalla að það hefur hvorki hlotið formlega staðfestingu fyrrsvarsmanna Laugardalsafréttar né jarða austan Brúarár, þ.e. Úthlíðar, Miðhúsa, Brekku, Syðri-Reykja og Efri-Reykja. Við mat á þýðingu landamerkjalýsingar Efstadals er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst gögnum um merki þeirra landsvæða sem áritun skortir fyrir.

Austan við Efstadal liggur jörðin Syðri-Reykir í Biskupstungum. Í landamerkjabréfi Syðri-Reykja, dags. 11. desember 1889 og þingl. 4. júní 1890, er mörkum jarðarinnar að vestanverðu lýst svo:

... og þaðan bein lína í vörðu hlaðna á Böðmósstaðahól; Að vestur og útnorður jaðri ræður merkjum áin Brúará. ...

Landamerkjabréfum Efstadals og Syðri-Reykja ber þannig saman um að mörk séu í Brúará. Austan við Efstadal liggur jörðin Efri-Reykir í Biskupstungum. Í landamerkjabréfi Efri-Reykja, dags. 26. október 1883, er mörkum jarðarinnar að vestanverðu lýst svo:

... þaðan beina stefnu í Ytri-Vallármynni við Brúará svo ræður Brúará þangað sem Fullsæll fellur í hana, svo ræður hann móti Syðri Reykjum að Sandlæk ...

Landamerkjabréfum Efstadals og Efri-Reykja ber þannig saman um að mörk séu í Brúará. Austan við Efstadal liggur jörðin Brekka í Biskupstungum. Í landamerkjabréfi Brekku, dags. 23. október 1883, er mörkum jarðarinnar að vestanverðu lýst svo:

... þaðan beina stefnu í Blesá og í Hrútána við upptök Seljamýrarinnar svo ræður þar til hún fellur í Brúará fram í efra Vallármynni þaðan beint í hólma á Syðri Vallá fyrir ofan fremsta vaðið, þaðan beina stefnu í tóft sem stendur fyrir framan Fullsæl ...

Landamerkjabréfum Efstadals og Brekku ber þannig saman um að mörk séu í Brúará. Austan við Efstadal liggur jörðin Miðhús í Biskupstungum. Í landamerkjabréfi Miðhúsa, dags. 22. október 1883, er landamerkjum jarðarinnar lýst svo:

Frá vörðu sem stendur á Andarlæksbakka í Markarima, í þúfu á Ásnum við veginn þaðan að Lambhagalæk síðan ræður lækurinn að upptökum hans við jarðbrúna þar sem þjóðvegurinn er, þaðan í syðsta Gamla Hólinn svo í Blesá og Hrútána við upptök Seljamýrar.

Þessi mörk aðskilja Miðhúsa og Brekkuland en á milli Úthlíðar og Miðhúsa úr vörðu sem er á Alsholtssenda þaðan beina leið Djáknaklett þaðan í vörðu á Fögrubrekku svo sjónhending framan til í Holtamannahóla í Kálfána á móts við Arnarhól.

Landamerkjabréf Miðhúsa lýsir ekki mörkum að vestanverðu en landamerki Miðhúsa gagnvart Brekku og Úthlíð eru sögð vera í Hrútá og Kálfá sem báðar falla í Brúará. Ljóst þykir því að mörk jarðarinnar að vestanverðu séu í Brúará. Landamerkjabréfum Efstadals og Miðhúsa ber því saman um að mörkin séu í Brúará.

Austan við Efstadal liggur jörðin Úthlíð í Biskupstungum. Í landamerkjabréfi Úthlíðar, dags. 14. maí 1885 og þingl. 8. júní sama ár, er mörkum jarðarinnar að vestanverðu lýst svo:

Að vestan milli Miðhúsa og Úthlíðar, frá Djáknasteini sjónhending í Fögrubrekku miðja fyrir norðan Hrúthagasel úti Kálfá stefnu í Arnarhól sem ræður fram í Brúará, Brúará ræður að upptökum vestur á miðjan Rótasand, þaðan sjónhending norður í Hagavatn...

Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, er komist að þeirri niðurstöðu að fullt samræmi sé með landamerkjabréfi Úthlíðar og eldri heimildum um landamerki jarðarinnar frá 1646, 1800 og 1829.

Landamerkjabréfum Efstadals og Úthlíðar ber þannig saman um að mörkin séu í Brúará. Á kröfulínukorti á skjali nr. 95 og sérkorti óbyggðanefndar á skjali nr. 249 eru norðurmörk Efstadals hins vegar dregin frá vestustu nípunni á Rauðafelli beina stefnu í punkt 3004, Rótasand, og þaðan í punkt 4082, upptök Brúarár við Rótasand. Mörk Úthlíðar að vestan og norðanverðu eru hins vegar dregin úr punkti 4082, upptök Brúarár við Rótasand og þaðan beina stefnu í Hagavatn.

Norðan við Efstadal liggur Laugardalsafreittur. Fram kemur í kafla 11.12 að heimildir um mörk afréttarins séu fátæklegar og einungis frá síðustu áratugum. Þar sé ekki fjallað sérstaklega um mörk afréttarins og jarða í Laugardal. Heimildum þessum beri þó saman um að austurmörk afréttarins séu frá Brúarárskörðum um Eldborgir og í Hagavatn eða Hagafell. Í ritinu, Göngur og réttir, og yfirlýsingu hreppstjórans í Laugardalshreppi frá 19. maí 1979 kemur og fram að Brúarárskörð séu „endamörk í Efstadalsland“.

Til þess verður að líta að í framangreindum heimildum er um afar grófa lýsingu á mörkum afréttarins að ræða. Þá ber og að hafa í huga að hvorki landamerkjabréf Efstadals né Úthlíðar lýsa mörkum í Brúarárskörð sem þó eru áberandi kennileiti á þessum stað.

Svo sem fyrir greinir gerir landamerkjabréf Úthlíðar ráð fyrir að Brúará ráði mörkum frá Kálfá að upptökum Brúarár „vestur á miðjan Rótasand“. Þessi lýsing kemur heim og saman við landamerkjabréf Efstadals þar sem fram kemur að mörk jarðarinnar að afrétti séu frá vestustu nípunni á Rauðafelli beina stefnu norður í afréttarlínu en frá þeirri línu ráði Brúará að austan suður að Strýtu-hólum. Með hliðsjón af landamerkjabréfi Úthlíðar þykir því rétt að skýra landamerkjabréf Efstadals þannig að um sé að ræða beina stefnu frá vestustu nípunni á Rauðafelli í upptök Brúarár við Rótarsand, þ.e. punkt 4082 en ekki punkt 3004, svo sem greinir á kröfulínukorti á skjali nr. 95 og sérkorti óbyggðanefndar á skjali nr. 249.

Vestan við Efstadal og að afrétti liggja Miðdalsjarðir. Í landamerkjabréfi fyrir Miðdal með hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti, dags. 9. maí 1889 og þingl. 23. maí 1889, er landamerkjum jarðarinnar gagnvart afrétti og Efstadal lýst svo:

... þaðan gagnvart afrjetti, sjónhending í vestustu nýpuna á Rauðafelli; þaðan gagnvart Efstadal, sjónhending í Vatsnsheiðarvatn. ...

Landamerkjabréfum Efstadals og Miðdalsjarða ber því saman um að mörk jarðanna gagnvart afrétti á þessum stað miðist við vestustu nípuna á Rauðafelli.

Samkvæmt framangreindu bera landamerkjabréf Miðdalsjarða og Úthlíðar með sér að Efstadalur eigi sameiginlega punkta með afréttinum í vestustu nípuna Rauðafells að vestanverðu og við upptök Brúarár að austanverðu. Milli þessara punkta svo dregin bein lína.

Efstadalsjörðinni var skipt með yfirlandskiptagerð 1964. Var landi jarðarinnar skipt að gróður-mörkum eins og það er orðað í yfirlandskiptagerðinni. Skilgreindi yfirlandskiptanefnd gróðurmörk þannig að þau væru þar sem á loftmyndum væri sjáanlegt að skógur og annar samfelldur gróður næði. Þar fyrir ofan væri landið í óskiptri sameign. Í 1. gr. Landskiptalaga, nr. 46/1941, kemur fram að eftir lögunum geti komið til skipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarþéttar, ræktað land og fleira sem tvö eða fleiri býli hafi eða hafi áður haft til samnota. Þykir hvorki verða ráðið af ákvæðum landskiptalaga né niðurstöðu yfirlandskiptanefndar að landskiptagerðin hafi eignarréttarlega þýðingu í máli þessu.

Í Jarðabók Árna og Páls kemur fram að biskupsstóllinn í Skálholti hafi átt sel í Efstadalslandi og að goldinn hafi verið tollur fyrir selstöðuna. Jafnframt að selið hafi verið fært úr selstöðu jarðarinnar sjálfrar, sem svari bæjarleið, þó í land jarðarinnar. Að mati óbyggðanefndar þykir þetta benda til þess landrými jarðarinnar hafi verið mikið. Jafnframt að um eignarland var að ræða en samkvæmt Jónsbók mátti ekki gera sel í afréttum.

Hér að framan hefur verið rakið hvernig Efstadals er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Laugardal.

Í kjölfar þess að landamerkjalögin taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Efstadal. Eldri heimildir um landamerki jarðarinnar eru ekki fyrir hendi. Landamerkjabréfið hefur hlotið staðfestingu fyrirvarsmanna Miðdalsjarða og Böðmósstaða. Þá er landamerkjabréf Laugardals-hóla áritað um samþykki fyrirvarsmanna Efstadals. Landamerkjabréfi Efstadals ber jafnframt

saman við landamerkjalyýsingu Syðri-Reykja, Efri-Reykja, Brekku, Miðhúsa og Úthlíðar. Loks hefur ekkert komið fram sem mælir í mót þeirri lýsingu á mörkum við Laugardalsafreitt sem fram kemur í landamerkjabréfi Efstadals. Landamerkjalyýsingum Efstadals og aðliggjandi landsvæða, þar sem þær eru fyrir hendi, ber þannig saman.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Efstadals sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 21. maí 1887. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Laugardalshóla, Miðdalsjarða, Bøðmódsstaða, Syðri-Reykja og Úthlíðar eru einnig þinglesin. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Efstadals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Efstidalur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1887, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er meðal annars skráð í kaflann um Laugardalshóla: „Afrétt ut supra á Efstadal.“ Þetta mun tákna að jörðin eigi afrétt eins og að ofan greini um Efstadal. Efstidalur er fyrsta jörðin í Laugardal sem fjallað er um í jarðabókinni og er til þeirrar umfjöllunar vísað um ýmis atriði þegar fjallað er um aðrar jarðir í Laugardal síðar í bókinni, svo sem um sameiginlegan afrétt jarða í Grímsneshreppi, berjatínslu og skógartekju. Ekki er því rétt svo sem haldið er fram af hálfu íslenska ríkisins að í Jarðabók Árna og Páls segi að Laugardalshólar eigi afrétt í Efstadal.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Efstadals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Efstadals, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 21. maí 1887, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.5. Eyvindartunga

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlenduáhrifin liggi norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyýsingu frá 22. október 1889, telst innan landamerkja jarðarinnar Eyvindartungu og taki því ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Sigurði Jónssyni, þinglýstum eiganda Eyvindartungu, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Laugardalshreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar í kafla 3.5.

Eyvindartunga er ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Eyvindartungu er í jarðabók 1597 og er jörðin þá skráð eign Skálholtskirkju.

Eyvindartungu er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1708. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppböðinu 19. ágúst 1788 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Eyvindartungu.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi frá 22. október 1889. Þar lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Frá Laugarvatnsvatni, til vesturs eptir gömlum farveg (litlu áar) í Litluá, þaðan eptir ánni uppi gilmynnið, sem er á millum Nónhóls og Katrínarhóls. Úr gilmynninu bein stefna í vörðuna á Kolhól, þaðan sjónhending vestur í stóran stein á Markahrygg. Þaðan eptir Markahrygg suður í Blönduhálsklofa.

Úr Blönduhálsklofum ræður Djúpa alla leið austur í Laugarvatnsvatn.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 6. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Eyvindartungu liggja jarðirnar Laugarvatn, Útey og Gröf. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfanna. Landamerkjabréf Eyvindartungu er áritað um samþykki vegna allra framangreindra jarða.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Eyvindartungu er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Laugardal. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Eyvindartungu sé rétt lýst í landamerkjabréfi dags. 22. október 1889. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Eyvindartungu. Jafnframt benda þau gögn, sem hér hafa verið reifuð ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Eyvindartungu frá 22. október 1889, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

11.6. Gröf og Lækjarhvammur

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalytingu frá 24. maí 1886 telst innan landamerkja jarðarinnar Grafar og taki því ekki til lands innan þeirra. Stofnað var til nýbýlisins Lækjarhvamms í landi jarðarinnar eftir gerð landamerkjabréfsins. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Gunnari G. Eyjólfssyni o.fl., þinglýstum eigendum Grafar og Lækjarhvamms, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Laugardalshreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðanna í kafla 3.6.

Gröf og Lækjarhvammur eru meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðunum, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimildin um Gröf og landamerki hennar er að finna í vitnisburði um landamerki Úteyjar frá 27. nóvember 1568. Þar er m.a. lýst landamerkjum milli Úteyjar og Grafar:

J fyrstu fra Hölmavade og vt med ännu. og vppj Eyarskygner. vt epter þuj Griotgile, sem geingur vpp ad þessum Skygner. Vr Skijgner og j það griotgil. sem fyrer ofann hölenn geingur fyrer nedann Ey-

vindartungu. og j ána þá sem rennur j Laugarvatn. Enn sa gardur sem geingur yfer vmm þuera Tunguna. hafa menn halldid vordslugard. enn ongvan landamerckia Gard

Fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Í landamerkjálýsingunni, sem undirrituð er 19. maí 1664, segir m.a.:

Úr Hólmavaði upp eftir Miðánni sem rennur miðlum Grafar og Eyvindartungu, úr Garðatjörn, og á jörðin í þá Garðatjörn. Síðan taka við þrír garðar, úr Garðatjörn og í Djúpá, á jörðin í miðgarðinn, því þetta hafa haldnir verið lýrittagarðar, og deila lönd miðlum Grafar og Úteyjar. So tekur við Djúpá, ræður hún so upp eftir öllu undir Blönduháls, so ræður landamerckjalágin í Blönduhálsi og út í Blöndu, úr Blöndu út í Reyðarbarminn þann minna, hvör mest allur hafi fylgt Gröf, og so móts við aðrar umliggjandi jarðir í Prasaborgir, so að beitivellir allir og Biskupsbrekkur hafa þessari jörðu til brúkonar fylgt. Item meðkennir hún, að hún hafði héðan frá Gröf í Blönduseli í þrjú ár, og so hafði í ytra selinu haft langafi hennar, Jón heitinn Sigurðsson, sem kallaður var refur, eignarmaður og ábúandi Grafar í þann tíma. Sjást enn nú þær seltóptir skammt frá hinum. Item Sæmundur sonur hans eftir hann hélt slíkt hið sama. Hafði hann hér tilvitað um sinn aldur allan en varð sjötugur maður. Og þetta bar og vissi dóttir hans, Guðrún Sæmundsdóttir, móðir þessarar Guðrúnar Jónsdóttur, og hefur so haldið maður eftir mann til þessa tíma úr Prasaborgum og í Moldbrekkur hinar efri eða norðari, úr þeim Moldbrekkum og í markasteininn sem stendur ofan til við gilið eður upptökin á Aurriðalæk, er kallast Aurriðalækjarbotnar, so fram eftir læknum fram í Grafará. Ber hún að í þann Aurriðalæk hafi netnæmir fiskar gengið. So ræður Grafará fram að ármótum þeirrar ár sem Djúpin kallast. Ráða so Djúpin merkjum miðlum Grafar og Úteyjar í Hólmavað.

Hinn 12. maí 1666 lögfesti Teitur Pétursson, í umboði Brynjólfs biskups Sveinssonar, jörðina Gröf, innan þessara landamerckja:

Úr Hólmavaði upp eftir miðánni, sem rennur í miðli Grafar og Eyvindartungu, í Garðatjörn. Taka síðan við þrír garðar, og á jörðin Gröf í miðgarðinn. Síðan tekur við Djúpá, ræður hún so upp undir Blönduháls. So ræður landamerckjum lágin í Blönduhálsi og út í Blöndu. Síðan á allt flata láglendið sem liggur í miðli Reyðarbarmsins og Lyngdalsheiðar í vesturátt að kljúfast í sundur í tvo hluti jafna, úr nefndri Blöndu vestur eftir allt so langt að réttlínis horfi við Prasaborgir. Á þá Laugarvatn allt að norðan en Gröf allt að sunnan til helminga hvor um sig móts við aðra af greindu láglendi, so lengi sem þessi lönd ná saman, sem er til réttrar sjónhendingar í Prasaborgir, úr Prasaborgum og í Moldbrekkur hinar efri eður norðari, úr þeim Moldbrekkum og í markasteininn sem stendur ofan til við Gilið eður upptökin á Aurriðalæk er kallast Aurriðalækjarbotnar, so fram eftir Aurriðalæk ofan í Grafará, so ræður Grafará fram að ármótum við þá á sem Djúpin kallast, ráða so Djúpin merkjum í miðli Grafar og Úteyjar í Hólmavað.

Grafar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695, 1708, svo og 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Grafar.

Landamerckjabréf Grafar er undirritað 24. maí 1886. Þar lýsa „eigendur og umráðamenn“ jarðarinnar landamerkjum hennar svo:

Frá minni Urreðalækjar ræður Urreðalækurinn út að Ýrákletti, þaðan bein stefna til vesturs í syðstu vörðuna á Grenjabrekkum, og svo áframhaldandi sjónhending vestur Lingdalsheiði í vörðu þar sem kemur að Laugarvatnslandi, sem er hornmark, þaðan bein stefna í Blönduhálsgil í Blönduhálsklofa, sem og svo er hornmark. Svo ræður Blönduhálsgil ásamt Djúpá austur að Garðatjörn, þaðan ræður Sognlækur ásamt Djúpánum austur í sporð, þaðan til suðvesturs ræður Grafará að áðurnefndu Urreðalækjarminni.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið „sumarið 1887“ og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Árið 1936 var nýbýlið Lækjarhvamur stofnað í landi Grafar og var landi jarðarinnar skipt árið 1971.

Að Gröf liggja jarðirnar Efra-Apavatn, Laugarvatn, Eyvindartunga og Útey. Landamerkjabréf Grafar er áritað um samþykki vegna allra framangreindra jarða.

Lýsingar á landamerkjum Grafar er þannig að finna í heimildum frá 1568, 1664, 1666 og 1886. Sú elsta er takmörkuð að því leyti að hún lýsir eingöngu mörkum jarðarinnar að Útey en ekki verður annað séð en að í öllum aðalatriðum sé samræmi með henni og yngri heimildum að því marki. Með þremur síðastgreindu heimildunum virðist ekki fullt samræmi. Í landamerkjalyðingunni frá 1664 og lögfestunni frá 1666 er gert ráð fyrir að mörk jarðarinnar nái mun lengra til vesturs en í landamerkjabréfinu frá 1886. Árið 1664 er þannig gert ráð fyrir að mörk jarðarinnar að vestanverðu séu úr Blöndu í Litla-Reyðarbarm, þaðan í Þrasaborgir og þá í nyrðri Moldbrekkur. Tveimur árum síðar er hins vegar gert ráð fyrir að þau nái nokkru skemur til vesturs, þ.e. miðja vegu milli Reyðarbarms og Lyngdalsheiðar og þaðan í Þrasaborgir og þá í Moldbrekkur. Gögn um merki aðliggjandi jarða, þ.e. landamerkjabréf Eyvindartungu og Laugarvatns sem bæði eru frá 1890, vitnisburður um landamerki Laugarvatns frá 1618 og lögfesta fyrir Laugarvatn frá 1669 þykja hins vegar benda til þess að landamerkjum Grafar sé rétt lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1886. Ekkert bendir til þess að það landsvæði, sem felst í fyrrnefndum mismun, sé í dag eigendalaust svæði heldur þvert á móti að umrætt landsvæði tilheyri nú aðliggjandi jörðum.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Grafar er getið í heimildum allt frá 17. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Laugardal. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Grafar sé rétt lýst í landamerkjabréfi dags. 24. maí 1886. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðanna Grafar og Lækjarhvamms. Jafnframt benda þau gögn, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Grafar frá 24. maí 1886, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

11.7. Hjálmsstaðir I og II

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 24. maí 1887 telst innan landamerkja Hjálmsstaða. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar Hjálmsstaða I, Andrésar Pálssonar, og þinglýsts eiganda jarðarinnar Hjálmsstaða II, Ragnheiðar Sveinbjörnsdóttur, í kafla 3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins er á það bent að mörk Hjálmsstaða að Laugardalsafretti séu ósamþykkt. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afretti, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna.

Af hálfu þinglýstra eigenda Hjálmsstaða I og II er því haldið fram að allt land jarðanna innan þinglýstra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti þeirra. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingar landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Sá sem dragi

í efa gildi fyrirbyggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimildin um Hjálmsstaði og landamerki þeirra er frá 3. ágúst 1574. Þar segir orðrétt:

J firstu skilldi ráða að nedanverdu Bitruósminni fram við ána þadan sionhendjng j östanverda Kringlumíri. Sjðan j vörðurnar sem giörðar voru. tuær ä hæðunum. þä j gnijpuna ä Miöadalsbrun hina vestari. og þä mann stendur við ösinn liggja öll þessi merki thil samans að Rettri sionhendjngu.

Landamerkjalyýsing þessi styðst við áreið sem gerð var þennan sama dag að frumkvæði lögmannsins, Þórðar Guðmundssonar.

Hjálmsstaða er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1708 og voru þá í einkaeign. Þeirra er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í heimildum þessum er ekkert fjallað um landamerki Hjálmsstaða.

Landamerkjum jarðarinnar er fyrst lýst heildstætt í landamerkjabréfi, dags. 24. maí 1887. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Á millum Hjálmsstaða og Laugarvatns skilur sú svokallaða Hjálmsstaðaá þar sem hún rennur í Laugarvatnsvatn, þaðan frá og uppá millum Hjálmsstaða og Snorrastaða, ræður sú sama á allt til sinna upptaka við vestri Hryggsendann, það [svo] stefnu austan til yfir Fagradal og sama stefna yfir Mosana í Grensásinn vestan til á Jafnafelli norður í Afrjettarlínu, að austan verðu ræður Hnúkurinn á Mjóudalabrún vestri, þaðan sjónhending um vörðu niður á Hæðunum og austanverða Kringlumíri [svo] í Bitruós niður við Skillandsá, svo ræður áin niður að Miðdalsengjavaði, þaðan um göturnar vestur Rotubakkann sjónhending úr vestanverðum Hristanga í Ósfarið við Laugarvatnsvatn, svo ræður vatnið vestur að fyrnefndri Hjálmsstaðaá.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið „sumarið 1887“ og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Lýsingu á landamerkjum Hjálmsstaða er þannig að finna í heimildum frá 1574 og 1887. Sú eldri er takmörkuð að því leyti að hún lýsir eingöngu mörkum jarðarinnar að austanverðu frá Bitruósmynni en lýsingin er í fullu samræmi við þá yngri að því marki.

Að Hjálmsstöðum liggja jarðirnar Miðdalur ásamt hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti, Laugarvatn og Snorrastaðir, svo og Laugardalsafréttur. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Hjálmsstaða er áritað um samþykki eigenda Miðdalsjarða og Snorrastaða. Þá er landamerkjabréf Laugarvatns, dags. 12. maí 1890 og þingl. 6. júní 1890, áritað um samþykki eigenda Hjálmsstaða. Landamerki Hjálmsstaða eru því samþykkt af fyrirsvarsmönnum allra aðliggjandi jarða.

Á landamerkjabréfi Hjálmsstaða er því sá galli að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna Laugardalsafréttar. Við mat á þýðingu landamerkjalyýsingar Hjálmsstaða að óbygðdamörkum er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um mörk afréttarins.

Norðan við Hjálmsstaði liggur Laugardalsafréttur. Fram kemur í kafla 11.12 að lýsingar á landamerkjum Laugardalsafréttar sé að finna í heimildum frá 1920, 1979, 1983, 1984 og 1996. Þar er ekki fjallað sérstaklega um mörk afréttarins og jarða í Laugardal. Landamerkjalyýsing var ekki gerð fyrir hinn upphaflega Grímsnesafrétt í kjölfar landamerkjagalaganna 1882 nema að því er varðar skiptalínu afréttarins 1920, en hún liggur ekki að landi Hjálmsstaða.

Í landamerkjabréfi fyrir Miðdal með hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti, dags. 9. maí 1889 og þingl. 23. maí 1889, er merkjum jarðarinnar gagnvart Hjálmsstöðum frá Bitruósi og gagnvart afrétti lýst þannig:

... frá Bitruós sjónhending um austanverða Kringlumýri og vörður í hæðunum upp af henni í hnúkin á Mjóudalabrún vestri; þaðan sjónhending í hnúkin á austanverðri Hrossadalsbrún; þaðan gagnvart afrjetti, sjónhending í vestustu nýpuna á Rauðafelli ...

Í landamerkjabréfi Laugarvatns, dags. 12. maí 1890 og þingl. 6. júní 1890, er merkjum jarðarinnar gagnvart afrétti og Snorrastöðum að Markagili lýst svo:

... úr Eldborgum sjónhending í háan hnúk á norðan og austan verðri Hrossadalsbrún, úr nefndum hnúk aptur sjónhending fram á fjallsbrúnina, þar sem hellisskúti er efst í Markagili ...

Í landamerkjabréfi Snorrastaða, dags. 24. maí 1887 og þingl. „sumarið 1887“, er merkjum jarðarinnar til fjalla lýst svo:

... um Markavík og Markalág upp í Markagilið upp í Fjallsbrún, þaðan sama sjónhending til Afrjettarlinu, frá sömu línu að austanverðu sjónhending um Grensásinn vestantil á Jafnafelli og suður yfir Mosana. ...

Samkvæmt framangreindu er mörkum Laugarvatns og Miðdals að afrétti á umræddum stað báðum lýst í hnúk á austanverðri Hrossadalsbrún sem er skammt norðan Grensáss. Einnig ber landamerkjabréfum Hjármsstaða og Snorrastaða saman um að mörk þeirra séu að afréttarlinu norðan Grensáss. Verður við það að miða að átt sé við fyrrnefndan hnúk á austanverðri Hrossadalsbrún. Landamerkjabréfum framangreindra fjögurra jarða ber því saman um að hornmark þeirra að afrétti sé á umræddum stað. Þá er fullt samræmi með landamerkjabréfi Hjármsstaða frá 24. maí 1887 og lýsingu á landamerkjum jarðarinnar frá 3. ágúst 1574 en í báðum þessum heimildum segir að mörk jarðarinnar að austanverðu séu upp í hnúk á Mjóudalabrún hinni vestari.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Hjármsstaða er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Laugardal.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hjármsstaði. Því ber saman við einu eldri heimildina um landamerki jarðarinnar frá 1574 þótt takmörkuð sé. Jafnframt hefur landamerkjabréfið hlotið staðfestingu eigenda Snorrastaða og Miðdalsjarða. Þá hefur eigandi Hjármsstaða staðfest landamerkjabréf Laugarvatns. Landamerkjabréfum framangreindra fjögurra jarða ber og saman um að hornmark þeirra að afrétti sé norðan við Grensás, þ.e. hnúkur á austanverðri Hrossadalsbrún. Loks hefur ekkert komið fram sem mælir í mót þeirri lýsingu á mörkum við Laugardalsafrétt sem fram kemur í landamerkjabréfi Hjármsstaða. Landamerkjalyðingum Hjármsstaða og aðliggjandi landsvæða, þar sem þær eru fyrir hendi, ber þannig saman í öllum aðalatriðum.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Hjármsstaða sé rétt lýst í landamerkjabréfi dags. 24. maí 1887. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Snorrastaða, Miðdalsjarða og Laugarvatns eru einnig þinglesin. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hjármsstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hjármsstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887 hafa eigendur

jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja jarðarinnar Hjálmsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Hjálmsstaða svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 24. maí 1887 teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.8. Laugardalshólar og Hólabrekka

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjabréfi frá 21. maí 1887 telst innan landamerkjja Laugardalshóla. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðanna Laugardalshóla og Hólabrekku, Friðgeirs Smára Stefánssonar, í kafla 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að mörk jarðanna að óbyggðum séu ósamþykkt en þau gangi örlítið inn fyrir kröfulínu íslenska ríkisins á Efstadalsfjalli. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afrétti, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna.

Af hálfu þinglýsts eiganda Laugardalshóla og Hólabrekku er því haldið fram að allt land jarðanna innan þinglýstra landamerkjja sé undirorpið beinum eignarrétti þeirra. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjialaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingar landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Sá sem dragi í efa gildi fyrirbyggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimild um Laugardalshóla er frá 1597 og var jörðin þá eign Skálholtsstóls. Hennar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1708. Laugardalshólar voru seldir í tvennu lagi á stólsjarðauppboðinu 19. ágúst 1788 og 18. júní 1790. Jarðarinnar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Laugardalshóla.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum Laugardalshóla er að finna í landamerkjabréfi dags. 21. maí 1887. Þar lýsa eigendur jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Frá Hólaá ræður Farið vestur í Farklofa, þaðan sjónhending um Markalækjarminni í vörðu á Smáholtum og vörðu á Markagarði austan við Miðdalskotstún í Gljúfursgil uppi í fjallsbrún, og sömu stefnu vestast í Prestshæð, verður þá landið oddmyndað norðan í fjallsbrúninni á móts við Vatnsheiðarvatn. Þaðan sjónhending til suðurs um stóran stein austan undir Grensás, suður af fjalli, niður um þrívörður í Grástein og frá Grásteini sjónhending um Maurholt suður í Hólaá, svo ræður Hólaá norður og vestur að áðurnefndu Fari.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið „sumarið 1887“ og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Landamerkjabréf Laugardalshóla tekur einnig til Hólabrekku en Hólabrekka var fyrst byggð árið

1858 og til hennar lagður fjórðungur af landi Laugardalshóla, en búseta þar er nú aflögð. Ekki er að sjá að formleg skipti hafi farið fram á landi jarðarinnar.

Að Laugardalshólum liggja Miðdalur ásamt hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti, Efstidalur, Böðmódsstaðir og Útey handan Hólaár. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Laugardalshóla er áritað um samþykki vegna Miðdalsjarða, Böðmódsstaða og Efstadals. Þá er landamerkjabréf Úteyjar, dags. 18. júní 1884 og þingl. 6. júní 1885, áritað um samþykki eiganda Laugardalshóla. Landamerki Laugardalshóla eru því samþykkt af fyrirsvarsmönnum allra aðliggjandi jarða.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Laugardalshóla er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Laugardal.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Laugardalshóla. Lýsing á landamerkjum jarðarinnar hefur hlotið staðfestingu fyrirsvarsmanna allra aðliggjandi jarða.

Fyrirliggjandi gögn benda því til þess að landamerkjum Laugardalshóla sé rétt lýst í landamerkjabréfi dags. 21. maí 1887. Bréf þetta er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Miðdalsjarða, Efstadals, Böðmódsstaða og Úteyjar eru einnig þinglesin. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Laugardalshóla og Hólabrekku hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Laugardalshólar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887 hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæmingum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Laugardalshóla sé þjóðlenda. Rannsókn óbygðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbygðanefndar að land jarðarinnar Laugardalshóla svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 24. maí 1887 teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.9. Laugarvatn

Laugarvatn skiptist nú í tvo hluta, þ.e. annars vegar jörðina Laugarvatn að undanskilinni „spildu á afrétti“ eins og segir í fasteignabók sýslumannsins á Selfossi og hins vegar „spildu úr afréttarlandi Laugarvatns“. Landamerkjabréf fyrir Laugarvatn var gert 12. maí 1890. Árið 1917 keypti Grímsneshreppur landspildu úr Laugarvatnsjörðinni sem nefnist „spilda úr afréttarlandi Laugarvatns“ í fasteignabók. Landspilda þessi er öll innan þeirra marka sem lýst er í landamerkjabréfinu frá 12. maí 1890.

Hér verður fjallað um Laugarvatn eins og jörðinni er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi frá 1890. Þó er ekki til úrlausnar eignarréttarleg staða þess hluta jarðarinnar sem eins og áður greinir var seldur Grímsneshreppi. Í kaupsamningnum frá 1917 er hinu selda landi þannig lýst:

Markaðúfan á Biskupsbrekku, úr henni bein lína í Prasaborgir, þaðan sjónhending í norðurendann á Driptinni, þaðan um Hamarsshellir, Stóra-Dímon, Eldborgir og þaðan sjónhending í norðasta Kálfs-tind. Þaðan fram með fjallgarðinum fram í syðra Litlubarmshorn og þaðan sjónhending í áðurnefnda þúfu í Biskupsbrekku.

Um landsvæði þetta er fjallað í málinu nr. 2/2000, Grímsnes- og Grafningshreppur. Samhengis vegna verður þó fjallað um þennan hluta Laugarvatnsjarðarinnar í þessu máli að því marki sem saga svæðisins er samofin sögu jarðarinnar. Grímsnesingar nýta landið nú sem afrétt en það mun þó ekki hafa verið lagt formlega til afréttar samkvæmt lögum um afréttarmálefni og fjallskil.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 12. maí 1890 telst innan landamerkja Laugarvatns. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. Engum kröfum hefur hins vegar verið lýst af hálfu þinglýsts eiganda Laugarvatns þrátt fyrir ítrekuð tilmæli óbyggðanefndar. Kröfur Grímsnes- og Grafningshrepps vegna þess hluta Laugarvatns, sem seldur var 1917, eru settar fram í máli nr. 2/2000 og er afstaða til þeirra tekin í því máli. Er vísað til urlausnar í máli nr. 2/2000 hvað þær snertir.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Sú frásögn máldaga kirkjunnar að Laugarvatni um að kirkjan ætti í heimalandi sé sönnun þess að land Laugarvatns hafi skipst í heimaland og afrétt. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afrétti, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónúmer landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna. Landamerkjabréfi jarðarinnar beri ekki saman við lögfestu frá 1669. Þá megi ráða af heimildum um fjallskil og smölun að allt útlendi Laugarvatns á Lyngdalsheiði og Laugarvatnsvöllum svo og ofan fjallsbrúna sé smalað sem afréttur en ekki sem eignarland.

Laugarvatns er fyrst getið í Njálu en óvíst er hvort þar sé átt við vatnið sjálft eða bæ sem þar stóð hjá.

Í máldaga kirkjunnar að Laugarvatni, sem talinn er frá 1379, er sagt að kirkjan eigi 10 hndr. í heimalandi. Þetta er síðan endurtekið í Vilkinsmáldaga 1379 og máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki jarðarinnar.

Fyrsta lýsingin á landamerkjum Laugarvatns er frá 1497, að talið er, en þá var lýst landamerkjum milli Laugarvatns og Snorrastaða:

Þessi ero landa merki j mille lavgar vatz og snorastada.

vr hellinvm ofan vpp j brvnninne og sionhending ofan j rvnninn firir avstan hristanga þar sem lýr(i)tarn-er liggia vnder. og sionhending yfer j þvfvna er stendur hia divpaa. Enn mille eyvindar tvngv skilvr ain og nedann vnder gotvnrar firir vtann aana er ridit er vt a vollvna. og fra hnvkvm og vt til blondv og svo yfer vnder goturnar er ridit er vr skalholli. og vt epter heidinne sem goturnar liggia. og vp j stelpv steins helli og nordvr j sanndgýgi og þaðann nordvr j hrafnu biorg.

Um landamerki Laugarvatns er einnig til vitnisburður frá 31. mars 1618. Vitnisburðurinn var síðan borinn fram í staðfestu afriti á manntalsþingi að Stóruborg 14. maí 1728 og í nýju afriti á manntalsþingi á sama stað 21. maí 1833. Samkvæmt síðara afritinu er landamerkjum lýst svo:

Í fyrstu á milli Laugarvatns og Ejevindartungu rædur litla áin (í sínum gamla farveg) allt upp fyrir Nónhólin sem kalladur er Nónhóll frá Laugarvatni og þaðan í Smalaskálan sem austan til á Hnúkaheijdi og sjónhending úr þeim Smalaskála og í stóra steinin á Blönduhálsi og úr þeim steini réttisýnis í Prasaborgir sem standa hædst sudur á heijdinni og úr þeim Prasaborgum sjónhending í nordra Driftar

endan á þeirri vestustu Driftinni. Þaðan sjónhending og í Stelpusteinshellir vestur á hrauninu. Þaðan upp í sandgygjenn sem er í Hrafnabjargahálsi langt frá Reidarbarminum.

Jöðru lægi á millum Laugarvatns og Snorrastada. Fyrst sjónhending úr Markatanga (fyrir austan stóra Hristanga) og í Markagilskjaptin. Úr því ræður Markagilid þángað sem Hellirsskútinn er í fjallsbrúninni.

Jörðia máta úr fyrnefndum Markatanga sjónhending fram í Hialmstadaá. Þar sem ein fuglstapaþúfa er Hialmstada megin á arbackanum. Hún stendst á við Borgarstæðid á Lambhagaholti.

Lögfesta fyrir Laugarvatni var lesin upp á Alþingi 1669 og er hún á þessa leið:

Í fyrstu millum Laugarvatns og Eyvindartungu ræður litla áin í sínum gamla farveg allt upp yfir Nónhólinn, sem kallaður er Nónhóll frá Laugarvatni, og þaðan í Smalaskála, sem er austan til á Hnúkaheiði, og sjónhending úr þeim Smalaskála og í stóra steininn á Blönduhálsi, og úr þeim steini réttsýnis á Prasaborgir, sem standa hæst suður á heiðinni, og úr þeim Prasaborgum sjónhending í norðra Driftarendann á þeirri vestustu Driftinni, þaðan sjónhending og í Stelpusteinshellir vestur á hrauninu, þaðan og upp í sandgíginn, sem er í Hrafnabjargarhálsi langt frá Reyðarbarminum. Í öðru lagi millum Laugarvatns og Snorrastada: Fyrst sjónhending úr Markatanga fyrir austan stóra Hristanga og í Markagilskjaptinn. Úr því ræður Markagilid þángað sem hellisskútinn er í fjallbrúninni. Í þriðja máta úr fyrnefndum Markatanga sjónhending fram í Hjálmsstaðaá, þar sem ein fuglstapahruga er Hjálmsstaðamegin á árbakkanum. Hún stentz á við borgastykkið á Lambhagaholti.

Laugarvatns er getið í jarðabókunum 1686, 1695 og 1708. Eins og aðrar jarðir í hreppnum átti Laugarvatn afrétt „norður og vestur á fjöllum kringum Skjaldbreið“. Jarðarinnar er einnig getið í jarðabókunum 1847 og 1861. Ekki er fjallað um landamerki Laugarvatns í þessum heimildum.

Landamerkjabréf fyrir Laugarvatn var undirritað 12. maí 1890:

Milli Laugarvatns og Eyvindartungu ræður litla áin í sínum gamla farvegi þángað til að gilið, sem er norðanundir Skógarhólnum kemur í hana, úr því gilmyggi beina stefnu í vörðu á Kolhól, þaðan sjónhending rjetta í stóra steininn á Blönduhálsi; þaðan beint fram í Blönduhálsklofa, þaðan sjónhending í vörðu á Biskupsbrekku; þaðan sjónhending rjetta í Prasaborgir, sem er hæsti hnjúkurinn á sunnanverðri Lingdalsheiði, þaðan sjónhending í nyrðri Driptarenda á vestustu Driptinni, þaðan sjónhending í Hamraselshelli, sem er langt vestur á hrauni, þaðan aptur beina sjónhending í Eldborgir á Hrafnabjargahálsi, úr Eldborgum sjónhending í háan hnjúk á norðan og austan verðri Hrossadalsbrún, úr nefndum hnjúk aptur sjónhending fram á fjallsbrúnina, þar sem hellisskúti er efst í Markagili; síðan ræður Markagil niður að mýrinni, en úr því sjónhending niður í Hjálmsstaðaá, þar sem Fuglstapaþúfa er, Hjálmsstaðameigin og stentz sú þúfa á við borgarstæðið á Lambhagaholti. Frá áður nefndri þúfu ræður Hjálmsstaðaá niður í Laugarvatn.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 6. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Lýsingu á landamerkjum Laugarvatns er þannig að finna í heimildum frá 1497, 1618 (í afriti frá 1833), 1669 og 1890. Í heimildunum frá 1497, 1618 og 1669 er landamerkjum Laugarvatns gagnvart afrétti ekki lýst. Lýst er merkjum á milli Laugarvatns og Snorrastada frá hellisskúta í fjallsbrúninni og niður í Hjálmsstaðaá. Þá er lýst merkjum á milli Laugarvatns og Eyvindartungu og allt vestur að Stelpusteinshelli og þaðan norður í sandgíg á Hrafnabjargarhálsi. Í elstu heimildinni er merkjum lýst allt að Hrafnabjörgum. Eldri heimildirnar þrjár gera þannig ráð fyrir að land jarðarinnar hafi náð lengra til vesturs en ráð er fyrir gert í landamerkjabréfinu frá 1890. Skýringin á þessum mismun mun vera sú að einhvern tíma fyrir gerð landamerkjabréfsins keypti eigandi Gjábakka

jarðarpart úr Laugarvatnsjörðinni og lagði til jarðar sinnar en land Laugarvatns mun áður hafa náð vestur að Stelpusteinselli sem nú er í landi Gjábakka. Munu landamerkin þá hafa færst í Hamra-selshelli. Ekki hafa fundist aðrar heimildir um þessi kaup en þær sem skráðar eru í 2. bindi Sunnlenskra byggða en þar er ekki getið nákvæmlega um legu þessa landsvæðis. Að öðru leyti en því sem að framan greinir virðast hinar takmörkuðu landamerkjálýsingar frá 1497, 1618 og 1669 vera í samræmi við landamerkjabréfið frá 1890. Þrasaborga er þó ekki getið í þeirri elstu.

Að Laugarvatni liggja Snorrastaðir, Hjálmsstaðir, Eyvindartunga, Gröf og Efra-Apavatn, svo og Miðfell og Gjábakki í Þingvallasveit. Að jörðinni liggja einnig Laugardalsafréttur og Grímsnes-afréttur.

Landamerkjabréfið er staðfest af eigendum og ábúendum Miðfells, Gjábakka, Snorrastaða, Hjálmsstaða, Eyvindartungu, Grafar og Efra-Apavatns. Auk þess er landamerkjabréfið áritað af hálfu eigenda, ábúenda og umráðamanna Kaldárhöfða, Neðra-Apavatns, Búrfells og Klausturhóla en þær jarðir eru í Grímsneshreppi og eiga sameiginlegt hornmark með Laugarvatni í Þrasaborgum. Landamerkjabréfið er þannig áritað um samþykki vegna allra aðliggjandi jarða.

Á landamerkjabréfi Laugarvatns er sá ágalli að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna Laugardalsafréttar og Grímsnesafréttar. Við mat á þýðingu landamerkjabréfs Laugarvatns að því er varðar lýsingu á landamerkjum jarðarinnar að óbyggðamörkum er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um mörk afréttarins.

Norðan við Laugarvatn liggur Laugardalsafréttur. Fram kemur í kafla 11.12 að lýsingar á landamerkjum Laugardalsafréttar sé að finna í heimildum frá 1920, 1979, 1983, 1984 og 1996. Þar sé ekki fjallað sérstaklega um mörk afréttarins og jarða í Laugardal. Landamerkjálýsing hafi ekki verið gerð fyrir hinn upphaflega Grímsnesafrétt í kjölfar landamerkjagalaganna 1882 nema að því er varði skiptalínu afréttarins 1920. Í heimildum þessum er nokkuð fjallað um mörk afréttarins og Laugarvatns að norðvestanverðu.

Á fundi hreppsnefnda Grímsnes- og Laugardalshreppa 12. maí 1920 var ákveðið að skipta sameiginlegum afrétti hreppanna og að mörk þeirra yrðu eftirfarandi:

Kálfstindar ráða inn að Skefilfjallahorni, þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Langafell, þaðan í svartan hnjúk vestan í Langjökli inn af Jökulkróknum.

Í ritinu *Sunnlenskar byggðir* er vesturmörkum afréttarins frá Skefilfjöllum lýst svo:

Síðan ráða Skefilfjöll meðan þau endast, en síðan úr suðvesturenda þeirra suðvestur í Kálfstinda sem fyrr var lýst, ráða þeir suður í Reyðarbarm.

Í ritinu *Göngur og réttir* er eftirfarandi lýsing á vesturmörkunum:

Þaðan austanvert í Skjaldbreið, um Sköflung, Langafell, Skriðuhnjúk, Skefilfjöll og í Klukkuskarð. Þaðan ráða svo landamerki Grímsnesinga og heimalands Laugarvatns fram með Reyðarbarmi og Litlabarmi að vestan, og úr syðra Litlabarmshorni í Biskupsbrekku norðanvert á Lyngdalsheiði.

Lýsing hreppstjórans í Laugardalshreppi 19. maí 1979 á vesturmörkum afréttarins er samhljóða framangreindri lýsingu.

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar nr. 408/1996 segir „Afréttur Laugardalshrepps afmarkast af Skefilfjöllum í Klakk að vestan“.

Hafa verður í huga að framangreindar lýsingar á mörkum afréttarins eru allar settar á blað eftir að Grímsnesingar kaupa jarðarpartinn úr Laugarvatni og leggja óformlega til afréttar. Lýsingin í fjallskilareglugerð er í samræmi við skiptalínuna frá 1920 nema hvað fjallskilareglugerðin gengur

ekki jafnlangt suður og fyrrgreinda lýsingin. Lýsingin í ritinu, Göngur og réttir, og lýsing hreppstjórans á afréttinum frá 19. maí 1979 miðast við Laugarvatnslandið syðst. Ekki verður þó annað séð en að framangreindum lýsingum beri í öllum aðalatriðum saman við landamerkjabréf Laugarvatns.

Norðan við Laugarvatn liggur Grímsnesafréttur. Samkvæmt landamerkjabréfi Laugarvatns eru mörk jarðarinnar við hinn upphaflega Grímsnesafrétt, og um leið þann hluta hans sem Grímsneshreppur hélt eftir 1920, um línu sem dregin er úr Eldborgum og að skiptalínunni frá 1920, í stefnu á háan hnúk á norðan- og austanverðri Hrossadalsbrún. Eldri heimildir um landamerki Laugarvatns styðja þetta. Ákvæði 2. gr. fjallskilareglugerðar, þar sem Skefilfjöll eru tilgreind sem syðsti punktur austurmarka fær ágætlega samrýmst þessu. Mörkum Grímsnesafréttar og Laugarvatnsjarðarinnar er ekki lýst í öðrum heimildum um merki afréttarins en ekkert í þeim mælir gegn framangreindri lýsingu í landamerkjabréfi Laugarvatns. Jafnframt festir Grímsneshreppur kaup á hluta af landi Laugarvatns árið 1917 og við það tækifæri er norðurmörkum jarðarinnar lýst á mjög svipaðan hátt og landamerkjabréfi Laugarvatns 1890, þ.e. úr Eldborgum og þaðan sjónhending í norðasta Kálfstind, sem er lítið eitt sunnar en hnúkur á norðan- og austanverðri Hrossadalsbrún sem tilgreint landamerkjabréf miðar við. Samanburður á þessum tveimur lýsingum, þ.e. annars vegar landamerkjabréfi Laugarvatns og hins vegar lýsingu sem gerð var við kaup Grímsneshrepps á hluta af landi Laugarvatns, leiðir í ljós að til verður mjó landræma úr landi Laugarvatns sem skilur á milli Grímsnesafréttar og landsins sem hreppurinn keypti úr Laugarvatni 1917. Hér er nánar tiltekið um að ræða svæðið á milli framangreindra tveggja stefnulína úr Eldborgum og að skiptalínu hreppanna frá 1920, milli Kálfstinda og Skefilfjallahorns. Verður að líta svo á að landræma þessi sé innan lands Laugarvatnsjarðarinnar.

Austan við Laugarvatn liggja jarðirnar Snorrastaðir, Hjálmsstaðir og Miðdalsjarðir, en allar eiga þessar jarðir mörk að afrétti. Í kafla 11.7. er komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjabréfum þessara fjögurra jarða beri saman um að hornmark þeirra að afrétti sé hnúkur á austanverðri Hrossadalsbrún.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Laugarvatns er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Laugardal.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Laugarvatn. Ekki verður annað séð en að því beri saman við eldri heimildir um landamerki jarðarinnar, frá 1497, 1618 og 1669, enda þótt takmarkaðar séu. Jafnframt hefur landamerkjabréfið hlotið staðfestingu fyrirvarsmanna allra aðliggjandi jarða í Laugardalshreppi og Þingvallahreppi, sem og þeirra jarða í Grímsneshreppi, sem eiga sameiginlegt hornmark með Laugarvatni í Þrasaborgum. Þá verður ekki annað séð en að í öllum aðalatriðum sé samræmi með landamerkjabréfi Laugarvatns og þeim lýsingum sem til eru á mörkum Laugardalsfréttar. Við kaup Grímsneshrepps á hluta af landi Laugarvatns 1917 er og mörkum Laugarvatns að Grímsnesafrétti lýst á mjög svipaðan hátt og í landamerkjabréfi jarðarinnar.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Laugarvatns sé rétt lýst í landamerkjabréfi dags. 12. maí 1890. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Snorrastaða, Hjálmsstaða, Miðdalsjarða, Eyvindartungu, Grafar, Miðfells og Gjábakka eru einnig þinglýst. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Laugarvatns hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu gallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Fram kemur í ritinu *Göngur og réttir* að haustleitir á Laugardalsafrétti skiptist í vesturleit og

austurleit. Vesturleit komi niður Klukkuskarð á milli Klukkutinda og Skefilfjalla. Tveir menn úr byggð smali Laugarvatnsfjall fram á vesturbúnir. Þá sé svæðið á milli Kálfstinda og Hrossadalsbrúnar smalað niður í Laugarvatnsrétt ásamt norðaustanverðri Lyngdalsheiði og Laugarvatnsvöllum. Við skýrslutökur fyrir nefndinni kom einnig fram að vesturleitin kæmi niður í Laugarvatnsrétt og hefðu heimamenn þá notað tækifærið og smalað Laugarvatnslandið með fjallmönnum líkt og gert væri í Efstadal. Laugarvatnslandið hefði síðan verið smalað oftar á haustin eins og Efstadalslandið. Síðar hefði verið lagt til við fjallskil að smala Laugarvatnslandið eins og um afrétt væri að ræða til að koma til móts við þann ágang fjár sem jörðin varð fyrir.

Framangreint fyrirkomulag á smölun á landi Laugarvatns þykir ekki hafa eignarréttarlega þýðingu.

Tilgreining á hluta kirkjunnar að Laugarvatni í heimalandi Laugarvatns er í samræmi við það sem venja var í máldögum enda var það skilyrði þess að kirkja gæti tekið vígslu að hún ætti tiltekinn hluta þeirrar jarðar sem hún stóð á. Í þessari tilgreiningu felst hins vegar ekki sönnun þess að innan marka jarðarinnar hafi verið annars konar land með aðra stöðu að eignarrétti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja jarðarinnar Laugarvatns sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6. að land jarðarinnar Laugarvatns svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 12. maí 1890 teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

11.10. Miðdalstorfa (Miðdalur, Ketilvellir og Miðdalskot)

Miðdalstorfa skiptist nú í jörðina Miðdal ásamt Miðdalskoti og Ketilvöllum. Sameiginlegt landamerkjabréf er gert fyrir Miðdal ásamt hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti 1889 án þess þó að innbyrðis merkjum sé þar lýst.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Miðdal ásamt hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti frá 9. maí 1889 telst innan landamerkjja Miðdalstorfunnar. Þá lýsir íslenska ríkið kröfum um beinan eignarrétt að Ketilvöllum og Miðdalskoti fyrir sunnan þjóðlendukröfulínu sína. Jafnframt er af hálfu ríkisins gerð krafa til viðurkenningar á rétti Miðdalskots og Ketilvalla til afréttarnota af landi því sem er innan merkja Miðdalstorfu samkvæmt landamerkjabréfi en norðan kröfulínu ríkisins. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og 3.1.2. Kröfum Félags bókagerðarmanna, þinglýsts eiganda jarðarinnar Miðdals, er lýst í kafla 3.9.

Af hálfu íslenska ríkisins er á það bent að mörk Miðdalstorfu að Laugardalsafrétti séu ósamþykkt. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afrétti, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna. Á það er bent að Ketilvellir og Miðdalskot séu eign kirkjujarðasjóðs og þar með íslenska ríkisins. Sameiginlegt landamerkjabréf hafi verið gert fyrir Miðdal

ásamt hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti en formleg landskipti hafi ekki farið fram milli jarðanna.

Af hálfu þinglýsts eiganda Miðdals er því haldið fram að allt land jarðarinnar innan þinglýstra landamerkja og landamerkjalýsingar frá 1939 sé undirorpið beinum eignarrétti hans. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjagalaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingar landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Sá sem dragi í efa gildi fyrirbyggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimild um Miðdal er í Vilkinsmáldaga frá 1397 og samkvæmt honum var kirkja í Miðdal sem átti „heimaland allt með gögnum og gæðum“. Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá síðari hluta 16. aldar er ítrekað að kirkjan eigi heimaland með gögnum og gæðum og jörðina Ketilvelli að auki. Þessi yfirlýsing er síðan skráð orðrétt í vísitasubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1644. Miðdals er einnig getið í jarðabókum frá 1695, 1708, 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Miðdals.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum Miðdalstorfu er að finna í landamerkjabréfi „fyrir kirkjujörðinni Miðdal ásamt hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti“ dags. 9. maí 1889. Þar lýsir umboðsmaður jarðatorfunnar landamerkjum hennar svo:

Milli Hjálmsstaða og Miðdals eru þessi mörk: Ósfarið við Laugarvatnsvatn upp mosann í vestan verðum Hristanga, þaðan ráða götur þær sem liggja austur Rotubakkann sjónhending í svokallað Engjavað á Skillandsá; frá Engjavaði ræður áin að Bitruós, frá Bitruós sjónhending um austanverða Kringlumýri og vörður í hæðunum upp af henni í hnúkinn á Mjóudalabrún vestri; þaðan sjónhending í hnúkinn á austanverðri Hrossadalsbrún; þaðan gagnvart afrijetti, sjónhending í vestustu nýpuna á Rauðafelli; þaðan gagnvart Efstadal, sjónhending í Vatnsheiðarvatn; úr Vatnsheiðarvatni gagnvart Laugardalshólum sjónhending í Gljúfurgil á fjallsbrúninni og liggur sú stefna um Pretshæð [svo]; úr Gljúfurgilinu á fjallsbrúninni er bein sjónhending um vörður þær, sem hlaðnar eru á Markagarði, Smáholtum og við Markalæk í Farklofana; þaðan ræður Hólaá og Laugarvatnsvatn að fyrstnefndu Ósfari.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 23. maí 1889 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Miðdalstorfu liggja Hjálmsstaðir, Efstidalur, Laugardalshólar og Laugardalsafréttur. Er þá ekki tekið tillit til breytinga, sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum, eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Miðdals ásamt hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti er áritað af ábúendum og eigendum Efstadals, Laugardalshóla og Hjálmsstaða, svo og Snorrastaða og Laugarvatns sem eiga sameiginlegan hornpunkt með Miðdalstorfu. Landamerkjabréf Miðdalstorfu hefur því hlotið staðfestingu fyrirvarsmanna allra aðliggjandi jarða.

Lýsingu á landamerkjum Miðdalstorfu er þannig ekki að finna í eldri heimildum en landamerkjabréfi frá 1889. Þá er bréfið haldið þeim ágalla að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirvarsmanna Laugardalsafréttar. Við mat á þýðingu landamerkjalyýsingar Miðdalstorfu að óbyggðamörkum er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um mörk afréttarins.

Fram kemur í kafla 11.12 að lýsingar á landamerkjum Laugardalsafréttar sé að finna í heimildum frá 1920, 1979, 1983, 1984 og 1996. Þar er ekki fjallað sérstaklega um mörk afréttarins og jarða í Laugardal. Landamerkjalyýsing var ekki gerð fyrir hinn upphaflega Grímsnesafrétt í kjölfar landamerkjagalaganna 1882 nema að því er varðar skiptalínu afréttarins 1920 en hún liggur ekki að landi Miðdalstorfu.

Vestan við Miðdalstorfu liggja jarðirnar Snorrastaðir, Hjálmsstaðir og Laugarvatn en að austan

liggur jörðin Efstidalur en allar eiga þessar jarðir mörk að afrétti. Í kafla 11.7. er komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjabréfum Laugarvatns, Snorrastaða, Hjálmsstaða og Miðdalstorfu beri saman um að hornmark þeirra að afrétti sé hnúkur á austanverðri Hrossadalsbrún. Þá ber landamerkjabréfum Miðdalstorfu og Efstadals, dags. 21. maí 1887 og þingl. „sumarið 1887“, saman um að mörk jarðanna gagnvart afrétti miðist við vestustu nípuna á Rauðafelli. Samkvæmt landamerkjabréfi Miðdalstorfu er síðan dregin bein lína á milli þessara punkta.

Lagt hefur verið fram í málinu byggingarbréf, dags. 26. maí 1928. Í því er landamerkjum Miðdals gagnvart Hjálmsstöðum, Ketilvöllum og Miðdalskoti lýst þannig:

1. Milli Miðdals og Hjálmsstaða: Úr markagerði á Vatnsbakkanum í markapúfu á Rotubakkanum, þaðan ráða götur á Rotubakkanum austur í Skillandsá, ræður svo Skillandsá uppeftir meðan lönd liggja saman.
2. Milli Kjetilvalla og Miðdals: Úr markapúfu niður á Skillandsárbakka, sjónhending á Hól að hundapúfu á Búðarholtshalajaðri eystri enda á Vörðufjalli, ræður svo Skillandsá uppeftir svo lengi sem lönd liggja saman.
3. Milli Miðdalskots og Miðdals: ræður Hökulækur austur eftir þar til Tóugil tekur við, og ræður það svo mörkum upp í fjallsbrúnina sjónhending um Vatnsheiði í vestra Rauðafellshorn þaðan afrjettarlinu sjónhending vestur í Skriðutinda, og þaðan niður eftir um Mjóudalsgil þar til Skillandsárupptök tekur við.

Byggingarbréfið er undirritað af Gunnari Gunnarssyni og Magnúsi Böðvarssyni. Magnús var á þeim tíma, sem byggingarbréfið var gert, ábúandi á Miðdal og framseldi ábúðarrétt með bréfinu til Gunnars.

Kröfugerð fyrir Miðdal byggist að hluta til á þessari lýsingu í byggingarbréfinu. Nánar tiltekið er kröfugerðin þannig úr garði gerð að tekin er upp lýsing úr landamerkjabréfi Miðdalstorfu frá 9. maí 1887 og síðan er þess krafist að landamerki jarðarinnar séu, annars vegar milli Ketilvalla og Miðdals og hins vegar milli Miðdalskots og Miðdals, ákvörðuð eins og þeim er lýst í 2. og 3. t. byggingarbréfsins. Með því að byggja á mörkum Miðdalskots og Miðdals, svo sem þeim er lýst í 3. t. byggingarbréfsins, er kröfugerðin þannig úr garði gerð hvað varðar mörk Miðdalstorfu við afréttinn, að kröfulínan er dregin úr Rauðafellshorni í Skriðutinda, þaðan um Mjóudalagil, þar til Skillandsárupptök taka við. Er þessi lýsing í verulegu ósamræmi við landamerkjabréf Miðdalstorfunnar en þar er dregin bein lína á milli hás hnúks á austan- og norðanverðri Hrossadalsbrún í vestustu nípú Rauðafells. Lýsing landamerkjabréfsins gengur því mun skemur til norðurs en í lýsingin í byggingarbréfinu. Við endurupptöku máls nr. 3/2000 þann 26. nóvember 2001 var lögmaður eiganda Miðdals inntur eftir þessu ósamræmi. Kom þar fram að ekki lægi fyrir á hvaða heimildum lýsing í byggingarbréfinu byggðist á en gerðar væru ýrtruðu kröfur í málinu.

Í byggingarbréfinu er landamerkjum jarðarinnar lýst einhliða af þáverandi eiganda og ábúanda Miðdals og er hvorki að sjá að eigendur Ketilvalla og Miðdalskots hafi samþykkt hana né heldur eigendur aðliggjandi jarða. Samkvæmt 14. gr. bréfsins skyldi það ekki taka gildi fyrr en sýslumaður hefði ritað á það samþykki sitt. Bréfið ber ekki með sér slíkt samþykki. Þá verður ekki heldur séð að skjalinu hafi verið þinglýst. Með vísan til framangreinds er tilvitnað byggingarbréf frá 26. maí 1928 að mati óbyggðanefndar haldið slíkum ágöllum að á því verður ekki byggt í máli þessu.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Miðdalstorfu er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.6. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Laugardal.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Miðdal, ásamt Ketilvöllum og Miðdalskoti. Eldri heimildir um landamerki jarðarinnar eru ekki fyrir hendi

og yngri heimildir verða samkvæmt framansögðu ekki taldar hafa neina þýðingu í máli þessu. Komið hefur fram að landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna allra aðliggjandi jarða. Þá hefur ekkert komið fram sem mælir í mót þeirri lýsingu á mörkum við Laugardalsafrett sem fram kemur í landamerkjabréfi fyrir Miðdalstorfú.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Miðdals ásamt Miðdalskoti og Ketilvöllum sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 9. maí 1889. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðartorfunnar án þess að séð verði að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf Efstadals, Laugardalshóla, Hjalmsstaða, Snorrastaða og Laugarvatns eru einnig þinglesin. Þetta bendir einnig til að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Miðdals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu gallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1889, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslensku ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Miðdalstorfunnar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, er þó óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess hvort fjármálaráðherra sé unnt að leggja til þjóðlendu land sem undirorpið er beinum eignarrétti íslenska ríkisins.

Í ákvæði 1. gr. laga nr. 58/1998 kemur skýrt fram að eðlismunur er á eignarlandi og þjóðlendu. Þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda. Ljóst er því að eignarland verður ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsali sér eignarráðum sínum. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort eigandinn er íslenska ríkið eða einhver annar. Þá hefur fjármálaráðherra ekki heimild til slíks afsals, sbr. 2. mgr. 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Ekki verður talið að slík heimild felist í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998 þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra skuli fara með fyrirvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.6., að land Miðdalstorfú, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 9. maí 1889, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

11.11. Snorrastaðir

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyýsingu frá 24. maí 1887 telst innan landamerkja Snorrastaða. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar, dánarbús Jóhanns Sveinbjörns-sonar, er nánar lýst í kafla 3.10.

Af hálfu íslenska ríkisins er á það bent að landamerkjabréf jarðarinnar sé einungis samþykkt vegna Laugarvatns. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki

jarða, sem land eigi að afrétti, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna.

Af hálfu þinglýsts eiganda Snorrastaða I og II er því haldið fram að allt land jarðanna innan þinglýstra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti hans. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjagalaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingar landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra, að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Sá sem dragi í efa gildi fyrirbyggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimild þar sem Snorrastaða er getið er frá 15. öld en vitað er að á 17. öld var jörðin í einkaeigu. Hennar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1708. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Snorrastaða. Snorrastöðum mun hafa verið skipt í tvö býli 1886 en nú er þar búið á jörðinni óskiptri.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 24. maí 1887. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Á milli jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns byrja landamerki, niður við Hjálmsstaðaá, þar sem bera saman vörðurnar á Flóðakeldubakka og ofantil á Vestraholti, fyrir sunnan ána, þaðan sjónhending í Markapítt um Markavík og Markalág upp í Markagilið uppi í Fjallsbrún, þaðan sama sjónhending til Afrjettarlínu, frá sömu línu að austanverðu sjónhending um Grensásinn vestantil á Jafnafelli, suður yfir Mosana og austantil yfir Fagradal í ána við vestri Hryggsendann, svo ræður áin niður að fyrst-nefndum vörðum.

Landamerkjabréf Snorrastaða er þinglesið sumarið 1887 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Snorrastöðum liggja Laugarvatn, Hjálmsstaðir og Laugarvatnsafréttur. Vestan við Snorrastaði liggur jörðin Laugarvatn. Landamerkjabréf Laugarvatns er dags. 12. maí 1890 og þinglýst 6. júní 1890. Eigendur Snorrastaða og Laugarvatns árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Að austan liggur jörðin Hjálmsstaðir. Landamerkjabréf Snorrastaða er ekki áritað af hálfu fyrirsvarmanna Hjálmsstaða en eigandi Snorrastaða áritar landamerkjabréf Hjálmsstaða sem er dags. 24. maí og þinglesið „sumarið 1887“. Landamerkjabréf Snorrastaða hefur því hlotið staðfestingu aðliggjandi jarða.

Lýsingu á landamerkjum Snorrastaða er þannig ekki að finna í eldri heimildum en landamerkjabréfi frá 1887. Þá er bréfið haldið þeim ágalla að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarmanna Laugardalsafréttar. Við mat á þýðingu landamerkjalyýsingar Snorrastaða að óbyggðamörkum er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst gögnum um merki Laugardalsafréttar.

Norðan við Snorrastaði liggur Laugardalsafréttur. Fram kemur í kafla 11.12 að lýsingar á landamerkjum Laugardalsafréttar sé að finna í heimildum frá 1920, 1979, 1983, 1984 og 1996. Þar er ekki fjallað sérstaklega um mörk afréttarins og jarða í Laugardal. Landamerkjalyýsing var ekki gerð fyrir hinn upphaflega Grímsnesafrétt í kjölfar landamerkjagalaganna 1882 nema að því er varðar skiptalínu afréttarins 1920 en hún liggur ekki að landi Snorrastaða.

Vestan við Snorrastaði liggur jörðin Laugarvatn en að austan liggur jörðin Hjálmsstaðir en allar eiga þessar jarðir mörk að afrétti. Í kafla 11.7. er komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjabréfum Laugarvatns, Snorrastaða, Hjálmsstaða og Miðdalstorfu beri saman um að hornmark þeirra að afrétti sé hnúkur á austanverðri Hrossadalsbrún.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Snorrastaða er getið í heimildum allt frá 17. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt

eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Laugardal.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Snorrastaði. Eldri heimildir um landamerki jarðarinnar eru ekki fyrir hendi. Landamerkjabréf Snorrastaða hefur hlotið staðfestingu fyrirsvarsmanns Laugarvatns. Þá hefur eigandi Hjálmstaða staðfest landamerkjabréf Snorrastaða. Landamerkjabréfum framangreindra þriggja jarða og Miðdalsjarða ber og saman um að hornmark þeirra að afrétti sé norðan við Grensás, þ.e. hnúkur á norðan- og austanverðri Hrossadalsbrún. Loks hefur ekkert komið fram sem mælir í mót þeirri lýsingu á mörkum við Laugardalsafrétt sem fram kemur í landamerkjabréfi Snorrastaða.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Snorrastaða sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 24. maí 1887. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Laugarvatns, Hjálmstaða og Miðdalsjarða er einnig þinglesin. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Snorrastaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Snorrastaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1887, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Snorrastaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Snorrastaða, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 24. maí 1887, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.12. Laugardalsafréttur

Land sunnan Langjökuls og ofan byggðar í Þingvalla-, Grímsnes-, Laugardals- og reyndar einnig Biskupstungnahreppi hefur lengi verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Þar á milli eru ekki skýr mörk af náttúrunnar hendi ef frá er talið Farið sem rennur úr Hagavatni í Sandvatn. Áður en svokölluð Hlíðalönd í Biskupstungum voru girt af og Farið varð að meiri farartálma en það hafði áður verið gat sauðfé runnið nokkuð hindrunarlaust frá Hvítá í austri allt vestur til Borgarfjarðardala. Af þessari ástæðu hafa upprekstraraðilar á svæðinu þurft að hafa samráð um smölun og fjallskil. Jafnframt eru lýsingar í eldri heimildum oft þannig að skýr mörk milli upprekstrarsvæða/afrétta einstakra hreppa verða ekki greind.

Laugardalsafréttur er eystri hluti hins upphaflega Grímsnesafréttar sem var skipt á milli Grímsneshrepps og Laugardalshrepps árið 1920. Laugardalshreppur var hluti Grímsneshrepps til 1906 og afrétturinn því hinn sami áður.

Hér verður fjallað um það landsvæði sem kom í hlut Laugardalshrepps er hinum forna Grímsnesafrétti var skipt á milli Grímsneshrepps og Laugardalshrepps 1920. Nánar tiltekið er um að ræða svæði sem að vestan afmarkast við línuna sem lögð var til grundvallar við samkomulag um skiptin-

gu afréttarins árið 1920. Að sunnan afmarkast afrétturinn við mörk aðliggjandi jarða svo sem gerð verður grein fyrir síðar í þessum kafla. Að austan ræður síðan land Úthlíðartorfu og hluti Biskupstungnahrepps, þ.e. frá Hagavatni og í Hagafell í Langjökli. Norðurmörk Laugardalsafréttar eru svo í syðsta hluta Langjökuls.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir því að landsvæði þetta sé þjóðlenda, að viðurkenndum rétti afréttareigenda til allra lagalegra afréttarnota. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. Af hálfu íslenska ríkisins er fullyrt að allur afrétturinn sé utan þess lands sem numið var samkvæmt Landnámu. Landnáma sé mjög glögg hvað þetta varðar. Krafa um þjóðlendulínu byggist á upplýsingum um landnám og upplýsingar um fjallskil mæli því ekki í mót. Þá séu landskiptagerðir í samræmi við kröfugerð þar sem þeirra njóti við. Jafnframt er því haldið fram að ráða megi af nytjum afréttarins að um þjóðlendu sé að ræða, meginreglan sé sú að land, sem nytjað hafi verið til beitar og smalað að frumkvæði fjallskilastjórnar, sé þjóðlenda. Því er einnig haldið fram að landamerkjabréf og þinglýsing þess sanni ekki beinan eignarrétt heldur sé fyrst og fremst um afmörkun yfirráðasvæðis að ræða.

Af hálfu Laugardalshrepps fyrir hönd eigenda jarða í Laugardalshreppi er þess krafist að viðurkennt verði að eigendur lögbýla í Laugardalshreppi eigi beinan eignarrétt að öllum Laugardalsafrétti að öðru leyti en því sem umsamdar kvaðir á landinu greina og að viðurkennt verði að heildarlandamerki afréttarins séu eins og þeim er nánar lýst í kafla 3.11. Af hálfu jarðeigenda er á því byggt að það landsvæði, sem Laugardalshreppur „hafi ekki eignast sem lögpersóna með kaupum“, sé á grundvelli náms í öndverðu og síðar venju, sameign eigenda þeirra lögbýla í Laugardalshreppi sem upprekstrarrétt eiga á afréttinn. Því er haldið fram að afrétturinn hafi verið nytjaður af eigendum jarða í Grímsneshreppi og síðar Laugardalshreppi allt frá landnámsöld. Hann hafi verið nýttur til fulls eftir því sem mögulegt var hverju sinni, s.s. til beitar, grastekju, veiða, skógarhöggs, kola-gerðar, námutöku og í ferðaþjónustu. Efnislegar kröfur varðandi afréttarlandið byggja jarðeigendur einnig á landamerkjalyfingu afréttarins.

Um kröfugerð Landsvirkjunar á svæðinu og úrlausn óbyggðanefndar um hana vísast til kafla 3.12. og 12.

Elsta heimild um hinn upphaflega Grímsnesafrétt er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Í lýsingu á jörðinni Efstadal segir svo:

Afrjett á jörðin ásamt öllum Grímsnesingum norður og vestur á fjöll kringum Skjaldbreið, og var þá síður að reka þángað sem heitir Lambahraun. Sá afrjettur er nú aflagður fyrir nær því 40 árum; síðan ganga lömb í búfjárhögum, sem til fjalls vita, og með því jörðin á mikið land til fjalls, þiggja stundum fleiri, stundum færri, sumarhaga fyrir lömb sín af ábúandanum fyrir einhvorn góðvilja eftir því sem um semur.

Í sóknarlýsingu sr. Halldórs Jónssonar á Mosfelli, frá 1840, segir svo um afrétt sóknarmanna:

Í Krækjur og Lambahraun, sem eg heyri sagt, að liggja muni á landamerkjum Þingvalla og Laugardalsjarða (Laugarvatns og Miðdals), en nú í langan tíma ei brúkaðan. Mun helst grasleysi valda, og fé rennur þaðan víðs vegar, so tapast að öllu leyti, hvorsvegna nokkrir sóknarbændur hafa leigt nú um nokkurn tíma Hestfjall af Skálholtseiganda til lambauppreksturs.

Á fundi hreppsnefnda Grímsnes- og Laugardalshreppa 12. maí 1920 var tekin sú ákvörðun að skipta afréttinum þannig á milli hreppanna:

Kálfstindar ráða inn að Skífilfjallahorni, þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Langafell, þaðan í svar-
tan hnjúk vestan í Langjökli inn af Jökulkróknum.

Fundargerð þessa fundar var þinglesin og innfærð í landamerkjabók sýslumanns. Á hana verður því að líta sem fullgilt landamerkjabréf að þessu leyti.

Heildarkerkjum afréttarins er fyrst lýst í yfirlýsingu Þóris Þorgeirssonar, hreppstjóra í Laugardalshreppi, þann 19. maí 1979. Þar lýsir hreppstjórinn afréttinum svohljóðandi:

Austurmörk afréttar Laugardalshrepps, þar sem Úthlíð í Biskupstungnahreppi á land á móti, eru þessi:

Úr Brúarárskörðum, sem eru endamörk í Efstadalssandi, um Hagavatn í Hagafell, þar sem það skerst fram úr Langjökli.

Þá liggja afréttarmörk inn með Langjökli um vesturhorn Lambahlíðar og Hrúðukatla við Langjökul.

Þaðan austanvert í Skjaldbreið um Sköflung, Langafell, Skriðuhnjúk, Skefilfjöll og í Klukkuskarð. Þaðan ráða svo landamerki Grímsnesinga og heimalands Laugarvatns fram með Reyðarbarmi og Litlabarmi að vestan, og úr Syðra Litlabarmshorni í Biskupsbrekku norðanvert á Lyngdalsheiði.

Bréfi þessu mun ekki hafa verið þinglýst.

Í ritinu *Sunnlenskar byggðir* (3. b.), sem gefið var út 1983, er mörkum afréttarins lýst á þessa leið:

Að vestan og norðvestan eru þau um Langafell, þaðan í Sköflung, þaðan suður í Skriðuhnúk og þaðan vestan við Skriðuna í Skefilfjallahnúk. Síðan ráða Skefilfjöll meðan þau endast, en síðan úr suðvesturenda þeirra suðvestur í Kálfstinda sem fyrr var lýst, ráða þeir suður í Reyðarbarm. Að norðaustan ræður bein lína úr upptökum Brúarárskarða um Eldborgir á Lambahrauni og inn í Hagavatn.

Í ritinu *Göngur og réttir* (2. b.), sem gefið var út 1984, er tekið fram að aðalafréttarlönd Laugdælinga séu Sköflungsháls, Hlöðufell og Skjaldbreiður og svo hin gróðurriku heimalönd Efstadals og Laugarvatns „sem alltaf eru smöluð sem afréttir til rétta“.

Í fjallskilasamþykktum segir ekkert um merki afréttarins fyrr en í þeirri sem nú gildir, sbr. 2. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Árnessýslu austan vatna, nr. 408/1996, þar sem segir svo:

Afréttur Laugardalshrepps afmarkast af Skefilfjöllum í Klakk að vestan og að austan frá Brúarárskörðum um eldborgir í Hagafell í Langjökli.

Lýsingar á landamerkjum Laugardalsafréttar er þannig að finna í heimildum frá 1920, 1979, 1983, 1984 og 1996.

Þannig var ekki gerð landamerkjalyking fyrir hinn upphaflega Grímsnesafrétt í kjölfar landamerkjagagna árið 1882 nema að því er varðar skiptalínu afréttarins 1920. Jafnframt árituðu fyrirsvarsmenn þáverandi Grímsneshrepps ekki þau landamerkjabréf sem gerð voru fyrir aðliggjandi landsvæði. Yfirlýsing hreppstjóra frá 19. maí 1979 er fyrsta heildstæða lýsingin á merkjum núverandi Laugardalsafréttar. Yfirlýsing hreppstjórans er samin tæpri öld eftir gildistöku landamerkjagala, nr. 5/1882, og ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalög mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Með hliðsjón af lögskipuðu hlutverki hreppstjóra sem umboðsmanns sýslumanns verður ekki talið að í lýsingu hans felist yfirlýsing af hálfu hreppsins. Að auki er ekki nema að mjög takmörkuðu leyti fjallað um mörk afréttarins við jarðir þær sem liggja sunnan við hann. Eina lögformlega lýsingin á merkjum Laugardalsafréttar er í 2. gr. fjallskilareglugerðar nr. 408/1996. Ekki er þar heldur að finna lýsingu á mörkum afréttarins við aðliggjandi jarðir sunnan við afréttinn heldur er aðeins um að ræða lýsingu á austur- og vesturmörkum afréttarins. Við mat á

þýðingu þeirrar lýsingar, sem fram kemur í 2. gr. Fjallskilareglugerðarinnar, er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins eða aðliggjandi landsvæða. Með því móti verður annars vegar reynt að skilgreina merki hins upphaflega Grímsnesafréttar og hins vegar þess lands sem kom í hlut Laugardalshrepps við skiptingu afréttarins árið 1920.

Að Laugardalsafrétti liggur Grímsnesafréttur að vestan. Að sunnan eru það jarðirnar Laugarvatn, Snorrastaðir, Hjálmsstaðir, Miðdalur og Efstidalur. Að austan liggja að afréttinum Úthlíðartorfa í Biskupstungnahreppi og hluti Biskupstungnahrepps, þ.e. þar sem mörkum Laugardalsafréttar við Úthlíðartorfu sleppir og að Hagafelli í Langjökli. Norðurmörk Laugardalsafréttar er Langjökull.

Vestan við Laugardalsafrétt liggur Grímsnesafréttur. Svo sem fyrr hefur verið rakið var ákveðið að skipta hinum forna Grímsnesafrétti milli Grímsneshrepps og Laugardalshrepps á fundi hreppsnefnda þann 12. maí 1920. Mörkunum var lýst þannig: „Kálfstindar ráða inn að Skefilfjallahorni, þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Langafell, þaðan í svartan hnjúk vestan í Langjökli inn af Jökulkróknum.“ Í 2. gr. fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996, segir: „Afréttur Laugardalshrepps afmarkast af Skefilfjöllum í Klakk að vestan.“ Er sú lýsing í samræmi við skiptalínuna frá 1920 nema hvað fjallskilareglugerðin gengur ekki jafnlangt til suðurs og fyrrgreinda lýsingin. Mörk Grímsnesafréttar og Laugardalsafréttar fyrir sunnan Skefilfjöll og norðan Laugarvatnslands ráðast af því hvaðan stefna er tekin að sunnan í Skefilfjöll þar sem lýsing fjallskilareglugerðarinnar hefst. Skiptalínan frá 1920 miðar við Kálfstinda, án nánari tilgreiningar, en hreppstjóri Grímsneshrepps miðar á árinu 1979 við Hrutafjöll. Við þetta síðastnefnda kennileiti er nú miðað í skipulagi bæði Grímsneshrepps og Laugardalshrepps og því eðlilegt að leggja það til grundvallar sem samkomulag hreppanna um skiptingu afréttarins.

Fyrr í þessum úrskurði, í köflum nr. 11.3., 11.6., 11.8., 11.9. og 11.10. hefur mörkum eignarlandanna Efstadals, Hjálmsstaða, Laugarvatns, Miðdalstorfu og Snorrastaða verið lýst. Þar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjabréfum tilgreindra jarða sé rétt lýst. Um mörk gagnvart afrétti bera umrædd landamerkjabréf með sér að jarðirnar eiga sameiginlegan punkt með afréttinum í háum hnúk á austanverðri Hrossadalsbrún, vestustu nípu Rauðafells og við upptök Brúarár. Milli ádurgreindra punkta er svo dregin bein lína, sbr. landamerkjabréf Laugarvatns þar sem segir „úr Eldborgum sjónhending í háan hnjúk á norðan og austan verðri Hrossadalsbrún“, landamerkjabréf Miðdalstorfu þar sem segir „á Mjóudalabrún vestri; þaðan sjónhending í hnúkin á austanverðri Hrossadalsbrún; þaðan gagnvart afrétti, sjónhending í vestustu nýpuna á Rauðafelli“ og loks landamerkjabréf Efstadals þar sem segir: „í vestustu nýpuna á Rauðafelli og þaðan beina stefnu norður í Afréttarlínu, frá þeirri sömu línu ræður Brúará að austan“. Undir landamerkjabréfin hefur þó ekki verið ritað af hálfu Laugardalsafréttar. Ekki er fyrir að fara landamerkjabréfi fyrir afréttinn sjálfan og gögn um hann gagnvart jörðum sem liggja sunnan hans eru fáorð um mörkin við jarðirnar. Engin fyrirliggjandi gögn benda til að rétt sé að miða mörk jarða, sem liggja sunnan við afréttinn, norðar en mörkunum er lýst í landamerkjabréfum þeirra jarða. Verður því við úrlausn óbyggðanefndar byggt á norðurmörkum jarðanna svo sem þeim hefur verið lýst í köflunum hér að framan.

Austan við Laugardalsafrétt liggur Úthlíðartorfa í Biskupstungnahreppi og hluti af Biskupstungnahreppi.

Landamerkjabréf Úthlíðar var undirritað 14. maí 1885 og þinglýst 8. júní sama ár. Bændur og ábúendur á aðliggjandi jörðum staðfestu bréfið auk eigenda og ábúenda Úthlíðar. Í bréfinu er vísað til vísitásiubóka biskupanna Brynjólfs Sveinssonar og Steingríms Jónssonar en landamerkjalyking bréfsins er þar þó mun nákvæmari:

Að vestan milli Miðhúsa og Úthlíðar, frá Djáknasteini sjónhending í Fögrubrekku miðja fyrir norðan Hríthagasel úti Kálfá stefnu í Arnarhól sem ræður fram í Brúará, Brúará ræður að upptökum vestur á

miðjan Rótasand, þaðan sjónhending norður í Hagavatn, síðan þaðan vatnsfall sem kallast Far og rennur úr Hagavatni í Sandvatn ...

Landamerkjabréf Úthlíðartorfu er ekki áritað af hálfu Laugardalsafréttar en samrýmist á hinn bóginn lýsingu á austurmörkum Laugardalsafréttar í yfirlýsingu hreppstjóra Laugardalshrepps dags. 19. maí 1979 þar sem segir: „Úr Brúarárskörðum, sem eru endamörk í Efstadalslandi, um Hagavatn í Hagafell, þar sem það skerst fram úr Langjökli.“ Er því hornmark Laugardalsafréttar, Efstadals og Úthlíðartorfu í Brúarárskörðum. Í 2. gr. Fjallskilasamþykktar, nr. 408/1996, er á hinn bóginn að finna ónákvæmari lýsingu sem lýsir austurmörkum afréttarins svo að þau séu „[frá] Brúarárskörðum um eldborgir í Hagafell í Langjökli ...“

Til er lýsing oddvita Biskupstungnahrepps á Biskupstungnaafrétti frá 15. apríl 1979. Þar segir m.a.:

Framafrétturinn nefnist einu nafni allt afréttarlandið sunnan Langjökuls, frá Hagafelli austur að Hvítavatni og niður með Hvítá allt niður að Sandá. Hagavatn ræður mörkum milli afréttar Biskupstungnahrepps og Laugardals við Langjökul. Úr Hagavatni ræður Farið mörkum milli heimalanda og afréttar, þá Sandvatnið, og Sandá þaðan austur í Hvítá.

Lýsing þessi er ekki í fullu samræmi við áður nefnda fjallskilasamþykkt, nr. 408/1996, en vesturmörkum Biskupstungnaafréttar er lýst svo í 2. gr. fjallskilasamþykktarinnar:

Afréttur Biskupstungnahrepps úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul.

Í bréfi Héraðsnefndar Árnesinga dags. 29. nóvember 2001 kemur fram, í tilefni fyrirspurnar Ólafs Björnssonar hrl., dags. 27. s.m., að þau mistök hafi orðið við gerð fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996, að röng landamerkjalyking var á framafrétti Biskupstungnahrepps. Rétt væru mörkin samkvæmt lýsingu oddvita Biskupstungnahrepps frá 15. apríl 1979. Þessi lýsing oddvitans er rakin hér að framan.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Laugardalsafréttar hefur verið getið í skriflegum heimildum allt frá 18. öld. Af þeim heimildum verður ráðið að um afrétt hafi þá verið að ræða án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt, sbr. umfjöllun í kafla 10.6.

Frá því fyrstu heimildir greina og fram á þennan dag hefur hinn upphaflegi Grímsnesafréttur, og þ.á m. núverandi Laugardalsafréttur, verið nýttur til sameiginlegrar sumarþeitar fyrir búþening. Óbyggðanefnd telur lýsingu Landnámu ekki styðja þann skilning að afrétturinn hafi í neinu verulegu lagið innan upphaflegs landnáms.

Af hálfu eigenda jarða í Laugardalshreppi hefur ekki verið sannað að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til núverandi Laugardalsafréttar hafi í öndverðu orðið til á þann veg að íbúar á landsvæði hins forna Grímsneshrepps hafi tekið afréttarlandið til sumarþeitar fyrir búþening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Innan þeirra marka sem að framan hafa verið tilgreind sem afréttarmörk Laugardalsafréttar hafa ábuændur og eigendur Laugardalshrepps haft hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka afréttarins hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Óbyggðanefnd fellst á kröfu jarðeigenda í Laugardalshreppi að þeir eigi hefðbundinn rétt til nýtingar á afréttinum eins og hann hefur hér verið skilgreindur að framan.

Ljóst er að einstakir hlutar þeirra landsvæða, sem hér hafa verið skilgreind sem afréttur, eru misjafnlega fallin til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það, sem hér er til umfjöllunar, verður því í heild sinni talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. Laga, nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Laugardalsafréttar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið eru mörk Laugardalsafréttar sem hér segir:

Að sunnan frá upptökum Brúarár við Rótasand í vestustu nýpu Rauðafells og þaðan sjónhending í háan hnúk á norðan- og austanverðri Hrossadalsbrún. Þaðan sjónhending í Eldborgir þar sem línan sker skiptalínu Grímsneshrepps og Laugardalshrepps sem hugsast dregin frá Hrutafjöllum í Skefilfjallhorn. Þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Langafell, þaðan í svartan hnjúk vestan í Langjökli inn af jökulkróknum (Klakk í Langjökli). Að norðan ræður svo Langjökull í Hagafell við Langjökul. Að austan úr Hagafelli í Hagavatn sem ræður mörkum milli afréttar Laugardals og Biskupstungnahrepps. Úr Hagavatni um Eldborgir í upptök Brúarár við Rótasand.

Um mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Langjökli er það að segja að óbyggðanefnd telur að ákvarða þurfi þau til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Ljóst er að jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi. Álitaefnið horfir þó að sjálfsögðu öðruvísi við þegar um eignarland er að ræða.

Sama landsvæði er afréttur Laugardalshrepps í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur Laugardalshrepps eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Brúará og Brúarskörð“, og „Skjaldbreiður“. Þessi landsvæði njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

12. LANDSVIRKJUN

Í máli þessu gerir Landsvirkjun kröfur vegna Hrauneyjafosslínu, fyrirhugaðrar Sultartangalínu 3 og mælistöðva sem fyrirtækið kveðst eiga í hreppnum. Hér á eftir verður í fyrstu vikið að því hvað felst í þeim heimildum sem Landsvirkjun byggir kröfur sínar á og því næst tekin til úrlausnar einstök mannvirki sem kröfur eru gerðar um.

12.1. Almenn

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III. kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr., sbr. 1. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrir-mælum a- og c-liða 7. gr. laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr.

97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi, sbr. orðalag c-liðar 7. gr. Þjóðlendulaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Kröfur Landsvirkjunar í máli þessu byggjast á tvíþættum grundvelli. Annars vegar er byggt á framsali á grundvelli einkaréttarlegra heimilda. Hins vegar byggir Landsvirkjun réttindi sín á lagaheimildum og leyfum stjórnvalda veittum á grundvelli þeirra.

12.2. Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réð í raun yfir.

Hér kemur einkum til skoðunar bótasamningur sem Landsvirkjun hefur gert við Laugardalshrepp vegna lagningar orkuveitu (háspennulínu) um afrétt hreppsins. Þann 22. júní 1979 undirrituðu Landsvirkjun og oddviti Laugardalshrepps, f.h. hreppsins, yfirlýsingu vegna lagningar orkulínu um afrétt Laugardalshrepps.¹ Í 1. gr. kom fram að Landsvirkjun væri heimilt hreppsins vegna að reisa eða láta reisa 36 stauravirki til að bera háspennna rafmagnslínu í afrétti Laugardalshrepps norðan Hlíðufells. Skyldu Landsvirkjun eða þeir sem fyrirtækið fæli slík störf hafa óhindraðan aðgang að stauravirkjum og rafmagnslínunum í landinu, bæði að því er varðaði byggingarframkvæmdir og venjulegt eftirlit og viðhald síðar, sbr. 2. gr. yfirlýsingarinnar. Þá var því lýst yfir í 3. gr. að Landsvirkjun hefði greitt að fullu gjald vegna réttinda sem um ræddi í yfirlýsingunni og mættu mannvirkin standa í afréttinum óátalin af hálfu hreppsins. Í 4. gr. kemur fram að Landsvirkjun skuldbindur sig til að jafna allt jarðrask af völdum línuframkvæmda, bæði við möstur og vegaslóðir. Enn fremur að sáð og borið yrði á öll gróðursár og áburði dreift á öll gróðursár ári eftir sáningu. Jafnframt lofaði Landsvirkjun samkvæmt sömu grein að gera hlið á vegaslóðir til að fyrirbyggja óþarfaumferð um vegaslóðir með fram háspennulínunni. Í 5. gr. var því lýst yfir að yrðu spjöll á eignum hreppsins við framkvæmdir háspennulínunnar ætti hreppurinn rétt til bóta vegna þess. Í 7. gr. kom svo fram að samkomulag sem í yfirlýsingunni fólst væri gert án þess að afstaða væri tekin af hálfu Landsvirkjunar til eignarréttar að landinu.

Ljóst þykir af orðalagi tilvitnaðrar yfirlýsingar Landsvirkjunar og Laugardalshrepps að ekki er um að ræða framsal eignarréttinda á afréttinum til handa Landsvirkjunar heldur er verið að semja um greiðslu bóta vegna hugsanlegs tjóns sem rétthafar að afréttinum verða fyrir vegna þeirrar röskunar sem hljótast kann af því að háspennulínan er lögð á landsvæði afréttarins. Verður því ekki byggt á yfirlýsingunni sem stuðningi fyrir eignaryfirfærslu til handa Landsvirkjun.

12.3. Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma í annan stað til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar og koma þá jafnframt til skoðunar framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í köflum 12.2. og 12.3. í máli nr. 7/2000, þar sem fjallað er um Þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi o.fl., gefur að finna tæmandi úttekt á þeirri löggjöf sem hefur tekið til starfsemi Landsvirkjunar og þess sem henni tengist. Ekki eru efni til þess í þessu máli að taka þá umfjöllun upp í heild sinni.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir með löggjöf um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur

1 Skjal 153.

viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. nágildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar áður en í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

Það skal þó þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gilda lagaheimilda.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að með umræddum lögum hafi tilætlanin verið sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðs 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum, verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi lagaheimilda er fylgdi í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögnum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 milli landbúnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna, né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Íslenska ríkið og Landsvirkjun sömdu um það, sbr. 3. gr. sameignarsamnings frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hvernir virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000, Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu, sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til

framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði, felst ekki áform um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er því eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírátt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, háspennulínur, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum nr. 59/1965, sbr. síðar lög nr. 42/1983, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi, sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun, falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærri handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

Undir framangreindum kringumstæðum fer íslenska ríkið því óskorað með eignarheimildir á því landi sem úrskurðað verður sem þjóðlenda, sbr. 2. kafli laga nr. 58/1998.

12.4. Einstök mannvirki

Í köflunum sem hér koma á eftir verður fjallað um mannvirki Landsvirkjunar sem staðsett eru í Laugardalshreppi eða munu rísa í hreppnum og fyrirtækið gerir tilkall til á grundvelli laga nr. 58/1998. Gerð verður grein fyrir þeim mannvirkjum sem um er að ræða, hvar þau eru staðsett, í þeim tilvikum sem það liggur fyrir, og á hvaða grundvelli kröfur Landsvirkjunar byggjast. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna mannvirkjanna.

12.4.1. Hrauneyjafosslína

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Hrauneyjafossvirkjun í Rangárvallasýslu yfir í Gnúpverjahrepp við Sultartangavirkjun og þaðan þvert yfir Gnúpverjafrétt í stefnu norðan Háafoss í Fossá. Þaðan liggur svo línan allt austur að Brennimmel í Hvalfirði. Línan er því staðsett að hluta í afrétti Laugardalshrepps, nánar tiltekið frá mörkum afréttarins við Úthlíð í Biskupstungnahreppi fyrir norðan Eldborgir og í mörk Laugardals- afréttar og Grímsnesafréttar fyrir norðan Sköflung og sunnan Langafells. Hrauneyjafosslína var reist á grundvelli heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 30. desember 1976. Var hún tekin í notkun á árinu 1982. Landsvirkjun og oddviti Laugardalshrepps undirrituðu 22. júní 1979 yfirlýsingu um bæt- ur vegna lagningar línunnar yfir land Laugardalsafréttar. Hrauneyjafosslína hefur í kröfugerð Lands- virkjunar gengið undir því nafni en undir rekstri málsins einnig verið kölluð Sultartangalína 1.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Hrauneyjafosslínu á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971, leyfi iðnaðarráðherra sbr. bréf dags. 30. desember 1976 og bótasamningum við einstakar jarðir og hreppa í Árnassýslu. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.3. að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og rekst-

urs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Þá fela bótageiðslur til handa Laugardalshreppi á grundvelli samningsins frá 22. júní 1979 ekki heldur í sér innlausn eða yfirfærslu á eignarréttindum til handa Landsvirkjun.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Hrauneyjafosslína og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.2. Sultartangalína 3

Hér er um að ræða fyrirhugaða háspennulínu Landsvirkjunar með áætlaða flutningsgetu upp á 400 kV spennu sem á að liggja samsíða Hrauneyjafosslínu frá Sultartangavirkjun að Brennimer í Hvalfirði. Línan verður því staðsett að hluta í afrétti Laugardalshrepps, nánar tiltekið frá mörkum afréttarins við Úthlíð í Biskupstungnahreppi fyrir norðan Eldborgir og í mörk Laugardalsafréttar og Grímsnesafréttar fyrir norðan Sköflung og sunnan Langafells. Sultartangalína 3 verður reist á grundvelli almennrar heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981, enn fremur á leyfi iðnaðarráðherra dags. 12. mars 1997. Væntanleg háspennulína Landsvirkjunar, sem hér hefur verið fjallað um, er nefnd Sultartangalína 3 í kröfugerð fyrirtækisins en undir rekstri málsins var farið að nefna þessa háspennulínu Sultartangalínu 3.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Sultartangalínu 3 á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981 og einnig leyfi iðnaðarráðherra dags. 12. mars 1997. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Enn fremur er það utan valdsviðs óbyggðanefndar að ákvarða aðilum réttindi að landi vegna mannvirkja sem ekki hafa enn verið reist. Heimild til byggingar Sultartangalínu 3 er að finna í lagaheimildum og leyfi ráðherra sem eru svo almenns eðlis að ekki þykir fært að ákvarða sérstök réttindi á grundvelli þeirra þegar mannvirkin hafa ekki enn verið byggð. Styðst sú niðurstaða enn fremur við þá staðreynd að ekki hefur verið tilgreind nákvæm staðsetning orkulínunnar.

Samkvæmt framansögðu er Landsvirkjun því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sultartangalínu 3.

12.4.3. Mælistöðvar

Hér er um að ræða ótiltekinn fjölda mælistöðva sem Landsvirkjun hefur að sögn reist í Laugardalshreppi og er ætlað til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu á virkjunarsvæði félagsins. Landsvirkjun krefst þess að landsréttindi og umferðarréttindi, sem þurfi til vegna reksturs mælistöðva fyrirtækisins, verði viðurkennd. Umræddar kröfur Landsvirkjunar sýnast byggjast á þeim sérstöku lögum sem heimila Landsvirkjun byggingu og rekstur virkjana, orkuveitna og vatnsveitna, þ.e. lögum nr. 59/1965 og lögum nr. 42/1983 með áorðnum breytingum.

Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til

byggingar hvers kyns mannvirkja í tengslum við starfsemi fyrirtækisins á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast einöngungu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mælistöðva sem fyrirtækið hefur komið fyrir í tengslum við einstök virkjunarmannvirki sem fullnægjandi heimildir eru fyrir að lögum og njóti þá lögvarins réttar til nýtingar mælistöðvanna. Hins vegar er Landsvirkjun ekki eigandi þess lands sem mælistöðvarnar standa á.

Við rekstur máls þessa ber þess hins vegar að gæta að ekki hefur verið upplýst hverjar né hversu margar þær mælistöðvar eru sem um er að ræða, né heldur hvar þær eru. Eru því ekki efni til þess af hálfu óbyggðanefndar að nein afstaða sé tekin til meintra eða mögulegra réttinda þeim tengdum.

13. ÚRSKURÐARORÐ¹

Land innan eftirfarandi merkja er þjóðlenda og jafnframt afréttur Laugardalshrepps:

Að sunnan frá upptökum Brúarár við Rótasand í vestustu nípu Rauðafells og þaðan sjónhending í háan hnúk á norðan- og austanverðri Hrossadalsbrún. Þaðan sjónhending í Eldborgir þar sem línan sker skiptalínu Grímsneshrepps og Laugardalshrepps sem hugsast dregin frá Hrítafjöllum í Skefilfjallahorn. Þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Langafell, þaðan í svartan hnjúk vestan í Langjökli inn af jökulkróknum (Klakk í Langjökli). Að norðan ræður svo Langjökull í Hagafell við Langjökul. Að austan úr Hagafelli í Hagavatn sem ræður mörkum milli afréttar Laugardals og Biskupstungnahrepps. Úr Hagavatni um Eldborgir í upptök Brúarár við Rótasand.

Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998 en á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að Hrauneyjafosslínu sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum og nýtur lögvarins réttar til nýtingar hennar.

Kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, ákveðst sameiginlega 980.095 krónur er greiðist úr ríkissjóði, þar af þóknun lögmanns sem ákveðst 800.000 krónur og útlagður kostnaður 180.095 krónur, þegar endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Kostnaður Landsvirkjunar, þ.e. þóknun lögmanns, ákveðst 150.000 er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon

Ragnheiður Bragadóttir

¹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (kort).


14. FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Skjalaskrá

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)


IV. Aðilaskrá (afréttur)



ÞJÓÐLENDULÍNA

Mál nr. 3/2000; Laugardalsfréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi.

- Þjóðlendulína óbyggðanefndar
- Afréttarlína óbyggðanefndar
- Kröfulína jarðeigna



- Aðalkröfulína ríkisins
- Varakröfulína ríkisins
- Kröfulína Landsvirkjunar

II. Skjalaskrá

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Laugardalshreppi, dags. 18.6.1999.
- 2 „Göngur og réttir“ eftir Braga Sigurjónsson bls. 252-254, 269-271, 282, og 292-293.
- 3 „Árnesþing á landnáms- og söguöld“ eftir Einar Arnórsson bls. 124-125 og 165-167.
- 4 a-b Landakort m/ kröfulínum í mkv. 1:50 000.
- 5 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins vegna frests til að skila kröfulýsingu, dags. 4.6.1999.
- 6 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn. vegna 2. hluta kröfugerðar, dags. 21.6.1999,
- 7 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, vegna móttækinnu kröfulýsinga, dags. 12.8.1999.
- 8 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, drög að kröfulínukorti, dags. 12.10.1999.
- 9 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn., vegna svars á óskum um skýringar á aðild og fyrrisvari, dags. 22.10.1999.
- 10 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, vegna yfirlitskorts og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 11 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn., svar vegna bréf frá 12. ágúst 1999 vegna frágang framlagðra skjala, dags. 15.9.1999.
- 12 Lýsing íslenska ríkisins á afréttarlöndum í Laugardalshreppi, dags. 18.6.1999.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Efra-Apavatns I og II:

- 13 Kröfulýsing dags. 26.6.1999.
- 14 Landamerkjaskrá fyrir Neðra-Apavatn, dags. 2.6.1890.
- 15 Landamerkjaskrá fyrir Gröf, dags. 24.5.1886.
- 16 Landamerkjaskrá fyrir Laugarvatn, dags. 12.5.1890.
- 17 a-d Veðbókarvottorð fyrir Efra-Apavatn I og II.
- 18 Fasteignamatsvottorð fyrir Efra-Apavatn I og II.
- 19 Landakort í mkv. 1:50 000 með dregnum landamerkjálínum.
- 20 Land- og hornpunktaskrá jarða og afrétta í Laugardalshreppi
- 21 Afsal Helga Guðmundssonar til Guðmundar Kristins Helgasonar, Jóns Sölva Helgasonar og Baldurs Júlíusar Guðmundssonar á jörðinni Apavatni o.fl., dags. 13.4.1950.
- 22 Skiptayfirlýsing vegna dánarbús Guðmundar Kristins Helgasonar, dags. 1.6.1996.
- 23 Skiptayfirlýsing vegna dánarbús Ásmundar Guðmundssonar og Jóhönnu Þorkeldsdóttur, dags. 12.7.1989.
- 24 Sameignar- og félagssamningur um jörðina Apavatn II, dags. 18.4.1971.
- 25 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar, hrl. Athugasemdir við formlegan frágang einstakra kröfulýsinga, dags. 14.7.1999.
- 26 Bréf óbn. til Sigurðar Jónssonar, hrl. vegna drög að kröfulínukorti af svæði nr. 1, dags. 12.10.1999.
- 27 a-c Bréf Landforms ehf. til Ólafs Björnssonar og Sigurðar Jónssonar, vegna yfirlustrar og athugasemda á korti, ásamt 2 kortum í mkv. 1:25 000, dags. 21.10.1999.
- 28 Bréf Ólafs Björnssonar og Sigurðar Jónssonar til óbn. vegna athugasemdir Odds Hermannssonar við kröfulínukort, dags. 26.10.1999.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 29 Bréf Páls Lýðssonar til óbn., dags. 23.6.1999.
- 30 Úr bókinni „The Old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 31 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 32 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstólsjarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
- 33 Ljós. af bls. 324-325 og titilblaði, í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Grafar og Lækjarhvamms:

- 34 Kröfulýsing, dags. 26.6.1999.
- 35 Landamerkjaskrá fyrir Gröf, dags. 24.5.1886.
- 36 a-b Veðbókarvottorð fyrir Gröf.
- 37 Fasteignamatsvottorð fyrir Lækjarhvamm.
- 38 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínum.
- 39 Afsal Eiríks Grímssonar til Björgólfs Eyjólfssonar á 1/8 hluta jarðarinnar Gröf, dags. 5.6.1971.
- 40 Afsal eigenda og umboðsmanna eigenda að 6/8 hluta jarðarinnar Gröf til Björgólfs Eyjólfssonar og Gunnars G. Eyjólfssonar, dags. 27.3.1972.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 41 Bréf Páls Lýðssonar til óbn., dags. 23.6.1999.
- 42 Úr Bókinni „The Old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 43 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 44 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
- 45 Titilblað og bls. 324-325 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Eyvindartungu:

- 46 Kröfulýsing, dags. 26.6.1999.
- 47 Landamerkjaskrá fyrir Eyvindartungu, dags. 22.10.1889.
- 48 a-b Veðbókarvottorð fyrir Eyvindartungu.
- 49 Fasteignamatsvottorð fyrir Eyvindartungu.
- 50 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínum.
- 51 Afsal Jóns Teitssonar á óðalsrétti til Sigurðar Jónssonar, dags. 8.3.1999.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 52 Úr bókinni „The Old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 53 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 54 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
- 55 Titilblað og bls. 320-321 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Snorrastaða I og II:

- 56 Kröfulýsing, dags. 26.6.1999.
- 57 Landamerkjaskrá fyrir Snorrastaði, dags. 24.5.1887.
- 58 a-f Veðbókarvottorð fyrir Snorrastaði I og II.
- 59 Fasteignamatsvottorð fyrir Snorrastaði I og II.
- 60 Landakort í mkv. 1:50 000 með dregnum landamerkjalinum.
- 61 Afsal Njáls Sveinbjörnssonar til Jóhanns Sveinbjörnssonar á jörðinni Skógar á jörðinni Snorrastaðir, dags. 28.6.1965.
- 62 Afsal Tryggva Sveinbjörnssonar til Jóhanns Sveinbjörnssonar á 1/3 hluta jarðarinnar Snorrastaða, dags. 1.7.1965.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 63 Úr bókinni „The Old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.

- 64 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 65 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
 66 Titilblað og bls. 318-319 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Hjálmsstaða I og II:

- 67 Kröfulýsing, dags. 26.6.1999.
 68 Landamerkjaskrá fyrir Hjálmsstaði, dags. 24.5.1887.
 69 a-d Veðbókarvottorð fyrir Hjálmsstaði I og II.
 70 Fasteignamatsvottorð fyrir Hjálmsstaði I og II.
 71 Landakort í mkv. 1:50000 með kröfulínunum.
 72 Kaupsamningur og afsal Páls Guðmundssonar til Andrésar Pálssonar og Pálma Pálssonar á jörðinni Hjálmsstaðir o.fl., dags. 16.5.1942.
 73 Leyfi til handa Ragnheiði Sveinbjörnsdóttur til setu í óskiptu búi útg. 24.3.1992.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 74 Úr bókinni „The Old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
 75 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 76 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
 77 Titilblað og bls. 317-318 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Miðdals:

- 78 Kröfulýsing, dags. 26.6.1999.
 79 Landamerkjabréf fyrir Miðdal ásamt hjáleigunum Miðdalskoti og Ketilvöllum, dags. 9.5.1889.
 80 Landamerkjalyking Miðdals, ódags. og óstaðfest.
 81 Byggingarbréf hreppstjóra Laugardalshrepps til Magnúsar Böðvarssonar útg. 26.5.1928.
 82 Afsal Magnúsar Böðvarssonar til Hins íslenska prentarafélags á jörðinni Miðdal, dags. 17.10.1941.
 83 a-b Veðbókarvottorð fyrir Miðdal.
 84 Fasteignamatsvottorð fyrir Miðdal.
 85 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínunum.
 86 Yfirlýsing um sameiningu Bókbindarafélags Íslands, Grafíska sveinafélagsins og Hins íslenska prentarafélags í eitt félag, Hið íslenska prentarafélag, dags. 12.2.1988.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 87 Úr bókinni „The Old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
 88 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 89 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
 90 Titilblað og bls. 315-316 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Efstadals I og II:

- 91 Kröfulýsing dags. 26.6.1999.
 92 Landamerkjaskrá fyrir Efstadal dags. 21.5.1887.
 93 a-e Veðbókarvottorð fyrir Efstadal.
 94 Fasteignamatsvottorð fyrir Efstadal.
 95 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínunum.
 96 Kaupsamningur Indriða Guðmundssonar og Vilmundar Indriðasonar, dags. 1.5.1948.
 97 Afsal Sigurðar Sigurðssonar til Snæbjörns Sigurðssonar á hluta jarðarinnar Efstadal II, dags. 22.12.1992.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 98 Úr bókinni „The Old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.

- 99 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 100 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
 101 Titilblað og bls. 312-314 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
 102

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Laugardalshóla og Hólabrekku:

- 103 Kröfulýsing, dags. 26.6.1999.
 104 Landamerkjaskrá fyrir Laugardalshóla, dags. 21.5.1887.
 105 a-d Veðbókarvottorð fyrir Laugardalshóla og Hólabrekku.
 106 Fasteignamatsvottorð fyrir Laugardalshóla og Hólabrekku.
 107 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínum.
 108 Afsal Kristínar Stefánsdóttur og Böðvars Inga Ingimundarsonar til Friðgeirs Stefánssonar á eignarhluta í jörðunum Laugardalshólum og Hólabrekku, dags. 1.3.1981.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Sigurðar Jónssonar hrl.:

- 109 Úr „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
 110 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 111 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir í samantekt Páls Lýðssonar.
 112 Titilblað og bls. 315 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna afréttarlands Laugdæla:

- 113 Kröfulýsing, dags. 4.7.1999.
 114 Landamerkjaskrá hreppstjóra fyrir Laugardalsafrétt, dags. 19.5.1979.
 115 a-b Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínum.
 116 Skrá yfir landamerkjapunkta.
 117 Skrá yfir kennitölur eigenda.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. vegna Landsvirkjunar:

- 118 Kröfulýsing Landsvirkjunar, dags. 24.6.1999.
 119 [1] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1.7.1965.
 120 [2] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dags. 27.2.1981.
 121 [3] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, með breytingum gerðum 28.10.1996.
 122 [4] Eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, vegna virkjunar Þjorsár við Búrfell.
 123 [5] Heimild atvinnumálaráðherra, dags. 23.2.1968, til virkjunar Þjorsár við Búrfell.
 124 [6] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.
 125 [7] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.
 126 [8] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.
 127 [9] Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.12.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafoss-virkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.
 128 [10] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 1.7.1981, til að kaupa þriðju aflvél og stækka Hrauneyjafossvirkjun í 210 MW afl.
 129 [11] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.1.1982, til byggingar Sultartangastíflu.
 130 [12] Ályktun Alþingis 6.5.1982 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.
 131 [13] Auglýsing menntamálaráðherra, dags. 10.11.1987, um friðland í Þjorsárverum.
 132 [14] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til 1) stækkunar Búrfellsvirkjunar í allt að 310 MW afl ásamt tilheyrandi flutningslínum og aðveitustöðvum, 2) hækkunar stíflna og

- gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúkningar 5. áfanga Kvíslaveitu.
- 133 [15] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuveitum.
- 134 [16] Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, samkvæmt lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur, til að reisa virkjun samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999, og annarra framkvæmda af því tilefni á svonefndum Holtamannafrétti.
- 135 [17] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli ásamt aðalorkuveitum.
- 136 [18] Bréf atvinnumálaráðuneytis, dags. 20.6.1955, til stjórnar Sogsvirkjunar um miðlun í Þingvallavatni og virkjun Efra-Sogs.
- 137 [19] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 29.5.1997.
- 138 [20] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna umhverfisbreytinga vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 16.5.1986.
- 139 [21] Yfirlýsing, dags. 22.6.1979. Ársæll Jónasson eigandi jarðarinnar Tortu í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 140 [22] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Björn Sigurðsson eigandi jarðarinnar Úthlíð í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 141 [23] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Gísli Einarsson, Kjarnholtum, oddviti Biskupstungnahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 142 [24] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Haukur Þórðarson, eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 143 [25] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Kristbergur Jónsson, ábúandi jarðarinnar Laugar (ríkiseign) í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 144 [26] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 13.6.1979. Sigurður Greipsson, forsvarsmáður jarðanna Haukadalur II og Bryggja í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 145 [27] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Steinar Þórðarson eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 146 [28] Bréf hreppsnefndar Biskupstungnahrepps, dags. 23.6.1979, varðandi fyrirhugaða byggingu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Grundartanga.
- 147 [29] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Ásmundur Eiríksson, Ásgarði, oddviti Grímsneshrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 148 [30] Fundargerð hreppsnefndar Grímsneshrepps 18.1.1979, vegna fyrirhugaðrar línulagningar frá Hrauneyjafossi að Brennimer í Hvalfirði o.fl.
- 149 [31] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 18.6.1979. Steinþór Ingvarsson, Þrándarlundi, oddviti Gnúpverjahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 150 [32] Bréf hreppsnefndar Gnúpverjahrepps, dags. 21.1.1979, um háspennulínulögn frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimer í Hvalfirði.
- 151 [33] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Daníel Guðmundsson, Efra-Seli, oddviti Hrunamannahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 152 [34] Bréf hreppsnefndar Hrunamannahrepps, dags. 23.1.1978, um fyrirhugaða raflínulögn frá Hrauneyjafossi að Brennimer.
- 153 [35] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Þórir Þorgeirsson, Laugarvatni, oddviti Laugardalshrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 154 [36] Bréf hreppsnefndar Laugardalshrepps, dags. 29.1.1979, um nýja háspennulínu frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimer á Hvalfjarðarströnd.

- 155 [37] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ingólfur Guðmundsson, Miðfelli, oddviti Þingvallahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 156 [38] Bréf hreppsnefndar Þingvallahrepps, dags. 21.2.1979, um lagningu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 157 [39] Bréf Landsvirkjunar, dags. 29.10.1990, varðandi greiðslur vegna lagningar Hrauneyjafosslínu til Grímsnes-, Gnúpverja- og Hrunamannahrepps.
- 158 [40] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 24.7.1991, um leyfi til að reisa og reka 220 kV Búrfellslínu 3A.
- 159 [41] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 7.8.1997, þar sem staðfest er leyfi fyrir Búrfellslínu 3A til flutnings raforku með 400 kV spennu.
- 160 [42] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallassýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 161 [43] Staðfesting á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981. Staðfestingin er dags. 24.7.1981.
- 162 [44] Um eignarrétt að miðlunarlónum. Greinargerð prófessors Sigurðar Líndal, dags. 22.6.1987.
- 163 [45] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps um veiðirétt í miðlunarlónum, dags. 8.7.1987.
- 164 [46] Bréf Landsvirkjunar til Veiðifélags Holtamannaafréttar, dags. 31.1.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 165 [47] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, dags. 3.2.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 166 [48] Fundargerð fundar fulltrúa Ásahrepps, Djúpárhrepps, Holtamannahrepps og Landmannahrepps, frá 2.6.1992 um fiskveiði á Holta- og Landmannaafrétti, dags. 22.6.1992.
- 167 [49] Þjósárvirkjanir, mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjósársár niður fyrir Búrfell, dags. í október 1980.
- 168 [50] Ekkert skjal ber þetta númer
- 169 [51] Kort 1 - Skjaldbreiður 1:50 000.
- 170 [52] Kort 2 - Hengill 1: 50 000.
- 171 [53] Kort 3 - Haukadalur 1:50 000.
- 172 [54] Kort 4 - Geldingafell 1:50 000
- 173 [55] Kort 5 - Þjósárdalur 1:50 000.
- 174 [56] Kort 6 - Nyrði-Háganga 1:50 000.
- 175 [57] Kort 7 - Gnúpverjahreppur. Aðalskipulag 1993-2013. 1:50 000.
- 176 Bréf óbyggðanefndar, um drög að kröfulínukorti af svæði nr. 1, dags. 12.10.1999.
- 177 Bréf Landsvirkjunar, um drög að kröfulínukorti af svæði nr. 1, dags. 19.10.1999.
- 178 Bréf óbyggðanefndar, um yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði 1, dags. 4.11.1999.
- 179 Bréf Landsvirkjunar um athugasemdir vegna kröfulýsinga, dags. 30.12. 1999.
- 180 Efri Þjósá. Samanburður virkjunarkosta, útg. í desember 1992, unnið af Almennu verkfræðistofunni hf.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 181 Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 8. 3.2000.
- 182 Kort sem sýnir varakröfulínu ríkisins.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.:

- 183 Greinargerð eigenda afréttarlands í Laugardalshreppi.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.:

- 184 Greinargerð Landsvirkjunar.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 185 Ljósrit af bls. 63 (Miðdalskot) í Sunnlenskum byggðum III.
 186 Ljósrit af bls. 61 (Ketilvellir) í Sunnlenskum byggðum III.
 187 Yfirlandskiptagerð vegna Efstadals, dags. 19.2.1964 (Landskiptabók Árnassýslu III, bls. 33-37).
 188 Yfirlandskiptagerð vegna Efra-Apavatns, dags. 14.12.1967 (Landskiptabók Árnassýslu III, bls. 67-68).
 189 Landskiptafundargerðir vegna Grafar og Lækjarhvatns, dags. 3.9.1971, 4.9.1971, 31.1.1972 og 8.3.1972 (Yfirlandskiptabók Árnassýslu III, bls. 110-119).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 190 a-b Skilabréf Þjóðskjalasafns (a), dags. 23.10.2001, sbr. minnisblað Þjóðskjalasafns (b), dags. 23.5.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr.1-4.
 191 Umfjöllun um Grímsneshrepp/Laugardalshrepp í „ÍSLEIF“, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf., ásamt 3 fylgiskjölum (bréf Fornleifastofnunar ehf., dags. 27.3.1999, heimildaskrá, kort).
 192 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Alþingisbókum Íslands, dags. 29.5.2000, ásamt ljósriti af bls. 251-253 úr I. bindi og bls. 153-154 úr VII. bindi.
 193 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Íslensku fornbréfasafni, dags. 29.5.2000, ásamt ljósriti af bls. 343 úr III. bindi, bls. 38-39 og 90-91 úr IV. bindi, bls. 324-325 úr VII. bindi, bls. 6-7 úr XII. bindi og bls. 646-647 og 162-163 úr XV. bindi.
 194 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Jarðatali á Íslandi gefnu út af J. Johnsen, dags. 5.6.2000, ásamt ljósriti af bls. 70-71 og bls. 80-81.
 195 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld - útdráttum Gunnars F. Guðmundssonar, dags. 7.6.2000.
 196 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 5.6.2000.
 197 Minnisblað Kristjáns Torfasonar, formanns óbyggðanefndar, varðandi rannsókn þinglýsingabóka hjá Sýslumanninum á Selfossi, dags. 8.6.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1-5.
 198 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um máldaga og heimildargildi þeirra, dags. 9.6. 2000.
 199 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um heimildargildi Landnámu, dags. 9.6.2000.
 200 Stutt umfjöllun Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um gróðurfar á kröfuvæði ríkisins í Laugardalshreppi, dags. 15.6.2000.
 201 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, til óbyggðanefndar, dags. 13.6.2000, varðandi upplýsingaleit í Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1-3.
 202 Bréf Héraðsskjalasafns Árneseinga, dags. 5.6.2000, ásamt fylgiskjölum sem tilgreind eru í bréfinu nr. 1, 2, 3, 4, 6, 9, 11, 13, 14 og 15.
 203 Sjá skjal nr. 237.
 204 Gögn Þjóðskjalasafns: Fasteignamat 1916 (bls. 141-142, 144-149, 153-155 og 159).
 205 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Lovsamling for Island og Stjórnartíðindum Íslands frá 1874-1918, dags. 20.6.2000.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 206 Bókun Ólafs Sigurgeirssonar vegna Ketilvalla og Miðdalskots, dags. 19.6.2000.
 207 Afsal dóms- og kirkjumálaráðherra á kirkjujörðinni Miðdal, Laugardalshreppi í Árnassýslu, til Magnúsar Böðvarssonar, dags. 5.1.1930.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.:

- 208 Bréf Tryggva Gunnarssonar til hreppsnefndar Laugardalshrepps, dags. 20.9.1995 varðandi fjallskil vegna jarðarinnar Laugarvatns.
- 209 Greinargerð fjallskilanefndar Laugardalshrepps vegna bréfs Tryggva Gunnarssonar til hreppsnefndar Laugardalshrepps varðandi fjallskil Laugarvatnsjarðarinnar, dags. 9.11.1995.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 210 Minnisblað óbyggðanefndar varðandi heimildaleit í skjalasafni biskups, dags. 6.4.2001.
- 211 Minnisblað óbyggðanefndar varðandi heimildaleit í ráðuneytum, dags. 5.6.2001.
- 212 Minnisblað óbyggðanefndar varðandi athugun á bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, dags. 23. janúar 2001.
- 213 Minnisblað óbyggðanefndar varðandi athugun á prentuðum fasteignabókum, ásamt ljósrítum úr fasteignabókum 1922, 1932, 1938 og 1957, dags. 22.10.2001.
- 214 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Laugarvatn, dags. 29.10.2001.
- 215 Minnisblað óbyggðanefndar varðandi leit í dómum Landsyfírréttar og Hæstaréttar, dags. 29.6.2000.
- 216 Minnisblað óbyggðanefndar varðandi heimildaleit í Nýrri jarðabók 1861, dags. 22.10.2001.
- 217 Minnisblað óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 22.10.2001.
- 218 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Laugardalshóla, dags. 29.10.2001.
- 219 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Ketilvelli, dags. 29.10.2001.
- 220 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Hólabrekku, dags. 29.10.2001.
- 221 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Eyvindartungu, dags. 29.10.2001.
- 222 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Snorrastaði, dags. 29.10.2001.
- 223 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Efra-Apavatn, dags. 29.10.2001.
- 224 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Efstadal, dags. 29.10.2001.
- 225 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Gröf, dags. 29.10.2001.
- 226 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Hjálmsstaði, dags. 29.10.2001.
- 227 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Miðdal, dags. 29.10.2001.
- 228 Ljósrit af síðu úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Miðdalskot, dags. 29.10.2001.
- 229 Endurrit úr dómsmálabók Árnassýslu. Landamerkjadómur Árnassýslu í málinu nr. 23/1965.
- 230 Kaupsamningur um nýbýlið Reyðarmúla milli Böðvars Magnússonar og Símonar Símonarsonar, dags. 19.07.1919.
- 231 Kaupsamningur um landspildu í Laugarvatnslandi milli Magnúsar Böðvarssonar og hreppsnefndar í Grímsneshreppi, dags. 17.11.1917.
- 232 Jarðamat (fasteignamat) 1916.
- 233 Jarðamat 1804
- 234 Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen í Khöfn 1847.
- 235 Minnisblað um gagnaöflun óbyggðanefndar hjá Sýslumanninum á Selfossi, dags. 10.10.2001.

- 236 Skiptafundur hreppsnefnda Grímsneshrepps og Laugardalshrepps, dags. 12.5.1920.
- 237 Jarðamat 1849-1850.
- 238 Bréf Þjóðskjalasafns til óbn. með ljósritum af gögnum er varða skiptingu Grímsneshrepps í Grímsnes- og Laugardalshrepp, dags. 14.8.2001.
- 239 Landamerki jarðarinnar Miðhús, dags. 22.10. 1883.
- 240 Landamerki jarðarinnar Brekku, dags. 23.10. 1883.
- 241 Landamerki jarðarinnar Efri-Reykir, dags. 26.10.1883.
- 242 Landamerki jarðarinnar Böðmóðsstaðir, dags. 20.5.1887.
- 243 Veðbókarvottorð fyrir ríkisjörðina Ketilvellir.
- 244 Veðbókarvottorð fyrir ríkisjörðina Miðdalskot.
- 245 Veðbókarvottorð fyrir spilldu úr afréttarlandi Laugarvatns.
- 246 Veðbókarvottorð fyrir jörðina Laugarvatn að undanskilinni spilldu úr afrétti.
- 247 Þinglýsingarvottorð fyrir jörðina Ketilvellir.
- 248 Símskeyti frá Stjórnarráðinu til sýslumanna og fossanefndar varðandi niðurstöðu fossanefndar um vatnsréttindi, dags. 3.4.1918.
- 249 Sérkort óbyggðanefndar: Laugardalshreppur (Lýstar kröfur á svæði nr. 1), dags. 29.10.1999. Mælikvarði 1:100 000.
- 250 Minnisblað óbn. um yfirlit yfir frumgögn sem könnuð hafa verið vegna máls nr. 3/2000, dags. 19.11.2001.
- 251 a-h Fundargerðir (5 fyrirtökur, aðalmeðferð, endurupptaka og lokafyrirtaka máls nr. 3/2000).
- 252 Bréf óbyggðanefndar til lögmanna varðandi endurupptöku máls nr. 3/2000, dags. 19.11.2001.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.:

- 253 Minnisblað Sigurðar Jónssonar hrl. til óbn. varðandi svör við spurningum við endurupptöku, dags. 26.11.2001.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 254 Landamerkjabréf Úteyjar, dags. 6.5.1884.
- 255 Landamerkjabréf Úthlíðar, dags. 14.5.1885.
- 256 Landamerkjabréf Syðri-Reykja, dags. 11.12.1889.
- 257 Landamerkjabréf Miðfells, dags. 7.9.1883.
- 258 Landamerkjabréf Gjábakka, dags. 10.5.1890.
- 259 Samningur ríkisins og Héraðsnefndar Árnesinga o.fl., dags. 5.1.1996, um skiptingu eigna á Laugarvatni.
- 260 Kaupsamningur og afsal, dags. 30.12.1996, milli Héraðsnefndar Árnessýslu, Laugardalshrepps og Selfoss vegna eigna á Laugarvatni.
- 261 Bréf Héraðsnefndar Árnesinga, dags. 29.11.2001. Leiðrétting fjallskilareglugerðar frá 10.7.1996.
- 262 Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. um Sigöldulínur 1-3 og Sultartangalínu 1, dags. 24.1.2002. Tölvupóstur, dags. 24.1.2002, 28.1.2002, 5.2.2002, 11.2.2002 milli óbyggðanefndar og Þórðar Bogasonar hdl. um þetta efni.

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)

Efra-Apavatn I lóð	Jón Sölvi Helgason
Efra-Apavatn I lóð	Auðunn Sæmundsson
Efra-Apavatn I lóð	Baldur Guðmundsson
Efra-Apavatn I lóð	Lisa Thomsen
Efra-Apavatn II	Ágúst Karl Guðmundsson
Efra-Apavatn II	Jónína Ásmundsdóttir
Efra-Apavatn II	Guðmundur Ásmundsson
Efra-Apavatn II	Ingi Þór Ásmundsson
Efra-Apavatn II	Sigrún Björg Ásmundsdóttir
Efra-Apavatn II	Valur Guðmundsson
Efra-Apavatn II	Db. Þorsteins Guðmundssonar
Efra-Apavatn II	Snorri Laxdal Karlsson
Efra-Apavatn II	Magnús Guðmundsson
Efra-Apavatn II	Arnheiður Lilja Guðmundsdóttir
Efstidalur I	Vilmundur Indriðason
Efstidalur II	Snæbjörn Sigurðsson
Eyvindartunga	Sigurður Jónsson
Gröf	Gunnar G. Eyjólfsson
Gröf	Björgólfur Eyjólfsson
Hjálmstaðir I	Andrés Pálsson
Hjálmstaðir II	Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir
Hólabrekka	Friðgeir Smári Stefánsson
Ketilvellir	Ríkisbókhald
Laugardalshólar	Friðgeir Smári Stefánsson
Laugarvatn	Ríkisbókhald
Lækjarhvammur	Gunnar G. Eyjólfsson
Lækjarhvammur	Björgólfur Eyjólfsson
Miðdalskot	Jarðeignir ríkisins
Miðdalur	Félag bókagerðarmanna
Snorrastaðir I	Db. Jóhanns Sveinbjörnssonar
Snorrastaðir II	Db. Jóhanns Sveinbjörnssonar

IV. Aðilaskrá (afréttur)¹

Apavatn 1 lóð	Jón Sölvi Helgason
Apavatn 1 lóð	Auðunn Sæmundsson
Apavatn 1 lóð	Baldur Guðmundsson
Apavatn 1 lóð	Lisa Thomsen
Apavatn 2	Ágúst Karl Guðmundsson
Apavatn 2	Jónína Ásmundsdóttir
Apavatn 2	Guðmundur Ásmundsson

¹ Sjá kafla 3.11.

Apavatn 2	Ingi Þór Ásmundsson
Apavatn 2	Sigrún Björg Ásmundsdóttir
Apavatn 2	Valur Guðmundsson
Apavatn 2	Db. Þorsteins Guðmundssonar
Apavatn 2	Snorri Laxdal Karlsson
Apavatn 2	Magnús Guðmundsson
Apavatn 2	Arnheiður Lilja Guðmundsdóttir
Austurey 1	Kjartan Lárusson
Austurey 2	Snæbjörn Smári Þorkelsson
Austurey 3	Kjartan Lárusson
Austurey lóð	Þorkell Kjartansson
Böðmódsstaðir	Auðunn Árnason
Böðmódsstaðir	Njáll Guðmundsson
Böðmódsstaðir	Laugardalshreppur
Böðmódsstaðir	Maria Cecilie Wang
Böðmódsstaðir 1	Árni Guðmundsson
Böðmódsstaðir 2	Hörður Guðmundsson
Efsti-Dalur 1	Vilmundur Indriðason
Efsti-Dalur 2	Sigurður Sigurðsson
Efsti-Dalur 2	Snæbjörn Sigurðsson
Eyvindartunga	Sigurður Jónsson
Hjálmstaðir 1	Andrés Pálsson
Hjálmstaðir 2	Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir
Hólabrekka	Friðgeir Stefánsson
Ketilvellir	Ríkisbókhald
Laugardalshólar	Friðgeir Stefánsson
Laugarvatn	Ríkisbókhald
Leynir 1	Guðmundur O. Ingimundarson
Leynir 1	Guðrún Ingimundardóttir
Leynir 1	Svanheiður Ingimundardóttir
Leynir 1	Fjóla Ingimundardóttir
Leynir 2	Guðmundur O. Ingimundarson
Lækjarhvammur	Gunnar G. Eyjólfsson
Lækjarhvammur	Björgólfur Eyjólfsson
Miðdalskot	Jarðeignir ríkisins
Miðdalur	Félag bókagerðarmanna
Snorrastaðir 1	Db. Jóhanns Sveinbjörnssonar
Snorrastaðir 2	Db. Jóhanns Sveinbjörnssonar
Stekká	Karl J. Stefánsson
Útey 1	Skúli Hauksson
Útey 1	Haukur Hauksson
Útey 1	Vigdís Hauksdóttir
Útey 1	Guðrún Hauksdóttir
Útey 2	Olav Davíð Davíðsson
Útey 2	Sigríður Árnadóttir
Útey 2	Þórdís Skaptadóttir
Útey 2	Dagmar Davidson Gröntvedt

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 4/2000
Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í
Biskupstungnahreppi



21. mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	351
2. MÁLSMEÐFERÐ	351
2.1. Norðanverð Árnessýsla tekin til meðferðar	352
2.2. Lýstar kröfur og kynning	353
2.3. Afmörkun máls nr. 4/2000	353
2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð	354
3. KRÖFUGERÐ	354
3.1. Kröfur íslenska ríkisins	354
3.1.1. Kröfur íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna	354
3.1.2. Krafa íslenska ríkisins vegna Haukadals	355
3.2. Formkröfur Biskupstungnahrepps o.fl. um frávisun o.fl.	355
3.3. Krafa þinglýstra eigenda jarða í Austurhlíðartorfu vegna lands innan landamerkjia	356
3.4. Krafa eiganda Brattholts vegna lands innan landamerkjia	356
3.5. Krafa þinglýstra eigenda Brúar vegna lands innan landamerkjia	357
3.6. Krafa þinglýstra eigenda jarða í Haukadalstorfu og leigjanda Laugar vegna lands innan landamerkjia	357
3.7. Krafa þinglýsts eiganda Helludals vegna lands innan landamerkjia	357
3.8. Krafa þinglýsts eiganda Hóla vegna lands innan landamerkjia	358
3.9. Krafa þinglýstra eigenda Kjóastaða I og II vegna lands innan landamerkjia	358
3.10. Krafa þinglýsts eiganda Miðhúsa vegna lands innan landamerkjia	358
3.11. Krafa þinglýsts eiganda Neðri-Dals vegna lands innan landamerkjia	358
3.12. Krafa þinglýsts eiganda Tunguheiðar vegna lands innan landamerkjia	359
3.13. Krafa þinglýstra eigenda jarða í Úthlíðartorfu vegna lands innan landamerkjia ..	359
3.14. Krafa Biskupstungnahrepps o.fl. vegna Biskupstungnaafréttar	359
3.15. Krafa Landsvirkjunar	360
4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN	361
4.1. Almenn	361
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	361
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	362
4.4. Vettvangsferð	365
4.5. Skýrslutökur	365
5. STADHÆTTIR OG GRÓÐURFAR	370
5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður	370
5.2. Áætlað gróðurfur um landnám og síðari þróun þess	370
5.3. Núverandi gróðurfur á kröfusvæði ríkisins	371
5.4. Friðland og náttúruminjar	373
6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR	373
6.1. Landnám	373
6.2. Austurhlíðartorfa	375

6.3.	Brattholt	377
6.4.	Brú	378
6.5.	Haukadalstorfa	378
6.6.	Helludalur	381
6.7.	Hólar	382
6.8.	Kjóastaðir	382
6.9.	Miðhús	383
6.10.	Neðridalur	384
6.11.	Tunguheiði (Bræðratunga)	384
6.12.	Úthlíðartorfa	386
6.13.	Biskupstungnaafréttur	389
6.13.1.	Framafréttur	389
6.13.2.	Afréttur norðan vatna	390
7.	SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS	396
7.1.	Almenn atriði	396
7.2.	Einstakar jarðir	402
7.2.1.	Úthlíð I-II, Stekkholt og Hrauntún	402
7.2.2.	Austurhlíð, Neðridalur og Helludalur	403
7.2.3.	Haukadalur I	403
7.2.4.	Hólar	403
7.3.	Tunguheiði	404
7.4.	Biskupstungnaafréttur	404
7.4.1.	Framafréttur	405
7.4.2.	Afréttur norðan vatna	406
8.	SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.	407
8.1.	Kröfur um sáttatillögu, frávisun o.fl.	407
8.2.	Almenn atriði varðandi eignarréttarkröfur	408
8.3.	Einstakar jarðir	414
8.3.1.	Haustsmölnun á Hlíðalöndum	414
8.3.2.	Miðhús, Dalsmynni, Hlíðartún, Kjóastaðir I og II og Brú	414
8.3.3.	Austurhlíð, Neðridalur og Helludalur I og II	414
8.3.4.	Úthlíðartorfan (Úthlíð I-II, Hrauntún og Stekkholt)	415
8.3.5.	Haukadalur	416
8.3.6.	Hólar	416
8.4.	Tunguheiði	417
8.5.	Biskupstungnaafréttur	417
8.6.	Lagarök	419
9.	SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR	419
10.	ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	420
11.	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU	420
11.1.	Kröfur um frávisun o.fl.	420
11.2.	Landnám	421

11.3.	Austurhlíðartorfa (Austurhlíð, Hlíðartún, Dalsmynni)	422
11.4.	Brattholt	424
11.5.	Brú	425
11.6.	Haukadalstorfa (Haukadalur I, II og III, Bryggja, Laug og Torta)	426
11.7.	Helludalur I og II	430
11.8.	Hólar	432
11.9.	Kjóastaðir I og II	434
11.10.	Miðhús	435
11.11.	Neðridalur	436
11.12.	Tunguheiði	437
11.13.	Úthlíðartorfa (Úthlíð I og II, Stekkholt og Hrauntún)	439
11.14.	Biskupstungnaafréttur	443
	11.14.1. Framafréttur	443
	11.14.2. Afréttur norðan vatna	449
12.	LANDSVIRKJUN	455
12.1.	Almennt	455
12.2.	Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum	456
12.3.	Kröfur byggðar á lagaheimildum	456
12.4.	Einstök mannvirki	458
	12.4.1. Hrauneyjafosslína	458
	12.4.2. Sultartangalína 3	458
	12.4.3. Mælistöðvar	459
13.	ÚRSKURÐARORD	459
14.	FYLGISKJÖL	461
I.	Kort	
II.	Skjalaskrá	
III.	Aðilaskrá (einstakar jarðir).	
IV.	Aðilaskrá (afréttur).	

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2002, fimmtudaginn 21. mars er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna, hver séu mörk þjóðlendu við eignarland, hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og meðnefndarmenn Allan V. Magnússon og Halldór Jónsson.

Aðilar málsins eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og vegna Skógræktar ríkisins, sem þinglesins eiganda Haukadals I, samkvæmt 11. gr. laga nr. 58/1998.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Þinglýstir eigendur Austurhlíðartorfu (Austurhlíðar, Dalsmynniss, Hlíðartúns og Inná dals), Brattholts, Brúar, Haukadalstorfu (Haukadals II og III og þeirra hluta Bryggju og Tortu sem eru í einkaeigu), Helludals I og II, Hóla, Kjóstaða I og II, Miðhúsa, Neðridals, Tunguheiðar, Úthlíðartorfu (Hrauntúns, Stekkholts og Úthlíðar I og II) og leigjandi Lauga í Haukadalstorfu, hver um sig vegna jarðar sinnar. Auk þess Biskupstungnahreppur vegna afréttar norðan vatna og allir jarðeigendur í Biskupstungum vegna Framafréttar.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl. f.h. Hreins Loftssonar hrl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka Þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor.

2.1. Norðanverð Árnessýsla tekin til meðferðar

Meðferð þessa máls hófst 1. mars 1999 með því að óbyggðanefnd gaf út svohljóðandi tilkynningu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998:

Óbyggðanefnd, sem starfar á grundvelli laga um Þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, hefur ákveðið að taka til meðferðar landsvæði sem afmarkast svo:

Austurmörk: Þjórsá.

Vesturmörk: Mörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu og vestur- og suðurmörk Þingvallalands.

Norðurmörk: Suðurmörk Hofsjökuls og Langjökuls og á milli jöklanna mörk milliafréttar Biskupstungnahrepps í Árnessýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu, skv. dómsátt frá 9. september 1983 fyrir aukadómþingi Árnessýslu.

Suðurmörk: Suðurmörk þeirra jarða sem liggja að hálandinu eða afréttum en þær jarðir virðast vera:

Í Þingvallahreppi: Þingvallaland, Gjábakki og Miðfell.

Í Grímsneshreppi: Kaldárhöfði, Brúarholt, Efri-Brú, Búrfell (I-III), Hæðarendi, Klausturhólar, Hallkelshólar (I-II), Björk, Þóroddsstaðir og Neðra-Apavatn.

Í Laugardalshreppi: Efra-Apavatn (I-II), Gröf, Lækjarhvammur, Eyvindartunga, Laugarvatn, Snorrastaðir (I-II), Hjálmsstaðir (I-II), Ketilvellir, Miðdalur, Miðdalskot, Laugardalshólar, Hólabrekka og Efstidalur (I-IV).

Í Biskupstungnahreppi: Miðhús, Úthlíð (I-II), Stekkholt, Hrauntún, Austurhlíð, Dalsmynni, Hlíðartún, Neðri-Dalur, Helludalur (I-II), Haukadalur (I-III), Torta, Bryggja, Laug, Brú, Kjóstastaðir (I-II), Brattholt og Tunguheiði.

Í Hrunamannahreppi: Hamarsholt, Tungufell, Jaðar (I-II), Foss, Kluffar, Kaldbakur og Hrunakrókur.

Í Gnúpverjahreppi: Laxárdalur I-II, Skáldabúðir, Minni-Mástungur, Stóru-Mástungur (I-II), Hamarsheiði (I-II), Fossnes, Hagi, Ásólfstaðir (I-II), Skriðufell og virkjanasvæði Landsvirkjunar.

Afréttir á svæðinu eru afréttir ofangreindra hreppa auk afréttar Flóa- og Skeiðamanna.

Gerður er fyrirvari um að aðrar jarðir/landskikar en tilgreindir eru kunnir að liggja á mörkum svæðisins að sunnanverðu, svo sem land sem ráðstafað kann að hafa verið úr ofangreindum jörðum.

Óbyggðanefnd áskilur sér rétt til þess að minnka eða stækka það landsvæði sem hér er lýst. Slík breyting yrði auglýst sérstaklega.

Á þessu svæði mun óbyggðanefnd: a) kanna og skera úr um hvaða land telst til Þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, b) skera úr um mörk þess hluta Þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og c) úrskurða um eignarréttindi innan Þjóðlendu.

Hér með er skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á ofangreindu landsvæði að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, innan þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs Lögbirtingablaðsins sem tilkynning þessi birtist í. Með kröfum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á ásamt uppdrátti af mörkum þess landsvæðis/jarðar sem kröfur lúta að, allt í fjórriti.

Sérstaklega er áréttað að tilkynning þessi nær til allra þeirra aðila sem telja til réttinda á ofangreindu landsvæði, án tillits til þess hvort þeir koma fram í lýsingu á afmörkun svæðisins.

Tilkynning óbyggðanefndar var birt í Lögbirtingablaðinu 5. mars 1999. Útdráttur úr efni hennar var birtur í Morgunblaðinu og víðar. Jafnframt lét nefndin þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók sýslumannsins á Selfossi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Málið var að auki kynnt fyrir sveitarstjórnnum, sýslumannsembættum og fleiri aðilum.

Óbyggðanefnd framlengdi hinn upphaflega frest í þeim tilvikum þegar leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti. Jafnframt vakti nefndin athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í mála-tilbúnaði og gaf færi á lagfæringum.

2.2. Lýstar kröfur og kynning

Óbyggðanefnd bærust kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur í 7 hreppum og 57 aðrar kröfulýsingar sem sumar tóku til fleiri en einnar jarðar eða stærri landsvæða. Síðustu kröfulýsingar bærust 22. október 1999.

Þann 29. október gaf óbyggðanefnd út yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdrátt sama efnis. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Selfossi, dagana 1.-30. nóvember 1999, og að auki til loka athugasemdafrests 31. desember. Vakin var athygli á kynningunni með auglýsingum í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir og afreittarmálafélag yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bærust fyrir desemberlok en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum. Í janúar 2000 bærust kröfulýsingar fyrir fimm jarðir, allar í Hrunamannahreppi.

2.3. Afmörkun máls nr. 4/2000

Í janúar 2000 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi 7 málum, og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2000, Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi.

Mál nr. 2/2000, Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Mál nr. 3/2000, Laugardalsafréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi.

Mál nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi.

Mál nr. 5/2000, Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi.

Mál nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannafréttur.

Mál nr. 7/2000, Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi.

Jafnframt var gerð grein fyrir því hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Þá fengu fyrirvarsmenn málsaðila afhent afrit kröfulýsinga og fylgigagna annarra aðila að viðkomandi máli. Óskað var eftir athugasemdum við fyrirhugaða skiptingu svæðisins í mál og hæfi einstakra nefndarmanna innan tiltekins frests. Engar athugasemdir bærust.

Samkvæmt tilkynningu óbyggðanefndar frá 1. mars 1999 eru norðurmörk þess svæðis, sem hér er til meðferðar, suðurmörk Hofsjökuls og Langjökuls og á milli jöklanna mörk milli afreitta Biskupstungnahrepps í Ánessýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu samkvæmt dómsátt frá 9. sept-

ember 1983 fyrir aukadómþingi Árnassýslu. Að sunnan afmarkast svæðið af suðurmörkum Miðhúsa, Úthlíðartorfu, Austurhlíðartorfu, Neðri-Dals, Haukadalstorfu, Brúar, Kjóastaða I-II og Brattholts. Norðan við merki þeirra liggja Helludalur I-II, Hólar, Tunguheiði og Biskupstungnaafréttur. Svæðið afmarkast af Laugardalsafrétti að vestan en af Hrunamannafrétti að austan.

Svo sem nánar greinir í kafla 3 er í máli þessu, nr. 4/2000, ágreiningur milli aðila um eignarréttarlega stöðu allra jarða sem taldar voru upp í tilkynningu óbyggðanefndar dags. 1. mars 1999 að undanskildum jörðunum Brattholti, Brú, Kjóstöðum og Miðhúsum. Einnig er ágreiningur um eignarréttarlega stöðu Biskupstungnaafréttar. Þess ber að geta að Hólar voru ekki taldar upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, en falla undir þá fyrirvara sem þar koma fram. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 4/2000 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 24. febrúar 2000. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá. Óbyggðanefnd innti málsaðila eftir því hvort þeir teldu að unnt væri að sætta málið. Fram kom að nefndin færi yfir það hvort slík sátt fæli í sér rétta niðurstöðu. Lögmaður Biskupstungnahrepps og landeigenda í hreppnum skoraði á ríkið að leggja fram sáttatillögu. Þá var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 23. mars 2000 var greinargerð íslenska ríkisins lögð fram ásamt fleiri gögnum. Þá var öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins þann 3. maí voru lagðar fram greinargerðir „eigenda jarða og afrétta í Biskupstungnahreppi“ og Landsvirkjunar ásamt fleiri gögnum. Á fundi þann 30. maí voru lögð fram gögn og bókað um afstöðu óbyggðanefndar til frávísunarkröfu í greinargerð eigenda jarða og afrétta í Biskupstungnahreppi, sjá nánar í kafla 11.1. Málið var einnig tekið fyrir á fundi þann 30. ágúst. Lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð stóð dagana 4.-6. september 2000 að Hótel Geysi, Biskupstungnahreppi, og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflytning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og visast þangað.

Þann 30. nóvember 2001 var málið endurupptekið, lögð fram ný gögn og málsaðilum gefinn kostur á að tjá sig um þau. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfu vegna Haukadals.

3.1.1. Kröfur íslenska ríkisins vegna þjóðlendna

Af hálfu íslenska ríkisins er endanleg aðalkrafa sú að viðurkennt verði að þjóðlendumörk í Biskupstungnahreppi séu svo sem hér segir:

Dregin verði lína frá Brúará að vestan úr Brúarárskörðum í 300 metra hæðarlínu að vörðubroti efst í Litlahöfða. Að norðan frá þeim stað ráði bein lína í vörðu vestan Miðfells. Þarna taki við mörk Hrauntúns og liggja frá þessari vörðu að vörðu efst í Miðfelli ofan suðurhlíðar þess í Hnífagil þar sem efsti

1 Sjá einnig fylgiskjal nr. I (kort) og III-IV (aðilaskrár).

fossinn er í gílinu. Þaðan í punkt í 400 m hæðarlínu beint upp af upptökum vestari kvíslar Stakksár. Fari þaðan upp á brún Bjarnarfells og fylgi svo fjallsbrúninni norðaustur austur fyrir Bjarnarfell, allt inn í Haukadalsland í Sandafelli í sjónhendingu í 400 m hæðarlínu og fylgi svo þessari hæðarlínu með fram Sandafelli og umhverfis sjálfan Haukadalinn og að punkti í 250 m hæðarlínu beint við upptök Tungufljóts. Þaðan eftir 250 m hæðarlínu í gegnum Hólaland og þannig sem beinast í sömu hæð að suðurhluta Tunguheiðar við Hvítá.

Varakrafa íslenska ríkisins er sú að viðurkennt verði að þjóðlendumörk í Biskupstungnahreppi séu þessi:

Kröfulína fylgi Hvítá um 1,8 km niður að eyðibýlinu Tunguseli um 1,5 km ofan Gullfoss. Frá Tunguseli liggja línan 5 km lítillaga vestur af norðri í Háöldu, sem sé um 1 km austan Austari Ásbrandsár, skammt norðan þess sem Ásbrandárnar koma saman í Tungufljót. Frá Háöldu 9,8 km vestur Haukadalsheiði sjónhending í topp Sandfells og frá Sandfelli 7,2 km SSV um topp Bjarnarfells. Þeirri stefnu haldið og línan dregin niður í suðurhlíðar fellsins í um 440 m hæð y.s., sem sé nokkru austan Valahnjúks, en norðan Kistu. Línan verði dregin austur frá Litlahöfða sunnan í Högnahöfða og norðan Brúarárskarða um Úthlíðarhraun í topp Miðfells, hæð 525 m y.s. til skurðar við fyrnefnda línu um Sandfell og Bjarnarfell. Þessar línur skerist í áðurnefndum punkti í 440 m h.y.s. sunnan í Bjarnarfelli. Línan um Miðfell og Litlahöfða verði framlengd í vestur til Laugardalshrepps til skurðar við línu um topp Rauðafells.

Viðurkenndur er réttur þeirra sem hafa nýtt sér beit á af Biskupstungnaafrétti, jafnt Framafrétti sem afrétti norðan vatna að undanfögnu til upprekstrar og annarrar þeirra takmörkuðu notkunar, sem löggjöf segir til um á hverjum tíma að fylgi upprekstrarrétti og til upprekstrar og umferðar á Tunguheiði.

Viðurkenndur er afréttarréttur Biskupstungnahrepps að landi Hóla norðan þjóðlendukröfulínu.

Viðurkenndur er upprekstrarréttur Austurhlíðar, Helludals, Múla og Neðri-Dals á fjalllendi bæjanna, innan landamerkjabréfa þeirra, norðan þjóðlendukröfulínu.

Viðurkenndur er upprekstrarréttur jarðanna Úthlíðar, Stekkholts og Hrauntúns á afréttarland Úthlíðartorfunnar norðan þjóðlendukröfulínu.

Þá er af hálfu ríkisins viðurkennd löðaréttindi til handa Landsvirkjun, en ekki beinn eignarréttur vegna þeirra mannvirkja sem fyrirtækið kann að eiga innan þjóðlendu í Biskupstungnahreppi.

3.1.2. Krafa íslenska ríkisins vegna Haukadals

Íslenska ríkið lýsir beinum eignarrétti Skógræktar ríkisins og ríkissjóðs að því landi Haukadalstorfu sunnan þjóðlendukröfulínu, sem þinglýst er á viðkomandi. Landi Haukadals fyrir innan og ofan þjóðlendukröfulínu er lýst sem þjóðlendu með venjuhelguðum afnotarétti Haukadalsjarðarinnar, svo sem beitarrétti. Íslenska ríkið telur sig fara með allt forsvar fyrir útlendi jarðarinnar ofan þjóðlendukröfulínu en telur þau lögbýli og þær jarðir, sem eiga útskipt land sunnan þjóðlendukröfulínu, ekki eiga neinn rétt til annars lands en landskiptagerðir taka til.

Verði þjóðlendlína dregin norðar en krafa ríkisins gerir ráð fyrir er gerð samsvarandi krafa um beinan eignarrétt fyrir jörðina.

Loks gerir íslenska ríkið þær kröfur að viðurkenndur verði beitarréttur jarðarinnar á afréttarlandi hreppsins á Biskupstungnaafrétti öllum.

3.2. Formkröfur Biskupstungnahrepps o.fl. um frávísun o.fl.

Af hálfu „eigenda jarða og af rétta í Biskupstungnahreppi“ er þess krafist að kröfum ríkisvaldsins er lúta að þinglýstum eignarlöndum verði vísað frá óbyggðanefnd.

Þá er þess krafist að málflutningur fari ekki fram fyrir en umboðsmaður Alþingis hafi látið í ljósi álit sitt á atriðum varðandi kröfugerð ríkisins sem til hans hafi verið beint með kvörtun og fyrir liggja umsagnir allra þeirra aðila sem að ágreiningslandinu koma, svo sem Náttúruverndarráðs, héraðsnefndar Árnæssýslu, Biskupstungnahrepps, Landgræðslunnar, iðnaðarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og allra þeirra aðila sem geta veitt upplýsingar um eða tengjast ágreiningslandinu með einhverjum hætti.

Jafnframt er þess krafist að óbyggðanefnd taki ekki einstök svæði til úrlausnar áður en fyrir liggja kröfugerð til alls landsins.

Farið er fram á að framkomin frávísunarkrafa verði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að málflutningi fyrir óbyggðanefnd komi.

3.3. Krafa þinglýstra eigenda jarða í Austurhlíðartorfu vegna lands innan landamerkja

Til Austurhlíðartorfu heyra nú jarðirnar Austurhlíð, Dalsmynni og Hlíðartún, enn fremur landspilda úr Dalsmynni sem kölluð er Inná dal. Af hálfu Sigríðar Guðmundsdóttur o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur þessara jarða séu fullkomnir eigendur þeirra og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi:

Á móti Úthlíðarlandi ráði Sandfar það er rennur fyrir vestan Bjarnarvelli fram í Hnífagil fyrir vestan Breiðutungu og fram í Andarlæk, síðan ráði sá lækur fram að upptökum Stekkholtskældu, sem rennur rétt fyrir norðan Stekkholtstún hvaðan nefnd kelda ráði suður í Arnarholtslæk, þaðan ráði sá lækur á móti Arnarholtslandi uppi Rústaflóð þaðan ráði lækurinn sem rennur norðan að því uppi Markaflóð, þaðan beina stefnu upp yfir það á móti Holtakotalandi og í keldu er liggur uppúr því (Markaflóði), ráði sú kelda uppi Múlatjörminna litla ósinn í fremri, þaðan með nefndri tjörn að vestanverðu á móti Múlalandi upp að efri ósnum, allt slægjuland, og bakkinn er kemur þar fyrir ofan upp að næsta ós, svo ráði bein stefna úr þeim ós uppi stóran stein einstakann fyrir ofan Háutorfu, úr þeim steini ráði bein stefna uppi Þvergilsbotna og svo í keldu sem er á milli Byngshóls og Pansara og uppi Stakksárbotna. Þaðan beina stefnu á móti Neðradalslandi uppi Fögrulág sem liggur ofan eftir heiðinni svo úr efri Fögrulágarbotni í framtána á Bjarnarfelli svo norður í Valahnúk eða Valagil, síðan stefnu úr því gili í áður nefnt Sandfar. Innbyrðis milli jarðanna séu landamerki í samræmi við landskiptagjörð, dags. 11. júní 1982.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.4. Krafa eiganda Brattholts vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Njarðar M. Jónssonar er þess krafist að viðurkennt verði að hann eigi beinan eignarétt að landi jarðarinnar Brattholts og sé því fullkominn eigandi hennar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Að sunnan ráði landamerkjum, móts við Gýgjarhólsland, Launfitargil við Hvítá, og beint úr því vestur yfir Gýgjarhólsfjall í Vörðu sem stendur á fjallsbrúninni, úr þeirri vörðu hjá jarðfalli fyrir sunnan Grafkeldu, og beint í Vörðu við Gegnir, svo ráði lækur móts við Kjóstaðaland upp að botni, og þaðan ráði sjónhending uppi Steinholt, og þaðan ráði sjónhending í Vörðu hjá Nýgræðislæk við Torfuenda, og þaðan beint í vörðu á grjótöldu fyrir innan Nýgræði, gagnvart Hólum, og þaðan beint austur í Brattholtsgilsbotna, svo ráði gilið austur í Hvítá, svo ráði Hvítá að austan fram að Launfitargili, gagnvart Bræðratungu.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.5. Krafa þinglýstra eigenda Brúar vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Margeirs Ingólfssonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar Brúar eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Brúarlækur ráði framan frá Fljóti að sunnanverðu allt að upptökum hans hjá vörðu efst í Skammakeldu, og þaðan beint að vörðu í Lágumýri, og þaðan beint vestur í Markagilsbotn, svo ráði Markagil vestur að Fljóti og Fljótið fram að Brúarlæk. Hólmar sem eru í Fljótinu móts við Brúarland og nefnast Brúar og Vaðhólmar, teljist eign jarðarinnar.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.6. Krafa þinglýstra eigenda jarða í Haukadalsstorfu og leigjanda Laugar vegna lands innan landamerkja

Til Haukadalsstorfu heyra nú jarðirnar Haukadalur I, II og III, Bryggja, Laug og Torta. Af hálfu Bjarna Sigurðssonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur þessara jarða eigi beinan eignarrétt að öllu landi torfunnar (að undanskildum þeim spildum sem úr henni hafa verið seldar) og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu þessi:

Að norðan í Markagil fyrir framan Miðhlíð, úr Markagili í Laugaá, ráði hún svo fyrst suður eftir þar til hún rennur í Almenningsá sú á ráði eftir það fram í Fljót síðan Fljótið upp að Ásbrandsá sú á eftir það til upptaka. Síðan far það er rennur í hana úr Sandvatni fyrir norðan Ásbrandshólma síðan Sandvatn, svo far það er í það rennur norður fyrir austur torfur svo beina línu að vestan við Torfurnar í skarðið fyrir austan Sjónarhóla, þaðan í Sandfarið fyrir framan Hestabrekku austur í Markagilsbotn. Innbyrðis milli jarðanna séu landamerki í samræmi við landskiptagerð, dags. 19. desember 1990.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.7. Krafa þinglýsts eiganda Helludals vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Svönu Einarsdóttur er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi jarðarinnar Helludals eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Markagil fyrir norðan Giljatungur sem ráði uppá fjallsbrún (við Neðradalsland) þaðan stefnu í stóran stein sem nefnist Blesi á Bjarnarvöllum og niður í Sandfar sem ráði norður móts við Hestabrekku (við Úthlíðarland) þaðan stefnu austur með Hestabrekku, sem liggja framan í Sandfelli austur í Markagilsbotna fyrir framan Miðhlíð þaðan Gilið niður í Laugaá (við Haukadalsland) þaðan Laugaá að Markagili.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.8. Krafa þinglýsts eiganda Hóla vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Biskupstungnahrepps er þess krafist að viðurkennt verði að hreppurinn eigi beinan eignarrétt að landi jarðarinnar Hóla og sé því fullkominn eigandi hennar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Að suðvestan ráði landamerkjum Markagil frá Fljóti og austur Botn og úr Botni beint að vörðu í Lágumýri og þaðan beint í Steinsholt og svo þaðan inneftir og inn að vörðu hjá Nígræðislæk við Skírvaðstorfuenda svo þaðan um að vörðu á Grjótöldu fyrir innan Nígræði vestan til við götur, svo ráði götur inn að Sandá og Sandá að norðan vestur í Sandárdrög að fyrstu upptökum hennar og svo beint fram fyrir vestan Brúntorfu fram að upptökum Ásbrandssár og svo ráði hún fram að Fljóti og Fljót fram að Markagili.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.9. Krafa þinglýstra eigenda Kjóastaða I og II vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Eyvindar Magnúsar Jónassonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna Kjóastaða I og II eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi:

Úr Steinsholti beina stefnu í Vörðu sem stendur vestur í Lágumýri, og úr henni í Skammarkeldubotn, svo ræður Brúarlækur og suður Kjóastaðatungusporð, svo ræður Kjóastaðalækur austur í Krók við Fótarholtstaglið og svo úr þeim krók beina stefnu í vörðu sem að stendur á Grjótbrún við Gegnir, svo ræður Gegnir mörkum uppí Botn, og úr honum beint í Steinsholt.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.10. Krafa þinglýsts eiganda Miðhúsa vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Sighvats Arnórssonar er þess krafist að viðurkennt verði að hann sé fullkominn eigandi jarðarinnar Miðhúsa og að viðurkennt verði að landamerki hennar séu þessi:

Frá vörðu sem stendur á Andarlækjarbakka í Markarima, í þúfu á Ásnum við veginn þaðan að Lambhagalæk síðan ráði lækurinn að upptökum hans við jarðbrúna þar sem þjóðvegurinn er, þaðan í syðsta gamla hólinn svo í Blesa og í Hrutána við upptök Seljamýrar. Þessi mörk aðskilji Miðhúsa og Brekkuland en milli Úthlíðar og Miðhúsa úr vörðu sem er á Alsholtssenda þaðan beina leið í Djáknaklett þaðan í vörðu á Fögrubrekku svo sjónhending framan til í Holtamannahóla í Kálfána móts við Arnarhól.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.11. Krafa þinglýsts eiganda Neðri-Dals vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Neðri-Dals hf. er þess krafist að viðurkennt verði að félagið eigi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar Neðri-Dals og að viðurkennt verði að landamerki hennar séu þessi:

Við Haukadalsland, Almenningsá og Laugá að Markagili fyrir norðan Giljatungur sem ráði uppá fjallsbrún (móts við Helludalsland), þaðan stefnu í stóran stein sem nefnist Blesi á Bjarnarvöllum og niður í Sandfar, sem ræður fram á móts við Valahnúk, þaðan sömu stefnu austur með fjallsrótinni (við Austurhlíðarland) í Fögrulágarbotn efri, ofaneftir henni í Stakksárbotna, svo ráði hennar farvegur niður á eyrar (við Múlaland) þaðan stefna niður í Almenningsá.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.12. Krafa þinglýsts eiganda Tunguheiðar vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Bræðratungukirkju er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi Tunguheiðar eigi beinan eignarétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að landamerki hennar séu þessi:

Að sunnan ráði Brattholtsgil er gengur í Hvítá skammt norðan við Gullfoss og síðan bein lína úr gilbotninum í stein við Kjalveg. Vesturmörkin séu bein lína úr síðastgreindum steini í svonefndan Vega-torfusteini sem er nokkuð austan Kjalvegur og þaðan bein lína um austurjaðar austustu tjarnarinnar í svokölluðum Réttardælum allt norður að Sandá. Að norðan ráði svo Sandá út í Hvítá og Hvítá ráði svo að austan fram í Brattholtsgil.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.13. Krafa þinglýstra eigenda jarða í Úthlíðartorfu vegna lands innan landamerkja

Til Úthlíðartorfu heyrna nú jarðirnar Úthlíð I og II, Hrauntún og Stekkholt. Af hálfu Björns Sigurðssonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur þessara jarða eigi beinan eignarétt að öllu landi torfunnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu þessi:

Að vestan milli Miðhúsa og Úthlíðar, frá Djáknasteini sjónhending í Fögrubrekku miðja fyrir norðan Hróthagasel út í Kálfá stefnu í Arnarhól sem ráði fram í Brúará, Brúará ráði að upptökum vestur á miðjan Rótarsand, þaðan sjónhending norður í Hagavatn, síðan þaðan vatnsfall það sem kallast Far og rennur úr Hagavatni í Sandvatn, úr Sandvatni móts við Haukadal sjónhending fyrir austan Sjónarhóla fram með Sandfelli beina stefnu í Hnífugilsbotn, móti Helludals, Neðradals og Austurhlíðarlöndum, svo ráði Hnífagil á móti Austurhlíð fram í Stekkholtskeldupptök, svo ráði nefnd kelda suður í Arnarholtslæk, vestan Rústaflóð, síðan ráði Arnarholtslækur fram í Vötn, svo ráði Vötnin vestur í Graflæk, sem ráði að lækjarmótum á þeim læk sem kallast Andarlækur, síðan ráði hann þangað til áður nefndur Djáknasteinn stefnir í Fögrubrekku.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.14. Krafa Biskupstungnahrepps o.fl. vegna Biskupstungnafréttar

Af hálfu Biskupstungnahrepps vegna afréttar norðan vatna og eigenda allra jarða¹ í Biskupstungnahreppi vegna Framafréttar (í óskiptri sameign) er þess krafist að viðurkennt verði að tilgreindir aðil-

1 Sjá nánar í fylgiskjali IV.

ar eigi beinan eignarrétt að öllu landi Biskupstungnaafréttar, að öðru leyti en því sem umsamdar kvaðir á landinu greini og að viðurkennt verði að heildarlandamerki afréttarins séu þessi:

Framafrétturinn nefnist einu nafni allt afréttarlandið sunnan Langjökuls, frá Hagafelli austur að Hvítárvatni og niður með Hvítá allt niður að Sandá. Hagafell (sic) ráði mörkum milli afréttar Biskupstungnahrepps og Laugardals við Langjökul. Úr Hagavatni ráði Farið mörkum milli heimalanda og afréttar, þá Sandvatnið, og Sandá þaðan austur í Hvítá. Afrétturinn norðan Hvítár og Hvítárvatns takmarkist að suðvestan af Hvítá og Hvítárvatni, síðan ráði Langjökull norður að vatnaskilum á Kili. Frá jöklinum séu mörkin bein lína eftir jökulruðningi á vatnaskilum að hornpunkti norðvestur af Oddnýjarhnjúk og þaðan bein lína um Oddnýjarhnjúk í klettaborg á austurbrún Þjófadalaflajalla, þaðan bein lína í hæsta hnjúkinn á Strýtum, þaðan bein lína í Grettishelli, þaðan bein lína í Fjórðungsöldu og þaðan bein lína í Blöndujökul með sömu stefnu og sjónhending frá Strýtum á Fjórðungsöldu. Þaðan ráði jökuljaðarinn að upptökum Jökulfalls (Jökulkvislar) austan Blágnípu, og ráði hún síðan mörkum í Hvítá í Tangaveri.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.15. Krafa Landsvirkjunar

Með bréfi dagsettu 24. júní 1999, lýsti Landsvirkjun kröfum sínum á svæði I í heild en óbyggðanefnd hafði með auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu 5. mars 1999 skorað á þá sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á því landsvæði að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan tiltekens frests. Landsvirkjun lýsti kröfum sínum á svæði I í einu lagi þannig:

Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin réttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði:

Öll vatnsréttindi (fallréttindi) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu.

Öll vatnsréttindi jarðarinnar Kaldárhöfða frá Þingvallavatni niður í Úlfjótuvatn, 38 ha lands ásamt réttindum sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta vatnsaflíð, þar með talið stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar.

Landsréttindi og réttindi sem til þarf vegna háspennulínu frá Þjórsá að austanverðu að mörkum Þingvallahrepps og Borgarfjarðarsýslu um Þingvallahrepp, Grímsneshrepp, Laugardalshrepp, Biskupstungnahrepp, Hrunamannahrepp, afrétt Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverjahrepp (Hrauneyjafosslínu); Búrfellslínu 1, 2 og 3A í Gnúpverjahreppi; línu frá Sigölduvirkjun yfir Þjórsá að Sandafelli í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sigöldulína 1); og línu frá Sultartangavirkjun í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sultartangalínu 2).

Önnur eignarréttindi sem til þarf vegna orkumannvirkja sem lýst er í kafla 3, Jörð/landsvæði og til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana Landsvirkjunar í Tungnaá og milli

þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma.

Öll veiðiréttindi í virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar á landsvæði því sem auglýsing óbyggðanefndar tekur til, þ.e. í Bjarnalóni ofan Búrfellsvirkjunar, Sultartangalóni og 5. áfanga Kvislaveitu.

Kröfugerð þessi er gerð með þeim almenna fyrirvara að Landsvirkjun áskilur sér rétt til að leiðrétta og bæta við hana síðar og leggja fram viðbótargögn eftir þörfum og ef krafist verður.

Í bréfi Landsvirkjunar, dags. 19. október 1999, sem var svar við bréfi óbyggðanefndar frá 12. s.m., eru nokkrar athugasemdir við uppkast að kröfulínukorti sem Landsvirkjun hafði fengið sent. Auk þess var gerð grein fyrir því að láðst hafði að geta 6. hluta Kvislarveitu, sbr. heimild í 4. gr. laga 74/1990.

Óbyggðanefnd barst síðan bréf Landsvirkjunar, dags. 30.12.1999, þar sem eftirfarandi kom fram:

- a) Landsvirkjun hefur látið gera áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggja fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá en sýndir eru á korti óbyggðanefndar.
- b) Landsvirkjun á og rekur allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnessýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu.

Með greinargerð dags. 3. maí 2000 var vísað í kröfugerð dags. 24. júní 1999 ásamt síðari breytingum og jafnframt gerðar svofelldar kröfur í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur, o.fl.:

Krafist er að staðfest verði réttindi Landsvirkjunar á eða vegna eftirtalinna landsvæða í Biskupstungnahreppi, hvort sem þau verða talin falla innan eða utan marka þjóðlendu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998:

Hrauneyjafosslína (220kV)
Fyrirhuguð Sultartangalína (400kV)
Mælistöðvar Landsvirkjunar.

Landsvirkjun krefst þess að óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almennt

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-367, sjá nánar í fylgiskjali nr. II.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Í þjóðlendlögum er mælt fyrir um skyldu aðila til að leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við þær kröfur

og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í því felst að óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Könnun frumgagna var að hluta framkvæmd af óbyggðanefnd og að hluta falin sérfræðingum Þjóðskjalasafns Íslands, samkvæmt samkomulagi og mati þessara aðila. Í því sambandi hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Árnesinga, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gerð er nánari grein fyrir þessari leit í kafla 4.3. Þá aflaði óbyggðanefnd álitsgerðar Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, sjá kafla 5. Loks var að auki litið til almennra uppláttarrita og ítarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í kafla 10.5.

Fyrirsvarsmönnum aðila var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Þeir gátu jafnframt bent á gögn sem ástæða væri til að kanna.

Þau gögn sem í leitirnar komu og óbyggðanefnd taldi að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu og afrit afhent málsaðilum. Jafnframt voru lögð fram minnisblöð um þá þætti gagnaöflunar sem lokið var hverju sinni.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).
Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 322).

2. Jarðabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).
Sjá að öðru leyti lið B-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).
Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 322, sbr. einnig skjal nr. 314).

4. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðamat 1804 - Skjal 336 (sbr. einnig skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).
Jarðamat 1849-1850 – Skjal nr. 344 (sbr. einnig skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).
Jarðamat 1916 (1918) – Skjal nr. 301 (sbr. einnig skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).
Sjá að öðru leyti lið B-2 (prentuð fasteigna- og jarðamöt).

5. Dóma- og þingabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).

Sjá að öðru leyti lið B-3 (prentaðir dómur).

6. Bréfabækur og gerðabækur sýslumanna og hreppa

Á Þjóðskjalasafni – Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki ástæðu til að yfirfara þennan skjalaflokk í heild sinni og engar sérstakar vísbendingar um að þar væri að finna efni varðandi Biskupstungnahrepp (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).

7. Vísitasíubækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).

8. Kirkjustólar

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).

9. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Á Þjóðskjalasafni – Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki ástæðu til að yfirfara þennan skjalaflokk í heild sinni og engar sérstakar vísbendingar um að þar væri að finna efni varðandi Biskupstungnahrepp (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a). Sjá að öðru leyti lið B-6 (prentað efni úr skjalasöfnum ...).

10. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar: Yfirfarið (sbr. bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, dags. 30. júní 2000, skjal nr. 318).

Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins fóru yfir þennan skjalaflokk eins og ástæða var talin til (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).

Sjá að öðru leyti lið B-8 (prentaðar bréfabækur biskupa).

11. Klausturumboð

Á Þjóðskjalasafni – Um slík gögn er ekki að ræða á þessu svæði (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a).

12. Fornleifaskráning (yfirlit)

Lögð fram útprentun úr gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf. („ÍSLEIF“) fyrir Biskupstungnahrepp, skjal nr. 292.

13. Örnefnaskráning

Óbyggðanefnd hefur aflað og lagt fram gögn varðandi örnefni þegar sérstök þörf hefur verið talin á, sjá nánar í skjalaskrá.

14. Önnur óprentuð frumgögn

Starfsmenn Þjóðskjalasafns töldu ástæðu til að kanna nokkra aðra skjalaflokka (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 7.11.2001, skjal nr. 309 a):

Torfastaðir (Kirknasafn, K IX. Árnesþing). Vitnisburður um landamerki Torfastaða frá 1456 (afrit frá 1886).

Í skjölum Skálholts í kirknasafni (AA/2) er ekkert sem snertir heiðalöndin.

Í skjölum stjórnarráðsins um sölu þjóð- og kirkjujarða fannst ekkert sem snertir heiðalöndin í Biskupstungum.

Af hálfu óbyggðanefndar var talin ástæða til að skoða eftirtalda flokka óprentaðra frumgagna: Skjöl í biskupsstofu um kirkjurnar í Odda á Rangárvöllum og Hruna (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags. 6.4.2001, skjal nr. 320).

Skjöl í ráðuneytum dóms- og kirkjumála og landbúnaðar um kirkjujarðir í Árnessýslu (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags. 5.7.2001, skjal nr. 321).

B. Prentuð frumgögn:

1. Jarðabréf

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 283).

Jarðabók Árna og Páls (13. bindi) – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 30.8.2001, skjal nr. 319).

Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.) – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 7.6.2000, skjal nr. 285).

Sjá að öðru leyti lið A-2 (óprentuð jarðabréf).

2. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847) – Sjá skjal nr. 286.

Ný jarðabók (1861) – Sjá skjal nr. 339.

Fasteignabók 1922 – Sjá skjal nr. 340.

Fasteignabók 1932 – Sjá skjal nr. 341.

Fasteignabók 1938 – Sjá skjal nr. 342.

Fasteignabók 1957 – Sjá skjal nr. 343.

Sjá að öðru leyti lið A-4 (óprentuð fasteigna- og jarðamöt).

3. Dómar

Útgefnið dómar Hæstaréttar og Landsyfíréttar – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.6.2000, skjal nr. 288).

Sjá að öðru leyti lið A-5 (óprentaðar dóma- og þingabækur).

4. Fjallskilareglugerðir

Stjórnartíðindi – Yfirfarið (sbr. bréf frá Héraðsskjalasafni Árneseinga, dags. 5.6.2000, skjal nr. 295).

5. Máldagar

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 283).

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Lovsamling for Island – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 287).

Stjórnartíðindi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 287).

Sjá að öðru leyti lið A-9 (óprentað efni úr skjalasöfnum ...).

7. Landnáma

Óbyggðanefnd hefur gengið úr skugga um að í málinu hefur verið lagt fram það efni Landnámu sem varðar landnám í Biskupstungnahreppi. Skjal nr. 338.

8. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags.

23.1.2001, skjal nr. 323). Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnaðar bréfabækur enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Sjá að öðru leyti lið A-10 (óprentaðar bréfabækur biskupa).

9. Alþingisbækur Íslands

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 289).

10. Jarðabók Árna og Páls (1.-12. bindi)

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 5.6.2000, skjal nr. 284).

Sjá einnig lið B-1 (13. bindi Jarðabókar ...).

11. Önnur prentuð frumgögn

Hvorki starfsmenn Þjóðskjalasafns né óbyggðanefnd töldu ástæðu til að yfirfara gögn í þessum flokki.

4.4. Vettvangsferð

Vettvangsferð fór fram 4. september 2000 og í henni tóku þátt, auk nefndarmanna, starfsmanna óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila, þau Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur, Ragnheiður Snorradóttir lögfræðingur, Sigurður Jónsson hrl., Einar Jónsson, María Ásgeirsdóttir, Margeir Ingólfsson, formaður hreppsráðs Biskupstungnahrepps, Sveinn Skúlason í Bræðratungu, Páll Lýðsson, formaður Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða, Arnór Karlsson í Arnarholti, Björn Sigurðsson í Úthlíð og Kristinn Steindórsson í Stekkholti. Heimamenn veittu leiðsögn um svæðið. Fyrst var haldið að hinu gamla bæjarstæði Hóla. Þessu næst var haldið upp á línuveg og beygt þar til vesturs. Stöðvað var við mörk Haukadals og Úthlíðar og staðhættir skoðaðir. Skömmu eftir að ekið var fram hjá Fagradalsfjalli var stöðvað og horft yfir að Hagavatni. Að því loknu var snúið við og haldið til baka í Mosaskarð og staðhættir skoðaðir. Í Mosaskarði hélt Ingvi Þorsteinsson tölu um gróðurfar á svæðinu. Þessu næst var haldið suður Kjalveg, til baka inn í Hólaland. Þann 5. september var vettvangsferð haldið áfram. Ekið var upp Kjalveg og inn í Hólaland. Fyrst var stöðvað við Háöldu og staðhættir skoðaðir, því næst við Brunnalækjartorfur og að því loknu á Bláfellshálsi. Haldið var norður Kjalveg hinn forna og út í Hvítárnes. Staðnæmst var í skála Ferðafélags Íslands í Tjarnheiði þar sem sjá mátti leifar um mannvist frá fyrri tíð. Að því loknu var haldið áfram norður Kjalveg hinn forna þar til komið var aftur á Kjalveg og haldið í Svartárbotna. Að þessu loknu var ekið til baka, með vesturhlíðum Bláfells og að Fremsta Veri. Síðan var haldið áfram sem leið liggur suður með Hvítá og stöðvað í Rótarmannagili.

4.5. Skýrslutökur

Fyrir nefndina komu og gáfu skýrslu Sveinn Skúlason bóndi, Bræðratungu, Margeir Ingólfsson, bóndi og formaður hreppsráðs, Brú, Arnór Karlsson bóndi, Arnarholti, Björn Sigurðsson bóndi, Úthlíð og Einar Jónsson byggingaverkfræðingur.

Sveinn sagðist hafa farið á fjall flest ár frá því hann var 14 ára gamall og þar af verið fjallkóngur í 10 ár. Hann sagði að á þessari öld hefði Tunguheiðin ekki verið nýtt frá Bræðratungu en fyrr á tíð muni hún hafa verið nýtt þaðan. Hann sagði að fjallmenn fyrstu leitar smöluðu Tunguheiði og Hólahaga á leið til rétta. Áður en brúin kom á Tungufljót við Vatnsleysurjóður hefði safnið verið rekið niður Ytri-Tunguna en eftir að brúin kom hefði það verið rekið niður Eystri-Tungu. Áður en afréttargirðingin kom hefði leitarsvæði eftirleitar og þriðjuleitar, sem væru seinni leitir, lokið við Sandvatn. Hefðu þá ábyúndur að Hólum og í Brattholti smalað Hólahaga og Tunguheiði í seinni leitum enda átt þar fé. Eftir að afréttargirðingin kom hefðu seinni leitirnar einnig smalað umrætt svæði. Bræðratungukirkju hefði síðan verið dæmdur eignarréttur að Tunguheiði en dæmt hefði

verið að hreppurinn ætti þar beitarrétt. Eftir það hefði Tunguheiðin verið smöluð að frumkvæði fjallskilastjórnar. Sama hefði gilt um Hólalandið eftir að hreppurinn eignaðist það. Hann sagði að veiði í svokölluðum Sellæk á Tunguheiði hefði verið nytjuð af hálfu kirkjunnar. Þá hefði kirkjan fengið bætur frá Landsvirkjun þegar möstrin hefðu verið reist þar. Á tímabili hefði kirkjan greitt eignaskatt af heiðinni.

Aðspurður kvað hann allar jarðir í sveitinni hafa átt jafnan rétt til alls afréttarins nema Auðsholt en Auðsholtsmenn hefðu ávallt átt afréttarnot með Hrunamönnum. Í framkvæmdinni hefði það hins vegar atvikast þannig að Eystri-Tungumenn hefðu eingöngu notað Framafréttinn, þ.e. frá Sandá og inn að Hvítárvatni. Ekki hefðu allir bændur í Ytri-Tungu nýtt afréttinn en þeir sem það gerðu hefðu nýtt hann árlega. Ekkert fast skipulag hefði verið á þessu og mönnum hefði verið algerlega frjálst hvert þeir ráku á afréttinn. Bændur hefðu bæði nýtt Framafréttinn og afréttinn ofan Hvítár. Ekki væri skylda að reka á afrétt og hefði aldrei verið. Sumir hefðu aldrei rekið á fjall en aðrir hefðu gert það árlega. Aðspurður kvað hann fé frá Hólum og Brattholti aldrei hafa verið rekið á fjall. Því hefði einungis verið sleppt út fyrir túnfótinn.

Hann sagði að um 1930 hefði verið margt fé í sveitinni og á afréttinum og hefði fêð þá sótt mikið yfir Kjöl og inn á afrétt Húnvetninga. Hefðu Tungnamenn verið að heimta 400 til 1200 fjár í réttum við Seyðisá.

Aðspurður kvað hann hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hafa veitt Ferðafélagi Íslands leyfi til að reisa skálann í Hvítárnesi á sínum tíma gegn því að fjallmenn hefðu frjáls afnot af húsinu. Hann sagði að skálinn í Þjófadölum hefði verið nýttur á tímabili af fjallmönnum í annarri leit eða svokölluðu eftirsafni. Skálinn í Þverbrekknamúla hefði hins vegar aldrei hentað sem næturstaður fyrir fjallmenn. Skálinn í Einifelli við Hagavatn hefði verið nýttur af fjallmönnum, bæði svokölluðum Brekknamönnum og fjallmönnum á Framafrétti.

Hann sagði að silungsveiði væri í Hvítárvatni og hefði hún verið leigð út af Veiðifélagi Hvítárvatns sem starfrækt hefði verið í 30 ár. Félagar í veiðifélaginu væru ábúendur í hreppnum. Tekjur af leigunni hefðu runnið til byggingar sæluhúsa og ætti félagið skálann í Fremstaveri. Einnig ætti það veiðihúsið við Hvítárvatn.

Aðspurður kvaðst Sveinn hafa verið í hreppsnefnd í 12 ár.

Margeir Ingólfsson sagði að Hólajörðin hefði farið úr byggð 1957 og að hreppurinn hefði keypt jörðina ári síðar. Í framhaldi af því hefði hreppurinn ákveðið að opna Hólalandið fyrir afréttarfé. Eftir það hefði Hólalandið verið smalað með afréttinum.

Hann sagði að öllum upprekstraraðilum væri frjálst að nýta afréttinn svo að segja eftir eigin höfði. Menn hefðu ýmist flutt fé inn að Fremstaveri, sem væri það stysta sem farið væri með fé, eða inn fyrir Hvítá, þ.e. inn undir Svartártorfu við Árbúðir eða inn að Innriskúta. Menn hefðu alveg frjálsar hendur með það hvar þeir slepptu fé sínu á afréttinum. Engin regla væri á þessu. Helst væri að menn sköpuðu sér sínar reglur sjálfir og oft slepptu menn fénu á sömu stöðum ár eftir ár.

Aðspurður um önnur not af afréttinum en beit og veiði í Hvítárvatni sagði Margeir að hreppurinn annaðist þjónustu við ferðamenn á afréttinum á sumrin og færi sú þjónusta vaxandi með ári hverju. Hreppurinn væri með þrjú hús á afréttinum, sem væru leigð ferðamönnum, bæði hópum og einstaklingum. Þá hefði hreppurinn annast heysölu á þessum stöðum, sorphirðu og aðra nauðsynlega þjónustu. Síðastliðið sumar hefði hreppurinn einnig séð að hluta til um hús Ferðafélagsins við Hvítárvatn og þá hefði verið farið inn að Hagavatni. Fyrstu árin hefði eingöngu verið kostnaður af þessari þjónustu en nú væri svo komið að hreppurinn væri farinn að hafa nokkrar tekjur af þessu. Á sumrin væri vörður inni á afréttinum og dygðu tekjurnar til að greiða honum kaup. Ágóði af heysölu rynni til hestamannafélagsins í sveitinni.

Hann sagði að töluverð skotveiði væri stunduð á afréttinum og hefði hreppurinn látið hana óátalda. Námutaka hefði engin verið nema í tengslum við vegagerð inni á afréttinum. Hann sagði að hreppurinn greiddi kostnað við uppbyggingu skála og annarrar aðstöðu á afréttinum en einnig

hefðu verið gefnar gjafir til slíkra verkefna. Opinberir aðilar hefðu ekkert komið að slíkri uppbyggingu.

Aðspurður kvað hann tilhögun fjallskila hafa verið með óbreyttum hætti í langan tíma. Fjallmönnum hefði að vísu fækkað með fækkandi fé á afréttinum en sama landsvæðið væri smalað og á sama hátt og áður.

Allar framkvæmdir á afréttinum hefðu farið fram á vegum hreppsins eða með leyfi hans. Hólandið hefði ekki eingöngu verið lagt undir beit heldur hefði hluti af því verið girtur af til uppgræðslu. Hann sagði að verið væri að laga vegslóða inn að Langjökli þar sem bílaleigan Geysir væri með vélsleðaleigu og væri hreppurinn veghaldari þar. Hann sagðist vita til þess að greiddar hefðu verið bætur til hreppsins og landeigenda vegna lagningar háspennulínu Landsvirkjunar á sínum tíma.

Aðspurður kvað hann fjallskilanefnd skipa í eina leit á vesturkantinum, þ.e. vegna smölunar á löndum Hlíðabæja en að öðru leyti sæju Hlíðamenn um að smala sín lönd.

Hann sagði að hreppurinn hefði unnið að landgræðslu við Sandá og fyrir þremur árum hefði hluti af Hólalandi og Tunguheiði verið girt af. Um væri að ræða sameiginlegt verkefni Landgræðslunnar og Landgræðslufélagsins. Gerður hefði verið samningur við eigendur, Bræðratungukirkju og sveitarfélagið, um að girða af land á þessu svæði. Hugmyndin væri að græða þarna upp beitiland og væri ætlunin að opna fyrir beit á þessu svæði í áföngum.

Arnór Karlsson staðfesti að bændur í hreppnum hefðu frjálst val um það hvert þeir rækju féð á afréttinn. Sumir legðu mikið upp úr því að fara með féð inn fyrir Hvítá en aðrir færu með féð að öllu leyti eða að hluta til í Fremstaver. Engar takmarkanir væru á því hversu margt fé hver bóndi ræki á afréttinn. Sumir færu með allt sitt fé á afrétt en aðrir færu aðeins með hluta af fénu.

Hann sagði að Tunguheiðin væri notuð sem afréttarland, þ.e.a.s. að fé gæti runnið þar niður eftir. Hann sagðist hins vegar ekki vita til þess að fé hefði verið sleppt í þetta land. Ætlast væri til þess og raunar væri það óskráð regla að menn færu með féð eitthvað inn á afréttinn svo að það dreifðist um hann. Hins vegar færu menn oft með túnrollur inn fyrir hlið á afréttargirðingunni og slepptu þeim þar. Hreppurinn hefði keypt Hólalandið á sínum tíma til þess að það tæki við fénu þegar það kæmi af afrétti á haustin. Hann sagði að Haukadalsheiðin hefði verið friðuð frá því að hún var girt á sjöunda áratugnum. Stundum hefði fé verið sótt þangað í seinni leitum en annars sæi Landgræðslan um að hreinsa heiðina á haustin.

Fyrir vestan Haukadalsheiðina væri svokallað Hlíðarland. Á það land hefði aldrei verið skipulögð nema ein leit af hálfu fjallskilastjórnar. Hins vegar væri lögboðið að gera minnst tvær leitir á afrétt. Hann sagði að í kringum 1950 hefðu Laugdælingar og Tungnamenn skipst á að leita Hagafellið. Annað árið hefði það verið leitað frá Laugardalnum en hitt frá Biskupstungum. Hefði þetta fyrirkomulag byggst á því að talið hefði verið að það væri að hálfu í eigu hvors sveitarfélags.

Hann sagði að um hefði samist með afréttarhöfum, Landgræðslufélagi Biskupstungna og Landgræðslunni að setja upp fyrrnefnda landgræðslugirðingu á Tunguheiði og Hólalandi og hefði staðsetning hennar verið ákveðin þannig að allir gætu sætt sig við hana. Miðsvæðið væri girt þarna af en leið væri fyrir féð á milli Haukadalsgirðingarinnar og umræddrar girðingar að vestanverðu.

Hann sagði að strax fyrir 1970 hefðu menn farið að þreifa fyrir sér með notkun áburðar til að styrkja gróðurinn á afréttinum og græða upp örfoka land. Fjáreigendur hefðu smám saman farið að leggja fram fé á móti hreppnum og samstarf hefði tekist við Landgræðsluna. Árið 1972 hefði verið komið á fastri skipan á þessi mál með því að Landgræðslan greiddi helminginn af áburðinum og hinn helminginn að hálfu hreppurinn og að hálfu þeir fjáreigendur sem afréttinn notuðu. Þessum kostnaði hefði verið deilt niður eftir fjárfjölda sem rekinn var á afrétt. Upphaflega hefði verið dreift þarna 100 tonnum af áburði á ári en nú væri dreift 20 til 30 tonnum á ári. Sá kostnaður væri nú greiddur að hálfu af Biskupstungnahreppi og að hálfu af þeim fjáreigendum sem afréttinn nota.

Aðspurður kvaðst hann ekki kannast við að jörð skiptist í heimaland og annað land. Talað væri annars vegar um heimaland og hins vegar afrétt og fylgdi heimalandinu réttur til afnota af afrétt-

inum til jafns við aðra. Lítið væri á afréttinn sem sameign. Ekki væri talað um afrétt sem hluta af jörð enda þótt jörðin væri háland.

Hann sagði Hlíðajörðunum fylgdi einnig réttur til nota af Biskupstungnaafrétti en sá réttur hefði lítið verið notaður. Þar kæmi tvennt til. Í fyrsta lagi hefðu ábúendur þar ekki þurft á því að halda þar sem þeir hefðu afnot af Úthlíðartorfunni og viðlendum jörðum á því svæði. Í öðru lagi hefði komið upp riða í fé á Hlíðabæjunum og samkvæmt reglum um sauðfjárveikivarnir væri Hlíðamönnunum óheimilt að reka fé á hinn sameiginlega afrétt. Vestursvæðið væri lokað af með svokallaðri sauðfjárveikivarnargirðingu.

Arnór sagði að þeirri skipan hefði verið komið á fyrir allöngu að þeir sem ekki færu með fé á Biskupstungnaafrétt fengju 25% afslátt af fjallskilagjöldum. Þetta ætti við um Hlíðabændur og aðra bændur sem ekki færu með fé til fjalls. Í seinni tíð væru fjallskil lögð á jarðirnar en áður fyrr hefðu þau eingöngu verið lögð á féð.

Hann sagði að ekki hefði verið gerð krafa um að menn fengju leyfi eða greiddu fyrir skotveiði í afréttinum. Veiði væri í vötnunum á vegum veiðifélagsins en önnur nýting hefði ekki átt sér stað á afréttinum. Aðspurður kvað hann engan ágreining vera um mörk afréttarins eftir að sátt hefði náðst við Húnvetninga um mörkin á Kili.

Aðspurður um skógarnytjar sagði Arnór að skógur væri lítill og frekar óaðgengilegur á afréttinum. Í Jarðabókinni frá 1709 væri getið um það að kirkjurnar á Torfastöðum og í Skálholti hefðu átt skógarhögg fyrir sunnan Bláfell. Þar hefðu og fundist gamlar kolagrafir.

Aðspurður kvaðst Arnór hafa setið í hreppsnefnd frá 1970 til 1986 og hefði hreppsnefndin ávallt talið sig hafa forræði á öllum framkvæmdum inni á afréttinum. Sagðist hann ekki kannast við að nokkur annar hefði gert kröfu til yfirráða á afréttinum. Þá sagðist hann ekki minnst þess að ríkisvaldið hefði nokkru sinni talið sig eiga réttindi á afréttinum.

Björn Sigurðsson kvaðst fæddur í Úthlíð og hafa búið þar alla tíð síðan. Hann sagði að árið 1929 hefðu orðið miklar breytingar inni á afréttinum þegar myndast hefði stórfjót úr Hagavatni og niður í Sandvatn. Hefði þá þessi leið lokast oft og tíðum. Þarna hefði nánast ekkert vatn verið fyrir og fé frá Hlíðabæjunum hefði þá runnið hindrunarlaust inn á afréttinn. Litlu síðar hefði mæðiveikin komið og þá hefði þetta svæði verið girt af og síðan aftur þegar riðuveikin kom. Hann sagði að fé frá Hlíðabæjunum, þ.e. frá Efri-Reykjum að Haukadal, hefði aldrei verið rekið til fjalls. Hver hefði sleppt sínu fé ofan við tún og síðan hefði það runnið til fjalla. Fé hefði oft farið af húsum í mars og þá horfið upp um allar heiðar. Yfirleitt hefði fénu verið smalað fyrir sauðburð og það látið vera niður við bæi á meðan það bar. Síðar um vorið hefði verið smalað sameiginlega á þessu svæði til rúnings og mörkunar. Oftast hefði verið smalað niður að bæjum, en einnig kvaðst Björn muna eftir að búnar hefðu verið til vorréttir inn við Sjónarhóla, í klofnum hólum við Hellisskarð og víðar í Úthlíðarhrauni. Hlíðabændur hefðu sáralítið nýtt afréttinn eftir að mæðiveikin kom.

Aðspurður kvaðst hann ekki kannast við skiptingu lands í heimaland og annað land. Allt landið hefði verið kallað Úthlíðarland. Enginn munur hefði verið á því landi sem var í óskiptri sameign með Stekkholti og Hrauntúni og öðru landi Úthlíðar. Hann sagði að fé Hlíðabænda hefði gengið í Úthlíðarhrauni og Svínahrauni vestan við Bjarnarfell. Einnig hefði þetta fé gengið vestur á Laugardalsafrétt og þegar mestur fjárfjöldinn var í Efstadal hefði fé þaðan gengið í Úthlíðarhrauni.

Hann sagði að Úthlíðarland næði að Hagavatni en Hagafellið hefði alltaf verið talið í eigu hreppsins. Áður fyrr hefðu Laugdælir og Tungnamenn skipst á að smala Hagafellið svo sem fram hefði komið. Á síðari árum hefðu Laugdælir aldrei átt þarna kind en það fé sem fannst þarna hefði allt verið úr Biskupstungum, nánar tiltekið frá einum eða tveim Hlíðabæjanna. Hefði verið ákveðið á sveitarstjórnarfundi að Tungnamenn skyldu alfarið smala þetta svæði en Laugdælir hefðu til að byrja með greitt hluta af kostnaði við leitina. Fjallskilastjórn hefði ávallt skipað þrjá menn til að smala þetta svæði. Eftir að Hagafellsjökull hljóp niður í Hagavatn, fjárpestirnar komu og svæðið var girt af hefði afréttarféð ekki komist inn á svæðið. Þar hefði því eingöngu gengið fé af Hlíða-

bæjunum. Hann sagði að Hlíðabændur hefðu tekið að sér að smala þetta svæði og færu þeir sextán en fjallskilastjórn legði til fimm menn í fyrstu leit í Buðlungabrekkur. Um þetta hefði verið algert samkomulag lengi. Seinni leitir á þessu svæði færu algerlega eftir samkomulagi manna á Hlíðabæjunum. Hann sagði að fjárbúskapurinn hefði verið með nokkrum öðrum hætti í Úthlíðarlandi en annars staðar. Þar hefðu menn tekið dilkana undan ánum á haustin og sleppt ánum aftur upp fyrir tún. Þær hefðu síðan runnið til fjalla og ekki verið sóttar fyrir en fór að snjóa. Oft hefðu þær verið inni í Brekknafjöllum fram undir jól og kvaðst Björn minnst þess að fénu hefði einu sinni verið smalað niður á aðfangadag.

Aðspurður kvað hann engan ágreining vera um ytri mörk Úthlíðartorfunnar en þau væru skýrt mörkuð í landamerkjabræfi.

Aðspurður um aðrar nytjar en beit sagði Björn að nytjar og not hefðu breyst frá einum tíma til annars. Fyrst og fremst hefði verið um beitarnot að ræða, bæði sumar- og vetrarheit að jöfnu, en síðan hefðu verið nytjar af skóginum, skógarhögg og kolagerð. Miklar kolagrafir væru með öllum Högnhöfðanum. Einnig væru kolagrafir við Kolgrímshól og Holtamannahóla. Sagt væri að Holtamenn hefðu komið að Útlíð fyrir á öldum og fengið að gera þar til kola þegar þeir hefðu verið búnir að eyða öllum sínum skógi. Þá hefði aðalgrasaland Skálholtsstóls verið í Úthlíðarlandi lengi fram eftir öldum. Fjallagrösín hefðu verið nýtt fram undir 1930. Mikil rjúpnaveiði hefði verið stunduð í Úthlíð af þéttbýlisfólki. Langflestir bæðu um leyfi en hann hefði aldrei látið nokkurn mann borga fyrir. Hann væri því móttfallinn enda segði í Hávamálum „fár verður ríkur af fuglaveiðum“. Hann sagðist ekki aðhafast neitt þótt hann yrði var við skotveiðimenn að veiðum í landinu í leyfisleysi að öðru leyti en því að hann hæddi menn stundum fyrir það.

Aðspurður grenjavinnslu sagði Björn að sveitarstjórnir stjórnðu refaveiðum hvort heldur væri í byggð eða á afréttum en eyðing refa heyrði undir Veiðistjóraembættið. Ríkisvaldið hefði ávallt greitt fyrir eyðingu refa. Grenjavinnsla væri því ekki á könnu landeigenda.

Aðspurður kvaðst Björn leigja landspildur undir sumarhús og hefði hann tekjur af ferðapjónustu. Hann sagði að gerður væri skriflegur leigusamningur um hvern bústað.

Aðspurður kvaðst hann hafa leyft nokkrum mönnum að reisa skála við Hagavatn með því skilyrði að smalamenn hefðu aðgang að honum vor og haust. Þá hefði verið bígerð að stækka og dýpka Hagavatn og hefði einnig verið um það samið að skálinn stæði þeim mönnum opin, sem að því myndu vinna. Ekki hefði verið gerður skriflegur samningur um byggingu þessa skála. Benti Björn á að ekki væri búíð að skipuleggja svæðið í samræmi við skipulagslög.

Einar Jónsson kvaðst vera fæddur og uppalinn í Neðra-Dal og sagðist hann vera einn af eigendum jarðarinnar. Hann sagði að um 10 ár væru síðan búskapur lagðist af í Neðra-Dal. Hann sagði að ábúendur í Neðra-Dal hefðu gert fjallskil á Biskupstungnaafrétt. Áður fyrir hefði Bjarnarfellið ekki verið leitað sérstaklega en sú leit hefði verið tekin upp fyrir um 40 árum. Féð hefði þá runnið yfir Sandfellið, niður í Helludalinn og yfir á land Neðra-Dals og Múla og því hefði þetta svæði verið tekið með þegar smalað hefði verið niður Úthlíðarhraunið. Hann sagði að þegar hann hefði verið strákur hefði féð alltaf verið rekið vestur og norður fyrir Bjarnarfell.

Aðspurður um aðrar nytjar en beit sagði hann að malarnámur væru niðri á sléttlendinu og berjatinsla uppi á háfjallinu. Ekki hefði verið seldur aðgangur að þessu berjalandi. Rjúpnaveiði hefði verið stunduð bæði austan megin við fjallið og allt vestur í svokölluð Grænugil. Hann sagði að síðustu fimm árin hefðu eigendur Neðra-Dals leigt veiðina einum aðila sem hefði haft umsjón með henni.

Hann sagði að landamerki jarðarinnar væru óumdeild. Ágreiningur hefði verið um þau á einum stað á milli Múla og Neðra-Dals en frá þessu hefði verið gengið fyrir nokkrum árum.

Aðspurður sagði hann að aldrei hefði verið talað um annað en heimaland. Úthagi væri það sem væri fyrir utan tún, hvort sem væri niður á mýrum eða annars staðar. Úthagi væri hluti af heimalandi en um óræktað land væri að ræða. Þá hefði verið talað um afrétt en þá hefði verið átt við Biskupstungnafrétt.

5. STAÐHÆTTIR OG GRÓÐURFAR¹

5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður

Suðurhluti kröfufsvæðis ríkisins í Biskupstungnahreppi, frá Haukadalsheiði og Úthlíðarhrauni norður að Sandvatnshlíð, Grjótá og suðurhlíðum Bláfells, er nánast samfelt undirlendi í 200-300 m hæð yfir sjávarmáli. Vestasti hluti þessa svæðis er þó í 400-700 m hæð. Undirlendið stígur bratt upp Bláfellsháls uns það nær um 600 m hæð efst á hálsinum en lækkar að nýju í liðlega 400 m hæð við Hvítá og Hvítárvatn. Síðan hækkar hásléttan jafnt og þétt upp í 600-700 m hæð á há Kili.

Upp af undirlendinu, bæði sunnanverðu og norðanverðu, rísa fjölmörg fjöll og fell, þau hæstu eru Hróttfell (1396 m) og Bláfell (1204 m).

Eftir hæð yfir sjávarmáli er Íslandi gjarnan skipt í þrjú gróðurfarsleg belti án skarpra skila: Láglandisbelti frá sjávarmáli að 100-150 m hæð, þá tekur við hlíðabelti að 300-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka. Syðri hluti kröfufsvæðisins er þannig að miklu leyti í hlíðabeltinu en nyrðri hlutinn í hálandisbeltinu.

Berggrunnur mikils hluta kröfufsvæðisins er myndaður af basískum og ísúrum goslögum (yngri grágrýtismyndunin) og setlögum frá síðari hluta ísaldar, þ.e. yngri en 0,8 milljón ára. Á norðvesturhluta svæðisins er berggrunnurinn basískt og ísúrt móberg, bólstraberg og setlög frá síðari hluta ísaldar, þ.e. eru yngri en 0,8 milljón ára. Flest fjöll og fell með fram austurjaðri Langjökuls og flest stök fjöll á svæðinu, svo sem Kjalfell, Hróttfell, Skriðufell, Bláfell, Jarlhettur, Högnhöfði og Bjarnarfell, eru móbergsstapar.

Á þeim hluta Langjökulssvæðisins, sem kröfufsvæðið nær til, eru fremur fáar eldstöðvar en frá þeim hefur hins vegar runnið mikil hraun enda eru flestar þeirra dyngjur. Elst þeirra er Leggjarbrjótur, norðan Hvítárvatns, sem er rúmlega 10 þúsund ára gömul. Dyngjan Kjallhraun á Kili er mjög flöt, varð til árla á nútíma og er eldri en 6600 ára. Loks er að nefna yngstu dyngjuna, Lambahraun sunnan Hagavatns sem er sennilega rúmlega 3 þúsund ára. Frá henni er m.a. Úthlíðarhraun runnið.

Mestur hluti af berggrunni svæðisins er lekur og hefur það haft mikil áhrif á gróðurfarsvæðisins.

5.2. Áætlað gróðurfars um landnáms og síðari þróun þess

Talið er að mikill hluti kröfufsvæðisins upp undir 400-500 m hæð yfir sjávarmáli hafi að jafnaði verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri við upphaf landnáms. Ofar, upp að 700-800 m hæð, hefur gróðurinn verið gisnari og enn ofar hefur landið verið gróðurlaust að mestu. Hæstu fjöll, bröttustu hlíðar og skriður hafa þá, eins og nú, verið gróðurlausar.

Ætla má að birkiskógur eða kjarr hafi verið ríkjandi í gróðurfari þúrlendis á láglandi og allt upp að 400 m hæð, þ.e. á undirlendinu norður að suðurhlíðum Bláfells. Þar hafa fundist leifar af kola-gröfum. Við hagstæð, staðbundin skilyrði hefur birkikjarr jafnvel vaxið ofar og t.d. teygt sig austur og norður fyrir Bláfell og upp með Jökulkvíslinni vestanverðri. Enn vex lágvaxið birki í 4-500 m hæð í Karlsdrætti við Hvítárvatn og neðst í hlíðum Leggjarbrjótis og Hrefnubúða. Þá hefur fundist birki í 580 m hæð í Þverbrekkum og er það einn hæsti núverandi vaxtarstaður birkis í landinu og sá sem er lengst frá sjó.

Ofan skógarmarka hafa víðir, fjalldrapi, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir á þúrlendi og á þurrasta raklandi. Þar sem jarðvegsstaða var há voru mýrar og flóar og hefur Hvítárnes þá, eins og nú, líklega verið stærsta, samfellda votlendissvæði á kröfufsvæðinu. Mosa-, fléttu- og snjóældagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs á svæðinu.

¹ Kaflar 5.1.-5.3. eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. málsskjal nr. 302.

Ætla má að við upphaf landnáms hafi $2/3-3/4$ hlutar kröfusvæðisins verið þaktir nokkuð samfelldri gróðurþekju.

Frá landnámi til okkar daga hefur orðið gífurleg eyðing á gróðri og jarðvegi og þar með landgæðum, á kröfusvæði ríkisins í Biskupstungnahreppi. Afréttur Biskupstungna, að meðtöldu Hólandi og Tunguheiði, er um 1060 km² að flatarmáli. Gróður Biskupstungnaafréttar var kortlagður á árunum eftir 1960 og þakti hann þá um 214 km² lands eða aðeins um $1/5$ af heildarstærð afréttarins. Samkvæmt því hafa tapast nær tveir þriðju hlutar þess gróðurs og jarðvegs sem þakti afréttinn um landnám.

Í suðurlhuta kröfusvæðisins, þ.e. í Haukadalsheiðinni og Úthlíðartorfunni, hefur einnig orðið mikil gróður- og jarðvegseyðing enda þótt það land sé nú betur gróið en afrétturinn.

Auk beins taps á gróðurlendi varð einnig afdrifarík breyting til hins verra á gróðurfari, þ.e. tegundasamsetningu, þess lands sem ekki eyddist. Skóg- og kjarrlendi eyddist að mestu og var það ein af meginorsökum þess að jarðvegseyðing hófst. Eyðing skóganna hafði í för með sér mikla rýrnun landgæða því að skóglendin voru gróskumestu og nytsamlegustu gróðurlendi landsins. Rýrari og afkastaminni gróður tók við af skógargróðrinum og frjósemi jarðvegs rýrnaði. Gróðurlendi á hinum skóglausu hálendisvæðum rýrnuðu einnig að gæðum. Einu gróðurlendi, sem nokkurn veginn héldu velli hvað uppskerumagn og gæði snerti, voru mýrar og flóar, m.a. vegna þess að gróður þeirra er slitsterkari en þurrlandisgróður.

Á þeim liðlega fjórum áratugum, sem liðnir eru síðan gróður á kröfusvæðinu var kortlagður, hefur orðið breyting á stærð gróðurlendis á kröfusvæðinu sem þó hefur ekki verið mæld enn. Sú breyting er bæði fölgín í aukningu gróðurs, einkum graslendi, vegna landgræðsluaðgerða á afréttinum og á Haukadalsheiði en einnig í tapi á gróðri og jarðvegi af völdum uppblásturs. Í heild má þó staðhæfa að gróðurlendið hafi aukist nokkuð að viðáttu. Hins vegar er ekki ástæða til að ætla að náttúrulegt gróðurfár, þ.e. tegundasamsetning gróðurlenda, hafi breyst að ráði á þessum 40 árum. Þær breytingar eru hægfara þótt ytri aðstæður eins og veðurfar og beitarálag hafi breyst til hins betra á tímabilinu.

Orsakir gróður- og jarðvegseyðingarinnar eru margar og enda þótt þær hafi haft nokkuð mismunandi vægi í hinum ólíku landshlutum voru þær í grundvallaratriðum hinar sömu: Samverkandi áhrif kólnandi loftslags, sem hófst á 12. öld og stóð nær óslitið til loka 19. aldar, eldgosa og búsetunnar. Gróður, sem hér var um landnám, var viðkvæmur vegna þess að hann hafði þróast án áhrifa beitar og hann tók að breytast og rýrna fljótlega eftir að landnám hófst.

Nefna má enn eitt atriði sem hefur valdið mikilli jarðvegseyðingu á Haukadalsheiði en það eru aurarnir við Sandvatn. Þeir munu að mestu hafa myndast á síðustu öldum og ef til vill að langmestu leyti í jökulhlaupum sem komið hafa úr Hagavatni. Stærstu hlaupin urðu 1929 og 1939. Áhrif hlaupanna hafa orðið mikil, bæði bein og óbein. Þau hafa brotið niður gróðurlendi með fram Ásbrandsá og sandeyrar sem hlaupin byggðu upp við Sandvatn urðu uppspretta sandföks sem roföflin hafa síðan tekið í þjónustu sína við eyðingarstarfið.

Loks má bæta því við að berggrunnur Biskupstungnaafréttar og hálendisins sunnan Sandár – yngri grágrýtismyndunin og hraun sem runnið hafa eftir ísöld – er mjög lekur, þ.e. heldur illa vatni. Þar myndaðist því fyrst og fremst þurrlandisjarðvegur í tímans rás og er aðalefni hans gosaska sem veldur því að hann er fokgjarn og auðrofinn.

Jarðvegseyðingu á kröfusvæðinu er ekki lokið og sums staðar er hún mikil, eins og í Svartártorfunum, Tjarnheiði, í Lambafelli, norðan í Bláfelli og í Haukadalsheiðinni.

5.3. Núverandi gróðurfár á kröfusvæði ríkisins

Biskupstungnaafréttur

Gróðursnauðar auðnir þekja um fjóra fimmtu hluta afréttarins en þar eru einnig viðáttumikil gróðurlendi, einkum þar sem gætir skjóls, hárrar vatnsborðsstöðu og mikils snjóþunga.

Langstærsta, samfellda gróðurlendi afréttarins er í Kjalhrauni. Það teygir sig langleiðina frá Tjarnárbotnum í suðri, milli Fúlukvíslar og Svartár, svo langt sem þær ár ná, allt norður að Þjófadölum og Hveravöllum við norðurmörk afréttarins. Suðurhluti hraunsins norður að Kjalfelli er að miklu leyti algróinn, að undanskildum nokkrum uppblástursgeirum sem teygja sig til suðurs frá Þverbrekknamúla. Á þessum hluta hraunsins er lágvaxinn lyng- og víðigróður í dældum en mosa-gróður á hraunkollum. Norðurhluti hraunsins er að jafnaði hálfgróinn og er snjóðældagróður ríkjandi í gróðurfari hraunsins þegar norðar og hærra dregur. Í Kjalhrauni eru veður hörð en snjóalög draga úr áhrifum þeirra og viðhalda gróðri þess.

Í Þjófadölum er gróðurvin sem einnig á tilvist sína snjóalögum að þakka. Þar er fjölskrúðugur snjóðældagróður, mosagróður, starmóar, vallendi, víðigrundir og mýrar. Gróðurvinin í Þjófadölum er viðkvæm náttúruþerla.

Blágnípuver er víðáttumikil gróðurvin, að mestu leyti votlendi, á norðausturhluta afréttarins. Vestan við verin eru dreifð en allvíðáttumikil gróðurlendi sem ná vestur að Fossrófulæk. Þar skiptast á votlendi, starmóar og mosapembugróður.

Í Hvítárnesi, sem liggur að Hvítárvatni norðanverðu, er langstærsta votlendisgróðurlendi Biskupstungnaafréttar. Það er myndað af framburði Fúlukvíslar, Fróðár og Tjarnár. Hvítárnes er eitt af hinum þremur stóru, grónu framburðarsvæðum jökulvatna á hálendi Íslands, ásamt Þjórsárverum og Eyjabökkum. Í Hvítárnesi er afar gróskumikill votlendisgróður, mýrar og flóar, með valllendisrimum á ár- og lækjarbökkum, en jarðvegur er þar frjósamur vegna framburðar ána. Fúlakvísl hefur stundum skemmt gróður í Hvítárnesi með framburði en þær skemmdir hafa lagast að nýju. Þegar höfundur þessarar greinargerðar fór um kröfusvæðið í júlímánuði árið 2000 var gróður í Hvítárnesi með eindæmum fallegur.

Norðan Hvítár er einnig umtalsverður gróður í Þverbrekknamúla, Tjarnárbotnum, Tjarnheiði og Svartártorfum við Hvítárvatn og loks í Tangaveri í krikanum milli Jökulkvíslar og Hvítár. Sum þessara gróðurlenda eru á undanhaldi vegna uppblásturs. Norðan Hvítár er að öðru leyti um dreifðar, smáar gróðurleifar að ræða sem margar eru óðum að hverfa.

Sunnan Hvítár eru víðáttumikil gróðurlendi umhverfis Lambafell og Bláfell, m.a. tvö stór votlendissvæði; Lambafellsver og Fremstaver. Þurrlendisgróður á þessu svæði á í vök að verjast vegna uppblásturs, einkanlega norðan og austan til í Bláfelli.

Á suðurhluta afréttarins, Framafréttinum, allt frá Hvítárvatni suður að Sandvatni, eru geysivíðáttumiklar, gróðurvana auðnir sem ná vestur að Langjökli og allt suður að Sandfelli á Haukadalsheiði. Á Framafréttinum eru þó falleg gróðurlendi með fram Sandá neðanverðri, með fram Hvítá, víðs vegar í Tunguheiðinni og í Selhögum á suðurmörkum kröfusvæðisins í Hólalandi. Þá hafa Landgræðsla ríkisins og heimamenn í samvinnu grætt upp nokkur þúsund hektara lands á Framafréttinum, einkum norðan Sandár.

Um níu tíundu hlutar gróðurlendis Biskupstungnaafréttar er þurrlendisgróður, einkum mosaþembu-, lyng- og snjóðældagróður.

Kröfusvæðið sunnan afréttarmarka

Mikill hluti hins forna gróðurs og jarðvegs Haukadalsheiðarinnar hefur orðið uppblæstri að bráð og erfitt hefur reynst að hefta þar jarðvegsfök, einkum vegna áfoks frá Sandvatnsleirunum sem fyrir var getið. Yfirborð Sandvatnsins hefur nú verið hækkað til þess að koma í veg fyrir það áfök og Haukadalsheiðin var girt af á árunum 1963-1987. Þar hefur verið unnið árangursríkt landgræðslustarf.

Innan kröfusvæðisins er náttúrulegur gróður í hlíðum Sandfells, í Skógarhlíðum og suður af þeim. Um er að ræða gróskumikla fjalldrapa- og lyngmóa. Land Skógræktar ríkisins innan kröfusvæðisins er að jafnaði hálfgróið og land jarðanna Austurhlíðar, Neðri-Dals og Helludals I og II er nær algróið.

Um helmingur kröfusvæðisins í Úthlíðartorfunni er vel gróið hraun og er þar um að ræða gras-

ríka lyng- og fjalldrapamóa, mosapembu- og snjódældagróður. Þá er nokkurt birkikjarrlendi norðan kröfúlunnar í Úthlíðarhrauni.

Ástand jarðvegs á kröfufsvæðinu

Samkvæmt ritinu Jarðvegsrof á Íslandi er ástand jarðvegs talið vera gott í heimalöndum Biskupstungnahrepps en slæmt á afréttinum, á Haukadalsheiðinni og í Úthlíðartorfunni, þ.e.a.s. á mestum hluta kröfufsvæðisins. Þetta mat byggist ekki á ástandi gróðurs heldur jarðvegs. Það sem fyrst og fremst veldur því að afrétturinn, Haukadalsheiðin og Úthlíðartorfan fá svo eindregið lélegt mat eru miklar auðnir og rof sem veldur gróðureyðingu.

Víða á kröfufsvæðinu á sér enn stað gróðureyðing og þar er ástand gróðurs slæmt. Í heild má þó telja að gróður svæðisins hafi um nokkurt árabíl verið í framför og er ástæða þess bæði minnkandi beitarálag á afréttinum og miklar landgræðsluáðgerðir sem m.a. hafa verið fólgnar í friðun lands og uppgræðslu.

Til samanburðar skal tekið fram að ástand gróðurs neðar í Biskupstungum er víðast hvar mjög gott.

Helstu landgræðsluáðgerðir á kröfufsvæðinu

Landgræðsla ríkisins, Biskupstungnamenn og ýmsir aðrir aðilar hafa unnið mikið að landgræðslu á kröfufsvæðinu og skulu hér talin upp stærstu svæðin:

1. Haukadalsheiðin var girt af 1963-1986; stærð svæðisins um 70 km². Yfirborð Sandvatnsins hefur verið hækkað.
2. Sjónarhólar voru girtir af 1972; stærð svæðis 5,6 km².
3. Tjarnheiði og Hvítárnes I var girt af 1967; stærð samtals 4,8 km².
4. Hvítárnes II var girt af 1973; stærð 1,4 km².
5. Sandá; uppgræðsla hófst við Sandá árið 1970; stærð uppgræðslusvæðis um 4 km².

5.4. Friðland og náttúruminjar

Innan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar eru á náttúruminjasrá eftirfarandi svæði að meira eða minna leyti: „Gullfoss“ (friðland), „Haukadalur og Almenningur“ (Geysir), „Brúará og Brúarárskörð“, „Þjófadalur og Jökulkrókur“ og „Hvítárvatn og Hvítárnes“. Þessi landsvæði njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. einnig auglýsingu nr. 141/1979.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu afréttarins frá öndverðu til þessa dags.

6.1. Landnám

Í Landnámu er getið tveggja landnámsmanna á því svæði sem nú nefnist Biskupstungur. Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu segir um Eyfröð hinn gamla:

Eyfröðr enn gamli nam tunguna eystri milli Kaldakvísar ok Hvítár ok bjó í Tungu; með honum kom út Drumb-Oddr, er bjó á Drumb-Oddsstöðum.¹

1 *Landnámabók*, 1986. Íslensk fornrit 1. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. S. 384.

Þessi mörk eru að nokkru leyti óglögg. Kaldakvísl er nú talið vera sama vatnsfall og Tungufljót og hljóta syðri mörkin því að vera þar sem Tungufljót og Hvítá mætast. Austur- og vesturmörk ættu einnig að vera glögg en hins vegar er ekki ljóst hversu langt í norður þau náðu, hvort miða eigi við upptök fljótanna eða önnur kennileiti.

Að sögn Einars Arnórssonar eru upptök Tungufljóts í Hagavatni þó að áin nefnist reyndar öðrum nöfnum ofan byggðar. Áin, sem rennur úr Hagavatni í Sandvatn, nefnist Farið og úr Sandvatni fellur Árbrandsá (Ásbrandsá) til byggðar. Austan Haukadals sameinast hún Fljótinu og heitir eftir það Tungufljót.¹ Tungufljót á jafnframt sínar eigin upptakakvíslir í Fljótsbotnum.² Einar Arnórsson taldi norðurmörk landnámsins óákveðin en Haraldur Matthíasson hallaðist að því að Eyfröður hefði numið milli ána Hvítár og Tungufljóts allt upp að Langjökli. Landnámið hefði a.m.k. náð inn í Bláfellsháls og Sandvatnshlíð og „verið vafið hinum fegursta gróðri“.³

Annar landnámsmaður var Ketilbjörn Ketilsson úr Naumudal. Hann er sagður hafa komið til Íslands þá er landið var víða byggt með sjó. Ketilbjörn kom fyrst að landi í Elliðaárósi en leitaði sér síðar landskosta austan heiðar:

Ketilbjörn nam Grímsnes allt upp frá Höskuldslæk ok Laugardal allan ok alla Byskupstungu upp til Stakksár ok þjó at Mosfelli.⁴

Upphaf þessa kafla er einnig að finna í Haukdæla þætti í Sturlungu og talið að Styrmissbók sé sameiginleg heimild þáttarins og frásagnarinnar í Landnámabók. Í þættinum er vitnað til Teits Ísleifssonar, föstra Ara fróða og afkomanda Ketilbjarnar í þriðja lið. Það er bæði haft til marks um að kafliinn sé frá Ara fróða kominn og að heimildin sé traust. Landnámslýsingin í Haukdæla þætti er ekki eins nákvæm og í Landnámu því að þar segir einungis að Ketilbjörn hafi numið land umhverfis sig „svá vitt sem hann vildi átt hafa“.

Einar Arnórsson og Haraldur Matthíasson eru báðir þeirrar skoðunar að landamerki Ketilbjarnar séu nokkuð glögg. Einar hefur þó sitthvað við landamerkjalyðinguna að athuga. Vesturmörkin virðast t.d. stangast á við það sem segir um landnám Gríms í Grímsnesi.⁵ Einnig vekur hann athygli á því að nafnið „Biskupstunga“ er í lýsingunni notað í eintölu þó að tungurnar séu tvær. Haraldur Matthíasson skýrir þetta á þá leið að Biskupstungur hafi upphaflega verið kallaðar Ytri tunga og Eystri tunga. Fljótlega eftir að biskupsstóll var settur í Skálholti hafi Ytri tunga dregið nafn þar af og verið nefnd Biskupstunga en Eystri tungan haldið áfram sínu nafni eins og hún geri enn þegar hún sé nefnd ein.⁶ Einar Arnórsson segir Ketilbjörn hafa numið Tunguna ytri milli Brúarár að vestan og Tungufljóts að austan. Norðanvert séu fjöllin fyrir ofan Tunguna ytri og Laugardalsfjöll en þá taki við hálsarnir fyrir utan Laugarvatn og Lyngdalsheiði. Óvíst sé þó hvort og þá hversu langt Ketilbjörn helgaði sér land upp til fjalla eða vestur um Lyngdalsheiði eða til Laugarvatnsvalla undir Kálfstindum. Einar telur víst að suðurmörk landnámsins hafi verið Hvítá en Höskuldslækur ráðið vesturmörkum í byggð.⁷

Haraldur Matthíasson miðar neðri mörk landnámsins við Höskuldslæk. Upp frá drögum lækjarins hafi þau síðan legið í Þrasaborgir. Að norðvestan hafi byggðarlandið markast af fjallgarðinum sem Tungur og Laugardalur liggja að og nefnist einu nafni Útfjöllin.⁸ Um norðurmörk landnámsins verður þó aldrei fullyrt með neinni vissu ef Landnámabók ein er lögð til grundvallar.

1 Einar Arnórsson, 1950: *Árnesþing á landnáms- og söguöld*. (Árnesinga saga. Ritstj. Guðni Jónsson. 2. b.) Reykjavík. S. 100.

2 Gísli Sigurðsson, 1998: „Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 158.

3 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 496-497. Einar Arnórsson 1950, s. 100-101.

4 *Landnámabók* 1986, s. 385.

5 Sbr. *Landnámabók* 1986, s. 385, 387.

6 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 498-499.

7 Einar Arnórsson 1950, s. 124-125.

8 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 498-499.

Þrjá aðra frumbyggja í Biskupstungum er ástæða til að nefna, Ásgeir Úlfsson og feðgana Þorbrand Þorbjarnarson og Ásbrand son hans. Ásgeir var tengdasonur Ketilbjörns Ketilssonar og fékk í heimanfylgju með konu sinni „Hlíðarlönd öll fyrir ofan Hagagarð; hann bjó í Hlíð enni ytri“. ¹ Efri mörk eru ekki greind en þó hefur því verið haldið fram að landsvæði þetta hafi náð „allar götur inn í Langjökul“. ²

Um Þorbrand Þorbjarnarson og Ásbrand er sagt að Ketilbjörn hafi vísað þeim til landnáms „fyrir ofan múla þann, er fram gengr hjá Stakksá, ok til Kaldakvíslar, ok bjöggu í Haukadal“ (sjá nánar kafla 6.5.) ³ Eins og frásögnin ber með sér eru norðurmörkin óákveðin. Síðar juku þeir landnám sitt og námu efri hlut Hrunamannahrepps eins og greint er frá í Landnámu.

6.2. Austurhlíðartorfa

Austurhlíðartorfa skiptist nú í jarðirnar Austurhlíð, Hlíðartún og Dalsmynni. Verður nánari grein gerð fyrir þessum jörðum síðar í kaflanum.

Frá fyrri hluta 14. aldar er varðveittur máldagi kirkjunnar í Hlíð í Biskupstungum. Útgefandi 2. bindis Fornbréfasafns taldi að þar væri átt við Austurhlíð en það mun vera misskilningur enda stendur nafnið Úthlíð í fyrirsögn máldagans (sjá kafla 6.12.). ⁴

Austurhlíð var eign Skálholtsdómkirkju samkvæmt jarðabók 1597. ⁵ Hún var talin 40 hndr. jörð í jarðabókunum 1686 og 1695 en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleikinn sagður óviss. ⁶ Kvikfænaður var þá 9 kýr, 2 kvígur, 4 naut, 3 kálfar, 55 ær, 37 sauðir, 30 lömb, 4 hestar, 1 foli og 2 hross. Á heyjum var hægt að fœðra 12 kúa þunga en ekki er minnst á afrétt eða úti-gang. Getið er tveggja hjáleigna á heimajörðinni. Önnur þeirra, Strilla, var þá í byggð en Austurhlíðarkot hafði í eyði legið þrjú ár þegar Jarðabókin var gerð.

Austurhlíð var seld á uppboði stólsjarða 17. júní 1790 og var þá metin á 55 hndr. og 40 álnir. ⁷ Sami dýrleiki er skráður í Jarðatali Johnsens 1847 og er nánar kveðið á um þetta í athugasemd neðanmáls: „Hreppstjóri telur Austurhlíð 41 1/2 h. og Stryllu 13 5/6 h. að dýrleika.“ ⁸ Í Nýrri jarðabók 1861 er dýrleikinn óbreyttur að fornu mati en samkvæmt nýju mati var jörðin ásamt Strillu talin 39,7 hndr. ⁹

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í þinglýstu lögfestubræfi fyrir Austurhlíð frá 4. júní 1840. Þar voru þessi landamerki tilgreind:

Sandfár það er rennur fyrir vestann Bjarnarvelli, rædur framm[i] Hnifagil fyrir vestann Breiðutúngu, og frammí Andalæk, síðann rædur sá Lækur frammað upptökum Stackholtskélðu, sem rennur rétt fyrir nordann Stackholts-Tún, hvaðann nefnd Kélða rædur sudur í Arnarholts Læk, og so sá Lækur uppi Rus[] Flód, þaðann Lækurinn sem rennur nordann að því, uppi Markaflód, beina Stefnu upp[yf]er það, og í Kélðu er upp úr því liggur, rædur sú Kélða uppi síðsta Ósinn í fremri Múlatjörmina, þaðann med nefndri Tiörn ad vestann verdu, uppad Efri Ósnum alt Slægiulón, og Backinn er kemur þar fyrir ofann, uppad nærsta Ós. So rædur bein Stefna úr þeim Ós uppi stórann Stein einstakann fyrir ofann Háutorfu, ur þeim Steini rædur bein Stefna uppi Þvergilsbotnana og so í Kélðu sem er mille Bínháls og Pansara

1 Landnámabók 1986, s. 386.

2 Gíslí Sigurðsson 1998, s. 53.

3 Landnámabók 1986, s. 383.

4 Íslenskt fornbréfasafn. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 670.

5 Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984. II. Skrár. Kirkjueignanefnd, október 1992. S. 67.

6 Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundí. S. 113. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 2. b. Kaupmannahöfn 1918-1921. S. 308.

7 Skjal nr. 91.

8 *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 69.

9 *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 24.

og uppi Stacksárbotna, þáðan Stefnu uppi Fögur lág, sem liggur ofann epter Heidinni, so úr nefn[dr]i Fögur lágur botni í frammi Tána á Biarnarfelli, so norður epter Fiallsrótonum í Valahnúk eða Valagil, síðann Stefnu úr því gile vestur fyrer Biarnarvelli, og í áður ummetid Sandfar að ógleimdu mýrar SlægjuJtaki er Austurhlidinn á í Úthlidar eyngium, mót Vallendis Bletti er þessi á aptur í Austurhlidar Dal og kallast Kára teigur. ...¹

Landamerkjabréf Austurhlíðar og „kringumliggjandi jarða“ var undirritað 16. desember 1883 og staðfest af ábúendum eða eigendum þessara jarða: Stritlu (ritað svo í landamerkjabréfi), Úthlíðar, Múla, Holtakota og Neðradals. Því var þinglýst á manntalsþingi að Vatnsleysu 26. maí 1884.² Í landamerkjabréfinu er vísað í áðurgreinda lögfestu og er ekki annað að sjá en að þessum tveimur heimildum beri efnislega saman:

Á móti Úthlíðarlandi ræður Sandfar það er rennur fyrir vestan Bjarnarvelli fram í Hnífagil fyrir vestan Breiðutungu og fram í Andarlæk, síðan ræður sá lækur fram að upptökum Stekkholtskeldu, sem rennur rjett fyrir norðan Stekkholtstún hvaðan nefnd Kelda ræður suður í Arnarholtslæk, þáðan ræður sá lækur á móti Arnarholtslandi uppi Rústaflöð þáðan ræður lækurinn sem rennur norðan að því uppi Markaflöð, þáðan beina stefnu upp yfir það á móti Holtakotalandi og í Keldu er liggur upp úr því (Markaflöði), ræður sú Kelda uppi litla ósinn í fremri Múlatjörnina, þáðan með nefndri tjörn að vestanverðu á móti Múlalandi upp að efri ósnum, allt slægjuland, og bakkinn er kemur þar fyrir ofan upp að næsta ós, svo ræður bein stefna úr þeim ós uppi stórann stein einstakann fyrir ofann Háutorfu, úr þeim steini ræður bein stefna uppi Þvergilsbotnana og svo í Keldu sem er á milli Byngshóls og Pansara og uppi Stakksárbotna. Þáðan stefnu á móti Neðradalslandi uppi Fögur lág, sem liggur ofan eptir heidinni svo úr efri Fögur lágurbotni í framtána á Bjarnarfelli svo norður í Valahnúk eða Valagil, síðan stefnu úr því gili í áður nefnt Sandfar.³

Árið 1945 var nafni hjáleigunnar Stritlu breytt í Dalsmynni og árið 1958 var byggt úr Austurhlíðarlandi nýbýlið Hlíðartún.⁴ Ágreiningur kom upp milli ábúenda jarðanna Dalsmynnis og Stekkholts um hvaða kelda væri sú Stekkholtskelda sem nefnd væri í landamerkjabréfum beggja jarðanna og var málið lagt fyrir gerðardóm. Niðurstaðan varð sættargerð sem undirrituð var 3. júní 1959.⁵ Landskipti jarðanna Austurhlíðar, Dalsmynnis og Hlíðartúns voru gerð 13. maí 1964.⁶ Árið 1982, 11. júní, fóru aftur fram landskipti milli jarðanna þriggja og voru skiptahlutföllin þessi: Austurhlíð 50%, Hlíðartún 25% og Dalsmynni 25%. Þar segir enn fremur:

Landinu er skipt þannig að Austurhlíð fær land að austan og norðan, Hlíðartún miðsvæðis og Dalsmynni að vestan. Land hverrar jarðar um sig verður samfelld, nema hvað Austurhlíð fær í sinn hlut um 20 ha skák syðst á Stekkholtsholti og lítið eitt austur í mýrina.⁷

Úr landi Dalsmynnis hefur síðan verið látin spilda sem nefnist Inná dal.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Austurhlíð frá því að

1 Skjal nr. 309 (21).

2 Skjal nr. 361.

3 Skjal nr. 81.

4 *Sunnlenskar byggðir*. 1. b. *Tungur, Hreppar, Skeið*. Búnaðarsamband Suðurlands 1980. S. 97-98. Nafntökuleyfi Hlíðartúns er dagsett 10.10. 1957 í Fasteignabók. Hlíðartún mun fyrst hafa átt að heita Bjarnarfell, sbr. afsalsbréf dags. 11. apríl 1957 (skjal nr. 85).

5 Skjöl nr. 83 og 314 (7).

6 Skjal nr. 314 (22).

7 Skjal nr. 82.

jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.¹

6.3. Brattholt

Bænhús var í Brattholti á miðöldum samkvæmt máldögum frá 14. öld og var því þjónað frá Hauka-dal. Frá Brattholti átti að greiða sóknarkirkjunni eina á hvert vor auk tíundar.² Brattholt var eign Skálholtsdómkirkju samkvæmt jarðabók 1597. Hún var talin 13. hndr. og 80 álnir í jarðabók 1686 en 10 hndr. í jarðabók 1695.³ Dýrleiki jarðarinnar er ekki tíundaður í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Þar er tekið fram að á jörðinni sé hægt að föðra 6 kúa þunga en um afrétt og hagbeitarlönd er ekki getið.⁴

Brattholt var selt á uppboði Skálholtsjarða 8. september 1798 og var þá reiknuð 22 hundruð að dýrleika.⁵ Sami dýrleiki er á jörðinni í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin sögð 15,8 hndr.⁶

Landamerkjabréf Brattholts er dagsett 4. júní 1885 og var því þinglýst 8. júní:

Að sunnan ræður landamerkjum, móts við Gýgjarhólsland, Launfitargil við Hvítá, og beint úr því vestur yfir Gýgjarhólsfjall í Vörðu sem stendur á fjallsbrúninni, úr þeirri vörðu beint í Vörðu hjá jarðfalli fyrir sunnan Grafkeldu, og beint í Vörðu við Gegnir, svo ræður lækur móts við Kjóstastaðaland upp að botni, og þaðan ræður sjónhending upp í Steinsholt, og þaðan ræður sjónhending í Vörðu hjá Nýgræðislæk við Torfuenda, og þaðan beint í vörðu á Grjótöldu fyrir innan Nýgræði, gagnvart Hólum, og þaðan beint austur í Brattholtsgilsbotna, svo ræður Gilið austur í Hvítá, svo ræður Hvítá að austan fram að Launfitargili, gagnvart Bræðratungu.⁷

Landamerkjabréfið var samþykkt af ábúendum og eigendum jarðanna Hóla, Kjóstastaða og Gýgjarhóls. Annað landamerkjabréf lét eigandi Brattholts, Tómas Tómasson, gera 7. júní 1918. Þar segir á þessa leið:

Þar er Bræðratungukirkja við lögboðið yfirlit eigna sinna fyr hefir eftirlátið mjer Heiði alla sunnan götu til móts við Hóla-land að Sandá, hvor fyrnefnd heiði að nú nefnast Alfasker. Svo lýsi jeg hjermeð landamerkjum að eignar og ábúðarjörð minni Brattaholti:

Fyrst frá vegatorfu ræður Sandá til Hvítár svo ræður Hvítá að Launfitargili, úr Launfitargilsbotni til móts við Gýgjarhólsland beint í Stein á austur Nónöxl, þaðan beint yfir fjall í vörðu á vesturbrún Gýgjarhólsfjalls þaðan beint í Jarðfall við grafkeldu þaðan beint í vörðu á holti við Gegnir til móts við Kjóstastaðaland ræður Gegnir upp í botn úr Gegnisbotni beint í Steinsholt, til móts við Hólaland beint úr Steinsholti í Skirvaðstorfu úr Skirvaðstorfu beint í Norðlingahól þaðan beint í Þrístaina þaðan beint í Vegatorfu við Sandá.⁸

Bréf þetta var lesið upp á manntalsþingi 14. júní sama ár. Landamerkjalýsingu Brattholts var samdægurs mótmælt í nafni Bræðratungukirkju með svofelldum orðum:

1 Sbr. skjal nr. 314 (2).

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 668. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 39-40.

3 Björn Lárússon 1967, s. 111.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 279.

5 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 67. Sbr. skjal nr. 177.

6 *Jarðatal* 1847, s. 68. *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

7 Skjal nr. 169.

8 Sýsluskrifstofan á Selfossi. Þinglýsingabók O, nr. 5.

Jeg undirritaður [Þorst. Þórarinsson frá Drumboddsstöðum] neita hjermeð að Bræðratungukirkja, eða nokkur fyrir hennar hönd, hafi nokkurntíma eftirlátið hr. Tómasi Tómassyni, bónda að Brattholti í Biskupstungum, eða nokkrum öðrum, svonefnda Tunguheiði, eða nokkuð annað af itökum þeim og landsnyttjum, er kirkjan hefir átt og á enn að lögum. Fyrir því mótmæli jeg landamerkjabrjefi því, er hr. Tómas Tómasson hefir samið fyrir jörðina Brattholt, útgefnu 7. júní 1918.¹

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Brattholti frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Árið 1945 eignaðist ríkissjóður Íslands Gullfoss en jörðin var áfram í einkaeign. Árið 1974 fékk ríkissjóður Íslands forleigu- og forkaupsrétt að landi við Gullfoss (með fram Hvítárgljúfri) og 11. desember 1976 eignaðist Náttúruverndarráð þetta landsvæði. Ári síðar, 10. nóvember, arfleiddi Einar Guðmundsson systurson sinn, Njörð Marel Jónsson, að þeim hluta jarðarinnar sem þá var eftir.²

6.4. Brú

Jörðin var í eigu Skálholtsdómkirkju samkvæmt jarðabók 1597.³ Hún var metin á 16 hndr. og 160 álnir í jarðabókinni 1686 en 13 hndr. og 40 álnir í jarðabókinni 1695.⁴ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er jörðin ekki tíunduð enda um stólseign að ræða sem yfirleitt voru undanþegnar opinberum gjöldum.⁵ Á heyjum var hægt að fódra 8 kúa þunga en um hagabeit og afrétt er ekki getið. Jörðin var metin á 26 hundruð þegar hún var slegin Sveini Magnússyni í Steinsholti 14. maí 1798 á uppboði Skálholtsjarða.⁶ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var jörðin 17 hndr.⁷

Landamerkjabréf jarðarinnar er frá 5. júní 1885:

Brúarlækur ræður framan frá Fljóti að sunnanverðu allt að upptökum hans [sic] hjá Vörðu efst í Skammakeldu, og þaðan beint að Vörðu í Lágumýri, og þaðan beint vestur í Markagilsbotn; svo ræður Markagil vestur að Fljóti og Fljótíð fram að Brúarlæk. Hólmar sem eru í Fljótinu móts við Brúarland teljast eign jarðarinnar, og nefnast Brúar- og Vaðhólmar.⁸

Landamerkjabréfinu var þinglýst 8. júní 1885 og samþykktu það ábúendur og eigendur eftirtalinnna jarða: Hóla, Kjóstastaða og Haukadals.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Brú frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Nokkur hluti jarðarinnar hefur nú verið seldur eða leigður út úr jörðinni undir sumarbústaði.⁹

6.5. Haukadalstorfa

Haukadalstorfa skiptist nú í eftirtaldir jarðir: Haukadal I, Haukadal II, Haukadal III, Tortu, Bryggju og Laug. Verður gerð nánari grein fyrir þessum jörðum síðar í kaflanum.

1 Sýsluskrifstofan á Selfossi. Þinglýsingabók O, nr. 6.

2 Skjöl nr. 314 (3), 171.

3 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 68.

4 Björn Lárusson 1967, s. 111

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 279

6 Skjal nr. 152. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 68. Þar er miðað við útgáfudag sölubréfs konungs, 8. september 1798 (sbr. *Jarðatal* 1847, s. 419).

7 *Jarðatal* 1847, s. 69. *Ný jarðabók* 1861, s. 24.

8 Skjal nr. 145.

9 Sbr. skjöl nr. 147, 314 (4).

Fyrstu ábúendur Haukadals voru landnámsmennirnir Þorbrandur Þorbjarnarson og Ásbrandur, sonur hans. Um sögu staðarins er lítið vitað fyrir en þar sest að búi Hallur Þórarinnsson, sennilega árið 1025. Talið er að Hallur hafi efnt til skóla í Haukadal og eru þekktustu lærisveinar hans Teitur Ísleifsson Gissurarsonar biskups í Skálholti og Ari Þorgilsson sem síðar ritaði Íslendingabók og Landnámu. Teitur tók við búi í Haukadal að Halli látnum og eru frá honum komnir Haukdælir sem næstu tvær aldir deildu völdum með Oddaverjum í Sunnlendingafjórðungi.

Elsti máldagi Haukadalskirkju er talinn vera frá 1269. Þar er ekki getið um aðrar eigur kirkjunnar en kvikfé og lausamuni.¹ Í máldaga frá fyrri hluta 14. aldar kemur fram að kirkjan átti fjórðung í heimalandi og er það staðfest í Vilkinsmáldaga frá lokum aldarinnar.² Kirkjan í Haukadal mun því upphaflega hafa verið bændakirkja. Samkvæmt heimildum frá 16. öld var kaupahlutinn (hlutur bóndans) þá kominn undir forræði biskups og hefur það sennilega gerst þegar á dögum Árna biskups Þorlákssonar á síðasta þriðjungi 13. aldar í svonefndum staðamáli.³ Um afréttareign kirkjunnar er ekki getið í máldögum frá miðöldum og ekki heldur í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá síðari hluta 16. aldar. Í máldaga Bræðratungukirkju frá þeim sama tíma kemur hins vegar fram að kirkjan þar átti afrétt „fjirrer nordann Votn. i mötz vid Skálholt. Torfastade. og Haukadal. Jafnmiked allar“. ⁴ Athyglisvert er að þetta skuli ekki vera tekið fram í máldaga Haukadalskirkju.

Haukadalur er skráður eign Skálholtsdómkirkju í jarðabókinni 1597.⁵ Hann var talinn 43 hndr. og 80 álnir í jarðabókinni 1686 en 40 álnum minna í jarðabókinni 1695 og hefur því verið mikil eign.⁶ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er Haukadalur ekki metinn til tíundar en getið er um þrjár hjáleigur í heimalandi og landskuld af þeim. Þetta voru hjáleigurnar Torta, Bryggja og Laug. Um Tortu er sagt að hún hafi verið byggð „í fyrstu fyrir nokkrum og 30 árum“, í Bryggju hafði verið búið í nálægt 50 ár þegar Jarðabókin var gerð en um Laug er einungis sagt að hún sé gömul hjáleiga frá Haukadal.⁷ Í Jarðabók Árna og Páls segir enn fremur að Haukadalur sé kirkjustaður og annexía frá Torfastöðum. Af hejnum heimajarðarinnar var hægt að fódra 18 kúa þunga. Þar við bættust hagbeitarlönd en um það segir svo: „Jörðin er víðlend og hagagóð á sumar. Vetrarríki er hjer mikið. Afrijet á kirkjan saman við Skálholts- Torfastaða- og Bræðratungu-kirkjur fyrir norðan Hvítá, en sá afrijetur hefur ei brúkaður verið í manna minni“.⁸

Þegar Haukadalur var sleginn Eiríki Sölmundarsyni í Hlíð í Eystrihreppi á uppboði Skálholtsjarða 1. október 1794 var jörðin metin á 59 hundruð.⁹ Sami dýrleiki, þ.e. 59 $\frac{1}{3}$, kemur fram í Jarðatali Johnsens 1847 að meðtöldum hjáleigunum Bryggju, Tortu og Laug. Sjálfst höfuðbólið, Haukadalur, var metinn á 24 $\frac{1}{3}$ hndr. Neðanmáls í Jarðatalinu er þessi athugasemd:

Stólsjarðabókin telur Haukadal allan 59 $\frac{1}{3}$ h. að dýrleika, með 2 h. 20 al. [álna] Isk. [landskuld], og er landskuldin sú sama eptir A.M. [Jarðabók Árna Magnússonar], sem telur alls 10 kúg. á heimajörðunni (þaraf 6 kirkju kúgildi), en jb. [jarðabók] 1760 $\frac{1}{2}$ (?) h. Isk. og 5 kúg.; hreppstjóri þar á móti skiptir greindum dýrleika niður á öll býlin, einsog hér er gjört, vegna yfirlitsins. ...¹⁰

1 Íslenskt fornbréfasafn 2, s. 61-62.

2 Íslenskt fornbréfasafn 2, s. 667-668. Íslenskt fornbréfasafn 4, s. 39-40.

3 Magnús Stefánsson, 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficalrettslige forhold i middelalderen*. 1. b. Bergen. S. 28, 123.

4 Íslenskt fornbréfasafn. 15. b. Reykjavík 1949. S. 648.

5 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 68.

6 Björn Lárusson 1967, s. 112.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 305.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 304.

9 Skjal nr. 140.

10 *Jarðatal* 1847, s. 69.

Í Nýrri jarðabók frá 1861 er jörðin ásamt hjáleigunum metin á 67,5 hndr.¹

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir um Haukadal að þar sé kirkjustaður og annexía frá Torfastöðum. Af heyjum heimajarðarinnar var hægt að fódra 18 kúa þunga. Þar við bættust hagbeitarlönd en um það segir svo: „Jörðin er víðlend og hagagóð á sumar. Vetrarriki er hjer mikið. Afrjett á kirkjan saman við Skálholts- Torfastaða- og Bræðratúngu-kirkjur fyrir norðan Hvítá, en sá afrjettur hefur ei brúkaður verið í manna minni.“²

Í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1646 er lýst landamerkjum Haukadals:

Landamerke, ad nordan J markagil fyrer framan Miðhliid og J Laugaa, rædur hun siidan sudureffter framm i Flíot, siidan Flíotéd uppepter ad Arbrandsa, Aarbrandsa rædur siidan til upptaka siidan Far það er geingur úr Sandvatni, siidan Sandvatn vestur J Almennings götur er liika kallast Norlingagötur, siidan þær götur frammepter fyrer vestan Sandfell, siondeiling [svo í texta] þaðan og J markagils Botn. Item a hún effter Herra Gysla Jonssonar Maaldaga er hann skrifar til Bræðratungu afrett fyrer nordann vötn J mots vid Skálholt, Torffastade og Bræðratungu Jafnmijked allar.³

Landamerkjabréf jarðarinnar frá 22. nóvember 1883 virðist koma heim og saman við landamerkjalyðsinguna í vísitásiubók Brynjólfs biskups:

Að norðan í Markagil fyrir framan Miðhlið, úr Markagili í Laugá, ræður hún svo fyrst suður eptir þar til hún rennur í Almenningssá sú á ræður eptir það fram í Fljót síðan Fljótið upp að Árbrandsá sú á ræður eptir það til upptaka. Síðan far það er rennur í hana úr Sandvatni fyrir norðan Árbrandshólma síðan Sandvatn, svo far það er í það rennur norður fyrir austur torfur svo beina línu að vestan við Torfurnar í skarðið fyrir austan Sjónarhóla, þaðan í Sandfarið fyrir framan Hestabrekku austur í Markagilsbotn.⁴

Landamerkjabréfið samþykktu eigendur og ábúendur Úthlíðar, Helludals, Neðradals og Hóla og var því þinglýst á manntalsþingi að Vatsleysu 26. maí 1884.⁵

Í gögnum málsins kemur ekki fram hvenær hjáleigurnar Bryggja, Laug og Torta voru gerðar að sérstökum jörðum. Þær eru skráðar sem jarðir í afsals- og veðmálabókum, Bryggja ekki síðar en 1918, Laug árið 1902 (þá að hluta til eign Landssjóðs Íslands) og Torta árið 1934.⁶ Árið 1938 seldu Sigurður Greipsson og móðir hans, Katrín Guðmundsdóttir, dönskum verkfræðingi, Kristian Kirk, jörðina Haukadal og eyðibýlið Bryggju að frátöldu landsvæði sem var utan tilgreinds svæðis samkvæmt afsalinu.⁷ Hið selda land innan markalínunnar var selt án nokkurrar takmörkunar á réttindum kaupanda yfir því vegna ítaka, óskipts lands eða annars og skrifuðu eigendur jarðanna Laugar og Tortu og ábúandi Laugar undir afsalið til marks um að þeir gerðu ekki á neinn hátt kröfur eða tilkall til réttinda yfir hinu selda landi. Einnig keypti verkfræðingurinn afmarkaðan hluta jarðarinnar Tortu.⁸ Tveimur árum síðar gaf hann Skógrækt ríkisins sinn hluta eignarinnar með afsali 15. júní 1940.⁹ Þessi hluti torfunnar nefnist nú Haukadalur I. Í afsals- og veðmálabókum er Sigurður Greipsson eftir þetta skráður eigandi Haukadals II.¹⁰

1 *Ný jarðabók* 1861, s. 24.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 304.

3 Skjal nr. 309 (2), sbr. skjal nr. 133.

4 Skjal nr. 118.

5 Skjal nr. 361.

6 Skjöl nr. 314 (5, 13, 17).

7 Skjöl nr. 127-128.

8 Skjal nr. 128.

9 Skjal nr. 129.

10 Skjal nr. 314 (8).

Skipti fóru fram á Haukadalsstorfu nokkru fyrir 1940 en þau munu ekki hafa verið viðurkennd af öllum aðilum.¹ Árið 1990 fóru fram skipti á sameignarlandi jarðanna Haukadals II, Bryggju, Lauga og Tortu sunnan skógræktargirðingar um land Haukadals I.² Næsta ár var síðan tekið til við að skipta sameignarlandi því sem fallið hafði til eigenda Haukadals II og Tortu við skiptin 1990.³ Landskipti jarðarinnar Tortu voru gerð 19. desember 1997.⁴

Árið 1966 var reist iðnaðar- og garðyrkjubýli í landi Haukadals, suðaustan við hverasvæðið, og var það nefnt Haukadalur III.⁵ Landbúnaðarráðuneytið viðurkendi það sem lögbýli með yfirlýsingu 24. febrúar 1994.⁶

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Haukadal frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og eftir andlát Sigurðar Greipssonar og konu hans skiptist hinn óseldi hluti Haukadals milli erfingja þeirra. Sá hluti jarðarinnar Tortu, sem ekki komst í eigu ríkisins, hefur einnig verið framseldur með hefðbundnum hætti og verið veðsettur.⁷

6.6. Helludalur

Helludalur var eign Skálholtsdómkirkju samkvæmt jarðabókinni 1597.⁸ Hún var talin 20 hndr. bæði í jarðabókinni 1686 og 1695 en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleikinn sagður óviss enda voru stólsjarðir ekki tíundaðar til skatts.⁹ Fóðrast kunni 9 kúa þungi á heyjum jarðarinnar en jörðin lá þá undir skemmdum vegna skriðufalla. Í stekkatúni heimajarðarinnar hafði áður verið hjáleigan Helludalskot en hún hafði legið í eyði í 9 ár þegar Jarðabókin var gerð.

Helludalur var seldur á uppboði Skálholtsjarða 17. júní 1790 og var þá talinn 30 hundruð að dýrleika.¹⁰ Í Jarðatali Johnsens 1847 er jörðin sögð 30 $\frac{1}{3}$ hndr. en 25 hndr. í Nýrri jarðabók 1861.¹¹

Landamerkjabréf jarðarinnar er dagsett 5. júní 1885 og var því þinglýst daginn eftir:

Markagil fyrir norðan Giljatungur sem ræður uppá fjallsbrún (við Neðradalsland) þaðan stefnu í stóran stein sem nefnist Blesi á Bjarnarvöllum og niður í Sandfar sem ræður norður móts við Hestabrekkur (við Úthlíðarland) þaðan stefnu austur með Hestabrekkum, sem liggja framan í Sandfelli austri Markagilsbotna fyrir framan Miðhlíð þaðan Gilið niður í Laugá (við Haukadalsland) þaðan Laugá að Markagili.¹²

Landamerkjabréfið samþykktu eigendur og ábúendur Neðradals, Haukadals og Úthlíðar.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Helludal frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.¹³

Árið 1963 var nýbýlinu Helludal II skipt úr úr aðaljörðinni en nafntökuleyfi hafði verið þinglýst 12. nóvember 1962.¹⁴

1 *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 83, 84, 89.

2 Skjal nr. 118.

3 Skjal nr. 136.

4 Skjal nr. 122.

5 *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 88.

6 Skjöl nr. 120 (d) og 134.

7 Skjöl nr. 314 (8, 17, 21).

8 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 68.

9 Björn Lárússon 1967, s. 112. *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 306.

10 Skjal nr. 114.

11 *Jarðatal* 1847, s. 69. *Ný jarðabók* 1861, s. 24.

12 Skjal nr. 107.

13 Skjal nr. 314 (9).

14 *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 91. Skjöl nr. 105 og 314 (9).

Árið 1998 voru báðar jarðirnar, Helludalur I og II, seldar sama aðila, að undanskildum átta lóðum og spildu sem áður hafði verið ráðstafað, og án bústofns, véla og framleiðsluréttar.¹

6.7. Hólar

Hóla er getið í máldaga frá fyrri hluta 14. aldar og var þá bænhús á jörðinni sem þjónað var frá Haukadál. Auk tíundar greiddu ábúendur Hóla fast gjald til sóknarkirkjunnar í Haukadál, annaðhvort 20 álnir vaðmáls á vor eða sauð tvevetran. Þessi greiðsluskylda hélt óbreytt allar miðaldir.²

Hólar voru 20 hndr. jörð samkvæmt jarðabókunum 1686 og 1695.³ Sami dýrleiki er skráður í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en jafnframt tekið fram að jörðin sé ekki tíunduð fyrir meira en 15 hundruð. Sennilega hefur það verið vegna landryrnunar við Heklugos. Frá því er greint að jörðin hafi verið landmikil og hagagóð á sumar „en landið er nú stórum uppblásið og forðjarfað af sandfoki, og ágjörst þetta meir og meir ár eftir ár, svo stórs skaða er af von eður auðnar með tíðinni“. Á heyjum jarðarinnar var hægt að fódra 8 kúa þunga „nú sem stendur“, eins og komist er að orði í Jarðabókinni.⁴ Í Jarðatali Johnsens eru Hólar sagðir 20 hndr. en í neðanmálgrein er þess getið að í jarðamatinu 1803 séu þeir skráðir 10 hndr. og undir það hafi hreppstjóri tekið.⁵ Samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 voru Hólar 17 hndr. að dýrleika.⁶

Landamerkjabréf Hóla er dagsett 21. maí 1884 og samþykktu það ábúendur og eigendur eftirtalinna jarða: Brattholts, Brúar, Kjóstaða og Haukadals. Bréfinu var þinglýst á manntalsþingi að Vatnsleysu 26. maí 1884.⁷ Í bréfinu segir um mörk jarðarinnar:

Að suðvestan ræður landamerkjum Markagil frá Fljóti og austur Botn og úr Botni beint að vörðu í Lágumýri og þaðan beint í Steinsholt og svo þaðan inneptir og inn að Vörðu hjá Nigræðislæk við Skirvaðstorfur enda svo þaðan um að vörðu á Grjótöldu fyrir innan Nigræði vestan til við götur, svo ráða götur inn að Sandá og Sandá að norðan vestur í Sandárdrög að fyrstu upptökum hennar og svo beint fram fyrir vestan Brúntorfur fram að upptöku Ásbrandsár og svo ræður hún fram að Fljóti og Fljót fram að Markagili.⁸

Hólar eru efsta jörð í Biskupstungnahreppi og var búskapur þar nokkuð stopull framan af 20. öld. Jörðin var t.d. í eyði á árunum 1930-1931, 1934-1942 og 1952-1953.⁹ Að öðru leyti benda heimildir ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Hólum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálalabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Árið 1959 keypti Biskupstungnahreppur jörðina „og lagði hana undir afrétt“.¹⁰ Um mörk jarðarinnar var þá vísað til fyrrnefnds landamerkjabréfs frá 21. maí 1884.¹¹

6.8. Kjóstaðir

Kjóstaðir voru fremur lítil jörð samkvæmt jarðamati. Hún var metin til 12 hundraða við jarðaskipti 1554 en talin 13 hndr. og 80 álnir 1686 og 10 hndr. árið 1695.¹²

1 Skjöl nr. 108, 109, 314 (9).

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 667-668. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 39-40. *Íslenskt fornbréfasafn*. 12. b. Reykjavík 1923-1932. S. 660.

3 Björn Lárusson 1967, s. 111.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 277-278.

5 *Jarðatal* 1847, s. 68.

6 *Ný jarðabók* 1861, s. 24.

7 Skjal nr. 361.

8 Skjal nr. 181.

9 *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 79.

10 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 79.

11 Skjöl nr. 183, 314 (10).

12 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 740-741. Björn Lárusson 1967, s. 111.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er dýrleikinn óbreyttur, 10 hndr. Þar kemur fram að hægt hafi verið að fôðra 6 kúa þunga, væntanlega á heyjum heimajarðarinnar, en jörðin lá þá undir skemmdum eins og fleiri jarðir þar um slóðir: „Jörðunni tekur til að spilla sandfok norðan af heiðinni, er enn nú ekki til stórskemda, en sjáanlegt að með tíð muni meiri skaða gjöra. Svo spilti og Hekla jörðunni, þá hún gaus, og ber hún þess enn nú menjar.“¹ Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleiki Kjóastaða enn 10 hndr. en 13,9 hndr. samkvæmt Nýrri jarðabók 1861.²

Landamerkjabréf Kjóastaða er dagsett 4. júní 1885 og var því þinglýst 6. júní sama ár. Þar segir:

Úr Steinsholti beina stefnu í Vörðu sem að stendur vestur í Lágumýri, og úr henni í Skammarkeldubotn, svo ræður Brúarlækur og suður Kjóastaðatungusporð, svo ræður Kjóastaðalækur austur í Krók við Fótaholtstaglið og svo úr þeim krók beina stefnu í vörðu, sem að stendur á Grjótbrún við Gegnir, svo ræður Gegnir mörkum uppí Botn, og úr honum beint í Steinsholt.³

Landamerkjabréfið samþykktu ábúendur Hóla, Brattholts, Brúar og Gýgjarhóls.

Árið 1983, 11. apríl, afsöluðu eigendur Kjóastaða austurhluta jarðarinnar í hendur sonar síns. Í því sambandi var vísað til landskiptagerðar í maí 1979 en ári síðar fengu Kjóastaðir II nafntöku-leyfi.⁴ Heimildir benda því ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Kjóastöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur og fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

6.9. Miðhús

Miðhús var eign Skálholtskirkju 1597.⁵ Jörðin var talin 23 hndr. og 80 álnir að dýrleika árið 1686 en 23 hndr. og 40 álnir árið 1695.⁶ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleikinn sagður óviss enda um kirkjueign að ræða sem ekki var tíunduð til skatts. Kvikfænaður árið 1709 var 5 kýr, 3 kvígur, 2 naut, 1 kálfur, 40 ær, 20 sauðir, 20 lömb, 4 hestar og 1 hross. Á heyjum var hægt að fôðra 6 kúa þunga. Engjar voru litlar, að sögn, en Miðhús átti engjaitak í Úthlíðarlandi mót heytorfsskurði Úthlíðar í Miðhúsalandi. Ekki er í Jarðabókinni getið um afrétt eða útigang.⁷

Miðhús var selt Jörundi Ólafssyni í Landakoti á Álftanesi á stólsjarðauppboði 16. júní 1790. Jörðin var þá metin á 34 hndr. og 40 álnir. Fyrir uppboðið gerði biskupinn, Hannes Finnsson, þá atugasemd að Skálholti tilheyrði frá gamalli tíð selstaða í Hrúthaga.⁸ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var Miðhús 23, 4 hndr.⁹

Landamerkjabréf Miðhúsa var undirritað 22. október 1883 og samþykkt af hálfu Úthlíðar og Brekku. Bréfinu var þinglýst á manntalsþingi að Vatnsleysu 26. maí 1884.¹⁰ Þar segir um landamerkin:

Frá vörðu sem stendur á Andarlæksbakka í Markarima, í þúfu á Ásnum við veginn þaðan að Lambhagalæk síðan ræður lækurinn að upptökum hans við jarðbrúna þar sem þjóðvegurinn er, þaðan í syðsta Gamla Hólinn svo í Blesá og í Hrútána við upptök Seljamýrar.

Þessi mörk aðskilja Miðhúsa og Brekkuland en á milli Úthlíðar og Miðhúsa úr vörðu sem er á Als-

1 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 279.

2 *Jarðatal 1847*, s. 69. *Ný jarðabók 1861*, s. 24.

3 Skjal nr. 156.

4 Skjöl nr. 158, 159 og 314 (12).

5 *Kirkjueignir á Íslandi 2*, s. 69.

6 Björn Lárusson 1967, s. 113.

7 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 310.

8 *Þjóðskjalasafn Íslands*. Rtk. 22.2. 185-1790: Uppboðsbók Skálholtsjarða. Sbr. skjal nr. 26.

9 *Jarðatal 1847*, s. 69. *Ný jarðabók 1861*, s. 24.

10 Skjal nr. 361.

holtsenda þaðan beina leið [í] Djáknaklett þaðan í vörðu á Fögrubrekku svo sjónhending framan til í Holtamannahóla í Kálfana móts við Árnarhól.¹

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Miðhúsum frá því að jarðarinnar er fyrst getið og til ársins 1946. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Árið 1952 hófst búskapur að nýju á jörðinni.²

6.10. Neðridalur

Neðridalur var eign Skálholtsdómkirkju samkvæmt jarðabók 1597.³ Jörðin var metin á 30 hndr. í jarðabókinni 1686 en 23 hndr. og 40 álnir í jarðabókinni 1695.⁴ Dýrleikinn er sagður óviss í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 enda um stólseign að ræða sem ekki var tíund-uð til skatts. Kvikfénaður var þá 9 kýr, 2 kvígur, 2 naut, 1 kálfur, 35 ær, 22 sauðir, 12 lömb, 3 hest-ar, 1 foli og 5 hross. Á heyjum var hægt að fýðra 9 kúa þunga. Í Jarðabókinni er ekki getið um af-rétti eða hagbeitarlönd en yngri heimildir greina frá því að landið sé skjólgott, sumarhagar góðir og vetrarheit nokkur.⁵

Neðridalur var seldur ábúanda jarðarinnar, Stefáni Þorsteinssyni, á stólsjarðauppboði 17. júní 1790. Jörðin var þá metin á 34 hndr. og 80 álnir.⁶ Sami dýrleiki er á jörðinni í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er hún talin 25,4 hndr.⁷

Landamerkjabréf Neðradals er dagsett 5. júní 1885 og samþykkt af hálfu jarðanna Haukadals, Austurhlíðar, Múla og Úthlíðar. Bréfinu var þinglýst 6. júní sama ár:

Við Haukadalsland, Almenningsá og Laugá að Markagili fyrir norðan Giljatungur sem ræður uppá fjallsbrún (móts við Helludalsland), þaðan stefnu í stóran Stein sem nefndist Blesi á Bjarnarvöllum og niður í Sandfar, sem ræður fram á móts við Valahnúk; þaðan sömu stefnu austur með fjallarótinni (við Austurhlíðarland) í Fögrulágarbotn efri, ofaneptir henni í Stakksárbotna, svo ræður hennar farvegur niðurlá Eyrar (við Múlaland) þaðan stefna niður í Almenningsá.⁸

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Neðridal frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁹ Árið 1993 var jörðin seld hluta-félaginu Neðridal en það var í eigu ábúenda jarðarinnar, Jóns Þ. Einarssonar og Aðalheiðar Guð-mundsdóttur, og sona þeirra.¹⁰

6.11. Tunguheiði (Bræðratunga)

Í máldaga, sem talið er að Jón biskup Halldórsson hafi sett 1331, segir um kirkjuna í Bræðratungu: „Anndres kirkia j tunngu a suo mikid j heimalanndi sem prestz skylld heyrer.“¹¹ Sams konar orðalag

1 Skjal nr. 16.

2 Skjöl nr. 17 (b), 18 og 314 (12).

3 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 70.

4 Björn Lárusson 1967, s. 113.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 307. *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 94.

6 Skjal nr. 103. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 70. Þar er miðað við útgáfu sölubréfs konungs, 8. september 1798 (sbr. *Jarðatal* 1847, s. 419).

7 *Jarðatal* 1847, s. 69. *Ný jarðabók* 1861, s. 24.

8 Skjal nr. 95.

9 Sbr. skjal nr. 314 (15).

10 Skjöl nr. 93 og 97.

11 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

er í Vilkinsmáldaga frá 1397.¹ Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá síðari hluta 16. aldar er eignarhlutur kirkjunnar í heimalandi enn óbreyttur en nánar er kveðið á um eignir hennar: „afriett fjirer nordann Votn. I mötz vid Skálholtt. Torfastade. og Haukadal. Jafnmiked allar. Skögartungu vnder Bláfelle og annann ä Burfellz halse. heide alla fjirer sunnann gautu ä mötz vid Höla.“² Um yfirráð heiðarinnar varð síðar ágreiningur við eigendur Brattholts (sjá kafla 6.3.). Af máldögnum má ráða að kirkjan hafi verið bændakirkja en jafnframt alkirkja, þ.e. með fulla messuskyldu, og hefur kirkjan því átt að eiga svo mikið í heimalandi sem nægði til að greiða heimaprestinum lögboðin laun. Þau námu á þessum tíma 192 álum og ef við það er miðað, eins og venja var, að fasteign hafi gefið af sér 10% arð mun hlutur kirkjunnar í heimalandinu hafa verið 16 hundruð hið minnsta. Venjulega var þó ætlast til að samanlagðar eignir alkirkju við stofnun hennar væru ekki minni en 25-30 hundruð. Þess má geta að þegar Magnús Sigurðsson keypti Bræðratungu 1687 var jörðin talin 80 hundruð og hafa sennilega fáar jarðir verið meira metnar.³ Sami dýrleiki er tilgreindur í jarðabókunum 1686 og 1695 og einnig í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) „svo vítt jörðin fer kaupum og sölum“, eins og komist er að orði.⁴

Í Jarðabók Árna og Páls er skýrt frá því að kirkjan sé alkirkja og annexía frá Torfastöðum. Enn fremur segir: „Jörðin á mikið land, en tekur mjög svo að blása þar sem Túnguheiði heitir. Afrjett á kirkjan saman við aðrar kirkjur fyrir norðan Hvítárvatn. Skógarpart hefur kirkjan átt undir Bláfelli, en sá skógur er nú gjörsamlega eyddur.“⁵ Nokkrar hjáleigur eru nefndar sem eignaðar voru Bræðratungu: Galtalækur (sögð gömul hjáleiga), Krókur (fyrst byggður fyrir um 60 árum en í eyði legið á sjötta ár), Ásakot öðru nafni Stöðlakot (fyrst byggt fyrir 80 árum), Halakot (eldri hjáleiga en nokkur til mundi en hafði í eyði legið á þriðja ár), Lambhússkot, öðru nafni Gerðakot (byggt fyrir um 60 árum) og Fjósakot (byggt fyrir um 50 árum en hafði í eyði legið í 18 ár).

Í Jarðabók Árna og Páls er sérstök grein um byggð á Tunguheiði:

Tungu Sel, öðru nafni kallað Gamla Sel. Heitir í Bræðratungu landi því sem Túnguheiði nefnist, og er þetta Túngusel fyrir norðan alla bæina í Eystri Túngu. (Tunguheiði er fráskilin frá heimalandi jarðarinnar, og liggja þar á milli lönd þeirra jarða, sem standa vestan til við Hvítá, í Eystri Túngu).

Í þessu Túngufelli, (sem fyrrum hafði verið selstaða), reisti byggð fyrir nokkrum og 50 árum Þorkell nokkur (sá sami sem síðar bygði Búðartungu í Ytra Hreppsmanna afriett) og bjó þar í eitt eður tvö ár. Eftir hann bjó þar annar maður í eitt eður tvö ár (kannske býlið hafi legið í eyði nokkur ár á milli), síðan eyðilagðist þetta býli og eru síðan 40 ár, eður vel svo, og hefur þar ekki síðan búið verið, er og öldungis óbyggjandi, því landið um kríng er alt upplásið, var og aldrei byggilegt, því túnið var aldrei neitt og útheys slægjur ekki nema fjallaóberjur.⁶

Varðveitt er lögfesta fyrir Tunguheiði, dagsett 20. maí 1829:

Lögfesta fyrir Túngukyrkju ítaki, Túnguheidinni:

Sem Proprietair ad Bræðratungukyrkiu, lögfesti eg hér í dag þeirrar Kyrkiu Land, svo kallada Tunguheiði, móts vid Höla í Biskupstúngum, sem er allt það pláts millum Sandár ad nordan og Brattholtsgils ad sunnan, millum Hvítár ad austan, en Nordlendingagatna ad vestan, fyrirbyd eg öllum mönnum

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 40.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

3 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*. Útdrættir. Reykjavík 1993. S. 12.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 285. Björn Lárusson 1967, s. 111.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 286-287.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 277.

brúkun edur yrking þessa Lands, undir vidliggiandi sektir, utan mitt leyfi hafi. Ad geimdum þeim tilkalls-Rétti er nærliggiandi jarda ábúendur hafa bakad sér, med óheimildri brúkun og spilling þess lands, ad undanfögnu. Til merkis mitt nafn ad Stóraármóti þann 20ta Maii 1829. J. Johnsen.

Upplesid fyrir Manntals-Pings-Réttinum á Vatsleysu-Pingstad þann 21ta Maii 1829. Testr. ThSveinbiörnsson.¹

Í Jarðatali Johnsens 1847 er Bræðratunga skráð sem bændaeign og 40 hndr. að dýrleika en með hjáleigunum Halakoti, Lambhúskoti, Ásakoti, Galtalæk og Króki för dýrleikinn upp í 85 hndr. en samkvæmt Nýrri jarðabók var jörðin í heild 95,3 hndr.²

Eins og áður er getið (sjá kafla 6.3.) kom til ágreinings á fyrstu áratugum 20. aldar milli eiganda Brattholts og forráðamanna Bræðratungukirkju um eignarréttinn að Tunguheiði. Með bréfi, dags. 11. september 1975, för lögmaður sóknarnefndar Bræðratungukirkju þess á leit við sýslumanninn í Árnessýslu að gefin yrði út eignardómsstefna til staðfestingar á eignarrétti kirkjunnar að því landi sem nefndist Tunguheiði. Eignardómsstefnan var gefin út 22. október sama ár. Málið var þingfest 27. janúar 1976 og tóku þá til varna Biskupstungnahreppur og fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og kirkjumálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Laugardaginn 23. febrúar 1980 var kveðinn upp dómur í skrifstofu sýslumannsins á Selfossi þar sem viðurkenndur var eignarréttur Bræðratungukirkju að Tunguheiði. Til andmæla voru Biskupstungnahreppur annars vegar og hins vegar fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og kirkjumálaráðherra f.h. ríkisins. Landamerkjum Tunguheiðar er þannig lýst í dóminum:

Umrætt land er ofan núverandi byggðar í Biskupstungum. Suðurmörk þess eru um svonefnt Brattholtsgil, er gengur í Hvítá skammt norðan við Gullfoss, og síðan bein lína úr gilbotninum í tiltekinn stein við Kjalveg. Vesturmörkin eru bein lína úr síðastgreindum steini í svonefndan Vegatorfustein, sem er nokkuð austan Kjalvegar, og þaðan bein lína um austurjaðar austustu tjarnarinnar í svokölluðum Réttardælum allt norður í Sandá. Að norðan ræður svo Sandá, en Hvítá að austan.

Í reifun málsins kom fram að 31. des. 1899 hefði söfnuðurinn fengið umsjón og fjárhald kirkjunnar af kirkjubónda samkvæmt heimild í lögum nr. 13/1882. Taldi dómurinn ósannað að við það hefði Tunguheiði verið tekin af Bræðratungukirkju. Jörðin sjálf, að undanskildum eignum kirkjunnar, hefði gengið kaupum og solum uns hún var seld ríkissjóði árið 1936. Niðurstæða dómsins var því sú að viðurkenndur skyldi eignarréttur Bræðratungukirkju að landsvæðinu Tunguheiði.³

6.12. Úthlíðartorfa

Úthlíðartorfa skiptist nú í eftirtaldir jarðir: Úthlíð I, Úthlíð II, Stekkholt og Hrauntún. Verður gerð nánari grein fyrir þessum jörðum síðar í kaflanum.

Í elsta máldaga Úthlíðar, sem talinn er vera frá 1331, segir á þessa leið: „Mariukirkja j hlyd ä heima lannd hälftr med gognnum oc giædum.“ Aðrar jarðeignir eru ekki tilgreindar.⁴ Í lok aldarinnar, 1397, var gerður annar máldagi sem er að finna í máldagasafni Vilkins biskups í Skálholti.⁵ Þar er eignarhlutur kirkjunnar í heimalandi hinn sami og áður. Kirkjan virðist því hafa verið bændakirkja. Það fól í sér að bóndinn, en ekki umboðsmaður biskups, hafði umsjón með eignum kirkjunnar og hefur sennilega einnig ráðið til hennar prest í samráði við biskup. Bóndinn varð þó að halda

1 Skjal nr. 309 (14).

2 *Jarðatal* 1847, s. 68. *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

3 Skjal nr. 191. Í dóminum er salan sögð hafa farið fram 1933 en 1936 skv. Veðbók V-129 úr Árnessýslu.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 670.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 38.

eignum sínum og kirkjunnar aðgreindum og gera biskupi grein fyrir þeim þegar þess var óskað. Í Vilkinsmáldaga kemur enn fremur fram að í Úthlíð skyldi vera prestur og djákni. Kirkjan hefur því verið alkirkja, þ.e. sóknarkirkja með fulla messuskyldu, og vel stöndug.

Í máldagabroti frá miðri 16. öld, að talið er, bregður svo við að kirkjan er orðin eigandi að heimalandi öllu með gögnum og gæðum.¹ Samkvæmt bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar var Úthlíð ein af leigujörðum frá Skálholti. Þetta bendir til að Úthlíð hafi verið „inkorporerud“ í Skálholtsbiskupsstól einhvern tímann eftir að Vilkinsmáldagi var gerður og eigi síðar en um miðja 16. öld því að árið 1597 var hún skráð sem eign Skálholtskirkju.² Slíkt gat t.d. gerst ef bóndi komst í vanskil við kirkju sína og tregðaðist við að greiða skuldina. Bóndahlutinn var þá annað hvort lagður undir heimakirkjuna eða „innlimaður“ í jarðeignasafn biskupsstólsins eins og gerst hefur í þessu tilviki. Þetta hafði þó engin áhrif á hlut kirkjunnar í heimalandi. Hún átti áfram helminginn eins og staðfest er í vísitásiubókum biskupanna Brynjólfs Sveinssonar, Finns Jónssonar og Steingríms Jónssonar.³

Úthlíð var 40 hndr. jörð samkvæmt jarðabókunum 1686 og 1695.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Biskupstungur var gerð 1709. Þar segir um Úthlíð að hún sé eign Skálholtsdómkirkju og annexia frá Miðdal. Jarðardýrleikinn er sagður óviss enda var ekki greidd tíund eða önnur afgangi af stólseignum nema þá helst fátækra. Um jörðina að öðru leyti er m.a. greint frá því að þar megi fódra 14 kúa þunga (á heyjum heimajarðar), að hún sé „víðlend og hagagóð á sumar“, skógur hafi verið góður „en er nú mjög eyddur síðan Hekla gaus“. Heytorfsskurð átti jörðin í Miðhúsalandi en Miðhús á móti engjaitak í Úthlíðarlandi. Tvær hjáleigur voru í Úthlíðarlandi, *Hrauntún*, sem hafði legið í eyði þrjú ár, og *Stokkholt* sem einnig var nefnd *Stakkholt* eða *Stekkholt* og var í byggð.⁴

Elsta landamerkjalyýsing Úthlíðar virðist vera vitnisburður Jóns Þórðarsonar sem skráður er í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 3. febrúar 1646.

Landamerki jarðarinnar „að hefðarhaldi“ voru þessi samkvæmt lýsingu Jóns:

...vestan ad mille Midhúsa og Hliidar fra diaknasteine og sionhending J Fögrubrecku fyrer nordan Hruthagasel. Þadan og ut í Kaalfaa, so rædur Brúara ad upptökum vestur a midian rótasand, þadan sionhending nordur J Hagavatn, siidan þad vatsfall er kallad er far, er rennur ur Hagavatne og J Sandvatn allt ad almennings veige kölludum Nordlingagötu, raada siidan götur þær J Hniifagilsbotna, og þadan Hniifagil ad Stockholtskieldu upptökum, enn Kieldan sydan austur J vautn, sydan rada vötnen vestur ad Graflæk, og Graflækurin vestur á lækiamót ad þeim læk er kallast andalækur, rædur andalækur siidan sionhending J diaknaklett ad austan.⁵

Úthlíð var ein þeirra Skálholtsjarða sem boðnar voru upp í júní 1790 en tilboð barst ekki. Árið 1798 keypti Valgerður Jónsdóttir, ekkja Hannesar biskups Finnssonar, jörðina Úthlíð og lögfesti hana 19. maí 1800 á manntalsþingi með sömu landamerkjum og lýst er í vísitásiubók Brynjólfs biskups.⁶ Síðari eiginmaður Valgerðar, Steingrímur Jónsson biskup, vísitaraði Úthlíðarkirkju 18. ágúst 1829 og lét færa til bókar fyrrgreind landamerki.⁷ Þegar Valgerður eignaðist Úthlíð var jörðin

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 661.

2 Magnús Stefánsson 2000, s. 134-135, 328. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 71.

3 Skjöl nr. 66, 309 (4).

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 309-310.

5 Skjal nr. 309 (3), sbr. skjal nr. 66 sem er uppskrift Páls Lýðssonar. Sjá ennf. skjal nr. 309 (4) en þar er samhljóða landamerkjalyýsing í vísitásiubók Finns biskups Jónssonar 8. okt. 1756.

6 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 71. Þjóðskjalasafn Íslands. Rtk. 500: Bók um seldar jarðir Skálholtsstóls. Sbr. skjal nr. 309 (10), sbr. skjöl nr. 45 (1-2) og ennf. nr. 46 og 63 í uppskrift Páls Lýðssonar.

7 Skjal nr. 66, uppskrift Páls Lýðssonar.

ásamt hjáleigunni Stekkholti metin á 55 hndr. og 40 álnir og hélst sá dýrleiki óbreyttur þar til Ný jarðabók var gefin út (1861). Reyndist Úthlíð ásamt hjáleigunum Stekkholti og Hrauntúni þá vera 65,9 hndr.

Enda þótt Skálholtsdómkirkja hafi, eins og áður greinir, eignast bóndahluta jarðarinnar á sínum tíma og biskup farið með forræði hennar allrar, verður að líta svo á að kirkjan hafi haldið sínum hlut í heimalandi ásamt öðrum eignum. Valgerður Jónsdóttir hefur þá samkvæmt því fengið kirkjuna og eignir hennar með í kaupunum enda var heimilt að selja bændakirkjur án sérstaks leyfis yfirvalda með því skilyrði að eignum þeirra væri ekki sundrað.¹

Árið 1841 seldi Steingrímur biskup Þorsteini Þorsteinssyni „akuryrkjumanni“ jörðina Úthlíð:

... nefnda jörd einsog hún framast hefur komid i mína Eign eptir fyrrverandi Skálholts biskupsstóls jardasöluskilmálum, 55 hundrud 40 álnir ad dýrleika, nú med 6 Kúgildum, hvari innilykjast 4 KirkjuKúgildi, ásamt med öllum hennar gögnum og gjædum, Eignum og Jtokum, sem henni eptir máldögum, skjölum og lögfestum tilheyrr, ad þeim skilmála vidbættum, ad ábúendur Skálholts meigi árlega hafa frítt skógarhögg til Kolgjörðar (ekki nautabeit) i Uthlíðarhrauni, til egin Búsaudsynja ...²

Landamerkjabréf Úthlíðar var undirritað 14. maí 1885 og þinglýst 8. júní sama ár. Bændur og ábúendur á nágrennabæjum staðfestu bréfið auk eigenda og ábúenda Úthlíðar. Í bréfinu er vísað til vísitásiubóka biskupanna Brynjólfs Sveinssonar og Steingríms Jónssonar en jafnframt virðist ljóst að landamerkjalyðsingunni beri í öllum meginatriðum saman við áðurnefndan vitnisburð Jóns Þórðarsonar sem skráður er 1646:

Að vestan milli Miðhúsa og Úthlíðar, frá Djáknasteini sjónhending í Fögrubrekku miðja fyrir norðan Hrúthagasel úti Kálfá stefnu í Arnarhól sem ræður fram í Brúará, Brúará ræður að upptökum vestur á miðjan Rótasand, þaðan sjónhending norður í Hagavatn, síðan þaðan vatnsfall sem kallast Far og rennur úr Hagavatni í Sandvatn, úr Sandvatni móts við Haukadal sjónhending fyrir austan Sjónarhóla fram með Sandfelli beina stefnu í Hnífugilsbotn, móti Helludals, Neðradals og Austurhlíðarlöndum, svo ræður Hnífagil á móti Austurhlíð fram í Stekkholtskelduupptök, svo ræður nefnd Kelda suður í Arnarholtslæk, vestan Rústaflóð, síðan ræður Arnarholtslækur fram í vötn, svo ráða Vötnin vestur í Grafslæk, sem ræður að lækjarmótum á þeim læk sem kallast Andarlækur, síðan ræður hann þangað til að áðurnefndur Djáknasteinn stefnir í Fögrubrekku.³

Á uppboðsþingi í Árnessýslu 27. júní 1913 voru $\frac{2}{3}$ hlutar jarðarinnar Úthlíðar seldir ásamt „hjáleigunni“ Stekkholti.⁴ Ári síðar var fjórðungur Úthlíðar seldur ásamt „einum fjórða hluta í jörðinni Stekkholti“.⁵ Hrauntún er einnig skráð sem sérstök jörð í afsals- og veðmálalabók 1914.⁶

Árið 1961 var stofnað nýbýlið Úthlíð II og fékk það þriðjung lands Úthlíðar. Nafntökuleyfi var þinglýst 26. október sama ár.⁷

Landi Úthlíðartorfu neðan Andalækar var skipt við yfirlandskipti 15. maí 1965 og urðu eignarhlutföll jarðanna þessi: Úthlíðar 60%, Stekkholts 22% og Hrauntúns 18%.⁸ Reynt var að hnekkja þessari landskiptagerð en þeirri kröfu var hafnað með Hæstaréttardómi 1977 (H 1977 1220).

1 Sbr. bréf konungs 5. mars 1751 og 30. júní 1786. *Lovsamling for Island* 3, s. 66-68. *Lovsamling for Island* 5, s. 288-290.

2 Skjal nr. 309 (28).

3 Skjal nr. 37.

4 Skjal nr. 48.

5 Skjal nr. 49, sbr. skjal nr. 314 (16).

6 Skjal nr. 314 (11).

7 Skjöl nr. 52, 53, 54 (1-2) og 314 (18).

8 Skjal nr. 69. Sbr. skjöl nr. 297-300.

Í Úthlíð hefur verið búið frá því að landamerkjabréfið var gert 1885 ef frá eru skilin árin 1914-1916 þegar jörðin var í eyði. Hrauntún fór í eyði 1959 en í Stekkholti hefur búskapur haldist að mestu samfelld á umræddu tímabili.¹ Að öðru leyti benda heimildir ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Úthlíð frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.²

6.13. Biskupstungnaafréttur

Afrétti Biskupstungnamanna má skipta í tvennt. Annars vegar er það landsvæðið norðan Sandár að Hvítá og Hvítárvatni og er þessi hluti afréttarins kallaður Framafréttur. Hins vegar er „afréttur norðan vatna“, þ.e. norðan Hvítár og Hvítárvatns til afréttarmarka á Kili. Auk þess notar hreppurinn fyrir afréttarland jörðina Hóla svo sem áður er getið (sbr. kafla 6.7.). Í þessum kafla verða raktar helstu heimildir um Framafrétt annars vegar og afrétt norðan vatna hins vegar.

6.13.1. Framafréttur

Framafréttur mun vera hinn upprunalegi afréttur Biskupstungnamanna. Heimildir um hann eru fremur rýrar. Í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá um 1331 segir að hún eigi „skogar teig j sanndvatzhlyd“.³ Þetta er síðan endurtekið í Vilkinsmáldaga 1397 og í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570.⁴ Í Gíslamáldaga um Bræðratungu er greint frá því að kirkjan þar eigi „Skögar-tungu vnder Bláfelle og annann ä Burfellz halse“.⁵ Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Biskupstungur var skráð árið 1709 voru þessir skógar kirknanna „gjörsamlega“ eyddir.⁶

Í Jarðabók Árna og Páls er ekki farið mörgum orðum um afrétt Biskupstungnamanna. Þar er einungis vikið að honum þegar sagt er um Skálholt að jörðin eigi afrétt „í Tungnamanna afrjett á fjöllunum fyrir framan Haukadal, auk þeirra tveggja hagbeitar plátsa, sem brúkuð eru í Hestsfjalli og Arnesi, og á þó dómkirkjan þau bæði“.⁷ Í Jarðabókinni er einnig að finna þessa athugasemd:

Munnmæli eru, að byggð hafi verið langt fyrir norðan Haukadal og í kringum Bláfell, og hafi þá Haukadalur átt að standa svo sem í miðri sveit, en ekki vita menn nein bæjanöfnin. Standa og þessi munnmæli ekki á föstum fötum.⁸

Séra Björn Jónsson, prestur á Torfastöðum, minnst á afréttinn í sóknarlýsingu sinni 1840. Um takmörk sóknarinnar segir hann:

... að austan Hvítá, að sunnan Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir, að vestan og norðan Brúará og Úthlíðar-sókn, og til landnorðurs upp af Haukadalssókn er óbyggð, sem kallast Biskupstungnamannaafréttur.⁹

Þegar presturinn nafngreindir fjöll í umdæmi sínu tekur hann fram um Bláfell að það sé í Biskupstungnamannaafrétti. Loks er þessi lýsing hans á afréttarlöndum Biskupstungnamanna:

1 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 99-102.

2 Skjöl nr. 38 (1-4), 39 (1-2), 40, 42, 43, 48 (1-2), 49 (1-2), 50 (1-3), 51 (1-2), 55.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 287, 294.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 290.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 304.

9 *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps Anno 1703 eftir Hálfðan Jónsson*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979. S. 133.

«Afréttarlönd.» Upp af Haukadalssókn til landnorðurs liggur – eins og áður er um getið – Biskupstungnamannaafreittur, sem er almenningur, og halda þeir réttir sínar í Holtakotslandi í Úthlíðarsókn miðvikudaginn í 22ari viku sumars.¹

Í fasteignabók frá 1918 segir að hreppurinn eigi afrétt „allmikinn vestan Hvítár og Hvítárvatns að jöklum“ og jafnframt er tekið fram að vatnsréttindi hafi verið seld í Hvítá og Hvítárvatni fyrir afréttarlandinu.² Hér er verið að vísa til þess að í desember 1917 seldi hreppsnefnd Biskupstungnahrepps Gesti Einarssyni, bónda á Hæli, allan rétt til vatns og vatnsafls í Hvítá og Hvítárvatni í afréttarlöndum hreppsins og skyldi Gestur greiða fyrir þau réttindi 25.000 kr. Samningurinn var lesinn á manntalsþingi að Vatnsleysu 14. júní 1918. Við þennan kaupsamning gerði fulltrúi sýslumanns eftirfarandi athugasemd: „Af afsals- og veðmálabókum þeim, sem eru á skrifstofu sýslunnar, verður ekki sjæð að seljandi hafi þingl. eignarheimild fyrir hinu selda.“

Engar heimildir eru um það hvernig Biskupstungnahreppur eignaðist afréttinn vestan og sunnan Hvítár eða með hverjum hætti hann varð „almenningur“ eins og komist er að orði í fyrrnefndri lýsingu séra Björns Jónssonar.

Til er heildstæð landamerkjalyásing afréttarins, þó ekki yngri en frá 15. apríl 1979, og er hún undirrituð af þáverandi oddvita Biskupstungnahrepps, Gísla Einarssyni. Þar er Framafréttinum lýst með þessum orðum:

Framafrétturinn nefnist einu nafni allt afréttarlandið sunnan Langjökuls, frá Hagafelli austur að Hvítávatni og niður með Hvítá allt niður að Sandá. Hagavatn ræður mörkum milli afréttar Biskupstungnahrepps og Laugardals við Langjökul. Úr Hagavatni ræður Farið mörkum milli heimalanda og afréttar, þá Sandvatnið, og Sandá þaðan austur í Hvítá.³

Loks skal tekið upp það sem stendur í 2. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Árnessýslu austan vatna frá árinu 1996:

Afréttur Biskupstungnahrepps úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul og síðan að norðan svo langt sem vötn ráða, en að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá.⁴

Héraðsnefnd Árnesinga hefur staðfest að þessi lýsing fjallskilareglugerðar á Framafrétti Biskupstungnahrepps er röng og beri að fara eftir fyrrgreindri lýsingu oddvitans, dags. 15. apríl 1979.⁵

Eins og fram kemur í lýsingu oddvitans lágu mörk afréttarins við Hagavatn en ekki Hagafell. Vegna breytilegs veðurfars hafa skriðjöklarnir báðum megin Hagafells ýmist hlaupið fram eða hoptað og hefur það haft veruleg áhrif á stærð vatnsins. Af rannsóknum má sjá að fram undir aldamótin 1900 lá jökullinn yfir innsta hluta Brekknafjalla og suður að Einifelli. Ógreiðfært var því fyrir fé og menn að komast í Hagafell þar til hlaupin miklu úr Hagavatni urðu 1929 og 1939.⁶

6.13.2. Afréttur norðan vatna

Elsta heimild um afréttareign norðan vatna, þ.e. norðan Hvítár og Hvítárvatns, mun vera máldagi Torfastaða sem útgefandi Fornbréfasafnsins áætlaði að væri frá 1331. Þar stendur orðrétt: „Mariu kirkia at torfastöðum a heimaland allt med gögnum oc giædum. skogar teig j sanndvatzhlyd. afrett

1 *Árnessýsla* 1979, s. 136-137.

2 Sbr. skjal nr. 301.

3 Skjal nr. 198.

4 Skjal nr. 202 (14).

5 Skjal nr. 347.

6 Gísli Sigurðsson 1998, s. 217-228.

fyrir nordann votn.¹ Torfastaðir voru þannig staður í skilningi kirkjuréttar, þ.e. sjálfstæð kirkjustofnun. Þessi eign Torfastaða er síðan ítrekuð í Vilkinsmáldaga 1397 og máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570.² Í máldaga Bræðratungukirkju frá þeim sama tíma kemur fram að hún átti einnig afrétt fyrir norðan vötn „í mötz við Skálholt. Torfastade. og Haukadal. Jafnmiked allar“ (sbr. kafla 6.5. og 6.11.).³

Á afréttinum, við Jökulkvísl og Tjarnará, hafa fundist mannvistarleifar, sem sumir vilja hafa til marks um að afrétturinn hafi þegar í öndverðu verið eignarrétti undirorpinn. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er að finna þessa athugasemd:

Munnmæli eru, að byggð hafi verið langt fyrir norðan Haukadal og í kringum Bláfell, og hafi þá Haukadalur átt að standa svo sem í miðri sveit, en ekki vita menn nein bæjanöfnin. Standa og þessi munnmæli ekki á föstum fötum.⁴

Í Jarðabókinni er einnig haft eftir skjallefum mönnum að fyrrum hafi verið byggð í svonefndum Regnubúðum⁵ í Hvítárnesi milli Hvítárvatns, Hvítár og Jökulkvíslarinnar og víðar þar norður um hafi sést til rústa að sögn gamalla manna. Byggð þessi á að hafa eyðilagst „í einni stóru plágu“.⁶

Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi athugaði tvær rústir í Hvítárnesi en svo nefndi hann allt svæðið innan Jökulkvíslar og taldi sig finna skýr merki um bæjarstæði í annarri þeirra, milli Tjarnár og Svartár.⁷ Óvíst er þó um hvers konar rústaleifar var að ræða.⁸

Eins og áður er getið kemur fyrst fram í heimildum frá síðari hluta 16. aldar að Mariukirkjan á Torfastöðum hafi deilt afréttinum með þremur öðrum kirkjum, í Skálholti, Haukadal og Bræðratungu. Óljóst er hvernig kirkjurnar eignuðust afréttinn í öndverðu. Algengast mun hafa verið að eignir legðust til kirkna sem gjöf eða greiðsla vegna vangoldinnar tíundar. Kaup eða eignaskipti komu einnig til greina. Hugsanlegt er að afrétturinn hafi upphaflega verið tiltekið ítak sem síðar hafi fengið aukna merkingu. Í því sambandi má minna á það sem áður segir um skógarítök kirknanna í Bræðratungu og á Torfastöðum á Framafrétti. Í Jarðabókinni er enn fremur greint frá því að afréttur kirknanna hafi „ei brúkaður verið í manna minni“ sökum fjarlægðar.⁹

Í vitnisburði Jóns prests Oddssonar um landamerki Torfastaða 13. júlí 1456 og lögfestum jarðarinnar frá 19. öld er landamerkjum vandlega lýst en ekki er að sjá að þau hafi náð norður fyrir vötn.¹⁰ Hin sameiginlega afréttareign kirknanna var hins vegar ítrekuð og staðfest í vísitásiubókum biskupa og lögfestum á 17. og 18. öld.¹¹

Í fyrrnefndri sóknarlýsingu séra Björns Jónssonar á Torfastöðum 1840 segir um afrétt Biskups-tungnamanna að hann liggir upp af Haukadalssókn til landnorðurs og sé almenningur.¹² Féð mun þó hafa leitað inn á afrétt kirknanna allt þar til jökullinn féll fram í Hvítárvatn um 1800. Afréttur Biskupstungnamanna var þá orðinn hrjóstrugur og graslítill eins og lesa má um í bréfi Guðmundar Guðmundssonar í Bræðratungu til Steingríms Jónssonar biskups 4. maí 1844. Í bréfinu segir Guðmundur m.a.:

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 304.

5 Regnubúðir mun vera það sem Brynjúlfur Jónsson (1896) nefnir Hrefnubúðir (*Árbók Hins íslenska fornleifafjelags*. S. 13).

6 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 305.

7 Brynjúlfur Jónsson 1896, s. 11-13.

8 Einar Arnórsson 1950, s. 94. Gísli Sigurðsson 1998, s. 195.

9 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 304, sbr. s. 294.

10 Sbr. skjal nr. 309 (8).

11 Sbr. skjal nr. 309 (2, 8, 13).

12 *Árnessýsla* 1979, s. 136-137.

Ordsökin hvar fyrir eg tek mér þau friðheit að skrifa Ydar Háæruverðugheitum línur þessar er su: ad vegna Grasleisis og enda lítills lands á Biskupstúngnahrepps afrétti er örtröd í byggd ordin einkannlega í Austari tungunni fyrir laungu óþolandi um slattartímann af Fiallfénadí sídan skepnur fjölgudu.

Til ad reina til ad ráða bót á þessu hefi Eg bedid Velæruverðugann Prest minn Síra Björn á Torfastöðum jardeignar bændurnar Magnus Johnson a Austrhlið og Gudmund Eiríksson á Haukadal ad lofa Biskupstungna monnum ad reka fjallfienad sinn einkum Stóðhross Naut og svo saudfjed þegar búid væri ad koma á Reglugjórd til ad giora það sem hættuminnst í Land það fyrir Nordan Vötn sem til heirir kirkjunum á Torfastöðum Brædratungu og Haukadal og fjeck eg strags göðviljugt leifi til þessa Uppreksturs hjá nefndum 3ur mönnum. Nú er mér sagt ad Skálholts kirkja eigi ¼ af nefndu Landsplátsi og þar af flítr mín audmjúka bon þessi: ad Ydr þóknast vildi ad géfa mér og óðrum Biskupstungna mönnum Leifi til ad brúka þetta Skálholtskirkjuland upp á sama máta og hinna Kirkna eigendurnir hafa leift það. - Enn þess vil ég hérvid géta: ad nokkrir menn úr Húna Vatns síslu, sem nú eru árlega farnir ad sækja fje sitt sudr yfir Kiöl og stundum fram undir Hvítá og Hvítár nes hafa efast um, ad Biskupstungna kirkium til heyri optnefnda Lands plass fyrir nordan Vötn og hafa því krafist Skírslu til sönnunar um það, sem feinginn er hia Sra Byrni Magnúsi og Gudmundi.¹

Í svari sínu við beiðni Guðmundar veitti biskupinn umbeiðid leyfi til sauðfjárupprekstrar næstu fjögur ár eftirgjaldslaut en eftir það „mót billegri þóknun“. Enn fremur skýrði hann frá því að réttur kirknanna til afréttarins „[væri] greindur í þeim allranádugast Authoriserada Gisla Máldaga með þessum ordum: Kirkjan í Brædratúngu á Afrétt fyrir nordan vötn á móts við Skálholt Torfastada og Haukadal jafn mikid allar“.²

Um þetta leyti tóku Biskupstungnamenn að falast eftir afréttinum og tilkynnti sýslumaðurinn í Árnassýslu starfsbróður sínum í Húnavatnssýslu um þessi áform í bréfi 8. júní 1844. Jafnframt mæltist hann til þess að Húnvetningar sendu menn sudur til viðræðna um málið. Það var gert en án nokkurs árangurs. Sýslumaður Húnvetninga ræddi þetta nánar í bréfi til sýslumannsins í Árnassýslu 8. janúar 1845 og lét í ljós miklar áhyggjur yfir því að fjárpest sú, sem gengið hafði víða um Sunnlendingafjórðung, bærist norður í Húnavatnssýslu ef þessi áform Biskupstungnamanna næðu fram að ganga. Um heimild þeirra fyrir því landi sem þeir ætluðu að taka til afréttar hafði sýslumaðurinn þetta að segja:

Eg neita því ekki að eptir þeim Skilríkjum, sem enn eru framkomin, virðist mér Eignarréttir Biskupstungna Kirkna á þessum Landsparti standa á ofrveikum Rótum; því þó það yrði sannað, sem þessara Kirkna Fyrirráðendr segja að Vilchins Máldagi eignir Kirkjum þessum Afrétt fyrir norðan Vötn þá gét eg ómögulega séð að þar af fljóti að hér sé talað um allt Landsplátsið frá Hvítárvatni og Jökulfallinu norðr á Fjórðungamót, máské af því að eg ekki sé með heilu Viti, því Biskupstungna Kirkna Fyrirráðendr vilja í Bréfi þeirra af 22m April f.A. ekki láta neinn heilvita Mann efast um, að það sé þetta Land, sem Máldaginn um tali, og ekkert annað, en meðan eg ei hefi annað séð en það, sem þeir tilfært hafa, úr þessum Máldaga, verð eg þá annað hvort að efast um að það sé verið að tala um allt það hérgreinda Landspláts, eðr géfa minn skilning fänginn undir Hlýðni við þessara Manna Orð, og vel eg þá heldr það fyrra, en þótt það, eptir því sem ráða er, kunni að baka mér það að eg fái héreptir ekki að heita nema Hálfviti hjá þessum vísu Mönnum.³

Í bréfi sínu dró sýslumaður Húnvetninga einnig í efa þá fullyrðingu sem Biskupstungnamenn

1 Skjal nr. 363. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1970: „Hvenær lokaðist leiðin norður?“ *Saga. Timarit Sögufélags*. S. 264-267.

2 Skjal nr. 363 (g).

3 Skjal nr. 363 (d).

höfðu eftir gömlum manni, er þá var látinn, að réttir hefðu staðið á Fjórðungamótum í hans tíð. Loks efaðist sýslumaðurinn um að eigandi Skálholtskirkju væri samþykkuð upprekstri Biskupstungnamanna í afréttinn þó að forráðamenn hinna kirknanna hefðu hvatt til hans.¹

Þrátt fyrir ágreining við Húnvetninga gerðu Biskupstungnamenn samning við forráðmenn kirknanna og var hann undirritaður 9. júní 1848. Í 1. gr. samningsins segir orðrétt:

Biskupstungna hreppsmenn Skulu meiga Fyrstum Sinn, unds nákvæmara verður útkljáð hvört Ytrahreppsmenn eyga nockurt tilkall til landssins, Fyrir Nordann eda innann Jökulkvíls [svo í hdr.] eda ecki, meiga nota alt landid Fyrir innann Hvítárvatn milli Jökla nordur ad Fjórðungamótum og Sudrad Jökulkvíls til Trippagaungu Grasa og róta tekju og allra annara nitja móti 4ra rbd. árlegu eptirgialdi af Sveitinni er deilist til Jafnadar milli kyrknanna.²

Hrunamenn virðast einnig hafa gert tilkall til afréttarins norðan vatna en það mál var leyst með samningi 19. október 1848. Þar segir m.a.

Ad Ytrahreppsmenn sleppa tilkalli til ofanefnðs lands [„þess sem liggur fyrir nordann Jökulkvíls [svo í hdr.] og Hvítárvatn“], ad svo miklu leiti sem beit og uppregstur snertir, enn þar á móti komu hluteigendur – Forsvarsmenn kyrknanna uppá Stiptsyfirvaldanna væntanlegt samþicki sér samann um ad bædi Ytrahrepps og Biskupstungnamenn sameiginlega hér eptir noti Land þetta til róta, grasa, kola, Fugla og Fjadratekju.³

Málin þróuðust á þann veg að forráðamenn kirknanna fjögurra féllust á að selja Biskupstungnahreppi afréttinn norðan vatna en til þess þurfti sérstakt leyfi yfirvalda eins og ævinlega þegar seldar voru eignir undan kirkjum.⁴

Í úrskurði konungs 18. september 1850 um heimild til sölu afréttarins er komist svo að orði:

I en allerund. Forestilling af 14. Septbr., afgivet af Kirke- og Underviisningsministeren (Madvig), andrages, at Beneficiarius til Torfastada Kirke, samt Eierne af Skálholt, Brædrátunga og Haukadals Kirker inden Arnæs Syssel havde anholdt om, at der maatte udvirkes allerhöieste Tilladelse til at, et bemeldte fire Kirker tilhørende, langt tilfjelds nordenfor de saakaldte Vötn (Hvítárvatn) beliggende Stykke Fjeldfælled maatte afhændes for en Kjöbesum af 80 Rbd. til fordeel for Kirkerne. – Biskopstungna Rep, hvis Indvaanere havde i en Række Aar leiet denne Fælled til Sommergræsgang for deres golde Faar, hvade begjæret den tilkjöbs. Den bestod i „Græsningsret paa et, med Hensyn til dets Udstrækning ikke bestemt afgrændset Stykke Land, der var saa fjærnt beliggende fra de Kirker, hvorunder den hörer, at den ikke kan afgive nogen sikker Indtægt, thi vel havde den hidtil været bortleiet for en Afgift af 4 Rbd. aarlig, men det skal dog undertiden have været forbundet med Vanskeligheder at erholde og indfordre denne Leiesum, ligesom det befrygtes, at dette endnu mere vil blive Tilfældet, hvis haarde Aaringer skulde indtræffe, og Creatur-Antallet formindskes“.

Provsten saavel som Stiftsövrigheden havde anbefalet Andragendet, den sidstnævnte med Tilföielse af, at det ved Salget maatte paasees, at „vedkommende Beneficiarius og Kirke- Eiere foranstalte den hver Kirke især tilfaldende Andeel af Kjöbesummen indsat i Jordebogskassen til Forrentelse, som en de respektive Kirker tilhørende Capital“.

1 Nánar er um þetta fjallað í skjölum undir skjalnúmerinu 363. Sbr. enn fremur Karl Axelsson, 1992: „Um eignarhald á Biskupstungnaafrétti.“ *Afmælisrit. Gizur Bergsteinsson níræður 18. apríl 1992*. Reykjavík. S. 77-102.

2 Skjal nr. 363 (u).

3 Skjal nr. 363 (p).

4 Sbr. *Lovsamling for Island 5*, s. 288-290.

Derfor indstilles:

„at det allernaadigst maa tillades, at indbemeldte Torfastaða, Skálholt, Bræðratúnga og Haukadals Kirker i Arnæs Syssel tilhørende, nordenfor de saakaldte Vötn (Hvítárvatn) beliggende Stykke Fjeldfællend afhændes for en Kjöbesum af 80 Rbd., til Fordeel for Kirkerne, saaledes, at den hver Kirke især tilfaldende Andeel af Kjöbesummen foranstaltes indsat i Jordebogskassen til Forrentelse, som en de respektive Kirker tilhørende Capital“.¹

Jafnframt fékk hreppurinn heimild innanríkisráðuneytisins til þess að taka 80 ríkisdali úr fátækra sjóði til að greiða andvirði afréttarins.² Afsal fyrir afréttinum var undirritað 25. apríl 1851 og upplesið á manntalsþingi að Vatnsleysu 30. maí sama ár. Þar segir m.a.:

Vér undirskrifaðir eignar- og umráðamenn Skalhólts, Bræðratúngu, Haukadals, og Torfastada kirkju, konnumst við og gjörum hermed heyrum kunnugt, að vér höfum selt og afhendt med afsöladum odals- og innlausnarrétti, eins og vér med þessu afsalsbréfi voru, seljum og afhendum afrétt þann, sem tédum kirkjum, eptir Vilchins og Gísla biskupa máldögum tilheyrir fyrir nordan Vötn – um hvers eignarrétt, brúkun og takmörk að samningar hafa gjördir verid að Torfastöðum þann 9da Júní 1848 og að Hjalms-holti þann 19da October s.a., sem hér med fylgja – samkvæmt oss þartil gefnu leyfi kirkjustjórnar herrans – dagsettu 23ja Sept. 1850. – Byskupstungnahreppi fyrir umsamid kaupverð 80 rd., segjum áttatíu ríkisbankadali reidi silfurs, hvörjir áttatíu ríkisbankadalar reidisilfur að oss eru greiddir úr Biskupstungnahrepps sveitarsjóði, samkvæmt Innanríkisráðherrans þartil gefnu leyfi dagsettu 23ja Sept. 1850.³

Skömmu eftir að þetta gerðist sóttu tveir menn um heimild til stiftamtmanns um að stofna nýbýli í Hvítanesi. Stiftamtmaður bar málið undir sýslumanninn en hann leitaði álits hreppstjóranna í Biskupstungna- og Hrunamannahreppum. Hreppstjórnir snerust öndverðir gegn hugmyndinni og bentu á að Hvítarnes (Hvítanes) væri innan þess „afréttarlands“ sem Biskupstungnahreppur hefði þá keypt. Sýslumaðurinn bætti því við í svarbréfi til stiftamtmanns að sér þætti með öllu ótíltækilegt að nýbýli væri stofnað þar inni á afrétti, meir en dagsferð í burtu á sumardag frá efstu bæjum í Biskupstungnahreppi, „því nýbýlid gæti í öllu falli á vetrardegi hvörki náð til prests eða Sýslumanns sökum fjarlægðar frá bygdinni, og væri það ekki alsendis trygt“.⁴

Í ágreiningi Biskupstungnamanna og Húnvetninga náðist samkomulag um leitartilhögun en þar var gert ráð fyrir afréttarmörkum á vatnaskilum á Kili. Stiftamtmaður féllst á þetta samkomulag í bréfi til norður- og austuramtsins 12. október 1854 og tók um leið undir meginsjónarmið Biskupstungnamanna. Í bréfinu segir stiftamtmaður orðrétt:

Hvad málefnid sjálft snertir virdist mér það vera í augum uppi, að þarsem Biskupstungnamenn eru ordnir loglegir eigendur að afréttinum, þá verði ekki brúkunnarrétti þeirra hnekkt nema með lögum og dómi. Ad sönnu hefir Herra amtmaður í fyrsta álitu rétt að mæla að því leyti þér meinid takmörk afréttarins að nordan vera öldungis óviss, þar fiórdungamörkin einnig séu það, en það er aptur á hinn bóginn að gætandi að hinn keypti afréttur er hinn sami, sem Biskupstungna og jafnvel Hrunamanna Hrepps innbúar hafa um lángan aldur brúkad til sumargaungu handa hrossum, einnig til róta – grafa – kola – fugla - og fjadratekju, og að þessi brúkun hefir að undanförmu verid álitin sem sevitur er hvíldi á afrétti 4 kirkna í Biskupstungum, móti litilfjórlegu endurgjaldi; en móti þessari brúkun afréttarins vita menn ekki til að Húnvetningar hafi haft neitt að mæla og í annan stad hafa Biskupstungnamenn sýslu-

1 *Lovsamling for Island* 14, s. 581.

2 „...maa af bemeldte Reps Fattiggasses Beholdning anvendes et Beløb af 80 Rxd. til Indkjøb af den i nysnævnte Andragende ommeldte de 4 Kirker i Reppen tilhørende, Fjeldfællend...“ (Skjal nr. 363 (i)).

3 Skjöl nr. 309 (17 og 30), sbr. skjal nr. 199 sem er eftirrit Páls Lýðssonar.

4 Sbr. skjöl nr. 315 (1-2).

manns og 8 meðdómsmanna dóm af 9 Juni 1798 fyrir sig að bera um það, að Auðkúluheidi nái á midt Kjalhraun á móts við Sunnlendinga.¹

Húnvetningar munu þó ekki hafa verið alls kostar ánægðir með þessa skiptingu eins og fram kemur í máli Björns Bjarnarsonar á Brandsstöðum þegar hann lýsti Auðkúluheidi 1873:

Nú er almennt álitid, að Kúlumaður eigi ekki nema á mitt Kjalhraun, en áður vildi þó Kúlumaður eiga suður að Hvítá, og mun það réttara, nl. suður með Hofsjökli suður að Jökulfalli, sem ræður vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul, er nokkrir kalla þar *Regnbúðarjökul* (Það er fláki, sem liggur suðaustur úr Langjökli.); þá að vestan norður með Langjökli og norður á Öldur.²

Í lýsingu Gísla Einarssonar oddvita, sem áður er getið, frá árinu 1979 segir um afréttinn norðan vatna:

Afrétturinn norðan Hvítár og Hvítárvatns takmarkast að austan af Jökulfallinu eða Jökulkvísinni, og ræður hún mörkum mili Biskupstunga- og Ytriheppsmanna-afrétta, inn í Blánipújökul. Þaðan ræður jökullinn norður að fremstu kvísl Blöndu í Blönduupptökum. Þá ráða fjórðungamörk um Kjöl, þ.e. stefnan úr Blönduupptökum í Grettishelli í Kjalhrauni, þaðan í Strýtur og úr þeim í Þróskuld norðan við Þjófadali, þaðan í Langjökul vestan Þjófadalaflajalla eða Rauðkolls. Þaðan ræður svo Langjökull suður í Hvítárvatn. ...³

Jörðina Hóla keypti Biskupstungnahreppur árið 1958 og lagði undir afréttinn.⁴

Segja má að þessum ágreiningi hafi lokið 9. september 1983 þegar gerð var sátt á aukadómþingi Árnassýslu á þá leið að afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar skyldu liggja í grundvallaratriðum um vatnaskil. Tveimur árum síðar, 7. september 1985, var sáttargerðin endanlega staðfest með hnitun merkjapunkta í samræmi við gögn frá Landmælingum Íslands.⁵

Arnór Karlsson hefur ritað nákvæma lýsingu á smölun og fjárleitum á Biskupstungnaafrétti:

Fjallferð kalla heimamenn í Biskupstungum þegar þeir smala afréttinn. Hún hefst nú á laugardegi 4. til 10. september. Þá ríða fjallmenn úr byggð og hafa fyrsta náttstað í Árbúðum við Kjalveg. Næsta dag leita þeir annars vegar norðvesturhluta afréttarins frá Hrútfelli, með Sandfellunum Fremra- og Innra-, Fögruhlíð, Þjófadali og Þjófadalaflajöll og norðvestanvert Kjalhraun. Flest féð reka þeir áleiðis suður en það sem er í grennd við Hveravelli er rekið að þar og flutt þaðan á bíl daginn eftir. Hins vegar smala þeir einnig þennan fyrsta leitardag Austurkrók sem er norðausturhluti afréttarins og liggur að Hofsjökli. Flestir gista á Hveravöllum en þeir sem austurhlutann smöluðu gista í Svartárbotnum við Kjalveg. Næsta dag er meginhluti Kjalhrauns smalaður og féð rekið suður á móts við Innri-Skúta. Allir gista nú í Svartárbotnum og smala daginn eftir allt frá Leggjabrjót við jaðar Langjökuls sunnan Hrútfells, Karlsdrátt, Fróðárdal og Hvítárnes og að Jökulfalli í austri. Féð er rekið nokkuð suður fyrir Árbúðir við Svartá og gist þar. Að morgni næsta dags er byrjað á að fara fyrir það fé sem hafði leitað til baka yfir nóttina en síðan rekið suður yfir Hvítá og suður með Bláfelli að austan. Það er þannig fjögurra daga verk fyrir 24 menn sem eru með 2-3 hesta hver að smala þetta svæði. Eftir tvo daga, eða undir kvöld á föstudegi, eru þeir komnir með féð í Tungnaréttir sem eru við Tungufljót í landi Heiðar í Biskupstungum. Þannig lýkur þessari vikuféð sem er í raun erfið vinna en margir sækjast mjög eftir og telja taka öðrum ferðum fram.⁶

1 Skjal nr. 363 (k).

2 *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. I. Húnavatnssýsla. Jón Eyþórsson bjó til prentunar. Akureyri 1950. S. 101.

3 Skjal nr. 198.

4 Skjal nr. 198. Rétt er að geta þess að afsalið fyrir Hólalandi var undirritað 14. maí 1959 (skjal nr. 183).

5 Skjal nr. 349.

6 Arnór Karlsson, 2001: „Á Kili.“ *Kjöður og kjalverðir* (Árbók Ferðafélags Íslands). Reykjavík. S. 54-55. Sbr. *Göngur og réttir*. 2. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1984. S. 207-217.

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Almenn atriði

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að fljótlega eftir að menn komu til landsins hafi komist á hið venjulega landnámsfyrirkomulag germanskra þjóða, að nema land annars vegar til eignar og hins vegar til afnota. Heimildir eins og landnámbækur, Íslendinga sögur, fornminjar og búsetusaga segi okkur nútímamönnum að í aðaldráttum hafi byggð haldist á þeim svæðum sem numin hafi verið til eignar. Á svæðum utan og ofan byggða hafi afmarkað land ýmist verið tekið afnotatöku eins eða fleiri jarðeigenda (afréttir) eða afnot öllum fjórðungsmönnum jafnheimil (almenningar). Um afnot afrétta tveggja eða fleiri aðila og svo um afnot fjórðungsmanna að almenningum hafi fljótlega verið settar lagareglur og þær sem lögfestar hafi verið með Jónsbók 1281 hafi haldist fram á 20. öldina.

Hvorki sé talið að afréttareigandi hafi getað gefið eða selt einkaafrétt frá jörð sinni né að jarðeigandi hafi getað selt eða gefið sinn hlut í sameignarafrétti nema láta um leið af hendi jörð sína og bústofn að mestu leyti því að afréttur eða hlutdeild í sameignarafrétti hafi fylgt jörðum. Kirkjur hafi því getað eignast hlut í afrétti ef hann fylgdi heimalandi því sem þeim var gefið. Sama hafi gilt um klaustur að þessu leyti.

Ráða megi af máldögum að gögn og gæði lands hafi einungis fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum löndum þeirra og því aðeins að öll heimajörðin væri eign þeirra. Þessi regla, að gögn og gæði fylgi aðeins heimajörð kirkju, sé ein helsta skýringin á því að stór afréttarlandsvæði hafi smám saman tekið að safnast að kirkjujörðum en ekki öðrum jörðum. Síðan hafi þessir afréttir oft og tíðum verið innlimaðir í merkjalýsingar, bæði í máldögum og landamerkjabréfum. Þetta sé helsta skýringin á því að í flestum tilvikum séu það kirkjujarðir sem telja til mikilla landsvæða í óbyggðum.

Þá hafi sagnfræðingar sett fram aðra skýringu á afréttareign kirkjujarða, sem sé sú að á grundvelli máldaga hafi kirkjujarðir ranglega eignað sér heilu afréttina, þegar þeir einungis áttu tiltekna hluta í sameignarafrétti. Þetta hafi gerst með þeim hætti að kirkju hafi verið gefin jörð ásamt þeim afréttarrétti, sem henni fylgdi. Þessi afréttareign kirkjunnar hafi svo verið skrá í máldaga og mörkum afréttarins lýst. Eftir samdrátt í búsetu, eins og t.d. hafi orðið á 15. öld vegna mannfalls af völdum Svarta dauða, hafi máldagar um eign kirkju á nánar tilgreindu afréttarlandi verið lagðir fram er menn vildu taka að nýta þá að nýju en jarðeigendur hafi enga hliðstæða skriflega sönnun haft fyrir rétti sínum. Þeir hafi því farið halloka fyrir kirkjuvaldinu og greitt afréttartolla til kirkjunnar til þess að fá heimild til nýtingar. Á annan hvorn framangreindan hátt sé talið að flestir afréttir í Húnavatnssýslu og víðar hafi skilist frá jörðum og orðið kirkjueign. Löngu síðar, aðallega á 19. og 20. öld eftir að stétt sjálfseignarbænda reis upp að nýju í landinu, hafi viðkomandi sveitarfélög keypt þessa afrétti.

Lönd hafi gengið kaupum og solum á öllum tímum Íslandssögunnar og það hafi alltaf verið viðurkennd regla að sá sem afsali landi geti ekki veitt viðsemjanda sínum betri rétt en hann sjálfur átti. Sé venjulegu afréttarlandi afsalað verði það ekki að afrétti með beinum eignarrétti í höndum viðsemjandans.

Að því viðbættu hvað skýrar línur um inntak eignarréttar að landi skipti miklu vegna ýmissa lagaákvæða sem snerta fasteignir megi benda á að aukin og breytt nýting á landi utan eignarlanda kalli á að ljóst sé hver sé bær til að taka ákvarðanir vegna þess. Sem dæmi um þetta megi nefna fjölda ferðamanna sem sæki heim óbyggðir og sívaxandi eftirspurn eftir því að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Í nútímanum felist í óbyggðunum miklu meiri verðmæti en áður hafi verið þegar þau hafi einskorðast við ávexti jarðar og veiði.

Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunn-eignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niður-

stöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendur. Það hafi hins vegar aldrei verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna í dómsmálum svo öll þau mörk séu óákveðin en þess sé að vænta að þau verði öll ákveðin af óbyggðanefnd innan nokkurra ára. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

Í greinargerð segir að við skilgreiningu þjóðlendulínu í Biskupstungnahreppi sé að meginstefnu til byggt á því að mörk eignarlanda í hreppnum séu þau sömu og landnámsmörk. Sunnan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin hafi verið til eignar en ofan og norðan þjóðlendulínu séu landsvæði sem að einhverju leyti hafi verið tekið til afnota í öndverðu og að öllu leyti á síðari tímum.

Nám hafi verið sá háttur sem hafður hafi verið á frumstofnun eignarréttar að landi hérlendis og meðal annarra germanskra þjóða. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenski lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur sér-eignarréttur.

Í lok landnámsstíma hafi verið óheimilt að stofna til beins eignarréttar að landi með námi, sbr. ákvæði lögþinganna um að almenningar skyldu vera sem að fornu hefðu verið, bæði hið efra og hið efra, svo og svipaða reglu um afrétti.

Benda megi á nokkur ákvæði í fornlögum okkar sem skýri að strax í upphafi byggðar hafi verið mikill eðlismunur á jörðum og öðrum lendum. Engar nýtingarreglur hafi verið í lögum um jarðir. Eigandinn hafi ráðið hvenær og hvernig hann beitti landið, hvenær eða hvort hann sló tún eða engi. Hins vegar hafi bæði í Grágás og Jónsbók verið mörg og ítarleg ákvæði um hvernig nýta hafi mátt afrétti og almenninga. Til dæmis hafi ekki mátt slá gras í afréttum né reisa þar sel. Hins vegar hafi mátt reisa sel í almenningum. Um báðar þessar landgerðir hafi svo verið ýmsar reglur um hvernig og á hvaða tímum hafi mátt beita þar fé.

Í kristinna laga þætti Grágásar hafi verið mismunandi reglur um líkflutningaskyldu eftir því hvort um var að ræða jörð manns, afrétt, almenning eða háfjöll og öræfi. Í þessu tilliti hafi jörð manns verið í sérstökum flokki öndverðum við hinar þrjár landgerðirnar.

Ákvæði Jónsbókar um lögfestur hafi sumpart verið til að skera úr um hvort land var eignarland, afréttur eða almenningur.

Í nýbýlatiskipun 1776 hafi konungur talið sig geta ráðskast með eigendalausar eyðijarðir enda hafi þær verið flokkaðar sem almenningar í tilskipuninni. Sömuleiðis hafi konungur getað ráðskast með afrétti og almenninga en aldrei jarðeignir einstaklinga og hafi þó stjórnarskrárákvæðið um friðhelgi eignarréttar ekki verið komið til sögunnar.

Í þessu sambandi megi benda á umfjöllun í síðari dómi Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þar segi að telja verði að handhafar ríkisvalds, sem til þess séu bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess sem um ræði. Þetta sé niðurstaða Hæstaréttar eftir að rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að enginn ætti þrætulandið. Það væri eigendalaust með öllu. Þetta sé eitt skýrasta dómafordæmið um að afréttarland geti ekki verið eign í skilningi laga en hægt sé að eiga tiltekinn rétt til landsins. Gildi þessi regla um þau lönd, sem nú kallist þjóðlendur, þá hafi ekki verið hægt að hefða rétt til slíks lands þar sem samkvæmt hefðarlögum sé einungis hægt að hefða fasteign er geti verið eign einstakra manna.

Til viðbótar við ofangreinda umfjöllun sé á því byggt að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd í þjóðlendu á nýtingu þeirra. Eignarlönd séu nýtt allt árið til búrekstrar en afréttir til sumarbeitar. Um nýtingu megi oft fá talsverðar upplýsingar í skrifuðum heimildum. Allt frá Jónsbók hafi verið í gildi þau lagaákvæði að eigandi smali sitt land en allt annað land sé smalað sameiginlega af fjallskilastjórn.

Í bók Einars Arnórssonar, *Árnesþing á landnáms- og söguöld*, sé eftirfarandi frásögn: „Samkvæmt S 384, H 339, Þ 54 nam Eyfröður inn gamli „Tunguna eystri milli Kaldakvíslar ok Hvítár“ Austurmörk landnámsins eru Hvítá, en vesturmörk Kaldakvísl. Nafnið Kaldakvísl er nú gleymt, en vafalaust er það sama vatnsfallið sem nú er nefnt Tungufljót. Upptök þess eru í Hagavatni undir Langjökli. Úr Hagavatni fellur á, sem kölluð er Farið og rennur í Sandvatn. Þaðan rennur aftur á, sem kölluð er Ásbrandsá niður til byggðar, en þar rennur í hana lækur austan Haukadals, sem kallaður er Fljótið, og er áin eftir það nefnd Tungufljót. Rennur það loks í Hvítá vestan og sunnan við Bræðratungu.“

Eftir þessari lýsingu að dæma sé landnám Eyfröðar ins gamla afmarkað í suðri af ármótum Hvítár og Tungufljóts og að þau mörk ættu að vera ágreiningslaus. Vesturmörkin ættu einnig að vera ágreiningslaus meðfram Tungufljóti allt norður að læknum Fljótið austan Haukadals. Á kortum Landmælinga Íslands í hlutföllunum 1 - 50:000 sé umræddur lækur ekki merktur og ekkert vatnsfall stórt eða smátt falli í Tungufljótið fyrir ofan Stóru Grjótá nema Markargil sem komi að austan úr Hólalandi litlu norðar. Á þessu korti sé Tungufljót merkt allt norður til þess er tvær kvíslar Ásbrandsár sameinist. Þetta sé ekki gert á yfirliti staðfræðiuppdráttar í Árbók Ferðafélags Íslands 1998 þar sem Ásbrandsá sé látin ná miklu lengra til suðurs. Í þeirri bók lýsi Gísli Sigurðsson upptökum Tungufljóts svo að þau séu tiltölulega nálægt byggð í Fljótsbotnum en þeir séu svo nefndir vegna þess að þar spretti Tungufljót upp. Nánar tiltekið segi Gísli að ármót Tungufljóts og Ásbrandsár séu vestast í Fljótsbotnum.

Erfitt sé að átta sig á hversu langt til norðurs með fram Hvítá austurmörkin liggja, þar sem ekkert sé um það sagt. Ekki væri eðlilegt að draga línu frá nyrstu vesturmörkum allt til upptaka Hvítár við Hvítárvatn. Eðlilegra sé að draga línu frá Fljótsbotnum að Hvítá sem næst í beina austur stefnu að stað sem væri í sömu hæðarlínu og með svipaðan gróður. Þar komi því helst til greina neðri hluta Tunguheiðar. Norðurmörk landnámsins væru þá í gegnum mitt Hólaland og allt að Hvítá við suðurmörk Tunguheiðar.

Þá segi í Landnámu að Ketilbjörn gamli hafi helgað sér alla Biskupstungu upp til Stakksár (eða Stakkslækjar). Einnig að Þorbrandur, sonur Þorbjarnar hins óarga, og Ásbrandur sonur hans hafi numið land fyrir ofan múla þann er fram gangi hjá Stakksá og til Kaldakvíslar.

Samkvæmt framansögðu séu þrjú landnám í Biskupstungum og séu landnámsmörkin í norðri nokkuð skýr en þau séu frá upptökum Brúarár í Brúarárskörðum til upptaka Stakksár sunnarlega í Bjarnarfalli. Þaðan með fram hálendisbrúnni til upptaka Tungufljóts í Fljótsbotnum. Frá þessum upptökum syðst í Tunguheiði skammt fyrir ofan Gullfoss.

Af dómaförðæmum Hæstaréttar verði að ráða þá reglu að sé deilt um upphaflegt nám lands verði aðeins stuðst við glöggar landfræðilegar heimildir. Verði ekki ráðið af Landnámu að land hafi verið numið sé tilhneiging til að hafna því að telja land undirorpið beinum eignarrétti. Til að skýra þetta frekar er bent á H 1960 726 (Skeljabrekka), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1161 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá), H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1999 368 (Víðihólar).

Sammerkt sé öllu því landi innan þjóðlendumarka samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins að þar sé um að ræða landsvæði sem séu annaðhvort ógróin eða vaxin heidargróðri. Um sé að ræða miklar hálendisviðáttur og háfjöll allt til jökla.

Ráða megi þá reglu af heimildum um landnám og því sem þekkt sé um nýtinguna sem fylgt hafi í kjölfarið að hálendi, fjöll og öræfi hafi ekki verið numin til eignar og því hafi dómstólar gert ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðhátta, viðáttu og gróðurfars, sbr. H 1969 510 (Nýjabæjararfréttur), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá). Í þessu sambandi skipti hæðarlínur miklu máli enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Íslenska ríkið telji að af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum. Litið sé til þeirra við kröfu-

gerð í aðalkröfu. Í varakröfunni tekið mið af aðalkröfulínu en varakröfulínan sé hins vegar dregin milli augljósra kennileita í landslagi.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um gróðurfar á svæðinu. Af hálfu íslenska ríkisins sé því haldið fram að bendi gróðurfar til þess að hægt sé að stunda hefðbundinn búskap á viðkomandi landsvæði, þ.e. reisa þar býli og rækta land, geti það bent til þess að landið sé undirorpið beinum eignarrétti. Upplýsingar um gróðurfar á landsvæðinu norðan kröfulínu íslenska ríkisins, svo og það sem borið hafi fyrir augu á vettvangsgöngu, bendi ekki til þess að þar sé hægt að stunda nútímabúskap. Það sé þó talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna að raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinnar jarðar eða önnur atriði hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Aðra reglu megi einnig leiða af dómum Hæstaréttar, þ.e. að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Í því sambandi sé vísað til H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1980 1225 (Öxarfjarðarheiði I), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðarheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Til þess að greina á milli eignarlanda og þjóðlendna skipti miklu máli að átta sig á nýtingu lands. Því þurfi að skoða hvernig nýtingu þrætulands sé háttáð. Allt frá lokum landnámsaldar og fram að 21. öldinni hafi þeir sem með löggjafarvald hafa farið sett ýmsar reglur um nýtingu þeirra landsvæða sem nú heiti þjóðlendur. Um nýtingu eignarlanda hafi hins vegar ekki verið settar nýtingarreglur nema þær sem teljist til grenndarréttar. Eitt meginatriði skilji á milli eignarlanda og þjóðlendna en það sé að allt frá Jónsbókartíma hafi eigandi átt að smala eignarland sitt en þjóðlendan, sem svo heitir nú, hafi verið smöluð sameiginlega af fjallskilastjórn.

Benda megi á fjölmarga dóma Hæstaréttar þar sem litið hafi verið til þessara atriða við úrlausn um ágreining um eignarhald að landi. Þar sé um að ræða H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðarheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Í bók Braga Sigurjónssonar, Göngur og réttir, sé fjallað um leitarfyrirkomulag í Biskupstungnahreppi, auk þess sem góð lýsing á afréttinum sé í bókinni. Af þeirri lýsingu megi glögg sjá að allt land í Biskupstungum utan eiginlegra heimalanda er óskipt beutiland hreppsþúa og að allt fjallendi og heiðar eru smöluð að frumkvæði sveitarstjórnar, svo sem gert hafi verið hvað afréttarlönd varði allt frá lögtöku Jónsbókar. Tunguheiði, Hólaland, fjallendi jarðanna Helludals, Neðra-Dals og Austurhlíðar í Bjarnarfelli, svo og afréttarland Úthlíðartorfunnar frá Brúarárskörðum, suðurhluta Miðfells og allt inn að Hagavatni séu allt lönd ofan byggðar í Biskupstungum sem eingöngu séu í sumarnotum. Sama hafi gilt um Haukadalsheiðina áður en hún hafi verið friðuð fyrir beit.

Samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins liggja þjóðlendumörk í gegnum landsvæði nokkurra fjalljarða í hreppnum, eins og þeim sé lýst í þinglýstum landamerkjabréfum. Rökin á bak við kröfulýsinguna séu þau sömu og áður hafi verið reifuð. Íslenska ríkið telji að land sunnan kröfulínu tilheyri heimalöndum jarðanna sem hafi verið numið í öndverðu en land ofan og norðan kröfulínu telji íslenska ríkið vera þjóðlendu sem tekið hafi verið afnotatöku og síðan innlimað í yfirráðasvæði jarðanna með landamerkjabréfum.

Hugtakið heimaland hafi ekki verið skilgreint í lögum. Þó hafi orðið heimaland strax í Jónsbók verið notað í öndverðri merkingu við úthaga sem notaðir hafi verið til sumarbeitar. Benda megi á í þessu sambandi á Jónsbók Llb. 53 „Um afréttarfé, ef þat gengr í heimaland“. Í lögum um afréttamálefni fjallskil o.fl. hafi verið lagaákvæði um heimalönd án skilgreiningar. Í þessu sambandi megi benda á lög 6/1986. Í 3. gr. 1. mgr. laganna segi þetta: „Í fjallskilasamþykkt, er héraðsnefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitolanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta“.

Í nokkrum dómum Hæstaréttar sé vikið að hugtakinu heimaland. Í því sambandi sé vísað til H

1976 55 (Arnarvatnsheiði), H 1980 1225 (Sandfellshagi, Öxarfjarðarheiði I), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Um þessa dóma sé það að segja að glöggt komi fram í dómunum varðandi Kalmanstungu og Sandfellshaga í Öxarfirði að innan landamerkjalyásingar jarðar sé tvenns konar land, heimaland sem sé í heilsársnotum og síðan afréttarland sem sé í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjallajarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda ná til alls heimalandsins.

Því er haldið fram með tilvísun í framangreint að kröfulínu um þjóðlendumörk í gegnum nokkrar fjallajarðir í Biskupstungnahreppi skuli taka til greina þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tilteknar heimildir, mörk heimalands jarðarinnar við óbyggðir. Landamerkjabréf jarðanna hafi ekkert um þetta að segja enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk, jafnvel þótt þinglýst séu.

Landamerkjabréf sé ekkert annað en yfirlýsing um yfírráðasvæði á sama hátt og landamæri ríkja, sveitarfélaga og stjórnásluumdæma sýslumanna. Þar sem landamörk eignarlanda liggja saman sé landamerkjabréf samningur milli aðila um þessi mörk eignarjarða innbyrðis eftir að réttir eigendur eða umboðsmenn hafi ritað undir bréfið samþykki sitt við lýsingu. Í landamerkjabréfi felist á engan hátt að allt land innan merkja skuli vera óskorað eignarland. Almennar sönnunarreglur ráði að sjálfsögðu hér eins og annars staðar. Fyrst og fremst skilgreini landamerkjabréfið takmörk nýtingarréttar að landi. Á það megi benda í þessu sambandi að landamerkjabréf séu jafnt til fyrir jarðir sem afrétti sem séu innan þjóðlendu.

Af ákvæðum landamerkjaganna frá 17. mars 1882 megi ráða að landamerkjabréfið sé í eðli sínu samningur milli jarðaeigenda og næðist ekki sátt um landamerkin skyldi landamerkjadómur skera úr.

Samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis þá sem séu aðilar að samkomulaginu og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felist. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjallajarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882 og það hafi ekki verið fyrir en 116 árum síðar að slíkt var mögulegt eftir að íslenska ríkinu var með lögum fenginn eignarrétturinn að þjóðlendum.

Margir dómur Hæstaréttar komi inn á landamerkjabréf og inntak þeirra. Í því sambandi megi nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 519 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn II), H 1979 846 (Geirland-Prestbakki), H 1996 2848 (Bláfjöll), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) H 1997 2410 (Nedri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Þessir tilvitnuðu dómur séu allir því álitir íslenska ríkisins til stuðnings að landamerkjabréf sanni ekki inntak eignarréttar og sé ekki gilt um mörk milli umráðamanna landa nema þeir eigi aðild að þeim réttindum sem samið sé um. Einnig komi glöggt fram í þessum dómum að landamerkjabréf séu til fyrir lönd sem nú séu óumdeilt þjóðlendum eftir dómsniðurstöður eins og sé um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði og Landmannaafrétt. Síðan komi glöggt fram í Bláfjallamálinu að hægt sé að fjalla um landamerki yfírráðasvæða án þess að afstaða sé tekin til inntaks eignarréttar.

Annað atriði sem valdi ágreiningi sé gildi þinglýsingar landamerkjabréfs og hafi því verið haldið fram af gagnaðilum íslenska ríkisins að með þinglýsingu landamerkjabréfs sé búið að gulltryggja eignarréttinn. Því sé til að svara að enginn öðlist meiri rétt en viðsemjandi geti veitt, sömuleiðis þinglýsi enginn meiri rétti en hann eigi. Þinglýsing heimildarskjals um fasteign sé laga-

skylda og til að tryggja öryggi í viðskiptum og skapa eigendum réttarvernd gagnvart grandlausum viðsemjendum og lánardrottnum.

Spurning sé hvort þegjandi eða jákvæðar athafnir ýmissa umboðsmanna ríkisins geti falið í sér samþykki valdstjórnar eða ríkis vegna lands sem nær inn í þjóðlendu. Þetta geti verið í tengslum við mótmælalausa móttöku og þinglýsingu landamerkjabréfa sem haft hafi að geyma lýsingu í átt að óbyggðum eða einfaldlega afsal ríkisins á tilteknum lendum. Því sé til að svara að af Landmannaafréttardómi síðari megi ráða þá reglu að löggjafinn einn sé bær til að ráðstafa réttindum yfir landsvæði utan eignarlanda. Af því leiði að athafnir eða athafnaleysi starfsmanna stjórnáskrár geti ekki leitt af sér slík yfirráð nema heimild í almennum lögum hafi verið fyrir hendi.

Því álitafni hafi verið hreyft að hafi beinn eignarréttur ekki verið að öllu landi innan merkja skv. landamerkjabréfi er það var ritað eftir landamerkjalögin 1882 þá hafi þessi beini eignarréttur orðið til síðar fyrir hefð vegna óslitins eignarhalds.

Talið hafi verið að hefðarréttur hafi ekki verið í okkar fornlögum, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess, að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðarréttar stofnaðist til slíkra landsvæða. Í þessu sambandi megi benda á Jónsbók Llb. 52, „Ef menn vitu eigi, hvárt eru almenningar eða afréttir“. Þar segi: „Svá skulu almenningar vera, sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra“.

Fyrstu lögum um hefð séu í Norsku lögum frá 1687, V. bók 5. kap. Í 7. gr. laganna segi svo:

Enginn á að fá eignardóm að nokkurri fasteign, nema hann leiði lögfulla sönnun að heimild sinni, með erfðum, kaupum, eignaskiptum, gjöf eða 20 ára hefð, án þess að á talið hafi verið og að hann hafi þannig öðlast hana ákærulaust af öllum er kynnu að hafa haft einhverjar athugasemdir við það.

Þegar þessi lög hafi verið sett hafi lagaákvæði Jónsbókar um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið enn verið í gildi og þessi hefðarlög hafi ekki afnumið Jónsbókarákvæðið, þess sé að minnsta kosti ekki getið. Einnig sé talið að orðið fasteign beri að túlka á þann veg að merki eignarjörð með byggingum eða bara byggingu eða hús. Lögin taki því ekki til afrétta eða almenninga og því enn óheimilt að hefða slík landsvæði.

Næstu lög um hefð séu nr. 46 frá 1905. Í 1. gr. þeirra segi að hefð megi vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstakra manna án tillits til þess hvort hann hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign. Þessi lög staðfesti enn gildandi rétt til að hefða fasteignir sem undirorpnar séu beinum eignarrétti en skv. gagnályktun sé ekki heimilt að hefða eign, sem ekki geti verið eign einstakra manna eins og grunnréttinn að afréttum og almenningum sem nú heiti þjóðlendir. Segja megi að þessi skoðun komi fram í Landmannaafréttardóminum síðari. Þar sé því slegið föstu að afréttarlandsvæði sé einskis manns eign og af því leiði að slík landsvæði geti ekki verið eign í skilningi hefðarlaga. Í núgildandi lögum um þjóðlendir sé þessi regla lögfest í niðurlagsákvæði 3. greinar en þar segir: Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.

Rétt sé að vekja athygli á að skilyrði fyrir hefðarhaldi sé óslitið eignarhald sem hafi verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi sem nú gæti heitið þjóðlenda, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1581 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar). Í þessum dómum sé ekki tekið á því hvort hægt sé að hefða grunneignarrétt afréttarlands. Sleppt sé að fjalla um það þar sem efnisskilyrði skorti.

7.2. Einstakar jarðir

7.2.1. Úthlíð I-II, Stekkholt og Hrauntún

Í greinargerð segir að jarðir í Úthlíðartorfu, Úthlíð, Stekkholt og Hrauntún, séu allar í einkaeigu. Allt heimaland jarðanna sé útskipt en annað land innan landamerkjalýsingar sé óskipt.

Landamerkjabréf Úthlíðar sé gert 1885 og sé það jafnframt fyrir hjáleigurnar Stekkholt og Hrauntún. Merki jarðarinnar séu einhliða gerð og ósamþykkt upp með Brúará í gegnum Brúarskörð og upp á Rótarsand, að Hagavatni, með Farinu og frá Sandvatni meðfram Haukadalslandi.

Yfirráðasvæði Úthlíðartorfunnar samkvæmt landamerkjabréfi sé sneið sem liggja inn á milli afréttarlanda einstakra bæja og þá sveitarfélagsins tugi kílómetra allt inn að jökli. Því sé haldið fram að allt þetta land sé undirorpið beinum eignarrétti. Á móti því mæli heimildir um landnám, beitaraftnot og fjallskil, svo og það að landsvæðið er langt frá byggð, víðáttumikið, lítið gróið og að mati landskiptanefndar ekki hæft til vetrarbeitar. Landið geti þannig ekki verið í heilsársnotum fyrir skepnur og samkvæmt dómvenju sé slíkt land ekki eignarland. Bent sé á að innan merkjalýsingar Úthlíðartorfunnar séu há fjöll, svo sem Högnhöfði og Kálfstindar. Litlar líkur séu á því að fjöll þessi séu undirorpin beinum eignarrétti.

Við munnlegan málflutning var lögmaður ríkisins spurður að því vegna þessara sjónarmiða hvers vegna kröfulína ríkisins lægi norðar en svokölluð vetrarbeitarlína samkvæmt landskiptagerð og svaraði hann því svo til að landskiptagerðin hefði ekki legið frammi við mótun kröfugerðar ríkisins. Ef svo hefði verið hefði líklega verið miðað við vetrarbeitarlínuna. Hann sagði að kröfulína íslenska ríkisins tæki mið af landnámsmörkum.

Í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1646 komi fram að kirkjan í Úthlíð eigi heimaland hálf t á móti Skálholtskirkju. Kirkjan í Úthlíð hafi því verið bændakirkja en ekki staður. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sé jörðin eign Skálholtsstóls. Jörðin hafi verið seld á stólsjarðauppboði 1794 og hafi endanlegur kaupandi orðið Valgerður Jónsdóttir biskups-ekkja. Spurning sé hvort ekki hafi einungis verið seldur helmingshlutur Skálholtskirkju í heimalandi Úthlíðar á framangreindu uppboði. Á uppboðinu hafi því ekki verið seldur helmingshlutur kirkjunnar sjálfar í heimalandi eða útlendi innan landamerkjalýsingar þar sem ekki hafi mátt skilja eignir frá bændakirkju samkvæmt konungsbréfi. Sé þetta rétt hafi lögfestan frá 1800, sem Valgerður Jónsdóttir hafi látið gera, ekkert gildi varðandi annað en það sem hún keypti. Þegar Steingrímur Jónsson biskup hafi vísitærað kirkjuna í Úthlíð 1829 sé frá því greint að kirkjan eigi heimaland hálf t en ekki sé þess getið hver eigi hinn helminginn.

Núverandi eigendur að Úthlíðartorfunni leiði rétt sinn frá lögfestu Valgerðar frá árinu 1800. Af hálfu íslenska ríkisins sé álitid að það land, sem nú sé óskipt útlendi jarðanna þriggja, sé afréttarland sem Mariukirkjunni í Úthlíð hafi verið gefið eða henni áskotnast á annan hátt á kaþólskum tíma. Af slíkum afréttum hafi verið innheimtir afréttartollar, sem notaðir hafi verið til framfærslu presta. Enginn munur sé því á afréttarlandi Úthlíðar og afréttarlöndum í Borgarfirði og Húnavatns-sýslu og reyndar víðar.

Af máldögum megi ráða þá reglu að gögn og gæði lands hafi einungis fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum löndum þeirra og því aðeins að öll heimajörðin væri eign kirkjunnar. Áður en Skálholtsstóll hafi eignast helming í heimlandi Úthlíðar hafi kirkjan átt allt heimlandið. Kirkjan hafi að öllum líkindum í kaþólskum tíma átt fleiri jarðir og vegna ofangreindrar reglu hafi hin sameiginlegu afréttarlönd hætt að fylgja einstökum jörðum og þau öll verið skráð með móðurjörðinni, þ.e. kirkjujörðinni sjálfri.

Endurrit úr veðmálabók Árnassýslu, þar sem Steingrímur Jónsson banni árið 1810 hverjum manni, að undanteknum ábúendum í Úthlíð, Hrauntúni og Stekkholti, alla yrking og kolagjörð í skóginum í Úthlíðarlandi, bendi til þess að á þessum tíma hafi aðrir talið sig eiga skógarhögg í landinu. Af banni Þorsteins Þorsteinssonar árið 1851 við því að reka án leyfis fé í hans land, þ.e. Úthlíðarland, sé greinilegt að hann tali um útlendi Úthlíðar sem afréttarland. Upplýsingar um fjallskil

bendi til hins sama. Þá er á það bent að samkvæmt lögbókunum hafi eigendum jarða, sem lágu að afrétti, verið heimil vetrarbeit á afréttinum og hafi það verið eins konar uppbót fyrir átroðning afréttarfjár á sumrin.

7.2.2. Austurhlíð, Neðri-Dalur og Helludalur

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að jarðirnar Austurhlíð, Neðri-Dalur og Helludalur eigi þinglýst landamerki langt inn fyrir kröfulínu íslenska ríkisins. Sú hlið landamerkjabréfa jarðanna sé ósamþykkt. Hvort sem land hafi verið numið með eldum eða kvígu sé útilokað að farið hafi verið upp fyrir brúnir á Bjarnarfelli, sem sé hæst yfir 700 metrar, eða inn fyrir hálendið milli Bjarnarfells og Sandfells. Gróðurfar og hitastig í fjallendinu sé með þeim hætti að ekki séu líkur á heilsársnotum. Þá njóti ekki við eldri heimilda um landamerki en landamerkjabréfa jarðanna frá ofanverðri 19. öld.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segi að Skálholtsstaður eigi afrétt í Tungnannafrétt á fjöllum fyrir framan Haukadalsdal. Bendi þetta til þess að fjöllin Bjarnarfell og Sandfell hafi verið talin hluti af afrétti Biskupstungnamanna. Ármannsfell, Kvigindisfell og Gagnheiði séu að gróðurfari og hæð áþekkt Bjarnarfelli og Sandfelli en fyrrnefndu fjöllin hafi verið notuð sem afréttur samkvæmt Jarðabók Árna og Páls.

Að öðru leyti megi um fjallendi þessara jarða benda á fyrri umfjöllun um dómafordæmi Hæstaréttar um staðhætti, víðáttu, gróðurfar, landnot og fjallskil, svo og gildi landamerkjabréfa og skilgreiningu á heimalöndum og útlendi jarða.

7.2.3. Haukadalur I

Í greinargerð er vísað til afsals Sigurðar Greipssonar og Katrínar Guðmundsdóttur til Kristian Kirk árið 1938. Afsalið tilgreini eignarjörðina Haukadalsdal ásamt afbýli, eyðijörðinni Bryggja, með öllum gögnum og gæðum, hverju nafni sem nefnist, að undanskildu nánar tilgreindu svæði. Er á því byggt í greinargerð að allt land Haukadals hafi verið selt utan þess lands sem tilgreint er í afsalinu og er því sú ályktun dregin að aðrir eigi ekki land norðan við hið selda land. Þessi niðurstaða hafi líka stóð í landskiptum síðar en þar sé ekki vikið að neinu óskiptu beutilandi norðan við umrætt land. Þetta land sé nú Haukadalur I og sé í óskiptri eign Skógræktar ríkisins. Íslenska ríkið eigi því aðild að málinu báðum megin kröfulínunnar.

Landamerkjabréf Haukadals sé frá 1883 og sé það samþykkt frá Úthlíð, Helludal, Neðri-Dal og Hólum en ekki vegna Framafréttar Biskupstungna að norðan.

Sömu rök og reifuð hafi verið að framan um aðrar fjallajarðir í Biskupstungum eigi einnig við um heimaland Haukadals. Heimalandið hafi verið numið í öndverðu og samfelld eignarhald hafi haldið við beinum eignarrétti að því allt til þessa dags. Útlendi Haukadals á Haukadalsheiðinni hafi aldrei verið numið heldur tekið afnotatöku vegna einhverra jarða sem síðar hafi komist í eigu Haukadalskirkju. Á 17. öld hafi Skálholtskirkja átt bæði kirkju og jörð og sé því líklegt að afréttarlönd jarða í eigu kirkjunnar hafi öll verið talin tilheyra kirkjulandinu nema slíkt hafi gerst fyrr eða á meðan Haukadalur var höfuðból sem höfðingjar byggðu.

7.2.4. Hólar

Jörðin Hólar hafi verið í einkaeign en verið keypt af Biskupstungnahreppi og lögð til afréttar. Kröfulína ríkisins um þjóðlendumörk gangi í gegnum land jarðarinnar og miðist hún við landnámsmörk. Sé þá gert ráð fyrir að með Köldukvísl í Landnámu sé átt við Tungufljót sem eigi upptök sín annað hvort í Fljótsbotnum eða þar sem tvær kvíslar Ásbrandsár komi saman við Tungufljót. Ólíklegt sé að Kaldakvísl hafi náð upp í Sandvatn. Sömu rök eigi við um þetta atriði og áður hafi komið fram um fjallajarðirnar Austurhlíð, Neðri-Dal og Helludal. Staðsetning kröfulínu ríkisins um þjóðlendumörk í Hólalandi sé í samræmi við staðsetningu hennar í ríkislöndunum Haukadalsdal og Tunguheiði.

Við munnlegan málflutning kom fram að af hálfu ríkisins væri ekki fallist á þá skoðun að í þeim tilvikum er lönd jarða hafi verið lögð til afréttar leiki enginn vafi á um að viðkomandi afréttarland sé undirorpið beinum eignarrétti. Kanna verði hvort slíkt afréttarland hafi verið undirorpið beinum eignarrétti við framsal þess og hvort grunneignarrétturinn, hafi hann verið til staðar, hafi verið framseldur eða einungis beitarrétturinn. Ekki sé unnt að byggja á H 1971 1137 (Reyðarvatn II) sem fordæmi hvað þetta atriði varði.

7.3. Tunguheiði

Um sé að ræða afréttarland í eigu Bræðratungukirkju samkvæmt dómi aukadómsþings Árnæssýslu frá 1980. Ekkert landamerkjabréf sé til um þetta land en því sé lýst í dómi. Bræðratungukirkja hafi verið bændakirkja um aldir. Eftir lögtöku þjóðkirkjulaga megi að jafnaði reikna með að allar kirkjur og eignir kirkna séu eign íslenska ríkisins nema prestssetursjarðir. Af þessu leiði að íslenska ríkið fari með fyrirvar Bræðratungukirkju í máli þessu.

Tvær ástæður fyrir því að ekki sé rétt að miða við fyrrgreindan dóm aukadómsþings Árnæssýslu að öllu leyti. Í fyrsta lagi hafi mál þetta verið rekið á grundvelli 220. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði. Ekki hefði verið heimilt að höfða eignardómsmál nema rétthafi gerði sennilegt að hann hefði öðlast réttindi yfir fasteign en skorti skilríki fyrir rétti sínum. Réttaráhrif dóms í slíku máli væru þau að rétthafi hefði samkvæmt dóminum „heimild til að ráða yfir og ráðstafa eigninni eins og hann hefði til þess afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal.“ Einar Arnórsson segi í bók sinni, *Almenn meðferð einkamála*, 1941, bls. 114, að eignardómar á fasteignum og ýmsum fleiri hlutum veiti aðila heimild að formi til um eignarréttinn. Sé því ljóst að dómur í eignardómsmáli sé ekki bindandi um sjálfan grunnréttinn heldur aðeins um hina formlegu heimild að honum. Í öðru lagi sé spurning hvort ástæða sé til þess að fallast á þau rök sem fram komi í dóminum um eignarrétt Bræðratungukirkju að Tunguheiðinni. Hann sé í andstöðu við heimildir um landnámsmörk á umræddu landsvæði. Þá sé alveg óvíst hvernig eignarrétturinn að Tunguheiðinni stofnaðist upphaflega en gögn um það hljóti að teljast meginforsenda fyrir hugsanlegum eignarrétti. Þó að Gíslamáldagi kunni að vera „áreiðanlegt og autentískt gagn“ sé hann samt einhliða lýsing sem greini ekki frá hvernig eða hvenær til eignarréttarins stofnaðist. Hafa verði í huga að um sé að ræða landsvæði á háheiðum fjarri mannabygðum. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir því að landsvæði þetta hafi orðið örfoka á síðari öldum skorti öll gögn um það hvernig þar háttaði til á öðrum tímabilum Íslandssögunnar og hvernig nýtingu þess var háttað. Að því er varði heimildir um Tungusel syðst í Tunguheiði sé bent á að heimilt hafi verið að gera sel í almenningum. Megi því færa fyrir því rök að Tunguheiðin skuli öll teljast til þjóðlendu. Þá megi benda á að dómurinn um Tunguheiðina hafi verið kveðinn upp áður en H 1981 1584 (Landmannaafréttur II) gekk.

7.4. Biskupstungnaafréttur

Norðan þjóðlendumarka sé mikið landsvæði í hreppnum sem skiptist í nokkur afréttarlönd. Þess hafi verið krafist af hálfu þeirra sem nýtt hafi beit á afréttinum að viðurkennt verði að afréttarlönd þessi séu undirorpin beinum eignarrétti þeirra. Af hálfu íslenska ríkisins sé þessum kröfum mótmælt en viðurkenndur réttur þessara aðila til upprekstrar og annarrar takmarkaðrar notkunar sem lög kveði á um að fylgi upprekstrarrétti. Af hálfu íslenska ríkisins sé því haldið fram að land þetta skuli teljast þjóðlenda og sé vísað til sömu raka og liggja að baki kröfugerð ríkisins um lönd á þjóðlendumörkum. Eftir því sem fjær dragi byggð vegi rök þessi að sjálfsögðu þyngra.

Við munnlegan málflutning kom fram að ljóst væri að á Framafréttinum, Tunguheiði, stórum hluta af Hólalandi og fjöllum inn með Úthlíðar- og Svínahrauni, hafi verið skógar. Nánast allur Framafrétturinn hafi verið skógi vaxinn og ekkert beitiland. Sé það skýringin á því að þessi svæði hafi ekki verið numin þar sem skógurinn og kjarrið hafi verið til trafala þegar menn vildu rækta tún. Þá hafi þar engin engi verið. Einnig hafi ullin verið verðmæt og hún hafi gengið af fénu í kjarrinu.

Það kunnir að vera skýringin á því að kirkjurnar hafi aflað sér ítaka inn á afréttinum ofar skógar-mörkum.

7.4.1. Framafréttur

Af hálfu íslenska ríkisins er á það bent að engar heimildir séu til um nám þess lands sem nú teljist innan landamerkjalýsingar Framafréttar Biskupstungnamanna. Landnáma sé mjög glögg hvað þetta varði og ljóst sé að allur afrétturinn sé utan þess lands sem numið hafi verið. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við lýsingu á landnámi á þessu svæði svo sem fyrr greini og sé vísað til þess.

Af hálfu íslenska ríkisins er því mótmælt að jarðeigendur í hreppnum hafi öðlast beinan eignarrétt að afréttinum á grundvelli landnytja. Á það sé bent að af tilteknum nytjum megi ráða hvort landið sé undirorpið beinum eignarrétti þess sem nytjar landið eða hvort hann eigi þar einungis óbein eignarréttindi. Meginreglan sé sú að land, sem nytjað hafi verið til beitara og smalað að frumkvæði fjallskilastjórnar, sé þjóðlenda. Land, sem nytjað hafi verið til búrestrar með byggingum og öðrum mannvirkjum, sé hins vegar eignarland. Framafréttur Biskupstungnahrepps sé í flokki þess fyrrnefnda, þ.e. þjóðlenda. Kenningar fræðimanna um beinan eignarrétt að landi miðast við að hann stofnist fyrir mannanna verk. Á Framafrétti sé ekki um slíkt að ræða. Einungis hafi verið af svæðinu beitarafnot og skóga.

Því er mótmælt að jarðeigendur í Biskupstungum geti stutt eignartilkall sitt til afréttarins með vísan til landamerkjabréfs og þinglýsingar þess. Svo sem fyrr greini sé landamerkjabréf fyrst og fremst afmörkun yfirráðasvæðis og af hálfu íslenska ríkisins séu engar athugasemdir gerðar um mörk Framafréttar. Þinglýsing sé ekki sönnun fyrir öðrum rétti en þeim sem þinglýst var og að því er afréttinn varðar sé það yfirráðaréttur yfir afréttarlandi. Raunar hafi ekki verið gert landamerkjabréf fyrir Framafréttinn og engu bréfi því þinglýst.

Þá sé eignartilkalli á grundvelli hefðar mótmælt. Vísað sé til fyrri umfjöllunar um hefð. Þar sé því haldið fram að með vísan til hefðarlaga og dómafordæma sé sú regla talin gilda að einungis sé unnt hefða land sem geti verið undirorpið beinum eignarrétti. Það eigi við um eignarlönd en ekki afrétti. Framafréttur sé afréttarland en ekki eignarland og geti jarðeigendur ekki stutt eignartilkall sitt til hans á grundvelli hefðar.

Jarðeigendur o.fl. telji ítök kirkna í afréttarlandinu veita sterka vísbendingu um að Framafréttur sé eignarland þar sem ítök geti aðeins stofnast í eignarlandi. Engum eiganda sé til að dreifa nema hreppnum eða jarðeigendum í sveitinni. Af hálfu íslenska ríkisins sé þessu mótmælt og bent á að réttur til afréttar sé ekkert annað en ítak. Fram að lögtöku þjóðlendulaga hafi afréttir, aðrir en eignarafréttir, verið ítök í landi í einskis eigu. Þetta land sé nú að lögum eign íslenska ríkisins. Sú regla sé talin gilda að þeir sem haldi því fram að tiltekið land sé undirorpið beinum eignarrétti beri sönnunarbyrðina fyrir því. Land, sem enginn hafi getað sannað eignartilkall til, hafi verið talið almenningur. Þá geti beinn eignarréttur fallið niður hafi hann ekki verið framseldur. Um þetta megi vísa til nýbýlatilskipunar sem kveðið hafi á um að land sem enginn ætti væri almenningur, sbr. Lyfr. 21. júlí 1873 (Vilborgarkot) og H 1994 2227 (Geitland).

Þá sé ekki hægt að fallast á þá málsástæðu gagnaðila ríkisins að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt eignarrétt jarðeigenda í Biskupstungnahreppi að afréttinum, t.d. með því að þinglýsa athugasemdalaust vatnssölusamningi frá 7. desember 1917 vegna afréttarins. Á umræddu skjali hafi einmitt verið gerð athugasemd af þinglýsingadómara um að eignarheimild skorti. Vísað sé til fyrri umfjöllunar um gildi þinglýsingar í þessu sambandi.

Sá sem haldi því fram að tiltekið land sé eignarland beri sönnunarbyrðina fyrir því. Það land, sem ekki tekst að sanna að sé undirorpið beinum eignarrétti, sé þá þjóðlenda.

Ekki sé rétt svo sem jarðeigendur o.fl. haldi fram í greinargerð sinni að Hellisheiðin hafi verið viðurkennd sem eignarland. Þá sé bent á að dæmt hafi verið að Auðkúluheiði sé ekki undirorpin beinum eignarrétti. Ekki hafi enn verið dæmt um eignarrétt að Húksheiði.

Við skoðun heimilda um umráð og nýtingu og önnur atriði, sem máli skipti, sé alveg ljóst að afréttur Biskupstungna sé sams konar landsvæði og Landmannaafréttur. Um hann hafi Hæstiréttur sagt: „Ekki hafa verið leiddar sönnur að því að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla, hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar.“

7.4.2. Afréttur norðan vatna

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að af orðalagi Vilkins- og Gíslamáldaga verði að ætla að þar sé fremur lýst afréttaritaki kirknanna í Bræðratungu, Haukadal, Torfastöðum og Skálholti en ákveðnu landsvæði. Ekki sé ljóst hvar þessi ítök séu. Þau gætu eins verið norðan Sandvatns og Fars en sömu kirkjur hafi einnig átt þar skógarítök, t.d. í Sandvatnshlíð og undir Bláfelli. Af orðalagi afsals kirknanna til Biskupstungnahrepps fyrir afréttinum megi sömuleiðis ráða að um sölu á afréttarlandi hafi verið að ræða en ekki eignarlandi. Á þetta atriði hafi verið lagt sérstakt vægi í H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 og 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði).

Jarðir og afréttir hafi ávallt haft ákveðin staðarmörk enda hafi í upphafi orðið að afmarka numið land og land sem tekið hafi verið afnotatöku. Ætla verði að landsvæðið norðan Hvítárvatns að afréttarlöndum Húnvetninga hafi verið almenningur enda um fjarlægt og torsótt land að ræða. Minjar um forna byggð styðji þetta því öllum hafi verið heimilt að byggja sel í almenningum en ekki í afréttum. Engar heimildir séu til um að land þetta hafi verið numið í öndverðu en hafi svo verið og heimildir um það glatast hafi verið litið svo á að land, sem hafi verið numið í öndverðu en eignarréttur að því fallið niður, verði almenningur. Vísað sé til fyrri umfjöllunar um þetta atriði.

Ljóst sé af orðalagi 16. gr. erindisbréfs handa biskupum frá 1. júní 1746 að ekki hafi verið átt við lönd í óbyggðum svo sem afrétti og því sé Vilkinsmáldagi ekki áreiðanlegur og löggiltur fyrir þau réttindi sem kirkjurnar í Bræðratungu, Torfastöðum, Haukadal og Skálholti hafi talið sig eiga norðan vatna. Að þessu virtu þurfi ekki að velta fyrir sér fullyrðingunni um að máldagi Vilkins hafi lagagildi um afréttinn.

Þegar kirkjulénismaður (beneficiarius) Torfastaða og eigendur Skálholts, Bræðratungu og Haukadals hafi um miðja 19. öld sótt um leyfi hjá yfirvöldum til að selja afrétt, sem kirkjurnar fjórar áttu fyrir norðan Hvítárvatn, hafi ekki verið ljóst hvort átt hafi verið við beitarrétt eða afréttarland. Hins vegar hafi legið ljóst fyrir á þessum tíma að konungsbréf frá 30. júní 1786 gildi en samkvæmt því hafi verið bannað að selja eignir frá kirkjum nema með leyfi konungs. Hafi þetta bæði átt við lénskirkjur og bændakirkjur. Um þetta leyfi hafi verið sótt og með konungsúrskurði 18. september 1850 hafi sala afréttarins verið heimiluð. Með afsali 25. apríl 1851 hafi umráðamenn kirknanna síðan afsalað afréttinum til Biskupstungnahrepps. Upphafleg eignataka á þessu svæði hafi því ekki farið fram með þeim hætti að íbúar hreppsins hafi tekið svæðið til sumarbeitar fyrir búpening heldur með löggerningi svo sem gert sé ráð fyrir í H 1955 108 (Landmannaafréttur I) að geti verið grundvöllur beins eignarréttar.

Á það sé þó að líta að orðalag afsalsgerninga ráði miklu við túlkun á því hvort land sé beinum eignarrétti undirorpið eða ekki. Á þessum tíma hefði konungur getað ákveðið að afréttur norðan vatna skyldi seldur sem eignarland en ekki afréttur en það hafi hann ekki gert. Hann hafi einungis heimilað sölu á því sem hann var beðinn um, þ.e. beitarrétti.

Þá er bent á að Hæstiréttur hafi í dómum sínum lagt ríka áherslu á upphaflega eignatöku, sbr. H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1955 108 (Landmannaafréttur I), H 1981 1584 (Landmannaafréttur II), H 1994 (Geitland), H 1997 1162 og 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá mæli það gegn því að telja landið undirorpið beinum eignarrétti að það er fjarri byggð, hefur óljósa afmörkun í heimildarskjölum og að því liggur þjóðlenda að norðan, sbr. áður nefnda dóma um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði.

Með ofangreindri umfjöllun sé búið að hrekja eignartilkall Biskupstungnahrepps til afréttarins norðan vatna. Verulegur vafi sé á því að nokkurn tímann hafi þar verið stofnað til einhvers konar eignarréttar þar sem svo virðist vera að um almenning sé að ræða. Spurning sé hvort hreppurinn hafi unnið hefð á afréttarréttinum en hér að framan hafi verið færð fyrir því rök að ekki sé hægt að hefða eignarrétt á landi utan eignarlanda. Í þessu sambandi sé vísað til H 1987 1656 (Flateyjardalsheiði). Þar hafi kröfu um rétt til upprekstrar á grundvelli hefðar verið hafnað vegna grandsemi um rétt annarra og enn fremur vegna skorts á sönnun fyrir samfelldum notum í 40 ár. Ljóst sé af heimildum að nokkrir aðilar hafi kallað til réttar yfir umræddu þrætulandi og spurning sé hvort umráð hafi nokkru sinni verið með þeim hætti að skilyrði hefðarlaga séu uppfyllt.

8. SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.

8.1. Kröfur um sáttatillögu, frávisun o.fl.

Af hálfu Biskupstungnahrepps er þess krafist að óbyggðanefnd leggi fram sáttatillögu í málinu í samræmi við 15. gr. laga nr. 58/1998. Meginhlutverk óbyggðanefndar hljóti að vera að setta aðila enda geti úrskurðir hennar vart verið bindandi um eignarréttindi. Með þátttöku í málsmeðferð fyrir nefndinni sé á engan hátt verið að viðurkenna úrlausnarvald hennar að þessu leyti. Eignarréttur, sem byggist á athugasemdalausum þinglýstum heimildum, verði hvorki takmarkaður né tekinn af landeigendum með úrskurði óbyggðanefndar og er hvers konar ráðagerð um það mótmælt.

Krafa jarðeigenda o.fl. um að vísa beri frá óbyggðanefnd kröfu ríkisvaldsins um að þjóðlendur nái inn í þinglýst eignarlönd byggist á því að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar verði ekki hróflað við eignarrétti manna nema með lögum. Í þjóðlendulögunum sé ekki að finna neina heimild til eignarnáms heldur sé þvert á móti hnykkt á því í lögum að þjóðlendur séu utan eignarlanda. Óbyggðanefnd hafi því ekki lagaheimild til að úrskurða að til þjóðlendna skuli teljast land, sem nú liggur innan þinglýstra landamerkjja bújarða eða afrétta þar sem lögaðilar hafi þinglýst afsal fyrir eignarrétti sínum, þar sem með þeim hætti væri í raun verið að svipta viðkomandi eiganda eignarrétti sínum. Þar með væri land, sem eigandinn hefur fullkomna eignarheimild fyrir í dag og sem viðurkennt hefur verið af yfirvöldum að hann eigi, sbr. skráningu í fasteignamat og aðrar opinberar skrár, ekki lengur fullkomin eign hans heldur væri honum gert að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Höfði landeigandinn ekki mál fyrir dómstólum innan 6 mánaða frá úrskurði óbyggðanefndar, til viðurkenningar á eignarrétti sínum, glati hann endanlega eignarrétti að umræddu landi. Landeigandanum væri gert að sækja mál fyrir dómstólum til að verja eignarrétt sinn. Á því sé byggt að málsmeðferð þessi standist ekki 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og því beri að vísa kröfum, sem lúta að þinglýstum eignarlöndum, frá óbyggðanefnd, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Í öðru lagi er frávisunarkrafan á því byggð að óbyggðanefnd sé ekki óháður úrskurðaraðili. Það, að leggja þurfi málin undir óbyggðanefnd með þeim hætti sem ráð sé fyrir gert í lögum nr. 58/1998, sé andstætt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, svo og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi talið ákvæði þetta eiga við um ákvarðanir stjórnvalda sem hafi áhrif á eignarrétt og atvinnuréttindi manna í viðtækri merkingu. Í 19. gr. laga nr. 58/1998 sé vissulega að finna ákvæði um heimild einstaklinga til að bera ákvörðun óbyggðanefndar undir dómstóla enda sé það gert innan mjög skamms tíma, þ.e. 6 mánaða. Engu að síður sé því haldið fram að málsmeðferðin geti ekki verið réttlát. Í fyrsta lagi benda jarðeigendur o.fl. á það hversu skammur málshöfðunarfræsturinn sé. Í öðru lagi er á það bent að þegar óbyggðanefnd, sem heyrir undir forsætisráðuneytið, hafi tekið ákvörðun um að tiltekin landspilda skuli teljast þjóðlenda og sæta þannig forsjá forsætisráðuneytisins, þá verði þólandinn, þ.e. hinn raunverulegi landeigandi, að höfða dómsmál og vera þannig sóknaraðili í máli til þess að fá þessari ákvörðun

stjórnvaldsins hnekk. Við því sé að búast að staða stjórnvaldsins sé þá mun sterkari þar sem sérhæfð nefnd hafi þá þegar tekið afstöðu með málstað ríkisvaldsins. Af þessum sökum beri að vísa hvers konar ágreiningi um eignarréttindi frá óbyggðanefnd og beri nefndinni sjálfri að taka afstöðu til frávisunarkröfunnar með úrskurði.

Í greinargerð jarðeigenda o.fl. eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Kanna þurfi hvort úrskurðir óbyggðanefndar kunni að vera ógildanlegir þar sem þjóðlendulög standist hvorki stjórnarskrá né mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi beri að huga sérstaklega að tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi hvort löggjafanum sé heimilt að færa eignarrétt að almenningum og eigendalausum svæðum, er nú lúti fullveldisrétti Alþingis, til ríkisins, þ.e. til forsætisráðuneytisins, til þinglýstrar eignar. Telja jarðeigendur o.fl. að það gerist í raun þegar slíkt land sé úrskurðað þjóðlenda og spyrja hvort slíkt „landnám“ sé heimilt nú. Minnt sé á að ákvæði Jónsbókar um að „almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið“ sé í fullu gildi. Í Landmannafréttarmálunum hafi verið tekist á um eignarréttindi á Landmannaafrétti. Í fyrra málinu hafi verið synjað um viðurkenningu á eignarrétti sveitarfélaganna og/eða jarðanna á afréttinum. Í síðara málinu hafi kröfu ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti þess á umræddu landi hins vegar verið hafnað. Alþingi geti tæplega breytt niðurstöðu dómstóla að þessu leyti og falið eignarréttinn að umræddu landsvæði ríkisvaldinu með lögum. Slík lagasetning kunni að brjóta í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnræði aðila. Standist slík lagasetning megi spyrja hvort ekki hefði verið eðlilegra að ákveða með lögum að Landmannahreppur ætti hið umdeilda landsvæði með hliðsjón af því að hann einn hefði nytjað landið.

Í öðru lagi er því haldið fram að það fari gegn jafnræði málsaðila og stríði gegn almennri réttlætiskennnd að forsætisráðherra skipi óbyggðanefnd, er eigi að úrskurða um eignarrétt að landi, sem fallið geti til ríkisvaldsins, er lúti stjórn forsætisráðuneytisins. Enginn geti verið dómari í eigin sök. Sjónarmið um að skipan þessi stríði gegn réttlátri málsmeðferð leiði til þess að úrskurðir óbyggðanefndar kunni að verða ógildanlegir. Með þessu sé ekki verið að lýsa yfir vanhæfi nefndarmanna heldur hvernig staðið sé að skipan í nefndina. Þeim tilmælum sé beint til óbyggðanefndar að hún taki ábendingar þessar til meðferðar og segi af sér komist hún að þeirri niðurstöðu að þjóðlendulög-in standist ekki stjórnarskrá eða að skipan nefndarinnar standist ekki hlutleysis- og jafnræðisreglur.

Þá er því haldið fram að óbyggðanefnd beri að leita umsagnar allra þeirra aðila, sem að hinu umdeilda landsvæði kunna að koma, svo sem Náttúruverndarráðs, héraðsnefndar Árnessýslu, iðnaðarráðuneytisins og allra þeirra aðila sem veitt geti upplýsingar um eða tengist hinu umdeilda landsvæði með einhverjum hætti.

Kröfugerð ríkisvaldsins hafi verið kærð til umboðsmanns Alþingis vegna meints brots á meðalhófsreglu, rannsóknarreglu og andmælareglu stjórnsýslulaga.

Loks er því haldið fram að óbyggðanefnd geti ekki tekið einstök svæði til úrlausnar fyrr en fyrir liggja kröfugerð til alls landsins svo gæta megi jafnræðis við úrlausn málanna. Með öðru móti verði ekki nægilega rannsakað hvernig eignarhaldi sé almennt háttáð á landi sambærilegu því sem hér sé til umfjöllunar.

8.2. Almenn atriði varðandi eignarréttarkröfur

Við setningu landamerkjálaga, nr. 5/1882 og síðar nr. 41/1919, hafi ætlun löggjafans verið sú að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og að leyst yrði úr ágreiningi um þau, væri hann fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum hverjum í sinu umdæmi borið að rannsaka hvort landamerkjum hefði verið þinglýst. Allt til ársins 1981 hafi verið gert ráð fyrir að sérstakur dómstóll, landamerkjadómstóll, skæri úr ágreiningi um

landamerki. Lögjafarvaldið hafi með þessu viljað tryggja að landamerki væru sem skýrust og að um þau þyrfti ekki að deila. Með landamerkjälögnum hafi átt að koma góðri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll og hafi fyrir mælum laganna verið fylgt og landamerkjälýsingar gerðar fyrir nær allar jarðir. Landamerkjälögin frá 1882 hafi ekki kveðið á um það hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt. Alkunna hafi verið að eignarlöndum fylgdi fullkominn eignarréttur og að afréttarlönd væru í sameign eigenda þeirra jarða sem afrétturinn tilheyrði. Í landamerkjälögnum sé ekkert að finna sem bendi til þess að ráð hafi verið fyrir því gert að innan þinglýstra landamerkja kynni að vera annars vegar eignarland og hins vegar afréttarland, þ.e. land sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti. Þá sé rangt að halda því fram að enginn hafi farið með hið „eigendalaus“ svæði, þ.e. hafi afréttirnir talist eigendalaus landsvæði því þá hafi Alþingi farið með yfirráðin þar og falið hreppstjórum og sýslumönnum að gæta réttar almennings. Enginn hafi gert athugasemd þegar landamerkjum var þinglýst sem leiði til þess að þau hafi verið samþykkt af öllum hlutaðeigandi aðilum. Meginreglan sé sú að jörð með þinglýstum landamerkjum sé eignarland enda styðjist bréfið við eldri gögn, hefð og venju. Þær undantekningar, sem kunni að vera frá þessari meginreglu, þ.e. þegar staðhættir og nýting bendi til annars en eignarlands, eigi ekki við í Biskupstungum. Af hálfu jarðeigenda o.fl. var í munnlegum málflutningi lögð áhersla á mikilvægi þinglýsingar heimildarskjala fyrir jörðunum en einnig var vísað til skrár Fasteignamats ríkisins og jarðaskrár landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt 29. gr. landamerkjälaga.

Afréttir hafi, á þeim tíma er landamerkjälögin voru sett, verið taldir undirorpnir fullkomnum eignarrétti sem einungis takmarkaðist af eignarrétti annarra landeigenda. Um þetta hafi ekki verið deilt enda hafi þetta sameiginlega land fyrst og fremst verið nýtt til beitar fyrir sauðfé og hesta.

Í 1. gr. landamerkjälaganna sé mælt fyrir um að landeigendur eða fyrirsvarsmenn jarða þar sem eigi séu af völdum náttúrunnar glögg landamerki skuli setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vötnum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki sem löglega sé við haldið. Framangreind regla eigi m.a. við um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna ef sá sem land á að afrétti eða lendu krefst þess. Landamerkjälýsingar þær, sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjälaganna 1882, hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingum og eftirlitsskyldu valdsmanna sem leitt hafi til þess að um sé að ræða fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Landamerki þessi og þetta fyrirkomulag beri að virða. Jarðeigendur o.fl. telja að ekki sé hægt að raska landamerkjum með því að setja meira en öld síðar lög, sem kveði á um eignarrétt ríkisvaldsins að stórum landspildum, sem í meira en 100 ár hafi verið taldar innan þinglýstra landamerkja jarða eða eftir atvikum í sameign tiltekins fjölda jarða. Ríkisvaldið geti ekki slegið eign sinni á land sem sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi verið það í yfir 100 ár. Hér hljóti venjuréttur og hefðarsjónarmið að vega þungt.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi var lokið. Lengi hafi verið óvissa um hvort hefðarréttur gilti hér á landi. Í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746 hafi verið kveðið á um að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign. Víða megi sjá þess stað að út frá því hafi verið gengið að hefðarreglur Norsku eða Dönsku laga (1683 og 1687) giltu hér á landi. Einnig sé vikið að hefðarreglum í nokkrum tilskipunum, sbr. konungsbréf frá 18. apríl 1761, nýbýlatilskipunina frá 1776 og tilskipun frá 17. apríl 1833 er varði ódalsrétt á Íslandi. Landsyfírréttur hafi í dómi frá 5. maí 1830 gengið ótvírætt út frá því að hefðarreglur Norsku laga giltu á á Íslandi þó að rétturinn hafi síðar, eða í dómi frá 19. desember 1887, hafnað hefðarreglum. Hefð hafi síðan fyrst og fremst haft gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Ákvæði 1. gr. hefðarlaga sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber

eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt þessu megi halda því fram að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð á landi, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti undirorpið. Í fyrri Landmannaafréttardóminum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð verði unnin á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. Þjóðlendulaga i.f. Gaukur Jörundsson telji að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur um sé að ræða afrétt eða almenning ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt. Hann telji þó að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Því sé hins vegar ekki haldið fram að umþrætt landsvæði í Biskupstungum hafi verið eigendalaust fram eftir öldum heldur sé ljóst að það hafi verið numið og sá hluti þess sem teljist til Biskupstungnaafréttar hafi verið nýttur sameiginlega af jarðeigendum í Biskupstungum. Sjónarmiðin um hefð séu til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt jarðeigenda í hreppnum. Gaukur Jörundsson telji jafnframt að slaka beri á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmætið og allar aðstæður gefi minna tilefni til víðtækra umráða og fjölbreyttra nota. Í dómi Hæstaréttar frá 20. janúar 1939 hafi verið fallist á eignarhefð engjalslands enda þótt hefðandi virðist hafa haft lítil sem engin önnur not af landinu en til slæгна.

Engu breyti um eignarhaldið hvort hefðandi lands er einn aðili eða margir sameigendur. Það að landið hafi frá upphafi nánast einungis verið nýtt til beitar og þótt þeir sem það nýttu hafi nýtt það sameiginlega og að um afréttamálefni og fjallskil hafi gilt almenn lög þá breyti það ekki því að þessir sameigendur hafi nýtt landið eins og kostur var í fullan hefðartíma og meira en það og jafnframt meinað öðrum not þess. Ríkisvaldið hafi ekki nýtt afrétt Biskupstungnahrepps með nokkrum hætti. Þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi snemma haft afskipti af nýtingu afrétta með skipulagningu smölunar og eyðingu refa geti slík stjórnsýsluleg afskipti ein sér ekki haft í för með sér yfirfærslu eignarréttarins frá jarðeigendum til sveitarfélagsins eða ríkisvaldsins. Venjuréttur og hefð falli hér saman og eigi að leiða til þess að afrétturinn tilheyri jörðunum í hreppnum sem hafi nýtt landið öldum saman. Öðru máli gegni um það landsvæði sem Biskupstungnahreppur keypti af kirkjunum í Biskupstungum 1851. Þar sé eignarrétturinn jafnframt studdur öðrum heimildum sem nánari grein verði gerð fyrir síðar.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er því haldið fram að virða beri þá skipan sem gilt hafi um aldir og staðfest hafi verið, m.a. með landamerkjalogunum frá 1882, og að eignarréttindi verði ekki færð í hendur ríkisvaldsins með almennum lögum. Jarðeigendur o.fl. telji að gögn þau sem lögð hafi verið fram í máli þessu af þeirra hálfu leiði til þess að sönnunarbyrðin um að land sé þjóðlenda en ekki eignarland hvíli á ríkinu. Meta beri vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu jarðeiganda í vil ef landamerkjabréf byggt á eldri réttarheimildum eða önnur slík gögn bendi til þess að landið sé undirorpið beinum eignarrétti.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi talið að ríkisvaldið geti farið með ákveðin umráð lands í skjóli valdheimilda sinna sé ekki þar með sagt að löggjafinn geti framselt vald þetta til stjórnvalda og jafnframt falið stjórnvöldum að skera úr um það hvaða land skuli vera undirorpið eignarrétti ríkisvaldsins og hvað skuli skilið eftir handa raunverulegum eigendum landsins. Hér sé fyrst og fremst um pólitískar deilur að ræða sem færðar hafi verið að nokkru leyti í lögfræðilegan búning. Minni deilurnar á margan hátt á þær deilur sem í byrjun síðustu aldar hafi verið um eignarrétt að vatni og vatnsföllum.

Á því sé byggt að löggjafarviljinn hafi ekki staðið til þess að land, sem nú sé innan þinglýstra landamerkja bújarða, verði talið til þjóðlendna, sbr. umræður og ályktanir um málið á Alþingi. Þá er vísað til meðalhöfsreglu stjórnsýslulaga því til stuðnings að ekki skuli telja meira land til þjóðlendu en sem brýna nauðsyn beri til og sátt er um að teljast skuli þjóðlenda.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er á því byggt að landsvæði það, sem um er deilt í máli þessu, hafi allt verið numið í öndverðu. Vísað er til rits Haraldar Matthíassonar, Landið og Landnáma. Ljóst sé að landnám hafi víða verið víðfeðm svo sem landnám Kalmans sem numið hafi Kalmanstungu

allt til jökla. Þar sé um fullkomið eignarland að ræða, sbr. H 1975 55 (Arnarvatnsheiði). Á því sé byggt að landnám Ásgeirs Úlfssonar, er numið hafi Hlíðalönd öll, Þorbrands óarga og Ásbrands sonar hans er numið hafi Haukadals og Eyfröðar ins gamla, er numið hafi Tunguna eystri, hafi náð yfir það svæði sem um sé fjallað í máli þessu. Jarðeigendur o.fl. telji öll rök hníga að því að landsvæðið norðan Fars og Sandár hafi tilheyrt landnámi Eyfröðar ins gamla. Ljóst virðist að landsvæðið norðan vatna hafi verið numið í öndverðu þótt ekki sé vitað hver það gerði. Bæjarrústir við Hvítárvatn bendi til þess að landsvæði þetta hafi verið numið og þar hafi verið búíð. Síðar hafi það orðið sameign kirknanna í Biskupstungum. Bændur á þessu svæði hafi snemma öðlast beitarrétt á þessu landi með samkomulagi við eigendur og fyrir venju. Því sjónarmiði talsmanns ríkisins að land, sem numið hafi verið í öndverðu, geti talist til þjóðlendu sé mótmælt. Jarðir sem lagst hafi í eyði vegna náttúruhamfara, svo sem raunin mun hafa verið við Hvítárvatn, hafi verið lagðar til afreitar ýmist fyrir kaup eða fyrir hefð eða venju. Snemma hafi orðið til reglur um beitarnýtingu á umræddu sameignarlandi og hafi sveitarfélögin fljótlega tekið við skipulagningu á fjallskilum. Engu skipti í hvers eigu landið sé, sem smala þurfi, sbr. 4. gr. nógildandi laga um afreittarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, sbr. 52. gr. sömu laga. Samkvæmt nýbýlatilskipuninni 1776 hafi konungur sett lög um heimild til stofnunar nýbýla á eigendalausum svæðum og hafi því í raun allt land utan eignarlanda talist í eigu ríkisins. Konungur hafi því getað breytt ríkislandi í eignarland í eigu einstaklinga. Þetta styðji það að kirkjurnar í Tungunum, sem átta land norðan Hvítárvatns og Hvítár, hafi getað selt það Biskupstungnahreppi sem fullkomið eignarland enda hafi leyfi konungs legið fyrir söluinni. Bent sé á að óeðlilegt sé að jarðir sem þegar hafi verið til við gildistöku nýbýlatilskipunar hafi lakari stöðu nú en þau nýbýli sem stofnað hafi verið til á grundvelli tilskipunarinnar og síðar nýbýlalaga.

Það styðji jafnframt þá fullyrðingu að landið sé undirorpið fullkomnum eignarrétti að við stólsjarðauppboðin 1794 hafi lönd verið seld samkvæmt konungsúrskurði sem fullkomin eignarlönd samkvæmt uppkölluðum landamerkjum. Fyrir liggir að landamerki Úthlíðar og Haukadals voru ljós á þessum tíma, sbr. vísitasiugerðir Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1646. Því sé haldið fram að svo hafi einnig verið um aðrar jarðir sem seldar hafi verið á þessum tíma. Þannig beri ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að landamerki hafi verið önnur fyrir gildistöku landamerkjaganna 1882. Því sé haldið fram að konungsúrskurður um að stólsjarðirnar skyldu seldar með öllum gögnum og gæðum hafi haft lagagildi en konungur hafi getað breytt landi, sem ekki var undirorpið beinum eignarrétti, í fullkomið eignarland. Raunar sé ljóst að land jarðanna var eignarland, sbr. máldaga kirknanna. Landamerkjum sé ekki lýst í uppboðsafsöluum en jarðeigendur o.fl. haldi því fram að uppkölluð landamerki hafi verið þau sömu og síðar hafi verið skráð og staðfest í kjölfar landamerkjaganna frá 1882. Af hálfu jarðeigenda o.fl. sé því haldið fram að jarðeigendur hafi síðar látið lögfesta merki jarða sinna, t.d. Úthlíð og Austurhlíð, vegna þess að þá virðist hafa skort skilríki fyrir þessum eignarrétti sínum. Verði því að líta á lögfesturnar sem framhald af fyrrgreindu uppboði. Markmiðið með stólsjarðauppboðinu hafi verið það að breyta umræddum jörðum í eignarland bænda og búa þar með til stétt sjálfseignarbænda.

Mótmælt sé þeirri túlkun, sem fram komi í greinargerð ríkisins, um að greina megi í sundur eignarlönd og afreittarlönd eftir nýtingu þeirra. Í fyrsta lagi sé viðurkennt af fræðimönnum að afreittarland geti verið fullkomið eignarland ef ljóst sé að það hafi verið numið í öndverðu eða síðar orðið undirorpið fullkomnum eignarrétti, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn), H 1975 55 (Arnarvatnsheiði) og dóm aukadómpings Árnæssýslu 23. febrúar 1980 (Tunguheiði). Mjög stór hluti lands á Suðurlandsundirlendi sé ekki í heilsársnotum af skiljanlegum ástæðum. Yfir vetrartímamann sé landið gegnfrosið og enginn skepna fari um það. Vetrararbeit sé nú víðast aflögð með nútímalandbúnaðarháttum.

Að því er varði staðhæfingar í greinargerð ríkisins um aðgreiningu lands í heimalönd og afreitti telji jarðeigendur að innan jarðanna sé ekki um afreitti að ræða í þeirri merkingu sem heimamenn leggja í orðið afreittur. Heimalönd sumra jarða séu hins vegar mjög víðfeðm. Slíkt land, sem í eðli

sínu geti flokkast sem afréttarland í víðustu merkingu þess orðs, sé hins vegar að mati jarðeigenda eignarland enda viðurkennt af fræðimönnum að slíkt land geti verið undirorpið beinum eignarrétti. Á slíku landi séu t.d. ekki gerð fullkomin fjallskil af hálfu fjallskilastjórnar enda að hluta til um einkaland jarða að ræða sem jarðeigendur smali sjálfir. Þá benda jarðeigendur á að á vorin sleppi menn fé sínu í heimalönd og smali síðan til rúnings. Einnig sé ám sleppt í heimalönd á haustin, eftir að lömb hafi verið tekin undan. Á afréttinn reki menn hins vegar fé í byrjun sumars og óheimilt sé að fara með fé í afrétt til haustbeitar.

Land Haukadals sé ekki lengur smalað að frumkvæði fjallskilastjórnar en landið hafi verið friðað frá 1964. Svo sé einnig um hluta lands Úthlíðartorfunnar innan landgræðslugirðingarinnar. Reyndar hafi land þetta aðeins að hluta til verið smalað að tilhlutan fjallskilastjórnar og hafi það verið gert af þeirri ástæðu að fjallsafnið hafi farið þar um. Að stærstum hluta hafi eigendur hins vegar smalað landið sjálfir.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er ályktunum talsmanns íslenska ríkisins um upptök Tungufljóts mót-mælt. Tungufljót komi að hluta til upp í Fljótsbotnum en Ásbrandsá, sem renni í tveimur kvíslum úr Sandvatni, sameinist Tungufljóti. Því skipti þessi sjálfstæðu upptök Tungufljóts ekki máli. Í þessu sambandi sé vísað til umfjöllunar Einars Arnórssonar um landnám í Biskupstungum í ritinu, Árneshring á landnáms- og söguöld. Þá bendi Haraldur Matthiasson á í riti sínu, Landið og Landnáma, að meginupptök Tungufljóts séu í Hagavatni og telji hann að landnám Eyfröðar ins gamla hafi að minnsta kosti náð inn í Sandvatnshlíð og Bláfellsháls.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er tilgátum þeim, sem fram komi um landnám Íslands í greinargerð ríkisins mótmælt. Ekkert bendi til þess að lönd hafi verið numin með þeim hætti sem greint sé frá í greinargerð ríkisins, heldur sé mun líklegra að stórvötnin hafi ráðið þar sem þeirra naut við. Þannig hafi fræðimenn talið að mjög víða hafi land verið numið allt til jökla enda sé Landnáma alls ekki óljós að því er þetta varði. Ljóst sé t.d. að Eyfröður inn gamli hafi numið alla Tunguna vestan Hvítár en upptök hennar séu ljós, þ.e. í Hvítárvatni. Gróðurfar nú veiti enga vísbendingu um þetta enda sé það nú með allt öðrum hætti en við landnám.

Landnáma greini ekki frá mörkum landnáma þeirra Þorbrands og Ketilbjarnar gamla. Stakksá hafi þó væntanlega verið meira vatnsfall þá en nú. Á hitt beri að líta að Ásgeir Úlfsson hafi fengið „hlíðalönd öll“ með Þorgerði dóttur Ketilbjarnar gamla og sé Ásgeir talinn til landnámsmanna. Samkvæmt aldagamalli málvenju nái Hlíðalönd inn að Hagavatni enda sé Úthlíðarhraun og Svinahraun eitt samfellt svæði sem nái inn í svonefndar Buðlungabrekkur. Ljóst sé að landnám Ásgeirs hafi náð yfir allt Úthlíðarhraun, að öðrum kosti hefði landnám hans ekki verið stórt. Þá hafi Ketilbjörn einnig helgað sér alla Biskupstungu en landið norðan Þjóðlendulínu ríkisins sé auðvitað líka í Biskupstungum samkvæmt fornri málvenju. Augljóst sé að Ketilbjörn hafi numið allt þetta land norður til Hagavatns og Fars á móts við landnám Eyfröðar ins gamla. Mörkin milli Laugar-dalshrepps og Biskupstungnahrepps, sem liggja á stórum kafla samsíða landamerkjum Úthlíðar, séu mjög gömul. Þau séu samþykkt af yfirvöldum í báðum hreppum og hafi verið ágreiningslaus um ómunatið.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Er á það bent að lýsingar Landnámu hafi verið taldar benda til þess að um beinan eignarrétt að landi væri að ræða, svo sem í H 1960 726 (Skeljabrekka) og H 1994 2228 (Geitland). Lýsing Landnámu á landnámi í Biskupstungum sé alls ekki óljósari en lýsing hennar á landnámi Geitlands.

Þá er af hálfu jarðeigenda o.fl. bent á að í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi) hafi vafinn verið metinn sökunaut í hag. Viðkomandi skotveiðimenn hafi verið sýknaðir m.a. vegna vafa um hvar þeir voru staddir, vafa um landamerki og fleira á grundvelli sönnunareglna opinbers réttarfars. Í engu þessara mála hafi verið tekist á um eignarrétt að landi. Þá er á það bent að í málunum um Gilsá og Sandfellshaga hafi ekki legið fyrir eldri

heimildir um landamerki en landamerkjabréfin frá síðari hluta 19. aldar. Í málsmeðferðinni fyrir óbyggðanefnd beri hins vegar að túlka vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eða að hve miklu leyti land hafi verið nýtt landeiganda í hag hafi hann athugasemdalaus þinglýsta eignarheimild í hendi. Ríkið beri því sönnunarbyrðina fyrir því að umþrætt land hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því eigendalaus.

Þá er af hálfu jarðeigenda o.fl. mótmælt þeim skilningi talsmanns ríkisins að H 1975 55 (Arnarvatnsheiði) geti ekki haft formdæmisgildi í máli þessu. Til grundvallar niðurstöðunnar hafi legið lögfesta eiganda Kalmanstungu frá 1879 og séu fræðimenn á þeirri skoðun að ekki verði annað ráðið af niðurstöðu Hæstaréttar en að landið, sem um hafi verið deilt, sé fullkomið eignarland. Af hálfu jarðeigenda o.fl. sé talið að land sunnan Fars og Sandár hafi ekki sambærilega stöðu og Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði. Þar hafi vissulega verið um afréttarlönd að ræða en ekki heimalönd. Á það er bent að menn hafi mun víðtækari not af heimalöndum jarða en afréttarlandi en þar skipti mestu máli að eigendur jarða geti bannað öðrum not heimalanda þó víðfeðm séu. Sem dæmi um víðtæk not af heimalöndum megi nefna að um aldamótin 1900 hafi mátt greina ummerki eftir 12 beitarhús á Haukadalsheiði. Á heiðinni hafi einnig verið stundaður heyskapur allt til ársins 1929.

Sjónarmið um staðhætti, víðáttu og gróðurfar skipti ekki máli hér í ljósi hinnar glöggu lýsingar Landnámu á landnámi í Biskupstungum og þeirra heimilda sem fyrir liggja um byggð í Tunguseli og við Hvítárnes. Kenningum um afnotanám sé mótmælt og bent á að mun líklegra sé að afnotaréttur hafi myndast fyrir venju.

Tilgangurinn með lögum um þjóðlendur hafi fyrst og fremst verið sá að gera ríkisvaldið að þinglýstum eiganda þeirra landsvæða sem enginn hafi skilríki fyrir að hann eigi en svo hátti til um hluta afrétta og jökla á hálendi Íslands.

Í þjóðlendulögum sé eignarland skilgreint sem „landsvæði sem háð er einkaeignarrétti þannig að eigandinn fer með öll venjuleg eignarráð þess“. Af hálfu jarðeigenda o.fl. er því haldið fram að allt land, sem þeir hafi þinglýsta eignarheimild fyrir, sé eignarland. Innan þinglýstra landamerkja fari landeigendur einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yferráð.

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er því haldið fram að alls staðar í Árnassýslu sé land innan þinglýstra landamerkja undirorpið beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi hefði enginn tilgangur verið með setningu landamerkjalaga frá 1882 hefðu þau ekki átt að veita eigandanum beinan eignarrétt að því landi sem landamerki jarðar hans náðu til. Ekkert bendi til þess í lögskýringargögnum að ráð hafi verið fyrir því gert að innan þinglýstra landamerkja gæti annars vegar verið land, sem jarðareigandinn ætti aðeins afnotarétt að og hins vegar land, sem undirorpið væri fullkomnum eignarrétti. Svo virðist sem með lögum 1882 hafi verið reynt að koma skikki á þessi mál, þ.e. hvar mörk eignarlanda og afrétta lægju. Löggjafinn hafi skipað málum með lögum án þess að raska eignarrétti. Teljist afrétturinn eigendalaus sé rangt að halda því fram að enginn hafi farið með hið „eigendalaus“ svæði. Upprekstrarfélög eða sveitarfélög hafi farið með yferráðin á afréttinum fyrir hönd eigenda jarða í hreppnum sem átt hafi afréttinn í óskiptri sameign. Umboðsmönnum landstjórnarinnar, sýslumönnum, hafi verið falið eftirlitsvald með framkvæmd laganna.

Viðurkennt sé af fræðimönnum að eignarréttur að afréttarlandi geti stofnast fyrir hefð. Þá geti hefð stutt aðra eignarheimild svo sem afsal. Vafalaust sé að land sé eignarhæft í þessu tilliti. Jafnframt megi nefna að 1. gr. hefðarlaga sé ætlað að taka af tvímæli um það að hefð verði unnin á verðmæti jafnvel þó það hafi verið í opinberri eigu. Í þessu sambandi sé rétt að nefna að lönd þau, sem hér um ræði, séu öll afgirt. Þó geti fénaður frá Hlíðabæjunum gengið um lönd jarðanna innbyrðis. Land Haukadals sé afgirt og Úthlíðartofan sé afgirt gagnvart Laugardalshreppi. Þá sé land Hóla og Tunguheiðar afgirt svo og Biskupstungnaafréttur. Í þessu sambandi skuli einnig minnt á að venjuréttur á grundvelli löggæringa geti stutt tilkall til beins eignarréttar að landi. Landið hafi eingöngu verið nýtt af eigandanum eða öðrum með samþykki hans.

8.3. Einstakar jarðir

8.3.1. Haustsmölun á Hlíðalöndum

Í greinargerð jarðeigenda o.fl. segir að sú venja hafi skapast að samhliða leitum á Biskupstungnaafrétti sé skipulögð ein leit á hluta af heimalöndum nokkurra jarða við Hlíðar. Hafi það áður verið gert til að leitast við að koma til rétta því afréttarfé sem runnið hefði á þetta svæði. Allt til ársins 1929 hafi fé átt greiða leið innan af afrétti vestur yfir Ásbrandsá og Far og hafi það þá runnið inn á land jarðanna á Haukadalstorfundi og óskipt land Úthlíðar, Hrauntúns og Stekkholts. Sumt hafi runnið inn á land jarðanna Helludals, Neðra-Dals, Múla, Austurhlíðar og Dalsmynnis. Fjallsafni af Biskupstungnaafrétti hafi á þessum tíma verið rekið fyrir ofan Tungufljótsbotna en þar hafi safnið farið yfir Ásbrandsá sem þá hafi verið tiltölulega lítil bergvatnsá. Safnið hafi síðan farið fram beggja megin við Sandfell og smalar á eftir því niður Úthlíðarhraun og Haukadalsheiði. Nokkrir fjallmanna í fyrstu leit á Kili hafi farið til móts við þá er að heiman komu til að smala Hlíðalönd. Safnið hafi síðan komið saman við Múla og verið rekið í réttir við Holtakot.

Aðeins hafi verið skipulögð ein leit á Hlíðalönd. Hafi því ekki verið farið að ákvæðum laga um afréttarmál og fjallskil en þau mæli fyrir um það að gera skuli a.m.k. tvær leitir á afrétt. Í Biskupstungum hafi raunar lengi verið skipulagðar þrjár leitir hvert haust á afréttinn. Sýni þetta að ekki hafi verið litið á þetta land sem afrétt.

Árið 1929 hafi Hagavatn hlaupið fram um Leynifoss svo myndast hafi stórfljót úr Hagavatni í Sandvatn. Þar hafi því verið erfitt að koma yfir fjársafni. Sama ár hafi Tungufljót verið brúað á móts við réttirnar ofan við Faxe. Eftir það hafi fjársafnið verið rekið niður Eystri-Tungu. Árið 1938 hafi mæðiveikin komið upp á Hlíðabæjunum og hafi þá verið bannað að reka fé af þeim bæjum á afrétt og aftur er riðuveiki hafi komið upp árið 1978. Hafi náðst að stöðva hana með varnarlínu úr Hagavatni niður með Fari og Tungufljóti. Eftir sem áður hafi allt svæðið verið talið ein fjallskilahlíð. Bændur með hlíðum hafi gert sín fjallskil á Biskupstungnaafrétti þótt þeir mættu ekki reka þangað fé. Í staðinn hafi þeir fengið aðstoð við að smala heimalönd sín en aðeins í fyrstu leit. Allar aðrar leitir á þetta land hafi verið gerðar af heimamönnum.

Undanfarin ár hafi bændur, sem ekki fara með fé á Biskupstungnaafrétt, fengið 25% afslátt af fjallskilum og hafi bændur við Hlíðar notið þess afsláttar eins og aðrir.

8.3.2. Miðhús, Dalsmynni, Hlíðartún, Kjóastaðir I og II og Brú

Af hálfu íslenska ríkisins sé litið svo á að allt land innan landamerkja ofangreindra jarða sé eignarland. Sé því ljóst að kröfur jarðeigenda séu teknar til greina á þeim forsendum og með þeim rökstuðningi sem í kröfulýsingum felist og sé til þeirra vísað. Kröfur um að beinn eignarréttur að jörðum þessum verði viðurkenndur eru ítrekaðar. Þá er því haldið fram að meðalhófsregla stjórn-sýslulaga leiði til þess að óbyggðanefnd sé óheimilt að úrskurða á þá leið að land þetta teljist til þjóðlendu.

8.3.3. Austurhlíð, Neðridalur og Helludalur I og II

Því er mótmælt að landamerki jarðanna séu ósamþykkt. Frá þeim hafi verið gengið löglega af þar til bærnum yfirvöldum. Landamerki Austurhlíðar byggist á þinglýstri lögfestu frá 4. júní 1840. Eigendur Úthlíðar og Haukadals skrifu undir landamerkjalyýsingarnar að norðanverðu og þar til bær yfirvöld samþykki undirskriftirnar. Þá sé þinglýsing bréfanna dómsathöfn sem sé bindandi og verði ekki hnekkt nú. Af hálfu ríkisins hafi ekki verið sýnt fram á að þessar jarðir hafi ekki verið innan landnáma í öndverðu enda séu fræðimenn á öðru máli. Sú staðreynd að eigendur jarðanna hafi einir farið með öll not þeirra í fullan hefðartíma styðji einnig eignartilkall þeirra. Nýting jarðanna og smölun bendi til þess að allt land jarðanna sé undirorpið beinum eignarrétti. Skattar hafi verið greiddir af öllu landinu og samkvæmt fasteignamati, bæði fornu og nýju, sé ekkert afréttarmat á þessu landi. Allir hlutaðeigendur hafi virt landamerki og eignarhald landeigenda á grundvelli

þeirra þinglýstu heimildarskjala er fyrir hafi legið vel á aðra öld. Bent er á að fjallið Bjarnarfell sé allt í byggð og sjónarmiðum talsmanns ríkisins um hæðarlínur er mótmælt. Þá er vísað til landskiptagjörðar vegna Austurhlíðartorfunnar. Öllu landi hafi verið skipt á milli jarðanna Austurhlíðar, Hlíðartungu og Dalsmynnis. Þá er bent á að jörðin Helludalur eigi hellutak í Hellugili norðanvert við bæinn sem bærinn dragi nafn sitt af. Að öðru leyti er vísað til kröfulýsingar.

8.3.4. Úthlíðartorfan (Úthlíð I-II, Hrauntún og Stekkholt)

Í greinargerð jarðeigenda segir að svo lengi sem menn muni hafi allt land jarðarinnar verið nýtt svo sem hægt hefur verið hverju sinni. Allt landið hafi verið nýtt til beitar jafnt sumar sem vetur. Í Úthlíðarlandi hafi verið eitt aðalfjallagrasasvæðið í Biskupstungum, hið stærsta í Svinahrauni. Allir sem til grasa hafi farið á þessum slóðum hafi fengið leyfi hjá Úthlíðarbændum. Heimildir séu fyrir því að Úthlíðarbóndi hafi bannað mönnum að fara til grasa á þessum slóðum. Þá hafi skógarhögg verið stundað, sem og kolagerð, en miklar kolagrafir séu í Stórhöfða og með fjöllumum allt inn í Buðlungabrekkur. Skálholtskirkja hafi átt skógarítak í Úthlíðarlandi. Innst á Svinahrauni sé Kvernháls þar sem efni í kvernasteina hafi verið tekið. Þessi nýting bendi ótvírætt til þess að Úthlíðarland sé allt eignarland en ekki afréttur.

Þá megi nefna að Úthlíðarland hafi alla tíð verið eitt mesta rjúpnaveiðiland í Biskupstungum. Meðan rjúpan hafi verið flutt út hafi rjúpnaveiði verið stunduð í atvinnuskyni í Úthlíð. Óþekkt hafi verið að menn færu til veiða án leyfis landeiganda. Greitt hafi verið fyrir veiðileyfin með vöru eða vinnu. Enn fari fjöldi manna til rjúpna í Úthlíðarland haust hvert og viti landeigendur ekki annað en að allir biðji um leyfi.

Á síðasta áratug hafi verið byggðir tveir skálar innst í Úthlíðarlandi með leyfi landeiganda. Ekki hafi verið gerður formlegur leigusamningur en svo hafi verið um samið að landeigendur hefðu afnot af skálunum í smalaferðum og þegar unnið væri að uppgræðslustörfum þar inn frá.

Auk framangreinds megi nefna að eigandi Úthlíðar hafi verið í fyrirsvari er samið hafi verið við Landgræðsluna um girðingarstæði árið 1963. Einnig hafi hann samið við Landsvirkjun vegna lagningar háspennulínu um Mosaskarð en af því tilefni hafi Landsvirkjun greitt eiganda Úthlíðar bætur fyrir allt jarðrask. Þá hafi eigandi Úthlíðar verið í fyrirsvari vegna uppsetningar uppgræðslugirðingar árið 1974 frá Gatfelli að Hagavatni. Hafi hreppsnefnd Laugardalshrepps og Úthlíðarbændur hist á Rótarsandi og þá komið fram að sameiginlegur skilningur var á landamerkjalinu milli Laugardalshrepps og Úthlíðartorfu, þ.e. frá Rótarsandi um Eldborgarhraun og beina stefnu í Hagafell.

Landamerki Úthlíðartorfunnar séu samþykkt af Laugardalshreppi enda hafi mörk hreppanna verið óvefengd af yfirvöldum beggja hreppanna. Þá megi benda á að eigendur Úthlíðar hafi ritað undir landamerkjabréf Haukadals sem gert hafi verið tveimur árum fyrr. Landamerki milli Úthlíðar og Haukadals séu því samþykkt. Þá hafi landamerkjabréfinu verið þinglýst á manntalsþingi og engin athugasemd gerð. Það þýði að allir hlutaðeigendur hafi samþykkt merkin, þ.m.t. hagsmunagæsluadili hins opinbera, þ.e. sýslumaður. Ekki hafi þurft sérstakt samþykki afréttareiganda nema landeigandi krefðist þess. Biskupstungnahreppur hafi samþykkt mörkin fyrir sitt leyti sem handhafi afréttarins og hafi þau mörk verið óumdeild alla tíð. Sýslumaður hafi einnig samþykkt þessi mörk fyrir hönd löggjafarvaldsins en með landamerkjalögnum hafi sýslumönnum verið falið eftirlitsvald með framkvæmd þeirra.

Því sé mótmælt að af landskiptagjörðum megi ráða hvort land sé undirorpið beinum eignarrétti eða ekki. Það að landi norðan svokallaðrar vetrarþéttarlínu hafi ekki verið skipt árið 1965 milli jarðanna skipti engu máli varðandi inntak eignarréttarins að landinu. Hin víðtæku not jarðarinnar hafi náð til allrar jarðarinnar og ríkið hafi ekki sannað að nokkrir aðrir en landeigendur hafi nytjað óskipta landið nema með leyfi þeirra. Skattar hafi verið greiddir af öllu landinu og samkvæmt fasteignamati, bæði fornu og nýju, sé ekkert sérstakt afréttarmat á þessu landi.

Vísað er til þess sem að framan sé rakið um að sum heimalönd geti verið geysivíðfeðm. Þá er

og vísað til þess að nýting landsins og smölun þess bendi til þess að allt landið sé undirorpið beinum eignarrétti.

Fullyrðingar um að öll Úthlíðarjörðin hafi ekki verið seld á stólsjarðauppboðinu sé í andstöðu við þau gögn sem liggja fyrir um söluna, t.d. uppboðsskilmála. Þá sé ljóst að lögfesta Valgerðar Jónsdóttur nái til jarðarinnar allrar, sbr. lýsingu á landamerkjum jarðarinnar í henni. Hefði einhver annar átt hluta af jörðinni hefði hann mótmælt er lögfestunni var þinglýst.

Engu máli skipti hvort kirkjan í Úthlíð hafi átt einhvern hluta af landinu um tíma svo sem ljóst sé af máldögum. Jörðin sé landnámsjörð og landsvæðið jafnan verið fullkomið eignarland. Ríkið beri sönnunarbyrðina fyrir hinu gagnstæða þar sem fyrirbyggjandi eignarheimildir lýsi allar fullkomnu eignarlandi. Jörðin hafi öll verið í eigu Skálholtsbiskupsstóls þegar uppboðið fór fram.

Að því er varði hugleiðingar talsmanns ríkisins um að gögn og gæði hafi einungis fylgt heimalandi er á það bent að með heimalandi geti einnig verið átt við móðurjörðina. Hjáleigurnar hafi þá verið í eigu bóndans sem lengi virðist hafa átt hálfu jörðina á móti kirkjunni auk hjáleignanna. Ljóst sé hins vegar að Skálholtsstóll hafi bæði átt jörð og kirkju þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi verið skrifuð og svo hafi einnig verið þegar stólsjarðauppboðið fór fram. Gildi því hið sama um Úthlíð og Haukadal að þessu leyti þó að talsmaður ríkisins taki aðra afstöðu varðandi Haukadal. Engar heimildir séu um greiðslu afréttartolla í Úthlíð eða að kirkjunni í Úthlíð hafi verið gefin afréttarlönd.

Á því sé byggt að hið sama gildi um Úthlíðartorfuna og aðrar jarðir í Biskupstungum, þ.e. að jarðalínan sé sunnan Fars og Sandár svo sem staðfest hafi verið í Tunguheiðarmálinu. Með vísan til jafnræðisreglunnar verði því ekki hróflað við eignarrétti á Úthlíðartorfunni frekar en öðrum jörðum sunnan afréttarlínunnar.

Til stuðnings kröfu jarðeigenda um að viðurkennt verði að allt land jarðarinnar sé undirorpið beinum eignarrétti er sérstaklega vísað til vísitásiugerðar Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1646. Þá er vísað til skrifa fræðimanna um heimildagildi máldaga. Að öðru leyti er vísað til eignarheimilda fyrir jörðunum Úthlíð, Stekkholti og Hrauntúni, svo og til kröfulýsingar.

8.3.5. Haukadalur

Ljóst sé af þeim eignarheimildum, sem liggja fyrir um Haukadal, að um eignarjörð sé að ræða Allar heimildir um not jarðarinnar bendi hins sama. Bent sé á að Haukadalsheiðin hafi verið friðuð fyrir beit árið 1964 og hún hafi ekki verið nýtt til beitar síðan. Eigandi hennar hafi gert samninga um landið og bannað öðrum not þess.

Mótmælt sé fráleitum hugleiðingum um að allt land Haukadalsheiðarinnar hafi fylgt með í sölnunni til Kristian Kirk árið 1938. Þvert á móti sé ljóst af framlögðum gögnum, þ.m.t. uppdrætti af landspildu Skógræktarinnar (Haukadalur I) að einungis sá hluti jarðarinnar hafi verið seldur Kirk en núverandi eigendur Haukadalstorfunnar hafi haldið öðru landi eftir.

Samkvæmt greinargerð Sigurðar Greipssonar um jörðina Haukadal liggja eigendatal jarðarinnar að stærstum hluta fyrir allt frá landnámi. Samkvæmt öllum gögnum, þ.m.t. máldögum, uppboðsafsölum og landamerkjabréfum, sé ljóst að Haukadalsjörðin sé fullkomið eignarland enda um landnámsjörð að ræða. Við munnlegan málfutning var jafnframt vísað til greinargerðar Ingva Þorsteinssonar þar sem fram komi að rök hafi verið færð fram fyrir því að Haukadalsheiðin hafi verið skógi vaxin á landnámsöld. Jafnframt var á það bent að fram komi í Landnámu að þeim feðgum, Þorbrandi og Ásbrandi, sem numið hafi Haukadal, hafi þótt hið numda land of lítið og því hafi þeir aukið við landnám sitt með því að nema ofanverðan Hrunamannahrepp. Þá var á það bent að fjármálaráðuneytið hefði á sínum tíma fyrir hönd Haukadalskirkju fallið frá kröfu vegna landskipta.

8.3.6. Hólar

Ljóst virðist af Landnámu að jörðin hafi verið innan landnáms Eyfróðar ins gamla. Jörðin Hólar

hafi að mestu verið samfelld í byggð um aldir og í einkaeign til 1957. Hún hafi öll verið nýtt til hefðbundins búskapar allt frá mörkum við Brú, Kjóstaði og Brattholt að Sandá. Nefna megi að síðasti ábúandinn í Hólum hafi heyjað í svokölluðum Réttardælum við Sandá og megi enn sjá tóft af kofa, sem hann byggði við bakka Sandár, til að hafa afdrep í er hann var þar við heyskap ásamt fjölskyldu sinni.

Árið 1958 hafi Biskupstungnahreppur keypt jörðina og lagt hana til afréttar. Hafi það verið gert í þeim tilgangi að afréttarfænaður hefði þar haga þegar hann leitað til byggða síðsumars. Sé ljóst að um fullkomið eignarland sveitarfélagsins sé að ræða, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn). Bent sé á að jörðin liggi samsíða Tunguheiði sem sé fullkomið eignarland samkvæmt dómi. Að öðru leyti er vísað til kröfulýsingar.

8.4. Tunguheiði

Þeim hugleiðingum talsmanns ríkisins um að ekki hafi verið dæmt efnislega um eignarrétt á Tunguheiði með dómi aukadómpings Árnessýslu árið 1980 sé mótmælt. Dómurinn sé skólábókardæmi um landsvæði sem ákveðnum aðila, í þessu tilviki Bræðratungukirkju, hafi verið dæmdur fullkomin eignarréttur að. Hafi verið stuðst við eignarheimildir kirkjunnar og þá staðreynd að á þessu svæði hafi verið búseta um tíma. Dóminum hafi ekki verið áfrýjað og því sé hann bindandi niðurstaða í málinu.

Um fjöllun Einars Arnórssonar um eignardómsmál, sem vísað sé til í greinargerð ríkisins, eigi aðeins við í þeim tilvikum þegar ekki sé tekið til varna í slíkum máli og það því ekki dæmt efnislega.

8.5. Biskupstungnaafréttur

Kröfur jarðeigenda o.fl. byggist á þinglýstum afsölum og landamerkjalyðingu fyrir afréttarlandinu. Á því sé byggt að hið eiginlega afréttarland, þ.e. það land, sem Biskupstungnahreppur hefur ekki eignast sem lögpersóna með kaupum, sé eign eigenda þeirra lögbýla í Biskupstungnahreppi, sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á afréttinum. Þá sé á því byggt að landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og það síðan fylgt jörðunum. Landið sé því í óskiptri sameign eigenda jarðanna í Biskupstungnahreppi. Til stuðnings því að land þetta hafi verið numið í öndverðu sé bent á heimildir um byggð við Hvítárnes, á Tunguheiði og á austanverðum Hrunamannahreppi, er liggi samsíða Framafrétti Biskupstungnamanna. Mikil engjalönd séu í Hvítárnesi og land sé þarna í svipaðri hæð og t.d. Möðrudalur á Fjöllum. Heimildir um byggð á þessu svæði geri þetta landsvæði ólíkt öðrum svæðum, sem ekki hafi verið viðurkennd sem fullkomin eignarlönd, svo sem Auðkúluheiði og Landmannafréttur. Talið sé fullvíst að byggð hafi fallið niður á þessu svæði eftir 1104 og sé því líklegt að kirkjurnar hafi eignast jarðirnar um það leyti. Ekki séu neinar líkur á að skriflegar heimildir séu til frá þessum tíma um þá gjörninga þótt framsalið hafi farið fram á löglegan hátt. Af framsögðu megi ætla að kirkjurnar hafi eignast þetta land sem bújarðir þótt það hafi síðar einkum verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

Í annan stað sé byggt á afsali kirknanna í Bræðratungu, Haukadal, Skálholti og að Torfastöðum til hreppsins fyrir innafréttinum dagsettu 25. apríl 1851 og upplesnu á manntalsþingi að Vatnsleysu 30. maí 1851. Umræddar kirkjur hafi verið eigendur afréttarins fyrir norðan Hvítá samkvæmt Vilkinsmáldaga frá 1397, Gíslamáldaga frá 1575 og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Ljóst sé að sá sem vilji sanna betri rétt sinn til þessa lands verði að hnekkja þessum heimildaskjölum. Salan hafi verið samþykkt af konungi með konungsúrskurði 18. september 1850. Hún hafi því verið ákveðin með lögum en konungsúrskurðir hafi haft lagagildi á þessum tíma. Fullyrðingu talsmanns íslenska ríkisins um að ekki hafi verið heimild fyrir sölnunni sé því vísað á bug.

Máldagar kirknanna hafi verið staðfestir af konungi og hafi því lagagildi. Jafnframt sé á því byggt að heimild til sölu þessara ríkiseigna sé með þeim hætti að land þetta hafi verið selt sem fullkomið eignarland. Hafi verið um það vafi hvort landið var fullkomið eignarland eða afréttareign sé

ljóst að landinu hafi verið afsalað sem eignarlandi enda konungi heimilt að breyta afréttarlandi í eignarland þar sem hann fór bæði með löggjafar og framkvæmdavald.

Samningur Hrunamanna og Biskupstungnamanna frá 1848 um ákveðin óbein eignarréttindi Hrunamanna á landinu styðji það einnig að afrétturinn norðan Hvítár sé fullkomið eignarland. Samningurinn hafi verið gerður fyrir yfirvöldum og staðfestur af þeim.

Karl Axelsson hafi komist að þeirri niðurstöðu í grein sinni um eignarhald á Biskupstungnafrétti að afréttur norðan vatna væri ekki undirorpinn beinum eignarrétti. Hafi hann byggt þá niðurstöðu á því að lega landsvæðisins væri óljós og afmörkun þess í heimildarskjölum einnig. Landið hafi ekki verið numið og skilyrðum eignarhefðar ekki fullnægt. Máldagar væru ekki fullnægjandi grundvöllur beins eignarréttar.

Þessi niðurstaða Karls sé röng þegar grannt sé skoðað. Heimildir bendi til þess að byggð hafi verið á svæðinu við Hvítárvatn sem sanni að land þetta hafi verið numið í öndverðu. Lega og afmörkun svæðisins hafi verið staðfest af yfirvöldum 12. október 1854 og síðar með dómsátt 1983. Þá sé ljóst að ákvörðun um að selja landið sem fullkomið eignarland hafi verið tekin með lögum. Auk þessa hafi Biskupstungnamenn farið einir með öll not þessa landsvæðis frá því umrædd kaup áttu sér stað. Engar framkvæmdir eða nytjar hafi átt sér þar stað nema með samþykki hreppsnefndar Biskupstungnahrepps. Hér styðji hvort annað, afsalið frá 1851 og hefðin. Verði litið svo á að eignarhald Biskupstungnamanna á innafréttinum leiði ekki til beins eignarréttar á grundvelli hefðar og sé vandséð að hefð verði nokkurn tíma viðurkennd sem grundvöllur eignarréttar. Slík niðurstaða væri ekki í samræmi við fræðiskrif Gauks Jörundssonar á þessu sviði.

Ljóst sé af orðalagi í afsali fyrir innafréttinum að um fullkomið eignarland hafi verið að ræða, sbr. Lyfrd (eldri) VII/223 (Bleiksmýrardalur). Dómur stiftsyfirvalda frá 12. október 1854 þess efnis að Biskupstungnamenn hafi einkarétt á notum landsins sé staðfesting þess að landið hafi verið selt sem eignarland af hálfu konungs. Þá sé bent á að á sínum tíma hafi tveir Rangæingar leitað eftir því að þeim yrði útvísað landi til nýbýlis í Hvítárnesi. Yfirvöld hafi synjað þessu erindi á þeirri forsendu að Biskupstungnahreppur hefði keypt þetta landsvæði og það væri nú eignarland hreppsins.

Að því er Framafréttinn varði sé ljóst að landsvæði þetta hafi verið nytjað af eigendum jarða í Biskupstungnahreppi allt frá landnámsöld en hreppsfélagið hafi farið með málefni afréttarins fyrir hönd jarðeigenda allt frá stofnun þess. Afrétturinn hafi verið nýttur til fulls eftir því sem mögulegt var hverju sinni. Til dæmis hafi landið verið nýtt til beitar, grastekju, veiða, skógarhöggs, kolagerðar, námutöku og ferðaþjónustu en einnig hafi sala og leiga vatnsréttinda átt sér stað, sem og leiga á landi. Sé þannig einnig á því byggt að Tungnamenn hafi unnið eignarhefð á umræddu landi en þeir hafi einir notað landið og jafnframt bannað öðrum not þess.

Á því sé byggt að óbein eignarréttindi kirknanna í Sandvatnshlíð og á Bláfellshálsi samkvæmt máldögum sýni að um eignarland var að ræða enda séu ítök þröng umráð eða takmörkuð not fasteignar í eigu annars eða annarra aðila. Bent sé á að kirkjurnar hljóti að hafa eignast réttindi sín með löggerningi en tæplega fyrir hefð eða venju enda hafi þær ekki haft með höndum slíka starfsemi.

Ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt fullkominn eignarrétt Biskupstungnahrepps sjálfs og jarðeigenda að afréttinum með því að þinglýsa heimildarskjölum athugasemdalaust, m.a. kaupsamningi um vatnsréttindi í Hvítá frá 13. júní 1918. Þinglýsing þessi hafi verið dómsathöfn og hafi bindandi áhrif. Þá sé einnig byggt á dómsátt gerðri fyrir aukadómpingi Árnæssýslu 9. september 1983 þar sem aðild Biskupstungnahrepps til að gera sátt um landsvæði þetta hafi verið viðurkennd.

Samkvæmt ofangreindum heimildum sé Biskupstungnaafréttur fullkomin eign annars vegar Biskupstungnahrepps og hins vegar allra jarðeigenda í Biskupstungum með öllum gögnum og gæðum að undanteknum réttindum Hrunamanna á afréttarlandinu norðan Hvítár samkvæmt samningi frá 1848, svo og að undanteknum vatnsréttindum í Hvítá sem seld hafi verið með kaupsamningi 17. desember 1917 en honum hafi verið þinglýst 13. júní 1918. Á því sé byggt að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt með bindandi hætti að umrætt land innan ofangreindra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Því verði ekki hnekknt nú mörg hundruð árum síðar.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild fasteignar sé talinn fullkominn eigandi hennar þar til annað sannist, sbr. H 1961 629. Jafnframt sé því haldið fram í þessu samhengi að sönnunarbyrðin um að landið sé ekki undirorpið beinum eignarrétti hvíli á ríkisvaldinu.

Við úrlausn máls á stjórnáráðgjafi verði að gæta jafnræðisreglna en sambærilegt fjallendi hafi af hálfu ríkisins verið viðurkennt sem eignarland, t.d. á Hellisheiði og í afsölum fyrir Auðkúluheiði og Húksheiði. Þá megi nefna landsvæði eins og Skafafell og Stafafell í Lóni, Möðrudalsöræfi og mörg önnur hálandissvæði sem enginn ágreiningur hafi verið um eignarhald á fram að þessu.

8.6. Lagarök

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. Þá er vísað til landamerkjalaga, nr. 41/1919, laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, laga um afréttarmál og fjallskil, nr. 6/1986 og þjóðlendulaga, nr. 58/1998, einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr. og 17. gr. Jafnframt er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnáráðgjafarinnar, jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og minnt á reglu stjórnáráðgjafarinnar um álitsumleitan. Að lokum er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr.

Málskostnaðarkrafa sé byggð á 17. gr. þjóðlendulaga, sbr. lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr.

9. SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR

Af hálfu Landsvirkjunar er atvikum máls lýst svo að fyrirtækið reki á hinu tilgreinda landsvæði, svæði nr. 1, stærstu orkuver fyrirtækisins og mannvirki sem þeim tengist, svo sem stíflur, uppistöðulón, vatnsvegi, háspennulínur, spennavirki svo og ýmis önnur mannvirki sem tengist starfsemi þess.

Rekstur Landsvirkjunar sé um margt lögbundinn, m.a. rekstur ofangreindra mannvirkja. Leyfi til reksturs mannvirkja þessara hafi verið veitt með lögum. Þá hafi ráðherra gefið út framkvæmdaleyfi. Að lokum hafi verið gerðir samningar við hlutadeigandi landeigendur. Ekki hafi hins vegar tíðkast að þinglýsa sérstaklega réttindum Landsvirkjunar. Verði því að líta til viðkomandi lagaheimilda og venju þegar meta eigi hvaða réttindi Landsvirkjun eigi og geri kröfu til í máli þessu.

Í Biskupstungnahreppi liggja 220 kV háspennulína frá Hrauneyjafossvirkjun um Tunguheiði, Hólaland, Haukadalstorfu og Úthlíðartorfu. Um sé að ræða aðalorkuveitu frá virkjuninni. Með fram henni liggja svonefndur „línuvegur“. Lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé í lögum nr. 37/1971 og 1. og 6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum. Iðnaðarráðherra hafi veitt leyfi fyrir Hrauneyjafosslínu 30. desember 1976. Heimildar til byggingar línunnar hafi verið aflað hjá viðkomandi sveitarfélögum á árunum 1978-1979 í samræmi við 5. gr. skipulagslaga, nr. 31/1968.

Í Biskupstungnahreppi sé um að ræða 64 möstur. Af hálfu Landsvirkjunar sé þess krafist að staðfestur verði beinn eignarréttur fyrirtækisins að þessum 64 stauravirkjum og háspennulínum. Jafnframt að Landsvirkjun hafi full umráð og óhindraðan aðgang að stauravirkjunum og fyrrnefndum línuvegi, bæði vegna venjulegs eftirlits og viðhalds. Líta megi á þessi réttindi Landsvirkjunar sem kvöð á því landi sem línan liggja um. Verði orkuveitan lögð niður sé ekki ólíklegt að þessi kvöð falli niður og landið hverfi aftur til landaeiganda. Möstrin og línan séu varanlega við landið skeytt og því um fasteign að ræða. Landsréttindin séu því í formi ótímabundinnar kvaðar.

Landsvirkjun kveðst leggja áherslu á að fyrirtækið sé eigandi framangreindrar orkuveitu og þeirra réttinda á afréttinum sem þurfi til reksturs hennar og viðhalds en þar með sé talinn óheftur umferðarréttur og réttur til að halda við vegi með fram línunni. Nauðsynlegt sé að þessi réttindi verði viðurkennd af óbyggðanefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Það feli í sér að ekki sé heimilt að ákvarða endurgjald skv. 4. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga fyrir nýtingu réttindanna.

Við lagningu Hrauneyjafosslínu hafi verið samið við oddvita Biskupstungnahrepps vegna Tunguheiðar og Hólalands en þar hafi Landsvirkjun gert þann fyrirvara að ekki væri tekin afstaða til eignarréttar eða stöðu landsins. Hins vegar sé ekki sama fyrirvara að finna í samningum sem gerðir hafi verið við eigendur Haukadalstorfu og Úthlíðartorfu.

Þá kveður Landsvirkjun byggingu 400 kV háspennulínu frá Sultartangavirkjun að aðveitustöð Landsvirkjunar við Brennimer í Hvalfirði fyrirhugaða. Á því landsvæði, sem hér um ræði, muni línun liggja samhliða Hrauneyjafosslínu, sem sé 220 kV. Almenna lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé að finna í 6. mgr. 2. gr. laga um raforkuver en þar segi að virkjunaraðila sé heimilt að reisa og reka orkuveitu og tengja orkuverið við landskerfið. Í lögnum sé einnig eignarnámsheimild. Ljóst sé að til að byggja nýjar meginstofnlínur þurfi leyfi orkumálaráðherra. Einnig sé ljóst að uppfylla þurfi lagaskilyrði um leyfi til framkvæmda. Hin fyrirhugaða háspennulína muni krefjast sambærilegra réttinda og Hrauneyjafosslínun, m.a. til umferðar og viðhalds. Kveðst Landsvirkjun halda til haga í máli þessu rétti sinum til byggingar 440 kV Sultartangalínu samhliða Hrauneyjafosslínu.

Landsvirkjun tekur fram að fyrirtækið mótmæli öllum kröfum um að ríki, sveitarfélög, aðrir lögaðilar eða einstaklingar eigi beinan eignarrétt að afréttarlandi nema þeim sem kröfuna hefur uppi takist að sanna fullkominn eignarrétt, sbr. H 1981 1584 (Landmannaafréttur), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), að öðrum kosti teljist afréttarland vera þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Af hálfu Landsvirkjunar er áreitað að hvort sem það landsvæði, sem til umfjöllunar sé í máli þessu, verði talið þjóðlenda eða eignarland, standi óhöggud þau réttindi sem fyrirtækið hafi fengið með lögum og samningum og sönnur hafi verið færðar á. Við munnlegan málflutning var af hálfu Landsvirkjunar viðurkennt að það heyrði ekki undir óbyggðanefnd að úrskurða um eignarréttindi utan þjóðlendu. Kröfur Landsvirkjunar ættu því eingöngu við verði viðkomandi landsvæði úrskurðað þjóðlenda.

Að lokum kveðst Landsvirkjun eiga og reka allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnassýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu. Sé þess krafist að landsréttindi og umferðaréttindi, sem þurfi til reksturs þeirra, verði viðurkennd.

10. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá bls. 55.

11. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður tekin afstaða til krafna málsaðila um frávísun og fleira vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar. Því næst verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og loks gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Í kafla 12 er umfjöllun og niðurstaða um kröfur Landsvirkjunar á svæðinu.

11.1. Kröfur um frávísun o.fl.

Í greinargerð Ólafs Björnssonar hrl. fyrir hönd eigenda jarða og afrétta í Biskupstungnahreppi, sem lögð var fram á fundi óbyggðanefndar 3. maí 2000, var þess krafist að kröfum ríkisvaldsins er lytu að þinglýstum eignarlöndum yrði vísað frá óbyggðanefnd, málflutningur færi ekki fram fyrr en umboðsmaður Alþingis hefði látið í ljósi álit sitt á atriðum sem til hans hafi verið beint með kvörtun af hálfu lögmannsins og umsagnir ýmissa aðila lægju fyrir. Jafnframt var farið fram á að

framkomin frávísunarkrafa yrði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að fyrirhuguðum málf lutningi fyrir óbyggðanefnd kæmi.

Af þessu tilefni var eftirfarandi ákvörðun kynnt málsaðilum þann 30. maí 2000:

Með hliðsjón af aðdraganda málsins og þá einkum skilgreiningar og auglýsingar nefndarinnar á því svæði, sem nú er til meðferðar, eru ekki forsendur til að fjalla sérstaklega um kröfu um frávísun á ákveðnum þáttum kröfugerðar íslenska ríkisins. Úrlausn um þau atriði tengist og fellur saman við efnismeðferð málsins enda á ákvæði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998 ekki við í þessu sambandi, sbr. áðurnefndan aðdraganda að málsmeðferð á svæðinu og verksvið nefndarinnar almennt.

Þá vill óbyggðanefnd benda á að óbyggðanefnd er stjórnáslunefnd og hlutverk hennar er skýrt afmarkað í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Það er ekki á verksviði óbyggðanefndar að meta stjórnskipulegt gildi laga, enda hefur það verið talin grundvallarregla í íslenskum rétti að slíkt sé ekki á verksviði annarra en dómstóla, sbr. 2. gr. l. nr. 33/1944, sbr. einnig 60. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur að skylda til að leita álots þeirra aðila sem lögmaðurinn tilgreinir verði hvorki leidd af 4. mgr. 10. gr. né 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig 10. gr. stjórnáslulaga, nr. 37/1993.

Engin lagaheimild er fyrir hendi til þess að fresta máli uns úrlausn umboðsmanns Alþingis liggur fyrir.

Óbyggðanefnd byggir forsendur sínar á reglum eignarréttar sem raktar eru í úrskurði þessum og úrskurðar á grundvelli þeirra meðal annars um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Þessum almennu reglum er beitt í hverju máli og eru málin flutt fyrir nefndinni með það fyrir augum. Óbyggðanefnd telur ekki að kröfur fyrir aðra landshluta geti breytt forsendum eða niðurstöðu fyrir það mál, sem nú er til umfjöllunar, og telur að með beitingu sömu reglna eignarréttarins á öll landsvæði sé tryggt að jafnræðis verði gætt í málum fyrir nefndinni. Kröfu um að úrskurðir í Árnæssýslu verði ekki kveðnir upp fyrir kröfum hafi verið lýst fyrir allt landið er því hafnað.

11.2. Landnám

Í Landnámabók er getið um tvo landnámsmenn í Biskupstungum. Annar þeirra var Eyfröður hinn gamli sem nam land milli Kaldakvíslar og Hvítár. Kaldakvísl er nú talið vera sama fljót og Tungufljót og hljóta syðri mörk landnáms Eyfröðar því að vera þar sem Tungufljót og Hvítá mætast. Austur- og vesturmörk ættu einnig að vera glögg en óljóst er hversu langt til norðurs landnámið náði. Af hálfu íslenska ríkisins er miðað við að upptök Tungufljóts séu þar sem tvær kvíslar Ásbrandsár mætast en af hálfu jarðeigenda o.fl. er við það miðað að Kaldakvísl eins og hún er nefnd taki í dag ekki aðeins til Tungufljóts heldur einnig til Ásbrandsár og Farsins. Styðjist þessi sjónarmið við skoðanir fræðimanna. Að mati óbyggðanefndar eru sterk rök fyrir því að landnámið hafi ekki einskorðast við farveg Tungufljóts eins og það er nefnt í dag heldur að Kaldakvísl hafi tekið til Tungufljóts og a.m.k. Ásbrandsár þar sem áin rennur í tveimur kvíslum. Engu að síður verða norðurmörk landnáms Eyfröðar ekki fundin með óyggjandi hætti samkvæmt lýsingu Landnámu.

Hinn landnámsmaðurinn var Ketilbjörn gamli Ketilsson sem nam Grímsnes allt upp frá Höskuldslæk og Laugardal allan „ok alla Byskupstungu upp til Stakksár og bjó að Mosfelli“. Í Haukdælahætti er einungis sagt að Ketilbjörn hafi numið land umhverfis „svá vítt sem hann vildi átt hafa“. „Byskupstunga“, sem Ketilbjörn nam til eignar, er talin hafa náð frá Brúará í vestri til Tungufljóts í austri og þaðan upp með Stakksá en þar mun átt við sama vatnsfall og kemur niður úr hlíð Bjarnarfells. Hins vegar er óljóst hversu langt upp til fjalla Ketilbjörn helgaði sér land og

einnig ríkir óvissa um vesturmörkin því að þau koma ekki heim og saman við það sem sagt er um landnám Gríms í Grímsnesi.

Landnáma nafngreininir enn fremur þrjá aðra menn sem settust að í landnámi Ketilbjarnar: Ásgeir Úlfsson, tengdason hans, sem fékk í heimanfylgu „Hlíðarlönd öll fyrir ofan Hagagarð“, og feðgana Þorbrand Þorbjarnarson og Ásbrand son hans, en þeim var vísað til landnáms „fyrir ofan múla þann, er fram gengr hjá Stakksá, ok til Kaldakvíslar“.

Lýsing á mörkum landnámana er hér ekki með þeirri nákvæmni að unnt sé að komast að ótvíræðri niðurstöðu um stærð þeirra og á það einkum við um mörkin til norðurs.

11.3. Austurhlíðartorfa (Austurhlíð, Hlíðartún, Dalsmynni)

Austurhlíðartorfa skiptist nú í jarðirnar Austurhlíð, Hlíðartún og Dalsmynni. Þá var allstór landspilda er nefnist „Inná dal“ undanskilin við sölu Dalsmynnis árið 1983. Sameiginlegt landamerkjabréf var gert fyrir Austurhlíð og hjáleiguna Stritlu, sem nú nefnist Dalsmynni, árið 1883. Árið 1958 var nýbýlið Hlíðartún stofnað í landi Austurhlíðar. Landskipti fóru fram milli Austurhlíðar, Dalsmynnis og Hlíðartúns árið 1964 og aftur árið 1982. Öllu landi torfunnar hefur verið skipt. Hér verður fjallað um Austurhlíðartorfu eins og henni er lýst í áðurnefndu landamerkjabréfi Austurhlíðar og hjáleigunnar Stritlu frá 1883.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 16. desember 1883 telst innan landamerkja Austurhlíðar og hjáleigunnar Stritlu frá 1883. Land þetta tilheyrir Austurhlíð eftir landskiptin 1982 en samkvæmt landskiptagerðinni eru öll hlunnindi, hverju nafni sem nefnast, í óskiptri sameign jarðanna í sömu hlutföllum og landið. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum Sigríðar Guðmundsdóttur, þinglýsts eiganda Austurhlíðar, Hárlaugs Ingvarssonar, þinglýsts eiganda Hlíðartúns, Arngríms Ingimundarsonar o.fl. þinglýstra eigenda Dalsmynnis, og Eyvindar Erlendssonar o.fl. þinglýstra eigenda landspildunnar „Inná dal“ í kafla 3.3.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að þau mörk Austurhlíðar, sem viti að óbyggðum, séu ósamþykkt. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, viðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afréttum, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna. Þá er á það bent að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segi að Skálholtsstaður eigi afrétt í Tungnamannaafrétt á fjöllum fyrir framan Haukadal. Þetta bendi til þess að Bjarnarfell og Sandfell hafi verið hluti af afrétti Biskupstungnanna. Jafnframt er því haldið fram að land Austurhlíðar í Bjarnarfelli sé eingöngu í sumarnotum og smalað að frumkvæði sveitarstjórnar.

Af hálfu þinglýstra eigenda Austurhlíðartorfu er því haldið fram að allt land torfunnar innan þinglýstra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti þeirra. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjalaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingu landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra, að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Þá er því mótmælt sem fram kemur í greinargerð íslenska ríkisins að mörk torfunnar að norðanverðu séu ósamþykkt og bent á að landamerkjabréf Austurhlíðar byggist á þinglýstri lögfestu frá 1840. Sá sem dragi í efa gildi fyrirliggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimild um Austurhlíð er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Austurhlíðar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppböðinu 17. júní 1790 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Austurhlíðar.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðatorfunnar er að finna í þinglýstu lögfestubréfi frá 4. júní 1840. Þar voru þessi landamerki tilgreind:

Sandfar það er rennur fyrir vestann Bjarnarvelli, rædur framm[í] Hnífagil fyrir vestann Breiðutúngu, og frammí Andalæk, síðann rædur sá Lækur framnað upptökum Stackholtskélðu, sem rennur rétt fyrir nordann Stackholts-Tún, hvaðann nefnd Kélða rædur sudur í Arnarholts Læk, og so sá Lækur uppí Rus[] Flód, þaðann Lækurinn sem rennur nordann að því, uppí Markaflód, beina Stefnu upp[yf]er það, og í Kélðu er upp úr því liggur, rædur sú Kélða uppí síðsta Ósinn í fremri Múlatjörnina, þaðann með nefndri Tiörn að vestann verdu, uppad Efri Ósnum alt Slægiulón, og Backinn er kemur þar fyrir ofann, uppad nærsta Ós. So rædur bein Stefna úr þeim Ós uppí stórann Stein einstakann fyrir ofann Háutorfu, ur þeim Steini rædur bein Stefna uppí Þvergilsbotnana og so í Kélðu sem er mille Bínháls og Pansara og uppí Stacksárbotna, þaðan Stefnu uppí Fögru lág, sem liggur ofann epter Heidinni, so úr nefn[dr]i Fögrulágar botni í framm Tána á Biarnarfelli, so nordur epter Fiallsrótnum í Valahnúk eða Valagil, síðann Stefnu úr því gile vestur fyrir Biarnarvelli, og í áður ummetid Sandfar að ógleimdu mýrar SlægiuItaki er Austurhlíðinn á í Úthlíðar eyngjum, mót Vallendis Bletti er þessi á aptur í Austurhlíðar Dal og kallast Kára teigur.

Landamerkjum jarðarinnar er lýst heildstætt í landamerkjabréfi, dags. 16. desember 1883. Þar lýsir eigandi landamerkjum Austurhlíðartorfunnar þannig:

Á móti Úthlíðarlandi ræður Sandfar það er rennur fyrir vestan Bjarnarvelli fram í Hnífagil fyrir vestan Breiðutungu og fram í Andarlæk, síðan ræður sá lækur fram að upptökum Stekkholtskeldu, sem rennur rjett fyrir norðan Stekkholtstún hvaðan nefnd Kelda ræður suður í Arnarholtslæk, þaðan ræður sá lækur á móti Arnarholtslandi uppí Rústaflód þaðan ræður lækurinn sem rennur norðan að því uppí Markaflód, þaðan beina stefnu upp yfir það á móti Holtakotalandi og í Keldu er liggur upp úr því (Markaflóði), ræður sú Kelda uppí litla ósinn í fremri Múlatjörnina, þaðan með nefndri tjörn að vestanverðu á móti Múlalandi upp að efri ósnum, allt slægjuland, og bakkinn er kemur þar fyrir ofan upp að næsta ós, svo ræður bein stefna úr þeim ós uppí stórann stein einstakann fyrir ofann Háutorfu, úr þeim steini ræður bein stefna uppí Þvergilsbotnana og svo í Keldu sem er á milli Byngshóls og Pansara og uppí Stakksárbotna. Þaðan stefnu á móti Neðradalslandi uppí Fögrulág, sem liggur ofan eptir heiðinni svo úr efri Fögrulágarbotni í framtána á Bjarnarfelli svo norður í Valahnúk eða Valagil, síðan stefnu úr því gili í áður nefnt Sandfar.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 10. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Lýsingu á landamerkjum jarða í Austurhlíðartorfu er þannig að finna í heimildum frá 1840 og 1883. Heimildum þessum ber saman að öllu leyti um landamerki torfunnar enda er í landamerkjabréfinu vísað í áðurgreinda lögfestu og mörk torfunnar við hana miðuð.

Að Austurhlíð liggja Úthlíðartorfa, Arnarholt, Holtakot, Múli og Neðridalur. Er þá ekki tekið tillit til stofnunar nýbýla eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Úthlíðartorfu er dags. 14. maí 1885 og þingl. 8. júní 1885. Fyrirsvarsmenn Úthlíðartorfu og Austurhlíðartorfu árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Holtakots er dags. 29. september 1885 og þingl. 22. júní 1886. Fyrirsvarsmenn Austurhlíðartorfu og Holtakots árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Múla er dags. 24. maí 1884. Fyrirsvarsmenn Austurhlíðartorfu og Múla árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Neðradals er dags. 5. júní 1885 og þingl. 6. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Austurhlíðartorfu og Neðridals árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Þá er landamerkjabréf Arnarholts, sem dags. er 2. júní 1890, áritað um samþykki eiganda og ábúanda Austurhlíðar. Eins og rakið er í kafla 6.2. kom upp ágreiningur milli ábúenda Stekkholts og Austurhlíðar um það hvar Stekkholtskelda væri sem tilgreind er í landamerkjabréfum jarðanna og var úr því leyst með sættargjörð 3. júní 1959, þinglýstri 16. desember sama ár.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Austurhlíðar er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Biskupstungnahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalogin taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Austurhlíð og hjáleiguna Stritlu. Ber því að öllu leyti saman við eldri heimild um landamerki torfunnar frá 1840. Jafnframt er landamerkjabréfið áritað um samþykki fyrirsvarsmanna allra aðliggjandi jarða nema Arnarholts en landamerkjabréf þeirrar jarðar er hins vegar áritað um samþykki eiganda og ábúanda Austurhlíðar. Landamerkjálýsingum Austurhlíðartorfu og aðliggjandi landsvæða, þar sem þær eru fyrir hendi, ber þannig saman í öllum aðalatriðum.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Austurhlíðar sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 16. desember 1883. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna, sem máli skiptir, hafi komið fram. Landamerkjabréf Úthlíðartorfu, Múla, Holtakots, Arnarholts og Neðridals eru einnig þinglesin. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur Austurhlíðartorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ekki eru heimildir um annað en að jarðir í Austurhlíðartorfu hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1883 hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér hafi þýðingu. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðanna hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarða í Austurhlíðartorfu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að land jarða í Austurhlíðartorfu, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 16. desember 1883, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.4. Brattholt

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlenduáhrifin liggi norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjálýsingu frá 4. júní 1885 telst innan landamerkja jarðarinnar Brattholts og taki því ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Nirði M. Jónssyni þinglýstum eiganda Brattholts um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Biskupstungnahreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar í kafla 3.4.

Brattholt er ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnassýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Brattholt er í máldögum frá 14. öld en þá var þar bænahús sem þjónað var frá Haukadal. Brattholts er einnig getið í jarðabókum 1597, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 8. september 1798. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Brattholts.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna á landamerkjabréfi, dags. 4. júní 1885. Þar lýsir ábúandi og eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Að sunnan ræður landamerkjum, móts við Gýgjarhólsland, Launfitargil við Hvítá, og beint úr því vestur yfir Gýgjarhólsfjall í Vörðu sem stendur á fjallsbrúninni, úr þeirri vörðu beint í Vörðu hjá jarðfalli fyrir sunnan Grafkeldu, og beint í Vörðu við Gegnir, svo ræður lækur móts við Kjóstaðaland upp að botni, og þaðan ræður sjónhending upp í Steinholt, og þaðan ræður sjónhending í Vörðu hjá Nýgræðislæk við Torfuenda, og þaðan beint í vörðu á Grjótöldu fyrir innan Nýgræði, gagnvart Hólum, og þaðan beint austur í Brattholtsgilsbotna, svo ræður Gilið austur í Hvítá, svo ræður Hvítá að austan fram að Launfitargili, gagnvart Bræðratungu.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 8. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Brattholti liggja Gýgjarhóll, Kjóstaðir, Hólar, Tunguheiði og handan Hvítár liggur Jaðar í Tungufellstorfu. Er þá ekki tekið tillit til stofnunar nýbýla eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Brattholts er áritað um samþykki allra aðliggjandi svæða nema Hóla. Landamerkjabréf Hóla, dags. 21. maí 1884, er hins vegar áritað um vegna Brattholts. Jarðamörk í Hvítá þykja ekki til þess fallin að valda vafa. Áritun fyrirsvarsmanns Tunguheiðar skortir hins vegar en samkvæmt merkjalýsingu í dómi aukadómpings Árnassýslu frá 23. febrúar 1980 ber lýsingum saman um að merki séu bein lína úr Brattholtsgilsbotnum í vörðu eða stein á Grjótöldu við Kjalveg.

Hér hefur að framan hefur verið rakið hvernig Brattholts er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphafslegs landnáms í Biskupstungnahreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Brattholts sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 4. júní 1885. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Brattholts. Jafnframt benda þau gögn, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Brattholts frá 4. júní 1885 teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.5. Brú

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyýsingu frá 5. júní 1885 telst innan landamerkja jarðarinnar Brúar og taki því ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Margeiri Ingólfssyni o.fl. þinglýstum eigendum Brúar um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Biskupstungnahreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðarinnar í kafla 3.5.

Brú er ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnassýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðunum, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Brú er í jarðabók 1597 og var hún þá skráð eign Skálholtsdómkirkju. Brúar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarða-uppboði 14. maí 1798. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Brúar.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna á landamerkjabréfi, dags. 5. júní 1885. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Brúarlækur ræður framan frá Fljóti að sunnanverðu allt að upptökum hans (sic) hjá Vörðu efst í Skammakeldu, og þaðan beint að Vörðu í Lágumýri, og þaðan beint vestur í Markagilsbotn; svo ræður

Markagil vestur að Fljóti og Fljótið fram að Brúarlæk. Hólmar sem eru í Fljótinu móts við Brúarland teljast eign jarðarinnar, og nefnast Brúar- og Vaðhólmar.

Landamerkjabréf þetta var þinglesið 8. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Brú liggja Haukadalur, Kjóstaðir, Hólar og Gýgjarhóll. Landamerkjabréf Brúar er áritað um samþykki vegna allra aðliggjandi jarða nema Gýgjarhóls. Landamerkjabréf Gýgjarhóls dags. 3. júní og þingl. 4. júní 1890 er hins vegar áritað um samþykki vegna Brúar.

Hér hefur að framan hefur verið rakið hvernig Brúar er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphafslegs landnáms í Biskupstungnahreppi. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Brúar sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 5. júní 1885. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Brúar. Jafnframt benda þau gögn sem hér hafa verið reifuð ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Brúar frá 5. júní 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.6. Haukadalsstofa (Haukadalur I, II og III, Bryggja, Laug og Torta)

Haukadalsstofa skiptist nú í jarðirnar Haukadalur I, II og III, Bryggju, Laug og Tortu en þær þrjár síðastgreindu voru áður hjáleigur Haukadals. Sameiginlegt landamerkjabréf var gert fyrir Haukadalur og hjáleigurnar Tortu, Bryggju og Laug 1883. Árið 1938 keypti Kristian Kirk hluta af jörðinni Haukadalur og eyðibýlinu Bryggju en landsvæði þetta var nánar tilgreint í afsali og viðfestum uppdrætti. Undanskilið söluinni var landsvæði sunnan og norðan hins selda lands. Einnig keypti Kristian Kirk afmarkaðan hluta jarðarinnar Tortu. Tveimur árum síðar gaf hann Skógrækt ríkisins eignir þessar og er sá hluti torfunnar nú nefndur Haukadalur I. Árið 1990 fóru fram landskipti á milli Haukadals II, Bryggju, Tortu og Laugar og var þá skipt sameiginlegu landi þeirra sunnan girðingar um land Haukadals I, þ.e. sunnan svokallaðrar skógræktargirðingar. Árið 1991 fóru fram landskipti á sameignarlandi því sem fallið hafði til eigenda Haukadals II og Bryggju við skiptin 1990. Árið 1994 var lögbýlið Haukadalur III formlega stofnað. Land norðan lands Haukadals I er óskipt. Hér verður fjallað um Haukadalsstofu eins og henni er lýst í landamerkjabréfi Haukadals frá 22. nóvember 1883. Land þetta skiptist samkvæmt framansögðu í þrjá hluta, þ.e. í fyrsta lagi í úrskipt land Haukadals II og III, Tortu, Bryggju og Laugar sunnan girðingar um land Haukadals I. Í öðru lagi í land Haukadals I, eign Skógræktar ríkisins og í þriðja lagi í óskipt land Haukadalsstofu austan, norðan og vestan lands Haukadals I.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyfingu fyrir Haukadalur frá 22. nóvember 1883 telst innan landamerkja Haukadals, nánar tiltekið yfir land Haukadals I og óskipt land jarðanna Haukadals II og III, Tortu, Bryggju og Laugar. Kröfum íslenska ríkisins vegna þjóðlendna er nánar lýst í kafla 3.1.1. og vegna Skógræktar ríkisins, eiganda Haukadals I, í kafla 3.1.2. Þá er kröfum Bjarna Sigurðssonar o.fl. þinglýstra eigenda Haukadalsstofu og Más Sigurðssonar o.fl. leigjenda Laugar vegna lands innan landamerkja torfunnar lýst í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að með afsali til Kristian Kirk og síðar til ríkisins hafi allt land Haukadals verið selt að undanskildu tilgreindu svæði og að aðrir eigi ekki land innan lýstra landamerkja Haukadals norðan við Haukadalur I. Íslenska ríkið eigi því aðild báðum megin kröfulínunnar. Á það er bent að landamerkjabréf Haukadals sé ekki áritað um samþykki vegna

afréttar Biskupstungnahrepps. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afréttum, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðsvæði jarðanna. Þá er því haldið fram að sú regla hafi gilt að gögn og gæði lands, svo sem afréttarnot, hafi eingöngu fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum jörðum í hennar eigu. Þannig hafi sameiginleg afréttarlönd hætt að fylgja einstökum jörðum en öll verið skráð með heimajörð kirkjunnar. Er því haldið fram að útlendi Haukadals á Haukadalsheiði sé afréttarland sem kirkjunni í Haukadal hafi áskotnast með framangreindum hætti nema slíkt hafi gerst fyrir eða á meðan Haukadalur var höfuðból sem höfðingjar byggðu.

Af hálfu þinglýstra eigenda Haukadalsstorfu (Haukadals II og III, Tortu og Bryggju) og leigjenda Laugar er því haldið fram að allt land torfunnar innan þinglýstra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Allar heimildir um nýtingu jarðarinnar, svo og sú ráðstöfun landeigenda að friða Haukadalsheiði fyrir beit, bendi til þess að land Haukadals sé eignarland. Mótmælt sé fullyrðingum um að allt land Haukadalsheiðar hafi fylgt með sölu jarðarinnar til Kristian Kirk 1938. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjagalaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingu landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra, að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Sá sem dragi í efa gildi fyrirleggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimild um Haukadal er Landnámabók en samkvæmt henni voru fyrstu ábúendur í Haukadal þeir Þorbrandur Þorbjarnarson og Ásbrandur sonur hans. Haukadals er getið í máldaga sem talinn er vera frá 1269, máldaga frá fyrri hluta 14. aldar, Vilkinsmáldaga frá 1397 og Gíslamáldaga frá 1570. Jörðin er skráð eign Skálholtsdómskirkju í jarðabók 1597. Hennar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboði 1. október 1794 og kemst þá í einkaeign. Þá er jarðarinnar getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Haukadals.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Haukadals er að finna í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1646 en þar er landamerkjum jarðarinnar lýst svo:

Landamerke, ad nordan J markagil fyrer framan Midhliid og J Laugaa, rædur hun siidan sudureffter framm i Flíot, siidan Flíotéd uppepter ad Arbrandsa, Aarbrandsa rædur siidan til upptaka siidan Far það er geingur úr Sandvatni, siidan Sandvatn vestur J Almennings götur er liika kallast Norlingagötur, siidan þær götur frammepter fyrer vestan Sandfèll, siondeiling [svo í texta] þaðan og J markagils Botn. Item a hún effter Herra Gysla Jonssonar Maaldaga er hann skrifar til Brædratungu afrett fyrer nordann vötn J mots vid Skálholtt, Torffastade og Brædratungu Jafnmijked allar.

Landamerkjum jarðarinnar Haukadals er lýst í landamerkjabréfi, dags. 22. nóvember 1883. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Að norðan í Markagil fyrir framan Miðhlið, úr Markagili í Laugá, rædur hún svo fyrst suður eptir þar til hún rennur í Almenningsá sú á ræður eptir það fram í Fljót síðan Fljótið upp að Árbrandsá sú á ræður eptir það til upptaka. Síðan far það er rennur í hana úr Sandvatni fyrir norðan Árbrandshólma síðan Sandvatn, svo far það er í það rennur norður fyrir austur torfur svo beina línu að vestan við Torfurnar í skarðið fyrir austan Sjónarhóla, þaðan í Sandfarið fyrir framan Hestabrekku austur í Markagilsbotn.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 26. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Lýsingu á landamerkjum Haukadals er þannig að finna í heimildum frá miðri 17. öld og 1883.

Heimildum þessum ber saman um landamerki jarðarinnar að öðru leyti en því að í eldri heimildinni er sagt að Sandvatn ráði merkjum að Almenningsgötum sem einnig nefnist Norðlingagötur en þær ráði fram eftir fyrir vestan Sandfell en þaðan sjóndeiling í Markagilsbotn. Í landamerkjabréfinu segir hins vegar að úr Sandvatni ráði far það er í það rennur norður fyrir austur torfur, svo beina línu að vestan við Torfurnar í skarðið fyrir austan Sjónarhóla, þaðan Sandfarið fyrir framan Hestabrekku austur í Markagilsbotn. Ekki verður þó annað séð en að landamerkjum sé lýst á sama stað í landamerkjabréfinu og vísitastubókinni en í stað þess að miða við Norðlingagötur er miðað við kennileiti í landslagi.

Að Haukadal liggja jarðirnar Múli, Neðridalur, Helludalur og Úthlíð, svo og Hólar, Brú, Gýgjarhóll og Kjarnholt vestan Tungufljóts og Ásbrandsár. Er þá ekki tekið tillit til stofnunar nýbýla eða landskipta eftir gerð landamerkjabréfsins. Að norðanverðu liggur Haukadalur að afrétti Biskupstungnahrepps. Landamerkjabréf Haukadalstorfu er áritað af hálfu Úthlíðar. Landamerkjabréf Helludals er dags. 5. júní 1885 og þingl. 6. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Haukadals og Helludals árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Neðridals er dags. 5. júní 1885 og þingl. 6. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Haukadals og Helludals árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Hóla er dags. 21. maí 1884 og þingl. maí sama ár. Fyrirsvarsmenn Haukadals og Hóla árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Þá er landamerkjabréf Brúar, dags. 5. júní og þingl. 8. júní 1885, áritað um samþykki vegna Haukadals og ber landamerkjabréfum jarðanna saman um mörk þeirra. Formlegt samþykki fyrirsvarsmanna Múla, Gýgjarhóls, Kjarnholta og Biskupstungnahrepps skortir hins vegar.

Á landamerkjabréfi Haukadals er því sá galli að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna Múla, Gýgjarhóls, Kjarnholta og Biskupstungnahrepps. Við mat á þýðingu bréfsins er því nauðsynlegt að kanna hvort efni þess fær samrýmst öðrum gögnum um merki þeirra landsvæða sem áritun skortir fyrir.

Sunnan Haukadalstorfu liggur jörðin Múli. Í landamerkjabréfi Múla, dags. 24. maí 1884, er landamerkjum jarðarinnar úr Stakksárbotnum og að Holtakotalandi lýst svo:

Þaðan haldast mörkin á móts við Neðridalsland með Stakksá niður að eyrum og beina stefnu í Almenningsá, svo með Almenningsá þar til hún kemur í Tungufljót, ræður svo Fljótið mörkunum þar til Holtakotaland tekur við ...

Landamerkjabréfum Haukadals og Múla ber þannig saman um að mörk séu í Almenningsá.

Vestan Haukadalstorfu handan Tungufljóts liggur jörðin Gýgjarhóll. Í landamerkjabréfi Gýgjarhóls, dags. 3. júní 1890 og þingl. 4. júní 1890, er landamerkjum jarðarinnar frá Kjóstadalæk að Gýgjarhólslæk lýst svo:

... þaðan ræður svo nefndur Kjóstadalækur að Brúarlæk móti Kjóstöðum, svo ræður Brúarlækur í Tungufljótsfarveg móti Brú, svo ræður Tungufljótsfarvegur að vörðu, sem stendur austan vert við fyrnefndan farveg, svo þaðan beina stefnu í vörðu, sem stendur á Þrætuborg, svo þaðan beina stefnu í vörðu, sem stendur utanvert við Gýgjarhólslæk; á þessari línu eru merki með hæfilegu millibili móti Kjarnholtum; ...

Landamerkjabréfum Haukadals og Gýgjarhóls ber þannig saman um að mörk séu í Tungufljóti.

Vestan við Haukadalstorfu handan Tungufljóts liggur jörðin Kjarnholt. Í landamerkjabréfi Kjarnholta, dags. 31. maí 1890 og þingl. 4. júní 1890, er landamerkjum jarðarinnar lýst svo:

Fyrst að norðan er varða við Tungufljót, sem ræður merkjum þar, og svo þaðan bein lína eða sjónhending í vörðu á svonefndri Þrætuborg og svo áfram sjónhending í vörðu austur við Gýgjarhólslæk;

svo ræður Gýgjarhóls- og Einholtslækur fram í Fljót að sunnanverðu og svo Fljót að vestan verðu uppað fyr skrifaðri vörðu.

Landamerkjabréfum Haukadals og Kjarnholta ber því saman um að mörk séu í Tungufljóti.

Norðan við Haukadalstorfu liggur afréttur Biskupstungnahrepps. Ekki er að sjá að gert hafi verið landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjagalaganna 1882. Til er lýsing oddvita Biskupstungnahrepps á mörkum afréttarins frá 15. apríl 1979. Mörkum afréttarins að heimalöndum er þar lýst svo: „Úr Hagavatni ræður Farið mörkum milli heimalanda og afréttar, þá Sandvatnið, og Sandá þaðan austur í Hvítá.“ Í 1. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Árnessýslu austan vatna, nr. 408/1996, er afrétti Biskupstungnahrepps lýst með öðrum hætti: „Afréttur Biskupstungnahrepps úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul og síðan að norðan svo langt sem vötn ráða, en að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá.“ Í bréfi Héraðsnefndar Árneseinga dags. 29. nóvember 2001 kemur fram, í tilefni fyrirspurnar Ólafs Björnssonar hrl., dags. 27. s.m., að þau mistök hafi orðið við gerð fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996, að röng landamerkjalyking sé á Framafrétti Biskupstungnahrepps. Samkvæmt greindu bréfi Héraðsnefndarinnar kemur rétt lýsing fram í ádurgreindri lýsingu oddvitans frá 15. apríl 1979.

Framangreind lýsing á mörkum afréttar Biskupstungnahrepps er þannig í samræmi við landamerkjabréf Haukadals. Í teikningu á kröfulínukorti fyrir Haukadalstorfu og Framafrétt eru þessi mörk tilgreind í miðju Sandvatni. Fram er komið að náttúrulegar aðstæður hafa verið breytilegar undanfarnar aldir og ekki er víst að mörk í Sandvatni hafi ávallt verið á sama stað. Verður við það miðað í úrskurði þessum að mörkin séu rétt færð á kröfulínukort enda ekki önnur mörk líklegri og sátt er á milli aðila um þessa afmörkun.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Haukadals er getið í heimildum allt frá landnámsstíð. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Biskupstungnahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Haukadal. Ekki verður annað séð en að því beri saman við einu eldri heimildina um merki jarðarinnar frá 1646. Jafnframt hefur landamerkjabréfið verið áritað f.h. fjögurra aðliggjandi jarða, bréf þeirrar fimmtu er áritað f.h. Haukadals og lýsingum þriggja ber saman um merki við Haukadal. Loks ber lýsingu marka afréttar saman við landamerkjalykingu Haukadals.

Elsta heimild um landamerki Haukadals er frá miðri 17. öld. Ekki verður annað séð en að þeirri heimild beri saman við landamerkjabréf Haukadals frá 1883. Þá er landamerkjabréfið áritað um samþykki vegna allra aðliggjandi jarða nema Múla, Brúar, Gýgjarhóls, Kjarnholta og Biskupstungnahrepps. Landamerkjabréf Brúar er hins vegar áritað um samþykki vegna Haukadals og ber landamerkjabréfum jarðanna saman um mörk þeirra. Enda þótt eigendur Múla, Gýgjarhóls og Kjarnholta áriti ekki bréf Haukadals og eigandi Haukadals ekki bréf þessara jarða ber þeim saman um að mörk jarðanna séu annars vegar í Almenningsá og hins vegar í Tungufljóti. Þá er ljóst að lýsingu oddvita Biskupstungnahrepps á mörkum afréttarins ber saman við landamerkjabréf Haukadals.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum jarða í Haukadalstorfu sé rétt lýst í landamerkjabréfi dags. 22. nóvember 1883. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna án þess að séð verði að athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta, sem máli skiptir, hafi komið fram. Landamerkjabréf Múla, Neðridals, Helludals, Úthlíðar, Hóla, Brúar, Gýgjarhóls og Kjarnholta eru einnig þinglesin. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur Haukadalstorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar, sem á bréfinu eru, verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Eins og áður greinir byggir íslenska ríkið á því að aðrir eigi ekki aðild að ágreiningi um þjóðlendumörk að því er tekur til Haukadalsstorfu enda hafi öllu landi verið afsalað til Skógræktar ríkisins öðru en því sem sérstaklega var undanskilið í afsali 1938. Af þessu tilefni skal tekið fram að málsreifun ríkisins er ekki rétt að þessu leyti enda var tekið fram í greindu afsali að undanskilið væri land sem er utan þess svæðis sem afmarkað var í afsalinu. Þá er þess að geta að í landskiptum þeim, sem vísað er til af hálfu ríkisins, er tekið fram að skipt hafi verið landi sunnan girðingar um land Haukadals I en ekki er fjallað um annað land.

Hvað sem líður hugsanlegum ágreiningi um þetta skal tekið fram að ákvæði 1. gr. laga nr. 58/1998 gera skýran greinarmun á eignarlandi og þjóðlendu. Þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda. Ljóst er því að eignarland verður ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsali sér eignarráðum sínum. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort eigandinn er íslenska ríkið eða einhver annar. Þá hefur fjármálaráðherra ekki heimild til slíks afsals, sbr. 2. mgr. 40. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Ekki verður talið að slík heimild felist í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998 þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra skuli fara með fyrirvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Ekki eru heimildir um annað en að jarðir í Haukadalsstorfu hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1883, hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér hafi þýðingu. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðanna hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Tilgreining á hluta kirkjunnar í heimalandi Haukadals er í samræmi við það sem venja var í máldögum enda var það skilyrði sett til að kirkja gæti tekið vígslu að hún ætti tiltekinn hluta þeirrar jarðar sem hún stóð á. Í þessari tilgreiningu felst hins vegar ekki sönnun þess að innan marka jarðatorfunnar hafi verið annars konar land, með aðra stöðu að eignarrétti.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja jarða í Haukadalsstorfu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að land jarða í Haukadalsstorfu, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 22. nóvember 1883, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.7. Helludalur I og II

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 5. júní 1885 telst innan landamerkjja Helludals. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum Steinars Tómassonar, þinglýsts eiganda Helludals I, og Kristófers Arnfjörð Tómassonar, þinglýsts eiganda Helludals II, og Svönu Einarsdóttur, eiganda Helludals I og II samkvæmt kaupsamningi, í kafla 3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að þau mörk Helludals, sem viti að óbyggðum, séu ósamþykkt. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afréttum, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna. Þá er á það bent að í Jarðabók Árna Magnússonar

og Páls Vídalíns segi að Skálholtsstaður eigi afrétt í Tungnamannaafrétt á fjöllumum fyrir framan Haukadál. Þetta bendi til þess að Bjarnarfell og Sandfell hafi verið talin hluti af afrétti Biskups-tungnamanna. Jafnframt er því haldið fram að land Helludals í Bjarnarfelli sé eingöngu í sumar-notum og smalað að frumkvæði sveitarstjórnar.

Af hálfu þinglýstra eigenda Helludals I og II og kaupsamningshafa er því haldið fram að allt land Helludals I og II innan þinglýstra landamerkjja sé undirorpið beinum eignarrétti þeirra. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjlaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingu landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra, að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Þá er því mótmælt sem fram kemur í greinargerð íslenska ríkisins að mörk Helludals að norðanverðu séu ósamþykkt. Sá sem dragi í efa gildi fyrirbyggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimild um Helludal er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Helludals er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðuppböðinu 17. júní 1790 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Helludals.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Helludals er að finna í landamerkjabréfi Helludals, dags. 5. júní 1885. Þar lýsir umboðsmaður eigenda landamerkjum hennar þannig:

Markagil fyrir norðan Giljatungur sem ræður uppá fjallsbrún (við Neðradalsland) þaðan stefnu í stóran stein sem nefnist Blesi á Bjarnarvöllum og niður í Sandfar sem ræður norður móts við Hestabrekkur (við Úthlíðarland) þaðan stefnu austur með Hestabrekku, sem liggja framan í Sandfelli austri Markagilsbotna fyrir framan Miðhlíð þaðan Gilið niður í Laugá (við Haukadalsland) þaðan Laugá að Markagili.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 6. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Helludal liggja jarðirnar Úthlíð, Neðridalur og Haukadalur. Landamerkjabréf Úthlíðar er dags. 14. maí 1885 og þingl. 8. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Helludals og Úthlíðar árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Neðridals er dags. 5. júní 1885 og þingl. 6. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Helludals og Neðridals árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Haukadals er dags. 22. nóvember 1883 og þingl. 6. maí 1884. Fyrirsvarsmenn Helludals og Haukadals árita hvor um sig á landamerkjabréf hins.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Helludals er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Biskupstungnahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Helludal. Eldri heimildir um landamerki jarðarinnar eru ekki fyrir hendi. Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað af öllum aðliggjandi jörðum og sömuleiðis er áritað af hálfu Helludals á landamerkjabréf allra aðliggjandi jarða. Þá hefur ekkert komið fram sem mælir í mót lýsingu landamerkjja Helludals að öðru leyti.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Helludals sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 5. júní 1885. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Sama máli gegnir um landamerkjabréf Úthlíðar, Neðridals og Haukadals. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur Helludals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

EKKI ERU HEIMILDIR UM ANNAÐ EN AÐ JÖRÐIN HELLUDALUR HAFI VERIÐ BYGGÐ OG NÝTT EFTIR BÚSKAPAR-

háttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Helludals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að land jarðarinnar Helludals, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 5. júní 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.8. Hólar

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 21. maí 1884 telst innan landamerkja Hóla. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum Biskupstungnahrepps, þinglýsts eiganda jarðarinnar, í kafla 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við landnámsmörk en þá sé gert ráð fyrir að með Köldukvísl í Landnámu sé átt við Tungufljót sem eigi upptök sín annaðhvort í Fljótsbotnum eða þar sem tvær kvíslar Ásbrandsár komi saman við Tungufljót. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afréttum, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna. Þá er á það bent að land Hóla sé eingöngu í sumarnotum og smalað að frumkvæði sveitarstjórnar.

Af hálfu þinglýsts eiganda Hóla er því haldið fram að allt land Hóla innan þinglýstra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Lýst sé af Landnámu að Hólar hafi verið innan landnáms Eyfróðar hins gamla. Á meðan jörðin hafi verið í byggð hafi hún öll verið nýtt til hefðbundins búskapar allt inn að Sandá. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjalaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingu landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eiganda þeirra. Sá sem dragi í efa gildi fyrirbyggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimild um Hóla er í máldaga frá fyrri hluta 14. aldar en þá var bænhús á jörðinni sem þjónað var frá Haukadal. Hóla er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695, 1709, 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Hóla.

Landamerkjum jarðarinnar er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 21 maí 1884. Þar lýsir forsvarsmáður jarðarinnar merkjum hennar þannig:

Að suðvestan ræður landamerkjum Markagil frá Fljóti og austur Botn og úr Botni beint að vörðu í Lágumýri og þaðan beint í Steinsholt og svo þaðan inneptir og inn að Vörðu hjá Nigræðislæk við Skírvaðstorfu enda svo þaðan um að vörðu á Grjótöldu fyrir innan Nigræði, vestan til við götur, svo ráða götur inn að Sandá og Sandá að norðan vestur í Sandárdrög að fyrstu upptökum hennar og svo beint fram fyrir vestan Brúntorfu fram að upptöku Ásbrandsár og svo ræður hún fram að Fljóti og Fljót fram að Markagili.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 26. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Hólum liggja jarðirnar Haukadalur, Brú, Kjóastaðir og Brattholt. Þá liggur Tunguheiði að Hólum að austanverðu og Biskupstungnaafréttur að norðanverðu. Landamerkjabréf Haukadals er dags. 22. nóvember 1883 og þingl. 26. maí 1884. Fyrirsvarsmenn Hóla og Haukadals árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Brúar er dags. 5. júní 1885 og þingl. 8. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Hóla og Brúar árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Kjóastaða er dags. 4. júní 1885 og þingl. 6. júní 1885. Fyrirsvarsmenn Hóla og Kjóastaða árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Brattholts er dags. 4. júní 1885 og þingl. 8. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Hóla og Brattholt árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Áritun fyrirsvarsmanna Tunguheiðar og Biskupstungnaafréttar skortir hins vegar.

Lýsingu á landamerkjum Hóla er þannig ekki að finna í eldri heimildum en landamerkjabréfi frá 1884. Þá er bréfið haldið þeim ágalla að það hefur hvorki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna Biskupstungnaafréttar né Tunguheiðar. Við mat á þýðingu landamerkjalyýsingar Hóla er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst gögnum um merki þeirra landsvæða sem áritun skortir fyrir.

Ekki er að sjá að landamerkjabréf hafi verið gert fyrir Tunguheiði í kjölfar setningar landamerkjagalaganna 1882 en hins vegar voru landamerki jarðarinnar ákvörðuð með dómi aukadómpings Árnassýslu 23. febrúar 1980 sem ekki var áfrýjað. Í kafla 11.12. er því lýst að mörk Tunguheiðar gagnvart Hólum séu um mörk frá Steinsholti, sjónhending í Vörðu hjá Nýgræðislæk við Torfuenda eða Skírvaðstorfu og þaðan beint í Grjótöldu fyrir innan Nýgræði. Þá ber landamerkjabréfi Hóla og lögfestu Tunguheiðar saman um að þaðan, eða að vestanverðu eins og segir í lögfestu Tunguheiðar frá 20. maí 1829, ráði götur, Norðlendingagötur, inn að Sandá.

Norðan við Hóla liggur afréttur Biskupstungnahrepps. Ekki er að sjá að gert hafi verið landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjagalaganna 1882. Til er lýsing oddvita Biskupstungnahrepps á mörkum afréttarins frá 15. apríl 1979. Mörkum afréttarins að heimalöndum er þar lýst svo: „Úr Hagavatni ræður Farið mörkum milli heimalanda og afréttar, þá Sandvatnið, og Sandá þaðan austur í Hvítá.“ Í 1. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Árnassýslu austan vatna, nr. 408/1996, er afrétti Biskupstungnahrepps lýst með öðrum hætti: „Afréttur Biskupstungnahrepps úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul og síðan að norðan svo langt sem vötn ráða, en að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá.“ Í bréfi héraðsnefndar Árneseinga dags. 29. nóvember 2001 kemur fram, í tilefni fyrirspurnar Ólafs Björnssonar hrl., dags. 27. s.m., að þau mistök hafi orðið við gerð fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996, að röng landamerkjalyýsing var á Framafrétti Biskupstungnahrepps. Samkvæmt greindu bréfi héraðsnefndarinnar kemur rétt lýsing fram í ádurgreindri lýsingu oddvítans frá 15. apríl 1979.

Framangreind lýsing á mörkum afréttar Biskupstungnahrepps að heimalöndum er þannig í samræmi við landamerkjabréf Hóla.

Hér að framan hefur verið rakið hvernig Hóla er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Biskupstungnahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalyýsingin taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hóla. Eldri heimildir um landamerki jarðarinnar eru ekki fyrir hendi. Bréfið er áritað um samþykki aðliggjandi jarða, þ.e. Brattholts, Brúar, Kjóastaða og Haukadals. Þá ber landamerkjabréfinu í aðalatriðum saman við lýsingu á merkjum Tunguheiðar í lögfestu frá 1829 (og dómi aukadómpings Árnassýslu frá 23. febrúar 1980). Loks hefur ekkert komið fram sem mælir í mót þeirri lýsingu á mörkum jarðarinnar gagnvart Biskupstungnaafrétti sem greinir í landamerkjabréfi. Landamerkjalyýsing Hóla og aðliggjandi landsvæða, þar sem þær eru fyrir hendi, ber því saman í öllum aðalatriðum.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Hóla sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 21. maí 1884. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Sama máli gegnir um landamerkjabréf Brattholts, Brúar, Kjóastaða og Haukadals. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur Hóla hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hólar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma þótt búskapur hafi verið þar nokkuð stopull framan af 20. öldinni en jörðin fór í eyði um miðja öldina. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1884 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Hóla sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að land jarðarinnar Hóla, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 21. maí 1884, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.9. Kjóastaðir I og II

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 4. júní 1885 telst innan landamerkja jarðarinnar Kjóastaða og taki því ekki til lands innan þeirra. Eftir gerð landamerkjabréfsins var jörðinni skipt í Kjóastaði I og II. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Eyvindi Magnúsi Jónassyni o.fl. þinglýstum eigendum Kjóastaða I, og Braga Kristjánssyni þinglýstum eiganda Kjóastaða II um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Biskupstungnahreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum Eyvindar Magnúsar Jónassonar o.fl., þinglýstra eigenda jarðanna, í kafla 3.9.

Kjóastaðir I og II eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnassýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðunum, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Kjóastaði er vegna jarðaskipta 1554. Þá er Kjóastaða getið í jarðabókum 1686, 1695, 1709, 1847 og 1861.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna á landamerkjabréfi, dags. 4. júní 1885. Þar lýsa ábúendur jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Úr Steinsholti beina stefnu í Vörðu sem að stendur vestur í Lágumýri, og úr henni í Skammarkeldubotn, svo ræður Brúarlækur og suður Kjóastaðatungusporð, svo ræður Kjóastaðalækur austur í Krók við Fótarholtstaglið og svo úr þeim krók beina stefnu í vörðu, sem að stendur á Grjótbrún við Gegnir, svo ræður Gegnir mörkum uppí Botn, og úr honum beint í Steinsholt.

Landamerkjabréf Kjóastaða var þinglesið 6. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Kjóastaði I og II.

Að Kjóstöðum liggja Brú, Hólar, Brattholt og Gýgjarhóll. Er þá ekki tekið tillit til þess að eftir gerð landamerkjabréfsins var Gýgjarhólskoti skipt út úr Gýgjarhólsjörðinni. Landamerkjabréf Kjóstaða er áritað um samþykki vegna allra framangreindra jarða.

Hér hefur að framan hefur verið rakið hvernig Kjóstaða er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphafslegs landnáms í Biskupstungnahreppi. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Kjóstaða sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 4. júní 1885. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðanna Kjóstaða I og Kjóstaða II. Jafnframt benda þau gögn sem hér hafa verið reifuð ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Kjóstaða, dags. 4. júní 1885, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.10. Miðhús

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að Þjóðlendulínan liggja norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalytingu frá 22. október 1883 telst innan landamerkja jarðarinnar Miðhúsa og taki því ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Sighvati Arnórssyni þinglýstum eiganda Miðhúsa um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Biskupstungnahreppi er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar í kafla 3.10.

Miðhús eru ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Miðhús er frá 1597 og var jörðin þá eign Skálholtskirkju. Miðhúsa er getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin var seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboði 16. júní 1790. Hennar er einnig getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í heimildum þessum er ekkert fjallað um landamerki Miðhúsa.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna á landamerkjabréfi, dags. 23. október 1883. Þar lýsa ábúendur og umboðsmaður eigenda jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Frá vörðu sem stendur á Andarlæksbakka í Markarima, í þúfu á Ásnum við veginn þaðan að Lambhagalæk síðan ræður lækurinn að upptökum hans við jarðbrúna þar sem Þjóðvegurinn er, þaðan í syðsta Gamla Hólinn svo í Blesá og í Hrutána við upptök Seljamýrar.

Þessi mörk aðskilja Miðhúsa og Brekkuland en á milli Úthlíðar og Miðhúsa úr vörðu sem er á Alsholtssenda þaðan beina leið í Djáknaklett þaðan í vörðu í Fögrubrekku svo sjónhending framan til í Holtamannahóla í Kálfana móts við Árnarhól.

Að Miðhúsum liggja Úthlíðartorfa (Úthlíð, Stekkholt og Hrauntún) og Brekka. Er þá ekki tekið tillit til landskipta eða stofnunar nýbýla eftir gerð landamerkjabréfsins. Þá liggur að Miðhúsum Efstidalur sem er handan Brúarár og tilheyrir því Laugardalshreppi. Landamerkjabréf Miðhúsa er áritað um samþykki vegna Úthlíðartorfu og Brekku. Þá ber landamerkjabréfum Miðhúsa og Efstadals saman um að mörk séu um Brúará enda þótt gagnkvæmar áritanir skorti.

Hér hefur að framan hefur verið rakið hvernig Miðhúsa er getið í heimildum allt frá 17. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphafslegs landnáms í Biskupstungnahreppi. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Miðhúsa sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 22. október 1883. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Miðhúsa. Jafnframt benda þau gögn sem hér hafa verið reifuð ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Miðhúsa frá 22. október 1883, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.11. Neðridalur

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að Þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 5. júní 1885 telst innan landamerkja Neðridals. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum Neðridals ehf., þinglýsts eiganda jarðarinnar, í kafla 3.11.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að þau mörk Helludals, sem viti að óbyggðum, séu ósamþykkt. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afréttum, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna. Þá er á það bent að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segi að Skálholtsstaður eigi afrétt í Tungnamannaafrétt á fjöllum fyrir framan Haukadalsdal. Þetta bendi til þess að Bjarnarfell og Sandfell hafi verið talin hluti af afrétti Biskupstungnamanna. Jafnframt er því haldið fram að land Neðridals í Bjarnarfelli sé eingöngu í sumar-notum og smalað að frumkvæði sveitarstjórnar.

Af hálfu þinglýsts eiganda Neðridals er því haldið fram að allt land Neðridals innan þinglýstra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti þeirra. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjagagna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingu landamerkjabréfanna og þess, að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra, að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Þá er því mótmælt sem fram kemur í greinargerð íslenska ríkisins að mörk Neðridals að norðanverðu séu ósamþykkt. Sá sem dragi í efa gildi fyrirbyggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimild um Neðridal er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Neðridals er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 17. júní 1790 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Neðridals.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Neðridals er að finna í landamerkjabréfi Neðridals, dags. 5. júní 1885. Þar lýsir ábúandi landamerkjum jarðarinnar þannig:

Við Haukadalsland, Almenningsá og Laugá að Markagili fyrir norðan Giljatungur sem ræður uppá fjallsbrún (móts við Helludalsland), þaðan stefnu í stóran Stein sem nefndist Blesi á Bjarnarvöllum og niður í Sandfar, sem ræður fram á móts við Valahnúk; þaðan sömu stefnu austur með fjallarótinni (við Austurhliðarland) í Fögrulágarbotn efri, ofaneptir henni í Stakksárbotna, svo ræður hennar farvegur niðurá Eyrar (við Múlaland) þaðan stefna niður í Almenningsá.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 6. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Neðridal liggja jarðirnar Austurhlíð, Úthlíð, Helludalur, Haukadalur og Múli. Er þá ekki tekið tillit til landskipta eða stofnunar nýbýla eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Austurhlíðar er dags. 16. desember 1883 og þingl. 10. júní 1885. Fyrirsvarsmenn Neðridals og Austurhlíðar árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Úthlíðar er dags. 14. maí 1885 og þingl. 8. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Neðridals og Úthlíðar árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Helludals er dags. 5. júní 1885 og þingl. 6. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Neðridals og Helludals árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Haukadals er dags. 22. nóvember 1883 og þingl. 26. maí 1884. Fyrirsvarsmenn Neðridals og Haukadals árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Múla er dags. 24. maí 1884. Fyrirsvarsmenn Neðridals og Múla árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Eins og rakið er í kafla 6.10. kom upp ágreiningur milli ábúenda Neðridals og Múla um það hvar Stakksá rennur undir Biskupstungnabraut. Var úr því leyst með sættargjörð 3. október 1994, þinglýstri 20. desember sama ár.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Neðridals er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Biskupstungnahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Neðridal. Eldri heimildir um landamerki jarðarinnar eru ekki fyrir hendi. Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað af öllum aðliggjandi jörðum og sömuleiðis er áritað af hálfu Neðridals á landamerkjabréf allra aðliggjandi jarða. Þá hefur ekkert komið fram sem mælir í mót lýsingu landamerkja Neðridals að öðru leyti.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Neðridals sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 5. júní 1885. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem máli skipti. Landamerkjabréf Austurhlíðar, Úthlíðar, Helludals, Haukadals og Múla eru einnig þinglesin. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur Neðridals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Neðridalur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér hafi þýðingu. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Neðridals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að land jarðarinnar Neðridals, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 5. júní 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.12. Tunguheiði

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt lögfestu frá 20. maí 1829 og lýsingu í dómi aukadómsþings Árnassýslu frá 23. febrúar 1980 er innan marka

Tunguheiðar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum Bræðratungukirkju, þinglýsts eiganda Tunguheiðar, í kafla 3.12.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu og gróðurfari megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Ekki sé rétt að miða við dóm aukadómþings Árnassýslu frá 1980 um Tunguheiði í máli þessu. Í fyrsta lagi vegna þess að samkvæmt réttarfarslögum sé dómur í eignardómsmáli ekki bindandi um sjálfan grunneignarréttinn heldur aðeins um hina formlegu heimild að honum og í öðru lagi vegna þess að dómurinn sé í andstöðu við heimildir um landnámsmörk á umræddu landsvæði. Þá sé alls óvíst hvernig til eignarréttar að Tunguheiði var stofnað í öndverðu.

Af hálfu þinglýsts eiganda Tunguheiðar er því haldið fram að allt land Tunguheiðar innan nánar tilgreindra marka sé undirorpið beinum eignarrétti hans. Þá er því mótmælt sem fram kemur í greinargerð íslenska ríkisins að ekki hafi verið dæmt efnislega um eignarrétt á Tunguheiði með dómi aukadómþings Árnassýslu frá 1980. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Í dómi aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 er mörkum Tunguheiðar lýst svo:

Umrætt land er ofan núverandi byggðar í Biskupstungum. Suðurmörk þess eru um svonefnt Brattholtsgil, er gengur í Hvítá skammt norðan við Gullfoss, og síðan bein lína úr gilbotninum í tiltekinn stein við Kjalveg. Vesturmörkin eru bein lína úr síðastgreindum steini í svonefndan Vegatorfustein, sem er nokkuð austan Kjalvegar, og þaðan bein lína um austurjaðar austustu tjarnarinnar í svokölluðum Réttardælum allt norður í Sandá. Að norðan ræður svo Sandá, en Hvítá að austan.

Mál þetta höfðaði sóknarnefnd Bræðratungukirkju sem eignardómsmál á grundvelli 220. gr. þálgildandi laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Krafðist sóknarnefndin þess að viðurkenndur yrði eignarréttur Bræðratungukirkju að landsvæðinu Tunguheiði í Biskupstungum. Til varna var tekið af hálfu íslenska ríkisins og Biskupstungnahrepps. Af hálfu ríkisins var því mótmælt að kröfur sóknarnefndarinnar yrðu teknar til greina og var annars vegar á því byggt að ríkið, sem fullnaðareigandi Bræðratungujarðar og Bræðratungukirkju, væri „... eigandi Tunguheiðar, er sé afréttarland“. Hins vegar að ríkið væri undir öllum kringumstæðum „grunneigandi“ þessa afréttarlands enda þótt ekki yrði fallist á að ríkið væri eigandi kirkju og jarðar. Af hálfu Biskupstungnahrepps voru ekki höfð uppi andmæli gegn því að Bræðratungukirkja ætti eignarrétt að Tunguheiði en andmæli gegn stefnukröfunum voru fyrst og fremst á því byggt að ábúendur í Biskupstungum hefðu öðlast rétt til beitar og umferðar á Tunguheiði fyrir hefð.

Dómur í málinu var kveðinn upp í aukadómþingi Árnassýslu 23. febrúar 1980. Í niðurstöðu dómsins segir svo:

Telja verður vafalaust, að heiði sú, sem talin er eign Bræðratungukirkju í framangreindum heimildum, máldagabók Gísla biskups Jónssonar, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og ýmsum vísitási-um biskupa, sé landsvæði það, sem á síðari tímum hefur verið kallað Tunguheiði og mál þetta fjallar um.

Um aldaðir var bændakirkja í Bræðratungu. Er ljóst að Tunguheiði hefur verið lögð til Bræðratungukirkju, enda þótt engar heimildir sé um með hvaða hætti það hefur orðið. Hefur ekkert komið fram í máli þessu, sem bendir til þess, að þar hafi verið orðin nein breyting á í lok síðustu aldar, þegar þáverandi kirkjubóndi fékk söfnuði umsjón og fjárhald kirkjunnar samkvæmt heimild í lögum nr. 13/1882, um umsjón og fjárhald kirkna. Í 3. gr. nefndra laga er boðið, að við slíkt tækifæri skuli nákvæm úttekt gerð á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum, svo sem nánar greinir í lagaákvæði þessu. Slík úttektargerð í tilefni afhendingar Bræðratungukirkju í hendur söfnuði hefur ekki fundist og raunar ekki fullvíst, hvort hún hefur farið fram. Verður að telja ósannað, að Tunguheiði hafi verið tekin

af Bræðratungukirkju um leið og umsjón og fjárhald kirkjunnar var fengið söfnuði í hendur hinn 31. desember 1899.

Samkvæmt þessu og lögum nr. 13/1882 og síðar lögum nr. 22/1907 um umsjón og fjárhald kirkna verður að telja Bræðratungukirkju að lögum sérstakan aðila að þeim eignarréttindum sem um kanna að vera að ræða, að því er Tunguheiði varðar, og sóknarnefnd til þess bæra að höfða mál það, sem hér um ræðir. Mótmæli ríkissjóðs, sem að þessum atriðum lúta, verða því ekki tekin til greina, án þess þó að þar með sé að öðru leyti en að framan greinir tekin nein afstaða til þess, hver sé nánari réttarstaða ríkisins með tilliti til Bræðratungukirkju og eigna hennar.

Kemur þá til athugunar, hvort Bræðratungukirkja eigi eignarrétt að Tunguheiði eða einungis önnur og þá jafnframt þrengri eignarréttindi. Eins og fyrr segir, er ekki ljóst með hverjum hætti Tunguheiði hefur orðið kirkjueign. Heimildir þær, sem fyrir liggja og áður hafa verið raktar, benda hins vegar eindregið til þess, að á Tunguheiði hafi fremur verið litið sem eignarland en afrétt. Ágreiningslaust er, að afréttur Biskupstungnamanna sé norðan Sandár. Lega Tunguheiðar miðað við afrétt þennan, landa jarða í Biskupstungum, einkum Hóla og Brattholts, svo og hreppamörk, þykja einnig renna stöðum undir það, að eðlilegra sé að telja landsvæði þetta eignarland en afrétt. Eru heldur ekki fyrir hendi nein gögn, er leiði ótvírætt til annarrar niðurstöðu. Samkvæmt þessu ber að fallast á þá skoðun stefnanda, að Bræðratungukirkja eigi eignarrétt á Tunguheiði.

Viðurkenning eignarréttar Bræðratungukirkju að Tunguheiði raskar eigi þeim rétti, sem jarðeigendur í Biskupstungum vestan og norðan Hvitár kunna að eiga til upprekstrar á heidina eða til umferðar um hana. Er því ekki ástæða til að fjalla frekar um mótmæli þau, sem höfð hafa verið uppi af hálfu Biskupstungnahrepps í máli þessu. Samkvæmt þessu og þar sem skilyrðum eignardóms er fullnægt að öðru leyti, ber að taka stefnukröfunna til greina.

Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Samkvæmt þessu liggur fyrir dómsúrlausn um það sakarefni sem hér er til úrlausnar. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að hnekkja eða breyta niðurstöðum dómsins, sbr. 2. gr. Stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í dómi, sem kveðinn var upp í aukadómþingsmáli nr. 11/1976 í aukadómþingi Árnassýslu 23. febrúar 1980, svokölluð Tunguheiði, teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998, án þess þó að tekin sé afstaða til hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

11.13. Úthlíðartorfa (Úthlíð I og II, Stekkholt og Hrauntún)

Úthlíðartorfa skiptist nú í jarðirnar Úthlíð I og II, Stekkholt og Hrauntún, enn fremur óskipt land þessara jarða. Sameiginlegt landamerkjabréf var gert fyrir Úthlíð og hjáleigurnar Stekkholt og Hrauntún 1885. Hjáleigurnar Stekkholt og Hrauntún urðu sjálfstæðar jarðir eigi síðar en 1914 þegar þær voru hvor um sig seldar út úr heimalandi Úthlíðar. Nýbýlið Úthlíð II var stofnað 1961 og fékk þá þriðjung lands Úthlíðar. Yfirlandskipti fóru fram milli Úthlíðar, Stekkholts og Hrauntúns 15. maí 1965 og var þá skipt landi torfunnar sunnan við Miðfell eða nánar tiltekið fyrir sunnan línu sem dregin er frá vörðu ofan Skjónulautar í Brúará gegnt Kinnargili. Land norðan þessarar línu er hins vegar óskipt. Hér verður fjallað um Úthlíðartorfu eins og henni er lýst í landamerkjabréfi Úthlíðar frá 14. maí 1885 en landsvæði þetta skiptist samkvæmt framangreindu annars vegar í úrskipt land Úthlíðar, Stekkholts og Hrauntúns og hins vegar í óskipt land þessara jarða.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalytingu fyrir Úthlíð með hjáleigunum Stekkholti og Hrauntúni frá 14. maí 1885 telst innan landamerkja Úthlíðartorfu, nánar tiltekið yfir óskipt land jarðanna samkvæmt landskiptum

frá 1965. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum Björns Sigurðssonar, þinglýsts eiganda Úthlíðar I og II, Halldórs Jónssonar og Málfríðar Jónsdóttur, þinglýstra eigenda Stekkholts, og Hauks Þórðarsonar og Steinars Þórðarsonar, þinglýstra eigenda Hrauntúns, í kafla 3.13.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að mörk Úthlíðartorfu í Brúará, um Brúarárskörð og upp á Rótarsand, þaðan að Hagavatni, þá í Farinu að Sandvatni og þaðan með fram Haukadalslandi séu ósamþykkt. Þá er því haldið fram að af frásögn Landnámu, nýtingarmöguleikum, staðháttum, víðáttu, gróðurfari og niðurstöðu yfirlandskiptanefndar 1965 megi ráða að land norðan kröfulínu íslenska ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því ekki undirorpið beinum eignarrétti. Við gerð landamerkjabréfa hafi merki jarða, sem land eigi að afréttum, verið dregin einhliða langt inn í óbyggðir og þannig hafi ónumin landsvæði verið innlimuð í yfirráðasvæði jarðanna. Þá er gildi lögfestu Úthlíðar frá 1800 dregið í efa þar sem heimildir bendi til þess að einungis helmingur jarðarinnar hafi verið seldur á stólsjarðauppboði 1794 en hinn helmingurinn hafi verið í eigu kirkjunnar í Úthlíð. Þá er því haldið fram að sú regla hafi gilt að gögn og gæði lands, svo sem afréttarnot, hafi eingöngu fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum jörðum í hennar eigu. Þannig hafi sameiginleg afréttarlönd hætt að fylgja einstökum jörðum en öll verið skráð með heimajörð kirkjunnar. Er því haldið fram að óskipt land Úthlíðartorfu sé afréttarland sem kirkjunnar í Úthlíð hafi áskotnast með framangreindum hætti. Loks bendi upplýsingar um fjallskil til þess að um afréttarland sé að ræða.

Af hálfu þinglýstra eigenda Úthlíðartorfu (Úthlíðar I og II, Stekkholts og Hrauntúns) er því haldið fram að allt land torfunnar innan þinglýstra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti þeirra. Heimildir um nýtingu landsins fyrr á tíð og allt fram á þennan dag, svo og ýmsar ráðstafanir með löggæmingum, bendi til þess að allt land Úthlíðartorfu sé eignarland. Aðrir hafi ekki nýtt landið nema með leyfi landeiganda. Þá er því haldið fram með vísan til tilgangs landamerkjagalaganna, eftirlitsskyldu sýslumanna með framkvæmd þeirra, þinglýsingu landamerkjabréfanna og þess að enginn ágreiningur hafi verið um efni þeirra, að landamerkjabréfin séu fullkomnar heimildir um landamerki jarða og eignarrétt þinglýstra eigenda þeirra. Þá er á það bent að mörk Úthlíðartorfu að Laugardalshreppi, sem jafnframt séu hreppamörk, séu óvefengd af sveitarstjórnnum beggja hreppa. Einnig er bent á að eigendur Úthlíðar riti undir landamerkjabréf Haukadals og séu mörk þessara tveggja jarða því samþykkt. Loks hafi mörk Úthlíðartorfu að Biskupstungnaafrétti alla tíð verið óumdeild. Sá sem dragi í efa gildi fyrirliggjandi þinglýstra eignarheimilda beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Því er mótmælt að af landskiptagerðum megi ráða hvort land er eignarland eða ekki. Fullyrðingum um að aðeins helmingur jarðarinnar hafi verið seldur á stólsjarðauppboði er einnig mótmælt og á það bent að samkvæmt Jarðabók 1709 hafi Skálholtskirkja átt bæði jörð og kirkju. Einnig er vísað til venjuréttar, hefðar og landnáms.

Elsta heimild um Úthlíð er Landnámabók en samkvæmt henni voru fyrstu ábúendur þar þau Ásgeir Úlfsson og kona hans Þorgerður, dóttir Ketilbjörns Ketilssonar á Mosfelli. Úthlíðar er getið í máldaga sem talinn er vera frá 1331 en þá var kirkja í Úthlíð sem virðist hafa verið bændakirkja. Úthlíðar er einnig getið í Vilkinsmáldaga frá 1397 og máldagabroti frá miðri 16. öld. Þá er jarðarinnar getið í bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar og var hún þá ein af leigujörðum frá Skálholti. Úthlíðar er getið í jarðabók 1597, 1686, 1695 og 1709 en þar er hún sögð eign Skálholtsdómkirkju. Úthlíð var ein þeirra Skálholtsjarða sem boðnar voru upp í júní 1790 en tilboð barst ekki. Þá er til afsalsbréf fyrir Úthlíð frá 1841. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Úthlíðar.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum Úthlíðar er að finna í vísitasubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 3. febrúar 1646 en þar er skráður vitnisburður Jóns Þórðarsonar um landamerki jarðarinnar. Landamerki Úthlíðar voru þessi samkvæmt lýsingu Jóns:

... vestan að mille Midhúsa og Hliðar frá diaknasteine og sionhending J Fögrubrecku fyrer nordan Hruthagasel. Þadan og ut í Kaalfaa, so rædur Brúara að upptökum vestur a midian rótasand, þadan

sionhending norður J Hagavatn, siðan það vatnsfall er kallað er far, er rennur ur Hagavatne og J Sandvatn allt að almennings veige kölludum Nordlingagötu, raada siðan götur þær J Hnífagilsbotna, og þaðan Hnífagil að Stockholtskieltu upptökum, enn Kiellan syðan austur J vautn, syðan rada vötnen vestur að Grafalak, og Grafalakurin vestur á lakiamót að þeim lak er kallast andalakur, rædur andalakur siðan sionhending J diaknaklett að austan.

Samhljóða lýsingu á landamerkjum jarðarinnar er að finna í lögfestu fyrir Úthlíð frá 1800 og vísitásiubók Steingrims Jónssonar biskups frá 1829.

Landamerkjabréf Úthlíðar með hjáleigunum Stekkholti og Hrauntúni er dags. 14. maí 1885. Í bréfinu er vísað til vísitásiubóka biskupanna Brynjólfs Sveinssonar og Steingrims Jónssonar en landamerkjalyásing bréfsins er þar þó nákvæmari. Í landamerkjabréfinu lýsa eigendur og ábuendur jarðarinnar merkjum hennar þannig:

Að vestan milli Miðhúsa og Úthlíðar, frá Djáknasteini sjónhending í Fögrubrekku miðja fyrir norðan Hnúthagasel úti Kálfá stefnu í Arnarhól sem ræður fram í Brúará, Brúará ræður að upptökum vestur á miðjan Rótasand, þaðan sjónhending norður í Hagavatn, síðan þaðan vatnsfall sem kallast Far og rennur ur Hagavatni í Sandvatn, ur Sandvatni móts við Haukadal sjónhending fyrir austan Sjónarhóla fram með Sandfelli beina stefnu í Hnífugilsbotn, móti Helludals, Neðradals og Austurhlíðarlöndum, svo ræður Hnífagil á móti Austurhlíð fram í Stekkholtskelduupptök, svo ræður nefnd Kelda suður í Arnarholtslak, vestan Rústaflóð, síðan ræður Arnarholtslakur fram í vötn, svo ráða Vötnin vestur í Grafalak, sem ræður að lakjarmótum á þeim lak sem kallast Andaralakur, síðan ræður hann þangað til að áðurnefndur Djáknasteinn stefnir í Fögrubrekku.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 8. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Lýsingu á landamerkjum Úthlíðartorfu er þannig að finna í heimildum frá 1646, 1800, 1829 og 1885. Í landamerkjabréfinu eru mörk gagnvart Haukadal miðuð við sjónhendingu ur Sandvatni fyrir austan Sjónarhóla fram með Sandfelli beina stefnu í Hnífugilsbotn. Í eldri heimildum er hins vegar við það miðuð að frá Sandvatni ráði svokallaðar Norðlingagötur í Hnífagilsbotna. Jafnframt segir í landamerkjabréfinu að Stekkholtskelda ráði frá upptökum hennar í Arnarholtslak, vestan Rústaflóða, en síðan ráði Arnarholtslakur fram í Vötn. Eldri heimildir lýsa merkjum á þessum stað þannig að Stekkholtskelda ráði austur í vötn. Hér virðist eini munurinn vera sá að lýsing landamerkjabréfsins sé nákvæmari. Að öðru leyti en að framan greinir er um að ræða samhljóða lýsingu á landamerkjum jarðarinnar í landamerkjabréfi Úthlíðar og eldri heimildum.

Að Úthlíðartorfu liggja Efstidalur, Miðhús, Brekka, Arnarholt, Austurhlíðartorfa, Neðridalur, Helludalur, Haukadalstorfa, Biskupstungnaafréttur og Laugardalsafréttur. Landamerkjabréf Miðhúsa er dags. 22. október 1883. Fyrirsvarsmenn Úthlíðar og Miðhúsa árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Arnarholts er dags. 2. júní 1890. Fyrirsvarsmenn Úthlíðar og Arnarholts árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Austurhlíðar er dags. 16. desember 1883 og þingl. 10. júní 1885. Fyrirsvarsmenn Úthlíðar og Austurhlíðar árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Neðridals er dags. 5. júní 1885 og þingl. 6. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Úthlíðar og Neðridals árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Helludals er dags. 5. júní 1885 og þingl. 6. júní sama ár. Fyrirsvarsmenn Úthlíðar og Helludals árita hvor um sig á landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Úthlíðar er áritað af hálfu Brekku. Þá er landamerkjabréf Haukadals, dags. 22. nóvember 1883, áritað um samþykki eigenda og ábuenda Úthlíðar og ber landamerkjabréfum Úthlíðar og Haukadals saman um mörk jarðanna. Landamerkjabréf Úthlíðar hefur hins vegar ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna Efstadals, Laugardalsafréttar og Biskupstungnaafréttar. Við mat á þýðingu landamerkjalyásingar Úthlíðartorfu er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst gögnum um merki þeirra landsvæða sem áritun skortir fyrir.

Vestan við Úthlíðartorfu handan Brúarár liggur Efstidalur í Laugardalshreppi. Í landamerkjabréfi Efstadals, dags. 21. maí 1887 og þingl. „sumarið 1887“, er landamerkjum jarðarinnar að norðan og vestanverðu lýst svo:

... í vestustu nýpuna á Rauðafelli og þaðan beina stefnu norður í Afrjettarlínu, frá þeirri sömu línu ræður Brúará að austan suður að Strýtuholum ...

Landamerkjabréfum Úthlíðar og Efstadals ber því saman um að mörk séu í Brúará. Eins og greinir í máli nr. 3/2000, Laugardalsafréttur (...), þykir og samanburður á landamerkjabréfum jarðanna leiða til þeirrar niðurstöðu að hornmark Úthlíðar, Efstadals og Laugardalsafréttar sé í punkti 4082 á kröfulínukorti á skjali nr. 60 og sérkorti óbyggðanefndar á skjali nr. 327, þ.e. við upptök Brúarár við Rótasand.

Vestan við Úthlíðartorfu liggur afréttur Laugardalshrepps. Lýsingu á mörkum Laugardalsafréttar er að finna í ritinu Sunnlenskar byggðir, ritinu Göngur og réttir, yfirlýsingu hreppstjórans í Laugardalshreppi frá 19. maí 1979 og í fjallskilareglugerð fyrir Árnæssýslu austan vatna, nr. 408/1996, sbr. kafla 6.11. Í ritinu Göngur og réttir er mörkum afréttarins að austanverðu lýst svo: „Er afréttur Laugdælinga austastur og liggur að löndum Biskupstungnahrepps. Mörk þar á milli úr Brúarárskörðum, sem eru endamörk í Efstadalsland, um Hagavatn í Hagafell ...“

Lýsing hreppstjórans í Laugardalshreppi frá 19. maí 1979 er samhljóða ofangreindri lýsingu á mörkum afréttarins að austanverðu. Þá ber fyrrgreindri lýsingu saman við lýsingu á mörkum afréttarins í ritinu Sunnlenskar byggðir og fjallskilareglugerð fyrir Árnæssýslu austan vatna, nr. 408/1996, þ.e. að mörk afréttarins að austanverðu séu frá Brúarárskörðum um Eldborgir og í Hagafell í Langjökli.

Framangreindar lýsingar á austurmörkum Laugardalsafréttar eru í samræmi við landamerkjabréf Úthlíðartorfu. Svo sem greinir í máli nr. 3/2000, Laugardalsafréttur (...), þykir samanburður á landamerkjabréfum Úthlíðar og Efstadals hins vegar leiða til þeirrar niðurstöðu að hornmark jarðanna og Laugardalsafréttar sé í upptökum Brúarár við Rótasand en ekki í Brúarárskörðum eins og greinir í framangreindri lýsingu á mörkum afréttarins að austanverðu.

Norðan við Úthlíð liggur afréttur Biskupstungnahrepps. Ekki er að sjá að gert hafi verið landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjalaganna 1882. Til er lýsing oddvita Biskupstungnahrepps á mörkum afréttarins frá 15. apríl 1979. Mörkum afréttarins að heimalöndum er þar lýst svo: „Úr Hagavatni ræður Farið mörkum milli heimalanda og afréttar, þá Sandvatnið, og Sandá þaðan austur í Hvítá.“ Í 1. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Árnæssýslu austan vatna, nr. 408/1996, er afrétti Biskupstungnahrepps lýst með öðrum hætti: „Afréttur Biskupstungnahrepps úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul og síðan að norðan svo langt sem vötn ráða, en að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá.“ Í bréfi héraðsnefndar Árnésinga dags. 29. nóvember 2001 kemur fram, í tilefni fyrirspurnar Ólafs Björnssonar hrl, dags. 27. s.m., að þau mistök hafi orðið við gerð fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996, að röng landamerkjalýsing var á Framafrétti Biskupstungnahrepps. Samkvæmt bréfi Héraðsnefndarinnar kemur rétt lýsing fram í áðurgreindri lýsingu oddvítans frá 15. apríl 1979.

Framangreind lýsing á mörkum afréttar Biskupstungnahrepps er þannig í samræmi við landamerkjabréf Úthlíðartorfu. Í teikningu á kröfulínukorti fyrir Úthlíðartorfu og Framafrétt eru þessi mörk tilgreind í miðju Hagavatni. Fram er komið að náttúrulegar aðstæður hafa verið breytilegar undanfarnar aldir og mörk í Hagavatni ekki ávallt verið á sama stað. Verður við það miðað í úrskurði þessum að mörkin séu rétt færð á kröfulínukort enda ekki önnur mörk líklegri og sátt er á milli aðila um þessa afmörkun.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Úthlíðar er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru

fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Biskupstungnahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Úthlíðartorfuna. Ekki verður annað séð en að heimildum frá 1646, 1800 og 1829 beri saman við landamerkjabréf Úthlíðar með hjáleigunum Stekkholti og Hrauntúni frá 1885. Þá er landamerkjabréfið áritað um samþykki vegna allra aðliggjandi jarða nema Haukadals og Efstadals. Landamerkjabréf Haukadals er hins vegar áritað um samþykki eigenda og ábúenda Úthlíðar og ber landamerkjabréfum jarðanna saman um mörk þeirra. Enda þótt eigendur Efstadals og Úthlíðar áriti ekki bréf hvors annars ber lýsingum þeirra saman um að mörk séu í Brúará. Þá er ljóst að lýsingu fyrirvarsmanna Laugardalshrepps og Biskupstungnahrepps á mörkum afréttanna að landi Úthlíðartorfu ber saman við landamerkjabréf Úthlíðartorfu.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum jarða í Úthlíðartorfu sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 14. maí 1885. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti. Landamerkjabréf Austurhlíðartorfu, Efstadals, Haukadals, Helludals, Miðhúsa og Neðridals eru öll þinglesin. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur Úthlíðartorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegur ágallar, sem á bréfinu eru, verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Óbyggðanefnd telur að ekkert sé fram komið í málinu sem styðji tilgátur íslenska ríkisins um að eignarréttur að ósérgreindum hluta jarðarinnar hafi með einhverjum hætti fallið niður á stólsjarðaruppboði 1794.

Frá því fyrstu heimildir greina frá jörðinni Úthlíð og fram á þennan dag hefur verið búið á jörðinni og stundaður þar búskapur. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1885, hafa eigendur jarða í Úthlíðartorfu farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggeringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðanna hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarða í Úthlíðartorfu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að land jarða í Úthlíðartorfu, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 14. maí 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.14. Biskupstungnaafréttur

Biskupstungnaafréttur skiptist í tvo hluta. Annars vegar svokallaðan Framafrétt, þ.e. land norðan efstu jarða í Biskupstungnahreppi milli Langjökuls og Hvítár og að Hvítárvatni að norðanverðu. Hins vegar er svokallaður afréttur norðan vatna. Hann liggur norðan við Hvítárvatn og Hvítá milli Langjökuls og Jökulkvíslar. Biskupstungnahreppur notar einnig sem afréttarland jörðina Hóla sem hreppurinn keypti árið 1959. Um jörðina Hóla er fjallað í kafla 11.8.

11.14.1. Framafréttur

Hér verður fjallað um þann hluta í Biskupstungum sem nefndur hefur verið Framafréttur. Svo sem greinir í kafla 2.3. var Biskupstungnahreppur afmarkaður að vestan gagnvart Laugardalshreppi frá upptökum Brúarár við Rótarsand um Eldborgir í Hagavatn og í Hagafell í Langjökli. Hefur málið

verið flutt fyrir óbyggðanefnd með hliðsjón af þessari afmörkun þannig að austurhluti Hagafells teljist til Biskupstungnahrepps. Til úrlausnar er í þessu máli m.a. hvort vesturmörk Framafréttar samrýmist þessum mörkum.

Framafréttur er í raun hinn upphaflegi afréttur Biskupstungnamanna. Nánar tiltekið er um að ræða landsvæði sem afmarkast að sunnan af Úthlíðartorfu, Haukadalstorfu, Hólalandi og Tunguheiði, þ.e. jörðunum sunnan Sandár og Sandvatns. Að vestan ræður Langjökull að Hvítárvatni en nánari afmörkun til vesturs er óljós. Að norðan afmarkast svæðið af Hvítárvatni og Hvítá til móts við ármót árinna og Jökulkvíslar. Að austan liggja síðan mörk afréttarins við Hvítá sem skilur á milli Framafréttarins og Hrunamannaafréttar að hornmarki í norðausturmörkum Tunguheiðar.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir því að allt þetta landsvæði sé þjóðlenda en viðurkenndur er réttur afréttareigenda til venjulegra afréttarnota.

Að því er snertir Framafréttinn er á það bent af hálfu íslenska ríkisins að engar heimildir séu til um nám þessa lands. Landnáma sé mjög glögg um þetta og ljóst sé að allur afrétturinn sé utan numins lands. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við lýsingu á landnámi á þessu svæði. Því er mótmælt að jarðeigendur í hreppnum hafi öðlast beinan eignarrétt að afréttinum á grundvelli landnytja, hefðar eða á annan hátt. Íslenska ríkið hafi ekki viðurkennt beinan eignarrétt að svæði þessu. Sá sem haldi því fram að tiltekið land sé eignarland beri sönnunarbyrði fyrir því. Um sé að ræða sams konar landsvæði og Landmannaafrétt. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 7.4.

Af hálfu Biskupstungnahrepps og eigenda lögbýla í Biskupstungnahreppi sem eiga upprekstrarrett og nýtingarrétt á Framafrétti er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þessara aðila að umræddu landsvæði. Landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og það síðan fylgt jörðunum. Afrétturinn hafi á hverjum tíma verið nýttur til fulls með þeim hætti sem tíðarandi, tækifæri og möguleikar hafa verið til á hverjum tíma. Þannig hafi landið verið nýtt í margvíslegum tilgangi, svo sem til beitar, grastekju, veiða, skógarhöggs og kolagerðar. Einnig sé byggt á því að Biskupstungnamenn hafi unnið eignarhefð á landinu. Enn fremur að óbein eignarréttindi kirknanna samkvæmt máldögum sýni að um eignarland hafi verið að ræða. Kröfum Biskupstungnahrepps og eigenda lögbýla í Biskupstungnahreppi er nánar lýst í kafla 8.5.

Um kröfugerð Landsvirkjunar á svæðinu og úrlausn óbyggðanefndar þar að lútandi vísast til kafla 3.15, 9 og 11.

Í Landnámu er landnámi Eyfröðar hins gamla lýst svo að það hafi náð milli Kaldakvíslar og Hvítár. Einar Arnórsson taldi norðurmörk landnámsins óákveðin en Haraldur Matthíasson hallaðist að því að Eyfröður hefði numið milli ána Hvítár og Tungufljóts allt upp að Langjökli. Landnámið hefði a.m.k. náð inn í Bláfellsháls og Sandvatnshlíð og „verið vafið hinum fegursta gróðri“. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er fjallað um munnmæli að forðum hafi byggð náð langt norður fyrir Haukadal og Hóla, norður til Bláfells.

Í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 segir að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“. Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga 1397 og Gíslamáldaga 1570. Í Gíslamáldaga segir að kirkjan í Bræðratungu eigi „skógartungu undir Bláfelli“. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að umræddir skógarhlutar kirkjunnar séu algerlega eyddir.

Elstu heimildir, sem snerta svokallaðan Framafrétt, eru ítök einstakra kirkna. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er sérstaklega tekið fram um jarðirnar Bræðratungu og Torfastaði að þær eigi skóg á afréttinum. Skógarítak Bræðratungu var „undir Bláfelli“ en Torfastaða „þar sem Sandvatnshlíð heitir fyrir vestan Bláfell“. Um Skálholt segir í Jarðabók: „Afrjett á jörðin í Tungnamanna aftjett á fjöllum fyrir framan Haukadal.“

Í sóknalýsingum séra Björns Jónssonar á Torfastöðum 1839 segir um afrétt Biskupstungnamanna að hann liggi upp af Haukadalssókn til landnorðurs og sé almenningur. Féð mun þó hafa leitað inn á afrétt kirknanna norðan vatna allt þar til jökullinn féll fram í Hvítárvatni um 1800. Afréttur Biskupstungnamanna var þá orðinn hrjóstrugur og graslítill eins og lesa má um í bréfi

Guðmundar Guðmundssonar í Biskupstungum til Steingrims Jónssonar biskups 4. maí 1844. Í sóknarlýsingum Torfastaða-, Skálholts-, Bræðratungu- og Haukadalssókna frá 1840 er lýsing á landsvæði sem vart getur átt við annað en Framafréttinn: „Upp af Haukadalssókn til landnorðurs liggur - eins og áður er um getið - Biskupstungnamannafréttur, sem er almenningur.“

Í þessum heimildum sem hér hafa verið raktar er ekkert nánar fjallað um landamerki Framafréttar Biskupstungnahrepps.

Heildstæða lýsingu á landamerkjum Biskupstungnafréttar er að finna í yfirlýsingu oddvita Biskupstungnahrepps á afréttinum frá 15. apríl 1979. Þar segir svo um Framafréttinn:

Framafrétturinn nefnist einu nafni allt afréttarlandið sunnan Langjökuls, frá Hagafelli austur að Hvítavatni og niður með Hvítá allt niður að Sandá. Hagavatn ræður mörkum milli afréttar Biskupstungnahrepps og Laugardals við Langjökul. Úr Hagavatni ræður Farið mörkum milli heimalanda og afréttar, þá Sandvatnið, og Sandá þaðan austur í Hvítá.

Í fjallskilareglugerðum segir ekkert um merki afréttarins fyrr en í þeirri sem nú gildir, sbr. 2. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Árnæssýslu austan vatna, nr. 408/1996, en þar segir:

Afréttur Biskupstungnahrepps úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul og síðan að norðan svo langt sem vötn ráða, en að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá.

Í fasteignabók frá 1918 segir að hreppurinn eigi afrétt „allmikinn vestan Hvítár og Hvítárvatns að jökulum“ og jafnframt er tekið fram að vatnsréttindi hafi verið seld í Hvítá og Hvítárvatni fyrir afréttarlandinu. Hér er verið að vísa til þess að í desember 1917 seldi hreppsnefnd Biskupstungnahrepps Gestu Einarssyni, bónda á Hæli, allan rétt til vatns og vatnsafls í Hvítá og Hvítárvatni í afréttarlöndum hreppsins og skyldi Gestur greiða fyrir þau réttindi 25.000 kr. Samningurinn var þinglesinn á manntalsþingi að Vatnsleysu 14. júní 1918. Við þennan kaupsamning gerði fulltrúi sýslumanns eftirfarandi athugasemd: „Af afsals- og veðmálabókum þeim, sem eru á skrifstofu sýslunnar, verður ekki sjéð að seljandi hafi þingl. eignarheimild fyrir hinu selda.“

Engar heimildir eru um það hvernig Biskupstungnahreppur eignaðist afréttinn vestan og sunnan Hvítár eða með hverjum hætti hann varð „almenningur“ eins og komist er að orði í fyrrnefndri lýsingu séra Björns Jónssonar.

Þannig var ekki gerð landamerkjalyýsing um Biskupstungnafrétt í kjölfar setningar landamerkjagagna árið 1882. Yfirlýsing oddvítans frá 15. apríl 1979 er fyrsta heildstæða lýsingin á merkjum Framafréttar. Yfirlýsingin er samin tæpum hundrað árum eftir gildistöku hinna upphaflegu landamerkjagagna og ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjagagn mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á hana verður því að líta sem einhliða yfirlýsingu oddvita f.h. hreppsins á landamerkjum afréttarins. Eina lögformlega lýsing á landamerkjum Biskupstungnafréttar er að finna í 2. gr. fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996. Í bréfi héraðsnefndar Árnésinga dags. 29. nóvember 2001 kemur fram, í tilefni fyrirspurnar Ólafs Björnssonar hrl., dags. 27. s.m., að þau mistök hafi orðið við gerð fjallskilareglugerðarinnar að röng landamerkjalyýsing var á Framafrétti Biskupstungnahrepps. Samkvæmt greindu bréfi héraðsnefndarinnar kemur rétt lýsing fram í áðurgreindri lýsingu oddvítans frá 15. apríl 1979. Verður því við það miðað í úrskurði þessum.

Við mat á þýðingu lýsingar hreppsins á landamerkjum afréttarins er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins eða aðliggjandi landsvæða.

Að Framafrétti Biskupstungna liggja að sunnan jarðirnar handan Sandár, Sandárvatns og Farsins að Hagavatni. Að vestan liggja mörk afréttarins við Laugardalsafrétt og Langjökul allt að Hvítárvatni sem ásamt Hvítá að ármótum árinna og Jökulkvíslar skilur að Framafréttinn og afrétt norðan vatna. Að austan eru mörk afréttarins við Hrunamannafrétt austan Hvítár.

Í lýsingu oddvitans er tekið fram að afrétturinn nefnist allt afréttarland sunnan Langjökuls, frá Hagafelli austur að Hvítárvatni en tekið fram að Hagavatn ráði mörkum milli afréttar Biskupstungnahrepps og Laugardals við Langjökul. Í 2. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Árnæssýslu austan vatna, nr. 408/1996, er mörkum afréttar Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps lýst með öðrum hætti. Þar kemur fram að mörkin séu „úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul“.

Í lýsingu hreppstjórans í Laugardalshreppi á mörkum Laugardalsafréttar, dags. 19. maí 1979, er austurmörkum þess afréttar lýst svo að þau nái úr Brúarárskörðum, sem séu endamörk í Efstadalslandi, um Hagavatn í Hagafell þar sem það skerst fram úr Langjökli.

Krafa Biskupstungnahrepps í máli þessu byggist sem áður segir á lýsingu oddvitans um að Hagavatn ráði mörkum. Á korti, sem fylgdi kröfunni, eru mörk hins vegar dregin vestan við Hagavatn um mitt Hagafell og í Langjökul og var málið flutt með það fyrir augum fyrir óbyggðanefnd.

Fyrir sunnan Framafrétt liggja Úthlíðartorfa, Haukadalstorfa, Hólar og Tunguheiði.

Landamerkjabréf Úthlíðartorfu er undirritað 14. maí 1885 og þinglesið 8. júní sama ár. Landsvæði þetta skiptist í annars vegar úrskipt land Úthlíðar, Stekkholts og Hrauntúns og hins vegar óskipt land þessara jarða. Í kafla 11.13. hér að framan er komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Styðst sú lýsing einnig við gögn um landamerki jarðarinnar frá 1646, 1800 og 1829. Mörkum jarðarinnar við afréttinn er þar lýst svo: „Rótasand, þaðan sjónhendning norður í Hagavatn, síðan þaðan vatnsfall sem kallast Far og rennur úr Hagavatni í Sandvatn ...“ Lýsing oddvita Biskupstungnahrepps, þar sem Hagavatni, Fari og Sandvatni er lýst sem suðurmörkum Framafréttar, fær samrýmst þessari lýsingu. Mörkum Biskupstungnaafréttar er ekki lýst í öðrum heimildum um merki afréttarins en ekkert í þeim mælir mælir gegn framangreindri lýsingu í landamerkjabréfi Haukadalstorfunnar.

Landamerkjabréf Haukadalstorfu var undirritað 22. nóvember 1883. Í kafla 11.6. hér að framan er komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Styðst sú lýsing einnig við gögn um landamerki jarðarinnar frá 1646. Mörkum jarðarinnar við afréttinn er þar lýst svo: „... Fljótið upp að Árbrandsá sú á ræður eptir það til upptaka. Síðan far það er rennur í hana úr Sandvatni fyrir norðan Árbrandshólma síðan Sandvatn, svo far það er í það rennur norður fyrir austur torfur ...“ Lýsing oddvita Biskupstungnahrepps, þar sem Sandvatni er lýst sem suðurmörkum Framafréttar, fær samrýmst þessari lýsingu. Mörkum Biskupstungnaafréttar er ekki lýst í öðrum heimildum um merki afréttarins en ekkert í þeim mælir mælir gegn framangreindri lýsingu í landamerkjabréfi Úthlíðartorfunnar.

Landamerkjabréf Hóla var undirritað 21. maí 1884. Í kafla 11.8. hér að framan er komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Mörkum jarðarinnar við afréttinn er þar lýst svo: „... að vörðu á Grjótöldu fyrir innan Nígræði vestan til við götur, svo ráða götur inn að Sandá og Sandá að norðan vestur í Sandárdrög að fyrstu upptökum hennar og svo beint fram fyrir vestan Brúntorfu fram að upptöku Ásbrandsár ...“ Lýsing oddvita Biskupstungnahrepps, þar sem Sandá og Sandvatni er lýst sem suðurmörkum Framafréttar, fær samrýmst þessari lýsingu. Mörkum Biskupstungnaafréttar er ekki lýst í öðrum heimildum um merki afréttarins en ekkert í þeim mælir mælir gegn framangreindri lýsingu í landamerkjabréfi Hóla.

Dómur um landamerki Tunguheiðar var kveðinn upp í aukadómþingi Árnæssýslu 23. febrúar 1980. Þar var landamerkjum Tunguheiðar gagnvart afrétti lýst svo: „Að norðan ræður svo Sandá en Hvítá að austan.“ Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Samkvæmt þessu liggur fyrir dómsúrlausn um mörk Tunguheiðar við Framafrétt. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að hnekkja eða breyta niðurstöðum dómsins, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Verða því lögð til grundvallar mörk jarðarinnar Tunguheiðar gagnvart Framafrétti eins og þau voru ákvörðuð í dómi þessum.

Óljós tilgreining í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1709 um afrétt Skálholts-

kirkju „... á fjöllunum fyrir framan Haukadal, ...“ hnekkir ekki hérgreindum mörkum afréttarins gagnvart nyrstu jörðum sveitarinnar sem byggðu að hluta til á lýsingu í vísitásiu biskups frá 1646.

Að austanverðu er Hrunamannaafréttur handan við Hvítá. Gögnum ber saman um að mörk Framafréttar við Hrunamannaafrétt afmarkist frá ármótum Hvítár og Jökulkvíslar og þaðan ráði Hvítá allt að ármótum Sandár og Hvítár. Í 2. gr. fjallskilareglugerðar nr. 408/1996 kemur fram að afréttur Biskupstungnahrepps afmarkist að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá. Er það í samræmi við yfirlýsingu oddvita Biskupstungnahrepps frá 1979. Í máli nr. 5/2000, Hrunamannaafréttur (...), er komist að þeirri niðurstöðu um mörk afréttanna, að þau séu svo sem að framan greinir. Er sú niðurstaða studd margvíslegum gögnum sem öll benda til þeirrar sömu niðurstöðu. Er um að ræða lýsingu á afréttinum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709, lýsingu sr. Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufellssóknum árið 1840, fjallskilareglugerð, nr. 75/1895, auk síðari fjallskilareglugerða sem hafa að geyma samhljóða lýsingu þ. á m. fjallskilareglugerð, nr. 408/1996, sem gildir einnig fyrir Biskupstungnaafrétt, og yfirlýsingu oddvita Hrunamannahrepps frá 28. júlí 1978.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið eru mörk Framafréttar Biskupstungnahrepps óljós um vesturmörk að öðru leyti en því að þau liggja frá Hagavatni með fram jaðri Langjökuls að Hvítárvatni. Norðurmörk afréttarins ráðast af Hvítárvatni og Hvítá að ármótum hennar og Jökulkvíslar. Austurmörk afréttarins eru svo Hvítá niður að Sandá. Mörk afréttarins og jarða eru úr Hagavatni eftir Farinu, þá Sandvatnið og Sandá austur í Hvítá.

Í Landnámu er landnámi Eyfröðar hins gamla lýst svo að það hafi náð milli Köldukvíslar og Hvítár. Kaldakvísl er nú talið vera sama vatnsfall og Tungufljót og hljóta syðri mörkin því að vera þar sem Tungufljót og Hvítá mætast. Einar Arnórsson taldi að upptök Tungufljóts (Köldukvíslar) væru í Hagavatni þó að áin nefnist reyndar öðrum nöfnum ofan byggðar. Áin sem rennur úr Hagavatni í Sandvatn nefnist Farið, og úr Sandvatni fellur Árbrandsá (Ásbrandsá) til byggðar. Austan Haukadals sameinast hún Fljótinu og heitir eftir það Tungufljót. Tungufljót á jafnframt sínar eigin upptakakvíslir í Fljótsbotnum. Einar taldi norðurmörk landnámsins óákveðin en Haraldur Matthíasson hallaðist að því að Eyfröður hefði numið milli ána Hvítár og Tungufljóts allt upp að Langjökli. Landnámið hefði a.m.k. náð inn í Bláfellsháls og Sandvatnshlíð og „verið vafið hinum fegursta gróðri“. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er fjallað um munnmæli að forðum hafi byggð náð langt norður fyrir Haukadal og Hóla, norður til Bláfells. Hvað varðar mat Haraldar Matthíassonar ber að líta til þess að að jafnaði nefnir Landnáma ekki mörk landnáma til fjalla. Verði í slíkum tilvikum að styðjast við líkur, án öruggra staðreynda. Að mati óbyggðanefndar benda ýmis rök til þess að landnámið hafi ekki einskorðast við farveg Tungufljóts eins og það er nefnt í dag heldur að Kaldakvísl hafi tekið til Tungufljóts og a.m.k. Ásbrandsár þar sem áin rennur í tveimur kvíslum. Engu að síður verða norðurmörk landnáms Eyfröðar ekki dregin með óyggjandi hætti samkvæmt lýsingu Landnámu.

Í máldögum frá 14. og 16. öld er að finna heimildir um takmörkuð eignarréttindi kirkna í Framafrétti Biskupstungna. Í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 segir að hún eigi „skog-ar teig j Sanndvatnshlyd“. Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga 1397 og í Gíslamáldaga segir að kirkjan í Bræðratungu eigi „skógartungu undir Bláfelli“. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að umræddir skógarhlutar kirkjunnar séu algerlega eyddir. Þessi réttindi kirknanna benda e.t.v. til að eignarhald þeirra hafi verið með einhverjum öðrum hætti en að aðeins hafi verið um að ræða hefðbundin óbein eignarréttindi þar sem til itaka var ekki svo vitað sé stofnað nema í eignarlandi. Hins vegar eru þessi sérstöku réttindi óljós og engar heimildir eru til um það hvernig kirkjurnar öðluðust þessi réttindi sem getið er um í framangreindum máldögum. Ekki er heldur að finna neinar vísbendingar sem benda til þess að eignarhald kirknanna hafi verið víðtækara heldur en þessi tilteknu afmörkuðu réttindi. Enn fremur er ekki að finna neinar vísbendingar um það hver hafi átt eignarland það sem umrætt itak kirknanna var í, ef um eignarland yfir höfuð hefur verið að

ræða. Verður því ekki ráðið, einungis af lýsingum í máldögnum um framangreind réttindi kirknanna, að landsvæði það sem afréttur norðan vatna er á hafi verið undirorpinn beinum eignarrétti. Þegar afréttarinn er getið í skriflegum heimildum er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot, sbr. t.d. orðalag í sóknarlýsingunni frá 1839 þar sem segir að afrétturinn sé almenningur. Þegar litið er til alls þessa sem að framan er rakið um Framafrétt Biskupstungna verður ekki talið að afrétturinn hafi nokkurn tíma verið undirorpinn beinum eignarrétti einstaklinga, ríkisins eða kirkjunnar, hvorki fyrir nám né með löggerningum eða öðrum hætti. Hafi slíkur réttur verið fyrir hendi skortir enn fremur alla sönnun um framsal hans.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Framafréttar Biskupstungna er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um afrétt hafi þá verið að ræða, án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt, sbr. umfjöllun í kafla 10.6.

Frá því fyrstu heimildir greina og fram á þennan dag hefur Biskupstungnaafréttur verið nýttur til sameiginlegrar sumarbeitar fyrir búpening. Óbyggðanefnd telur lýsingu Landnámu ekki styðja þann skilning að Biskupstungnaafréttur hafi í neinu verulegu lagið innan upphaflegs landnáms.

Af hálfu eigenda í Biskupstungnahreppi hefur ekki verið sannað að landsvæði þau, sem hér eru til umfjöllunar, séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu að um þjóðlendu er að ræða þykir óbyggðanefnd rétt að líta til staðháttanna innan afréttarins þegar vesturmörk hans eru ákvörðuð. Áður er fram komið að oddviti Biskupstungnahrepps lýsir mörkum afréttarins gagnvart afrétti Laugardalshrepps í Hagavatni en tekur auk þess fram að afrétturinn afmarkist af landi sunnan Langjökuls „frá Hagafelli austur að Hvítavatni“. Staðhættir benda eindregið til þeirrar afmörkunar að Hagavatn ráði mörkum til vesturs og verður við það miðað í úrskurði þessum. Upplýsingar um smölun þessa lands styrkja þessa niðurstöðu enda er nægilega fram komið að fé rennur ekki úr Framafrétti upp í fjallið heldur aðeins af svokölluðum Hliðalöndum vestan við Haukadalsheiði og njóta eigendur þeirra jarða afsláttarkjara gagnvart fjallskilasjóði eins og þeir reki ekki fé í Biskupstungnaafrétt.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til þessa afréttar hafi í öndverðu orðið til á þann veg að íbúar Biskupstungnahrepps hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Innan þeirra marka, sem að framan hafa verið tilgreind, hafa íbúar Biskupstungnahrepps haft hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Annars konar nýting kom fyrst til sögunnar á 20. öld og ráðstöfun á réttindum henni tengdum, sala vatnsréttinda og leiga á landi, sætti almennt athugasemdum við þinglýsingu.

Um mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Langjökli er það að segja að óbyggðanefnd telur að ákvarða þurfi þau til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. laga, nr. 58/1998. Ljóst er að jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi. Álitaefnið horfir þó að sjálfsögðu öðruvísi við þegar um eignarland er að ræða.

Ljóst er að einstakir hlutar þeirra landsvæða, sem hér hafa verið skilgreind sem afréttur, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það, sem hér er til umfjöllunar, verður því í heild sinni talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að Framafréttur Biskupstungnahrepps, svo sem honum er lýst hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Sama landsvæði er afréttur Biskupstungnahrepps í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Mörk afréttarins eru sem hér segir: Að sunnan fylgja mörkin landamerkjum Tunguheiðar frá ármótum Hvítár og Sandár, eftir Sandá og síðan liggja mörkin áfram í Sandá með fram Hólalandi upp í Sandvatn og síðan að upptökum Ásbrandsár en þar er hornmark milli Hólalands og lands Haukadals. Fyrir Haukadalslandi liggja mörkin í útfall Farsins en þar er hornmark milli Haukadalslands, afréttarins og Úthlíðar. Afréttarmörkin fylgja síðan norðurmörkum Úthlíðar eftir Farinu upp í Hagavatn. Að vestan ræður Hagavatn upp í Langjökul og að norðan ræður Langjökull austur að Hvítárvatni og niður með Hvítá allt niður að Sandá.

Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsvæði, nr. 76/1970.

Kemur þá til skoðunar sá hluti svæðisins, eins og það er afmarkað í máli þessu, sem liggur vestan við Framafrétt, þ.e. austurhluti Hagafells vestan og norðan við Hagavatn. Fyrir liggur að Laugardalshreppur telur austurmörk afréttar síns liggja vestan við þetta land og gerir ekki kröfur á það svæði sem hér er til umfjöllunar. Er það niðurstaða óbyggðanefndar í máli nr. 3/2000, Laugardalsafréttur (...), að afréttarmörk þess hrepps séu þar rétt greind. Aðrir hafa ekki kallað til eignarréttinda inn á þetta svæði.

Landsvæði þetta afmarkast nánar tiltekið þannig: Að sunnan ráða mörk gagnvart Úthlíð í Hagavatni að mörkum gagnvart afrétti Laugardals í hornmarki við Hagavatn. Að vestan liggja mörkin eftir afréttarmörkum Laugardals í Hagafell við Langjökul. Að norðan ræður Langjökull mörkum að austurströnd Hagavatns og að austan ræður Hagavatn en þar eru mörk gagnvart Framafrétti Biskupstungnamanna.

Engra heimilda nýtur við sem bent gætu til þess að þetta svæði hafi nokkurn tíma verið undirorpið beinum eignarrétti. Af hálfu Biskupstungnahrepps hefur þannig ekki verið sannað að landsvæði þetta sé eignarland hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til einnig þeirrar niðurstöðu að það sé þjóðlenda.

Jafnframt eru engar heimildir um að landsvæði þetta hafi verið nýtt að staðaldri til sameiginlegrar sumararbeitar fyrir búfé Biskupstungnamanna. Í skýrslutökum kom fram að smölun landsins hafi verið gerð með samkomulagi og að hluta í samstarfi við Laugardalshrepp. Eins og áður er fram komið gerði Laugardalshreppur kröfu í máli nr. 3/2000 og taldi réttindi sín að engu leyti ná inn á það svæði sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur að það sé ekki á hennar færi að ákvarða einstökum málsaðilum, eða öðrum, víðtækari réttindi en bein og ótvíræð yfirlýsing viðkomandi kveði skýrlega á um.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að umrætt landsvæði, vestan og norðan Hagavatns, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

11.14.2. Afréttur norðan vatna

Hér verður fjallað um þann hluta Biskupstungnaafréttar sem kallaður er afréttur norðan vatna. Afrétturinn liggur svo til á miðju hálendi Íslands talsvert frá núverandi byggðarmörkum. Hér er nánar tiltekið um að ræða það svæði sem að sunnan afmarkast af Hvítárvatni og Hvítá, að vestan af Langjökli. Nokkur óvissa er hver norðurmörk afréttarins voru í öndverðu en á árinu 1983 var gerð dómsátt um „afréttarmörk á Kili milli Aðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar“. Að austan afmarkast afrétturinn af Hofsjökli að upptökum Jökulkvíslar og eftir henni að Hvítá.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir því að allt þetta landsvæði, og er þá miðað við greinda dómsátt um norðurmörk, sé þjóðlenda en viðurkenndur er réttur afréttareigenda til venjulegra

afréttarnota. Byggt er á því að heimildir um afrétt norðan vatna bendi til þess að land þetta hafi ekki verið eignarland. Réttindum sé þar ekki lýst sem ákveðnu landsvæði heldur afréttarítaki. Þá bendi afsal kirkna í Bræðratungu, Haukadal, Torfastöðum og Skálholti til þess að um sölu afréttar hafi verið að ræða en ekki eignarlands. Engar heimildir séu til um að land þetta hafi verið numið í öndverðu en hafi svo verið og heimildir um það glatast hafi verið litið svo á að land sem hafi verið numið í öndverðu en eignarréttur að því fallið niður verði almenningur. Upphafleg eignataka á þessu svæði hafi því ekki farið fram með þeim hætti að íbúar hreppsins hafi tekið svæðið til sumarbeitar fyrir búpening. Verulegur vafi sé á því að nokkurn tímann hafi þar verið stofnað til einhvers konar eignarréttar þar sem svo virðist vera að um almenning sé að ræða. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 7.4.

Af hálfu Biskupstungnahrepps, vegna afréttar norðan vatna, og eigenda lögbýla í Biskupstungnahreppi sem eiga upprekstrarétt og nýtingarrétt á landsvæðinu er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þessara aðila að umræddu landsvæði, sbr. einnig áðurgreinda dómsátt um norðurmörk. Kröfurnar byggist á þinglýstu afsali og landamerkjalyðingu fyrir afréttarlandinu. Landið sé því í óskiptri sameign eigenda jarðanna í Biskupstungnahreppi. Afréttur norðan vatna hafi orðið eign hreppsins með kaupum árið 1851 og hafi konungsráskurður heimilað sölu. Kröfum Biskupstungnahrepps er nánar lýst í kafla 8.5.

Um kröfugerð Landsvirkjunar á svæðinu og úrlausn óbyggðanefndar þar að lútandi vísast til kafla 3.15, 9 og 11.

Elsta heimild um landsvæði þetta, afrétt norðan Hvítár og Hvítárvatns, er máldagi Torfastaða frá 14. öld. Þar segir að Mariukirkja að Torfastöðum eigi „... heimaland allt með gögnum og gæðum. skógarteig í Sandvatnshlíð. Afrétt fyrir norðan vötn“. Sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397. Í Gíslamáldaga frá 1570 kemur fram að Mariukirkjan að Torfastöðum deildi afréttinum með þremur öðrum kirkjum, í Skálholti, Haukadal og Bræðratungu. Óljóst er hvernig kirkjurnar eignuðust afréttinn í öndverðu. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er greint frá því að afréttur kirknanna norðan vatna hafi „ei brúkaður verið í manna minni“ sökum fjarlægðar. Hin sameiginlega afréttareign kirknanna var ítrekuð og staðfest í vísitásiu Steingríms biskups 1829 og lögfestum Torfastaða 1824 og 1840. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er getið um munnmæli um býli í Hvítárnesi. Þar segir að á þeim stað hafi fundist fornar mannvistarleifar sem engar skráðar heimildir finnast þó um. Í Árbók Hins íslenska fornleifafjelags frá 1896 kemur fram að Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi athugaði tvær rústir í Hvítárnesi en svo nefndi hann allt svæðið innan Jökulkvíslar og taldi sig finna skýr merki um bæjarstæði í annarri þeirra, milli Tjarnár og Svartár. Óvíst er þó um hvers konar rústaleifar var að ræða.

Í sóknalýsingum séra Björns Jónssonar á Torfastöðum 1840 segir að fé mun hafa leitað inn á afrétt kirknanna norðan vatna allt þar til jökullinn féll fram í Hvítárvatn um 1800. Framafrétturinn var þá orðinn hrjóstrugur og graslítill. Svo sem rakið er í kafla 6.13. föluðust eigendur og ábúendur í Biskupstungnahreppi eftir því að fá „... ad reka fjallfienad sinn einkum Stóðhross Naut og svo saudfjed þegar búid væri ad koma á Reglugjórd til ad giora það sem hættuminnst í Land það fyrir Nordan Vötn ...“ Frá þessu skýrði Guðmundur Guðmundsson í Bræðratungu í bréfi til Steingríms Jónssonar biskups 4. maí 1844. Í svari sínu við beiðni Guðmundar var umbeðið leyfi veitt „... til saudfjárupprekstrar næstu fjögur ár eftirgjaldslaut en eftir það „mót billegri þóknun“. Um þetta leyti tóku Biskupstungnamenn að falast eftir afréttinum og var gerður um það samningur við forráðamenn kirknanna 9. júní 1848. Með samningnum tóku „Biskupstungnahreppsmenn“ á leigu:

alt landid Fyrir innann Hvítárvatn milli Jökla nordur ad Fjórdúngamótum og Sudrad Jökulkvíls til Trippagaungu Grasa og róta tekju og allra annara nitja móti 4ra rbd. árlegu eptirgjaldi af Sveitinni er deilist til Jafnadar milli kyrknanna.

Svo fór að forráðamenn kirknanna fjögurra seldu Biskupstungnahreppi afréttinn norðan vatna, að fengnu leyfi konungs.

Í úrskurði konungs um heimild til sölu afréttarins er komist svo að orði:

I en allerund. Forestilling af 14. Septbr., afgivet af Kirke- og Underviisningsministeren (Madvig), andrages, at Beneficiarius til Torfastada Kirke, samt Eierne af Skálholt, Brædrátunga og Haukadals Kirker inden Arnæs Syssel havde anholdt om, at der maatte udvirkes allerhöieste Tilladelse til at, et bemeldte fire Kirker tilhørende, langt tilfjelds nordenfor de saakaldte Vötn (Hvítárvatn) beliggende Stykke Fjeldfælled maatte afhændes for en Kjöbesum af 80 Rbd. til fordeel for Kirkerne. – Biskupstungna Rep, hvis Indvaanere havde i en Række Aar leiet denne Fælled til Sommergræsgang for deres golde Faar, havde begjæret den tilkjöbs. Den bestod i „Græsningsret paa et, med Hensyn til dets Udstrækning ikke bestemt afgrændset Stykke Land, der var saa fjærnt beliggende fra de Kirker, hvorunder den hörer, at den ikke kan afgive nogen sikker Indtægt...“

Jarðeigendur í Hrunamannahreppi virðast einnig hafa gert tilkall til afréttarins norðan vatna en það mál var leyst með samningi 19. október 1848. Þar segir m.a.:

Ad Ytrahreppsmenn sleppa tilkalli til ofanefnðs lands [“þess sem liggur fyrir nordann Jökulvíls [svo í hdr.] og Hvítárvatn>s], að svo miklu leiti sem beit og uppregstur snertir, enn þar á móti komu hluteigendur – Forsvarsmenn kyrknanna uppá Stiptsyfirvaldanna væntanlegt samþicki sér samann um að bæði Ytrahrepps og Biskupstungnamenn sameiginlega hér eptir noti Land þetta til róta, grasa, kola, Fugla og Fjadrategju.

Jafnframt fékk hreppurinn heimild innanríkisráðuneytisins til þess að taka 80 ríkisdali úr fátækra sjóði til að greiða andvirði afréttarins. Afsal fyrir afréttinum var undirritað 25. apríl 1851 og upplesið á manntalsþingi að Vatnsleysu 30. maí sama ár. Þar segir m.a.:

Vér undirskrifaðir eignar- og umráðamenn Skalhólts, Brædrátungu, Haudadals, og Torfastada kirkju, konnumst við og gjörum hermed heyrum kunnugt, að vér höfum selt og afhendt med afsöludum odals- og innlausnarrétti, eins og vér med þessu afsalsbréfi voru, seljum og afhendum afrétt þann, sem tédum kirkjum, eptir Vilchins og Gísla biskupa máldögum tilheyir fyrir nordan Vötn – um hvers eignarrétt, brúkun og takmörk að samningar hafa gjördir verid að Torfastöðum þann 9da Júní 1848 og að Hjálmholti þann 19da October s.a., sem hér med fylgja – samkvæmt oss þartil gefnu leyfi kirkjustjórnar herrans – dagsettu 23ja Sept. 1850. – Byskupstungnahreppi fyrir umsamid kaupverd 80 rd., segjum áttatíu ríkisbankadali reidi silfurs, hvörjir áttatíu ríkisbankadalar reidisilfur að oss eru greiddir úr Biskupstungnahrepps sveitarsjóði, samkvæmt Innanríkisráðherrans þartil gefnu leyfi dagsettu 23ja Sept. 1850.

Skömmu eftir að þetta gerðist sóttu tveir menn um heimild til stiftamtmanns um að stofna nýbýli í Hvítanesi. Stiftamtmaður bar málið undir sýslumanninn en hann leitaði álits hreppstjóranna í Biskupstungna- og Hrunamannahreppum. Hreppstjórnarnir snerust öndverðir gegn hugmyndinni og bentu á að Hvítárnes (Hvítanes) væri innan þess „afréttarlands“ sem Biskupstungnahreppur hefði þá keypt.

Í bréfi stiftamtmanns til norður og austur amtsins 12. október 1854 staðfestir hann samning Biskupstungnamanna við Austur-Húnavetninga.

Í þessum heimildum er ekki fjallað nánar um landamerki afréttar Biskupstungnahrepps norðan vatna.

Heildstæðustu lýsinguna á landamerkjum Biskupstungnaafréttar er að finna í yfirlýsingu oddvita Biskupstungnahrepps frá 15. apríl 1979. Þar er mörkum afréttarins m.a. lýst svo:

Afrétturinn norðan Hvítár og Hvítárvatns takmarkast að austan af Jökulfallinu eða Jökulkvíslinni, og ræður hún mörkum milli Biskupstungna- og Ytriheppsmanna-afrétta, inn í Blánipujökul. Þaðan ræður jökullinn norður að fremstu kvísl Blöndu í Blönduupptökum. Þá ráða fjórðungamörk um Kjöl, þ.e. stefnan úr Blönduupptökum í Grettishelli í Kjalhrauni, þaðan í Strýtur og úr þeim í Þröskuld norðan við Þjófadali, þaðan í Langjökul vestan Þjófadalaflajalla eða Rauðkolls. Þaðan ræður svo Langjökull suður í Hvítárvatn. ...

Á aukadómþingi Árnassýslu, sem haldið var 9. september 1983, var gerð sátt um mörk Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu og Biskupstungnaafréttar. Aðilar að sáttinni voru annars vegar Biskupstungnahreppur og hins vegar Svinavatnshreppur, Torfalækjahreppur og Blönduóshreppur í Austur-Húnavatnssýslu. Sáttin fólst í því að mörkin skyldu liggja í grundvallaratriðum um vatna-skil en þau voru nánar skilgreind þannig:

Frá Strýtum (hæð 834 m) eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli (hæð 670 m). Þaðan bein lína að hringsjá á Fjórðungsöldu (hæð 861 m). Frá hringsjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul, sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthjól á fjallseggjum (hæð 946). Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk (hæð 1.057 m) og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mörena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul.

Í fjallskilareglugerð segir ekkert um merki afréttarins fyrr en í 2. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Árnassýslu austan vatna, nr. 408/1996, en þar segir:

Afréttur Biskupstungnahrepps úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul og síðan að norðan svo langt sem vötn ráða, en að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá.

Í bréfi héraðsnefndar Árnésinga, dags. 29. nóvember 2001, sem áður er rakið kemur fram að fyrir mistök hafi mörk afréttarins (Framafréttar) verið dregin beint úr Brúarárskörðum í Hagafell en samkvæmt yfirlýsingu oddvitans eru mörkin dregin úr Hagavatni og þaðan í Hagafell. Í bréfinu er um rétta lýsingu vísað til lýsingar oddvitans frá 15. apríl 1979.

Samkvæmt þessu var ekki gerð landamerkjalyking um Biskupstungnaafrétt í kjölfar setningar landamerkjaganna árið 1882. Yfirlýsing oddvitans frá 15. apríl 1979 er fyrsta heildstæða lýsingin á merkjum afréttar Biskupstungna norðan vatna. Hún er samin tæpum hundrad árum eftir gildistöku hinna upphaflegu landamerkjagala og ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalgög mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á hana verður því að líta sem einhlíða yfirlýsingu oddvita f.h. hreppsins á landamerkjum alls afréttarins. Einu lögformlegu lýsinguna á landamerkjum Biskupstungnaafréttar, sbr. þó fyrrgreint bréf, er að finna í 2. gr. fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996 og er þar þó einungis vestur- og austurmörkum afréttarins lýst. Við mat á þýðingu þeirrar lýsingar sem fram kemur í fjallskilareglugerðinni er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar, sbr. nú einnig umrætt bréf, fær samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins eða aðliggjandi landsvæða.

Að Biskupstungnaafrétti norðan vatna liggur að sunnan Hvítárvatn og Hvíta að ármótum Hvítár og Jökulkvíslar/Jökulfalls, Langjökull að austan, að norðan liggur Auðkúluheiði, austan við afréttinn liggur loks Hofsjökull að hluta að upptökum Jökulkvíslar og með fram henni þar til Jökulkvísl fellur í Hvítá.

Vestan við afrétt norðan vatna eru skýr landfræðileg mörk frá Hvítárvatni og norður með

Langjökli að þeirri línu sem var ákvörðuð með fyrrgreindri dómsátt Biskupstungnahrepps og fyrirsvarsmanna Auðkúluheiðar á árinu 1983. Samrýmist þetta lýsingu oddvita Biskupstungnahrepps frá 1979.

Austan við afrétt Biskupstungna norðan vatna er Hofsjökull til upptaka Jökulkvísar og svo fylgja landamerki afréttarins Jökulkvísl þar til hún fellur í Hvítá. Austan við Jökulkvísl er Hrunamannaafréttur. Gögnum ber saman um að mörk afréttar norðan vatna við Hrunamannaafrétt afmarkist af Jökulkvísl, frá Blágnípujökli og þar til hún fellur í Hvítá við Hvítárvatn. Í 2. gr. fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996, kemur fram að afréttur Biskupstungnahrepps afmarkist að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá. Er það í samræmi við yfirlýsingu oddvita Biskupstungnahrepps frá 1979. Í máli nr. 5/2000, Hrunamannaafréttur (...), er komist að þeirri niðurstöðu um mörk afréttanna að þau séu svo sem að framan greinir. Er sú niðurstaða studd margvíslegum gögnum. Er þar um að ræða lýsingu á afréttinum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709, lýsingu sr. Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufellssóknum árið 1840, yfirlýsingu oddvita Hrunamannahrepps frá 28. júlí 1978 og 2. gr. fjallskilareglugerðar, nr. 408/1996, sem gildir einnig fyrir Biskupstungnaafrétt.

Norðan við afrétt norðan vatna liggur Auðkúluheiði, afréttarland Austur-Húnvetninga. Eru mörk afréttanna svo sem þau voru ákvörðuð með dómsátt á aukadómþingi Árnassýslu þann 9. september 1983 um afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar en sátt var gerð um að mörkin yrðu um vatnaskil á Kili. Kemur lýsingin í sáttinni heim og saman við lýsingu oddvita Biskupstungnahrepps frá 1979 og fjallskilareglugerð, nr. 408/1996. Svo sem rakið er í kafla 6.13 var sáttin frá 9. september 1983 endalok langvarandi þrætu um afréttarmörk milli Biskupstungnamanna og fyrirsvarsmanna Auðkúluheiðar. Í gögnum um afrétt norðan vatna eru norðurmörk afréttarins ekki nákvæmlega afmörkuð. Þó segir í leigusamningi milli forráðamanna kirknanna og Biskupstungnahrepps að tekið sé á leigu „... alt landið fyrir innan Hvítárvatn milli jökla og norður að Fjórðungamótum“. Þessi mörk voru þó aldrei staðfest í heimildarskjölum með öyggjandi hætti. Í upphaflegum heimildarskjölum var afrétturinn aldrei afmarkaður nákvæmar en sem afréttur norðan vatna, þ.e. lega umrædds landsvæðis í heild lá aldrei fullkomlega ljós fyrir í gögnum. Aðeins hefur verið talið hafið yfir vafa að þegar skírskotað er til „norðan vatna“, að átt sé við Hvítárvatn, Hvítá og Jökulkvísl. Samkvæmt framansögðu verður ekki fullyrt um það að afréttur Biskupstungna norðan vatna hafi í öndverðu náð allt að mörkum við Auðkúluheiði eins og mörkin voru ákvörðuð með dómsátt frá 1983. Eins verður ekki með öyggjandi hætti ráðið hversu langt suður mörk Auðkúluheiðar voru. Í landamerkjabréfi fyrir Auðkúluheiði dagsettu 4. september 1886 er landamerkjum heiðarinnar lýst allt suður að Hvítárvatni við mörk Langjökuls. Í H 1997 1162 var dæmt um ágreining eignarréttar að Auðkúluheiði. Þar voru suðurmörk heiðarinnar afmörkuð með sama hætti og í dómsáttinni frá 1983. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að ósannað hafi verið að Auðkúluheiði hafi nokkurn tíma verið undirorpinn beinum eignarrétti. Kom fram í dóminum að heimildir bentu til þess að Auðkúluheiði hafi nær einvörðungu verið notuð til beitar á fyrri tíð. Enn fremur að þegar heiðarinnar væri getið í skriflegum heimildum væri það í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Hér verða lögð til grundvallar sem norðurmörk afréttar norðan vatna sú lína sem dregin var með téðri dómsátt.

Að öðru leyti liggja engin gögn fyrir um að land innan marka afréttar norðan vatna hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið eru mörk afréttar Biskupstungnahrepps norðan vatna svo sem hér segir: Vesturmörk afréttarins eru frá Hvítárvatni við Langjökul með jaðri jökulsins að afréttarmörkum á Kili milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar. Mörkin við Auðkúluheiði eru efturfarandi: Frá Strýtum (hæð 834 m) eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli (hæð 670 m). Þaðan bein lína að hringsjá á Fjórðungsöldu (hæð 861 m). Frá hringsjá eru merkin bein lína til aust-

urs í Hofsjökul sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína á grjóthjól á fjallseggjum (hæð 946). Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk (hæð 1.057 m) og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mórena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul. Austurmörk afréttarins eru frá Blöndujökli í Hofsjökli um jaðar jökulsins að Blágnýpujökli, þaðan ræður Jökulkvísl milli afréttarins og Hrunamannaafréttar að ármótum Jökulkvíslar og Hvítár. Þaðan ræður Hvítá að Hvítárvatni.

Óljóst er hvernig kirkjurnar í Bræðratungu, Haukadal, Skálholti og Torfastöðum eignuðust afrétt norðan vatna. Þótt landnámsmörk í Biskupstungnahreppi verði ekki dregin með vissu má hins vegar slá því föstu að landnám hafi í öndverðu ekki náð norður fyrir Hvítárvatn. Þá benda fyrirbyggjandi gögn ekki til annars en að notkun svæðisins hafi verið takmörkuð við hefðbundin afréttarnot. Um afrétt norðan vatna er fjallað í máldaga Torfastaða frá 1331, segir þar að kirkjan þar eigi „Skógarteig í Sandvatnshlíð. Afrétt fyrir norðan vötn.“ Er þetta síðan ítrekað í Vilkinismáldaga 1397 og Gíslamáldaga 1570. Í Gíslamáldaga segir m.a. um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „afrétt fyrir norðan vötn. Í móts við Skálholt, Torfastadi og Haukadal. Jafnmikið allar.“ Tilgreining afréttarins í máldögum verður ekki talinn nægur grundvöllur fyrir beinum eignarrétti kirknanna að umræddu landsvæði. Þegar þessa landsvæðis er getið í skriflegum heimildum að öðru leyti er það oftast í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Efni afsalsins frá 25. apríl 1851, auk aðdraganda þeirra viðskipta, bendir að flestu leyti til þess sama, sbr. orðalagið „Fjeldfælled“ og „Græsningsret“ í úrskurði konungs um heimild til sölu afréttarins. Óbyggðanefnd telur það ekki breyta mati á inntaki eignarréttar, þótt fyrirvarsmenn kirknanna kunni að hafa verið í þeirri trú að kirkjurnar ættu meiri rétt, sbr. tilgreiningu í afsalinu um að kirkjan afsali m.a. óðals- og innlausnarrétti. Hér að framan var rakið að norðurmörk afréttarins voru í heimildarskjöllum óljós. Það var ekki fyrr en með dómsáttinni frá 1983 að mörk við Auðkúluheiði voru ákvörðuð.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið liggur ekkert fyrir um að til beins eignarréttar hafi verið stofnað á afrétti norðan vatna. Auk þess benda öll fyrirbyggjandi gögn til þess að þetta landsvæði hafi aldrei verið undirorpið fullkomnum eignarrétti, hvorki kirkjunnar né annarra. Við mat á því hvað fólst í framsali kirknanna til hreppsins þann 25. apríl 1851 verður að líta til þeirrar meginreglu eignarréttar að framsalshafi getur ekki framselt réttindi sem hann ekki á sjálfur. Í afsalinu gat samkvæmt þessu ekki falist framsal víðtækari eignarréttar hreppnum til handa en sannanlega var á hendi kirknanna.

Réttur Biskupstungnahrepps til þessa svæðis byggist á afsali og samkvæmt framansögðu ber það með sér að þar hafi ekki verið um að ræða sölu á eignarlandi. Afréttareign kirknanna byggðist á heimildum allt frá 14. öld og má ætla að landið hafi verið notað til sumarþeirrar fyrir búþening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust enda þótt deilur hafi verið um skeið við Húnvetninga um mörk afréttarins.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig afréttur Biskupstungna norðan vatna er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um afrétt hafi þá verið að ræða, án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt, sbr. umfjöllun í kafla 10.6.

Frá því fyrstu heimildir greina og fram á þennan dag hefur afréttur norðan vatna verið nýttur til sumarþeirrar fyrir búþening. Óbyggðanefnd telur lýsingu Landnámu ekki styðja þann skilning að afrétturinn hafi í neinu verulegu lagið innan upphaflegs landnáms.

Af hálfu eigenda í Biskupstungnahreppi hefur ekki verið sannað að landsvæði þau, sem hér eru til umfjöllunar, séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða. Svo sem rakið er hér að framan eru gögn um afrétt norðan vatna óljós um hve langt norður afrétturinn

náði. Sú óvissa kemur og fram í H 1997 1162 þar sem fjallað er um Auðkúluheiði í Austur-Húnavatnssýslu sem liggur að afrétti norðan vatna í norðri. Í dómnum er miðað við mörkin gagnvart afrétti norðan vatna svo sem þau voru ákveðin með dómsáttinni 1983. Óbyggðanefnd álitur að óljóst sé að þau mörk hafi verið norðurmörk afréttar norðan vatna í öndverðu en ekki sé óvarlegt að leggja þau til grundvallar sem norðurmörk afréttarins.

Um mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Hofsjökli og Langjökli er það að segja að óbyggðanefnd telur að ákvarða þurfi þau til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Ljóst er að jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarkna að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi. Álitaefnið horfir þó að sjálfsögðu öðruvísi við þegar um eignarland er að ræða.

Ljóst er að einstakir hlutar þeirra landsvæða, sem hér hafa verið skilgreind sem afréttur, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því í heild sinni talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að afréttur Biskupstungnahrepps norðan vatna, svo sem því svæði er lýst af oddvita Biskupstungnahrepps í lýsingu hans á afréttinum frá 15. apríl 1979 teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Sama landsvæði er afréttur Biskupstungnahrepps í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Um rétt til upprekstrar á afréttinum og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur Biskupstungna eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, og nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Þjófadalur og Jökulkrókur“ og „Hvítarvatn og Hvítárnes“.

12. LANDSVIRKJUN

Í máli þessu gerir Landsvirkjun kröfur vegna Hrauneyjafosslínu, fyrirhugaðrar Sultartangalínu 3 og mælistöðva sem fyrirtækið kveðst eiga í hreppnum. Hér á eftir verður í fyrstu vikið að því hvað felst í þeim heimildum sem Landsvirkjun byggir kröfur sínar á og því næst tekin til úrlausnar einstök mannvirki sem kröfur eru gerðar um.

12.1. Almenn

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III. kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr. sbr. 1. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrir-mælum a- og c-liða 7. gr. laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi, sbr. orðalag c-liðar 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Kröfur Landsvirkjunar í máli þessu byggjast á tvíþættum grundvelli. Annars vegar er byggt á framsali á grundvelli einkaréttarlegra heimilda. Hins vegar byggir Landsvirkjun réttindi sín á lagaheimildum og leyfum stjórnvalda veittum á grundvelli þeirra.

12.2. Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réð í raun yfir.

Hér kemur einkum til skoðunar bótasamningur sem Landsvirkjun hefur gert við eigendur jarða í Biskupstungnahreppi vegna lagningu orkuveitu (háspennulínu) um afrétt hreppsins. Þann 22. júní 1979 undirrituðu Landsvirkjun og oddviti Biskupstungnahrepps, f.h. hreppsins, yfirlýsingu vegna lagningu orkulínu um afrétt Biskupstungnahrepps.¹ Í 1. gr. kom fram að Landsvirkjun væri heimilt hreppsins vegna að reisa eða láta reisa 14 stauravirki til að bera háspennna rafmagnslínu í „afréttarlandi Biskupstungnahrepps vestan Hvítár“, sbr. orðalag 7. gr. yfirlýsingarinnar. Skyldu Landsvirkjun eða þeir sem fyrirtækið fæli slík störf hafa óhindraðan aðgang að stauravirkjum og rafmagnslinum í landinu, bæði að því er varðaði byggingarframkvæmdir og venjulegt efirlit og viðhald síðar, sbr. 2. gr. yfirlýsingarinnar. Þá var því lýst yfir í 3. gr. að Landsvirkjun hefði greitt að fullu gjald vegna réttinda sem um ræddi í yfirlýsingunni og mættu mannvirkin standa í afréttinum óátalin af hálfu hreppsins. Í 4. gr. kemur fram að Landsvirkjun skuldbindur sig til að jafna allt jarðrask af völdum línuframkvæmda, bæði við möstur og vegaslóðir. Enn fremur að sáð og borið yrði á öll gróðursár og áburði dreift á öll gróðursár ári eftir sáningu. Jafnframt lofaði Landsvirkjun samkvæmt sömu grein að gera hlið á vegaslóðir til að fyrirbyggja óþarfaumferð um vegaslóðir með fram háspennulínunni. Í 5. gr. var því lýst yfir að yrðu spjöll á eignum hreppsins við framkvæmdir háspennulínunnar ætti hreppurinn rétt til bóta vegna þess. Í 7. gr. kom svo fram að samkomulag sem í yfirlýsingunni fólst væri gert án þess að afstaða væri tekin af hálfu Landsvirkjunar til eignarréttar að landinu.

Samskonar samningar voru gerðir af hálfu Landsvirkjunar við eigendur Haukadalsstorfu (Tortu, Lauga, Haukadals II og Bryggju) var þar samið um heimild til að reisa 24 stauravirki en vegna Úthlíðarjarðanna (Úthlíðar og Hrauntúns) var samið um að reisa 26 stauravirki.

Ljóst þykir af orðalagi tilvitnaðrar yfirlýsingar Landsvirkjunar og Biskupstungnahrepps að ekki er um að ræða framsal eignarréttinda á afréttinum til handa Landsvirkjun heldur er verið að semja um greiðslu bóta vegna hugsanlegs tjóns sem rétthafar að afréttinum verða fyrir vegna þeirrar röskunar sem hljótast kann af því að háspennulínan er lögð á landsvæði afréttarins. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki byggt á yfirlýsingunni sem stuðningi fyrir eignaryfirfærslu til handa Landsvirkjun.

12.3. Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma í annan stað til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi, sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum, sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar og koma þá jafnframt til skoðunar framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í köflum 12.2. og 12.3. í máli nr. 7/2000, þar sem fjallað er um þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi o.fl., gefur að finna tæmandi úttekt á þeirri löggjöf sem hefur tekið til starfsemi Landsvirkjunar og þess sem henni tengist. Ekki eru efni til þess í þessu máli að taka þá umfjöllun upp í heild sinni.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir með löggjöf um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a.

¹ Skjal nr. 230.

með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

Það skal þó þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir, sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gildra lagaheimilda.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að með umræddum lögum hafi tilætlunin verið sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi lagaheimilda er fölgjð í fullveldisrétti, yfirráða eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögunum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 milli landbúnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilaneft a/s Titan, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr., 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villanganes. Íslenska ríkið og Landsvirkjun sömdu um það, sbr. 3. gr. sameignarsamnings frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hvernir virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði felst ekki áform um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er því eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, háspennulínur, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum nr. 59/1965, sbr. síðar lög nr. 42/1983, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærra handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

Undir framangreindum kringumstæðum fer íslenska ríkið því óskorað með eignarheimildir á því landi sem úrskurðað verður sem þjóðlenda, sbr. 2. kafli laga nr. 58/1998.

12.4. Einstök mannvirki

Í köflunum, sem hér koma á eftir, verður fjallað um mannvirki Landsvirkjunar sem staðsett eru í Biskupstungnahreppi eða munu rísa í hreppnum og fyrirtækið gerir tilkall til á grundvelli laga nr. 58/1998. Gerð verður grein fyrir þeim mannvirkjum sem um er að ræða, hvar þau eru staðsett, í þeim tilvikum sem það liggur fyrir, og á hvaða grundvelli kröfur Landsvirkjunar byggjast. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna mannvirkjanna.

12.4.1. Hrauneyjafosslína

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Hrauneyjafossvirkjun í Rangárvallasýslu yfir í Gnúpverjahrepp við Sultartangavirkjun og þaðan þvert yfir Gnúpverjaafrétt í stefnu norðan Háafoss í Fossá. Þaðan liggur svo línan allt vestur að Brennimeil í Hvalfirði. Línan er staðsett í landi Úthlíðar, Haukadals, Hóla og Tunguheiðar í Biskupstungum en er ekki að neinu leyti í þjóðlendu Biskupstungna. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að taka afstöðu um réttindi á landsvæðum sem háð eru einkaeignarrétti, sbr. 1. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998. Hrauneyjafosslína hefur í kröfugerð Landsvirkjunar gengið undir því nafni en undir rekstri málsins einnig verið kölluð Sultartangalína 1.

Með vísan til þessa er ekki efni til að fjalla nánar um kröfur Landsvirkjunar sem lúta að Hrauneyjafosslínu.

12.4.2. Sultartangalína 3

Hér er um að ræða fyrirhugaða háspennulínu Landsvirkjunar með áætlaða flutningsgetu upp á 400 kV spennu sem á að liggja samsíða Hrauneyjafosslínu frá Sultartangavirkjun að Brennimeil í Hval-

firði. Línan verður samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum ekki staðsett að neinu leyti í þjóðlendu Biskupstungnahrepps heldur aðeins í eignarlöndunum Tunguheiðar, Hóla, Haukadalsstorfu og Úthlíðar. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að taka afstöðu um réttindi á landsvæðum sem háð eru einkaeignarrétti, sbr. 1. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998. Sultartangalína 3 er nefnd Sultartangalína 1 í kröfugerð en undir rekstri málsins var farið að kalla hana Sultartangalínu 3.

Með vísan til þessa er ekki unnt að fjalla nánar um kröfur Landsvirkjunar sem lúta að Sultartangalínu 3.

12.4.3. Mælistöðvar

Hér er um að ræða ótiltekinn fjölda mælistöðva sem Landsvirkjun kveðst hafa reist í Biskupstungnahreppi og er ætlað til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu á virkjunarsvæði félagsins. Landsvirkjun krefst þess að landsréttindi og umferðarréttindi, sem þurfi til vegna reksturs mælistöðva fyrirtækisins, verði viðurkennd. Umræddar kröfur Landsvirkjunar sýnast byggjast á þeim sérstöku lögum sem heimila Landsvirkjun byggingu og rekstur virkjana, orkuveitna og vatnsveitna þ.e. lögum nr. 59/1965 og lögum nr. 42/1983 með áorðnum breytingum.

Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.3. að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar hvers kyns mannvirkja í tengslum við starfsemi fyrirtækisins á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mælistöðva sem fyrirtækið hefur komið fyrir í tengslum við einstök virkjunarmannvirki sem fullnægjandi heimildir eru fyrir að lögum og njóti þá lögvarins réttar til nýtingar mælistöðvanna. Hins vegar er Landsvirkjun ekki eigandi þess lands sem mælistöðvarnar standa á.

Við rekstur máls þessa ber þess hins vegar að gæta að ekki hefur verið upplýst hverjar né hversu margar þær mælistöðvar eru sem um er að ræða né heldur hvar þær eru. eru því ekki efni til þess af hálfu óbyggðanefndar að nein afstaða sé tekin til meintra eða mögulegra réttinda þeim tengdum.

13. ÚRSKURÐARORÐ¹

Land innan eftirfarandi merkja, þ.e. svonefndur Framafréttur, er þjóðlenda og afréttur Biskupstungnahrepps:

Að sunnan fylgja mörkin landamerkjum Tunguheiðar frá ármótum Hvítár og Sandár, eftir Sandá og síðan liggja mörkin áfram í Sandá með fram Hólalandi upp í Sandvatn og síðan að upptökum Ásbrandsár en þar er hornmark milli Hólalands og lands Haukadals. Fyrir Haukadalslandi liggja mörkin í útfall Farsins en þar er hornmark milli Haukadalslands, afréttarins og Úthlíðar. Afréttarmörkin fylgja síðan norðurmörkum Úthlíðar eftir Farinu upp í Hagavatn. Að vestan ræður Hagavatn upp í Langjökul og að norðan ræður Langjökull austur að Hvítárvatni og niður með Hvítá allt niður að Sandá.

Land innan eftirfarandi merkja, þ.e. svokallaður afréttur norðan vatna, er þjóðlenda og afréttur Biskupstungnahrepps:

Vesturmörk afréttarins eru frá Hvítárvatni við Langjökul með jaðri jökulsins að afréttarmörkum á Kili milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar. Mörkin við Auðkúluheiði eru eftirfarandi:

¹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (kort).

Frá Strýtum (hæð 834 m) eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli (hæð 670 m). Þaðan bein lína að hringsjá á Fjórðungsöldu (hæð 861 m). Frá hringsjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthjól á fjallseggjum (hæð 946). Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk (hæð 1.057 m) og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mórena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul. Austurmörk afréttarins eru frá Blöndujökli í Hofsjökli um jadar jökulsins að Blágnípujökli, þaðan ræður Jökulkvísl milli afréttarins og Hrunamannaafréttar að ármótum Jökulkvíslar og Hvítár. Þaðan ræður Hvítá að Hvítárvatni.

Land innan eftirfarandi merkja er þjóðlenda:

Að sunnan ráða mörk gagnvart Úthlíð í Hagavatni að mörkum gagnvart afrétti Laugardals í hornmarki við Hagavatn. Að vestan liggja mörkin eftir afréttarmörkum Laugardals í Hagafell við Langjökul. Að norðan ræður Langjökull mörkum að austurströnd Hagavatns og að austan ræður Hagavatn en þar eru mörk gagnvart Framafrétti Biskupstungnamanna.

Ekki eru efni til þess af hálfu óbyggðanefndar að nein afstaða sé tekin til krafna Landsvirkjunar vegna orkulína eða mælistöðva.

Kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, ákvarðast sameiginlega 1.836.036 krónur, er greiðist úr ríkissjóði, þar af þóknun lögmanns sem ákvarðast 1.500.000 krónur og útlagður kostnaður 336.036 krónur, þegar endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Kostnaður Landsvirkjunar, þ.e. þóknun lögmanns, ákvarðast 150.000 krónur er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon


Halldór Jónsson

14. FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Skjalaskrá


III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)






ÞJÓÐLENDULÍNA

Mál nr. 4/2000; Biskupstungnafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi.

- █ Þjóðlendulína óbyggðanefndar
- █ Afréttarlína óbyggðanefndar
- Kröfulína jarðeignenda



-  Aðalkröfulína ríkisins
-  Varakröfulína ríkisins
-  Kröfulína Landsvirkjunar

Mælikvarði : ekki í kvarða Dags. 21. mars 2002 Teikning nr. BI-10 Verknúmer 201-035



II. Skjalaskrá

Lagt fram Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Biskupstungnahreppi, dags. 18.6.1999.
- 2 „Árnesþing á landnáms- og söguöld“, bls. 100-105, 110-113, 124-125, 128-129, 136-137.
- 3 „Göngur og réttir II bindi“, bls. 195-197, 212-215, 247-249.
- 4 „Árbók FÍ 1998“, bls. 37-65, 98-99, 140-141, 156-159, 186-189, 193, 196-197.
- 5 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn., dags. 21.6.1999. Fylgibréf m/kröfulýsingu.
- 6 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, dags. 4.6.1999. Staðfesting á fresti til að skila kröfulýsingu.
- 7 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, dags. 12.8.1999. Mótteknar kröfulýsingar og önnur gögn.
- 8 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn., dags. 15.9.1999. Svar við bréfi óbn. frá 12.8.1999.
- 9 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, dags. 12.10.1999. Drög að kröfulínukorti óbn. af svæði 1.
- 10 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn., dags. 22.10.1999. Kröfulýsing Vegagerðarinnar o.fl., ásamt 2 kortablöðum.
- 11 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins, dags. 4.11.1999. Efni: Yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði 1.
- 12 a-b 2 landakort í mkv. 1:50000, Skjaldbreiður og Haukadalur, með kröfulínum.
- 13 Lýsing íslenska ríkisins á afréttarlöndum í Biskupstungnahreppi.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Miðhúsa:

- 14 Kröfulýsing, dags. 21.5.1999.
- 15 Skjalaskrá.
- 16 Landamerkjaskrá fyrir Miðhús, dags. 22.10.1883.
- 17 Veðbókarvottorð fyrir Miðhús (2 blöð), dags. 28.5.1999.
- 18 Afsal Sigurliða Kristjánssonar og Valdimars Þórðarsonar til Sighvats Arnórssonar, dags. 4.9.1952.
- 19 Fasteignamatsvottorð fyrir Miðhús.
- 20 Landakort í mkv. 1:50 000 með árituðum athugasemdum landeiganda og kröfulínum, auk skýringablaðs.
- 21 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínum.
- 22 Land og hornpunktaskrá jarða í Biskupstungnahreppi, dags. 6.7.1999.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 23 Bréf Páls Lýðssonar til óbn., dags. 23.6.1999.
- 24 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 25 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 26 Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 6.
- 27 Titilblað og bls. 310 í Jarðabók ÁM og PV, 2.b.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 28 Bréf óbn. til Ólafs Björnssonar hrl. Kröfulýsingar til óbn., dags. 21.6.1999.
- 29 Bréf óbn. til Ólafs Björnssonar hrl. Úrbætur á kröfulýsingum. Dags. 16.7.1999.

- 30 Bréf Ólafs Björnssonar og Sigurðar Jónssonar til óbn. Drög að kröfulínukorti, dags. 26.10.1999.
- 31 Leiðrétt kort, dags. 21.10.1999, sem fylgir skjali nr. 30.
- 32 Bréf Landforms ehf. til Ólafs Björnssonar og Sigurðar Jónssonar, dags. 21.10.1999. Mörk eignarlands, þjóðlendna og afrétta.
- 33 Bréf óbn. til Ólafs Björnssonar hrl., dags. 12.10.1999. Drög að kröfulínukorti óbn. af svæði 1.
- 34 Bréf óbn. til Ólafs Björnssonar hrl., dags. 4.11.1999. Yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Úthlíðartorfu:

- 35 Kröfulýsing, dags. 16.6.1999.
- 36 Skjalaskrá.
- 37 Landamerkjaskrá fyrir Úthlíð, dags. 14.5.1885.
- 38 Veðbókarvottorð fyrir Stekkholt.
- 39 Veðbókarvottorð fyrir Hrauntún.
- 40 Veðbókarvottorð fyrir Úthlíð I.
- 41 Veðbókarvottorð fyrir Úthlíð II.
- 42 Skiptayfirlýsing vegna Stekkholts, dags. 15.11.1983.
- 43 Skiptayfirlýsing vegna Hrauntúns, dags. 1.7.1963.
- 44 Gerðardómur ásamt uppdrætti, dags. 3.6.1959.
- 45 Lögfesta Úthlíðar frá 19.5.1800. Sjá einnig skjal Þ.Í. nr. 309 (10).
- 46 Uppskrift Páls Lýðssonar frá því í maí 1999, af lögfestu Úthlíðar.
- 47 Uppskrift Páls Lýðssonar úr vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Dags. í maí 1999. Sjá skjal Þ.Í. nr. 309 (3).
- 48 Uppboðsafsal, dags. 17.9.1916.
- 49 Afsal fyrir ¼ hluta Úthlíðar og Stekkholts, dags. 24.12.1914.
- 50 Kaupsamningur og afsal fyrir Úthlíð, Miðhúsum og Stekkholti, dags. 10.7.1941.
- 51 Afsalsbréf fyrir Úthlíð, dags. 30.8.1943.
- 52 Afsal fyrir 1/3 hluta Úthlíðar, dags. 28.8.1961.
- 53 Nafntökuleyfi v/ Úthlíðar II, útgefið af menntamálaráðherra, dags. 17.10.1961.
- 54 Afsal fyrir Úthlíð I, dags. 9.5.1978.
- 55 Afsal fyrir Stekkholti, dags. 14.2.1969.
- 56 Fasteignamatsvottorð fyrir Úthlíð I.
- 57 Fasteignamatsvottorð fyrir Úthlíð II.
- 58 Fasteignamatsvottorð fyrir Stekkholt.
- 59 Fasteignamatsvottorð fyrir Hrauntún.
- 60 1-3 Landakort í kv. 1:50 000 með kröfulínum (3 blöð). Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 61 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 62 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 63 Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 6.
- 64 Jarðabók ÁM og PV, 2.b. Titilblað og bls. 309-310.
- 65 Skuldabréf Ræktunarsjóðs Íslands v/Stakkholts, dags. 30.11.1961.
- 66 Úr vísitásiubókum biskupanna Brynjólfs Sveinssonar (sjá einnig skjal Þ.Í. nr. 309 (3)) og Steingríms Jónssonar ásamt uppskriftum Páls Lýðssonar.
- 67 Árbók FÍ 1961, bls. 70-73.

Lagt fram af Karli Benediktssyni v/Hrauntúns:

- 68 Kröfulýsing, dags. 28.6.1999.
- 69 Yfirlandskipti fyrir Úthlíðartorfu, dags. 15.5.1965.
- 70 Landakort í mkv. 1:10000 með dregnum landamerkjalinum.
- 71 Umboð frá eigendum jarðarinnar til K.B., dags.2.6.1999.
- 72 Bréf Karls Benediktssonar til óbn., dags. 21.5.1999. Gögn um land jarðarinnar.
- 73 Bréf óbn. til Karls Benediktssonar, dags. 31.5.1999. Lagfæringar á málatilbúnaði fyrir óbn.
- 74 Bréf Karls Benediktssonar til óbn., dags. 19.10.1999 Drög að kröfulínukorti óbn. á svæði 1.
- 75 Bréf óbn. til Karls Benediktssonar, dags. 12.10.1999. Drög að kröfulínukorti óbn. á svæði 1.
- 76 Minnisblað starfsmanns óbn., dags. 26.1.2000. Afrit annarra kröfulýsinga í hreppnum.
- 77 Bréf óbn. til K. Ben., dags. 16.2.2000. Kröfulýsing v/Hrauntúns, Biskupstungnahr.
- 78 Bréf óbn. til Lögmannna Suðurlandi, dags. 16.2.2000. Hrauntún, Biskupstungnahreppi.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Austurhlíðartorfu:

- 79 Kröfulýsing, dags. 21.5.1999.
- 80 Skjalaskrá.
- 81 Landamerkjabréf fyrir Austurhlíð og hjáleiguna Stritlu, dags. 16.12.1883.
- 82 Landskipti Austurhlíðar, Hlíðartúns og Dalsmynnis, dags. 11.6.1982.
- 83 Veðbókarvottorð fyrir Austurhlíð, Hlíðartún og Dalsmynni., dags. 28.5.1999.
- 84 Afsal fyrir Dalsmynni, dags. 7.1.1983.
- 85 Afsal fyrir 1/3 af Austurhlíð, dags. 11.4.1957.
- 86 Afsal fyrir hluta af Dalsmynni, dags. 10.8.1995.
- 87 Fasteignamatsvottorð fyrir Austurhlíð, Hlíðartún og Dalsmynni.
- 88 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínum (2 kort). Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 89 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 90 Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 5.
- 91 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 92 Ljós. af titilblaði og bls. 308-310 í Jarðabók AM og PV, 2.b.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Neðri-Dals:

- 93 Kröfulýsing, dags. 2.6.1999.
- 94 Skjalaskrá.
- 95 Landamerkjabréf fyrir Neðri-Dal, dags. 5.6.1885.
- 96 Veðbókarvottorð fyrir Neðri-Dal, dags. 28.5.1999.
- 97 Afsal fyrir jörðinni, dags. 24.1.1993.
- 98 Sáttargjörð um landamerki milli Múla og Neðra-Dals, dags. 3.10.1994
- 99 Fasteignamatsvottorð.
- 100 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulínum. Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 101 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 102 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.

- 103 Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 5.
- 104 Ljós. af titilblaði og bls. 307 í Jarðabók ÁM og PV, 2.b.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Helludals I og II:

- 105 Kröfulýsing, dags. 21.5.1999.
- 106 Skjalaskrá.
- 107 Landamerkjabréf fyrir Helludal, dags. 5.6. 1885.
- 108 Veðbókarvottorð fyrir Helludal I og II, dags. 28.5.1999.
- 109 Ljósrit af kaupsamningi fyrir jarðirnar, dags. 1.12.1998.
- 110 Fasteignamatsvottorð fyrir Helludal I og II.
- 111 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum. Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 112 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 113 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 114 Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 5.
- 115 Ljós. af forsiðu og bls. 306 í Jarðabók ÁM og PV, 2.b.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Haukadalstorfu (Haukadalur I, Haukadalur II, Haukadalur III, Torta, Bryggja, Laug):

- 116 Kröfulýsing, dags. 2.6.1999.
- 117 Skjalaskrá.
- 118 Landamerkjalyýsing fyrir jörðina Haukadal, dags. 22.11.1883.
- 119 Landskiptagerð á Haukadalstorfunni, dags. 19.12.1990.
- 120 a-i Veðbókarvottorð fyrir Haukadal I, Haukadal II, Haukadal III, Tortu, Bryggju og Laug (samtals 9 vottorð).
- 121 Einkaskiptagerð, dags. 9.12.1985.
- 122 Landskiptagjörð vegna Tortu, dags. 3.4.1998.
- 123 Skiptayfirlýsing vegna db. Ársæls Jónssonar, dags. 28.6.1995.
- 124 „Arfleiðsluskrá“ Ársæls Jónssonar, dags. 9.7.1983.
- 125 Afsalsbréf Hilmars Stefánssonar o.fl. til Ársæls Jónssonar o.fl., dags. 24.1.1945.
- 126 Bréf Böðvars Guðmundssonar skógarvarðar til Páls Lýðssonar, um landamerki jarðeigna Skógræktar ríkisins, dags. 5.11.1999.
- 127 Afsal, dags. 16.7.1938, fyrir hluta Haukadals.
- 128 Afsal, dags. 19.7.1938, fyrir hluta Tortu.
- 129 Afsal, dags. 15.6.1940, til Skógræktar ríkisins.
- 130 Fasteignamatsvottorð fyrir Haukadal 1-3 og Tortu.
- 131 „Höfuðbólið Haukadalur“. Úr Ársriti Skógræktarféll. Ísl. 1940, bls. 18-41.
- 132 Afsal fyrir spildu úr jörðinni Bryggju, dags. 9.12.1997.
- 133 Uppskr. úr máld.bók Brynjólfs bisk. Sveinss., dags. 3.2.1646, uppskr. maí 1999. Sjá skjal Þ.Í. nr. 309 (2).
- 134 Bréf landbúnaðarráðuneytissins, dags. 24.2.1994, til oddvita Biskupstungnahrepps. Um lögbýlisrétt á Haukadal III.
- 135 Leigusamningur fyrir hluta úr jörðinni Laug, ásamt uppdrætti. Dags. 6.8.1993.
- 136 Landskiptagerð, dags. 4.6.1991, á sameignarlandi erfingja Sig. Greipssonar.
- 137 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum (2 blöð). Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 138 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 139 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 140 Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 5.
- 141 Ljósfr. af titilblaði og bls. 303-305 í Jarðabók ÁM og PV, 2.b.
- 142 Ljósrit af titilblaði og bls. 76-79 í Árbók FÍ 1961.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Brúar:

- 143 Kröfulýsing, dags. 21.5.1999.
- 144 Skjalaskrá.
- 145 Landamerkjaskrá fyrir jörðina Brú, dags. 5.6.1885.
- 146 Veðbókarvottorð (fjögur blöð), dags. 28.5.1999.
- 147 Kaupsamningur og afsal, dags. 1.4.1991.
- 148 Fasteignamatsvottorð.
- 149 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum. Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 150 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 151 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 152 Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 1-2.
- 153 Ljósfr. af titilblaði og bls. 279-280 í Jarðabók ÁM og PV, 2.b.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Kjóastaða I og II:

- 154 Kröfulýsing, dags. 21.5.1999.
- 155 Skjalaskrá.
- 156 Landamerkjaskrá fyrir jörðina Kjóastaði, dags. 4.6.1885.
- 157 Veðbókarvottorð fyrir báðar jarðirnar (8 blöð), dags. 28.5.1999.
- 158 Afsal fyrir jörðinni Kjóastaðir II, dags. 11.4.1983.
- 159 Landskiptagerð, dags. 11.4.1983.
- 160 Afsal fyrir Kjóstöðum I, dags. 5.9.1984.
- 161 Afsal fyrir Kjóstöðum II, dags. 6.8.1997.
- 162 Fasteignamatsvottorð jarðanna.
- 163 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum (2 kort). Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 164 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
- 165 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 166 Ljósfr. af titilblaði og bls. 278-279 í Jarðabók ÁM og PV, 2.b.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Brattholts:

- 167 Kröfulýsing, dags. 2.6.1999.
- 168 Skjalaskrá.
- 169 Landamerki fyrir jörðina Brattholt, dags. 4.6.1885.
- 170 Veðbókarvottorð (4 blöð), dags. 28.5.1999.
- 171 Arfleiðsluskrá, dags. 10.11.1977.
- 172 Yfirlýsing, dags. 10.11.1977.

- 173 Fasteignamatsvottorð.
 174 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum (2 kort). Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 175 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
 176 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 177 Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 1.
 178 Ljós. af titilblaði og bls. 279 í Jarðabók ÁM og PV, 2.b.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Hóla:

- 179 Kröfulýsing, dags. 21.5.1999.
 180 Skjalaskrá.
 181 Landamerkjaskrá fyrir jörðina Hóla, dags. 21.5.1884.
 182 Veðbókarvottorð (2 blöð), dags. 4.6.1999.
 183 Afsal Guðjóns Helgasonar, til Biskupstungnahrepps, fyrir jörðinni, dags. 14.5.1959.
 184 Landakort í mkv. 1:50 000 með kröfulinum. Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 185 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
 186 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
 187 Ljós. af titilblaði og bls. 277-278 í Jarðabók ÁM og PV, 2.b.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Tunguheiðar:

- 188 Kröfulýsing, dags. 2.6.1999.
 189 Skjalaskrá.
 190 Veðbókarvottorð (2 blöð), dags. 28.5.1999.
 191 Eignardómur uppkveðinn 23.2.1980.
 192 Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulinum. Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.

Lagt fram af Páli Lýðssyni vegna Ólafs Björnssonar hrl.:

- 193 „The old Icelandic Land Registers“. Titilblað og bls. 112-113.
 194 Hluti af skrá yfir seldar Skálholtsstóls jarðir.
 195 Ljós. af bls. 277 í Jarðabók ÁM og PV, 2.b.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. v/Biskupstungnafréttar:

- 196 Kröfulýsing ásamt skrá yfir jarðeigendur, dags. 5.7.1999.
 197 Skjalaskrá.
 198 Landamerkjalyking fyrir Biskupstungnafrétt, dags. 15.4.1979.
 199 Afsal útg. af eignar- og umráðamönnum Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðakirkna, dags. 25.4.1851 (og eftirrit Páls Lýðss.).
 200 Ljós. af kaupsamn. um vatnsréttindi í Hvítá, dags. 7.12.1917.
 201 Erindi um eignarhald og nýtingu Biskupstungnafr. eftir Arnór Karlsson frá 19.4.1999.
 202 Lýsing á Hvítárvatni, Þjóðólfur 1883.
 203 Árbók FÍ. 1961, bls. 107-127.
 204 Árnesþing á landnáms- og söguöld, bls. 100-105 og 120-139.
 205 a-d Landakort frá Landform í m.kv. 1:50 000 með kröfulinum (4 blöð). Sbr. punktaskrá, skjal nr. 22.
 206 Skrá yfir landeigendur í Biskupstungnahreppi (málsaðila skv. afréttarkröfu).

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. vegna Landsvirkjunar:

- 207 Kröfulýsing Landsvirkjunar, dags. 24.6.1999.
- 208 [1] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1.7.1965.
- 209 [2] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dags. 27.2.1981.
- 210 [3] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, með breytingum gerðum 28.10.1996.
- 211 [4] Eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell.
- 212 [5] Heimild atvinnuáráðherra, dags. 23.2.1968, til virkjunar Þjórsár við Búrfell.
- 213 [6] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.
- 214 [7] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.
- 215 [8] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.
- 216 [9] Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.12.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.
- 217 [10] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 1.7.1981, til að kaupa þriðju aflvél og stækka Hrauneyjafossvirkjun í 210 MW afl.
- 218 [11] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.1.1982, til byggingar Sultartangastíflu.
- 219 [12] Ályktun Alþingis 6.5.1982 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.
- 220 [13] Auglýsing menntamálaráðherra, dags. 10.11.1987, um friðland í Þjórsárverum.
- 221 [14] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til 1) stækkunar Búrfellsvirkjunar í allt að 310 MW afl ásamt tilheyrandi flutningslínunum og aðveitustöðvum, 2) hækkunar stíflna og gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúkningar 5. áfanga Kvíslaveitu.
- 222 [15] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuveitum.
- 223 [16] Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, samkvæmt lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, til að reisa virkjun samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999, og annarra framkvæmda af því tilefni á svonefndum Holtamannafrétti.
- 224 [17] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli ásamt aðalorkuveitum.
- 225 [18] Bréf atvinnuáráðuneytis, dags. 20.6.1955, til stjórnar Sogsvirkjunar um miðlun í Þingvallavatni og virkjun Efra-Sogs.
- 226 [19] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 29.5.1997.
- 227 [20] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna umhverfisbreytinga vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 16.5.1986.
- 228 [21] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ársæll Jónasson eigandi jarðarinnar Tortu í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 229 [22] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Björn Sigurðsson eigandi jarðarinnar Úthlíð í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 230 [23] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Gísli Einarsson, Kjarnholtum, oddviti Biskupstungnahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.

- 231 [24] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Haukur Þórðarson, eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 232 [25] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Kristbergur Jónsson, ábúandi jarðarinnar Laugar (ríkiseign) í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 233 [26] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 13.6.1979. Sigurður Greipsson, forsvarsmaður jarðanna Haukadalur II og Bryggja í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 234 [27] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Steinar Þórðarson eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 235 [28] Bréf hreppsnefndar Biskupstungnahrepps, dags. 23.6.1979, varðandi fyrirhugaða byggingu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Grundartanga.
- 236 [29] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Ásmundur Eiríksson, Ásgarði, oddviti Grímsneshrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 237 [30] Fundargerð hreppsnefndar Grímsneshrepps 18.1.1979, vegna fyrirhugaðrar línulagningar frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 238 [31] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 18.6.1979. Steinþór Ingvarsson, Þrándarlundi, oddviti Gnúpverjahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 239 [32] Bréf hreppsnefndar Gnúpverjahrepps, dags. 21.1.1979, um háspennulínulögn frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel í Hvalfirði.
- 240 [33] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Daníel Guðmundsson, Efra-Seli, oddviti Hrunamannahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 241 [34] Bréf hreppsnefndar Hrunamannahrepps, dags. 23.1.1978, um fyrirhugaða raflínulögn frá Hrauneyjafossi að Brennimel.
- 242 [35] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Þórir Þorgeirsson, Laugarvatni, oddviti Laugardalshrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 243 [36] Bréf hreppsnefndar Laugardalshrepps, dags. 29.1.1979, um nýja háspennulínu frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel á Hvalfjarðarströnd.
- 244 [37] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ingólfur Guðmundsson, Miðfelli, oddviti Þingvallahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 245 [38] Bréf hreppsnefndar Þingvallahrepps, dags. 21.2.1979, um lagningu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 246 [39] Bréf Landsvirkjunar, dags. 29.10.1990, varðandi greiðslur vegna lagningar Hrauneyjafosslínu til Grímsnes-, Gnúpverja- og Hrunamannahrepps.
- 247 [40] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 24.7.1991, um leyfi til að reisa og reka 220 kV Búrfellslínu 3A.
- 248 [41] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 7.8.1997, þar sem staðfest er leyfi fyrir Búrfellslínu 3A til flutnings raforku með 400 kV spennu.
- 249 [42] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 250 [43] Staðfesting á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981. Staðfestingin er dags. 24.7.1981.
- 251 [44] „Um eignarrétt að miðlunarlónum.“ Greinargerð Sigurðar Líndal, prófessors, dags. 22.6.1987.

- 252 [45] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps um veiðirétt í miðlunarlónum, dags. 8.7.1987.
- 253 [46] Bréf Landsvirkjunar til Veiðifélags Holtamannafréttar, dags. 31.1.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 254 [47] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, dags. 3.2.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 255 [48] Fundargerð fundar Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahreppa frá 2.6.1992 um fiskveiði á Holta- og Landmannaafrétti, dags. 22.6.1992.
- 256 [49] Þjórsárvirkjanir, mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjórsár niður fyrir Búrfell, dags. í október 1980.
- 257 [50] Ekkert skjal ber þetta númer.
- 258 [51] Kort 1 – Skjaldbreiður 1:50 000.
- 259 [52] Kort 2 – Hengill 1:50 000.
- 260 [53] Kort 3 – Haukadalur 1:50 000.
- 261 [54] Kort 4 – Geldingafell 1:50 000.
- 262 [55] Kort 5 – Þjórsárdalur 1:50 000.
- 263 [56] Kort 6 – Nyrðri-Háganga 1:50 000.
- 264 [57] Kort 7 – Gnúpverjahreppur. Aðalskipulag 1993-2013. 1:50 000.
- 265 Bréf óbyggðanefndar til Landsvirkjunar um drög að kröfulínukorti, dags. 12.10.1999.
- 266 Bréf Landsvirkjunar til óbn. um drög að kröfulínukorti, dags. 19.10.1999.
- 267 Bréf óbyggðanefndar til Landsvirkjunar um yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
- 268 Bréf Landsvirkjunar til óbn. um athugasemdir við kröfulýsingu Landsvirkjunar, dags. 30.12.1999.
- 269 Efri Þjórsá – Samanburður virkjunarkosta, útg. í desember 1992.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 270 Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 6.3.2000.
- 271 a-c Kort sem sýna varakröfulínu ríkisins.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl.:

- 272 Greinargerð eigenda jarða og afrétta í Biskupstungnahreppi, dags. 29.4.2000, ásamt fylgiskjöllum 1-16.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.:

- 273 Greinargerð Landsvirkjunar, dags. 3.5.2000.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirsyni hrl.

- 274 Ljósrit af kafla úr fundargerð 2. fundar þjóðlendunefndar, haldinn 30.3.1999.
- 275 Ljósrit úr Sunnlenska fréttablaðinu, 19.4.2000. Viðtal við Björn Sigurðsson, bónda í Úthlíð.
- 276 Ljósrit úr Morgunblaðinu, 14.5.2000. Viðtal við Pál Lýðsson í Litlu-Sandvík.
- 277 Ljósrit úr Morgunblaðinu, 14.5.2000. Viðtal við Pál Lýðsson í Litlu-Sandvík.
- 278 Ljósrit af grein Ólafs Björnssonar hrl. sem birtist í Morgunblaðinu, 2.12.1999.
- 279 Bréf Ólafs Björnssonar hrl. til fjármálaráðherra, dags. 31.12.1999, varðandi áskilnað um bætur vegna ólögðra og rangra kröfulýsinga ríkisins til óbyggðanefndar, sbr. yfirlitskort óbyggðanefndar, dags. 29. október 1999.

- 280 Ljósrit af viðtali við Ólaf Björnsson í DV, dags. 26.10.1999.
 281 Ljósrit af ljósvakahandriti, dags. 14.10.1999. Fréttir klukkan 18:00 í Ríkisútvarpinu.
 282 Ljósrit af frétt í Textavarpinu, dags. 14.10.1999.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 283 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Íslensku fornbréfasafni, dags. 20.5.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum 1-7.
 284 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 5.6.2000.
 285 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld – útdráttum Gunnars F. Guðmundssonar, dags. 7.6.2000.
 286 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Jarðatali á Íslandi gefnu út af J. Johnsen, dags. 5.6.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum 1-2.
 287 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Lovsamling for Island og stjórnartíðindum frá 1874-1918, dags. 20.6.2000.
 288 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Landsyfírréttar- og Hæstaréttardómum, dags. 29.6.2000, ásamt tilgreindu fylgiskjali 1.
 289 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Alþingisbókum Íslands, dags. 29.5.2000.
 290 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar, sagnfræðings, „Um máldaga og heimildargildi þeirra“, dags. 9.6.2000.
 291 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar, sagnfræðings, „Um heimildargildi Landnámu“, dags. 9.6.2000.
 292 Umfjöllun um Biskupstungnahrepp í „ÍSLEIF“, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf., ásamt 3 fylgiskjölum (bréf Fornleifastofnunar ehf., dags. 27.3.1999, heimildaskrá, kort).
 293 Bréf umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Selfossi, dags. 6.7.1999, ásamt fylgiskjölum 1-6.
 294 Bréf byggingarfulltrúa á Selfossi um skála á afréttarlöndum Grímsnes- og Grafningshrepps, Þingvallahrepps, Laugardalshrepps, Biskupstungnahrepps, Hrunamannahrepps, Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í árslok 1998, mótt. 11.5.1999.
 295 Bréf Héraðsskjalasafns Árnesinga, dags. 5.6.2000, ásamt fylgiskjölum sem tilgreind eru í bréfinu nr. 1, 2, 3, 4, 6, 9, 11, 13 og 14.
 296 Mannvirkjakort – Svæðisskipulag 2015 – ásamt tveimur fylgiskjölum (ljósrit úr greinargerð með staðfestu skipulagi og ljósrit úr fylgiriti B með skipulagstillögum).
 297 Ljósrit upp úr Landskiptabók Árnessýslu II, bls. 121-123. Landskipti milli jarðanna Úthlíðar, Hrauntúns og Stekkholts í Biskupstungnahreppi.
 298 Ljósrit upp úr Landskiptabók Árnessýslu II, bls. 147-151. Yfirlandskiptagerð.
 299 Ljósrit upp úr Landskiptabók Árnessýslu III, bls. 19-23. Landskipti á Úthlíðartorfu.
 300 Ljósrit upp úr Landskiptabók Árnessýslu III, bls. 38-43. Yfirlandskipti Úthlíðartorfu.
 301 Ljósrit úr Gjörðabók fasteignamatsnefndar Árnessýslu 1916-1918, bls. 213-214 og bls. 230-246.
 302 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um gróðurfar á kröfussvæði ríkisins í Biskupstungnahreppi, dags. 20.8.2000.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl.:

- 303 Kvittun Landsvirkjunar, dags. 9.1.1979, fyrir greiðslu til Björns Sigurðssonar, bónda í Úthlíð, vegna lagningar háspennulínu um land Úthlíðar.

- 304 Yfirlýsing Björns Sigurðssonar vegna lagningar háspennulínu um land Úthlíðar, dags. 15.1.1979.
- 305 Greinargerð Páls Skúlasonar, lögfr., „Til varnar Tunguheiði“, ódagsett.
- 306 Útprintun úr skrá Fasteignamats ríkisins, Eignir og eigendur: Úthlíð – fjallaskáli 175219, Biskupstungnahreppi, ódagsett (síðast breytt 14.12.1998).
- 307 Samningur milli Biskupstungnahrepps og Landgræðslu ríkisins um landspildu sunnan við Hvítárnes á Biskupstungnafrétti, dags. 14.7.1983.
- 308 Samningur milli Biskupstungnahrepps og Landgræðslu ríkisins til viðbótar við yfirlýsingu hreppsnefndar Biskupstungnahrepps frá 5.3.1967, dags. 14.7.1983.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 309 Bréf Þjóðskjalasafns um gagnaöflun í máli nr. 4/2000, dags. 25.8.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum, nr. 1-30. Sbr. einnig skilabréf Þjóðskjalasafns nr. 363.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl.:

- 310 Skuldaviðurkenningar o.fl. v/jarðarinnar Úthlíðar, Biskupst. Þingl. 17.6.1904.
- 311 Samningur Landgræðslu ríkisins og Landgræðslufélags Biskupstungna annars vegar og eigenda Hóla og Tunguheiðar hins vegar, dags. 18.6.1997.
- 312 Uppskrift Páls Lýðssonar v/eigendaskipta á Úthlíð í Biskupstungum, dags í ágúst 2000.
- 312 a-c Viðbætur við áður fram lagt skjal: Samantekt Páls Lýðssonar um efni nokkurra skjala varðandi Afrétt norðan vatna, dags. í september 2000 (a). Bréf stiftamtmanns til sýslumannsins í Árnæssýslu um kaup Biskupstungnahrepps á afrétti 4 kirkna, dags. 30.10.1850, ásamt uppskrift Páls Lýðssonar (b). Áreið á Biskupstungnafrétt, dags. 12. og 13.7.1847, ásamt uppskrift Páls Lýðssonar (c).

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 313 Ljósrit úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2.b., v/ Skálholts.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 314 1-22 Könnun starfsmanns óbn. á veðbókarregistrum Sýslumannsembættisins á Selfossi, dags. 5.9.2000.
- 315 1-3 Bréf til hreppstjóra í Biskupstungnahreppi og Hrunamannahreppi, v/bréfs frá Stiftamtmani, og bréf frá Amtinu, dags. 16. júlí 1852, v/beiðni frá Halldóri Þórðarsyni og Nikulási Magnússyni um úthlutun lands fyrir nýbýli í Hvítanesi. Dags. júní 1852. Einnig afrit af vitnisburði Magnúsar Eiríkssonar, dags.12.6.1652.
- 316 Endanleg kröfugerð Ólafs Björnssonar hrl., dags. 6.9.2000.
- 317 1 Bréf frá fjármálaráðuneytinu. Efni: Landskipti á Haukadalstorfu og hugsanleg kaup ríkissjóðs á jarðhitaréttindum á Geysissvæðinu. Dags. 26.8.1992.
- 317 2 Bréf frá kirkjumálaráðuneytinu til forsætisráðuneytisins um að það falli frá kröfu við landskipti milli jarða við Geysi í Haukadal, dags 30.3.1954.
- 317 3 Ljósrit úr Mbl. „Gróðurinn í Haukadal – andlegur og veraldlegur – fyrr og nú.“ Dags 14.8.1987.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 318 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, til óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, dags. 22.8.2000.

- 319 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í 13. bindi Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 30.8.2001.
- 320 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í skjalasafni biskups, dags. 6.4.2001.
- 321 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í ráðuneytum dóms- og kirkjumála og landbúnaðar, dags. 5.7.2001.
- 322 Minnisblað um gagnaöflun óbyggðanefndar hjá sýslumanninum á Selfossi, dags. 10.10.2001.
- 323 Minnisblað stm. óbn. um athugun á bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, dags. 23.1.2001.
- 324 Heimild konungs til að selja afrétt Torfastaða, Skálholts, Bræðratungu og Haukadals, dags. 18.9.1850.
- 325 a-b Eyðublað með fasteignamati fyrir Bræðratungu 1932 (a) og eyðublað með fasteignamati fyrir Tunguheiði 1942 (b).
- 326 Símskeyti Stjórnarráðsins til allra sýslumannsembætta á landinu varðandi vatnsréttindi á afréttum, dags. 3.4.1918.
- 327 Sérkort óbyggðanefndar: Biskupstungnahreppur (Lýstar kröfur á svæði nr. 1), dags. 29.10.1999. Mælikvarði 1:100 000.
- 328 Landamerkjabréf Brekku, dags. 23.10.1883.
- 329 Fundargerðir máls nr. 4/2000, Biskupstungnahreppur (5 fyrirtökur óbyggðanefndar og aðalmeðferð). Sjá einnig fundargerðir undir skjalnr. 366.
- 330 Fasteignamat Bræðratungu 1918.
- 331 Lögfesta Austurhlíðar 4.6.1840.
- 332 Afsal Gests Einarssonar til h/f Sleipnis í Reykjavík fyrir réttindum skv. tilgreindum samningum, dags. 23.1.1918, o.fl.
- 333 a-c Gögn er varða Tunguheiði úr eignardómsmálinu Bræðratungukirkja vegna landsvæðisins Tunguheiðar: Eignardómsstefna, dags. 22.10.1975 (a). Úttekt á mörkum milli Tunguheiðar, Hólalands og Brattholts, dags. 23.7.1975 (b). Greinargerð Páls Skúlasonar, ódags. (c).
- 334 Afsal Sven Poulsen til íslenska ríkisins á Bræðratungu o.fl., dags. 9.6.1936.
- 335 Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð hafa verið á vegum óbyggðanefndar vegna máls nr. 4/2000, dags. 29.11.2001.
- 336 Jarðamat 1804 (Biskupstungnahreppur).
- 337 Yfirlýsing Daníels Guðmundssonar, oddvita Hrunamannahrepps, um landamerki afréttar Hrunamannahrepps, dags. 28.7.1978.
- 338 Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík 1986, bls. 384-387.
- 339 Ný jarðabók fyrir Ísland (1861), bls. 23-24 (Biskupstungnahreppur).
- 340 Fasteignabók 1922, bls. 74-75 (Biskupstungnahreppur).
- 341 Fasteignabók 1932, bls. 15-16 (Biskupstungnahreppur).
- 342 Fasteignabók 1938, bls. 249-251 (Biskupstungnahreppur).
- 343 Fasteignabók 1957, bls. 365-367 (Biskupstungnahreppur).
- 344 Jarðamat 1849-1850 (Biskupstungnahreppur).

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl.:

- 345 Greinargerð Páls Lýðssonar um hugtakið heimaland, dags. 29.8.2000.
- 346 Bréf Ólafs Björnssonar hrl. til Héraðsnefndar Árnessýslu um ákvæði í fjallskilareglugerð Árnessýslu nr. 408/1996 og merki Úthlíðar í Biskupstungum, dags. 27.11.2001.

- 347 Svar héraðsnefndar Árnassýslu við bréfi Ólafs Björnssonar hrl., dags. 27.11.2001, um fjallskilareglugerð nr. 408/1996 og merki Úthlíðar í Biskupstungum, dags. 29.11.2001.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 348 Leiðrétt kröfulínukort ríkisins, dags. 30.11.2001.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 349 Endurrit úr aukadómþingsbók Árnassýslu, dags. 6.10.1985. Sátt um afréttarmörk milli Auðkúluheiðar í Austur-Húnavatnssýslu og Biskupstungnaafréttar í Árnassýslu.
- 350 Veðbókarvottorð fyrir Auðkúluheiði, mótt. 7.5.1999.
- 351 Samningur milli bæjarstjórnar Blönduóss og hreppsnefndar Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps um afnot sauðfjáreigenda á Blönduósi, vestan Blöndu, af Auðkúluheiði, dags. 24. mars 1990.
- 352 Afsal Blönduósbæjar til hreppsnefndar Svínavatnshreppar og hreppsnefndar Torfalækjarhrepps á allri eignarhlutdeild Blönduósbæjar í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði, dags. 24.3.1990.
- 353 Veðbókarvottorð fyrir landspildu úr Biskupstungnaafrétti, ljósrit dags. 27.12.2001.
- 354 Landamerkjabréf jarðarinnar Syðri-Reykja, dags. 11.12.1889.
- 355 Veðbókarregistur fyrir afrétt Biskupstungnahrepps.
- 356 Landamerkjabréf jarðarinnar Gýgjahóls, dags. 3.6.1890.
- 357 Landamerkjabréf jarðarinnar Arnarholts, dags. 2.6.1890.
- 358 Landamerkjabréf jarðarinnar Holtakots, dags. 29.10.1885.
- 359 Landamerkjabréf jarðarinnar Kjarnholta, dags. 31.5.1890.
- 360 Landamerkjabréf jarðarinnar Múla, dags. 24.5.1884.
- 361 Bréf Gunnars F. Guðmundssonar, ódags., til Jóns Torfasonar um þinglýsingu landamerkjabréf Austurhlíðar, Haukadals, Hóla og Miðhúsa og svarbréf Jóns Torfasonar, dags. 7. mars 2002.
- 362 Greinargerð próf. Magnúsar Más Lárussonar um rannsóknir hans á heimildum varðandi afrétt norðan vatna, dags. 9.7.1980.
- 363 Skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 18.3.2002, ásamt fylgiskjölum. Sbr. einnig skilabréf Þjóðskjalasafns nr. 309.
- 364 a-e Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. um Sigöldulínur 1-3 og Sultartangalínu 1, dags. 24.1.2002. Tölvupóstur, dags. 24.1.2002, 28.1.2002, 5.2.2002 og 11.2.2002 milli óbyggðanefndar og Þórðar Bogasonar um sama efni.
- 365 Landamerkjabréf jarðarinnar Austurhlíðar og hjáleigunnar Stritlu, dags. 4.6.1840.
- 366 Fundargerð óbyggðanefndar vegna endurupptöku máls nr. 4/2000, dags. 30.11.2001, og lokafyrirtöku, dags. 21.3.2002. Sjá einnig fyrri fundargerðir undir skjalnr. 329.
- 367 Landamerkjabréf jarðarinnar Einholts, dags. 28.5.1885.

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)

Austurhlíð	Sigríður Guðmundsdóttir
Brattholt	Njörður M Jónsson
Brú	Margeir Ingólfsson
Brú	Sigríður Jóhanna Guðmundsdóttir
Bryggja/ undansk. 37 ha. spilda	Ríkisfjárhirsla/Skógrækt rík.
Bryggja/ undansk. 37 ha. spilda	Bjarni Sigurðsson
Bryggja/ undansk. 37 ha. spilda	Már Sigurðsson
Bryggja/ undansk. 37 ha. spilda	Kristín Sigurðardóttir
Dalsmynni (Stirtla)	Örn Erlendsson
Dalsmynni (Stirtla)	Arngrímur Ingimundarson
Dalsmynni (Stirtla)	Sigrún Erlendsdóttir
Dalsmynni (Stirtla)	Hreinn Erlendsson
Dalsmynni (Stirtla)	Eyvindur Erlendsson
Dalsmynni land	Magnús Kristinsson
Haukadalur 1	Ríkisfjárhirsla/Skógrækt rík.
Haukadalur 2	Kristín Sigurðardóttir
Haukadalur 2	Bjarni Sigurðsson
Haukadalur 2	Már Sigurðsson
Haukadalur 3,	Þórir Sigurðsson
Haukadalur 4	Már Sigurðsson
Helludalur I	Steinar Tómasson
Helludalur II	Kristófer Arnfjörð Tómasson
Helludalur I-II	Svana Einarsdóttir
Hlíðartún	Hárlaugur Ingvarsson
Hólar	Biskupstungnahreppur
Hrauntún	Steinar Þórðarson
Hrauntún	Haukur D. Þórðarson
Inná dal	Örn Erlendsson
Inná dal	Sigrún Erlendsdóttir
Inná dal	Eyvindur Erlendsson
Inná dal	Edda Erlendsdóttir
Kjóastaðir I	Kristín Ólafsdóttir
Kjóastaðir I	Eyvindur Magnús Jónasson
Kjóastaðir 2/ undansk. 40 ha. spilda	Bragi G. Kristjánsson
Laug	Ríkisbókhald / leigj. Már Sigurðsson
Miðhús	Sighvatur Arnórsson
Neðri-Dalur	Neðri-Dalur hf.
Stekkholt	Halldór E. Jónsson
Stekkholt	Málfríður Jónsdóttir
Tunguheiði	Bræðratungukirkja
Úthlíð 1	Björn Sigurðsson
Úthlíð 2	Björn Sigurðsson

IV. Aðilaskrá (afréttur)

Akur	Laugaráshérað
Arnarholt	Arnór Karlsson
Arnarholt	Guðni Lýðsson
Asparlundur	Gunnar Tómasson
Austurhlíð	Sigríður Guðmundsdóttir
Árbakki	Magnús Magnússon
Árbakki	Lilja Jósepsdóttir
Árgil	Lánasjóður landbúnaðarins
Ásakot 1	Eygló Jóhannesdóttir
Ásakot 2	Hjalti Ragnarsson
Ásholt	Laugaráshérað
Bergsstaðir	Grimur Guðmundsson
Bergsstaðir	Björn Skaptason
Bergsstaðir	Ragnheiður Vilmundardóttir
Bergsstaðir	Halldór Jónsson
Bergsstaðir	Jónína G. Einarsdóttir
Bergsstaðir	Sigríður H J Benedikz
Bergsstaðir	Ólafur J. Bjarnason
Bergsstaðir	Vilhjálmur Einarsson
Bergsstaðir	Ólafur G. E. Sæmundsen
Bergsstaðir	Einar E. Sæmundsen
Bergsstaðir	Gunilla H. Skaptason
Bergsstaðir	Sigurður G. Hilmarsson
Bergsstaðir	Eva Úlla Hilmarsdóttir
Bergsstaðir	Ragnar Hilmarsson
Bergsstaðir	Linda Björk Hilmarsdóttir
Bergsstaðir	Hannes Gunnarsson
Bergsstaðir	Helgi Gunnarsson
Bergsstaðir	Halldór Gunnarsson
Bergsstaðir	Hörður Gunnarsson
Birkiflöt	Gunnar Sigurþórsson
Birkiflöt	Ragnheiður Sigurþórsdóttir
Birkilundur	Ingvar Ingvarsson
Birkilundur	Þórir Sigurðsson
Borgarholt	Ríkisbókhald
Ból	Hinrik Guðmundsson
Brattholt	Njörður M. Jónsson
Brautarhóll	Bjarni Kristinsson
Brekka	Óskar Jóhannesson
Brekkuskógur	Páll Óskarsson
Brú	Margeir Ingólfsson
Brú	Sigríður Jóhanna Guðmundsdóttir
Brúarhvamur	Jón G. Guðlaugsson

Brún lóð	Róbert Róbertsson
Bræðratunga	Sveinn Skúlason
Dalbrún	Elín Dóra Ingibergsdóttir
Dalbrún	Ríkharður Sverrisson
Dalbrún	Hillbjörg Helene Heggelund
Dalbrún	Haraldur L. Haraldsson
Dalsmynni	Örn Erlendsson
Dalsmynni	Arngrímur Ingimundarson
Dalsmynni	Sigrún Erlendsdóttir
Dalsmynni	†Hreinn Erlendsson
Dalsmynni	Eyvindur Erlendsson
Dalsmynni, land	Magnús Kristinsson
Daltún	Biskupstungnahreppur
Drumboddsstaðir	Ragnheiður Sveinsdóttir
Drumboddsstaðir	Baldur Indriði Sveinsson
Drumboddsstaðir	Guðriður Sveinsdóttir
Drumboddsstaðir	Gisli R. Sveinsson
Drumboddsstaðir 1	Svavar Sveinsson
Drumboddsstaðir 2	Byko hf.
Efri-Reykir	Gunnar Ingvarsson
Einiholt 1	Haraldur Kristjánsson
Einiholt 1	Trausti Kristjánsson
Einiholt 2	Trausti Kristjánsson
Eiríkibakki	Guðjón Skarphéðinsson
Ekra	Laugaráshérað
Espiflöt	Espiflöt ehf.
Espigerði	Laugaráshérað
Fell	Selmúli ehf.
Fell	Auður Kristjánsdóttir
Fellskot	Kristinn Antonsson
Fljótsholt	Ólafur Eysteinnsson
Friðheimar	Knútur Rafn Ármann
Friðheimar	Helena Hermundardóttir
Friðheimar, land	Liliane Zilberman
Furubrún	Biskupstungnahreppur
Galtalækur	Njörður O. Geirdal
Galtalækur	Sigurbjörg Snorradóttir
Gerði	Laugaráshérað
Geysir	Ríkisfjárhirsla
Gufuhlíð	Jakob Helgason
Gufuhlíð	Birna Guðmundsdóttir
Gufuhlíð	Helgi Jakobsson
Gýgjarhóll 1	Inga Kristjánsdóttir
Gýgjarhóll 2	Valur Lýðsson
Gýgjarhólskot 1	Eiríkur Jónsson
Gýgjarhólskot 1	Arnheiður Þórðardóttir
Gýgjarhólskot 2	Sigríður Jónsdóttir

Gýgjarhólskot 2	Sævar Bjarnhéðinsson
Haukadalur 1	Ríkisfjárhirsla
Haukadalur 2	Kristín Sigurðardóttir
Haukadalur 3	Þórir Sigurðsson
Haukadalur 4	Már Sigurðsson
Heiði	Sigurður Þorsteinsson
Heiði	Brynjar Sigurgeir Sigurðsson
Heiði 1	Sigurður Þorsteinsson
Heiðmörk	Laugaráshérað
Helgastaðir 1	Jón Sigurbjörnsson
Helgastaðir 2	Bjarni Sveinsson
Helgastaðir 3	Haflíði Sveinsson
Helludalur 1	Steinar Tómasson
Helludalur 2	Kristófer Arnfjörð Tómasson
Hjarðarland	Helgi Kristbergur Einarsson
Hlíðartún	Hárlaugur Ingvarsson
Holtakot	Helgi Kristbergur Einarsson
Holtakot	Hlíf Einarsdóttir
Holtakot	Dóróthea Sveina Einarsdóttir
Holtakot	Ragnildur Einarsdóttir
Hrauntún	Steinar Þórðarson
Hrauntún	Haukur D. Þórðarson
Hrisholt	Ormar Þorgrímsson
Hrosshagi	Helgi Guðmundsson
Hrosshagi	Margrét Sverrisdóttir
Hveratún	Laugaráshérað
Hvítárbakki	Gunnlaugur Skúlason
Hvítárbakki	Sveinn Skúlason
Höfði	Sesselja Víglundsdóttir
Höfði	Gunnþórunn Víglundsdóttir
Höfði	Guðrún Víglundsdóttir
Höfði	Anna Erlendsdóttir
Höfði	Víglundur Þorsteinsson
Höfði	Geirlaug Herdís Magnúsdóttir
Höfði	Magnús V Magnússon
Höfði	Víglundur Magnússon
Höfði	Haraldur Magnússon
Iða 1	Ingólfur Jóhannsson
Iða 1	Gunnar Jóhannsson
Iða 1	Sigurlaug Jóhannsdóttir
Iða 1	Unnur Jóhannsdóttir
Iða 1	Anna María Ámundadóttir
Iða 1	Jóhann Ámundason
Iða 1	Steinunn Ámundadóttir
Iða 1	Sigmundur Ámundason
Iða 2	Helga Pálsdóttir
Iða 2	Steinunn Kristjánsdóttir

Iða 2	Helgi Ágústsson
Iða 2	Friðþjófur Adolf Ólason
Iða 2	Kristín Sveinbjörnsdóttir
Iða 2	Úlfar Sveinbjörnsson
Iða 2	Sveinn Ingibergsson
Iða 2	Haraldur Sveinsson
Iða 3	Guðmundur Ingólfsson
Kirkjuholt 1	Laugaráshérað
Kjaransstaðir	Guðmundur Sigurðsson
Kjarnholt 1	Magnús Einarsson
Kjarnholt 2	Gísli Einarsson
Kjarnholt 3	Diðrik ehf., Biskupstungnahr
Kjóastaðir	Sigríður Jónasdóttir
Kjóastaðir	Ólafur Þ Jónasson
Kjóastaðir	Svanhvít Jónasdóttir
Kjóastaðir	Þórey Jónasdóttir
Kjóastaðir	Guðmundur Jónasson
Kjóastaðir	Egill Jónasson
Kjóastaðir	Karl Þ. Jónasson
Kjóastaðir	Þorlaug Bjarnadóttir
Kjóastaðir	Sigbrúður Jónasdóttir
Kjóastaðir 1	Eyvindur Magnús Jónasson
Kjóastaðir 2	Bragi G. Kristjánsson
Klettaborg	Laugaráshérað
Klif	Garðar Hannesson
Krókur	Magnús Heimir Jóhannesson
Kvistholt	Páll Magnús Skúlason
Lambadalur Norðurbr.	Biskupstungnahreppur
Lambhúskot	Sveinn Skúlason
Lambhúskot	Magnús Heimir Jóhannesson
Laug	Ríkisbókhald
Laugafell	Alfreð Rasmus Jónsson
Laugagerði	Laugaráshérað
Laugarás	Laugaráshérað
Laugarás land	Laugaráshérað
Lindarbrekka	Laugaráshérað
Litla-Fljót 1	Þórður J. Halldórsson
Litla-Fljót 2	Halldór Þórðarson
Ljósaland	Laugaráshérað
Lyngás	Laugaráshérað
Miðhús	Sighvatur Arnórsson
Miklaholt	Þráinn Bjarndal Jónsson
Miklaholt	Anna Soffía Björnsdóttir
Múli	Arngrímur Ingimundarson
Múli	Þórdís Geirsdóttir
Múli	Sveinn Haukur Herbertsson
Múli	Jónína M. Egilsdóttir

Múli	Anna S. Egilsdóttir
Múli	Egill Geirsson
Múli	Varðan ehf.
Múli	Stefanía Geirsdóttir
Múli	Bogey Geirsdóttir
Myrkholt	Loftri Jónasson
Neðri-Dalur	Neðri-Dalur ehf., Biskupstungum
Norðurbrún	Guðný Bergrós Gísladóttir
Norðurbrún	Hermann Guðmundsson
Rauðiskógur	Sigurður S. Guðmundsson
Reykjavellir	Sigurður Guðmundsson
Reykjavellir	Hannes Sigurður Sigurðsson
Rimi	Konráð Ásgrímsson
Skálholt	Skálholtsstaður
Slakki	Laugaráshérað
Sólveigarstaðir	Varmagerði ehf.
Spóastaðir	Þorfinnur Þórarinsson
Spóastaðir 2	Þorfinnur Þórarinsson
Stallar	Björn Bjarnald Jónsson
Stekkholt	Halldór E. Jónsson
Stekkholt	Málfríður Jónsdóttir
Stóraflljót	Stígur Sæland
Suðurgafll	Bjarni Sigurðsson
Suðurgafll Víkurmýri	Valur Lýðsson
Syðri-Reykir	Ólafur Stefánsson
Syðri-Reykir 1	Grétar B. Grímsson
Syðri-Reykir 2	Stefán Árnason
Syðri-Reykir 2, land	Ingveldur Stefánsdóttir
Syðri-Reykir 3	Grétar B. Grímsson
Teigur	Laugaráshérað
Tjörn	Gunnar Guðjónsson
Tjörn	Gunnar Guðjónsson
Tjörn	Snorri Geir Guðjónsson
Torfastaðir	Ólafur Einarsson
Torfastaðir	Drífa Kristjánsdóttir
Torta	Minningarsj. Ársæls Jónss. kafara
Torta	Gunnlaugur Briem Pálsson
Torta	Vigdís Guðfinnsdóttir
Torta	Pétur Guðfinnsson
Torta	Margrét Sigríður Pálsdóttir
Traðir	Laugaráshérað
Tunguheiði	Bræðratungukirkja
Úthlíð 1	Björn Sigurðsson
Úthlíð 2	Björn Sigurðsson
Varmagerði	Laugaráshérað
Vatnsleysa 1	Sigurður Erlendsson
Vatnsleysa 2	Bragi Þorsteinsson

Vatnsleysa 3
Vegatunga
Viðigerði
Viðigerði
Ösp

Sigurður Erlendsson
Ríkisbókhald
Ólafur Ásbjörnsson
Ásrún Björgvinsdóttir
Sverrir Ragnarsson

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 5/2000
Hrunamannafréttur og efstu lönd í
Hrunamannahreppi



21. mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	491
2. MÁLSMEÐFERÐ	491
2.1. Norðanverð Árnessýsla tekin til meðferðar	492
2.2. Lýstar kröfur og kynning	493
2.3. Afmörkun máls nr. 5/2000	493
2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð	494
3. KRÖFUGERÐ	495
3.1. Kröfur íslenska ríkisins	495
3.1.1. Þjóðlenda	495
3.1.2. Kaldbakur	495
3.2. Kröfur Hrunamannahrepps o.fl. um sáttatillögu, frávisun o.fl.	495
3.3. Krafa þinglýstra eigenda Foss vegna lands innan landamerkjja	496
3.4. Krafa þinglýstra eigenda Hlíðar vegna lands innan landamerkjja	496
3.5. Krafa þinglýsts eiganda Hruna vegna lands innan landamerkjja Hrunaheiða	496
3.6. Krafa leigjanda Hrunakróks vegna lands innan landamerkjja	496
3.7. Krafa þinglýsts eiganda Kaldbaks vegna lands innan landamerkjja	497
3.8. Krafa þinglýsts eiganda Klufta vegna lands innan landamerkjja	497
3.9. Krafa þinglýstra eigenda Tungufellstorfu, þ.e. Tungufells, Jaðars I (Hamarsholts) og Jaðars II, vegna lands innan landamerkjja	497
3.10. Kröfur þinglýstra eigenda Berghyls, Jötu, Lauga og Þórarinsstaða vegna lands innan landamerkjja	497
3.11. Krafa eigenda jarða í Hrunamannahreppi o.fl. vegna Hrunamannaafréttar	498
3.12. Krafa Fannborgar ehf.	498
3.13. Krafa Landsvirkjunar	498
4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN	500
4.1. Almennt	500
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	500
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	500
4.4. Vettvangsferð	503
4.5. Skýrslutökur	503
5. STAÐHÆTTIR OG GRÓÐURFAR	507
5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður	507
5.2. Áætlað gróðurfar um landnám og síðari þróun þess	508
5.3. Núverandi gróðurfar	509
5.4. Náttúruminjar	509
6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR	509
6.1. Landnám	510
6.2. Foss	511
6.3. Hlíð	512

6.4.	Hrunaheiðar	512
6.5.	Hrunakrókur	515
6.6.	Kaldbakur	517
6.7.	Kluftar (Kluftir)	518
6.8.	Tungufellstorfa, þ.e. Tungufell, Jaðar I (Hamarsholt) og Jaðar II	519
6.9.	Hrunamannafréttur	523
7.	SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS	526
7.1.	Almenn atriði	526
7.2.	Foss	533
7.3.	Hlíð	533
7.4.	Hrunaheiðar	533
7.5.	Hrunakrókur	533
7.6.	Kaldbakur	534
7.7.	Kluftir (Kluftar)	534
7.8.	Tungufellstorfa, þ.e. Tungufell, Jaðar I (Hamarsholt) og Jaðar II	535
7.9.	Hrunamannafréttur	536
8.	SJÓNARMÍÐ JARDEIGENDA O.FL.	538
8.1.	Kröfur um sáttatillögu, frávísun o.fl.	538
8.2.	Almenn atriði varðandi eignarréttarkröfur	540
8.3.	Foss	544
8.4.	Hlíð	545
8.5.	Hrunaheiðar (Hruni)	545
8.6.	Hrunakrókur	546
8.7.	Kaldbakur	547
8.8.	Kluftir	547
8.9.	Tungufellstorfa, þ.e. Tungufell, Jaðar I (Hamarsholt) og Jaðar II	548
8.10.	Hrunamannafréttur	549
9.	SJÓNARMÍÐ FANNBORGAR EHF.	550
10.	SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR	551
11.	ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	553
12.	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU	553
12.1.	Kröfur um sáttatillögu, frávísun o.fl.	553
12.2.	Landnám	554
12.3.	Foss	554
12.4.	Hlíð	556
12.5.	Hrunaheiðar	558
12.6.	Hrunakrókur	565
12.7.	Kaldbakur	568
12.8.	Kluftir	570
12.9.	Tungufellstorfa, þ.e. Tungufell, Jaðar I (Hamarsholt) og Jaðar II	573
12.10.	Hrunamannafréttur	577

13. LANDSVIRKJUN	582
13.1 Almennt	582
13.2 Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum	583
13.3 Kröfur byggðar á lagaheimildum	583
13.4. Einstök mannvirki	585
13.4.1. Hrauneyjafosslína	585
13.4.2. Sultartangalína 3	586
13.4.3. Mælistöðvar	586
14. ÚRSKURÐARORÐ	587
15. FYLGISKJÖL	589
I. Kort	
II. Skjalaskrá	
III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)	
IV. Aðilaskrá (afréttur)	

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2002, fimmtudaginn 21. mars, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

nr. 5/2000, Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi, hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna, hver séu mörk þjóðlendu við eignarland, hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Karl Axelsson.

Aðilar málsins eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og vegna jarðarinnar Kaldbaks, samkvæmt 11. gr. laga nr. 58/1998.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur jarðanna Berghyls, Foss, Hlíðar, Hruna v/Hrunaheiða, Jaðars I (Hamarsholts), Jaðars II, Jötu, Kaldbaks, Klufta, Lauga, Tungufells og Þórarinsstaða og leigjandi Hrunakróks, hver um sig vegna jarðar sinnar, jarðeigendur í Hrunamannahreppi vegna Hrunamannafréttar og Fannborg ehf.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl., f.h. Hreins Loftssonar hrl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar

fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor.

2.1. Norðanverð Árnæssýsla tekin til meðferðar

Meðferð þessa máls hófst 1. mars 1999 með því að óbyggðanefnd gaf út svohljóðandi tilkynningu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998:

Óbyggðanefnd, sem starfar á grundvelli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afkrættu, nr. 58/1998, hefur ákveðið að taka til meðferðar landsvæði sem afmarkast svo:

Austurmörk: Þjórsá.

Vesturmörk: Mörk Árnæssýslu og Borgarfjarðarsýslu og vestur- og suðurmörk Þingvallalands.

Norðurmörk: Suðurmörk Hofsjökuls og Langjökuls og á milli jöklanna mörk milli afkrættar Biskupstungnahrepps í Árnæssýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu, skv. dómsátt frá 9. september 1983 fyrir aukadómþingi Árnæssýslu.

Suðurmörk: Suðurmörk þeirra jarða, sem liggja að hálendinu eða afkrættum, en þær jarðir virðast vera:

Í Þingvallahreppi: Þingvallaland, Gjábakki og Miðfell.

Í Grímsneshreppi: Kaldárhöfði, Brúarholt, Efri-Brú, Búrfell (I-III), Hæðarendi, Klausturhólar, Hallkelshólar (I-II), Björk, Þóroddsstaðir og Neðra-Apavatn.

Í Laugardalshreppi: Efra-Apavatn (I-II), Gröf, Lækjarhvammur, Eyvindartunga, Laugarvatn, Snorrastaðir (I-II), Hjálmsstaðir (I-II), Ketilvellir, Miðdalur, Miðdalskot, Laugardalshólar, Hólabrekka og Efstidalur (I-IV).

Í Biskupstungnahreppi: Miðhús, Úthlíð (I-II), Stekkholt, Hrauntún, Austurhlíð, Dalsmynni, Hlíðartún, Neðri-Dalur, Helludalur (I-II), Haukadalur (I-III), Torta, Bryggja, Laug, Brú, Kjóastaðir (I-II), Brattholt og Tunguheiði.

Í Hrunamannahreppi: Hamarsholt, Tungufell, Jaðar (I-II), Foss, Klufar, Kaldbakur og Hrunakrókur.

Í Gnúpverjahreppi: Laxárdalur I-II, Skáldabúðir, Minni-Mástungur, Stóru-Mástungur (I-II), Hamarsheiði (I-II), Fossnes, Hagi, Ásólfstaðir (I-II), Skriðufell og virkjanasvæði Landsvirkjunar.

Afkrættir á svæðinu eru afkrættir ofangreindra hreppa auk afkrættar Flóa- og Skeiðamanna.

Gerður er fyrirvari um að aðrar jarðir/landskikar en tilgreindir eru kunnir að liggja á mörkum svæðisins að sunnanverðu, svo sem land sem ráðstafað kann að hafa verið úr ofangreindum jörðum.

Óbyggðanefnd áskilur sér rétt til þess að minnka eða stækka það landsvæði sem hér er lýst. Slik breyting yrði auglýst sérstaklega.

Á þessu svæði mun óbyggðanefnd: a) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, b) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afkrættur og c) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendu.

Hér með er skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á ofangreindu landsvæði að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, innan þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs Lögbirtingablaðsins sem tilkynning þessi birtist í. Með kröfum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á ásamt uppdrætti af mörkum þess landsvæðis/jarðar sem kröfur lúta að, allt í fjórriti.

Sérstaklega er áréttað að tilkynning þessi nær til allra þeirra aðila sem telja til réttinda á ofangreindu landsvæði, án tillits til þess hvort þeir koma fram í lýsingu á afmörkun svæðisins.

Tilkynning óbyggðanefndar var birt í Lögbirtingablaðinu 5. mars 1999. Útdráttur úr efni hennar var birtur í Morgunblaðinu og víðar. Jafnframt lét nefndin þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók sýslumannsins á Selfossi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Málið var að auki kynnt fyrir sveitarstjórnnum, sýslumannsembættum og fleiri aðilum.

Óbyggðanefnd framlengdi hinn upphaflega frest í þeim tilvikum þegar leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti. Jafnframt vakti nefndin athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í mála-tilbúnaði og gaf færi á lagfæringum.

2.2. Lýstar kröfur og kynning

Óbyggðanefnd bærust kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur í 7 hreppum og 57 aðrar kröfulýsingar sem sumar tóku til fleiri en einnar jarðar eða stærri landsvæða. Síðustu kröfulýsingar bærust 22. október 1999.

Þann 29. október gaf óbyggðanefnd út yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdrátt sama efnis. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Selfossi, dagana 1.-30. nóvember 1999, og að auki til loka athugasemdafrests 31. desember. Vakin var athygli á kynningunni með auglýsingum í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir og afreittarmálafélag yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bærust fyrir desemberlok en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum. Í janúar 2000 bærust kröfulýsingar fyrir jarðirnar Berghyl, Hlíð, Jötu, Laugar og Þórarinsstaði, allar í Hrunamannahreppi.

2.3. Afmörkun máls nr. 5/2000

Í janúar 2000 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi 7 málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2000; Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi.

Mál nr. 2/2000; Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Mál nr. 3/2000; Laugardalsafréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi.

Mál nr. 4/2000; Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi.

Mál nr. 5/2000; Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi.

Mál nr. 6/2000; Flóa- og Skeiðamannafréttur.

Mál nr. 7/2000; Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi.

Jafnframt var gerð grein fyrir því hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Þá fengu fyrirvarsmenn málsaðila afhent afrit kröfulýsinga og fylgigagna annarra aðila að viðkomandi máli. Óskað var eftir athugasemdum við fyrirhugaða skiptingu svæðisins í mál og hæfi einstakra nefndarmanna innan tiltekens frests. Engar athugasemdir bærust.

Mörk þess svæðis sem til meðferðar er í máli nr. 5/2000, norðanverður Hrunamannahreppur, eru því nánar tiltekið sem hér segir: Að vestan takmarkast svæðið af Hvítá og Jökulfalli (Jökulkvísl) í

Blánípu í Hofsjökli. Að norðan af suðurmörkum Hofsjökuls. Að austan af Stóru-Laxá inn í Laxárdrög, þaðan bein stefna í nyrðra Rjúpnafell og þaðan bein lína, í sömu stefnu allt inn að Hofsjökli. Að sunnan eru það suðurmörk Foss, Hlíðar, Kaldbaks, Klufta og Tungufells sem afmarka svæðið. Norðan við merki þeirra liggja Jaðar I (Hamarsholt), Jaðar II, Hrunaheiðar, Hrunakrókur og Hrunamannafréttur.

Norðausturmörk þess svæðis, sem hér er til úrlausnar, eru við suðurjaðar Hofsjökuls, sbr. tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999. Til vesturs er landsvæði það sem nefnt hefur verið Biskupstungnafréttur, Tunguheiði og Brattholt í Biskupstungnahreppi. Til austurs er Flóa- og Skeiðamannafréttur. Til suðurs ráða suðurmörk efstu jarða í Hrunamannahreppi, þ.e. Kaldbaks, Klufta, Foss, Hlíðar og Tungufellstorfu.

Svo sem nánar greinir í kafla 3 er í máli þessu, nr. 5/2000, ágreiningur milli aðila um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem kallað hefur verið Hrunamannafréttur og enn fremur lands innan merkja Kaldbaks, Klufta, Hrunaheiða, Foss, Hlíðar, Tungufells og Jaðars (Hamarsholts) að hluta eða öllu leyti. Í meginráttum er annars vegar gerð krafa um þjóðlendu og hins vegar um eignarland. Enginn ágreiningur er hins vegar um eignarréttarlega stöðu Hrunakróks þar sem einungis er gerð krafa um þjóðlendu. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Þess ber að geta að Hlíð og Hrunaheiðar voru ekki taldar upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, en falla undir þá fyrirvara sem þar koma fram.

Þá náði upphafleg kröfugerð íslenska ríkisins einnig til lands innan landamerkja jarðanna Berghyls, Jötu, Lauga og Þórarinsstaða. Af hálfu þinglýstra eigenda þessara jarða voru af því tilefni gerðar kröfur um viðurkenningu á beinum eignarrétti. Íslenska ríkið féll hins vegar frá kröfugerð sinni við Jötufjall og Laugafjall og endanleg kröfugerð snertir ekki land innan landamerkja umræddra jarða. Þær koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum að öðru leyti en varðar ákvörðun málskostnaðar.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 5/2000 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 1. mars 2000. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá. Fram kom krafa Hrunamannahrepps um að óbyggðanefnd legði fram sáttatillögu í málinu. Þá var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins þann 28. mars var bókað um afstöðu óbyggðanefndar til fram kominnar kröfu um sáttatillögu, sjá nánar í kafla 12.1. Greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn voru lögð fram við sama tækifæri og öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins þann 8. maí voru lagðar fram greinargerðir „eigenda jarða og afrétta í Hrunamannahreppi“, Landsvirkjunar og Fannborgar ehf. ásamt fleiri gögnum. Á fundi þann 30. maí voru lögð fram gögn og bókað um afstöðu óbyggðanefndar til frávísunarkröfu í greinargerð eigenda jarða og afrétta í Hrunamannahreppi, sjá nánar í kafla 12.1. Málið var einnig tekið fyrir á fundum 4. og 31. júlí. Lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð stóð dagana 1.-2. ágúst 2000 í félagsheimili Hrunamannahrepps, Flúðum, og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflutning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og visast þangað.

Þann 29. október 2001 var málið endurupptekið, lögð fram ný gögn af hálfu nefndarinnar og málsaðila og leitast við að upplýsa óljós atriði. Við þetta tækifæri var jafnframt færð til bókar sú niðurstaða óbyggðanefndar að sáttatilraunir væru þýðingarlausar. Loks var málið tekið fyrir 11. desember 2001, lögð fram frekari gögn og afstaða tekin til einstakra atriða. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfu vegna jarðarinnar Kaldbaks.

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins er endanleg aðalkrafa sú að viðurkennt verði að þjóðlendumörk í Hrunamannahreppi séu svo sem hér segir: „Dregin verði lína frá Stóru-Laxá við Hestabrekkur og inn að suðurbrún Kaldbaksfjalls í 300 m hæðarlínu og henni fylgt í vestur að suðurhlíð Kluffafjalls og með fram því að Litlu-Laxá, þar sem hún rennur í Fagradal í 300 m hæð yfir sjávarmáli. Þaðan er dregin lína því sem næst til norðurs um hápunkt Hlíðarfjalls og áfram í sömu stefnu þar til línan sker 300 m hæðarlínu á Skriðuheiði (419 m) fyrir ofan Tungufellsdal og allt þar til Dalsá sker þessa 300 m hæðarlínu. Dalsá verði svo fylgt að afréttargirðingunni og svo girðingunni niður í Hvítá.“

Varakrafa íslenska ríkisins er sú að viðurkennt verði að þjóðlendumörk í Hrunamannahreppi séu þessi: „Frá línu austan Stóru-Laxár frá vestanverðu Lambafelli í 1,5 km að ánni. Síðan norður eftir ánni um 1,3 km til skurðar við línu um Kaldbak í 441 m hæð yfir sjávarmáli og Launvatnsheiði, hæð 444 m yfir sjávarmáli. Frá Launvatnsheiði sjónhending yfir Litlu-Laxá 3,6 km efst í Hlíðarfjall, hæð 384 m, en þaðan 2,8 km yfir í Skriðuheiði í 419 m. Úr Skriðuheiði 3,5 km í NNA yfir í Tröllabörn norðan Svartárbotna en frá Tröllabörnum 3,3 km í NNA yfir Dalsá og Sandöldur að eldri kröfulínu og henni fylgt 1,3 km NV að Hvítá.“

Viðurkenndur er réttur Hrunakirkju til lagalegra afréttarnota af Hrunaheiðum, sbr. lýsingu á merkjum Hrunaheiða í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885.

Viðurkenndur er réttur afréttareigenda til venjulegra lagalegra afréttarnota af Hrunamanna-afrétti, sbr. lýsingu á merkjum afréttarins í bréfi oddvita Hrunamannahrepps, dags. 28. júlí 1978.

3.1.2. Kaldbakur

Íslenska ríkið telur sig fara með fyrirvar fyrir jörðina Kaldbak, annað en varðar ábúðarrétt ábúanda. Lýst er kröfu um beinan eignarrétt ríkisins að öllu landi Kaldbaks neðan þjóðlendukröfulínu, sem liggur frá Stóru-Laxá við Hestabrekkur og inn að suðurbrún Kaldbaksfjalls í 300 m hæðarlínu og henni fylgt í vestur að suðurhlíð Kluffafjalls og meðfram því yfir Fagradal. Landinu sem tilheyrir jörðinni samkvæmt landamerkjabréfi og er ofan og norðan þjóðlendukröfulínu er lýst sem þjóðlendu með einkaafnotarétti jarðarinnar til venjulegra afréttarnota.

Þá er þess krafist að jörðinni tilheyrir hlutfallsleg réttindi til Hrunamannaafreftar sem afréttarlands innan þjóðlendu.

3.2. Kröfur Hrunamannahrepps o.fl. um sáttatillögu, frávísun o.fl.

Af hálfu Hrunamannahrepps er þess krafist að óbyggðanefnd leggi fram sáttatillögu í málinu.

Af hálfu „eigenda jarða og afrétta í Hrunamannahreppi“ er þess krafist að kröfum ríkisvaldsins er lúta að þinglýstum eignarlöndum verði vísað frá óbyggðanefnd.

Þá er þess krafist að málflutningur fari ekki fram fyrir en umboðsmaður Alþingis hefði látið í ljósi álit sitt á atriðum varðandi kröfugerð ríkisins sem til hans hafi verið beint með kvörtun og fyrir liggja umsagnir allra þeirra aðila sem að ágreiningslandinu koma, svo sem Náttúruverndarráðs, héradsnefndar Árnessýslu, Hrunamannahrepps, Landgræðslunnar, iðnaðarráðuneytisins, Sambands

¹ Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og III-IV (aðilaskrár).

íslenskra sveitarfélaga og allra þeirra aðila sem geta veitt upplýsingar um eða tengjast ágreiningslandinu með einhverjum hætti. Krafa um hið síðastnefnda kemur einnig fram af hálfu Fannborgar ehf.

Jafnframt er þess krafist að óbyggðanefnd taki ekki einstök svæði til úrlausnar áður en fyrir liggja kröfugerð til alls landsins.

Farið er fram á að framkomin frávísunarkrafa verði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að málflytningi fyrir óbyggðanefnd komi.

3.3. Krafa þinglýstra eigenda Foss vegna lands innan landamerkjá

Af hálfu Hjörleifs Þórs Ólafssonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar Foss eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki séu þessi: „Að vestan ræður Fossá frá Rauðalækjarmynni inn að Markagili, síðan Gilið upp undir fjallsbrúnina, úr Gilklöfningnum bein stefna í Vörðu upp á fjallsbrúninni og úr henni aftur í Vörðu við Fossá að vestanverðu, frá þeirri vörðu ræður Fossá norður í Gráhol, sem er að austanverðu við ána, úr Gráhol bein stefna í Brunkollugil, þar sem það rennur í Litlu-Laxá, síðan Litlu-Laxá niður að vörðu sem við hana stendur innarlega í Fagradal, úr þeirri vörðu sjónhending í vörðu upp á Hábrún, þaðan sjónhending í Hornmarksvörðu austan í Dalholtum, þaðan bein stefna í Rauðalækjarbotn, síðan Rauðilækur þangað til hann fellur í Fossá.“

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.4. Krafa þinglýstra eigenda Hlíðar vegna lands innan landamerkjá

Af hálfu Guðmundar Bjarnasonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar Hlíðar eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki séu þessi: „Móti Tungufelli ræður Dalsá norður þangað er Rauðá fellur í hana, þaðan um vörðu á Dagmálakletti sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá. Síðan ræður Fossá á móti landi Foss að vörðu við Fossá. Síðan ræður bein lína í Markagil að vestan á móti Haukholtum ræður svo Fossá þar til hún fellur í Dalsá.“

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.5. Krafa þinglýsts eigenda Hruna vegna lands innan landamerkjá Hrunaheiða

Af hálfu prestssetrasjóðs er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi jarðarinnar Hruna eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar, þ.m.t. Hrunaheiðum, og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar, þ.e. Hrunaheiða, gagnvart afrétti, séu þessi: „Austan frá Stóralaxá norður að Heiðaá og Melrakkaá í upptökum þeirra beggja og vestur að Fossá fyrir vestan Laxárklettismýrar, allt fram að Gráhol.“

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.6. Krafa leigjanda Hrunakróks vegna lands innan landamerkjá

Af hálfu Ásgeirs Gestssonar er þess krafist að viðurkennt verði að jörðin Hrunakrókur teljist fullkomið eignarland og hann sem leigjandi hafi leigurétt að öllu landi hennar. Jafnframt er þess krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi: „Að austan ræður Stóralaxá frá Þverármynni, norður þangað er Stiggil fellur í hana, þaðan bein lína vestur að Þverá, í Vörðu sem við hana stendur, að vestan Þverá niður í Stóralaxá.“

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju-bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.7. Krafa þinglýsts eiganda Kaldbaks vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Ásgeirs Gestssonar er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi jarðarinnar Kaldbaks eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki séu þessi: „Að austan ræður mörkum Stóralaxá frá Vithalagilsmynni norður að Þverármynni, síðan Þverá upp fyrir Þverárgljufur að Einbúa, þaðan bein lína vestur í Kluptaá og er í þeirri línu Varða á Vörðuhól framan á Borgardalsás, svo ræður Kluptaá niður í Litlulaxá fram á móts við vörðu hæst uppá Skrautholtahlíðinni ytri, þaðan bein lína til austurs í Stóralaxá við Vithalagilsmynni, en í þeirri stefnu eru Vörður framan á Máldagahnúk á Bangarholti, Smyrilshamri og Markakistu, norðan á Árfellinu.“

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju-bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.8. Krafa þinglýsts eiganda Klufta vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Hrunamannahrepps er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi jarðarinnar Klufta eigi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að landamerki séu þessi: „Að vestan ræður Litla-Laxá frá Kluptaármynni norður á móts við Vörðu á Moshól, úr þeirri Vörðu bein lína í Vörðu á Markhól, sem er fyrir norðan Launvatn að austanvörðu, úr þeirri Vörðu bein lína í Kluptaá í Borgardalsgljúfri þaðan Kluptaá niður í Litlu-Laxá.“

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju-bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.9. Krafa þinglýstra eigenda Tungufellstorfu, þ.e. Tungufells, Jaðars I (Hamarsholts) og Jaðars II, vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Einars Jónssonar o.fl. er þess krafist að viðurkennt verði, að þinglýstir eigendur jarða í Tungufellstorfu (að undanskilinni spildu og Gullfossi) eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðatorfunnar séu þessi: „Að framan ræður Dalsá, þaðan er hún fellur í Hvítá, norður þangað, er Rauðá rennur í hana, þaðan bein stefna í Vörðu á Dagmálakletti, þaðan sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá, síðan Fossá í Vörðu í Fossárdrögum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu, síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará og Búðará þar til hún fellur í Hvítá og Hvítá niður að Dalsármynni.“

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venju-bundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.10. Kröfur þinglýstra eigenda Berghyls, Jötu, Lauga og Þórarinsstaða vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Jóns Guðmundar Eiríkssonar vegna Berghyls, Reglu Jötusystkina o.fl. vegna Jötu, Einars Kr. Einarssonar vegna Lauga og Hreins Gunnarssonar o.fl. vegna Þórarinsstaða er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Aðrar kröfur vegna Berghyls, Jötu, Lauga og Þórarinsstaða koma ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, sjá nánar í kafla 2.3.

3.11. Krafa eigenda jarða í Hrunamannahreppi o.fl. vegna Hrunamannaafréttar

Af hálfu Hrunamannahrepps vegna spildu úr landi Jaðars, Einars Jónssonar o.fl. vegna spildu úr landi Tungufells, prestssetrasjóðs vegna spildu úr landi Hrunaheiða, og eigenda allra jarða í Hrunamannahreppi vegna afréttarins að öðru leyti (í óskiptri sameign) er þess krafist að viðurkennt verði að tilgreindir aðilar eigi beinan eignarrétt að öllum Hrunamannaafrétti og að viðurkennt verði að heildarlandamerki Hrunamannaafréttar séu þessi: „Að sunnan afréttargirðing frá Hvítá milli Yllagils og Þorsteinshöfða austur að Stóru-Laxá sunnan Laxárkletts. Að austan Stóra-Laxá frá byggð inn í Laxárdrög, þaðan bein stefna í nyrðra Rjúpnafell, þaðan bein lína í sömu stefnu allt inn að Hofsjökli. Að norðan Hofsjökull. Að vestan Hvítá frá afréttargirðingu að Jökulfalli, síðan Jökulfall inn í Hofsjökul.“

Krafa þessi er ekki gerð fyrir hönd ríkisjarða í Hrunamannahreppi en viðurkennd eru samsvarandi réttindi þeirra til afréttarins og kröfugerðin kveður á um.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.12. Krafa Fannborgar ehf.

Af hálfu Fannborgar ehf. er þess krafist að viðurkennd verði leiguréttindi og tengd réttindi til landspildu í Kerlingarfjöllum, samkvæmt þinglýstum samningum við Hrunamannahrepp, dags. 28. júlí 1964, 21. október 1965 og 20. maí 1973.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.13. Krafa Landsvirkjunar

Með bréfi dagsettu 24. júní 1999, lýsti Landsvirkjun kröfum sínum á svæði I í heild, en óbyggðanefnd hafði með auglýsingu í Lögbingingarbliðinu 5. mars 1999 skorað á þá sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á því landsvæði að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests. Landsvirkjun lýsti kröfum sínum á svæði I í einu lagi þannig:

Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin réttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði:

Öll vatnsréttindi (fallréttindi) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spennna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu.

Öll vatnsréttindi jarðarinnar Kaldárhöfða frá Þingvallavatni niður í Úlfjótuvatn, 38 ha lands ásamt réttindum sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta vatnsaflíð, þar með talið stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spennna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar.

Landsréttindi og réttindi sem til þarf vegna háspennulínu frá Þjórsá að austanverðu að mörkum Þingvallahrepps og Borgarfjarðarsýslu um Þingvallahrepp, Grímsneshrepp, Laugardalshrepp, Biskups-tungnahrepp, Hrunamannahrepp, afrétt Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverjahrepp (Hrauneyjafoss-línu); Búrfellslínu 1, 2 og 3A í Gnúpverjahreppi; línu frá Sigölduvirkjun yfir Þjórsá að Sandafelli í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sigöldulína 1); og línu frá Sultartangavirkjun í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sultartangalínu 2).

Önnur eignarréttindi sem til þarf vegna orkumannvirkja sem lýst er í kafla 3, Jörð/landsvæði og til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana Landsvirkjunar í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma.

Öll veiðiréttindi í virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar á landsvæði því sem auglýsing óbyggðanefndar tekur til, þ.e. í Bjarnalóni ofan Búrfellsvirkjunar, Sultartangalóni og 5. áfanga Kvislaveitu.

Kröfugerð þessi er gerð með þeim almenna fyrirvara að Landsvirkjun áskilur sér rétt til að leiðrétta og bæta við hana síðar og leggja fram viðbótargögn eftir þörfum og ef krafist verður.

Í bréfi Landsvirkjunar dags 19. október 1999, sem var svar við bréfi óbyggðanefndar frá 12. s.m., eru nokkrar athugasemdir við uppkast að kröfulínukorti sem Landsvirkjun hafði fengið sent. Auk þess voru gert grein fyrir því að láðst hafðist að geta 6. hluta Kvislaveitu, sbr. heimild í 4. gr. laga 74/1990. Óbyggðanefnd barst síðan bréf Landsvirkjunar dagsett 30.12.1999, þar sem eftirfarandi kom fram:

- a. Landsvirkjun hefur látið gera áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggja fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá en sýndir eru á korti óbyggðanefndar.
- b. Landsvirkjun á og rekur allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnessýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu.

Með greinargerð dags. 3. maí 2000 var vísað í kröfugerð dags. 24. júní 1999 ásamt síðari breytingum og jafnframt gerðar svofelldar kröfur í máli nr. 5/2000, Hrunamannaafreittur o.fl.:

Krafist er að staðfest verði réttindi Landsvirkjunar á eða vegna eftirtalinnna landsvæða í Hrunamanna-hreppi enda verði þau talin falla innan marka þjóðlendu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998:

1. Öll vatnsréttindi (fallréttindi) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, þ.e. frá upptökum hennar í Hofsjökli, og landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spennu- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu. Beinn eignarréttur að virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar og öll veiðiréttindi í þeim.
2. Hrauneyjafosslína (220 kV).
3. Fyrirhuguð Sultartangalína (400 kV).
4. Vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun auk annarra virkjunarkosta í Efri-Þjórsá.
5. Mælistöðvar Landsvirkjunar.

Þá er þess krafist að óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

Í málflytningi var fallið frá kröfuliðum 1) og 4) í greinargerð þar sem ljóst þótti að þær kröfur ættu ekki við í máli nr. 5/2000.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-333, sjá nánar í fylgiskjali nr. II.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Í þjóðlendulögum er mælt fyrir um skyldu aðila til að leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í því felst að óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefni. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Könnun frumgagna var að hluta framkvæmd af óbyggðanefnd og að hluta falin sérfræðingum Þjóðskjalasafns Íslands, samkvæmt samkomulagi og mati þessara aðila. Í því sambandi hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Jafnframt var haft samstarf við héraðsskjalasafn Árnesinga, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafn og fleiri aðila. Gerð er nánari grein fyrir þessari leit í kafla 4.3. Þá aflaði óbyggðanefnd álitsgerðar Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, sjá kafla 5. Loks var að auki litið til almennra upplýttarrita og itarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í kafla 11.5.

Fyrirsvarsmönnum aðila var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Þeir gátu jafnframt bent á gögn sem ástæða væri til að kanna.

Þau gögn, sem í leitirnar komu og óbyggðanefnd taldi að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu og afrit afhent málsaðilum. Jafnframt voru lögð fram minnisblöð um þá þætti gagnaöflunar sem lokið var hverju sinni.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).
Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 317).

2. Jarðabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).
Sjá að öðru leyti lið B-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).
Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 317).

4. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðamat 1804 – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a). Sjá einnig uppskriftir óbyggðanefndar í skjali nr. 255.

Jarðamat 1849-1850 – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).
Jarðamat 1916 (1918) – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).
Sjá að öðru leyti lið B-2 (prentuð fasteigna- og jarðamöt).

5. Dóma- og þingabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).
Sjá að öðru leyti lið B-3 (prentaðir dómur).

6. Bréfabækur og gerðabækur sýslumanna og hreppa

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið, eftir því sem ástæða var talin til (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).

7. Vísitasubækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið, eftir því sem ástæða var talin til (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).

8. Kirkjustólar

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).

9. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Á Þjóðskjalasafni – Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki ástæðu til að yfirfara þennan skjalaflokk í heild sinni og engar sérstakar vísbendingar um að þar væri að finna efni varðandi Hrunamannahrepp (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).
Sjá að öðru leyti lið B-6 (prentað efni úr skjalasöfnum).

10. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar: Yfirfarið (sbr. bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, dags. 30. júní 2000, skjal nr. 247).

Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki þörf á að yfirfara í heild sinni þær óprentuðu bréfabækur biskupa sem þar eru varðveittar og engar sérstakar vísbendingar um að þar væri að finna efni varðandi Hrunamannahrepp (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).

Sjá að öðru leyti lið B-8 (prentaðar bréfabækur biskupa).

11. Klausturumboð

Á Þjóðskjalasafni – Um slík gögn er ekki að ræða á þessu svæði (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a).

12. Fornleifaskráning (yfirlit)

Lögð fram útprentun úr gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf. („ÍSLEIF“) fyrir Hrunamannahrepp, skjal nr. 236.

13. Örnefnaskráning

Óbyggðanefnd hefur aflað og lagt fram gögn varðandi örnefni þegar sérstök þörf hefur verið talin á, sjá nánar í skjalaskrá.

14. Önnur óprentuð frumgögn

Starfsmenn Þjóðskjalasafns töldu ástæðu til að kanna eftirtalda flokka óprentaðra frumgagna (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 9.7.2001, skjal nr. 243 a):

Stjórnarráð Íslands, fyrsta og önnur skrifstofa, sala þjóðjarða.

Sáttabækur Hrunamannahrepps 1809-1935.

Skjöl úr landbúnaðarráðuneytinu varðandi sölu á kirkjujörðum.

Af hálfu óbyggðanefndar var talin ástæða til að skoða eftirtalda flokka óprentaðra frumgagna: Skjöl í biskupsstofu um kirkjuna í Hruna (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags. 6.4.2001, skjal nr. 314).

Skjöl í ráðuneytum dóms- og kirkjumála og landbúnaðar um kirkjujarðir í landinu (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags. 5.7.2001, skjal nr. 313).

B. Prentuð frumgögn:**1. Jarðabréf**

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 232).

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 30.8.2001, skjal nr. 315).

Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.) – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 7.6.2000, skjal 234).

Sjá að öðru leyti lið A-2 (óprentuð jarðabréf).

2. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847) – Sjá skjal nr. 235.

Ný jarðabók (1861) – Sjá skjal nr. 287.

Fasteignabók 1922 – Sjá skjal nr. 272.

Fasteignabók 1932 – Sjá skjal nr. 273.

Fasteignabók 1938 – Sjá skjal nr. 274.

Fasteignabók 1957 – Sjá skjal nr. 275.

Sjá að öðru leyti lið A-4 (óprentuð fasteigna- og jarðamöt).

3. Dómar

Útgefnið dómar Hæstaréttar og Landsyfírréttar – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.6.2000, skjal nr. 242).

Sjá að öðru leyti lið A-5 (óprentaðar dóma- og þingabækur).

4. Fjallskilareglugerðir

Stjórnartíðindi – Yfirfarið (sbr. bréf frá Héraðsskjalasafni Árnesinga, dags. 5.6.2000, skjal nr. 240).

5. Máldagar

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 232).

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Lovsamling for Island – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 239).

Stjórnartíðindi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 239).

Sjá að öðru leyti lið A-9 (óprentað efni úr skjalasöfnum ...).

7. Landnáma

Óbyggðanefnd hefur gengið úr skugga um að í málinu hefur verið lagt fram það efni Landnámu sem varðar landnám í Hrunamannahreppi.

8. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar: Yfirfarið (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags. 23.1.2001, skjal nr. 311). Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Sjá að öðru leyti lið A-10 (óprentaðar bréfabækur biskupa).

9. Alþingisbækur Íslands

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 241).

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 5.6.2000, skjal nr. 233). Sjá einnig lið B-1 (13. bindi Jarðabókar).

11. Önnur prentuð frumgögn

Hvorki starfsmenn Þjóðskjalasafns né óbyggðanefnd töldu ástæðu til að yfirfara gögn í þessum flokki.

4.4. Vettvangsferð

Vettvangsferð fór fram 1. ágúst 2000 og í henni tóku þátt, auk nefndarmanna, starfsmanna óbyggðanefndar og lögmannna málsaðila, þau Ásgeir Gestsson, bóndi að Kaldbak, Einar Jónsson, fyrrverandi bóndi að Tungufelli, Guðbergur Guðnason, fyrrverandi bóndi að Jaðri, Hjörleifur Ólafsson, bóndi að Fossi, Krístrún Matthíasdóttir, fyrrverandi bústýra að Fossi og Loftur Þorsteinsson, bóndi að Haukholtum og oddviti Hrunamannahrepps. Einnig voru með í för Jón Óli Einarsson, Páll Lýðsson og Svanur Einarsson. Heimamenn veittu leiðsögn um svæðið, einkanlega Loftur Þorsteinsson og Einar Jónsson. Fyrst var haldið að bænum Kaldbak, sunnan undir Kaldbaksfjalli. Sá þá yfir land Klufta sem liggur í NV frá Kaldbak. Ekið var þangað sem vel sást yfir að Hrunakrök. Að því búnu var ekið til baka, fram hjá Fossi og Hlíðarfjalli og inn Tungufellsdal. Farið var upp á Hlíðarfjall og Skriðuheiði en stöðvað við Fossá, á móts við Gráhol, og staðhættir skoðaðir. Eftir áningu í Tungufellsdal var haldið inn á Hrunamannaafreitt, yfir Tungufell, Jaðar I og land það sem Hrunamannahreppur keypti úr Jaðri I 1978. Staðnæmst var við girðinguna er markar afreittinn til suðurs og svípast um og aftur nokkru síðar þar sem viðsýnt var. Við síðara tækifærið hélt Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur tölu um gróðurfar og landgæði svæðisins. Áð var í gangnamanna-kofanum í Svinárnesi en síðan haldið til baka. Þegar kom að hinum svokallaða línuvegi var haldið til austurs eftir honum, m.a. inn í Hrunaheiðar og að Heiðarárdrögum. Á móts við gamla leitar-mannakofann þar var snúið við og sama leið ekin til baka að Tungufelli.

4.5. Skýrslutökur

Fyrir nefndina komu og gáfu skýrslu Ásgeir Gestsson bóndi, Kaldbak, Loftur Þorsteinsson, oddviti og bóndi, Haukholtum, Krístrún Matthíasdóttir húsfreyja, Fossi, Hjörleifur Ólafsson bóndi, Fossi, og Einar Jónsson, fyrrverandi bóndi á Tungufelli, nú búsettur á Selfossi.

Ásgeir Gestsson kvaðst fæddur og uppalinn í Hrunamannahreppi og hafa búið á Kaldbak frá 1963. Hann sagði að Hrunakrök væri nýttur frá Kaldbak og því væru þessar tvær jarðir smalaðar sameiginlega. Fyrir innan Hrunakrök væru svokallaðar Hrunaheiðar og þar væri yfirleitt smalað einnig á sama tíma. Þannig hefði þetta gengið fyrir sig í lögsmalamennskum bæði vor og haust. Fé

hefði aldrei verið rekið á fjall frá Kaldbak svo hann vissi til. Það væri eingöngu rekið út fyrir tún og í heimalöndin. Not hans af sameignarafréttinum væru því afar takmörkuð. Þó sagðist hann hafa sama rétt til þeirra nota og aðrir. Hann borgaði sín fjallskil og tæki þátt í afréttarsmölun.

Ásgeir sagði að smalamennskur á þessu svæði hefðu breyst með tilkomu afréttargirðingarinnar árið 1912. Eftir það hefðu smalamennskur á Kaldbak, Hrunakrók og Hrunaheiðum verið sameiginlegar og óháðar afréttarsmölun til fyrstu rétta. Á þessu svæði væri hins vegar smalað til skilarétta. Á vorin væri mikill hluti af landi Hrunakróks, heiðarnar og hluti af landi Foss, Jaðars og Tungufells smalað sameiginlega. Einnig land Klufta, heiðarlöndin, land Hrunakróks, Kaldbaks, Lauga og Þórarinsstaða.

Ásgeir var inntur eftir öðrum nytjum en beitarrétti. Sagðist hann tala um báðar jarðirnar sem eina jörð, þ.e. Kaldbak og Hrunakrók, en hann hefði ábúðarrétt á þeim báðum. Hann sagðist hafa reynt að sporna gegn skotveiðum í landinu eins og hægt væri. Silungsveiði væri í vatni á jörðinni og laxveiði í Stóru-Laxá.

Hann sagðist telja allt land, sem væri innan glöggra landamerkja jarða, vera heimaland. Þannig væri allt land innan landamerkja Kaldbaks og Hrunakróks heimaland.

Aðspurður kvað hann afréttargirðinguna liggja um Hrunaheiðar og hún væri því ekki á mörkum Hrunaheiða og afréttarins. Hann sagði að Hrunaheiðar væru allar grónar og þar væru góðir beitarhagar. Hann kannaðist ekki við það að gert hefði verið samkomulag við ríkið sem eiganda Hrunaheiða um beit þar. Heiðarnar væru hins vegar ógirtar og því rynni fé af nágrannajörðunum inn á þær. Fé væri hins vegar ekki rekið á þær. Ekkert hindraði för fjár á efstu bæjum í hreppnum, þ.e. á landsvæðinu á milli afréttargirðingarinnar og heimagirðinga þessara bæja. Eina fyrirstaðan væri sú að kindur á einum bæ héldu á móti fé frá öðrum bæjum.

Aðspurður sagði hann að ekkert ræktað land væri fyrir norðan kröfulínu ríkisins þar sem hún lægi í gegnum land Kaldbaks, a.m.k. ekki enn sem komið væri. Fyrir sunnan línuna væri landið ræktað að hluta til en hluti af því væri nýttur á sama hátt og landið norðan línunnar. Hann lýsti beitarhúsum, sem verið hefðu í landi Kaldbaks. Hann sagði að brattlendi jarðarinnar hefði verið beitt á vetrum því snjóinn hefði skafið af því á meðan láglendið hefði allt verið á kafi í snjó.

Ásgeir sagði að kröfulína ríkisins lægi í gegnum land jarðarinnar Klufta þar sem bærinn hefði staðið og túnin þar í kring. Eftir að hann kom á Kaldbak hefðu tún ekki verið nýtt í Hrunakrók. Fyrri ábúandi á Kaldbak hefði hins vegar slegið túnin í Hrunakrók annað hvort ár en hitt árið annars staðar, oft á Urðarskarðaflötum, sem væru norðvestur af vatninu. Heyfengur þessi hefði verið fluttur á beitarhúsin. Áður fyrr þegar tíðin var góð hefði fé hætt á gjöf í apríl og þá hefðu ærnar á Kaldbak haldið sig inni í Hrunakrók fram að sauðburði. Bóndinn á Kaldbak hefði alltaf borgað tíund af Hrunakröknum.

Aðspurður kvaðst hann ekki kannast við að til væru Kaldbaksheiðar í landi Kaldbaks. Hann sagðist hins vegar hafa heyrt að Hrunaheiðar væru kallaðar þessu nafni í gömlum heimildum.

Loftur Þorsteinsson kvaðst fæddur og uppalinn í Hrunamannahreppi og hafa búið þar alla tíð. Hann sagði að afrétturinn væri smalaður af öllum landeigendum í Hrunamannahreppi. Hann sagði að áður fyrr hefði kostnaði við leitir verið jafnað niður, annars vegar á landverð jarðanna og hins vegar á búpeninginn. Í seinni tíð hefði þessi sameiginlegi kostnaður verið tekinn úr fjallskilasjóði sem væri sveitareign. Sem fyrr væri kostnaður við leitir reiknaður út, svo og kostnaður vegna landvarða. Miðað væri við fjárfjölda og annað hvort bæri viðkomandi bónda að greiða í fjallskilasjóð eða að hann ætti rétt á að fá endurgreitt úr sjóðnum. Á síðustu árum hefði þeim mönnum, sem hefðu fé sitt heima, verið veittur 25% afsláttur af greiðslum í fjallskilasjóð. Skilyrði væri að viðkomandi jarðir væru algerlega afgirtar. Þær jarðir, sem væru til umfjöllunar í þessu máli, þ.e. efstu jarðir í hreppnum, væru allar ógirtar og ábúendur þeirra hefðu því ávallt greitt fullt gjald í fjallskilasjóð. Smölun Hrunaheiða væri hluti af fjallskilum í Hrunamannahreppi en hreppurinn hefði látið þar í té fjóra menn. Lengst af hefði hreppurinn látið í té þrjá menn til að smala Laxárgljúfur sem tilheyrði hreppnum.

Um sex daga smölun væri að ræða í fyrstu leit á afréttinum. Norðurleit smalaði alveg inn að árffjöllum en stærsti hópurinn færi alveg inn að Stóru-Laxá. Báðar leitirnar hittust í Svinárnesi og þaðan væri síðan rekið saman til byggða. Um sjö til átta þúsund fjár væri rekið á afréttinn nú en þegar féð hefði verið sem flest hefði það verið tólf til þrettán þúsund.

Aðrar nýtjar af afréttinum væru þær að hreppurinn hefði leigt land undir skiðaskóla og nú veitingarekstur. Engar tekjur hefðu verið af veiðum en örlítill silungur væri þarna í vötnum. Gerður hefði verið samningur við áhugamannahópa um að búa til veiðivatn á afréttinum en samið hefði verið um að aðstaðan yrði leigulaus í 15 ár. Ekkert gjald hefði verið tekið fyrir fuglaveiði. Algengast væri að menn færu þarna um án þess að spyrja um leyfi en færst hefði í vöxt að gæsaskyttur spyrðu um leyfi og þá væri það helst vegna húsanna. Ekkert malarnám eða önnur jarðvinnsla hefði átt sér stað á afréttinum. Einu tekjurnar af afréttinum, fyrir utan beitartekjurnar, væru vegna ferðaþjónustu í húsum hreppsins inni á afréttinum. Þá sagði hann að greiðsla hefði komið fyrir þegar Hrauneyjafosslína hefði verið lögð um hluta af afréttinum.

Aðspurður sagði hann að hreppurinn ætti jörðina Kluftir. Hann sagði að fram kæmi í grein Sigurjóns Helgasonar að Hrunakirkja hefði átt jörðina þar til Jóhann Jónsson, ábúandi Klufta, hefði keypt jörðina árið 1919. Næsti ábúandi, Guðmundur Sigurðsson hefði keypt jörðina af Jóhanni og síðasti ábúandinn, Gestur Guðbrandsson, hefði keypt jörðina af erfingjum Guðmundar. Gestur hefði síðan selt Hrunamannahreppi jörðina þegar hann hætti búskap. Fljótlega eftir að hreppurinn keypti Kluftir hefði verið gerður samningur við Eystribakkafélagið um að það fengi að girða túnið og svoltið meira land af og nota sem sumarbeitiland fyrir geldneyti. Fyrir þessi afnot væri greidd örlítill leiga. Ábúandinn á Kaldbak hefði síðan fengið afnot af Kluftanesinu svokallaða. Annað land Klufta væri utan girðingar og nýtt til beitar.

Á vorin hefði land efstu bæja verið smalað sameiginlega til mörkunar og rúnings. Á síðustu árum hefði orðið mikil breyting á búskaparháttum. Fé væri rúið á veturna og nánast engu lambi væri sleppt út fyrir en búið væri að marka það. Vorsmalanir væru því nánast aflagðar.

Aðspurður kannaðist hann ekki við að lönd jarða skiptust í heimalönd og útlendi. Litið væri á landið fyrir innan afréttargirðinguna sem afrétt en annað land væri heimalönd jarða. Þó væri vitað að afréttargirðingin lægi ekki á merkjum, en það væri eingöngu af praktískum ástæðum. Mest af því landi sem lent hefði innan afréttargirðingarinnar, hefði verið frá Tungufelli og Jaðri. Hann sagðist ekki hafa séð neina skriflega samninga um greiðslu fyrir afnot af þessu landi, en hreppurinn hefði alla tíð greitt örlitla leigu fyrir afnotin. Hreppurinn hefði árið 1978 keypt land úr Jaðri I sem liggur innan afréttargirðingarinnar. Ástæðan fyrir kaupunum væri sú að þá hefðu staðið yfir skipti á jörðinni og fyrirhuguð sala á hluta af landinu. Hreppsnefndinni hefði þótt eðlilegt að kaupa þetta land þar sem það hefði veri falt og legið innan girðingar. Afréttargirðingin lægi einnig um Hrunaheiðar en eigandi Hrunaheiða hefði aldrei fengið greiðslu fyrir afnot af landi því sem lent hefði innan girðingar. Hann sagðist ekki hafa skýringu á því. Hugsanlegt væri þó að svo hefði um samist að sveitarfélagið sæi um smölun á landinu en ábúendur í Hruna hefðu rekið fé á heiðarnar fram yfir 1940. Hrunajörðin væri landstór jörð og sjálfsagt hefði komið að því að ekki hefði þótt þörf á því að reka fé á heiðarnar frá Hruna. Hann sagði einnig að féð frá Hruna hefði leitað aftur heim af heiðunum og eftir að miðsveitargirðingin, sem legið hefði á milli Hvítár og Stóru-Laxár, kom hefði féð stoppað við girðinguna og skemmt slægjur í Þverspyrnu.

Aðspurður kvað hann engin búskaparnot vera af eyðijörðinni Hlíð önnur en þau að á henni gengi fé meðal annars frá Haukholtum og Tungufelli. Búið væri að girða þarna af spildu og skipuleggja sumarbústaðabyggð. Skipti stæðu yfir á jörðinni.

Loftur kvaðst ekki vita um neinar skriflegar eignarheimildir hreppsins að afréttinum norðan Hrunaheiða og þess lands úr Tungufelli og Jaðri sem lent hefði innan afréttargirðingarinnar. Hins vegar hefði landamerkjabréf verið gert fyrir afréttinn þar sem fram kæmu mörkin við afrétt Flóa- og Skeiðamanna, Gnúpverjaafrétt og Biskupstungnaafrétt. Allir hefðu litið á afréttinn sem eign íbúa

sveitarinnar og trúlegast væri að Hrunamannahreppur hefði keypt þær eyðjarðir sem nú tilheyrðu afréttinum. Talið væri að byggð hefði verið á vestanverðum afréttinum upp með Hvítá.

Hann kvað sveitarfélagið hafa alfarið farið með forsvar fyrir Hrunaheiðar í seinni tíð. Ábúendur í Hruna hefðu hætt að reka fé á heiðarnar skömmu eftir 1940. Fyrir þann tíma hefðu þeir einir rekið á Hrunaheiðar, þ.e.a.s. þeir hefðu þurft að reka yfir aðrar jarðir til að koma fénu upp eftir. Ábúendur á efstu bæjunum hefðu hins vegar einungis þurft að hleypa fénu út fyrir túnið og þaðan hefði það óhindrað getað runnið inn á heiðarnar.

Aðspurður sagði hann að girt hefði verið landgræðslugirðing við Gullfoss, beggja megin við afréttargirðinguna. Landgræðslan hefði kostað girðinguna og séð að mestu leyti um uppgræðsluna fyrir austan Gullfoss. Sveitarfélagið hefði hins vegar sett nokkur hundruð þúsund á ári í áburð og fræ sem dreift hefði verið innan afréttargirðingarinnar. Að uppgræðslunni hefðu einnig komið áhugahópar í sveitinni, unglingsavinna og grunnskólaborðin á vorin. Vegagerð á afréttinum hefði nær alfarið verið kostað af sveitarfélaginu fyrir utan línuveg Landsvirkjunar og örlítið fjárframlag úr fjallvegasjóði sem varla hefði dugað fyrir heflun á vegarslóðunum. Sveitarfélagið létí hefla veginn inn í Svinárnæs a.m.k. annað hvort ár á sinn kostnað.

Krístún Matthíasdóttir sagði að fjárlausn hefði verið á Fossi frá árinu 1972. Aðspurð um nýttjar af jörðinni sagði hún að jörðin hefði verið nýtt til beitar á meðan sauðfjárbúskapur var stundaður þar. Þá hefði verið slegið nokkrum sinnum í Selmýrinni, suðaustan undir Fossöldu. Fé hefði ekki verið rekið á fjall frá Fossi heldur hefði því einungis verið sleppt út fyrir túnfötinn. Ekkert malarnám væri á jörðinni, lítil silungsveiði í ám og lítið um rjúpu. Ábúendur hefðu ekki leyft rjúpnaveiði í landi jarðarinnar. Aðspurð kvað hún túnin vera í kringum bæinn og engin önnur ræktun væri á jörðinni. Túnin væru þar sem hægst væri að komast að þeim. Hún sagði að vetrarheit hefði verið á Fossöldu. Hún kannaðist ekki við að nýting jarðarinnar hefði verið með öðrum hætti neðan kröfulínu ríkisins en ofan hennar. Í Selmýri væru tóftir sem sagðar væru af seli. Þá benti örnefnið Teigar til þess að þar hefði verið slegið en sjálf sagðist hún ekki minnst þess. Hún kvað fé af öðrum jörðum ganga á landi Fossjarðarinnar og væri það látið afskiptalaust.

Hjörleifur Ólafsson kvaðst ekki kannast við að jarðir skiptust í heimaland og útlendi. Á þessum slóðum væri álitnið að innan landamerkja jarða væri allt heimaland. Hann sagðist hafa hafið búskap að Fossi árið 1982 og eingöngu hafa stundað kúabúskap þótt jörðin bæri fjárbúskap einnig. Hann sagði að mjög kostnaðarsamt væri að girða alla jörðina af og að hann sæi ekki hagkvæmnina í því. Því væri það látið óatalið að annarra manna fé gengi á jörðinni. Hófleg beit væri einungis til bóta. Aðspurður um beitarhús sagði hann að rústir af slíkum húsum væru í Selmýri og inn á svokölluðum Hagadal sem væri nær Klúftum. Sögu þessara beitarhúsa þekkti hann hins vegar ekki en áður fyrr hefði fjárbúskapur byggst mjög á vetrarheit. Fuglaveiði væri lítil á jörðinni og hann hefði heldur hamlað gegn rjúpnaveiði í landi jarðarinnar. Hann hefði hins vegar leyft mönnum að skjóta gæsir hafi þeir beðið um leyfi. Þá kæmi fólk á hverju ári að tína ber í landi jarðarinnar en hann hefði ekki tekið gjald fyrir það.

Einar Jónsson sagðist aðspurður vera fæddur að Tungufelli og hafa búið þar til 1953. Þá hefði hann verið bóndi þar frá 1960 en hefði nú látið af búskap. Hann sagði að sama gildi um Tungufell og aðrar jarðir efst í sveitinni að þaðan hefði ekki verið rekið á fjall eftir að afréttargirðingin kom 1912. Tungufellsmenn hefðu þó gert fjallskil og sent menn á fjall. Hann staðfesti að greidd hefði verið leiga fyrir það land Tungufells sem lent hefði innan afréttargirðingarinnar. Hann vildi leggja áherslu á það að áður fyrr hefði beitin verið nýtt mun meira á umræddum fjallajörðum en nú væri gert. Búskaparhættir hefðu breyst mjög í seinni tíð. Féð hefði gengið mun lengur í úthaga en nú tíðkaðist. Hann kvaðst minnst þess að þegar hann hefði verið krakki hefði féð hætt á gjöf um leið og komnir voru hagar í apríl eða a.m.k. fyrir sauðburð. Nú væri allt lambfé haft á húsi eða inni á túni um sauðburð. Þá hefði féð gengið í úti eins lengi og hagar leyfðu á haustin, stundum fram að jólum. Allt land jarðarinnar eins og það lagði sig hefði verið beitt.

Aðspurður um aðrar nýttjar af landinu sagði hann að þær hefðu verið takmarkaðar. Í harðari árum hefði verið slegið þar sem hægt hefði verið að koma niður ljá. Síðast hefði verið slegið í svokölluðum Folaldamýrum 1918 en þar hefði verið starargróður við tjarnir sem sprottið hefði þótt hart hefði verið í ári. Eitthvað hefði verið um rjúpnaveiði og skógarnyttjar hefðu verið töluverðar fram undir 1940. Hann sagði að kirkjurnar hefðu átt skógarítak í Tungufellslandi og bærinn Hlíð einnig en Tungufellsmenn hefðu í staðinn fengið beit í landi Hlíðar. Hann sagðist ekki vita til þess að heimt hefði verið gjald af skotveiðimönnum en gæsaveiðimenn hefðu stundum fengið að skjóta í landi Tungufells. Veiði væri í Dalsá og Hvítá.

Hann sagði að alltaf hefði verið rekinn blandaður búskapur á Tungufelli og svo væri enn. Hann staðfesti að féð á þessum efstu jörðum rynni þarna um svæðið sunnan afréttargirðingar og þar á meðal inn á Hrunaheiðar. Hann kannaðist ekki við gjaldröku vegna beitar á heidunum.

Aðspurður kvaðst Einar ekki kannast við neina skiptingu Tungufellsjarðarinnar í heimaland og útlendi eftir mismunandi notkun. Allt landið hefði ávallt verið notað á sama hátt, þ.e. til beitar. Hann sagði að allt ræktað land jarðarinnar væri sunnan kröfulínu íslenska ríkisins en þar væri einnig beitiland sams konar og það, sem væri norðan línunnar. Ofan línunnar væru tóftir á svokölluðum Selflötum en þar hefði trúlega verið sel áður. Þá væru þarna fleiri örnefni sem bentu til þess að þar hefðu verið sel. Hann sagðist minnst þess að Jaðarsmenn hefðu lengi nýtt slægju í Ármannsholti skammt fyrir ofan Gullfoss.

Hann sagðist telja að kirkjan tilheyrði jörðinni, a.m.k. hefði honum verið tjáð þegar hann hóf búskap á Tungufelli að honum væri skylt að halda kirkjunni við.

Aðspurður kvaðst Einar ekki geta skýrt þann mun sem væri á landamerkjalyásingu Tungufellstorfunnar í lögfestu frá 1665, landskiptagerð Brynjólfs biskups frá 1671 og í landamerkjabréfi Tungufells. Í landskiptagerðinni væri ekki minnst á Melrakkaá eins og gert væri í landamerkjabréfinu en ef henni væri skotið inn í landamerkjalyásingu landskiptagerðarinnar væri hún rétt.

5. STAÐHÆTTIR OG GRÓÐURFAR

5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður

Hrunamannaafréttur er 1041 km² að stærð, og þar af eru 15 km innan uppgræðslugirðingar Landgræðslu ríkisins.² Sá hluti kröfusvæðisins sem er sunnan afréttarmarkanna er um 80 km².

Berggrunnur mikils hluta kröfusvæðisins er basískt og ísúrt gosberg og setlög, 0,8-3,3 milljóna ára gamalt.³ Landslag þessa hluta svæðisins einkennist mjög af fellum og öldum með stefnu frá norðaustri til suðvesturs og er hæð þeirra flestra 500-700 m. Milli fellanna eru daldrög þar sem rakaskilyrði jarðvegs, og þar með gróðurskilyrði, eru góð.

Á norðvesturhluta afréttarins er berggrunnurinn basísk og ísúr goslög (grágrýti), þ.e. yngri en 0,8 milljón ára. Þar er landið flatara og þurrara og gróður hefur þar átt í vök að verjast og víða látið undan síga.

Nyrst á afréttinum eru Kerlingarfjöll sem á íslenskan mælikvarða teljast hár fjallaklasi. Þar gnæfir Snækollur hæst í 1488 m. Fjöllin eru mynduð af basísku og ísúru móbergi, bólstrabergi og setlögum frá síðari hluta ísaldar, þ.e. yngri en 0,8 milljón ára. Einnig af súru gosbergi, eldra en 11000 ára. Í Kerlingarfjöllum er mjög snjóþungt en það skapar víða hagstæð gróðurskilyrði miðað við hæð svæðisins. Hins vegar eru þau mörg brött með lausum skriðum sem gróður festir illa rætur í.

1 Kaflar 5.1.-5.3. eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. málsskjal nr. 256.

2 Ólafur Arnalds o.fl., 1997: *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

3 Náttúrufræðistofnun Íslands, 1998. Jarðfræðikort (1:500 000).

Berggrunnur og landslag ráða miklu um vatnsbúskap lands og í heild er hann góður á kröfuvæðinu. Margar ár og lækir sem þar streyma fram og víðáttumikil votlendissvæði bera vitni um það.

5.2. Áætlað gróðurfar um landnám og síðari þróun þess

Gera má ráð fyrir því að um landnám hafi mikill hluti kröfuvæðisins verið gróinn allt norður undir syðstu fjöll Kerlingarfjallaklasans, þ.e. að suðurenda Örafaskyggnis og Stóra-Leppis og vestan fjallanna.¹

Á sjálfu Kerlingarfjallasvæðinu hefur gróður um landnám verið ósamfelldur og einskorðast við dalverpi og brekkurætur með hagstæðum snjóalögum.

Líklegt er að hæstu fell svæðisins, t.d. á austurhluta afréttarins, hafi verið gróðurlaus.

Samkvæmt hæð landsins má ætla að birkiskógur og kjarr hafi þakið suður- og vesturhluta kröfuvæðisins vestan Hrunaheiða, Geldingafells, Mikluöldu og Skyggisöldu norður fyrir Grjótártungu. Á raklendustu svæðunum milli fella og ása hafa, eins og nú, verið flóar og mýrar, á þúrlendinu þar ofan við hefur lyng- og runnagróður verið ríkjandi og mosagróður í hlíðunum þar fyrir ofan. Á bökkum áa og lækja var vallendisgróður. Á snjóþungum svæðum Kerlingarfjalla var ríkjandi snjóældagróður, mismunandi gróskumikill eftir magni og varanleika snjóalaga.

Ekki er ósennilegt að á hálandinu hafi býli verið sett niður í nálægð efri skógarmarka vegna mikilvægis skóganna og kjarrsins til viðartekju, beitar og „föðurstyrks,, þ.e. til að drýgja takmörkuð vetrarhey. Þá er ekki ósennilegt að á hálandinu hafi verið nýttar til slægna nálægustu mýrar og flóar sem, auk skóglendisins, voru og eru í dag þau náttúrulegu gróðurlendi sem einna mesta og öruggasta uppskeru gefa.

Mikið Heklugos árið 1300 hefur haft mikil og skaðleg áhrif á gróður afréttarins, þakið hann og eytt með öllu á vissum svæðum og veikt hann og komið af stað vatns- og vindeyðingu á öðrum svæðum.² Önnur síðari tíma eldgos og kólnandi veðurfar hafa lagst á sömu sveif og stuðlað að rýrnun gróðurs á svæðinu, og hefur hún bæði verið fölgin í minnkandi flatarmáli hins gróna lands – eyðimörkin hefur farið stækkandi - breyttu gróðurfari og minnkandi uppskeru landsins í kjölfar þeirrar gróðurbreytingar. Ekki má gleyma þætti búfjarbeitarinnar sem í aldanna rás hefur, í samspili við framangreinda þætti, átt sinn þátt í að breyta gróðurfari Hrunamannaafréttar og þess hluta kröfuvæðisins sem er sunnan afréttarmarkanna.

Miðað við áætlaða gróðurþekju á afréttinum um landnám og núverandi gróðurþekju má gróflega áætla að hún hafi minnkað um allt að helming að flatarmáli á liðlega ellefu hundruð árum Íslands byggðar.

Sýnilegasti munur á gróðurfari, eða ríkjandi tegundum plantna, þeirrar gróðurþekju sem nú er á svæðinu og þeirrar sem þar var um landnám er sá að hið víðáttumikla skóg- og kjarrlendi sem var á afréttinum er horfið og með því ýmsar gróskumiklar tegundir sem vaxa í birkiskógum. Á þeim gróðurlendum sem voru, eða urðu, skóglaus varð með aldalangri beit sú breyting að hlutur plöntu- tegunda sem eftirsóttar eru af búfé minnkaði og þær hafa jafnvel horfið. Þegar um mikið beitarálag er að ræða í langan tíma fylgir gróðureyðing og eyðing viðkvæms jarðvegs í kjölfarið, ekki síst ef slík beit fer saman við kólnandi loftslag og/eða eldgos. Slík þróun hefur orðið í miklum mæli á afréttinum eins og svo víða annars staðar á Íslandi.

Um gróðurfar þess hluta kröfuvæðisins, sem ekki hefur verið kortlagður, skal ekki fullyrt annað en það að hann er yfirleitt vel gróinn þótt þar séu víða jarðvegsof.

Í vettvangsferð Ingva Þorsteinssonar um Hrunamannaafrétt sumarið 2000 kom í ljós að gróður

1 Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, 2000. Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands (1:500 000). Hugmynd um gróðurfar á Íslandi við landnám.

2 Guttormur Sigbjarnarson, 1969: „Áfok og uppblástur. Þættir úr gróðursögu Haukadalshéiðar.“ *Náttúrufræðingurinn*, 39. árg.

leit vel út. Sauðfé hafði að vísu aðeins verið flutt inn á afréttinn í litlum mæli þegar ferðin var farin þannig að gróður var nánast ósnortinn af beit. Engu að síður telur hann að þar sé farið að gæta sýnilegra áhrifa minnkandi beitarálags og að gróður sé í framför víðast hvar um afréttinn. Þetta er ekki vísindaleg niðurstaða grundvölluð á mælingum heldur aðeins álit, sem m.a. byggist á langri reynslu og víðtækum samanburði Ingva á gróðurfari ólíkra hálandissvæða á löngu tímasteiði.

Nokkuð er að vísu enn af opnum börðum sem jarðvegur fýkur úr og nýjar moldir eru til vitnis um gróður sem er horfinn fyrir ekki alllöngu. En mjög víða hafa rofabörð lokast og eru að gróa upp. Talsverður nýgræðingur er á melum og öðru örfoka landi og – að því er Ingvi telur – meiri en að jafnaði hefur verið á hálandi landsins.

Víðtækar aðgerðir Landgræðslu ríkisins og heimamanna, sem hafa verið fólgnar í friðun lands, einkum upp með Hvítá, sáningu grasfræs og áburðardreifingu, hafa víða borið góðan árangur og hafa sums staðar orðið upphaf að sjálfgræðslu lands. Þrátt fyrir þetta eru enn mikil verkefni óunnin á sviði landgræðslu á Hrunamannaafrétti. En að teknu tilliti til umræddra landgræðsluáðgerða og sjálfgræðslu má ætla að meiri gróður hafi unnist en tapast á afréttinum á undanförunum árum.

5.3. Núverandi gróðurfur

Hér hefur verið áætlað að um helmingur þess gróðurs og jarðvegs, sem þakti kröfusvæði ríkisins á Hrunamannaafrétti um landnám, hafi horfið í tímans rás. Engu að síður er hann með best grónu afréttum á móbergssvæðinu á miðhálandi Íslands. Samkvæmt gróðurkortum RALA¹ þekur nokkuð samfelldur gróður þar um 30300 hektara lands eða 303 km². Þetta svarar til þess að tæpur þriðjungur landsins sé þakinn gróðri. Í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til uppgræddra svæða né annarra gróðurbreytinga sem orðið hafa síðan gróðurkortin voru gerð. Kröfusvæðið sunnan afréttarmarkanna er ekki með í þessu dæmi en það er að miklu leyti gróið eins og fyrr var sagt.

Austurhluti afréttarins frá svonefndri Sultarfit að sunnan allt norður í jökul er nánast ógróinn en þetta land er að mestu leyti ofan 600-700 m hæðar sem er á mörkum samfellds gróðurs hvað hæð snertir. Þá er mikill hluti Kerlingarfjalla ógróinn. Að öðru leyti er gróður dreifður um allan afréttinn með stærri og smærri gróðurlausum svæðum á milli sem flest voru gróin áður.

Samkvæmt yfirlitskortu í bókinni Jarðvegsrof á Íslandi, sem sýnir umfang jarðvegsrofs á afréttum og í heimalöndum, er ástandið með tilliti til þessa þáttar talið vera lélegt á Hrunamannaafrétti. Þetta mat á afréttinum byggist ekki á ástandi gróðurs sem hér hefur verið lýst sem allgóðu og víða í framför heldur er það fyrst og fremst afleiðing sendinna mela á ofanverðum afréttinum, rofdíla sem aðallega eru í rýru gróðurlendi, mela og jarðsilssvæða.

5.4. Náttúruminjar

Innan þess svæðis, sem hér er til umfjöllunar, eru á náttúruminjasrá eftirfarandi svæði að meira eða minna leyti, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Kerlingarfjöll“ og „Austurbakki Hvítargljúfurs“. Þessi landsvæði njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu afréttarins frá öndverðu til þessa dags.

1 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1965-1967. Gróðurkort (1:40 000).

6.1. Landnám

Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu eru þessar frásagnir um landnám í Hrunamannahreppi:

Bröndólfur¹ ok Már Naddoddssynir ok Jórunnar, dóttur Qlvis barnakarls, kómu til Íslands snemma landsbyggðar; þeir námu Hrunamannahrepp, svá vítt sem vötn deila. Bröndólfur bjó at Berghyl.²

Þorbjörn jarlakappi hét maðr norrœnn at kyni; hann fór ór Orkneyjum til Íslands. Hann keypti land í Hrunamannahrepp at Mávi Naddoddssyni, allt fyrir neðan Selslæk á milli Laxár ok bjó at Hólum.³

Nokkur atriði í þessum lýsingum eru óljós. Fyrst er að nefna að í Hauksbók standa orðin „svá sem vatnföll deila þann veg“ í stað „svo vítt sem vötn deila“. Jakob Benediktsson, útgefandi Landnámabókar, sá ekki ástæðu til að draga sérstakar ályktanir af þessum orðum enda óvíst að textinn styðjist við frumgerð Hauksbókar, þ.e. Styrmissbók.⁴ Haraldur Matthíasson lagði þann skilning í orðalagið „þann veg“ að það merkti „þangað“ eða „í þá átt“, þ.e. til sjávar, gagnstætt því að vötn deili milli héraða (vatnaskil).⁵

Einar Arnórsson taldi landnám þeirra bræðra glögg: „Að austan og sunnan er Stóra-Laxá, að vestan Hvítá og að norðan austurhluti Langjökuls, Kjalhraun og Kerlingarfjöll.“⁶ Öðru máli gegndi um landnám Þorbjörns jarlakappa.

Enginn ágreiningur virðist vera um það að landnámsbær Þorbjörns, Hólar, hafi verið sá bær sem nú nefnist Hrepphólar en að öðru leyti er ekki ljóst hvernig ber að skilja lýsinguna á landnámi hans. Einar Arnórsson taldi einsýnt að austur- og suðurmörk lands Þorbjarnar hefði verið Stóra-Laxá en um Selslæk ríkti óvissa. Annaðhvort væri átt við Litlu-Laxá eða lítinn læk, Selsós, sem félli í Hvítá norðanvert við Hvítárholt. Það yrði þó að teljast ótrúlegt að miðað væri við svo lítinn læk auk þess sem Már hefði þá látið Þorbjörn fá langbesta engjalandið í hreppnum en haft sjálfur lítið land eftir. Einari Arnórssyni þótti frásögn þessi og fleiri um landnám í Ytrahreppi ekki trúverðugri en svo að hann varaði við því að farið væri bókstaflega eftir lýsingum landnámuritarara um landaskipti á þessum slóðum.⁷

Haraldur Matthíasson gat sér til um að Selslækur væri sá lækur sem nú heitir Áslækur, kenndur við bæinn Ás, en þar skammt frá heitir í Selholtum.⁸ Jakob Benediktsson tók undir þessa tilgátu og hallaðist jafnframt að því að orðin „milli Laxár“ ætti að lesa „milli Stóru- og Litlu-Laxár“.⁹

Til landnámsmanna í Hrunamannahreppi verður einnig að telja þá feðga Þorbrand Þorbjarnarson og Ásbrand. Um þá segir svo í Sturlubók og Hauksbók Landnámu:

Þorbrandr, son Þorbjarnar ens óarga, ok Ásbrandr son hans kómu til Íslands síð landnámatíðar, ok vísaði Ketilbjörn [landnámsmaður í Grímsnesi og Biskupstungum] þeim til landnáms fyrir ofan múla þann, er fram gengr hjá Stakksá, ok til Kaldakvíslar, ok bjöggu í Haukadál. Þeim þóttu þau lönd of lítil, er tungan eystri var þá byggð; þá jóku þeir landnám sitt ok námu enn efra hlut Hrunamannahrepps sjónhending ór Múla í Ingjaldsgnúp fyrir ofan Gylðarhaga.¹⁰

1 Bröndólfur er tvívegis nefndur Brynjólfur í Hauksbók.

2 *Landnámabók*, 1986. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. S. 382-383.

3 *Landnámabók* 1986, s. 382.

4 *Landnámabók* 1986, s. 383 (3. nmgr.).

5 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 490.

6 Einar Arnórsson, 1950: *Árnesþing á landnáms- og söguöld*. (Árnesinga saga. Ritstj. Guðni Jónsson. 2. b.) Reykjavík. S. 94. Sbr. einnig skýringar Jakobs Benediktssonar í *Landnámabók* 1986, s. 383.

7 Einar Arnórsson 1950, s. 96-97.

8 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 494-495.

9 *Landnámabók* 1986, s. 382.

10 *Landnámabók* 1986, s. 383-384.

Lýsing þessi virðist í fljótu bragði mjög nákvæm og mun vera eina dæmið í Landnámu um slíka miðun landamerkjja.¹ Einar Arnórsson var engu að síður þeirrar skoðunar að þessi frásögn væri „mjög tortryggileg“. Hann nefndi sem dæmi að sjónhendingarlínan væri svo löng að hún gæti varla talist vel fallin til landamerkjja. Að auki væru engin suðaustur- eða austurmörk landnáms tilgreind. Það sýndi mikla ónákvæmni eða skort á staðþekkingu að hvorugt væri gert. Loks benti Einar á að landnám þeirra feðga færi í bága við það sem áður hefði verið sagt um landnám þeirra Naddodds-sona er eiga að hafa numið Hrunamannahrepp allan.²

Haraldur Matthíasson var ekki eins vantrúaður á frásögn Landnámu og leitaðist fremur við að skýra misræmið. Hann viðurkendi að sá sem miðaði utan úr Múla sæi alls ekki hvar sjónhendingarlínan liggur miðað við Gyldarhaga. Þeir feðgar, Þorbrandur og Ásbrandur, hefðu því orðið að gera áreið og skoða væntanleg mörk landnáms síns í Hrunamannahreppi. Haraldur sagði e.t.v. ekki rétt að taka frásögnina um landnám þeirra feðga bókstaflega en þó væru dæmi um það annars staðar í landnámu að menn hefðu eignað sér landsvæði í landnámi annarra manna.³

Enda þótt sitthvað sé þannig óljóst um landnám á því svæði, sem nefnist Hrunamannahreppur, verður sú almenna ályktun dregin af frásögn Landnámu að landnám hafi náð þar nokkuð langt inn til landsins og e.t.v. lengra en víða annars staðar. Í því sambandi skiptir ekki öllu máli hvernig skiptingin hefur verið á milli einstakra landnámsmanna. Hér má minna á að stofnast gat til eignarréttar á landi með ýmsu móti eftir því sem greint er frá í Landnámu. Sumir þeirra sem fyrstir komu hingað á landnámsöld helguðu sér mjög stórt landnám sem síðar urðu fjölbyggð héruð. Í öllum þessum héruðum settust síðar að landnámsmenn og virðast þeir hafa eignast land með fernu móti: 1) með ráði eða leyfi frumlandnámsmanns; 2) að gjöf; 3) að kaup; 4) með sjálfstæðu landnámi að því er virðist án leyfis frumlandnámsmannsins.⁴ Þannig virðast þeir Þorbrandur og Ásbrandur hafa farið að ef trúa má frásögn Landnámu.

6.2. Foss

Foss var eign Skálholtskirkju samkvæmt jarðabók 1597. Í jarðabók frá 1686 er hún talin 16 hndr. og 160 álnir en aðeins 3 hndr. og 40 álnir árið 1695.⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er jörðin ekki metin til dýrleika en haft er eftir ótilgreindum heimildarmönnum að hún sé 15 hndr. Á heyjum jarðarinnar var hægt að fódra 5 kúa þunga. Útígangur er sagður góður en jörðin var ein þeirra sem Hekla skemmdi og bar hún þess enn menjar.⁶

Jörðin Foss var seld Jóni Magnússyni, bónda á Sóleyjarbakka, á stólsjarðauppboðinu 16. júní 1790. Hún var þá metin 15 hndr. og 40 álnir.⁷ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók sem staðfest var 1861 var jörðin skráð 15,8 hndr.⁸

Landamerkjabréf jarðarinnar (nefnd Fossland í bréfinu) var undirritað 3. júní 1885 og samþykkt vegna jarðanna Hlíðar og Haukholta. Bréfinu var síðan þinglýst 10. maí sama ár:

1 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 489.

2 Einar Arnórsson 1950, s. 103-104.

3 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 489-490.

4 *Landnámabók* 1986, s. cxxv.

5 Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 111.

6 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 2. b. Kaupmannahöfn 1918-1921. S. 269.

7 Skjal nr. 100. *Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984*. II. Skrár. Kirkjueignanefnd, október 1992. S. 85. Þar er sölu dagur sagður 16.2. 1791 og er þá miðað við útgáfu sölubréfs konungs. Sbr. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, úgripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 419.

8 *Jarðatal* 1847, s. 66. *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 22.

Að vestan ræður Fossá frá Rauðalækjarmynni innað Markagili, síðan Gilið upp undir fjallsbrúnina, úr Gilklofningunum bein stefna í Vörðu uppá fjallsbrúninni og úr henni aptur í Vörðu við Fossá að vestanverðu; frá þeirri Vörðu ræður Fossá norður í Gráhól, sem er að austanverðu við ána, úr Gráhól bein stefna í Brunkollugil, þar sem það rennur í Litlu-Laxá, síðan Litla-Laxá niður að Vörðu sem við hana stendur innarlega á Fagradal, úr þeirri Vörðu sjónhending í Vörðu uppá Hábrún; þaðan sjónhending í Hornmarksvörðu austan í Dalholtum, þaðan bein stefna í Rauðalækjarbotn; síðan Rauðilækur þangað til hann fellur í Fossá.

Í landinu á Hlíð slæjuítak, sem byrjar við Rauðalækjarbotn og nær fram með Dalholtum að austanverðu fram að Pvermörkum milli Foss og Jötu; Að austanverðu markar Klettholtsgil það af. Aptur á móti á Foss skógarhögg í Hlíðarítakinu í Tungufellslandi milli Yrpugils- og Gilsins við Rauðarkjölinn.¹

Á Fossi hefur verið búið samfelld frá því að jarðabréf þetta var gert og til þessa dags að frátöldu fardagaárinu 1935-1936.² Heimildir benda að auki ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið á Fossi frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálábókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.³

6.3. Hlíð

Hlíð var bændajörð, 13 hndr. og 80 álnir samkvæmt jarðabók 1686 en 10 hndr. árið 1695.⁴ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) var hún enn talin 10 hndr. Á heyjum jarðarinnar var hægt að fódra 5 kúa þunga. Útígangur var sagður í betra lagi en engjar litlar. Jörðin átti þá skógarítak í Tungufellslandi þar sem hét Hlíðarhrís og var notað til eldiviðar.⁵

Í Jarðatali Johnsens 1847 er jörðin 10 hndr. að dýrleika en í Nýrri jarðabók nokkru síðar 11,9 hndr.⁶

Landamerkjabréf Hlíðar er ekki að finna í landamerkjabók eða meðal jarðabréfa í Þjóðskjalasafni Íslands.

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið í Hlíð frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálábókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Árið 1932 eignaðist Sparisjóðurinn Gullfoss ⁹/₁₆ hluta jarðarinnar eftir veðsetningu en 1935 var öll jörðin komin í eigu Guðmundar Guðmundssonar.⁷ Hann var síðasti ábúandi jarðarinnar og mun hafa hætt búskap árið 1959.⁸ Eftir andlát Guðmundar, árið 1970, skiptist eignin á milli 25 erfingja hans.⁹

6.4. Hrunaheiðar

Hruna er fyrst getið í heimildum undir lok 12. aldar þegar Þorvaldur Gissurarson fluttist þangað úr Haukadal. Hruni mun hafa legið vel við samgöngum á þessum tíma og því ákjósanlegt aðsetur þeirra höfðingja sem vildu auka völd sín í Árnesþingi.¹⁰ Þó mun ekkert því til fyrirstöðu að Hruni

1 Skjal nr. 94.

2 *Sunnlenskar byggðir*: 1. b. *Tungur, Hreppar, Skeið*. Búnaðarsamband Suðurlands 1980. S. 219. *Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890*. Ritsjtj. Þorsteinn Jónsson. Reykjavík 1999. S. 95-100.

3 Skjöl nr. 95 (a-d) og nr. 263.

4 Björn Lárusson 1967, s. 111.

5 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 270.

6 *Jarðatal* 1847, s. 66. *Ný jarðabók* 1861, s. 22.

7 Skjal nr. 264.

8 *Hrunamenn* 1999, s. 94.

9 Skjal nr. 137.

10 Helgi Þorláksson, 1998: „Hruni. Um mikilvægi staðarins fyrir samgöngur, völd og kirkjulegt starf á þjóðveldisöld.“ *Árnesingur*. Rit V. Sögufélag Árnesinga. S. 37-39.

hafi verið til sem býli þegar á 10. öld, sennilega í eigu bóndans í Hörgsholti, og að kirkja hafi risið þar á 11. öld.¹ Talið er að Hrúni hafi orðið staður, þ.e. sjálfstæð og myndug kirkjueign, fyrir lok 12. aldar, að líkindum eigi síðar en um 1180 þegar Þorlákur Þórhallsson setti fyrstur biskupa fram kröfuna um fullt forræði yfir kirkjueignum í biskupsdæminu.²

Í elsta máldaga Hrunakirkju, sem með óvissum rökum er talinn vera frá 1331, segir m.a.

Kirkia j hrúna er helgud sælli guduz modur marię oc hinum heilaga tomasi erchibiskupi oc hinum helga þorläki biskupi oc hinne helgu mey katrijnu.

hvn a heima lannd allt oc kaldbak oc þorarinzstadi til forsia. oc skal þar greida af ij merkur fataekum manni einum skylldaustvm af ætt armnsteins. skal af runa stad fa til vidu vr skogvm stadarins til fiarhusa. enn ef norrænn vidur er til lagdur þorarinstada. þa falle af landz leigu.³

Í lok máldagans kemur þessi klausa:

þetta gaf þorarin rolfsson til runa stadar þa er hann atti horshollt laxar gliufur oll nordur frá kalldbakzlandi. skal sa þo er j horkzhollte byr fa ij. menn til safnuz um kall bakzheidar med runamonnum huertt haust thil allra logretta.⁴

Þessi yfirlýsing er tekin nær óbreytt upp í Vilkinsmáldaga 1397, máldaga Gísla biskups Jónssonar frá seinni hluta 16. aldar og í vísitásiubækur biskupanna Brynjólfs Sveinssonar (1644), Finns Jónssonar (1756), Steingríms Jónssonar (1829) og Péturs Péturssonar (1874).⁵ Hefur verið til hennar vitnað sem meginheimildar fyrir því að kirkjan í Hrúna eigi það landsvæði sem kallað er Hrunaheiðar.

Í máldaganum kemur fram að Þórarinn Hrólfsson í Hörgsholti gaf Hrunastað öll Laxárgljúfur og er þá talið að átt sé við „land meðfram Stóru-Laxá á núverandi Hrunaheiði“.⁶ Í yngri heimild er greint frá því að Laxárgljúfur sé um 10 km langt og hefjist á þeim slóðum þar sem Leirá fellur í Stóru-Laxá.⁷ Óljóst er hvað fólst í þessari gjöf, hvort verið var að gefa veiðirétt í Stóru-Laxá eða einhver önnur ótiltekin hlunnindi eða jafnvel landsvæði með gögnum og gæðum án skilgreindrar afmörkunar. Þó skal í þessu sambandi bent á að Hrunakirkja átti veiði í Litlu-Laxá og var í máldaga kirkjunnar nákvæmlega lýst hvar og hvenær sá réttur skyldi nýttur.⁸ Um nýttar Hrunastaðar af Laxárgljúfrum er hins vegar ekki getið. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er vísað í máldaga um ítök kirkjunnar en í Jarðatali Johnsens (1847) er Laxárgljúfur beinlínis talið með ítökum „brauðsins“ Hrúna „og nýtur bóndinn á Hrunakrók þeirra“.⁹ Í úttektum prófaste árin 1905, 1930, 1941, 1944 og 1954, er Laxárgljúfur jafnan talið með ítökum Hrunakirkju. Í úttektinni 1930 segir t. d. undir liðnum Hlunnindi og ítök: „Beit í Laxárgljúfrum og afreitarlandið Hrunaheiðar.“¹⁰

Í máldaga Hrunakirkju er enn fremur tilgreint að hún eigi að minnsta kosti upprekstur á Kald-

1 Helgi Þorláksson 1998, s. 50-51.

2 Helgi Þorláksson 1998, s. 54. Magnús Stefánsson, 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 207.

3 *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 664.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 666.

5 *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 44. *Íslenskt fornbréfasafn*. 15. b. Reykjavík 1949. S. 650. Skjal nr. 243 (1, 3), 251 (7), 309, 310.

6 Helgi Þorláksson 1998, s. 47.

7 Gísli Gestsson, 1956: „Árnessýsla milli Hvítar og Þjórsár.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 42-43.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 664.

9 *Jarðatal* 1847, s. 80. Sbr. skjal nr. 235 (2).

10 Skjal nr. 251 (a-d).

baksheiðar og hefur verið fullyrt að þar sé átt við það landsvæði sem nú kallast Hrunaheiðar.¹ Þetta er þó umdeild kenning.²

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er „fasteign“ Hruna talin 100 hndr.³ Meðal þeirra jarða sem Hruni átti á þeim tíma voru Kaldbakur, Þórarinsstaðir, Berghylur og sennilega einnig Klufitir (sbr. kafla 6.7.). Samkvæmt því hefur Hruni verið ein verðmætasta kirkjueign landsins því að Oddi á Rangárvöllum, sem jafnan hefur verið talinn með auðugustu kirkjum hér á landi, var 80 hndr. að fornu mati.⁴ Í einu handriti máldagans stendur reyndar að Hruni hafi verið 60 hndr. og er það trúlega nær sanni.⁵ Þetta mat er engu að síður miklu hærra en síðar varð. Hruni er ekki reiknaður til dýrleika í jarðabókinni 1686 en í jarðabókinni 1695, sem gefur vitneskju um hið forna jarðamat, er Hruni skráður 20 hndr. Í Jarðabók Árna og Páls er dýrleikinn sagður óviss enda um beneficium (stað) að ræða sem ekki var tíundarskyldur.⁶ Í jarðamati frá byrjun 19. aldar er ekki greint frá dýrleika jarðarinnar. Bústofn jarðarinnar, 10 kýr og 30 kindur, var þá metinn á 15 hndr. en útigangur var metinn á 1 hndr. og 62 álnir.⁷ Hruni er ekki metinn til dýrleika í Jarðatali Johnsens 1847 en samkvæmt Nýrri jarðabók frá svipuðum tíma var jörðin 29,31 hndr. en 46,4 hndr. að meðtalinni hjáleigunni Ási.⁸

Erfitt er að útskýra þann mikla mun sem var á dýrleika jarðarinnar samkvæmt máldaga Gísla Jónssonar annars vegar og jarðabókunum hins vegar. Biskupinn hlýtur að hafa talið með einhver verðmæti sem á öðrum tímum voru ekki hluti af jarðamatinu. Hér gæti verið um að ræða einhverjar jarðir sem síðar fengu sjálfstætt mat, t.d. hjáleigur Hruna. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er getið um fjórar hjáleigur í Hrunalandi og voru þrjár þeirra í eyði. Af landskuld má ráða að samanlagður dýrleiki þeirra hafi verið rúmlega 40 hndr. Ef eyðihjáleigunni Hrunakróki er bætt við fer heildardýrleiki Hruna upp í 70 hndr. og virðist þá litlu muna að dýrleika Hruna samkvæmt Gíslamáldaga sé náð. Ekki virðist þörf á að bæta við fleiri fasteignum ef tekið er mið af heimild frá 1583 en þar segir að „summa staðarins peninga“, þ.e. alls búfjár, að hestum og geldfê meðtöldu, heima og á hjáleigum hafi verið 70 hndr.⁹

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls var hægt að fôðra á jörðinni Hruna 16 kúa þunga, væntanlega af heyjum. Útigangur á vetur var í betra lagi, að sögn Jarðabókarinnar, en ekki er þar minnst á að kirkjan eigi Hrunaheiðar. Það var hins vegar sannfæring prestsins í Hruna, séra Jóns Steingrímssonar (prestur í Hruna 1818-1845), þegar hann var að lýsa Hruna- og Tungufellssóknum árið 1840. Hann komst svo að orði að afréttarlönd sóknarmanna væru almenningar „að fráteknum Hrunaheiðum, er liggja til Hrunastaðar“.¹⁰ Hrunaheiðar sagði hann að væru bak við Kaldbaksfjall og vestur að Litlu-Laxá en Heiðará skildi þær frá afréttinum.¹¹ Tilkall kirkjunnar til heiðanna var síðan áréttað 12. maí 1885 í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða, þ.e. Hruna ásamt hjáleigunum Skrautási og Ási, Kaldbaks, Klufita, Hrunakróks, Hildarsels, Berghyls, Þórarinsstaða og Reykjaldals. Undir lok bréfsins, eftir að nágrannabændur höfðu samþykkt það með undirskrift sinni, kemur þessi klausa:

1 Sigurjón Helgason, 1990: „Fornbýli við Hrunakrók og sögnin um Forn Hruna.“ *Árnesingur*. Rit I. Sögufélag Árnesinga. S. 35-36.

2 Sbr. Helgi Þorláksson 1998, s. 47.

3 „xtijger hundrada“. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 651.

4 Björn Lárusson 1967, s. 96.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 651.

6 Björn Lárusson 1967, s. 110. *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 257.

7 Skjal nr. 255 („Jarðamat í Hrunamannahreppi 1800-1803“).

8 *Jarðatal* 1847, s. 67. *Ný jarðabók* 1861, s. 22.

9 Helgi Þorláksson 1998, s. 68 (93. aftanmgr.).

10 *Árnessýsla. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðan Jónsson*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík, 1979. S. 125. Skjal nr. 254.

11 *Árnessýsla* 1979, s. 119.

En[n] fremur á Hrunakirkja Hrunaheiðar, sem liggja milli afréttar og heimalanda, austan frá StóruLaxá norður að Heiðaá og Melrakkaá í upptökum þeirra beggja, og vestur að Fossá fyrir vestan Laxárklettsmýrar, allt fram að Gráhól.¹

Því næst er tekið fram að kirkjan eigi þessa skóga: Þorsteinshöfða, Maríuhús í Tungufellslandi, Hellisskóga, Álftavelli og Knosa, Reykdæling og Lúciuhöfða, Kambinn og „kringumliggjan pláz“. Bréfinu lýkur á þeim orðum að kirkjan eigi beit um tiltekinn tíma í Hörgholtlandi og Þverspirmu. Undir þessar yfirlýsingar ritar presturinn einn, séra Steindór Briem. Landamerkjabréfinu var þinglýst að Gröf 10. júní 1885 en ekki kemur fram í heimildum hvort viðbætur prestsins hafi fylgt þar með.²

Þrátt fyrir þessa viðbót í landamerkjabréfinu um Hrunaheiðar er ekki að sjá að þær hafi verið skráðar sérstaklega í fasteignamatsbækur eins og þó eru dæmi um varðandi önnur heiðalönd (t.d. Tunguheiði í Biskupstungum) og ekki heldur í afsals- og veðmálábækur sýslumanns. Í fasteignamatsbók frá 1918 er þó komist svo að orði um Hruna undir liðnum ýmislegt:

Jörðinni fylgir mótak í Ásslandi og skógarítak í Tungufelli (til heimilisþarfa). Laug í Áss landi er heimilt að nota. Heiðarland fylgir, sem ekki er notað vegna erfiðleika.³

Hrunaheiðar eða „upprekstrarlands“ Hruna er einnig getið í athugasemdum í fasteignamatsbókum frá 1932 og 1942.⁴

6.5. Hrunakrókur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) kemur fram að Hrunakrókur hafi verið hjáleiga frá elstu manna minni og til þess Hekla gaus síðast 1693. Þar er Hrunakrókur talinn með eyðihjáleigum Hruna og sagt að hann hafi staðið „geysilángt norður í Hruna landareign“.⁵ Ekki er vitað hvernig Hruni eignaðist Hrunakrök. Ein tilgátan er sú að Hrunakrókur hafi verið eign Kaldbaks áður en Kaldbaksland var lagt til Hruna, sennilega um það leyti sem kirkja var þar stofnuð.⁶ Einnig kemur til greina að Hrunakrókur hafi komist undir Hruna þegar bóndinn í Hörgholti gaf staðnum Laxárgljúfur (sbr. kafla 6.4.). Jafnframt hefur verið vísað til þeirra munnmæla í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að í Hrunakróki hafi Hrunastaður fyrrum verið.⁷ Þessi munnmæli hafði Árni Magnússon vafalítið eftir séra Daða Halldórssyni en eftir honum skráði Árni m.a. eftirfarandi frásögn:

Eyðijarðir við fjallgarðinn fyrir norðan byggð, sem eldur úr Rauðukömbum í Eystra-Reppsafrétt er sagt að eytt hafi, eru þessar: Forni-Runi, er nú er kallaður Runa-Krókur, norðast, austur við Stóru-Laxá, af byggð liggjandi, og hefur síðan byggður verið allt til síðasta Heklu slags, er sagt tekið hafi nafn af gili eður gróf þeirri, er frá bæjarstæðinu liggur til landnorðurs, djúpt og þröngt, bæjarleiðarlengd.⁸

Í Jarðabók Árna og Páls er minnst á önnur munnmæli en samkvæmt þeim áttu Miðfell, Arnór-

1 Skjal nr. 86.

2 Skjal nr. 268.

3 Skjal nr. 251.

4 Skjöl nr. 272-275.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 259.

6 Helgi Þorláksson 1998, s. 50.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 255.

8 Árni Magnússon, 1955: „Chorographica Islandica.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta*, I.2. Reykjavík. S. 41.

staðir og Grímsstaðir báðir að hafa átt kirkjusókn til Hrunakróks.¹ Sú tilgáta hefur verið sett fram að í Hrunakróki hafi snemma risið kirkja sem hafi þjónað nærliggjandi byggð báðum megin Stóru-Laxár. Í þessu sambandi er bent á að Laxárdalur austan Stóru-Laxár hafi til skamms tíma átt kirkjusókn að Hruna og tilheyrt Hrunamannahreppi.² Hrunakrókur á þá að hafa lagst í eyði seint á 11. öld eða í byrjun 12. aldar, e.t.v. í Heklugosinu 1104, og ný kirkja reist á þeim stað þar sem bærinn Hruni stendur nú.³ Þetta er þó umdeild kenning.⁴ Hrunakróks er ekki getið í uppskrift máldaga frá tímum Odds biskups Einarssonar (1589-1630) og ekki heldur í jarðabókunum frá 1686 og 1695 enda ekki venja að tilgreina þar aðrar jarðir en lögbylí. Erfitt er því að segja til um hvenær sá hjáleigubúskapur hófst í Hrunakróki sem greint er frá í Jarðabók Árna og Páls.

Í vísitásiubók Finns Jónssonar og Hannesar Finnssonar 29. september 1756 er ekki minnst á Hrunakrök en býlið er nefnt í jarðamati sem gert var á árunum 1800-1803. Þar er Hrunakrókur sagður jörð frá Hruna og verðmæti bústofns ásamt útingangi 5 hndr. og 18 álnir.⁵ Hrunakrókur kemur einnig fyrir í lögfestu prestsins í Hruna frá 20. maí 1809. Þar stendur orðrétt:

Hér með lögfesti eg undirskrifadur Prófastur í Arnes-Sýsslu og Prestur að Hruna Jördina Hrunakrök liggjandi [i] Itre-Repp innann Arness Sýsslu, Hruna Kyrkiu tilheirandi með Túnnum sem Engium, Skógi sem Veidi, samt öllum Landsnytið til ytstu Landamerkia, sem adrar Jarðir éga á móti, sem og so miklum Heyskap fyrir austann Laxá hina meiri á Flóamanna afrétti sem Hrunakróks-ábúandi hef-
«ur» þrek til og áður hefur að fornu og niu og fyrir Manna Mynni þar tíðkadur verid frá [o]ftnefndum Hrunakrök. Fyrirbið eg hverium sem einum [o]ftnefnda Jörd Hrunakrök með öllum hennar hér tiltekn-
um Giædum að Nytká edur brúka, eða í nokkru sér hagníta, utann mitt Lof eður Leifi tilkomi, sem og réttann Hrunakróks Ábúanda í nokkru hindra í leifilegri Brúkun nokkra hér tiltekinna Jördunni tilheir-
andi Giæda.⁶

Um slægjuland það austan Laxár sem getið er um í lögfestunni voru þá deilur milli prestsins í Hruna annars vegar og Flóa- og Skeiðamanna hins vegar sem töldu slægjulandið vera í afrétti þeirra. Deilum þessum lauk með samkomulagi á þá leið að presturinn í Hruna afsalaði sér réttinum til að nýta slægjuland austan Laxár gegn bótum (kýreldi) frá Flóa- og Skeiðamönnum.⁷ Greiðsla fyrir slægjulandið hélst fram á 20. öld. Í úttekt Hrunaprestakalls 24. júní 1905, sem skráð er í vísitásiubók prófasta í Árnassýsslu, segir m.a. um hjáleiguna Hrunakrök: „Landskuldin af Hrunakrök, 40 álnir, er borguð af Skeiða- og Flóahreppum fyrir afnot af nokkru af Hrunakröksslandi sem afrétt (er það austan Laxár).“⁸

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Hrunakrókur sagður eign Hrunakirkju en um dýrleika er ekki getið. Samkvæmt Nýrri jarðabók frá miðri 19. öld var jörðin 7,9 hndr.⁹

Landamerki Hrunakróks er að finna á skjali með landamerkjum Hrunakirkjujarða (sjá kafla 6.4.), undirrituðu 12. maí 1885:

Að austan ræður Stóralaxá frá Þverármynni, norður þangað er Stiggil fellur í hana, þaðan bein lína vestur að Þverá, í Vörðu sem við hana stendur, að vestan Þverá niður í Stóralaxá.¹⁰

1 Jarðabók Árna og Páls 2, s. 249.

2 Sigurjón Helgason 1990, s. 38-39.

3 Sigurjón Helgason 1990, s. 39.

4 Sbr. Helgi Þorláksson 1998, s. 50-51.

5 Skjal nr. 255.

6 Skjal nr. 252 (5).

7 Skjal nr. 252 (5-13). Sbr. mál nr. 6/2000, k. 6.2.1.

8 Skjal nr. 251 (a).

9 Jarðatal 1847, s. 66. Ný jarðabók 1861, s. 22.

10 Skjal nr. 86.

Landamerkjabréfi Hrunajarða var þinglýst 10. júní 1885 að Gröf.¹

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið í Hrunakróki frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fór endanlega í eyði 1902.² Hrunakrökur komst síðar undir forræði ríkisins eftir að lög um laun sóknarpresta, nr. 46/1907, tóku gildi, sbr. einnig lög um sölu kirkjujarða, nr. 50/1907.³

Enda þótt jörðin væri komin í eyði var hún skráð í fasteignamatsbækur, síðast árið 1932. Í fasteignabókunum 1916 og 1922 var Hrunakrökur talinn 1200 kr. virði. Á sama tíma var Hruni metinn á 4200 kr. Í fasteignabókinni 1932 er þessi athugasemd neðanmáls um Hrunakrök: „Einnig notað af Skeiðahreppi og öllum Flóahreppum.“⁴ Í fasteignamatsbókinni 1942 er Hrunakröks að engu getið og ekki eftir það.

6.6. Kaldbakur

Í máldögum Hrunakirkju frá 14. öld kemur fram að kirkjan á staðnum átti þá Kaldbak „til forsia“, eins og komist er að orði (sjá kafla 6.4.). Jörðin var talin 20 hndr. árið 1686 en ekki nema 10 hndr. í jarðabók 1695.⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er dýrleikinn sagður óviss en landskuöldin (120 álnir) gæti bent til þess að jörðin hafi þá verið 20 hndr. Þar kemur fram að jörðin hafi spillst af völdum Hekluelda og var þá létt af henni þeirri kvöð, sem mannslán var, metið á 20 álnir. Á heyjum var hægt að fôðra 6 kúa þunga. Jörðin er sögð hagagóð á sumar og útigangsgóð á vetur og skógur „til stórrar hjálpar með heyi geldum nautpeningi til viðurlífis“. Land átti jörðin til Stóru-Laxár en að laxveiði varð ekki stórt gagn vegna gljúfra og stórgrýtis í ánni.⁶

Jörðin er ekki metin til dýrleika í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er hún reiknuð 19,8 hndr.⁷

Elsta heimild um landamerki Kaldbaks mun vera bréf frá 10. maí 1557. Þá var ekki við annað að styðjast um landamerkin en „flestra manna sogn“ og vildi staðarhaldari (beneficiarius) Hruna, séra Björn Ólafsson, taka af öll tvímæli með því að fá nafngreinda menn til að fara í áreið:

... og fyrer þann skulld at nuckur en mann giordi i millum nefndra iarda rugl það afladi til tvímæla. ridum vier til þeirra merkia sem flester baru æt æfinlega hefði halldin verit. fyrst i þann nupp er kalladr var Malstadanupur⁸ og þar hefði adur æfinlega halldin verit landamerki i mille greindra iarda Hordzholltz og Kalldbagkx framan under midium Malstadanup og sionlending austur i Laxaa. þadan og onur sionlending vestur i minne Laxaa. Sömmuleidis i millum Hrauna [Hruna] og Hordzholltz sem æfinlega hefði kallat og halldit verit i midium Skalanup og sionlending austur i Markartiorn. þadan og i storu Laxaa. En vestur ur midium skrifaudum Skalanup i Brenneklif og vestur i minne Laxaa i kelldufarit fyrer nedan Tinnuberg. þat adur hefði tvímæli all dri a leikit aa þessum nefndum landamerki um uppaa badar sidur. nema af adrskrifaudum einum manne er Stefan heiter. Syndizt oss þesse opptskrifaut landamerki uppaa badar sidur skiælleg [skjalleg] med sonum [sönnum] og hreinum sionlendingum uppaa allar sidur og æfinlega hier epter halldazt mega og skulu obrigdanlega.⁹

1 Skjal nr. 268.

2 *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 230. *Hrunamenn* 1999, s. 150-152.

3 Skjal nr. 249.

4 Skjal nr. 273.

5 Björn Lárússon 1967, s. 110.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 255-256.

7 *Ný jarðabók* 1861, s. 22.

8 Útgefandi Fornbréfasafns telur þetta afbókun á „Másstaðanúpur“ (*Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 836).

9 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 196-197.

Landamerkjalyfing þessi er skrifuð nánast óbreytt upp í áður nefndri vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1644. Í vísitásiubókinni kemur einnig fram að biskupinn bar þessa landamerkjalyfingu undir séra Daða Halldórsson í Hruna og játaði presturinn því að hún væri samhljóða hefðinni.

Landamerkjum Kaldbaks er lýst ásamt landamerkjum annarra Hrunakirkjujarða í bréfi sem undirritað var 12. maí 1885 (sbr. kafla 6.4.):

Að austan ræður mörkum Stóralaxá frá Vithalagilsmynni norður að Þverármynni, síðan Þverá upp fyrir Þverárgljúfur að Einbúa, þaðan bein lína vestur í Kluptaá og er í þeirri stefnu Varða á Vörðuhól framman á Borgardalsás; ræður svo Kluptaá niður í Litlulaxá fram á móts við Vörðu hæst uppá Skrautholta-hlíðinni ytri; þaðan bein lína til austurs í Stóralaxá við Vithalagilsmynni, en í þeirri stefnu eru Vörður framman á Máldagahnúk á Bangarholti, Smirilshamri og Markakistu, norðan á Árfellinu.¹

Kaldbakur komst undir forræði ríkisins eftir að lög um laun sóknarpresta tóku gildi 1907. Á Kaldbaki hefur verið stundaður búskapur frá miðöldum og á síðari árum með sérstöku byggingarbréfi landbúnaðarráðuneytisins. Af heimildum kemur einnig fram að jörðin hefur verið veðsett með veðleyfi frá ríkinu. Árið 2000 seldi landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, Ásgeiri Gestssyni „eignarluta ríkisins í jörðinni Kaldbaki“ eins og komist var að orði. Um landamerki jarðarinnar var vísað til landamerkjaskrár Árnessýslu.²

6.7. Klufftar (Klufftir)

Kluffta er ekki getið í máldaga Gísla Jónssonar um eignir Hrunakirkju frá um 1570. Í einu þeirra handrita sem útgefandi máldagans studdist við (JS 143, 4to) er þó komist svo að orði: „Klytta og ás heimaland og Berghyl til forræda.“³ Í þessu sambandi má geta þess að Hruni eignaðist Berghyl þegar árið 1488 þegar Árni Snæbjarnarson, prestur í Hruna, gaf kirkjunni á staðnum jörðina til heiðurs guði og nafngreindum dýrlingum hans.⁴ Jörðin Klufftar var skráð eign Hrunakirkju í jarðabók 1597.⁵ Samkvæmt jarðabók frá 1686 voru Klufftar 16 hndr. og 160 álnir að dýrleika en ekki nema 6 hndr. og 80 álnir árið 1695.⁶

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er dýrleikinn sagður óviss. Jörðin hafði þá enn ekki náð sér eftir þau áföll sem hún varð fyrir af völdum Hekluelda í lok 17. aldar. Landskuldinni var þó ekki breytt heldur var leigukúgildum fækkað úr fimm í fjögur. Tekið er fram að land jarðarinnar gangi til Litlu-Laxár en veiði hafi ekki verið til stórra gagnsmuna sökum stórgrýtis í ánni. Á heyjum var þá hægt að fœðra 5 kúa þunga og stórlega vetrarhart var á jörðinni að sögn Jarðabókarinnar.⁷

Í jarðarmati frá byrjun 19. aldar er ekki greint frá dýrleikanum en tekið fram að ekki þurfi að lækka jarðarmatið því að útigangur sé góður. Eigi að síður voru skriðuföll sögð spilla útlendi.⁸ Bústofn var þá metinn á 7 hndr. og 60 álnir en útigangur á 1 hndr. og 18 álnir.⁹

1 Skjal nr. 86.

2 Skjal nr. 248.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 650-651.

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 6. b. Reykjavík 1900-1904. S. 647-648.

5 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 86.

6 Björn Lárússon 1967, s. 110. Jörðin er þar nefnd Klufftir. Þannig er hún einnig skráð í veðbókaregistor og í greinargerð kirkjueignanefndar (sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 86).

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 256-257. Jörðin gekk á þessum tíma undir heitinu Klufftar en Árni Magnússon leiðrétti það í Klufftar. Í Gjörðabók fasteignamatsefndar í Árnessýslu (staðfest 20. mars 1916) er þessi athugasemd við nafnið Klufftar: „Svo nefnt í sveitinni. Ef til vill réttara að taka upp nafnið Klufftir, kvenkyns („Klufftar“ hafa flestir karlkyns). Viðbót: Jb. Á.M. hefir Klufftar eða Klufftar. Má það vel una við hið síðara“ (skjal nr. 251).

8 „Skredfald paa Udmarken.“

9 Skjal nr. 255.

Í Jarðatali Johnsens 1847 eru Kluftar ekki metnir til dýrleika en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var jörðin 17,8 hndr.

Landamerkjum Klufta er lýst í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885 (sbr. kafla 6.4.):

Að vestan ræður Litlalexá frá Kluptaármynni norður á móts við Vörðu á Moshól; úr þeirri Vörðu bein lína í Vörðu á Markhól, sem er fyrir norðan Launvatn að austanverðu; úr þeirri Vörðu bein lína í Kluptaá í Borgardalsgljúfri þaðan Kluptaá niður í Litlalexá.¹

Með vísan í lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, seldi ráðherra Íslands ábúandanum, Jóhanni Jónssyni, jörðina Klufta til eignar með öllum gögnum og gæðum án nokkurs álags. Þó var undanskilið „námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar, sem og vatnsafl alt og notkunaraðs-taða þess í landi jarðarinnar“. Samningi þessum var þinglýst 29. apríl 1919.²

Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins var jörðin framseld með hefðbundnum hætti og veðsett.³ Jóhann lét af búskap 1930 og árið 1954 fór jörðin í eyði. Árið 1957 seldi eigandi og síðasti ábúandi Klufta, Gestur Guðbrandsson, Hrunamannahreppi jörðina ásamt öllum gögnum og gæðum sem henni fylgdu.⁴

6.8. Tungufellstorfa, þ.e. Tungufell, Jaðar I (Hamarholt) og Jaðar II

Í máldaga sem talinn er vera frá 1331 segir að kirkjan í Tungufelli eigi svo mikið í heimalandi sem prestskyld heyrir til.⁵ Sama frásögn kemur fram í máldaga Vilkins Skálholtsbiskups frá 1397 og er endurtekin bæði í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 og vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1644.⁶ Í máldaga sem talinn er frá 1553 er því reyndar haldið fram að kirkjan eigi 40 hndr. í heimalandi en það fær varla staðist í ljósi annarra heimilda.⁷ Tekjur af eignarhlut kirkjunnar hefur átt að nægja til að greiða prests laun og má því ætla að hann hafi verið um 16 hndr. Ef tíundartekjur prestsins í Tungufelli, sem á þessum tíma voru um 40 álnir á ári, eru reiknaðar til frádráttar hafa 12-13 hndr. í heimalandi dugað kirkjunni. Heimildir frá 17. öld greina hins vegar frá því að kirkjan hafi átti 10 hndr. í heimalandi.⁸ Aðrar eignir kirkjunnar í lok 14. aldar voru tvær kýr, 21 ær og kirkjugripir.

Tungufell var talið 20 hndr. jörð í jarðabókunum 1686 og 1695 og einnig í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709). Að viðbættum kirkjuhlutanum, 10 hndr., var samanlagt verðmæti jarðarinnar 30 hndr. Kirkjan í Tungufelli var annexía frá Reykjadal og var embættað þar þriðja hvern sunnudag. Hún hefur því verið það sem kallað var „fjórðungskirkja“.⁹ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en samkvæmt Nýrri jarðabók sem staðfest var 1861 reiknaðist Tungufell 36,7 hndr. að dýrleika.¹⁰

Tungufell hefur að mörgu leyti verið góð bújörð ef dæma má af lýsingu hennar í Jarðabók Árna

1 Skjal nr. 86.

2 Skjal nr. 308. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 86.

3 Skjal nr. 285.

4 Skjal nr. 71.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 667.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 42. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 649. Skjal nr. 243.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 660.

8 Sjá t.d. vísitásiubók 9. maí 1670: „Hún á eftir máldögum so mikið í heimalandi sem prestskyld heyrir til. Hefur talað verið mundi vera x [hundruð]. Hvört satt er eða ekki kunna menn nú ei skýrlega að segja“ (skjal nr. 243 (2)). Hér ritað með nútímastafsetningu.

9 Björn Lárusson 1967, s. 111. *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 270.

10 *Jarðatal* 1847, s. 66. *Ný jarðabók* 1861, s. 22 (þar er hið forna mat Tungufells skráð 40 hndr).

og Páls. Á heyjum var hægt að fódra 8 kúa þunga. Útigangur var sagður „forgóður“ á vetur fyrir fé og jörðin hin hagabesta á sumar „og á land miklu meira en hún þyrfti“.¹ Áður en Hekla gaus var skógur meira en nógur fyrir jörðina og seldur til kolagjörðar og raftviðar „og reiknaður einn með bestu skógum“. Gnægð var af gráviði (humalviði) í landareigninni til drýginda við hey. Hruna- og Reykjadalaskirkjur áttu þá skógaritök í Tungufellslandi, Hrunakirkja þar sem heitir Maríuhrís og Þorsteinshöfði en Reykjadalaskirkja þar sem heitir Lúsiuhöfði.² María mey var einn af verndardýrtingum Hrunakirkju og er þaðan nafnið Maríuhrís komið. Lucíuhöfði var kenndur við heilaga Lucíu sem var heiðruð sérstaklega í Reykjadalaskirkju.³

Í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 13. ágúst 1644 er gerð grein fyrir eignum kirkjunnar og er þar m.a. vísað í fyrrnefndan máldaga Vilkins biskups frá 1397. Um frekari eignir kirkjunnar óskaði biskupinn eftir vitnisburði umboðsmanna hennar. Daginn eftir var tekin saman önnur greinargerð um eignir kirkjunnar og þar stóð m.a.:

Hún a effter Visitatiu bokenne afriett firer nordan Votn J mots vid Skalholt, Torffastadi og Haukadal jafnmiked allar Skogar tungu Vnder Blafelli og annan a Burfells halse heiði alla firer Sunnan gotur á mots vid Hola. Þetta allt effter nefndre visitatiu bók.⁴

Eignir þessar eru ekki skráðar í vísitásiubókum biskupanna Finns Jónssonar og Hannesar Finns-sonar (18. öld) og er svo að sjá sem þeir hafi borið brigður á tilkall Tungufellskirkju til afrettarins norðan vatna í Biskupstungnahreppi enda áttu þeir sem umboðsmenn Skálholtsstaðar þar hagsmuna að gæta.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er þessi frásögn um Jaðar:

Partur úr Tungufelli heima sem áður er skrifað og stendur samtýnis við heimajörðina. Biskupinn Mag. Brynjólfur Sveinsson bygði fyrstur þennan bæ fyrir 38 árum og ljet honum skifta úr jörðunni að töðum og engjum; hagar eru til fjelags.⁵

Hér er verið að vísa til þess að 23. nóvember 1669 keypti Brynjólfur biskup fjórðung kaupahlutans (þ.e. bóndahlutans) í Tungufelli og fékk að auki til forráða fjórðung úr kirkjuhlutanum. Slík skipting á kirkjuhluta var mjög óvenjuleg og virðist í fljótu bragði hafa verið erfið í framkvæmd. Í vísitásiu frá 9. maí 1670 er því þó lýst nákvæmlega hvernig þeir áttu að deila með sér ábyrgðinni á varðveislu kirkjunnar, bóndinn á jörðinni og Brynjólfur biskup.⁶ Jarðarpart þennan í Tungufelli gaf biskupinn síðan Sveini Torfásyni „í minningu föðurnafns síns“ og þar til forráð yfir fjórðungi kirkjueignarinnar sem var 2 ½ hndr. af 10 hndr. Þannig mun jörðin Jaðar hafa orðið til.⁷ Hún var 5 hndr. að dýrleika og leigukúgildi 3 ½ árið 1703.⁸

Í Jarðabók Árna og Páls er dýrleiki Jaðars ekki tíundaður sérstaklega en að öðru leyti virðist honum lýst sem sjálfstæðri jörð. Jaðars er þó ekki getið sem sjálfstæðrar jarðar hvorki í jarðabókinni 1686 né 1695. Í Jarðabók Árna og Páls kemur fram að Jaðar reiknaðist fjórðungur úr heima-

1 Jarðabók Árna og Páls 2, s. 271.

2 Í jarðabók Árna og Páls er ritað Reykjardalur. Einhver ágreiningur virðist hafa risið á 17. öld um það hvort Tungufell eða Hrunakirkja ætti Þorsteinshöfða, sbr. skjal nr. 247 (uppskrift af eignaskiptum á Tungufelli 9. maí 1670) og skjal nr. 243 (úr vísitásiu 9. maí 1670).

3 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 664, 666.

4 Skjal nr. 243.

5 Jarðabók Árna og Páls 2, s. 271.

6 Skjal nr. 243 (2).

7 Jarðabréf frá 16. og 17. öld. *Útdrættir*. Reykjavík 1993. S. 11-12.

8 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 365.

jörðinni Tungufelli en hún var metin ásamt Jaðri og Hamarsholti samtals 30 hndr. Hamarsholt var þá að sögn Jarðabókarinnar „gömul hjáleiga frá Tungufelli“ og taldist fjórðungur jarðarinnar að meðtöldum Jaðri. Þessi 30 hndr. skiptust þannig að 20 hndr. voru bóndaeign en 10 hndr. í heima-landi átti kirkjan. Í jarðamati frá byrjun 19. aldar er bústofn jarðarinnar ásamt útigangi metinn á 8 hndr. og 18 álnir.¹ Nafn jarðarinnar kemur hins vegar ekki fyrir í Jarðatali Johnsens og ekki heldur í Nýrri jarðabók frá miðri 19. öld en Hamarsholts er getið í þeim báðum. Í Jarðatali Johnsens er þessi athugasemd við Hamarsholt:

A.M. [Árni Magnússon] telur jörð þessa, með hér greindri lsk. [landskuld] og kúg. [kúgildum], og eins Jaðar (60 al. lsk., 3 kúg.), sem hjáleigur frá Tungufelli, samtals 30 h. að dýrleika en hvorki prestur né hreppstjóri geta Jaðars og prestur eingaungu Hamarsholts.²

Jaðar mun hafa legið undir Tungufelli um miðbik 19. aldar en árið 1860 hófst þar aftur búskapur og hefur haldist síðan.³

Skömmu áður en Brynjólfur biskups Sveinsson keypti áðurnefndan fjórðung í bóndahluta Tungufells, nánar tiltekið 10. maí 1669, gaf eigandi jarðarinnar, Ásmundur Guðnason, út svofellda lögfestu:

Eg Asmundur Guðnason laugfeste her i dag eign mina er Tungufell heiter liggjande i Hrunamanna Hrepp og i Sjálfrar sinnar kyrkiusökn, akra og tödur, eingjar og sköga, Hollt og haga, Votn og Veidestade, og allar þær landznýtiar er þui lande fylgia á og fylgt hefur ad fornu og nýu, til þessara effter-skrifadra Ummmerkia, er adrer menn eiga J möte mer, bæde ad ordfullu og lögmale rettu. Enn Ummerkin eru þesse. Huitä ad Vestann frä är mótunum, er dalsä og fossä i hana renna og allt nordur i Buudarä, Sidann rædur Buudarä og austur J Heidarä, Sidann ad nordann Úr Heidarä Siönhending og J fossär drög edur Upptök, Vestan og nordan Under laxär klett, Sidann rædur fossä ad austan og Sunnann allt á möts vid Raudär gil, er nordann Under Raudär klett liggur og Raudä Úr rennur [leiðr. i hdr. fyrir kemur], og rædur so Raudä allt J dalsä, og Úr þui rædur dalsä er rennur J Huitä J ärmótunum, fyrerbid eg hedanaf, huorium manne J ad Vinna edur ser ad nýta Jnnann þessara ädurskrifadra takmarka edur Ummmerkia, Vtann mitt se lof edur leife til, ad Vitne þinu Þordur Einarsson og Jön Þorláksson Var þesse lögfesta, Upplesenn ad Laxär Holts þinge þann 10 Maji 1669. ...⁴

Við eignaskipti jarðarinnar 9. maí 1670 lýsti Ásmundur landamerkjum jarðarinnar á þessa leið:

Ad Vestann rædur Hvitä frä Tungu spordunum og allt nordur i Budarä, siðann rædur Budarä austur effter i Heidarä, þadann siön hending suður effter i fossärdrög, edur Upptök, Vestann og norðann hallt Við Laxär klett, sidann rædur fossä merkium framm ä möts vid Rauðärgil, sidann rædur Raudä er rennur úr Rauðärgile nordann under Rauðärklett allt i dalsä, sidann rædur dalsä Vestur i Hvitä, Innann þessara landamerkia eignast Biskupen allann fjórðung allra landsgagna og gæda sem Jarðeigandi mä framast ad lögum hafa, brúka edur byggia mots vid þria hlute Asmundar.⁵

Í sóknalýsingum séra Jóns Steingrímssonar frá 1840 er einnig vikið að norðurmörkum jarðarinnar en þar segir um Búðará að hún skilji afrétt frá byggðarhögum en Heidará afrétt frá Hrunaheiðum.⁶

1 Skjal nr. 255.

2 *Jarðatal* 1847, s. 66.

3 Sbr. *Hrunamenn* 1999, s. 72.

4 AM 281 fól., s. 178. Sbr. skjal nr. 247 (2) (Lbs. 1090 4to, s. 711-712). Lögfestan er varðveitt í staðfestu afriti frá 30. maí 1675.

5 Skjal nr. 247 (3) (Lbs. 1088 4to, s. 532-533).

6 *Árnessýsla* 1979, s. 119, 121.

Þegar eignarskiptin voru um garð gengin lét biskupinn lögfesta sinn hluta eignarinnar með svofelldum orðum:

Eg Olafur Gíslason I fullnadar umbodi Biskupsens M. Bryniólfs Sveinssonar vottudu og handsóludu lögfesti her í dag að Tungufells kyrkiu Eignar Jórd hans allan fjördung úr Jórdunne Tungufelli J Runamanna Repp og sjalfrar sinnar kyrkiusökn, Tóduvóll og Eingiar effter því sem eignarskiffte eru þar ágeingenn, Item sköga alla að fjördunge skiffa og oskiffa, hollt og haga, vótn og veidestódur og allar Landsnytiar, sem þessari jórdu Tungufelle eiga og meiga framast að lögum fylgia, að fullum og óllum fjördunge til ytstu ummerkia möts við adrar jarðir. Lögfeste eg þessa Jórd Tungufells fjördung aldeilis Itakalaus, að undann teknum Runa kyrkju sköge I Þorsteinshöfða og Mariuhrise og Reykjadal kyrkju sköge i Luciu höfða og Hlidar hrise, óllu þessu til staddra, Vissra og tiltekinna Landamerkia. Enn Tungufell á þo land allt undir óllum þessum skoga Itókum. Fyrerbíð eg hvórium Manne i þessum lögfestum Tungufells fjördunge I að yrkia og vinna, yrkia og vinna að leyfa, eda lata að minna hlut og meira, utann Biskupsens sie lof og leyfe til, að vitne þinu Asmundur Gudnason og þinu Gissur Biarnason og allra þeirra erlegra manna er orð min heyra.¹

Þessi lögfesta var lesin upp að Tungufellskirkju 25. maí 1671 og undirrituð af tilkvöddum vottum. Ástæða er til að vekja athygli á því sem fram kemur í lögfestu biskups að fyrrnefnd skógaritök kirknanna í Hruna og Reykjadal voru í bóndahluta hennar, þ.e. þeim hluta jarðarinnar sem skipt var. Landamerkjabréf Tungufells, Jaðars og Hamarsholts var undirritað 3. júní 1885 og samþykkt af ábúanda jarðarinnar Hlíðar:

Að framan ræður Dalsá, þaðan er hún fellur í Hvítá, norður þangað, er Rauðá rennur í hana, þaðan bein stefna í Vörðu á Dagmálakletti, þaðan sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá, síðan Fossá í Vörðu í Fossárdrögum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu; síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará, og Búðará þar til hún fellur í Hvítá, og Hvítá niður að Dalsármynni.²

Í landamerkjabréfinu eru enn fremur ítrekuð fyrrnefnd skógaritök Hrunakirkju í Tungufellslandi. Bréfið var fært inn í þinglýsingarbók 10. júní sama ár.

Snemma á 20. öld voru vatnsréttindi Tungufells í Hvítá seld h/f Sleipni og eignaðist Ríkissjóður Íslands þau 1945.³

Árið 1912 var reist afréttargirðing á landi Tungufells og Jaðars og var greidd leiga fyrir afnot af því landi þessara jarða sem lá innan girðingar.⁴

Jarðirnar Tungufell, Jaðar og Hamarsholt mynduðu saman svonefnda Tungufellstorfu og virðist hún a.m.k. í byrjun 20. aldar hafa verið í eigu sama manns.⁵ Hamarsholt fór í eyði 1875 eftir að hafa verið í byggð nær samfelld frá 17. öld og ef til vill lengur.⁶ Í jarðamati frá 1916 er Hamarsholt talið með Jaðri en eigandinn var hinn sami og Tungufells.⁷

Árið 1935, 17. janúar, fóru fram skipti á jörðunum Tungufelli og Jaðri og var eyðibýlið Hamarsholt látið fylgja Jaðri.⁸ Af gögnum má ráða að báðum jörðum hafi fylgt óskipt hlutdeild í Gullfossi en þeirri eign verið afsalað til ríkissjóðs árið 1945.⁹ Sérstakt landamerkjabréf var gert árið 1953 um mörkin milli Tungufells og Jaðars og var því þinglýst 4. maí:

1 AM 279 fol., s. 340. Sbr. skjal nr. 247 (3) (Lbs. 1088 4to, s. 535).

2 Skjal nr. 23.

3 Skjal nr. 297.

4 Sbr. skjal nr. 259.

5 Sbr. skjal nr. 32.

6 *Göngur og réttir*. 2. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri. S. 141.

7 Skjal nr. 251.

8 Skjal nr. 43.

9 Sbr. skjöl nr. 36 (a), 39 (a) og 41.

Mörkin liggja frá Hvítá nokkru fyrir norðan Breiðuveitubakka, eftir girðingu, sem skilur túnin að Sléttatúnsbrún. Þaðan sjónhending að vörðu á Háöldu, og í vestasta gilið í Stóruþverbrekkum. Síðan eftir gilinu upp á brún, og þaðan beina línu á Halldórshamar. Frá Halldórshamri eftir gili, sem er norðan við Stóruskóga, að Dalsá. Dalsá er í mörkum frá gilinu í melhrygg, sem hún rennur í gegnum, milli Innri-Mýra og Melrakkatungna. Þaðan eru mörkin sjónhending í Melrakkaklif. Jaðar á landspildu norðan við Dalsá. Mörkin eru frá Kirkjuhyl upp brúnina austan við Bolateig, að beinni stefnu um Markhól á Strítás. Sú stefna ræður frá Bolateig að Kili. Svo liggja mörkin meðfram Kjölum, að vestan, að Dalsá neðan við Skógarvað.¹

Þetta sama ár, 2. maí 1953, afsalaði Guðni Jónsson, bóndi á Jaðri, syni sínum, Guðbergi Guðnasyni, hálfu eignarjörð sína ásamt vatnsréttindum, gögnum og gæðum sem þeim hluta fylgdu og með þeim landamerkjum sem tilgreind eru í afsalinu. Síðar sama ár fékkst nafntökuleyfi fyrir hinn selda jarðarhluta og nefndist hann eftir það Jaðar II.² Ný landamerkjalyásing milli Jaðars I og II var samþykkt 1. mars 1978. Þar kemur fram að Jaðar I var í landi eyðibýlisins Hamarsholts en Jaðar II var það land sem fylgdi Jaðri meðan Hamarsholt var í byggð.³

Árið 1978, 29. mars, afsalaði Guðbergur Guðnason til Hrunamannahrepps öllu landi Jaðars sem lá fyrir innan afréttargirðingu, að engu undanskildu. Var þá afréttargirðingin frá Dalsá að Hvítá mörkin milli afréttar Hrunamannahrepps og Jaðars.⁴

Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins 1885 hafa jarðir í Tungufellstorfu framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsettar.⁵ Þar hefur einnig farið fram búskapur og öll venjuleg landnýting sem honum fylgir.

6.9. Hrunamannaafréttur

Í Vilkinsmáldaga 1397 er þess getið um Hóla (þ.e. Hrepphóla) að jörðinni heyri til „alls fíar afriettur j Sandafell oc annar til þorarinsstada.“⁶ Þetta er síðan endurtekið í yngri máldögum kirkjunnar.⁷ Svipuð frásögn er í Jarðabók Árna og Páls 1709: „Afrjettir tvær á staðurinn, aðra fram úr eða norður úr Ytra Hrepp, þar sem Þorarinsstaðir eru kallaðir, en aðra í Eystrihreppsmanna afrjett, þar sem heitir Sandafell.“⁸ Að öðru leyti er ekki minnst á afréttareign hvernjar jarðar en í lok lýsingarinnar á hreppnum kemur þessi frásögn:

Þegar sleppur Tungufells land, kemur þar norðan fyrir Ytrahreppsmanna afrjett, sem allir hreppsmenn eigu frí, og gengur hann norður undir Blánýpu-jökul. Blánýpujökull er suðvestur hornið af Arnarfells jökli sem er býsna lánur í austur og vestur, og úr honum rennur jökulkvísl sú, er fellur ofan í Hvítá fyrir neðan Skagfirðinga vað, og litar Hvítá. Þennan Blánýpu jökul láta Eyfirðingar á hægri hönd, þá þeir ríða norður eftir.⁹

Nokkru eldri heimild er dómur sem kveðinn var upp á Lambey í Fljótshlíð 30. apríl 1627. Þar segir frá því að Vigfús nokkur Jónsson hafi kært Jón Jónsson, bónda í Rangárþingi, fyrir að hafa „ólöglega brúkað Ytrahrepps afrétt til rótagraptar, jarðarsæringar, troðnings og beitar“. Vigfús var

1 Skjal nr. 24. Engin dagsetning er á bréfinu en fram kemur að það var móttekið til þinglýsingar 4. maí 1953.

2 Skjöl nr. 39 (a), 292, 293.

3 Skjal nr. 294.

4 Skjöl nr. 44 og 291. Afsalinu var þinglýst 19. júní 1978, sbr. skjal nr. 39 (a).

5 Sbr. skjöl nr. 28-35, 36 (a-b), 39 (a-b) og 297.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 45.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 617. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 653.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 234.

9 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 274.

lögrettumaður í Árnesþingi og hafði skriflegt umboð frá bændum í sveitinni. Í lok apríl kvað Gísli lögmaður Hákonarson upp þann úrskurð að Jón bóndi skyldi greiða sekt fyrir áverka, rót og „landnám að auki“, samtals 34 aura.¹

Í lýsingu séra Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufellssóknum árið 1840 segir um afréttarlöndin að þau séu almenningar að fráteknum Hrunaheiðum er liggja til Hrunastaðar. Jafnframt skýrir hann svo frá að Jökulkvísl takmarki afréttinn að norðanverðu en Búðará aðskilji afrétt frá byggðarhögum. Bak við Kaldbaksfjall og vestur að Litlu-Laxá séu Hrunaheiðar sem Heiðará skilji frá afréttinum.²

Í fjárskilareglugerð fyrir hreppana milli Þjórásar og Hvítár sem öðlaðist gildi 1. september 1895 er afréttur Hrunamannahrepps skilgreindur sem svæðið milli Hvítár og Stóru-Laxár. Að öðru leyti fari mörk afréttanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju.³ Í landamerkjabréfi frá 18. apríl 1890 eru skilgreind austurmörk afréttarins á móts við Flóa- og Skeiðamannaafrétt. Bréfið er á þessa leið:

Landamerki milli afréttalanda Flóa og Skeiðaafretta, og á aðra hönd Hrunamanna afréttar, sem hjer segir: Laxá ræður frá byggð inni Laxárdrög, þaðan bein stefna í nyrðra Rjúpnafell, þaðan bein lína, í sömu stefnu allt inn að Jökli.⁴

Auk hreppsnefndar Hrunamannahrepps skrifuðu undir bréfið Jón Jónsson vegna Flóa- og Skeiðaafretta og Þ. Guðmundsson í umboði sýslunefndar Árnessýslu. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi að Stóranúpi 2. júní 1890.

Heildarlýsing á mörkum afréttarins er þó ekki eldri en frá 1978:

Að sunnan afréttargirðing frá Hvítá milli Yllagils og Þorsteinshöfða austur að Stóru-Laxá sunnan Laxárkletts. Að austan Stóra-Laxá frá byggð inn í Laxárdrög þaðan bein stefna, í nyrðra Rjúpnafell, þaðan bein lína, í sömu stefnu allt inn að Hofsjökli. Að norðan Hofsjökull. Að vestan Hvítá frá afréttargirðingu að Jökulfalli, síðan Jökulfall inn í Hofsjökul.

Land sem Jaðar átti á afréttinum ca. 1500 ha. keypti Hrunamannahreppur í mars 1978.

Tungufell á land á afréttinum. Mörkin á því landi eru þessi: Að sunnan afréttargirðing milli Dalsár og Fossár. Að austan Fossá í vörðu í Fossárdrögum þaðan sjónhending í vörðu framan við Stóraversöldu. Að norðan Melrakkaá. Að vestan Dalsá þar sem hún rennur í gegnum melhrygg milli Innri-Mýra og Melrakkatungna, þaðan eru mörkin sjónhending í Melrakkaklif.

Býli voru á afréttinum fyr á öldum, ekki er vitað hvernig það land komst í eigu Hrunamannahrepps en trúlega hefur Hreppurinn keypt landið af ábúendum.

Undir þessa lýsingu ritar oddviti Hrunamannahrepps, Daníel Guðmundsson.⁵

1 *Alþingisbækur Íslands*. 5. b. Reykjavík 1922, 1925-1932. S. 143-144. Skjal nr. 306. *Landnám* var sekt fyrir tjón eða ólögmeta nýtingu á fasteign. Samkvæmt norskum lögum skyldi landnámið renna til landeigandans en í Jónsbók er einnig gert ráð fyrir að leiguliða eða öðrum sem nýtti land í annars eigu sé bættur skaði á beit eða hefyng með landnámi (Ilb. 6., 16., 23., 32. k.). Fyrir óheimila beit í afrétti skyldi bætt með grasverði og landnámi til þeirra sem afréttinn áttu (Ilb. 46. k.). (Sbr. Páll Briem, 1899: „Ágangur búfjár.“ *Lögfræðingur. Tímarit um lögfræði, löggjafarmál og þjóðhagsfræði*. S. 66-67. Robberstad, Knut, 1981: „Landnám II.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*: 10. b. Kaupmannahöfn. D. 210-211. Jakob Benediktsson, 1981: „Landnám II.“ *Island*.“ Sama rit, d. 211-212. Ólafur Lárusson, 1980: „Enke. Island.“ Sama rit, 3. b. D. 685. Arup Seip, Didrik, 1980: „Böter. Norge.“ Sama rit, 2. b. D. 535-536).

2 *Árnessýsla* 1979, s. 119, 121.

3 Skjal nr. 240 (4).

4 Skjal nr. 300.

5 Skjal nr. 104. Sbr. *Göngur og réttir* 2, s. 136.

Að lokum skal hér vitnað til þess sem segir um Hrunamannaafrétt í fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna:

Afréttur Hrunamannahrepps er að vestan milli Jökulfalls og Hvítar í Hofsjökul og úr jöklinum bein lína um Eystra-Rjúpnafell í Laxárdrog og ræður svo Stóra-Laxá austurmörkum.¹

Heimildir benda til að byggð hafi verið að fornu á afréttinum. Í Jarðabók Árna og Páls eru talin upp nöfn um 14 bæja sem eiga að hafa verið í byggð á afréttinum fyrir á öldum. Árni Magnússon hafði það eftir heimildarmönnum að Tungufell hefði fyrrum verið í miðri sveit.² Í lok 19. aldar athuguðu nokkrir áhugamenn um fornleifar rústir þessar og skrifuðu um rannsóknir sínar en frásögn Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi er þeirra merkust að sögn Kristjáns Eldjárns. Brynjúlfur fann ekki nema fimm bæjarrústir eða leifar þeirra og vísbendingar um tvær til viðbótar.³ Fjórar þeirra hafa orðið eyðingaröflunum að bráð svo að ekki er lengur unnt að athuga þær nánar eins og þó hefði verið þörf á að gera því að fyrri rannsóknir þykja nú um margt ófullnægjandi. Engu að síður taldi Kristján Eldjárn niðurstöður Brynjúlfs trúverðugar, ekki síst fyrir þá sök að hann skyldi bera brögður á gömul munnmæli en slíkt hefði Brynjúlfur ekki gert fyrr en í fulla hnefana. Sjálfur kannaði Kristján Eldjárn fimmtu og efstu bæjarrústina þar sem bærinn Þórarinsstaðir á að hafa staðið. Hann sá þar fyrir sér meðalstórt býli með svefnskála fyrir 12 manns, fjós fyrir 14 nautgripi og fjárhús sem hefur tekið um 150 fjár. Hann gat sér til um að byggð á afréttinum hefði aðeins staðið yfir í stuttan tíma og benti á fyrrnefnda frásögn Vilkinsmáldaga frá 1397 um að Hólakirkja ætti afrétt til Þórarinsstaða.⁴ Bærinn hljóti því að hafa farið í eyði fyrir þann tíma, trúlegast eftir Heklugosið um 1300.⁵

Eftir að þessi rannsókn Kristjáns Eldjárns fór fram voru athugaðar rústir á svokölluðum Bug við Hvítá undir Bláfelli á Hrunamannaafrétti og benda þær einnig til að þar hafi verið stundaður búskapur fyrir á öldum.⁶

Aðra heimild og mun yngri um búsetu á afréttinum er að finna í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns:

Budarár-tunga heitir syðsti jaðar af Ytra Hreppsmannaafrijet, þar bygði býli fyrir nærri 50 árum einn fjörgamall maður, sem alla hans daga hafði af nýungagirni skrölt frá einni jörð til annarrar, og búið á 27 jörðum, og setti þetta býli þar í ópakklæti, eða, sem nokkrir ætla, með leyfi nokkurra hreppstjóra, og bjó þar hjer um 4 ár. ... Heyskapur var enginn, nema það hann sló blettum saman í afrijetinni, en peningurinn lifði á gráviði mestan part.⁷

Síðan segir að hann hafi að fjórum árum liðnum lagt þetta býli í eyði, flutt sig yfir um ána og reist þar annan bæ sem hann kallaði Búðarárbakka. Þar bjó hann í 9 eða 10 ár, í fyrstu afgiftarfrí, en síðustu árin greiddi hann 20 álnir í landskuld.

Í lok 19. aldar var farið að gefa út reglugerðir um venjubundna nýtingu afréttanna, svonefndar fjárskila- eða fjallskilareglugerðir. Frá 20. öld eru til nákvæmar lýsingar á upprekstri og smölnun afrétta og er hér við þær stuðst.

Leitir Hrunamanna skiptust í norðurleit og suðurleit sem var aðalleitin. Lagt var í norðurleit

1 Skjal nr. 240 (14).

2 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 274-276.

3 *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1896. S. 3-11.

4 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 45.

5 Kristján Eldjárn, 1948: *Gengið á reka. Tólf fornleifaþættir*. Bókautgáfan Norðri. S. 107-121 (skjal nr. 110).

6 Sveinbjörn Rafnsson, 1977: „Sámsstaðir í Þjórsárdal.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1976. S. 110-111.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 273.

miðvikudaginn í 21. viku sumars og komið á þriðja degi í Gránunes á afrétti Biskupstungnamanna. Þar var smalað með mönnum úr Svinavatnshreppi í Húnavatnssýslu og ráku Hreppamenn fé sitt venjulega sama kvöld austur yfir Jökulkvísl. Í norðurleitum var Jökulkrókurinn smalaður, milli Kerlingarfjalla og Blágnípujökuls, og Hveradalir og einnig svæðið frá Jökulkvíslinni austur að Kerlingarfjöllum.

Suðurleitin hófst föstudaginn í sömu viku og tekinn náttstaður á Geldingatanga við Stóru-Laxá sunnan undir Geldingafelli og skipað í leitir. Árleitin lá vestan við Stóru-Laxá til upptaka hennar, þaðan um Tvískildingsöldu og austur fyrir Grænavatn, sitt hvoru megin Vestra-Rjúpnafells og niður með Fúlá í Leppistungur. Vestur af Árleit voru Grjótaleitirnar. Þar var fremst Hestaver við Stóru-Laxá en austast Digraalda. Í Kvíslarleit var farið sitt hvoru megin við Sælingsdalskvíslina, síðan tók við Geldingafell, Illaver og Illaversalda og farið alla leið inn að Fúlá. Við lok leitar á afréttinum komu allir fjallmenn saman í Svinárnesi og síðan var safnið rekið til byggða. Hafði þá smölun staðið yfir í sex daga.¹

Árið 1917 seldi hreppurinn Gesti Einarssyni á Hæli öll réttindi til vatns og vatnsafls í Hvítá og þeim ám sem renna í hana á afrétti Hrunamannahrepps.² Við þinglýsingu árið eftir var gerð sú athugasemd að af afsals- og veðmálabókum á skrifstofu sýslunnar væri ekki séð að seljandi hefði þinglýsta eignarheimild fyrir því sem selt var.³

Landsstjórnin gerði fyrirvara um sölu þessara og fleiri vatnsréttinda 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

Fossnefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sju ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmeta, sem hreppsþjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárhöfn.⁴

Annað dæmi um fyrirvara þinglýsingaryfirvalda er við samning sem Hrunamannahreppur gerði 21. október 1965 við Fannborg hf. til viðbótar við samning frá 28. júlí 1964 um leigu á landi í Kerlingarfjöllum undir skíðaskála og „aðrar nauðsynlegar byggingar honum viðkomandi“. Hann er svohljóðandi: „Samkv. afsals- og veðmálabókum Árnessýslu verður eigi séð að leigusali hafi þinglesna eignarheimild að hinum leigðu réttindum.“⁵ Annar samningur var gerður milli þessara aðila 20. maí 1973. Þegar hann kom til þinglýsingar, bætti fulltrúi sýslumanns þessari athugasemd við: „Hrunamannahrepp brestur þinglýsta eignarheimild að réttindum þeim er samningur þessi tekur til.“⁶

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Almenn atriði

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að fljótlega eftir að menn komu til landsins hafi komist á hið venjulega landnámsfyrirkomulag germanskra þjóða, að nema land annars vegar til eignar og

1 *Göngur og réttir* 2. b., s. 144-152.

2 Skjöl nr. 108 og 299. Sbr. Sigurður Ragnarsson, 1977: „Fossakaup og framkvæmdaform. Þættir úr sögu fossamálsins. Síðari hluti.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 204.

3 Skjal nr. 227.

4 Skjal nr. 327.

5 Skjal nr. 18.

6 Skjal nr. 19.

hins vegar til afnota. Heimildir eins og landnámabækur, Íslendingasögur, fornminjar og búsetusaga segi okkur nútímamönnum að í aðaldráttum hafi byggð haldist á þeim svæðum sem numin hafi verið til eignar. Á svæðum utan og ofan byggða hafi afmarkað land ýmist verið tekið afnotatöku, eins eða fleiri jarðeigenda (afréttir) eða afnot öllum fjórðungsmönnum jafnheimil (almenningar). Um afnot afrétta tveggja eða fleiri aðila og svo um afnot fjórðungsmanna að almenningum hafi fljótlega verið settar lagareglur og þær sem lögfestar hafi verið með Jónsbók 1281 hafi haldist fram á 20. öldina.

Hvorki sé talið að afréttareigandi hafi getað gefið eða selt einkaafrétt frá jörð sinni né að jarðeigandi hafi getað selt eða gefið sinn hlut í sameignarafrétti nema láta um leið af hendi jörð sína og bústofn að mestu leyti því að afréttur eða hlutdeild í sameignarafrétti hafi fylgt jörðum. Kirkjur hafi því getað eignast hlut í afrétti ef hann fylgdi heimalandi því sem þeim var gefið. Sama hafi gilt um klaustur að þessu leyti.

Ráða megi af máldögum að gögn og gæði lands hafi einungis fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum löndum þeirra og því aðeins að öll heimajörðin væri eign þeirra. Þessi regla að gögn og gæði fylgi aðeins heimajörð kirkju sé ein helsta skýringin á því að stór afréttarlandsvæði hafi smátt og smátt tekið að safnast að kirkjujörðum en ekki öðrum jörðum. Síðan hafi þessir afréttir oft og tíðum verið innlimaðir í merkjalýsingar, bæði í máldögum og landamerkjabréfum. Þetta sé helsta skýringin á því að í flestum tilvikum séu það kirkjujarðir sem telja til mikilla landsvæða í óbyggðum.

Þá hafi sagnfræðingar sett fram aðra skýringu á afréttareign kirkjujarða sem sé sú að á grundvelli máldaga hafi kirkjujarðir ranglega eignað sér heilu afréttina þegar þeir einungis áttu tiltekna hluta í sameignarafrétti. Þetta hafi gerst með þeim hætti að kirkju hafi verið gefin jörð ásamt þeim afréttarrétti, sem henni fylgdi. Þessi afréttareign kirkjunnar hafi svo verið skráð í máldaga og mörkum afréttarins lýst. Eftir samdrátt í búsetu, eins og t.d. varð á 15. öld vegna mannfalls af völdum svarta dauða, hafi máldagar um eign kirkju á nánar tilgreindu afréttarlandi verið lagðir fram er menn vildu taka að nýta þá að nýju en jarðeigendur hafi enga hliðstæða skriflega sönnun haft fyrir rétti sínum. Þeir hafi því farið halloka fyrir kirkjuvaldinu og greitt afréttartolla til kirkjunnar til þess að fá heimild til nýtingar. Á annan hvorn framangreindan hátt sé talið að flestir afréttir í Húnavatnssýslu og víðar hafi skilist frá jörðum og orðið kirkjueign. Löngu síðar, aðallega á 19. og 20. öld eftir að stétt sjálfseignarbænda reis upp að nýju í landinu, hafi viðkomandi sveitarfélög keypt þessa afrétti.

Lönd hafi gengið kaupum og sölum á öllum tímum Íslandssögunnar og það hafi alltaf verið viðurkennd regla að sá sem afsali landi geti ekki veitt viðsemjanda sínum betri rétt en hann sjálfur átti. Sé venjulegu afréttarlandi afsalað verði það ekki að afrétti með beinum eignarrétti í höndum viðsemjandans.

Að því viðbættu hvað skýrar línur um inntak eignarréttar að landi skipti miklu vegna ýmissa lagaákvæða sem snerta fasteignir megi benda á að aukin og breytt nýting á landi utan eignarlanda kalli á að ljóst sé hver sé bær til að taka ákvarðanir vegna þess. Sem dæmi um þetta megi nefna fjölda ferðamanna sem sækir heim óbyggðir og sívaxandi eftirspurn eftir því að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Í nútímanum felist í óbyggðunum miklu meiri verðmæti en áður hafi verið þegar þau hafi einskorðast við ávexti jarðar og veiði.

Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunn-eignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendur. Það hafi hins vegar aldrei verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna í dómsmálum svo öll þau mörk séu óákveðin en þess sé að vænta að þau verði öll ákveðin af óbyggðanefnd innan nokkurra ára. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms, en aldrei verið skilgreind.

Við skilgreiningu þjóðlendulínu í Hrunamannahreppi sé að meginstefnu til byggt á hæðarlínunum og talið að þannig sé hægt að greina heimalönd frá sumarbeitilöndum. Sunnan þjóðlendulínu séu

eignarlönd sem numin hafi verið til eignar en ofan og norðan þjóðlendulínu séu landsvæði sem líklega hafa verið numin í öndverðu neðan til og aðallega við Hvítá þar sem lágrent er en annað land norðar hafi ekki verið numið. Því sé haldið fram að norðan þjóðlendulínu hafi beinn eignarréttur fallið niður á hinum numdu svæðum, en afnotaréttur ákveðinna aðila staðið eftir.

Nám hafi verið sá háttur sem hafður hafi verið á frumstofnun eignarréttar að landi hérlandis og meðal annarra germanskra þjóða. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenskrri lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur séreignarréttur.

Benda megi á nokkur ákvæði í fornlögum okkar sem skýri að strax í upphafi byggðar hafi verið mikill eðlismunur á jörðum og öðrum lendum. Engar nýtingarreglur hafi verið í lögum um jarðir. Eigandinn hafi ráðið hvenær og hvernig hann beitti landið, hvenær eða hvort hann sló tún eða engi. Hins vegar hafi bæði í Grágás og Jónsbók verið mörg og ítarleg ákvæði um hvernig nýta hafi mátt afrétti og almenninga. Til dæmis hafi ekki mátt slá gras í afréttum né reisa þar sel. Hins vegar hafi mátt reisa sel í almenningum. Um báðar þessar landgerðir hafi svo verið ýmsar reglur um hvernig og á hvaða tímum hafi mátt beita þar fê.

Í kristinna laga þætti Grágásar hafi verið mismunandi reglur um líkflutningaskyldu eftir því hvort um hafi verið að ræða jörð manns, afrétt, almenning eða háfjöll og öræfi. Í þessu tilliti hafi jörð manns verið í sérstökum flokki öndverðum við hinar þrjár landgerðirnar.

Ákvæði Jónsbókar um lögfestur hafi sumpart verið til að skera úr um hvort land væri eignarland, afréttur eða almenningur.

Í nýbýlatilskipun 1776 hafi konungur talið sig geta ráðskast með eigendalausar eyðijarðir enda hafi þær verið flokkaðar sem almenningar í tilskipuninni. Sömuleiðis hafi konungur getað ráðskast með afrétti og almenninga en aldrei jarðeignir einstaklinga og hafi þó stjórnarskrárákvæðið um friðhelgi eignarréttar ekki verið komið til sögunnar.

Í þessu sambandi megi benda á umfjöllun í síðari dómi Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þar segi að telja verði að handhafar ríkisvalds, sem til þess séu bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess sem um ræði. Þetta sé niðurstaða Hæstaréttar eftir að rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að enginn ætti þrætulandið. Það væri eigendalaust með öllu. Þetta sé eitt skýrasta dómafordæmið um að afréttarland geti ekki verið eign í skilningi laga en hægt sé að eiga tiltekinn rétt til landsins. Sé þetta reglan um önnur þau lönd, sem nú kallist þjóðlendar, þá hafi ekki verið hægt að hefða rétt til slíks lands þar sem samkvæmt hefðarlögum sé einungis hægt að hefða fasteign er geti verið eign einstakra manna.

Til viðbótar við ofangreinda umfjöllun sé á því byggt að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd í þjóðlendu á nýtingu þeirra. Eignarlönd séu nýtt allt árið til búrekstrar en afréttir til sumarbeitar. Um nýtingu megi oft fá talsverðar upplýsingar í skrifuðum heimildum. Allt frá Jónsbók hafi verið í gildi þau lagaákvæði að eigandi smali sitt land en allt annað land sé smalað sameiginlega af fjallskilastjórn.

Því er haldið fram að afar ólíklegt sé að landnám hafi náð eins langt og Einar Arnórsson telji og er þar vitnað til bókar Einars Árneshöfða á landnáms og söguöld. Lýsingin í Landnámu gefi ekkert tilefni til svo víðtækrar ályktunar og ekki ástæða til að ætla að landnámsmörk séu þarna á öðrum stað en annars staðar á landinu. Allar heimildir um 400 landnám hérlandis og búsetusaga landsins bendi ekki til annars en að aðeins þau landsvæði sem byggð festist á hafi verið numin í öndverðu. Þegar í Landnámu segi að Hrunamannahreppur hafi verið numinn svo vítt sem vötn deili sé auðvitað ekki átt við það landsvæði sem í dag heiti Hrunamannahreppur. Á ritunartíma Landnámu hafi

„hreppur“ fyrst og fremst verið framfærslueining, ákveðið, afmarkað landsvæði sem byggð hafi verið á, en ekki óbyggðir. Samkvæmt þessum skilningi nái landnámið að sjálfsögðu ekki til austurhluta Langjökuls, Kjalhrauns og Kerlingarfjalla heldur líklega miklu skemur. Austur- og vesturmörk séu skýr.

Af dómafordæmum Hæstaréttar verði að ráða þá reglu að sé deilt um upphaflegt nám lands verði aðeins stuðst við glöggar landfræðilegar heimildir. Til að skýra þetta frekar er bent á H 1960 726 (Skeljabrekka), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1161 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá), H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1999 368 (Víðihólar).

Ætla megi að þegar feðgarnir Þorbrandur og Ásbrandur hafi komið yfir Hvítá til landnáms hafi verið komnar í gildi þær landnámsreglur sem takmarkað hafi hve vítt mátti nema. Útilokað sé að þeir hafi kveikt elda eða teymt kvígu á einum degi umhverfis þá víðáttu sem landflæmið upp að Kerlingarfjöllum, Kjalhrauni allt til austurhlíða Langjökuls sé og neðan úr efri hluta Hrunamanna-hrepps.

Því er haldið fram að allur beinn eignarréttur norðan Þjóðlendulínu í hreppnum grundvallaður á námi hafi fallið niður af einhverjum ástæðum og ekki framselst.

Mjög líklegt sé að hér á landi hafi sú regla verið talin gilda að einstaklingum hafi í einhverjum mæli verið heimilt að setjast að í sameiginlegu landi og ryðja það til ræktunar, a.m.k. fram að Jónsbók, en þá hafi verið lögfest ákvæði sem bannaði slíkt. Ekki sé ólíklegt að eitthvað hafi gætt slíkrar óheimillar töku, sem hafi verið liðin eftir lögtöku hennar á sama hátt og öllum lagabókstaf hafi ekki alltaf verið fylgt eftir, eins og einnig sé þekkt á okkar tíma.

Sumir þeir fræðimenn, er ritað hafi um beinan og óbeinan eignarrétt hafi litið svo á, að þessi réttindi væru óbreytanleg. Hafi stofnast til beins eignarréttar að landi geti síðari eigandi ekki staðið uppi með óbein eignarréttindi ein, svo sem beitarrétt. Krafa um beinan eignarrétt að hálendinu norðan Þjóðlendulínu í hreppnum hljóti að byggjast á slíkum sjónarmiðum.

Íslenska ríkið haldi fram öndverðri skoðun. Á 17. og 18. öld hafi þótt sýnt að á stórum hlutum landsins hafi byggðir lagst af og líklegt að enginn gæti rakið heimildir til eiganda. Auk þessa hafi mikið af afréttarlöndum og almenningum verið sémilega fallið til búskapar en að gildandi rétti samkvæmt Jónsbók hafi enginn haft heimild til landnáms eða eignartöku lands undir býli. Á grundvelli þess sjónarmiðs að konungur hefði í krafti einveldis síns eða eignarráða heimild til að ráðstafa slíkum eigandalausum svæðum undir býli í því skyni að auka byggð í landinu hafi nýbýlatilskipun konungs verið sett og birt árið 1776.

Ekki skuli sagt hvort þetta vald hafi byggst á því að konungur ætti allt land sem enginn annar gat sannað eignarrétt sinn til eða hvort í konungsvaldinu fælist að minnsta kosti vald til að ráðstafa slíkum löndum en benda megi á að á einveldistíma hafi orð konungs verið lög og tilskipanir konungs haft lagagildi. Á meðan konungur var einvaldur og fór þannig bæði með framkvæmdar- og löggjafarvald hafi hann getað breytt afréttareign í eignarland en til þess hafi þurft lagabreytingu. Þannig þurfi að kanna í hverju tilfelli hvort fyrirmæli um sölu jarðar eða jarða hafi verið lagaboð eða einungis fyrirmæli framkvæmdarvaldshafa.

Nýlegt og glöggt dómsdæmi, H 1994 2227 (Geitland), sé um að beinn eignarréttur falli niður. Einnig megi nefna Landsyfirréttardóm 21. júlí 1873 (Vilborgarkot).

Engin gögn hafi verið færð fram því til stuðnings að eyðijarðirnar norðan Þjóðlendulínu ríkisins á Hrunamannaafreitti hafi verið undirorpnar beinum eignarrétti og því síður hafi verið lögð fram gögn um hvernig slík lönd hafi getað framselst til afréttarhafa með fullum eignarréttindum. Hafi þessi réttur stofnast, þá sé hann fallinn niður.

Sammerkt sé öllu því landi, sem skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins sé innan Þjóðlendumarka, að þar sé um að ræða landsvæði sem séu annaðhvort ógróin eða vaxin heiðargróðri. Þetta séu miklar hálendisvíðáttur og háfjöll allt til jökla.

Ráða megi þá reglu af heimildum um landnám og því sem þekkt sé um nýtinguna sem fylgt hafi í kjölfarið að hálandi, fjöll og öræfi hafi ekki verið numin til eignar og því hafi dómstólar gert ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðhátta, víðáttu og gróðurfars, sbr. H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá). Í þessu sambandi skipti hæðarlínur miklu máli enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Íslenska ríkið telji að af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum. Litið sé til þeirra við kröfugerð í aðalkröfu. Í varakröfunni sé hins vegar tekið mið af því en farið eftir augljósum kennileitum í landslagi.

Það sé þó talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna að raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinna jarðar eða önnur atriði hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna. Um þetta megi vísa til H 1981 182 (Mývatnsbotn).

Aðra reglu megi einnig leiða af dómum Hæstaréttar, þ.e. að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Í því sambandi sé vísað til H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1980 1225 (Sandfellshagi), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Til þess að greina á milli eignarlanda og þjóðlendna skipti miklu máli að átta sig á nýtingu lands. Því þurfi að skoða hvernig nýtingu þrætulands sé háttáð. Allt frá lokum landnámsaldar og fram að 21. öldinni hafi þeir sem með löggjafarvald hafa farið sett ýmsar reglur um nýtingu þeirra landsvæða sem nú heiti þjóðlendur. Um nýtingu eignarlanda hafi hins vegar ekki verið settar nýtingarreglur nema þær sem teljist til grenndarréttar. Eitt meginatriði skilji á milli eignarlanda og þjóðlendna en það sé að allt frá Jónsbókartíma hafi eigandi átt að smala eignarland sitt en þjóðlendna, sem svo heitir nú, hafi verið smöluð sameiginlega af fjallskilastjórn.

Benda megi á fjölmarga dóma Hæstaréttar þar sem litið hafi verið til þessara atriða við úrlausn um ágreining um eignarhald að landi. Þar sé um að ræða H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Samkvæmt kröfulýsingu íslenska ríkisins liggja þjóðlendumörk í gegnum landsvæði nokkurra fjallajarða í hreppnum eins og þeim sé lýst í þinglýstum landamerkjabréfum. Rökin á bak við kröfulýsinguna séu þau sömu og áður hafi verið reifuð. Land sunnan kröfulínu telji íslenska ríkið vera heimalönd jarðanna sem hafi verið numin í öndverðu en land ofan og norðan kröfulínu telji íslenska ríkið vera þjóðlendu sem tekin hafi verið afnotatöku og síðan innlimað í yfirráðasvæði jarðanna með landamerkjabréfum. Þeir hlutar jarðanna, sem liggja norðan og ofan kröfulínu, séu að áliti ríkisins ekki taldir geta verið í heilsársnotum og því sé um afrétti að ræða og þá einkaafrétti því aðrir virðist ekki gera kröfur til landanna.

Heimaland, í þeim skilningi sem ríkið leggi í það, sé ekki bara land, hús, girðingar, skurðir o.fl. heldur einnig engi og úthagar. Allt land, sem nauðsynlegt sé til búrekstrar á ársgrundvelli, sé talið fylgja jörðinni og undirorpið beinum eignarrétti. Annað land, sem liggja fjær eða ofar og e.t.v. eingöngu í sumarnotum og ekki fallið til ræktunar eða mannvirkjagerðar, sé talið hafa verið utan náms og ekki undirorpið beinum eignarrétti vegna mannanna verka. Væri land jarðar allt heimaland væri engin þörf á að nefna heimaland, nægilegt væri að tala um land jarðarinnar eða jörðina sjálfa.

Hugtakið heimaland hafi ekki haft neina skilgreiningu í lögum. Þó hafi orðið heimaland strax í Jónsbók verið notað í öndverðri merkingu við úthaga sem notaðir hafi verið til sumarbeitar. Benda megi í þessu sambandi á Jónsbók Llb. 53 „Um afréttarfé, ef þat gengr í heimaland“. Orðið heimaland sé notað í máldögum kirkna frá fyrstu tíð og án skilgreiningar. Í lögum um afréttamálefni,

fjallskil o.fl. hafi verið lagaákvæði um heimalönd án skilgreiningar. Í þessu sambandi megi benda á lög nr. 6/1986. Í 3. gr. l. mgr. laganna segi þetta: „Í fjallskilasamþykkt, er héraðsnefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitslanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta“. Einnig er vísað til 1. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941. Landskiptagerðir vegi þungt um mörk heimalanda.

Í nokkrum dómum Hæstaréttar sé vikið að hugtakinu heimaland. Í því sambandi sé vísað til H 1976 55 (Arnarvatnsheiði), H 1980 1225 (Sandfellshagi), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Um þessa dóma sé það að segja að glöggt komi fram í dómunum varðandi Kalmanstungu og Sandfellshaga í Öxarfirði að innan landamerkjalyðingar jarðar sé tvenns konar land, heimaland, sem sé í heilsársnotum, og síðan afréttarland, sem sé í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjallajarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda ná til alls heimalandsins.

Því er haldið fram með tilvísun í ofangreint að kröfulínu um þjóðlendumörk í gegnum nokkrar fjallajarðir í Hrunamannahreppi skuli taka til greina þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tilteknar heimildir, mörk heimalanda jarðanna við óbyggðir. Landamerkjabréf jarðanna hafi ekkert um þetta að segja enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk, jafnvel þótt þinglýst séu.

Landamerkjabréf sé ekkert annað en yfirlýsing um yfirráðasvæði á sama hátt og landamæri ríkja, sveitarfélaga og stjórnsýsluumdæma sýslumanna. Þar sem landamörk eignarlanda liggja saman sé landamerkjabréf samningur milli aðila um þessi mörk eignarjarða innbyrðis eftir að réttir eigendur eða umboðsmenn hafi ritað undir bréfið samþykki sitt við lýsingu. Í landamerkjabréfi felist á engan hátt að allt land innan merkja skuli vera óskorað eignarland. Almennar sönnunarreglur ráði að sjálfsögðu hér eins og annars staðar. Fyrst og fremst skilgreini landamerkjabréfið takmörk nýtingarréttar að landi. Á það megi benda í þessu sambandi að landamerkjabréf séu jafnt til fyrir jarðir sem afrétti sem séu innan þjóðlendu.

Af ákvæðum landamerkjagalaganna frá 17. mars 1882 megi ráða að landamerkjabréfið sé í eðli sínu samningur milli jarðeigenda og næðist ekki sátt um landamerkin skyldi landamerkjadómur skera úr.

Samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis þá sem séu aðilar að samkomulaginu og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felist. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjallajarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882 og það hafi ekki verið fyrr en 116 árum síðar að slíkt varð mögulegt eftir að íslenska ríkinu var með lögum verið fenginn eignarréttur að þjóðlendum.

Er gerð landamerkjaskráa hófst hafi stórbændaveldið verið í algleymingi og allur réttur og völd byggst á því að eiga jörð. Með veiðitilskipun 1849 hafi jarðeigendur einir átt dýraveiði. Á þessum tíma hafi rjúpnaveiði verið stunduð til útflutnings og því ríðið á að bændur eignuðu sér sem stærst rjúpnaveiðisvæði, á fjöllum og heiðum.

Margir dómar Hæstaréttar komi inn á landamerkjabréf og inntak þeirra. Í því sambandi megi nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 519 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn II), H 1979 846 (Geirland-Prestbakki), H 1996 2848 (Bláfjöll), H 1997 1162 og H

1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) H 1997 2410 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Þessir tilvitnuðu dómur séu allir því álitni íslenska ríkisins til stuðnings að landamerkjabréf sanni ekki inntak eignarréttar og sé ekki gilt um mörk milli umráðamanna landa nema þeir eigi aðild að þeim réttindum sem samið sé um. Einnig komi glöggt fram í þessum dómum að landamerkjabréf séu til fyrir lönd sem nú séu óumdeilt þjóðlendur eftir dómsniðurstöður, eins og sé um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði og Landmannaafrétt. Síðan komi glöggt fram í Bláfjallamálinu að hægt sé að fjalla um landamerki yfirráðasvæða án þess að afstaða sé tekin til inntaks eignarréttar.

Annað atriði, sem valdi ágreiningi, sé gildi þinglýsingar landamerkjabréfs og hafi því verið haldið fram af gagnaðilum íslenska ríkisins að með þinglýsingu landamerkjabréfs sé búið að gulltryggja eignarréttinn. Því sé til að svara að enginn öðlist meiri rétt en viðsejandi geti veitt, sömuleiðis þinglýsi enginn meiri rétti en hann eigi. Þinglýsing heimildarskjals um fasteign sé lagaskylda og til að tryggja öryggi í viðskiptum og skapa eigendum réttarvernd gagnvart grandlausum viðsejendum og lánardrottnum.

Spurning sé hvort þegjandi eða jákvæðar athafnir ýmissa umboðsmanna ríkisins geti falið í sér samþykki valdstjórnar eða ríkis vegna lands sem nær inn í þjóðlendu. Þetta geti verið í tengslum við mótmælalausa móttöku og þinglýsingu landamerkjabréfa sem haft hafi að geyma lýsingu í átt að óbyggðum eða einfaldlega afsal ríkisins á tilteknum lendum. Því sé til að svara að af Landmannaafréttardómi síðari megi ráða þá reglu að löggjafinn einn sé bær til að ráðstafa réttindum yfir landsvæði utan eignarlanda. Af því leiði að athafnir eða athafnaleysi starfsmanna stjórnáskráningar geti ekki leitt af sér slík yfirráð nema heimild í almennum lögum hafi verið fyrir hendi.

Jarðamöt hafi aldrei miðast við landrými heldur gæði og skattar og skyldur séu ekki greiddar eftir hektarafjölda.

Því álitaefni hafi verið hreyft að hafi beinn eignarréttur ekki verið að öllu landi innan merkja skv. landamerkjabréfi, er það var ritað eftir landamerkjalögin 1882, þá hafi þessi beini eignarréttur orðið til síðar fyrir hefð vegna óslitins eignarhalds.

Talið hafi verið að hefðarréttur hafi ekki verið í okkar fornlögum, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðarréttar stofnaðist til slíkra landsvæða. Í þessu sambandi megi benda á Jónsbók Llb. 52, „Ef menn vitu eigi, hvárt eru almenningar eða afréttir“. Þar segi: „Svá skulu almenningar vera, sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra.“

Fyrstu lögin um hefð séu í Norsku lögum frá 1687, V. bók 5. kap. Í 7. gr. laganna segi svo:

Enginn á að fá eignardóm að nokkurri fasteign, nema hann leiði lögfulla sönnun að heimild sinni, með erfðum, kaupum, eignaskiptum, gjöf eða 20 ára hefð, án þess að átalið hafi verið og að hann hafi þannig öðlast hana ákærulaust af öllum er kynnu að hafa haft einhverjar athugasemdir við það.

Þegar þessi lög hafi verið sett hafi lagaákvæði Jónsbókar um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið enn verið í gildi og þessi hefðarlög hafi ekki afnumið Jónsbókarákvæðið, þess sé að minnsta kosti ekki getið. Einnig sé talið að orðið fasteign beri að túlka á þann veg að merki eignarjörð með byggingum eða bara byggingu eða hús. Lögin taki því ekki til afrétta eða almenninga og því enn óheimilt að hefða slík landsvæði.

Næstu lög um hefð séu nr. 46 frá 1905. Í 1. gr. þeirra segi að hefð megi vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstakra manna, án tillits til þess hvort hann hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign. Þessi lög staðfesti enn gildandi rétt til að hefða fasteignir, sem undirorpnar séu beinum eignarrétti, en skv. gagnályktun sé ekki heimilt að hefða eign, sem ekki geti verið eign einstakra manna, eins og grunnréttinn að afréttum og almenningum sem

nú heiti þjóðlendur. Segja megi að þessi skoðun komi fram í Landmannaafréttardóminum síðari. Þar sé því slegið föstu að afréttarlandsvæði sé einskis manns eign og af því leiði að slík landsvæði geti ekki verið eign í skilningi hefðarlaga. Í nágildandi lögum um þjóðlendur sé þessi regla lögfest í niðurlagsákvæði 3. greinar en þar segir: Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.

Rétt sé að vekja athygli á að skilyrði fyrir hefðarhaldi sé óslitið eignarhald sem hafi verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi sem nú gæti heitið þjóðlenda, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1581 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheidar). Í þessum dómum sé ekki tekið á því hvort hægt sé að hefða grunn-eignarrétt afréttarlands. Sleppt sé að fjalla um það þar sem efnisskilyrði skorti.

7.2. Foss

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að mikil ónákvæmni sé í merkjalýsingunni frá 1885. Mörkin séu einhliða dregin langt inn til heiða, algerlega ósamþykkt og ekki í anda landamerkjalaga. Lýsingin sé einungis samþykkt fyrir hönd bæjanna Hlíðar og Haukholta sem liggja nær byggð. Samþykki fyrir landamerkjum vanti þannig frá Tungufelli, Hrunaheiðum og Kluftum.

Kröfulína íslenska ríkisins liggja í gegnum fjallendi jarðarinnar og sé það land, sem þannig verði innan þjóðlendu, allt yfir 300 m yfir sjó og allt upp í yfir 400 m. Landgæði, gróðurfar og hæð sé svipað og varðandi aðrar jarðir á þessu svæði og sömu rök eigi við.

7.3. Hlíð

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að þau mörk jarðarinnar til norðurs, sem fram komi í landamerkjabréfum Tungufells og Foss, séu valin af handahófi talsvert inn fyrir Hlíðarfjall sem sé hæst tæpir 400 m. Kröfulína ríkisins taki litla sneið af þessu landi. Sú sneið sé landfræðilega og gróðurfarslega hluti af hálendinu upp af byggðinni og geti ekki talist hluti af heimalandi jarðarinnar.

7.4. Hrunaheiðar

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að mikill vafi sé á því að nokkurn tíma hafi stofnast til beins eignarréttar að Hrunaheiðum. Hvergi komi fram að Hrunaheiðar hafi verið jörð eða að landsvæðið hafi verið notað sem slíkt. Eins og legu landsins sé háttáð sé augljóst að einungis megi hafa af því beitarafnot. Um þetta vitni staðhættir, víðátta, gróðurfar og hæð yfir sjó. Hér sé augljóslega einungis um að ræða beitarítak enda sé Hrunaheiða ekki getið í Jarðabók Árna og Páls. Hins vegar standi í jarðabókinni „þar sem Hruna er lýst, að ítök kirkjunnar finnist í máldaganum og skrifast hér því ekki“. Sú ályktun verði dregin að Hrunaheiðar hafi á þessum tíma verið ítak kirkjunnar. Þá reglu megi ráða af máldögum að gögn og gæði lands hafi einungis fylgt heimajörð kirkju en ekki öðrum löndum hennar og því aðeins að öll heimajörðin væri eign kirkju. Þessi regla sé helsta skýringin á því að stór afréttarlandsvæði hafi smám saman safnast að kirkjujörðum en ekki öðrum jörðum. Þetta sé örugglega skýringin á því að Hrunaheiði, sem áður hafi heitið Kaldbaksheiði og fylgt Kaldbak, falli undir móðurkirkjuna Hruna. Íslenska ríkið viðurkenni rétt Hruna til upprekstrar.

Landsvæðið hafi ekki landfræðilega samtengingu við móðurjörðina og engrar landfræðilegrar aðgreiningar njóti við fyrir Hrunaheiðar eldri en landamerkjabréf Hruna 1885.

7.5. Hrunakrókur

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að mikill vafi sé á því að nokkurn tíma hafi stofnast til

beins eignarréttar að landi Hrunakróks eða hvort um hafi verið að ræða sel byggt í almenningi. Engar heimildir séu um byggð þar á landnámstíma eða fyrir gildistöku Jónsbókar 1281, en þá sé með öruggri vissu talið að nám hafi ekki verið heimilt. Búið sé að Hrunakrók fyrir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 svo ekki hafi verið byggt þar á grundvelli hennar.

Í Vilkinsmáldaga 1397 segi að Þórarinn Hrólfsson í Hörgsholti hafi gefið til Hrunastaðar Laxárgljúfur öll norður frá Kaldbakslandi. Sama komi fram í Gíslamáldaga 1570. Líklegt sé að þarna hafi Hrunakrökur verið gefinn og að um sé að ræða ítak. Landsvæðið hafi ekki landfræðilega samtengingu við móðurjörðina og engrar landfræðilegrar aðgreiningar njóti við fyrir Hrunakrök eldri en landamerkjabréf Hruna 1885.

Eignarheimild jarðarinnar felist í lögfestu frá 20. maí 1809 sem upplesin hafi verið á manntalsþingi 25. maí 1809. Þar sé á engan hátt lýst landamerkjum heldur jörðinni eignað það land sem aðrir eigi ekki. Lögfestan frá 1809 bendi frekar til þess að í upphafi hafi ekki stofnast eignarréttur að jörðinni heldur einungis afnotaréttur.

Samkvæmt byggingarbréfi, sem ábúandinn á Kaldbak og landbúnaðarráðuneytið hafi gert 1974, hafi ábúandinn afnot af eyðijörðinni Hrunakrök. Ekki liggja fyrir gögn um hvernig landbúnaðarráðuneytið sé komið að jörðinni en Hruni telji sér jörðina til eigna 1809 skv. áður nefndri lögfestu og ítreki það með landamerkjabréfi 1885. Eins og heimildarskjölum sé háttað fyrir þessari eyðijörð leiki vafi um eignarréttinn. Nú standi einungis eftir afnotarétturinn sem Kaldbaksbóndinn hafi.

Þar sem ríkið eigi aðild að þessu landsvæði hafi verið farin sú leið að draga kröfúlíuna fyrir sunnan Hrunakrök þannig að allt land hans sé í þjóðlendu. Þá sé vísað til staðháttá, víðáttu, gróðurfars og hæðar yfir sjó á sama hátt og annars staðar í hreppnum.

7.6. Kaldbakur

Íslenska ríkið telur sig eiga aðild að kröfulýsingu fyrir Kaldbak báðum megin línu á grundvelli eignarréttar ríkisins að jörðinni. Lagt hafi verið fram í málinu afsal landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, fyrir Kaldbak til Ásgeirs Gestssonar, dags. 20. mars 2000. Í samræmi við 40 gr. stjórnarskrár þurfi hins vegar samþykki Alþingis fyrir allri jarðasölu ríkisins. Engin gögn hafi verið lögð fram um að slíks leyfis hafa verið aflað.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að landamerki sem að óbyggðum viti séu ósamþykkt. Þá liggja sömu sjónarmið til grundvallar þjóðlendukröfu hér og annars staðar í hreppnum, þ.e.a.s. mörk heimalands og útlendis. Vísað er til málsástæðna um landamerkjabréf og dómafordæmi sem lúti að staðháttum, víðáttu og gróðurfari. Samkvæmt landamerkjálýsingu eigi jörðin land nokkuð inn fyrir Kaldbaksfjall sem sé um 440 m á hæð.

Mikill vafi sé á því að nokkurn tíma hafi stofnast til beins eignarréttar að landi Kaldbaks. Til þess þyrfti að liggja fyrir að þar hafi verið byggt á landnámstíma og alla vega yrði það að hafa gerst fyrir gildistöku Jónsbókar 1281 en þá sé með öruggri vissu talið að nám hafi ekki verið heimilt. Elsta heimild um Kaldbak sé í máldaga Hrunakirkju frá 1397, löngu eftir Jónsbók. Fyrir sé ekki vitað hvort þar hafi verið jörð. Landsvæðið hafi ekki landfræðilega samtengingu við móðurjörðina, Hruna.

7.7. Kluftir (Kluftar)

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að Hrunamannahreppur geti ekki byggt rétt á afsali frá Gestu Guðbrandssyni 1957. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 sé jörðin Kluftar eign Hrunakirkju og svo sé einnig 1885 er landamerkjabréf hafi verið gert fyrir Hrunakirkjujarðir. Ekki njóti við heimilda um hvernig jörðin hafi komist úr eignarráðum Hrunakirkju og í eigu Gestu Guðbrandssonar og þá hvert hafi verið efni þess afsalsgerðings. Í afsalsbréfinu frá 1957 sé ekkert tekið fram um landamerki og ekki einu sinni vísað til landamerkjálýsingarinnar frá 1885. Benda megi á að allt frá 1885 hafi gilt sérstakar reglur um sölu eigna frá kirkjum

og sérstakt leyfi þurft til að selja eignir frá kirkjújörð, hvort heldur sem um var að ræða bændakirkju eða lénskirkju. Þetta skipti máli þar sem samkvæmt dómafordæmum og álitum fræðimanna sé unnt að selja einungis afréttarrétt þó að jörð sé eignarjörð.

Í elsta máldaga Hruna 1331 sé frá því greint hvaða bæir skyldu greiða þangað tíund en Kluftar séu þar ekki nefndir. Af því megi ráða að á þeim tíma hafi jörðin ekki verið til. Þá hafi verið gerð áreið 1557 á landamerki í millum Kaldbaks, Hörgsholts og Hruna. Ljóst sé að merki Kaldbaks og Hörgsholts og Hruna og Hörgsholts liggi saman en hvergi sé minnst á Klufta sem þó séu næsta jörð við Kaldbak. Fyrsta heimild um Klufta sé í Gíslamáldaga frá 1570. Þar segi að kirkjan í Hruna eigi heimaland allt og Kaldbak og Þórarinsstaði. Síðan sé því bætt við í neðanmálstilvitnun að Hruni eigi „Klytta og ás heimaland og Berghyl til forræða“. Þarna sé Hrunakirkju falið forræði fyrir Kluftum en ekki sé af þessu ljóst hvers konar eign um sé að ræða. Í Jarðabók Árna og Páls 1709 segi svo um Klufta: „Jarðardýrleiki óviss því hér gelds engin tíund af, eigandinn er Hrunakirkja“. Hrunakirkja hafi greinilega leyft einhverjum að byggja kot í úthögum, sem jörðin hafi á einhvern hátt eignast. Sennilega hafi það gerst á svipaðan hátt og afréttarlönd hlóðust að kirkjum á miðöldum, þ.e. annaðhvort sem gjafir jarðeigenda eða einfaldlega með því að kirkja eignaði sér landsvæði með máldagagerð. Þetta hafi greinilega gerst milli áreiðarinnar 1557 og Gíslamáldaga 1570. Með þessu koti hafi meiri arður runnið til kirkjunnar heldur en beit hefði gefið. Í vísitasiu Finns frá 1756 séu Kluftar svo taldir til jarða í eigu Hrunakirkju.

Mikill vafi sé á því að nokkurn tíma hafi stofnast til beins eignarréttar að landi Klufta. Ekkert verði af Landnámu ráðið um nám á landi jarðarinnar. Ekkert liggi fyrir um úr hvaða landi jörðin hafi verið byggð eða hvort hún hafi einfaldlega verið byggð úr afréttarlandi eða almenningi. Hefði jörðin verið byggð úr eignarjörð hefðu verið gerð um það skjöl sem þá væru til í fórum Hrunakirkju sem eiganda. Landsvæðið hafi ekki landfræðilega samtengingu við móðurjörðina og engrar landfræðilegrar aðgreiningar njóti við fyrir Klufta, eldri en landamerkjabréf Hruna 1885. Ekki geti jörðin verið úr landi Hruna því land Hörgsholts sé á milli. Beinast liggi við að ætla að Kluftir hafi byggst úr útlendi Kaldbaks, sem Hrunakirkja hafi átt skv. máldaga allt frá 1331, en um það verði þó ekki fullyrt.

Það land jarðarinnar, sem samkvæmt bréfinu frá 1885 liggi innan kröfulínu íslenska ríkisins, sé dæmigert heiðaland. Það skeri sig á engan hátt frá heiðunum og hálendinu í kring og muni aldrei verða notað til annars en sumarbeitar fyrir búfænað. Landgæði, gróðurfar og hæð sé svipað og varðandi aðrar jarðir á þessu svæði og sömu rök eigi við.

7.8. Tungufellstorfa, þ.e. Tungufell, Jaðar I (Hamarholt) og Jaðar II

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að upphaflegt landamerkjabréf jarðanna sé að mörgu leyti gallað og ekki ritað í samræmi við landamerkjalog. Enginn riti samþykki sitt vegna marka í Hvítá en þau séu væntanlega ágreiningslaus. Þá riti enginn samþykki sitt fyrir merkjum inni á hálendinu frá Búðararósi við Hvítá, að Melrakkaá og þaðan í Fossá og eftir henni niður að brúnum fyrir ofan Foss. Þetta séu öll landamerkin inn til óbyggða. Enginn samþykki merkin vegna nærliggjandi jarða nema Ólafur Jónsson fyrir Hlíð. Hér sé um að ræða eitt af þessum dæmigerðu einhliða landamerkjabréfum sem menn hafi gert víða fyrir fjallajarðir á ofanverðri 19. öld, oft án þess að merki hafi byggst á eldra rétti.

Elstu heimildir um jörðina Tungufell, þ.e. frá 1331, 1397, 1553, 1578 og 1644, greini frá því að kirkjan í Tungufelli hafi átt tiltekinn hluta í heimalandi, yfirleitt svo að það nægði til framfærslu prests. Á þessum tíma hafi því verið heimaland í Tungufelli, alveg á sama hátt og til hafi verið afréttir og almenningar innan þess svæðis sem nú sé Hrunamannahreppur.

Landamerkjabréf Tungufellstorfunnar 1885 virðist miðast við lögfestu Ásmundar Guðnasonar frá 1669 og efnislega samhljóða yfirlýsingu hans um sama efni frá 1670 í tengslum við skipti hans og Brynjólfs Sveinssonar, biskups á Tungufelli.

Misræmi sé þó á milli lýsinga lögfestunnar og landamerkjabréfsins. Samkvæmt lögfestunni ráði Búðará frá Hvítá og síðan Heiðará en Melrakkaá sé hins vegar ekki nefnd. Sú spurning hljóti að vakna hvort lögfestan kveði á um meira eða minna land en landamerkjabréfið.

Þá séu yfirlýsingar Ásmundar um landareign Tungufells allt að Búðará og lögfesta Brynjólfs biskups í kjölfarið á skjön við eldri rétt. Heimaland jarðarinnar hafi ekki náð svo langt.

Árið 1669 hafi biskupinn eignast fjórðung allra landsgagna innan hinna tilgreindu merkja en þó sé einungis lýst skiptingu túna, engja og skóga en ekki fjallendis. Skógi á svæðinu norður frá Illagili og allt norður í Búðará, undir Þorsteinshöfða endilöngum, hafi þó ekki verið skipt vegna ágreinings við Hrunakirkju um eignarhaldið.

Þrátt fyrir þessi skipti hafi kirkjan áfram átt hlut í heimalandinu, samanber Jarðabók Árna og Páls 1709. Skipti hafi gerst þarna nákvæmlega eins og nú gildi um landskipti, einungis skipt heima-jörð, annað í óskiptu. Ekki sé vitað hvað orðið hafi um hlut kirkjunnar í jörðinni. Þó hafi kirkjan sjálf verið gefin Þjóðminjasafninu 1987 og með kirkju fylgi eignir hennar nema annað komi fram.

Eftir þessi landskipti hafi biskupinn þann 25. maí 1671 lögfest fjórðung sinn úr landi Tungufells ítakalausán að undanteknum Hrunakirkjuskógi í Þorsteinshöfða og Mariuhrísi og Reykjadalaskirkju-skógi í Lúciuhöfða og Hlíðarhrísi. Lýst hafi verið yfir eignarrétti Tungufells að landinu undir en það fái hins vegar ekki staðist.

Hrunakirkja hljóti að hafa eignast skóginn í Þorsteinshöfða frá annarri jörð en Tungufelli, því engar heimildir séu um að kirkjujarðir hafi gefið gjafir innbyrðis. Í því sambandi megi benda á að landsvæðið við Þórarinsstaði, skammt norðan við Búðará, hafi verið afréttur Hrepphólakirkju samkvæmt Vilkinsmáldaga 1397.

Þá gefi örnefnið Skollatorfa og Grafarbakktorfur til kynna tengsl við jarðir neðar í byggðinni eins og Grafarbakka og Skollagróf. Einnig megi minna á nafnið Almenningsgötur sem sé á skjön við fullyrðingar um einkarétt til lands.

Enn fremur sé bent á heimildir úr Jarðabók Árna og Páls um býlin Búðarártungu og Búðarárbakka. Búðarártunga sé sögð byggð í óþökk eða með leyfi nokkurra hreppstjóra á nyrðri bakka Búðarár. Samkvæmt Jarðabókinni hafi hagar jarðarinnar hins vegar verið á syðri bakkanum, þ.e. í landi í Tungufells samkvæmt núverandi landamerkjalyýsingu. Fram komi að landskuld hafi engin verið. Sami bóndi hafi síðan flutt sig suður yfir ána og reist annan bæ, Búðarárbakka. Þar hafi hann búið í 9-10 ár, afgangslausir framan af og sótt útheyslægjur í afréttina. Ekki sé greint frá hverjum hafi verið greitt afgangslausir þau ár sem svo var gert. Á þessum tíma hafi mátt slá í almenninum, ekki afréttum. Vísað sé í þessu sambandi til H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Hæð landsins yfir sjó, sums staðar allt upp í 440 metra, landslag, gróðurfar og víðátta ráði mestu um staðsetningu kröfulínu fjármálaráðherra. Land þetta sé hluti af hálendinu sem taki við ofan byggðar en sé ekki landfræðilega tengt heimalöndum. Fjallendi þetta geti ekki verið í heilsársnotum enda hafi stór hluti af fyrrum óskiptu landi jarðanna verið tekinn undir afrétt þegar landið var selt hreppnum.

7.9. Hrunamannaafréttur

Við athugun heimilda, landamerkjabréfa og eignarheimilda framangreindra jarða í Hrunamanna-hreppi verði strax ljóst að merki milli jarða og afrétta séu ósamþykkt. Ekkert liggi fyrir um hve mikill hluti fjallajarða sé heimaland og hve mikið af landi innan þinglýstra merkja sé einungis í sumarnotkun. Afréttur Hrunamanna, svonefndur Hrunamannaafréttur, liggi ofan byggðar og allt að Hofsjökli. Eigendur afréttarinnar séu taldir Hrunamannahreppur, Hrunakirkja og þá sé hann í óskiptri sameign allra jarða í Hrunamannahreppi. Gerð sé krafa um beinan eignarrétt að afréttinum.

Íslenska ríkið mótmæli þessum kröfum, en viðurkenni rétt þessara aðila til upprekstrar eins og verið hefur. Einnig sé viðurkenndur annar sá réttur, sem að lögum fylgi upprekstrarrétti, eins og veiðiréttur í ám og vötnum.

Sem rökstuðning fyrir því að lönd þessi skuli skilgreinast sem þjóðlendur, sé vísað til sömu röksemda og liggja að baki kröfugerðar ríkisins um lönd á þjóðlendumörkum. Eftir því sem fjær dragi byggð vegi rök þessi að sjálfsögðu þyngra, en við byggðarmörk. Þetta eigi einkum við afrétt Hrunamanna, sem ná inn til landsins í framhaldi af byggðinni. Samkvæmt kröfulýsingu jarðeigenda o.fl. sé meginhluti Hrunamannaafréttarins sameign allra jarðeigenda í Hrunamannahreppi. Síðan séu innan afréttarmarka hluti Hrunaheiða, hluti fjallendis Tungufells, sem leigt sé frá jörðinni og svo landsvæði, sem keypt hafi verið af Hamarsholti og Jaðri og lagt til afréttar. Í umfjöllun um jarðir á þjóðlendumörkum hafi verið fjallað um þessi fjallendi Tungufells og Jaðars og einnig Hrunaheiða. Vísað sé til þeirrar umfjöllunar og einnig almennrar umfjöllunar hér fyrir.

Á það sé bent að af tilteknum nýtum megi greina hvernig eignarhald sé að landi. Land sem nýtjað sé til beitjar og smalað af fjallskilastjórn sé að meginreglu þjóðlenda. Land, sem nýtjað sé til búrekstrar með byggingum og öðrum mannvirkjum, sé hins vegar eignarland. Afréttur Hrunamanna sé í flokki þess fyrrnefnda, þjóðlenda, þar sem einungis hafi verið höfð af svæðinu beitarnot.

Í sýslu og sóknarlýsingum Árnæssýslu segi svo um afrétti Hruna- og Tungufellssókna: „Afréttarlönd eru almenningar að fráteknum Hrunaheiðum er liggja til Hrunastaðar“. Þetta séu orð séra Jóns Steingrímssonar, prests í Hruna 1818-1845. Líklega sé þarna rétt farið með. Hin eiginlegu afréttarlönd séu heiðarnar næst byggðinni, Hrunaheiðar, Tjarnheiði, Hlíðarfjall, Skriðuheiði og svo upp með Hvítá að Búðará. Allt annað land hafi verið almenningur, fyrst til afnota fyrir fjórðungsmenn og síðan þjóðina eftir að fjórðungar hafi lagst af.

Með vísan til hefðarlaga og dómafordæma sé sú regla talin gilda að einungis hafi mátt hefða land, sem geti verið undirorpið beinum eignarrétti. Það eigi einungis við um eignarlönd en ekki afrétti. Þar sem afréttur Hrunamanna sé einungis afréttur utan eignarlanda að álitu íslenska ríkisins geti enginn hefðarréttur stofnast.

Ekki sé hægt að fallast á þá málsástæðu gagnaðila ríkisins að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt beinan eignarrétt að Hrunamannaafrétti, t.d. með því að þinglýsa athugasemdalaust vatnssölusamningi, er gerður hafi verið 7. desember 1917 vegna afréttarins. Þarna sé ekki rétt með farið. Sé skjal þetta skoðað sjáist á því að athugasemd sé einmitt gerð af þinglýsingadómarum um að þinglýsta eignarheimild skorti. Varðandi gildi þinglýsingar sé vísað til þess sem hér fyrir kom fram um gildi þinglýsingar og jafnframt á það bent að þótt þinglýsing hafi fyrir 1992 verið talin dómsothöfn þá sé ótvírætt að lög þurfi til að afsala ríkislandi eða viðurkenna þjóðlendu sem eignarland.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að sá aðili sem haldi fram beinum eignarrétti þurfi að sanna sitt mál. Leiða megi þá reglu af almennum sönnunarreglum að sanna þurfi eignarrétt að eignarlöndum en það land sem út af stendur ákvarði óbyggðanefnd sem þjóðlendu. Um sönnunarreglur sem þessar megi benda á H 1981 182 (Mývatnsbotn).

Því er haldið fram að ríkið hafi viðurkennt að Hellisheiði, Auðkúluheiði og Húksheiði væru eignarlönd. Þetta sé svo ekki rökstutt frekar. Ekki sé vitað til þess að Hellisheiðin hafi verið viðurkennd sem eignarland og svo megi benda á að búið sé að dæma Auðkúluheiði utan eignarlanda og hún sé því þjóðlenda. Húksheiðin hafi ekki fengið þá meðferð enn þá en að því muni koma þegar óbyggðanefnd taki það landsvæði til úrlausnar.

Við skoðun heimilda um umráð og nýtingu og önnur atriði, sem máli skipti, sé alveg ljóst að afréttur Hrunamanna sé sams konar landsvæði og Landmannaafréttur. Um hann hafi Hæstiréttur sagt: „Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla, hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar.“

Með vísan til þess sem hér hafi verið rakið sé því haldið fram að almenn rök og samfelld réttarþróun allt til þjóðlendulaga hafi leitt í ljós að íslenska ríkið sé eigandi að því afréttarsvæði sem hér sé til úrlausnar. Réttur þessi leiði til óskerts réttar íslenska ríkisins til hvers konar jarðefna og námu-

vinnslu, jarðhita, vatnsafls og hagnýtingar þess. Einnig umferðarréttar, fuglaveiða, dvalar og náttúruskoðunar fyrir landsmenn en að virtum einkarétti afréttareigenda til upprekstrar. Það liggja ljóst fyrir að réttarþróun að núverandi stöðu mála sé á þá lund að enginn hafi getað eignast grunnrétt að hálandissvæðum utan numinna landa. Við athugun á því hvað felist í hugtökunum almenningur og afréttur séum við Íslendingar í þeirri einstæðu aðstöðu að hafa skjállegar frásagnir um það, er Ísland var numið, en þær séu taldar áreiðanlegar af sagnfræðingum. Samkvæmt þeim heimildum sé greint frá yfir 400 landnámmum og sé hvergi getið um þau nema þar sem um sé að ræða eignarlönd sem síðar hafi orðið byggð. Einnig sé talið áreiðanlegt að Jónsbók í núverandi afritum sýni hver lög voru látin gilda hér 1281. Þá sé einnig talið sannað að í Jónsbók hafi verið tekin upp eldri ákvæði að miklu leyti óbreytt hvað landbúnað og landnot varðar. Frá Jónsbók hafi öll réttarþróun verið á þá lund að eigna ríkisheildinni á hverjum tíma grunnrétt að löndum utan eignarlanda og þá þau réttindi sem grunnrétti fylgi. Þessi þróun felist m.a. í nýbýlatilskipun 1776, álitu landbúnaðarnefndar 1877, nýbýlalögum 1897, vatnalögum 1923, námulögum og síðar lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, t.d. álitu beggja hluta fossaneftdar 1917, náttúruverndarlögum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Nú á dögum verði einnig að taka tillit til nútímavíðhorfa réttarþjóðfélags. Í því tilliti beri að líta til þess grundvallaratriðis að ríki sé óhugsandi nema það eigi landið undir sér og frumeignarréttur að landi sé ávallt á hendi ríkisheildarinnar en einkaeignarréttur sé innan þeirra marka sem beinar sannanlegar heimildir verði leiddar að. Verði íslenska ríkinu ekki úrskurðaður grunnréttur að þessu umdeilda afréttarsvæði séu ekki líkur til að annað land, sem líkt sé á farið um, fái aðra meðferð og þá sé spurning hvort pláss sé fyrir ríkihugtök hér á landi.

8. SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.

8.1. Kröfur um sáttatillögu, frávísun o.fl.

Af hálfu Hrunamannahrepps er þess krafist að óbyggðanefnd leggi fram sáttatillögu í málinu í samræmi við 15. gr. laga nr. 58/1998. Meginhlutverk óbyggðanefndar hljóti að vera að sætta aðila enda geti úrskurðir hennar vart verið bindandi um eignarréttindi. Með þátttöku í málsmeðferð fyrir nefndinni sé á engan hátt verið að viðurkenna úrlausnarvald hennar að þessu leyti. Eignarréttur sem byggist á athugasemdalausum þinglýstum heimildum verði hvorki takmarkaður né tekinn af landeigendum með úrskurði óbyggðanefndar og er hvers konar ráðagerð um það mótmælt.

Krafa jarðeigenda o.fl. um að vísa beri frá óbyggðanefnd kröfu ríkisvaldsins um að þjóðlendur nái inn í þinglýst eignarlönd byggist á því að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar verði ekki hróflað við eignarrétti manna nema með lögum. Í þjóðlendulögunum sé ekki að finna neina heimild til eignarnáms heldur sé þvert á móti hnykkt á því í lögum að þjóðlendir séu utan eignarlanda. Óbyggðanefnd hafi því ekki lagaheimild til að úrskurða að til þjóðlendna skuli teljast land sem nú liggur innan þinglýstra landamerkjá bújarða eða afrétta þar sem lögaðilar hafi þinglýst afsal fyrir eignarrétti sínum þar sem með þeim hætti væri í raun verið að svipta viðkomandi eiganda eignarrétti sínum. Þar með væri land, sem eigandinn hefur fullkomna eignarheimild fyrir í dag, og sem viðurkennt hefur verið af yfirvöldum að hann eigi, sbr. skráningu í fasteignamat og aðrar opinberar skrár, ekki lengur fullkomin eign hans heldur væri honum gert að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Höfði landeigandinn ekki mál fyrir dómstólum innan 6 mánaða frá úrskurði óbyggðanefndar til viðurkenningar á eignarrétti sínum glati hann endanlega eignarrétti að umræddu landi. Landeigandanum væri gert að sækja mál fyrir dómstólum til að verja eignarrétt sinn. Á því sé byggt að málsmeðferð þessi standist ekki 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og því beri að vísa kröfum, sem lúta að þinglýstum eignarlöndum frá óbyggðanefnd, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Í öðru lagi sé frávisunarkrafan á því byggð að óbyggðanefnd sé ekki óháður úrskurðaraðili. Það að leggja þurfi málin undir óbyggðanefnd með þeim hætti sem ráð sé fyrir gert í lögum nr. 58/1998, sé andstætt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, svo og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi talið ákvæði þetta eiga við um ákvarðanir stjórnvalda sem hafi áhrif á eignarrétt og atvinnuréttindi manna í víðtækri merkingu. Í 19. gr. laga nr. 58/1998 sé vissulega að finna ákvæði um heimild einstaklinga til að bera ákvörðun óbyggðanefndar undir dómstóla enda sé það gert innan mjög skamms tíma, þ.e. 6 mánaða. Engu að síður sé því haldið fram að málsmeðferðin geti ekki verið réttlát. Í fyrsta lagi bendi jarðeigendur o.fl. á það hversu skammur málshöfðunarfræsturinn sé. Í öðru lagi sé á það bent að þegar óbyggðanefnd, sem heyri undir forsætisráðuneytið, hafi tekið ákvörðun um að tiltekin landsspilda skuli teljast þjóðlenda og sæta þannig forsjá forsætisráðuneytisins, þá verði þolandinn, þ.e. hinn raunverulegi landeigandi, að höfða dómsmál og vera þannig sóknaraðili í máli til þess að fá þessari ákvörðun stjórnvaldsins hnekkt. Við því sé að búast að staða stjórnvaldsins sé þá mun sterkari þar sem sérhæfð nefnd hafi þá þegar tekið afstöðu með málstað ríkisvaldsins. Af þessum sökum beri að vísa hvers konar ágreiningi um eignarréttindi frá óbyggðanefnd og beri nefndinni sjálfri að taka afstöðu til frávisunarkröfunnar með úrskurði.

Í greinargerð jarðeigenda o.fl. eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998:

Kanna þurfi hvort úrskurðir óbyggðanefndar kunni að vera ógildanlegir þar sem þjóðlendulög standist hvorki stjórnarskrá né mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi beri að huga sérstaklega að tveimur atriðum:

Í fyrsta lagi hvort löggjafanum sé heimilt að færa eignarrétt að almenningum og eigendalausum svæðum, er nú lúti fullveldisrétti Alþingis, til ríkisins, þ.e. til forsætisráðuneytisins, til þinglýstrar eignar. Telji jarðeigendur o.fl. að það gerist í raun þegar slíkt landsvæði sé úrskurðað þjóðlenda og spyrji hvort slíkt „landnám“ sé heimilt nú. Minnt sé á, að ákvæði Jónsbókar um að „almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið“ sé í fullu gildi. Í Landmannaafréttarmálunum hafi verið tekist á um eignarréttindi á Landmannaafrétti. Í fyrra málinu hafi verið synjað um viðurkenningu á eignarrétti sveitarfélaganna og/eða jarðanna á afréttinum. Í síðara málinu hafi kröfu ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti þess á umræddu landi hins vegar verið hafnað. Alþingi geti tæplega breytt niðurstöðu dómstóla að þessu leyti og falið eignarréttinn að umræddu landsvæði ríkisvaldinu með lögum. Slík lagasetning kunni að brjóta í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnræði aðila. Standist slík lagasetning megi spyrja hvort ekki hefði verið eðlilegra að ákveða með lögum að Landmannahreppur ætti hið umdeilda landsvæði með hliðsjón af því að þeir einir hefðu nýttjað landið.

Í öðru lagi sé því haldið fram að það fari gegn jafnræði málsaðila og stríði gegn almennri réttlætiskennnd að forsætisráðherra skipi óbyggðanefnd, er eigi að úrskurða um eignarrétt að landi, sem fallið geti til ríkisvaldsins, er lúti stjórn forsætisráðuneytisins. Enginn geti verið dómari í eigin sök. Sjónarmið um að skipan þessi stríði gegn réttlátri málsmeðferð leiði til þess að úrskurðir óbyggðanefndar kunni að verða ógildanlegir. Með þessu sé ekki verið að lýsa yfir vanhæfi nefndarmanna heldur hvernig staðið sé að skipan í nefndina. Þeim tilmælum sé beint til óbyggðanefndar að hún taki ábendingar þessar til meðferðar og segi af sér komist hún að þeirri niðurstöðu að þjóðlendulög in standist ekki stjórnarskrá eða að skipan nefndarinnar standist ekki hlutleysis- og jafnræðisreglur.

Þá sé því haldið fram að óbyggðanefnd beri að leita umsagnar allra þeirra aðila, sem að hinu umdeilda landsvæði kunni að koma, svo sem Náttúruverndarráðs, héraðsnefndar Árnessýslu, Hrunamannahrepps, Landgræðslunnar, iðnaðarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og allra þeirra aðila, sem veitt geti upplýsingar um eða tengist umræddu landsvæði með einhverjum hætti.

Kröfugerð ríkisvaldsins hafi verið kærð til Umboðsmanns Alþingis vegna meints brots á meðalhófsreglu, rannsóknareglu og andmælareglu stjórnsýslulaga.

Loks sé því haldið fram að óbyggðanefnd geti ekki tekið einstök svæði til úrlausnar fyrr en fyrir liggja kröfugerð til alls landsins svo gæta megi jafnræðis við úrlausn málanna. Með öðru móti verði ekki nægilega rannsakað hvernig eignarhaldi sé almennt háttáð á landi sambærilegu því, sem hér er til umfjöllunar.

8.2. Almenn atriði varðandi eignarréttarkröfur

Við setningu landamerkjálaga, nr. 5/1882, og síðar nr. 41/1919, hafi ætlun löggjafans verið sú að framkvæmdarvaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og að leyst yrði úr ágreiningi um þau, væri hann fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum, hverjum í sinu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum hefði verið þinglýst. Allt til ársins 1981 hafi verið gert ráð fyrir að sérstakur dómstóll, landamerkjadómstóll, skæri úr ágreiningi um landamerki. Löggjafarvaldið hafi með þessu viljað tryggja að landamerki væru sem skýrust og að um þau þyrfti ekki að deila. Með landamerkjalögum hafi átt að koma góðri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll og hafi fyrirmælum laganna verið fylgt og landamerkjalýsingar gerðar fyrir nær allar jarðir. Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekki kveðið á um það hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt. Alkunna hafi verið að eignarlöndum fylgdi fullkominn eignarréttur og að afréttarlönd væru í sameign eigenda þeirra jarða sem afrétturinn tilheyrði.

Afréttir hafi á þessum tíma verið taldir undirorpnr fullkomnum eignarrétti sem einungis takmarkaðist af eignarrétti annarra landeigenda. Um þetta hafi ekki verið deilt enda hafi þetta sameiginlega land fyrst og fremst verið nýtt til beitar fyrir sauðfé og hesta.

Í 1. gr. landamerkjálaga sé mælt fyrir um að landeigendur eða fyrirsvarsmenn jarða þar sem eigi séu af völdum náttúrunnar glögg landamerki, skuli setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vötnum með hæfilegu millibili enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki sem löglega sé við haldið. Framangreind regla eigi m.a. við um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna ef sá sem land á að afrétti eða lendu krefst þess. Landamerkjalýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjálaga 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingum og eftirlitsskyldu valdsmanna sem leitt hafi til þess að um sé að ræða fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Landamerki þessi og þetta fyrirkomulag beri að virða. Landeigendur kveða ekki hægt að raska landamerkjum með því að setja meira en öld síðar lög sem kveði á um eignarrétt ríkisvaldsins að stórum landsspildum sem í meira en 100 ár hafi verið taldar innan þinglýstra landamerkja jarða eða eftir atvikum í sameign tiltekins fjölda jarða. Ríkisvaldið geti ekki slegið eign sinni á land sem sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi verið það í yfir 100 ár. Hér hljóti venjuréttur og hefðarsjónarmið að vega þungt.

Þá megi benda á að veðrétthafar og aðrir, sem eigi þinglýst réttindi til þessa lands, telji sig eiga veð í því öllu. Jafnframt hafi menn borgað skatta og skyldur af því og ríki og sveitarfélög því einnig talið að menn ættu það.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi var lokið. Lengi hafi verið óvissa um hvort hefðarréttur gilti hér á landi. Í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746 hafi verið kveðið á um að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign. Víða megi sjá þess stað að út frá því hafi verið gengið að hefðarreglur Norsku eða Dönsku laga (1683 og 1687) giltu hér á landi. Einnig sé vikið að hefðarreglum í nokkrum tilskipunum, sbr. konungsbréf frá 18. apríl 1761, nýbýlatilskipunina frá 1776 og tilskipun frá 17. apríl 1833 er varði óðalsrétt á Íslandi. Landsyferréttur hafi í dómi frá 5. maí 1830 gengið ótvírætt út frá því að hefðarreglur Norsku laga giltu á á Íslandi þó að

rétturinn hafi síðar, eða í dómi frá 19. desember 1887, hafnað hefðarreglum. Hefð hafi síðan fyrst og fremst haft gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Ákvæði 1. gr. hefðarlaga sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt þessu megi halda því fram að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð á landi, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti undirorpið. Í fyrri Landmannaafréttardóminum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð verði unnin á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. Þjóðlendulaga i.f. Gaukur Jörundsson telji að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur um sé að ræða afrétt eða almenning ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt. Hann telji þó að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Því sé hins vegar ekki haldið fram að umþrætt landsvæði í Hrunamannahreppi hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum heldur sé ljóst að landið hafi verið numið. Hluti þess, þ.e. Hrunamannaafréttur, hafi um aldir verið nýttur sameiginlega af jarðeigendum í Hrunamannahreppi. Sjónarmiðin um hefð séu til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt jarðeigenda í hreppnum. Gaukur Jörundsson telji jafnframt að slaka beri á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmætið og allar aðstæður gefi minna tilefni til víðtækra umræða og fjölbreyttra nota. Í dómi Hæstaréttar frá 20. janúar 1939 hafi verið fallist á eignarhefð engjalsands enda þótt hefðandi virðist hafa haft lítil sem engin önnur not af landinu en til slægna.

Engu breyti um eignarhaldið hvort hefðandi lands er einn aðili eða margir sameigendur. Það að landið hafi frá upphafi nánast einungis verið nýtt til beitar og þótt þeir sem það nýttu hafi nýtt það sameiginlega og að um afréttamálefni og fjallskil hafi gilt almenn lög þá breyti það ekki því að þessir sameigendur hafi nýtt landið eins og kostur var í fullan hefðartíma og meira en það og jafnframt meinað öðrum not þess. Ríkisvaldið hafi ekki nýtt afréttarland Hrunamanna með nokkrum hætti. Venjuréttur og hefð falli hér saman og eigi að leiða til þess að afrétturinn tilheyri jörðunum í hreppnum sem hafi nýtt landið öldum saman. Öðru máli gegni um það landsvæði sem Hrunamannahreppur hafi keypt með löggæmingi af jarðeigendum.

Jarðeigendur o.fl. kveði það síðari tíma útráunum að halda því fram að þeir eigi einungis beitarrétt á afréttinum enda þjóni það hagsmunum valdhafa að beinn eignarréttur að landsvæði þessu tilheyri ríkisvaldinu. Þessa pólitísku niðurstöðu, sem menn telji almannahagsmunum haggfelldari, sé síðan reynt að búa í skrautbúning þess lagaumhverfis sem við lifum í nú. Af hálfu landeigenda sé því haldið fram að virða beri þá skipan sem gilt hafi um aldir og staðfest hafi verið m.a. með landamerkjalogunum frá 1882 og að eignarréttindi verði ekki færð í hendur ríkisvaldsins með einföldum lögum enda geti sett lög vart verið gild frumeignarheimild.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi talið að ríkisvaldið geti farið með ákveðin umráð lands í skjóli valdheimilda sinna sé ekki þar með sagt að löggjafinn geti framselt vald þetta til stjórnvalda og jafnframt falið stjórnvöldum að skera úr um það hvaða land skuli vera undirorpið eignarrétti ríkisvaldsins og hvað skuli skilið eftir handa raunverulegum eigendum landsins. Hér sé fyrst og fremst um pólitískar deilur að ræða sem færðar hafi verið að nokkru leyti í lögfræðilegan búning. Minni deilurnar á margan hátt á þær deilur sem í byrjun síðustu aldar hafi verið um eignarrétt að vatni og vatnsföllum.

Í þessu máli sé aðstaðan um margt með líkum hætti og þegar fossamálið hafi verið til umfjöllunar í byrjun 20. aldar. Ríkisvaldið leitist við að slá fullkominni eign sinni á land sem sé háð eignarrétti einstaklinga. Eðlilegra hefði verið að skorið hefði verið úr ágreiningi þessum fyrir hlutlausum dómstóli í stað stjórnvöldunefndar og að sönnunarbyrðin um eignarrétt ríkisins að hálandi landsins utan þinglýstra landamerkja jarða hefði hvílt á ríkisvaldinu. Komist óbygðanefnd að þeirri niðurstöðu að land, sem einstaklingur eða lögaðili telji sig eiga, skuli vera þjóðlendi sé slík niðurstaða ekki bindandi fyrir jarðeigendur o.fl.

Jarðeigendur o.fl. byggi kröfur sínar m.a. á því að löggjafarviljinn hafi ekki staðið til þess að

land, sem nú sé innan þinglýstra landamerkjja bújarða, verði talið til þjóðlendna, samanber umræður og ályktanir um málið á Alþingi. Kröfugerð ríkisins hafi komið ráðamönnum og almenningi í opna skjöldu og verið gagnrýnd opinberlega af tveimur ráðherrum, einstökum alþingismönnum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Búnaðarfélagi Íslands. Þá sé vísað til meðalhófsreglu stjórnásluga því til stuðnings að ekki skuli telja meira land til þjóðlendu en sem brýna nauðsyn beri til og sátt sé um að teljast skuli þjóðlenda.

Jarðeigendur o.fl. telji að landsvæði það, sem um sé deilt í þessu máli, hafi allt verið numið í öndverðu. Vísað sé til rits Haraldar Matthíassonar, Landið og Landnáma. Þannig sé á því byggt að landnám þeirra Naddoddssona og síðar þeirra Haukadalsfeðga, Þorbrands óarga og Ásbrands sonar hans, hafi náð yfir það svæði er tilheyrir hinu umdeilda svæði. Rök hnigi að því að allt land Hrunamannahrepps hafi tilheyrt upphaflegu landnámi. Það styðji jafnframt þá fullyrðingu að landið sé undirorpið fullkomnum eignarrétti að við stólsjarðauppböðin 1794 hafi jarðirnar verið seldar samkvæmt konungúrskurði sem fullkomið eignarland samkvæmt uppkölluðum landamerkjum. Þannig beri ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að landamerki hafi verið önnur fyrir gildistöku landamerkjaganna 1882.

Mótmælt sé þeirri túlkun, sem fram komi í greinargerð ríkisins, um að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd eftir nýtingu þeirra. Í fyrsta lagi sé viðurkennt af fræðimönnum að afréttarland geti verið fullkomið eignarland ef ótvírætt sé að það hafi í öndverðu eða síðar verið undirorpið fullkomnum eignarrétti. Mjög stór hluti lands á Suðurlandsundirlendi sé ekki í heilsársnotum af skiljanlegum ástæðum. Yfir vetrartímamann sé landið gegnfrosið og enginn skepna fari um það. Vetrararbeit sé nú víðast aflögð með nútímalandbúnaðarháttum.

Að því er varði staðhæfingar í greinargerð ríkisins um aðgreiningu lands í heimalönd og afrétti telji jarðeigendur o.fl. að innan jarðanna sé ekki um afrétti að ræða í þeirri merkingu sem heimamenn leggi í orðið afréttur. Sumar jarðir hafi hins vegar mjög víðfeðm heimalönd. Slíkt land, sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarland í víðustu merkingu þess orðs, sé hins vegar að mati jarðeigenda o.fl. eignarland enda viðurkennt af fræðimönnum að slíkt land geti verið undirorpið beinum eignarrétti. Á þessu landi séu t.d. ekki gerð fullkomin fjallskil af hálfu fjallskilastjórnar, þ.e. tvær lögskipaðar leitir samkvæmt 37. gr. laga um afréttamál og fjallskil, nr. 6/1986, enda um einkaland jarða að ræða sem landeigendur smali sjálfir. Skýrt hafi komið fram í skýrslutökum að land sunnan girðingar smali menn sjálfir. Þá hafi landeigendur séð um réttir á þessu svæði sjálfir en ekki fjallskilastjórn svo sem henni sé skylt að gera þegar um smölun afrétta sé að ræða, sbr. 49. og 51. gr. sömu laga. Þá bendi jarðeigendur o.fl. á að á vorin sleppi menn fê sínu í heimalönd og smali síðan til rúnings. Einnig sé ám sleppt í heimalönd á haustin eftir að lömb hafi verið tekin undan. Á afréttinn reki menn hins vegar fê í byrjun sumars og óheimilt sé að fara með fê í afrétt til haustbeitar.

Í greinargerð ríkisins sé þeirri tilgátu Einars Arnórssonar um að landnám í Hrunamannahreppi hafi náð allt til jökuls mótmælt án raka en Einar hafi einnig bent á ýmsar staðreyndir um byggð inn eftir afréttinum. Fræðimenn séu hins vegar sammála um að landsnámsmenn hafi numið sér land svo stórt að gagnaðist búsmala þeirra. Það komi og heim og saman við lýsingar Landnámu er lýsi víða landnámu mjög stórum og telji Haraldur Matthíasson að reglan hafi verið sú að landnám hafi náð langt upp í óbyggðir. Gróðurfar nú veiti enga vísbendingu um þetta enda sé það nú með allt öðrum hætti en við landnám.

Jarðeigendur o.fl. telja að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Benda þeir á að lýsingar Landnámu hafi verið taldar benda til þess að um beinan eignarrétt að landi væri að ræða, s.s. í H 1960 726 (Skeljabrekka) og H 1994 2228 (Geitland). Lýsing Landnámu á landnámi í Hrunamannahreppi séu óvenjuskýr og ljóst sé að land hreppsins hafi allt verið numið. Allt þetta landsvæði hafi aldrei verið kallað annað en Hrunamannahreppur. Þá sé því mótmælt að kveikja hafi þurft elda til nema land. Því sé raunar einnig mótmælt að viðkomandi landnámsmaður hafi ekki getað kveikt elda á þessu svæði með „skipshöfn sinni“ eins og greini í Landnámu.

Þá bendi jarðeigendur o.fl. á að í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi) hafi vafinn verið metinn sökunaut í hag. Viðkomandi skotveiðimenn hafi verið sýknaðir m.a. vegna vafa um hvar þeir voru staddir, vafa um landamerki og fleira. Í málsmeðferðinni fyrir óbyggðanefnd beri hins vegar að túlka vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eða að hve miklu leyti land hafi verið nýtt landeiganda í hag hafi hann athugasemdaleusa þinglýsta eignarheimild í hendi. Ríkið beri því sönnunarbyrðina fyrir því að umþrætt land hafi ekki verið numið í öndverðu og sé því eigendalaus.

Þá sé því sjónarmiði mótmælt að land, sem numið hafi verið í öndverðu, geti nokkurn tíma talist til þeirra landsvæða sem enginn eigi. Bændur á þessu svæði hafi snemma öðlast beitarrétt á þessu svæði fyrir venju. Fljótlega hafi orðið til reglur um nýtingu beitar á þessu sameignarlandi enda hafi sveitarfélögin snemma tekið við skipulagningu fjallskila og skipti þá engu í hvers eigu landið er sem smala þarf, sbr. 4. gr. laga um afréttamálefni og fjallskil, nú nr. 6/1986, sbr. 52. gr. sömu laga. Með nýbýlatilskipuninni 1776 hafi konungur heimilað stofnun nýbýla á eigendalausum svæðum og hafi því í raun allt land utan eignarlanda talist til ríkisins.

Í ljósi hinnar glöggu lýsingar Landnámu á landnámi í Hrunamannahreppi og þeirra staðreynda, sem liggja fyrir um byggð inn eftir öllum Hrunamannaafrétti, sé ljóst að atriði eins og staðhættir, víðátta og gróðurfar skipti ekki jafnmiklu máli hér eins og á öðrum svæðum þar sem heimildir um nám og nýtingu liggja ekki fyrir. Þá beri að líta til þess að Hrunamannaafréttur sé vel gróinn og hafi verið byggður inn eftir.

Jarðeigendur o.fl. telji að land innan jarðanna í Hrunamannahreppi hafi ekki sambærilega stöðu og Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði. Þar hafi vissulega verið um afréttarlönd að ræða en ekki heimalönd. Munurinn liggja m.a. í þeim notum sem menn hafi af heimalöndum þessum umfram afréttarlöndin og þeim réttindum sem jarðeigendur o.fl. hafi þar. Mestu skipti þó landeigendur hafi getað bannað öðrum not heimalanda þó víðfeðm séu. Sem dæmi um hin víðtæku not á heimalöndum þessum megi nefna að menn hafi nýtt skóg og hellutak á þessu svæði. Þá hafi menn gert samninga við Landgræðsluna en þar hafi landeigandinn tekið ákvörðun um að friða sitt land og bannað öðrum afnot þess.

Sjónarmiðum um að til séu einkaafréttir innan jarðanna sé alfarið mótmælt. Slíkar hugmyndir fari í bága við heimildir um landnám á þessu svæði, svo og heimildarskjöl sem liggja til grundvallar eignarrétti viðkomandi jarðeigenda. Í annan stað sé kenningum um afnotanáam hafnað. Miklu líklegra sé að afnotaréttur hafi myndast fyrir venju.

Í þjóðlendulögunum sé eignarland skilgreint sem „landsvæði sem háð er einkaeignarrétti þannig að eigandinn fer með öll venjuleg eignarráð þess“. Jarðeigendur o.fl. halda því fram að allt land, sem þeir hafa þinglýsta eignarheimild fyrir, sé eignarland. Innan þinglýstra landamerkja fari jarðeigendur einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfirráð.

Jarðeigendur o.fl. haldi því fram að alls staðar í Árnessýslu sé land innan þinglýstra landamerkja undirorpið beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi hefði enginn tilgangur verið með setningu landamerkjalaga frá 1882 hefðu þau ekki átt að veita eigandanum beinan eignarrétt að því landi sem landamerki jarðar hans náðu til. Ekkert bendi til þess í lögskýringargögnum að ráð hafi verið fyrir því gert að innan þinglýstra landamerkja gæti annars vegar verið land, sem jarðareigandinn ætti aðeins afnotarétt að og hins vegar land, sem undirorpið væri fullkomnum eignarrétti. Svo virðist sem með lögnum 1882 hafi verið reynt að koma skikki á þessi mál, þ.e. hvar mörk eignarlanda og afrétta lægju. Löggjafinn hafi farið með málið í krafti fullveldisréttar síns og skipað málum með lögum. Teljist afrétturinn eigendalaus sé í sjálfu sér rangt að halda því fram að enginn hafi farið með hið „eigendalaus“ svæði. Alþingi hafi þá að sjálfsögðu farið með yfirráðin þar og falið hreppstjórum og sýslumönnum að gæta réttar almennings. Það að enginn hafi gert athugasemd þegar landamerkjunum var þinglýst leiði til þess að þau hafi verið samþykkt af öllum jarðeigendum í hreppnum og þar með afréttareigandanum. Ljóst sé hins vegar að í Hrunamannahreppi hafi hreppsfélagið farið með forræði afréttarins á þeim tíma, sem landamerkin voru skráð.

Tilgangurinn með lögum um þjóðlendur hafi fyrst og fremst verið sá að gera ríkisvaldið að þinglýstum eiganda þeirra landsvæða sem enginn hafi skjöl fyrir að hann eigi en svo hátti til um hluta afrétta og jökla á hálendi Íslands. Landamerkjalyásingar ráði þar mjög miklu.

Eins og rakið sé í greinargerð með þjóðlendulögum hafi ekki verið talið fært að orða almenna lagareglu um eignarráð afrétta heldur yrðu dómstólar að skera úr um ef ágreiningur risi um eignarrétt að tilteknum afrétti. Staða þessara mála sé enn óbreytt nema hvað Hæstiréttur hafi í dómum sínum um Landmannaafrétt lagt ákveðnar meginreglur sem hann ætli þó löggjafanum að fylla enn frekar. Jarðeigendur o.fl. telji ljóst af þessum orðum að innan bújarðanna sé enginn vafi um eignarréttinn. Í ljósi þessa sé það krafa jarðeigenda o.fl. að viðurkennt verði að jörð með þinglýstum landamerkjum sé eignarland. Bent sé á að eigandi jarðar á Íslandi hafi öll eignarráð þessarar eignar í krafti hinnar þinglýstu eignarheimildar og geti m.a. bannað öðrum not hennar. Eigendur jarða á Íslandi hafi t.d. fengið eignarnámsbætur ef réttindi jarða þeirra hafa verið skert. Jarðeigendur telji að ekki séu rök til að mismuna eigendum bújarða eftir því hvort jarðir þeirra liggja að hálendinu eða séu á láglandi. Fræðimenn séu sammála um að maður, sem hafi þinglýsta eignarheimild að eign, sem lýsi viðkomandi fullkominn eiganda hennar, sé talinn eigandi hennar þar til annað sannist. Sá sem vilji vefengja þinglýsta eignarheimild hafi sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni, sbr. m.a. H 1997 2792 (Laugavellir).

Við mat á því hvort um fullkomið eignarland sé að ræða megi einnig horfa til fleiri heimilda en þinglýstra skjala, m.a. skrár Fasteignamats ríkisins, jarðaskrár landbúnaðarráðuneytis og landamerkjaskrár samkvæmt landamerkjalögum, nr. 41/1919. Flestar landamerkjaskrár byggist á eldri heimildum, s.s. máldagabókum, lögfestum og ýmsum óþinglýstum heimildarskjölum, t.d. dómum. Allar þessar heimildir bendi til þess að jarðir séu eignarland.

Viðurkennt sé af fræðimönnum að eignarréttur geti stofnast fyrir hefð, einnig á afréttarlandi. Þá geti hefð stutt aðra eignarheimild svo sem afsal. Bent sé á að 1. gr. hefðarlaga sé ætlað að taka af tvímæli um það að hefð verði unnin á verðmæti jafnvel þótt það hafi verið í opinberri eigu. Einnig er minnt á að venjuréttur á grundvelli löggerninga geti hér stutt tilkall til beins eignarréttar. Enginn annar en eigandinn hafi nýtt landið nema með samþykki eiganda. Þá sé bent á að fyrst hægt sé að vinna óbein eignarréttindi fyrir hefð á landi, sem ekki sé undirorpið eignarrétti, séu vandfundin rök fyrir því hvers vegna ekki ætti að vera hægt að öðlast beinan eignarrétt á sama landi fyrir hefð þótt ekki hafi verið fallist á það í Landmannaafréttardóminum.

8.3. Foss

Af hálfu þinglýstra eigenda jarðarinnar Foss er vísað til þinglýsts afsals, dags. 26. júlí 1995, og þinglýsts landamerkjabréfs fyrir Foss, dags. 3. júní 1885, þingl. 10. júní 1885, sbr. og veðbókarvottorð.

Því sé mótmælt að landamerki fyrir jörðina séu óljós. Þau hafi verið samþykkt vegna allra nærliggjandi jarða og séu að stærstum hluta vatnsföll. Landamerkjabréfi fyrir jörðina hafi verið þinglýst athugasemdalaust og enginn ágreiningur sé um merkin.

Þá styðji það jafnframt fullkominn eignarrétt á þessu landsvæði að við stólsjarðauppboðin 1794 hafi jarðir verið seldar sem fullkomið eignarland á grundvelli konungsúrskurðar og samkvæmt uppkölluðum landamerkjum. Jörðin Foss hafi verið seld með þessum kjörum árið 1790. Því sé haldið fram að konungsúrskurður um að stólsjarðir skyldu seldar með öllum gögnum og gæðum hafi haft lagagildi. Því hafi land, sem selt var á uppboðinu, verið selt sem eignarland, hvernig sem eignarhaldið hafi verið áður enda hafi konungur getað breytt landi sem ekki var undirorpið fullkomnum eignarrétti í fullkomið eignarland. Landamerkjum sé ekki lýst í uppboðsafsölum en uppkölluð landamerki hafi verið þau sömu og staðfest hafi verið við gildistöku landamerkjagalaganna 1882. Þetta megi ráða af jarðamötum en af þeim sé hægt að draga ályktanir um stærð jarðar.

Landið sé allt heimaland og nytjað árið um kring eftir því sem tilefni gefist til. Heimalönd geti

verið geysivíðfeðm og nýtingu landsins hafi verið hagað í samræmi við það að um jörð sé að ræða en ekki afrétt. Eigendur sjái um smölun og allar nytjar séu bannaðar nema með leyfi landeiganda. Ríkið hafi ekki sannað að nokkrir aðrir en landeigendur hafi nytjað landið án leyfis landeigenda. Skattar hafi verið greiddir af öllu landinu og samkvæmt fasteignamati bæði fornu og nýju. Ekki sé sérstakt afréttarmat á þessu landi.

Kröfur ríkisins til eignarréttar verði ekki studdar með tilvísun til hæðarlínu enda sé ekkert samræmi í því hjá ríkisvaldinu hvernig hæðarlínur séu metnar. Útilokað sé að menn missi eignarrétt á grundvelli huglægs mats forsvarsmanna ríkisins að þessu leyti enda ósannað og engum rökum stutt að land í vissri hæð geti ekki verið eignarland.

Af hálfu ríkisins hafi ekki verið færðar sönnur fyrir því að Foss hafi ekki verið innan landnáma í öndverðu enda séu fræðimenn á öðru máli.

Eigendur jarðarinnar hafi einir farið með öll not hennar í fullan hefðartíma og styðji það einnig eignartilkall þeirra.

Þá hafi allir hlutaðeigandi virt landamerki og eignartilkall landeigenda á grundvelli fyrirbyggjandi þinglýstra heimildarskjala í vel á aðra öld.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist, sbr. H 1961 629. Loks sé vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr.

8.4. Hlíð

Af hálfu þinglýstra eigenda Hlíðar sé vísað til þinglýstra afsala og skiptayfirlýsinga. Einnig er vísað til þinglýstra landamerkjabréfa fyrir Tungufell og Foss, undirritaðra af eiganda jarðarinnar Hlíðar, dags. 3. júní 1885, þingl. 10. júní 1885, sbr. og veðbókarvottorð og fasteignamatsvottorð.

Landamerki jarðarinnar komi fram í landamerkjabréfum Tungufells og Foss sem undirrituð séu af eiganda Hlíðar og þinglýst hafi verið athugasemdalaust. Ekki hafi verið talin þörf á sérstakri þinglýsingu fyrir Hlíð þar sem landamerki aðliggjandi jarða séu samþykkt og afar glögg í landslaginu. Enginn ágreiningur sé um þessi merki.

Núverandi not eigenda af jörðinni felist í því að eigendur séu að byggja sumarbústaði skv. staðfestu skipulagi. Einnig séu hellutök á fjallinu og skógrækt í undirbúningi.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist, sbr. H 1961 629. Loks sé vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr.

8.5. Hrunaheiðar (Hruni)

Af hálfu þinglýsts eiganda Hruna er vísað til þinglýsts landamerkjabréfs fyrir Hrunakirkjujarðir, dags. 12. maí 1885, sbr. og veðbókarvottorð, og eignarheimilda allt til máldaga frá 1331. Hruni hafi verið kirkjustaður allt frá Sturlungaöld og í elsta máldaga Hrunakirkju frá 1331 komi fram að Hrunaheiðar hafi fallið til Hrunastaðar með gjöf frá eiganda Hörgsholts, sbr. og Gíslamáldaga 1570. Þá hafi þetta svæði reyndar verið kallað Kaldbaksheiðar enda allt þetta land eign jarðarinnar Hruna. Þegar Kaldbakur hafi verið seldur frá Hruna hafi Hrunaheiðum verið haldið eftir sem eign Hruna og orðið sjálfstætt land.

Sennilegast sé að landnámsbærinn hafi verið í Hörgsholti og Hruni sé byggður út úr Hörgsholtinu og síðan sé þetta allt byggt hvað út frá öðru. Af hálfu ríkisins hafi ekki verið færðar sönnur fyrir því að Hrunakrókur hafi ekki verið innan landnáma í öndverðu enda séu fræðimenn á öðru máli. Hrunakirkjustaður hafi átt mikið land og samhangandi en síðar tapað eignarhaldinu á sumu og skipt öðru upp.

Landið sé allt heimaland í þeirri merkingu sem heimamenn leggi í það orð og nytjað árið um kring eftir því sem tilefni gefist til. Það teljist til jarðanna í Hrunamannahreppi enda liggi það sunnan afréttar. Heimalönd geti verið geysivíðfeðm og nýtingu landsins hafi verið hagað í samræmi við

það að um jörð sé að ræða en ekki afrétt. Um sé að ræða beitiland Hruna en það liggja innan byggðanna, hafi verið numið og teljist til heimalandanna frekar en afréttanna. Vísað sé til H 1987 1656 (Flateyjardalsheiði).

Á þetta land megi enginn reka nema eigandinn sjálfur. Fjallskilastjórn skipuleggi ekki á það fullkomnar leitir. Bændur á nærliggjandi jörðum sjái um smölun og Hrunamannahreppur hafi lagt til menn á þetta heiðarsvæði enda hafi bændur og ábúendur á svæðinu nokkurs konar munnlegan eða óformlegan samning við Hrunastað. Því hafi ekki verið mótmælt af hálfu eigandans og not þessi látin óátalin. Allar nytjar séu bannaðar nema með leyfi landeiganda. Ríkið hafi ekki sannað að nokkrir aðrir en landeigendur hafi nytjað landið nema með leyfi landeigenda. Skattar hafi verið greiddir af öllu landinu og samkvæmt fasteignamati, bæði fornu og nýju, en ekkert sérstakt afréttarmat sé á þessu landi.

Kröfur ríkisins til eignarréttar verði ekki studdar með tilvísun til hæðarlínu enda sé ekkert samræmi í því hjá ríkisvaldinu hvernig hæðarlínur séu metnar. Útilokað sé að menn missi eignarrétt á grundvelli huglægs mats forsvarsmanna ríkisins að þessu leyti enda ósannað og engum rökum stutt að land í vissri hæð geti ekki verið eignarland.

Eigendur jarðarinnar hafi einir farið með öll not hennar í fullan hefðartíma og styðji það einnig eignartilkall þeirra.

Þá hafi allir hlutaðeigandi virt landamerki og eignartilkall landeigenda á grundvelli fyrirbyggjandi þinglýstra heimildarskjala í vel á aðra öld.

Margt sé líkt með Hrunaheiðum og Tunguheiði í Biskupstungum sem dæmd hafi verið eignarland Bræðratungukirkju 1980. Eigi að gæta jafnræðis verði landið því vart úrskurðað þjóðlenda.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist, sbr. H 1961 629. Loks sé vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr.

8.6. Hrunakrókur

Af hálfu leigjanda Hrunakróks sé vísað til þinglýsts landamerkjabréfs fyrir Hrunakirkjujarðir, dags. 12. maí 1885, sbr. og lögfestu fyrir Hrunakrók frá 1809, og byggingarbréfs, dags. 24. janúar 1964, sbr. og veðbókarvottorð.

Sennilegast sé að landnámsbærinn hafi verið í Hörgsholti og Hruni sé byggður út úr Hörgsholtinu og síðan sé þetta allt byggt hvað út frá öðru. Af hálfu ríkisins hafi ekki verið færðar sönnur fyrir því að Hrunakrókur hafi ekki verið innan landnáma í öndverðu enda séu fræðimenn á öðru máli. Hrunakirkjustaður hafi átt mikið land og samhangandi en síðar tapað eignarhaldinu á sumu og skipt öðru upp. Hrunakrókur hafi verið hjáleiga frá Hruna. Ekki hafi verið þar samfelld byggð í manna minnum og jörðin endanlega farið í eyði 1902. Mótmælt sé fráleitum hugleiðingum um að Hrunakrókur hafi verið sel.

Landið sé allt heimaland og nytjað árið um kring eftir því sem tilefni gefist til. Heimalönd geti verið geysivíðfedm og nýtingu landsins hafi verið hagað í samræmi við það að um jörð sé að ræða en ekki afrétt. Eigendur sjái um smölun og allar nytjar séu bannaðar nema með leyfi landeiganda. Ríkið hafi ekki sannað að nokkrir aðrir en landeigendur hafi nytjað landið, nema með leyfi landeigenda. Skattar hafi verið greiddir af öllu landinu og samkvæmt fasteignamati, bæði fornu og nýju. Ekki sé sérstakt afréttarmat á þessu landi.

Kröfur ríkisins til eignarréttar verði ekki studdar með tilvísun til hæðarlínu enda sé ekkert samræmi í því hjá ríkisvaldinu hvernig hæðarlínur séu metnar. Útilokað sé að menn missi eignarrétt á grundvelli huglægs mats forsvarsmanna ríkisins að þessu leyti enda ósannað og engum rökum stutt að land í vissri hæð geti ekki verið eignarland.

Eigendur jarðarinnar hafi einir farið með öll not hennar í fullan hefðartíma og styðji það einnig eignartilkall þeirra.

Þá hafi allir hlutaðeigandi virt landamerki og eignartilkall landeigenda á grundvelli fyrirbyggjandi þinglýstra heimildarskjala í vel á aðra öld.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. H 1961 629. Loks sé vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr.

8.7. Kaldbakur

Af hálfu þinglýsts eiganda Kaldbaks er vísað til þinglýsts afsals frá 20. mars 2000, sbr. áður byggingarbréf, dags. 24. janúar 1964, og þinglýsts landamerkjabréfs fyrir Hrunakirkjujarðir, dags. 12. maí 1885, sbr. og veðbókarvottorð.

Land jarðarinnar liggja innan upphaflegrar landnámsjarðar. Sennilegast sé að landnámsbærinn hafi verið í Hörgsholti og Hruni sé byggður út úr Hörgsholtinu og síðan sé þetta allt byggt hvað út frá öðru. Hrunakirkjustaður hafi átt mikið land og samhangandi en síðar tapað eignarhaldinu á sumu og skipt öðru upp.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. H 1961 629. Loks sé vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. og þeirra sjónarmiða sem reifuð hafi verið vegna annarra jarða.

8.8. Kluftir

Af hálfu þinglýsts eiganda Klufta er vísað til þinglýsts afsals, dags. 18. júní 1957, og þinglýsts landamerkjabréfs fyrir Hrunakirkjujarðir, dags. 12. maí 1885, sbr. og veðbókarvottorð.

Því sé mótmælt að landamerki séu óljós, þau séu samþykkt vegna allra nærliggjandi jarða, ágreiningslaus og hafi verið þinglýst athugasemdalaust.

Þá hafi íslenska ríkið ekki sannað að Gestur Guðbrandsson hafi ekki haft heimild til að afsala Kluftum til Hrunamannahrepps 1957.

Sennilegast sé að landnámsbærinn hafi verið í Hörgsholti og Hruni sé byggður út úr Hörgsholtinu og síðan sé þetta allt byggt hvað út frá öðru. Hrunakirkjustaður hafi átt mikið land og samhangandi en síðar tapað eignarhaldinu á sumu og skipt öðru upp. Af hálfu ríkisins hafi ekki verið færðar sönnur á það að Kluftir hafi ekki verið innan landnáma í öndverðu enda séu fræðimenn á öðru máli.

Landið sé allt heimaland og nytjað árið um kring eftir því sem tilefni gefist til. Heimalönd geti verið geysivíðfeðm og nýtingu landsins hafi verið hagað í samræmi við það að um jörð sé að ræða en ekki afrétt. Eigendur sjái um smölun og allar nytjar séu bannaðar nema með leyfi landeiganda. Nú nytji nautgriparæktarfélag sveitarinnar jörðina að hluta með nautagirðingu. Ríkið hafi ekki sannað að nokkrir aðrir en landeigendur hafi nytjað landið nema með leyfi landeigenda. Skattar hafi verið greiddir af öllu landinu og samkvæmt fasteignamati, bæði fornu og nýju. Ekki sé sérstakt afréttarmat á þessu landi.

Kröfur ríkisins til eignarréttar verði ekki studdar með tilvísun til hæðarlínu enda sé ekkert samræmi í því hjá ríkisvaldinu hvernig hæðarlínur séu metnar. Útilokað sé að menn missi eignarrétt á grundvelli huglægs mats forsvarsmanna ríkisins að þessu leyti enda ósannað og engum rökum stutt að land í vissri hæð geti ekki verið eignarland.

Eigendur jarðarinnar hafi einir farið með öll not hennar í fullan hefðartíma og styðji það einnig eignartilkall þeirra.

Þá hafi allir hlutaðeigandi virt landamerki og eignartilkall landeigenda á grundvelli fyrirbyggjandi þinglýstra heimildarskjala í vel á aðra öld.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. H 1961 629. Loks sé vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr.

8.9. Tungufellstorfa, þ.e. Tungufell, Jaðar I (Hamarsholt) og Jaðar II

Af hálfu þinglýstra eigenda jarða í Tungufellstorfu er vísað til þinglýstra afsala og skiptayfirlýsinga og þinglýsts landamerkjabréfs fyrir Tungufell, Jaðar og Hamarsholt, dags. 3. júní 1885, þingl. 10. júní 1885, sbr. og veðbókarvottorð, og fasteignamatsvottorð.

Því sé mótmælt að landamerki jarðarinnar hafi ekki verið samþykkt. Löggjafinn hafi skipað svo málum með landamerkjalogum frá 1882 að ekki hafi þurft sérstakt samþykki afréttareiganda nema landeigandi krefðist þess. Hrunamannahreppur hafi samþykkt mörkin fyrir sitt leyti sem handhafi afréttarins. Það hafi sýslumaður einnig gert f.h. löggjafarvaldsins en samkvæmt landamerkjalogunum hafi löggjafinn falið sýslumönnum eftirlitsvald með framkvæmd laganna. Landamerkjabréfi fyrir jörðina hafi verið þinglýst athugasemdaleaust. Um þessi merki sé ekki ágreiningur og hafi ekki verið.

Landamerkin byggist einnig á lögfestu Tungufells frá 1670. Landamerki Tungufellstorfu hafi því verið nánast óbreytt í rúm 300 ár. Sá munur sé þó á að í lögfestunni sé talað um Melrakkaá en í landamerkjabréfinu Heiðará. Upptök Heiðarár séu dálítið austar en Melrakkaár. Samkvæmt lögfestunni eigi Tungufellsmenn því verulega meira land en samkvæmt landmerkjabréfinu. Það sé þó hið síðari tíma plagg, undirskrifað og frágengið, sem gildi og þarna styðji lögfestan landamerkjabréfið. Hugsanlega hafi Melrakkaá ekki verið til en þetta hafi allt heitið Búðará. Stutt sé hins vegar frá upptökum Melrakkaár í upptök Heiðarár.

Land jarðanna nái að fornum afréttarmörkum sem viðurkennd hafi verið í Hrunamannahreppi frá ómunatíð, þ.e. að Búðará og Heiðará ráði mörkum heimalanda og afrétta en afréttargirðingin liggja litlu neðar.

Landið sé allt heimaland og nytjað árið um kring eftir því sem tilefni gefist til. Heimalönd geti verið geysivíðfeðm og nýtingu landsins hafi verið hagað í samræmi við það að um jörð sé að ræða en ekki afrétt. Eigendur sjái um smölun og allar nytjar séu bannaðar nema með leyfi landeiganda. Ríkið hafi ekki sannað að nokkrir aðrir en landeigendur hafi nytjað landið nema með leyfi landeiganda. Skattar hafi verið greiddir af öllu landinu og samkvæmt fasteignamati, bæði fornu og nýju. Ekki sé sérstakt afréttarmat á þessu landi.

Kröfur ríkisins til eignarréttar verði ekki studdar með tilvísun til hæðarlinu enda sé ekkert samræmi í því hjá ríkisvaldinu hvernig hæðarlinur séu metnar. Útilokað sé að menn missi eignarrétt á grundvelli huglægs mats forsvarsmanna ríkisins að þessu leyti, enda ósannað og engum rökum stutt að land í vissri hæð geti ekki verið eignarland.

Þegar afréttargirðing hafi verið reist milli Hvítár og Stóru-Laxár árið 1912 á hentugu girðingarstæði hafi allstórt landsvæði, þá óskipt sameign Tungufells, Jaðars og Hamarsholts, lent ofan girðingar. Hafi þá strax verið gerður leigusamningur við sveitarfélagið um það land. Sé sá samningur enn í gildi, með nokkrum breytingum þó, því sveitarfélagið hafi keypt hlut Jaðars. Í þessu felist augljóslega fullkomin viðurkenning sveitarfélagsins á eignarrétti Tungufellsbænda.

Landeigendur hafi lagt allnokkra vegarslóða um ofangreint landsvæði á sinn kostnað. Námur hafi verið nýttar á þessu svæði og landeigendum greiddar bætur, sbr. bætur Landsvirkjunar 1979 vegna línuveggar.

Af hálfu ríkisins hafi ekki verið færðar sönnur fyrir því að Tungufellstorfan hafi ekki verið innan landnáma í öndverðu enda séu fræðimenn á öðru máli.

Eigendur torfunnar hafi einir farið með öll not hennar í fullan hefðartíma og styðji það einnig eignartilkall þeirra.

Þá hafi allir hlutaðeigandi virt landamerki og eignartilkall landeigenda á grundvelli fyrirbyggjandi þinglýstra heimildarskjala í vel á aðra öld.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist, sbr. H 1961 629. Loks sé vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnskrár, einkum 72. gr.

8.10. Hrunamannaafréttur

Kröfur jarðeigenda o.fl. byggist á þinglýstum afsölum og landamerkjalyðingu fyrir afréttarlandinu. Að því marki sem Hrunamannahreppur hafi ekki sem löggjafarstjórn eignast afréttarlandið með kaupum sé það eign eigenda þeirra jarða í Hrunamannahreppi sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi á afréttinum. Sé á því byggt að landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og það síðan fylgt jörðunum og sé því í óskiptri sameign eigenda jarðanna í Hrunamannahreppi. Vísad sé til þess sem áður hefur verið rakið um byggð inn eftir Hrunamannahreppi. Sú staðreynd, að svæði þetta hafi áður verið í byggð, skapi því sérstöðu gagnvart öðrum svæðum sem ekki hafi verið viðurkennd sem fullkomin eignarlönd, s.s. Auðkúluheiði og Landmannaafréttur.

Því sé mótmælt að réttarþróunin hafi verið sú að eigna ríkisheildinni á hverjum tíma grunnrétt að löndum utan eignarlanda svo sem haldið sé fram í greinargerð ríkisins. Því sjónarmiði hafi þvert á móti verið hafnað mjög skýrlega í Landmannaafréttardóminum seinni frá 1981. Óbyggðir eigi enginn, og því sé óþarft fyrir ríkið að kasta eign sinni á þær, svo sem komi fram í greinargerð með þjóðlendulögum.

Nýbýlatiskipunin bendi til fullkomins eignarréttar ríkisins á óbyggðum en lögin frá 1897 geri ráð fyrir eignarrétti sveitarfélaganna. Vatnalög, námalög og önnur þau lög, sem lögmaður ríkisins vísi til, byggja á því að Alþingi geti í skjóli valdheimilda sinna farið með eigendalaust land á Íslandi. Um það sé ekki deilt og komi kröfu ríkisvaldsins í þjóðlendumálum ekki við.

Fullyrðingar um að það sé forsenda ríkis á Íslandi að ríkisvaldið eigi landið sé einhver sú mesta fjarstæða sem haldið hafi verið fram í þessu máli. Þeim fullyrðingum sé mótmælt sem fráleitu.

Samningur Hrunamanna og Biskupstungnamanna frá 1848 um ákveðin óbein eignarréttindi Hrunamanna á landinu norðan Hvítár, og sem gerður hafi verið fyrir yfirvöldum og staðfestur af þeim, styðji einnig kröfuna um að fullkomið afréttarlandið sé undirorpið fullkomnum eignarrétti. Þar sé um sambærilegt land að ræða.

Samkvæmt gögnum, sem rakin hafi verið, sé ljóst að byggð hafi verið á öllum afréttinum, sem sanni að land þetta hafi verið numið í öndverðu. Lega og afmörkun svæðisins sé skýrt afmörkuð af stórum vatnsföllum og jöklum. Sambærilegt land hafi verið viðurkennt sem eignarland.

Ljóst sé að landið í Hrunamannahreppi hafi aldrei orðið eigendalaust heldur hafi hreppurinn eignast býli sem fóru í eyði, fyrir venju og hefð fyrst og fremst, og lagt land þeirra til afréttarins. Til séu munnmæli um að hreppurinn hafi keypt landið en fyrir því séu ekki önnur skrif en þau sem oddviti setti á blað 1978. Engin býli hafi verið reist á landinu á grundvelli nýbýlatiskipunarinnar sem sýni að ekki hafi verið litið á landið sem eigendalaust land. Þá hafi verið litið svo á samkvæmt fjallskilareglugerðum frá öllum tímum að Hrunamenn ættu Hrunamannaafrétt, sbr. 5. gr. reglugerðar frá 8. september 1953.

Þá sé ljóst að ákvörðun um að leigja hluta landsins sem fullkomið eignarland hefur verið samþykkt af yfirvöldum. Hrunamenn hafi einir farið með öll not þessa landsvæðis. Enginn hafi byggt þar, framkvæmt eða nytjað svæðið með neinum hætti án samþykkis hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Hér styðji hvort annað, landnámslýsingar og hefðarsjónarmið. Verði ekki fallist á að um fullkomið eignarhald hafi verið að ræða, sem leiði til viðurkenningar á beinum eignarrétti hefðanda, sé vandséð að hefð verði nokkurn tíma viðurkennd sem grundvöllur eignarréttar. Slík niðurstaða fari þvert gegn kenningum Gauks Jörundssonar á þessu sviði.

Mótmælt sé sérstaklega hugleiðingum ríkisins um að orðalag í afsölum bendi til óbeins eignarréttar á ofangreindu svæði. Þvert á móti sé ljóst að um fullkomið eignarland sé að ræða, sbr. t.d. Lyfrd. (eldri) VII/223 (Bleiksmýrardalur).

Landsvæði þetta hafi verið nytjað af eigendum jarða í Hrunamannahreppi allt frá landnámsöld en hreppsfélagið hafi farið með málefni afréttarins f.h. landeigenda allt frá stofnun hreppsfélagsins. Afrétturinn hafi á hverjum tíma verið nýttur til fulls með þeim hætti sem tíðarandi, tækifæri og möguleikar hafi verið til á hverjum tíma. Þannig hafi landið verið nýtt til beitar, grastekju, veiða,

skógarhögg, kolagerðar og námutöku. Þá hafi landið verið leigt og vatnsréttindi verið seld og leigð. Sé þannig ítrekað að Hrunamenn hafi unnið eignarhefð á umræddu landi. Einungis Hrunamenn hafi notað landið og jafnframt hafi þeir bannað öðrum not þess.

Ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt fullkominn eignarrétt Hrunamannahrepps sjálfs og f.h. landeigenda á afréttinum, með því að þinglýsa heimildarskjöllum, m.a. með því að þinglýsa vatns-sölusamningum vegna afréttarins á sínum tíma, sbr. þinglýsingu kaupsamnings um vatnsréttindi í Hvítá 13. júní 1918. Þinglýsing þessi hafi verið dómsathöfn og hafi bindandi áhrif.

Jörðin Jaðar hafi verið keypt að hluta og lögð til afréttar. Hluti af landi Tungufells hafi verið tekinn á leigu og lagður til afréttar. Sé ljóst að þar sé um fullkomið eignarland að ræða, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn II). Sé að öðru leyti vísað til þess sem rakið sé í kröfúlýsingu fyrir Tungufells-torfu.

Samkvæmt framangreindum heimildum sé afrétturinn með öllum gögnum og gæðum undirorpinn beinum eignarrétti landeigenda, að undanteknum þeim réttindum sem Hrunamannahreppur hafi leigt til Fannborgar hf. og að undanteknum vatnsréttindum í Hvítá sem seld hafi verið með kaupsamningi 17. desember 1917 og þinglýstur 13. júní 1918. Á því sé byggt að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt, þannig að bindandi sé, að umrætt land innan ofangreindra landamerkja sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og því verði ekki hnekkd nú, mörg hundruð árum síðar.

Þá verði einnig við úrlausn máls á stjórnarsýslustigi að gæta jafnræðisreglna en sambærilegt fjalllendi hafi af hálfu ríkisins víða verið viðurkennt sem eignarland, t.d. á Hellisheiði, og í afsölum fyrir Auðkúluheiði og Húksheiði. Þá megi nefna landsvæði eins og Skaftafell og Stafafell í Lóni, Möðrudalsöræfi og mörg önnur hálendissvæði sem enginn ágreiningur hafi verið um eignarhald á fram að þessu. Því sé haldið fram að óbyggðanefnd geti ekki tekið einstök svæði til úrlausnar fyrr en fyrir liggja kröfugerð til alls landsins svo gæta megi jafnræðis við úrlausn málanna. Með öðru móti verði ekki nægilega rannsakað hvernig eignarhaldi sé almennt háttað á landi sambærilegu því sem hér er til umfjöllunar.

Landeigendur vísa til stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, einkum 72. gr. og 65. gr., svo og til meginreglna í eignarrétti. Þá er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórn-sýsluréttar. Þá er minnt á reglu stjórnarsýslulaga um álitsumleitan. Einnig er vísað til laga um afréttamálefni og fjallskil, nr. 6/1986. Að lokum er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr.

Málkostnaðarkrafa er byggð á 17. gr. laga 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr.

9. SJÓNARMÍÐ FANNBORGAR EHF.

Af hálfu Fannborgar ehf. er vísað til þess að með samningi, dags. 28. júlí 1964, hafi Hrunamannahreppur skuldbundið sig til að leigja Fannborg hf. gegn árlegu gjaldi land í Kerlingarfjöllum, í Ásgarði, undir skíðaskála og aðrar nauðsynlegar byggingar honum viðkomandi. Einnig hafi hreppurinn leyft félaginu að hagnýta sér jarðhita í sambandi við rekstur skíðaskálans. Tekið sé fram að stærð landsins sé um einn hektari. Samningurinn sé ótímabundinn en með endurskoðunarákvæði og sé vísað að öðru leyti til almennra reglna um samninga í kaupstöðum varðandi leigutímann. Hinn 21. október 1965 hafi sömu aðilar samið um viðbót við framangreindan samning þar sem nánar hafi verið kveðið á um leigu leigulandsins, leigutaka hafi verið veitt heimild til að veðsetja leiguréttindin og því slegið föstu að landið sé leigt til 50 ára frá 28. júlí 1964.

Með samningi, dags. 20. maí 1973, sem gerður hafi verið með vísan til og sem viðbót við samninginn frá 28. júlí 1964 og viðbótarákvæðin frá 21. október 1965, hafi Hrunamannahreppur í 1. gr. veitt Fannborg hf. einkarétt til að reka skíðastað í Kerlingarfjöllum á svæði innan tilgreindra norður-, vestur-, suður- og austurmarka, sbr. og meðfylgjandi kort. Í 2. gr. hafi félaginu verið veitt

heimild til að reisa á svæði þessu mannvirki eftir þörfum skv. 1. gr. í samráði við bygginganefnd hreppsins.

Jafnframt hafi Hrunamannahreppur skuldbundið sig til að leyfa ekki öðrum án samþykkis Fannborgar hf. neins konar rekstur, nýbyggingar eða aðrar framkvæmdir á hinu tilgreinda svæði, sbr. 3. gr. samningsins, en áskilið sér þó allan rétt til framkvæmda á svæðinu í sambandi við nýtingu landsins sem afréttar í samráði við félagið. Samkvæmt 4. gr. samningsins gildi hann til 28. júlí árið 2014.

Á grundvelli þessara samninga og í samræmi við þá hafi Fannborg (e)hf. allt frá 1964 byggt upp og rekið umtalsverða starfsemi á þessum stað sem löngu sé landsþekkt undir nafninu Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum. Þá hafi félagið reist á samningssvæðinu fjölda húsbygginga og önnur mannvirki sem tengist þeirri starfsemi. Þessa landnýtingu hafi ríkisvaldið ekki einungis látið átölulausa heldur og veitt starfseminni margvíslega viðurkenningu og stuðning, m.a. með framkvæmdalánum úr sjóðum á þess vegum og beinum styrkjum.

10. SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR

Af hálfu Landsvirkjunar er atvikum máls lýst svo að fyrirtækið reki á hinu tilgreinda landsvæði, svæði nr. 1, stærstu orkuver fyrirtækisins og mannvirki sem þeim tengist, svo sem stíflur, uppistöðulón, vatnsvegi, háspennulínur, spennavirki svo og ýmis önnur mannvirki, sem tengist starfsemi þess.

Tilgangur Landsvirkjunar sé meðal annars að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu. Tilgangur fyrirtækisins sé enn fremur að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins, svo og að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar, sbr. 2. grein laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum. Þá sé það einnig tilgangur Landsvirkjunar að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt sé talið og beri fyrirtækinu einnig að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Landsvirkjun leggi áherslu á að fyrirtækið sé eigandi allra vatnsréttinda og nauðsynlegra landsréttinda á vatnasvæði Þjórsár ofan ármóta hennar og Fossár og krefst þess að það verði viðurkennt af óbyggðanefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Það feli í sér að þrátt fyrir að leyfi forsætisráðherra skv. 2. mgr. 3. gr. Þjóðlendulaganna þurfi vegna nýrrar nýtingu vatnsréttindanna og meðfylgjandi landsréttinda á svæðinu (Vatnsfellsvirkjun á Holtamannaafreitti), þá sé ekki heimilt að ákvarða endurgjald skv. 4. mgr. sömu greinar fyrir nýtingu þeirra réttinda sem Landsvirkjun hafi nú þegar, þ.e. öll vatnsréttindi og nauðsynleg landsréttindi á Þjórsársvæðinu, ofan ármóta við Fossá, sbr. 2. mgr. 5. gr. Þjóðlendulaganna.

Meðal þeirra þátta sem helst koma til skoðunar í máli þessu og ástæða sé til þess að beina sjónum að eru vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun, auk annarra virkjunarkosta í Efri-Þjórsá.

Landsvirkjun hafi látið gera áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggi fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá. Áætlunum þessum sé lýst í skýrslu: Efri-Þjórsá, samanburður virkjunarkosta, dags. í desember 1992. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun geri þær áætlanir ekki ráð fyrir mannvirkjum á Hrunamannaafreitt þótt upptök þessara vatna séu þar. Því sé ekki þörf á að tíunda nánar í þessu máli útfærslu eða framkvæmdáætlun.

Á því svæði sem hér sé til meðferðar liggur 220 kV háspennulína frá Hrauneyjafossvirkjun. Um

er að ræða aðalorkuveitu frá virkjuninni. Línan liggir frá Stóru-Laxá við mörk Flóa- og Skeiðamannaafréttar í vestur að Hvítá á mörkum Biskupstungnahrepps. Með fram henni liggur svonefndur „línuvegur“.

Lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé í lögum nr. 37/1971 og 1. og 6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum. Iðnaðarráðherra veitti leyfi fyrir Hrauneyjafosslínu 30. desember 1976.

Í þessu máli vilji svo til að línan liggir um það landsvæði sem deilt er um, þ.e. á mörkum Hrunamannaafréttar og landi sem talið sé tilheyra Hrunaheiðum, Tungufelli og Jaðri.

Heimilda til byggingar línunnar hafi eingöngu verið aflað hjá Hrunamannahreppi á árunum 1978-1979 í samræmi við 5. gr. skipulagslaga, nr. 31/1968. Gengið hafi verið frá samningum við hreppinn á árinu 1979 um bætur fyrir línubygginguna.

Á það sé lögð áhersla að Landsvirkjun er eigandi framangreindrar orkuveitu og þeirra réttinda á afréttinum sem þarf til reksturs hennar og viðhalds. Þar með sé talinn óheftur umferðarréttur og réttur til að viðhalda vegi með fram línunni. Sé nauðsynlegt að þessi réttindi verði viðurkennd af óbyggðanefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Það feli í sér að ekki sé heimilt að ákvarða endurgjald skv. 4. mgr. 3. gr. Þjóðlendlaga fyrir nýtingu réttindanna.

Úrskurður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis haggi ekki réttindum Landsvirkjunar. Sé rétt að benda á að í samkomulagi við hreppinn um byggingu línunnar hafi beinlínis verið tekið fram að ekki sé tekin afstaða af hálfu Landsvirkjunar varðandi eignarrétt á landinu.

Þá sé fyrirhuguð bygging 400 kV háspennulínu frá Sultartangavirkjun að aðveitustöð Landsvirkjunar við Brennimeil í Hvalfirði. Á því landsvæði, sem hér um ræðir, muni línan liggja samhliða Hrauneyjafosslínu (220 kV). Almenna lagaheimild til byggingar línunnar sé að finna í lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983 og 1. og 6. mgr. 2. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981.

Hrauneyjafosslína sinni orkufrekum iðnaði á Grundartanga í Hvalfirði. Sé þar um að ræða járnblendiverksmiðjuna og álbræðslu Norðuráls. Upphafleg stærð álversins miðaðist við 60 þús. tonna ársframleiðslu en umhverfismat og samningar geri ráð fyrir að unnt verði að stækka álverið í tveimur áföngum þannig að ársframleiðsla miðist við 180 þús. tonn. Nú þegar sé unnið að fyrri áfanga stækkunar álvers Norðuráls í 90 þús. tonna ársframleiðslu. Ef álver Norðuráls verði stækkað í hámarksstærð samkvæmt samningum, þ.e. 180 þús. tonna framleiðslu og ef bætt verði við fjórða ofni í verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins sé ljóst að leggja þurfi Sultartangalínu 2, þ.e. orkuveitu frá virkjuninni í aðveitustöðina á Brennimeil til að sinna aukinni orkuþörf fyrir tækjanna. Muni hún liggja samhliða Hrauneyjafosslínu og krefjast sambærilegra réttinda, m.a. til umferðar og viðhalds. En framkvæmdatími hefur ekki verið ákveðinn. Landsvirkjun heldur til haga í máli þessu rétti sínum til byggingar 440 kV Sultartangalínu samhliða Hrauneyjafosslínu.

Landsvirkjun taki fram m.a. vegna dómsmála, sem fyrirtækið hafi verið aðili að, að fyrirtækið mótmæli öllum kröfum um að ríki, sveitarfélög, aðrir lögaðilar eða einstaklingar eigi beinan eignarrétt að afréttarlandi nema þeim sem kröfuna hafi uppi takist að sanna fullkominn eignarrétt, sbr. t.d. H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) og H 1997 1162 og 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar). Að öðrum kosti telst afréttarland vera Þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Í því sambandi áréttar Landsvirkjun að gerð sé krafa um að óbyggðanefnd viðurkenni réttindi fyrirtækisins á því svæði sem til umfjöllunar er. Í 2. mgr. 5. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998, sé kveðið á um að þeir sem sannað geti að þeir eigi réttindi innan Þjóðlendu skuli halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Þessa grein laganna ber að skilja svo að ekki sé unnt að ákvarða endurgjald vegna beinna eða óbeinna eignarréttinda innan marka Þjóðlendu sem fengin séu fyrir gildistöku laganna. Með öðrum orðum að þá sé óheimilt að krefja um endurgjald fyrir nýtingu réttinda, sbr. 4. mgr. 3. gr. Þjóðlendlaga fyrir þau réttindi sem hafi orðið til fyrir 1. júlí 1998. Sé þetta eðlilegt og í samræmi við þá almennu reglu að gildi laga sé ekki afturvirk.

Jafnframt sé áréttað í þessu sambandi að hvort sem það landsvæði, sem er til umfjöllunar í máli

Þessu, verði talið þjóðlenda eða eignarland þá standi óhöggud þau réttindi sem Landsvirkjun hafi fengið með lögum og samningum og sönnur hafi verið færðar á, sbr. kröfulýsingu fyrirtækisins og greinargerð. Með öðrum orðum þá breyti niðurstaða óbyggðanefndar um hver sé eigandi þess landsvæðis engu um lögmat réttindi Landsvirkjunar á því.

Að lokum sé gerð krafa um að viðurkennd verði landsréttindi og umferðarréttindi sem þurfi til reksturs allmargra mælistöðva sem Landsvirkjun eigi og reki á hálendinu ofan byggðar í Árnes-sýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu.

11. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá bls. 55.

12. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður tekin afstaða til krafna málsaðila um frávísun og fleira vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar. Því næst verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og loks gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Í kafla 13 er umfjöllun og niðurstaða um kröfur Landsvirkjunar á svæðinu.

12.1. Kröfur um sáttatillögu, frávísun o.fl.

Við fyrirtöku málsins 1. mars 2000 kom fram krafa Hrunamannahrepps um að óbyggðanefnd legði fram sáttatillögu í málinu og var í því sambandi vísað til 15. gr. laga nr. 58/1998. Eftirfarandi ákvörðun óbyggðanefndar var af þessu tilefni færð til bókar við fyrirtöku 28. mars:

Ákvæði 15. gr. laga nr. 58/1998 er svohljóðandi: „Óbyggðanefnd leitar satta með aðilum nema telja verði að sáttatilaun verði árangurslaus.“ Ákvæðið kveður ekki á um skyldu óbyggðanefndar til að leggja fram sáttatillögu. Í því felst að nefndin skuli sjálf meta hvort og með hvaða hætti leitað skuli satta. Við það mat hefur óbyggðanefnd í huga að málsaðilar hafa ekki forræði á hvers kyns ágreiningi fyrir nefndinni. Þá ber þess að geta að gagnaöflun stendur nú yfir í umræddum málum.

Það er mat óbyggðanefndar að forsendur til að leita satta séu ekki fyrir hendi að svo komnu máli. Ofangreindri kröfu er því hér með hafnað.

Í greinargerð Ólafs Björnssonar hrl. fyrir hönd eigenda jarða og afrétta í Hrunamannahreppi, sem lögð var fram á fundi óbyggðanefndar 8. maí 2000, var þess krafist að kröfum ríkisvaldsins, er lytu að þinglýstum eignarlöndum, yrði vísað frá óbyggðanefnd, málflutningur færi ekki fram fyrr en umboðsmaður Alþingis hefði látið í ljósi álit sitt á atriðum sem til hans hafi verið beint með kvörtun af hálfu lögmannsins og umsagnir ýmissa aðila lægju fyrir. Krafa um hið síðastnefnda kom einnig fram í greinargerð lögmannsins fyrir hönd Fannborgar ehf. Jafnframt var farið fram á að framkomin frávísunarkrafa yrði flutt sérstaklega og um hana úrskurðað áður en að fyrirhuguðum málflutningi fyrir óbyggðanefnd kæmi.

Af þessu tilefni var eftirfarandi ákvörðun kynnt málsaðilum þann 30. maí 2000:

Með hliðsjón af aðdraganda málsins og þá einkum skilgreiningar og auglýsingar nefndarinnar á því svæði, sem nú er til meðferðar, eru ekki forsendur til að fjalla sérstaklega um kröfu um frávísun á

ákveðnum þáttum kröfugerðar íslenska ríkisins. Úrlausn um þau atriði tengist og fellur saman við efnismeðferð málsins, enda á ákvæði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998 ekki við í þessu sambandi, sbr. áðurnefndan aðdraganda að málsmeðferð á svæðinu og verksvið nefndarinnar almennt.

Þá vill óbyggðanefnd benda á að óbyggðanefnd er stjórnáslunefnd og hlutverk hennar er skýrt afmarkað í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Það er ekki á verksviði óbyggðanefndar að meta stjórnskipulegt gildi laga enda hefur það verið talin grundvallarregla í íslenskum rétti að slíkt sé ekki á verksviði annarra en dómstóla, sbr. 2. gr. laga nr. 33/1944, sbr. einnig 60. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur að skylda til að leita álots þeirra aðila, sem lögmaðurinn tilgreinir, verði hvorki leidd af 4. mgr. 10. gr. né 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig 10. gr. stjórnáslulaga, nr. 37/1993.

Engin lagaheimild er fyrir hendi til þess að fresta máli uns úrlausn umboðsmanns Alþingis liggur fyrir.

Óbyggðanefnd byggir forsendur sínar á reglum eignarréttar, sem raktar eru í úrskurði þessum, og úrskurðar á grundvelli þeirra meðal annars um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Þessum almennum reglum er beitt í hverju máli og eru málin flutt fyrir nefndinni með það fyrir augum. Óbyggðanefnd telur ekki að kröfur fyrir aðra landshluta geti breytt forsendum eða niðurstöðu fyrir það mál, sem nú er til umfjöllunar, og telur að með beitingu sömu reglna eignarréttarins á öll landsvæði sé tryggt að jafnræðis verði gætt í málum fyrir nefndinni. Kröfu um að úrskurðir í Árnassýslu verði ekki kveðnir upp fyrir en kröfum hafi verið lýst fyrir allt landið er því hafnað.

12.2. Landnám

Eins og áður hefur komið fram greinir Landnámubók frá því að Bröndólfur og Már Naddoddssynir hafi numið Hrunamannahrepp allan, „svo vítt sem vötn deila“. Þrír aðrir landnámsmenn eru nafngreindir á þessu svæði og komu þeir síðar til sögunnar. Mörkum frumlandnámsins er ekki lýst nákvæmlega en af frásögn Landnámu hafa fræðimenn dregið þá ályktun að það hafi legið milli Stóru-Laxár að austan og sunnan og Hvítár að vestan og náð að upptökum vatna. Um það hefur hins vegar verið meiri ágreiningur hvernig háttáð var skiptingu lands þeirra manna sem síðar settust þar að. Sú ónákvæmni sem þar kann að koma fram, hefur þó ekki verið talin draga úr gildi frásagnarinnar um landnám í Hrunamannahreppi.

Enda þótt fleiri komi þar við sögu og ekki séu öll kennileiti þekkt breytir það ekki þeirri meginniðurstöðu að samkvæmt frásögn Landnámu hafi landnám í Hrunamannahreppi náð nokkuð langt inn til landsins og e.t.v. lengra en víða annars staðar.

12.3. Foss

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landmerkjalýsingu frá 3. júní 1885 telst innan landamerkjja Foss. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðarinnar, Hjörleifs Þórs Ólafssonar o.fl., í kafla 3.3.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að landamerkjabréf Foss sé ónákvæmt, einhliða inn til heiða og ósamþykkt. Þá er vísað til hæðar landsins yfir sjó, gróðurfars og nýtingarmöguleika.

Af hálfu þinglýstra eigenda Foss er því haldið fram að landamerkjabréf jarðarinnar sé ljóst og samþykkt með fullnægjandi hætti. Enginn ágreiningur sé um merkin. Þá sé allt land jarðarinnar heimaland. Einnig er vísað til atriða eins og konungsúrskurðar um sölu stólsjarða, skattagreiðslna, landnáms og hefðar.

Elsta heimild um Foss er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Foss er einnig

getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppböðinu 16. júní 1790 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Foss.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi Fosslands, dags. 3. júní 1885. Þar lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Að vestan ræður Fossá frá Rauðalækjarmynni innað Markagili, síðan Gilið upp undir fjallsbrúnina, úr Gilklöfningunum bein stefna í Vörðu uppá fjallsbrúninni og úr henni aptur í Vörðu við Fossá að vestanverðu; frá þeirri Vörðu ræður Fossá norður í Gráhól, sem er að austanverðu við ána, úr Gráhól bein stefna í Brunkollugil, þar sem það rennur í Litlu-Laxá, síðan Litla-Laxá niður að Vörðu sem við hana stendur innarlega á Fagradal, úr þeirri Vörðu sjónhending í Vörðu uppá Hábrún; þaðan sjónhending í Hornmarksvörðu austan í Dalholtum, þaðan bein stefna í Rauðalækjarbotn; síðan Rauðilækur þangað til hann fellur í Fossá.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 10. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Fossi liggja Haukholt, Hlíð, Tungufellstorfa, Hrunaheiðar, Kluftir og Jata. Jarðirnar Haukholt og Hlíð liggja vestan við Foss. Landamerkjabréf hinnar fyrstnefndu er dags. 5. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885. Eigendur Foss og Haukholta árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Eigandi Hlíðar áritar landamerkjabréf Foss en landamerkjabréf Hlíðar hefur hvorki fundist hjá Sýslumanninum á Selfossi né á Þjóðskjalasafni Íslands. Óvíst er hvort það hefur nokkurn tímann verið gert. Núverandi eigendur Hlíðar vísa til landamerkjabréfs Foss um mörk jarðar sinnar, sbr. kafla 12.4.

Lýsingu á landamerkjum Foss er þannig ekki að finna í eldri heimildum en landamerkjabréfi frá 1885. Þá er bréfið haldið þeim ágalla að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna Tungufellstorfu, Hrunaheiða, Klufta og Jötu. Við mat á þýðingu landamerkjalyýsingar Foss er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst gögnum um merki þeirra landsvæða sem áritanir skortir fyrir.

Norðan við Foss liggja Tungufellstorfa og Hrunaheiðar. Í landamerkjabréfi fyrir Tungufell, Jaðar og Hamarsholt, dags. 3. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir eigandi jarðatorfunnar landamerkjum þannig:

Að framan ræður Dalsá, þaðan er hún fellur í Hvítá, norður þangað, er Rauðá rennur í hana, þaðan bein stefna í Vörðu á Dagmálakletti, þaðan sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá, síðan Fossá í Vörðu í Fossárdrögum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu; síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará, og Búðará þar til hún fellur í Hvítá, og Hvítá niður að Dalsármynni.

Enda þótt eigendur Foss og Tungufellstorfu áriti ekki bréf hvor annars ber lýsingum þeirra þannig saman um að mörk séu í Fossá.

Í landamerkjabréfi fyrir Hrunakirkjujarðir, dags. 12. maí 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir fyrirsvarsmáður Hrunakirkjujarða landamerkjum Hrunaheiða þannig:

En[n] fremur á Hrunakirkja Hrunaheiðar, sem liggja milli afréttar og heimalanda, austan frá Stóruhálsá norður að Heiðaá og Melrakkaá í upptökum þeirra beggja, og vestur að Fossá fyrir vestan Laxárklettismýrar, allt fram að Gráhól.

Enda þótt fyrirsvarsmenn Foss og Hrunakirkjujarða áriti ekki bréf hvor annars ber lýsingum þeirra saman að því leyti sem landamerkjabréf Hrunakirkjujarða tilgreinir merki milli Foss og Hrunaheiða. Þar er í báðum tilvikum miðað við svonefndan Gráhól. Mörkum við Foss er að öðru leyti einungis lýst þannig að Hrunaheiðar liggja „milli afréttar og heimalanda“.

Austan við Foss liggur jörðin Klutfir. Í sömu landamerkjalyýsingu er landamerkjum Kluftra þannig lýst:

Að vestan ræður Litlaxá frá Kluptaármynni norður á móts við Vörðu á Moshól; úr þeirri Vörðu bein lína í Vörðu á Markhól sem er fyrir norðan Launvatn að austanverðu; úr þeirri Vörðu bein lína í Kluptaá í Borgardalsgljúfri þaðan Kluptaá niður í Litlulaxá.

Landamerkjabréfum Foss og Hrunakirkjujarða ber því saman um að mörk milli Foss og Kluftra séu í Litlu Laxá.

Sunnan við Foss liggur jörðin Jata. Landamerkjabréf Jötu hefur hvorki fundist hjá Sýslumanninum á Selfossi né á Þjóðskjalasafni Íslands. Óvist er hvort það hefur nokkurn tímann verið gert. Síðari lýsing á merkjum jarðarinnar við Foss er ekki heldur fyrir hendi. Samanburður er því ekki mögulegur.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Foss er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 11.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Hrunamannahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Foss. Eldri heimildir um landamerki jarðarinnar eru ekki fyrir hendi. Bréfið er áritað vegna Haukholta og ekki verður annað séð en að því beri í öllum meginatriðum saman við lýsingar á merkjum Haukholta, Tungufellstorfu og Kluftra. Lýsingu á landamerkjum Hrunaheiða, svo langt sem hún nær, er eins farið. Þá hefur ekkert komið fram sem mælir í mót þeirri lýsingu á mörkum við Hrunaheiðar að öðru leyti, Hlíð eða Jötu sem fram kemur í landamerkjabréfi Foss.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Foss sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 3. júní 1885. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Landamerkjabréf Haukholta, Tungufellstorfu og Hrunakirkjujarða eru einnig þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Foss hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Foss hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Foss sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Foss, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 3. júní 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

12.4. Hlíð

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjalyýsingu aðliggjandi jarða, Haukholta, Tungufellstorfu og Foss, dags. 3. og 5. júní 1885,

telst innan landamerkja Hlíðar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðarinnar, Guðmundar Bjarnasonar o.fl., í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að mörk jarðarinnar til norðurs séu valin af handa-hófi. Þá er vísað til hæðar landsins yfir sjó, gróðurfars og nýtingarmöguleika.

Af hálfu þinglýstra eigenda Hlíðar er því haldið fram að landamerki jarðarinnar komi fram í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og hafi verið þinglýst athugasemdaleiust. Þau séu glögg og óumdeild.

Elsta heimild um Hlíð er í jarðabók 1686 og var hún þá bændajörð. Hlíðar er einnig getið í jarðabókum 1695, 1709 og 1847. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Hlíðar.

Landamerkjabréf fyrir jörðina liggur ekki fyrir í málinu. Slíkt bréf er hvorki að finna í landamerkjabók Árnessýslu hjá Sýslumanninum á Selfossi né á Þjóðskjalasafni Íslands. Óvist er hvort það hefur nokkurn tímann verið gert. Mörk Hlíðar verða því helst ráðin af mörkum aðliggjandi jarða, þ.e. Haukholt, Tungufellstorfu og Foss. Landamerkjabréf þessara jarða eru frá 1885 og öll þrjú árituð um samþykki eigenda Hlíðar. Núverandi þinglýstir eigendur Hlíðar vísa til bréfa Tungufellstorfu og Foss og gera kröfu um að mörk jarðarinnar séu eftirfarandi:

Móti Tungufelli ræður Dalsá norður þangað er Rauðá fellur í hana, þaðan um vörðu á Dagmálakletti sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá. Síðan ræður Fossá á móti landi Foss að vörðu við Fossá. Síðan ræður bein lína í Markagil að vestan á móti Haukholtum ræður svo Fossá þar til hún fellur í Dalsá.

Vestan við Hlíð liggur jörðin Haukholt. Í landamerkjabréfi Haukholta, dags. 5. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum þannig:

Hvítá ræður að vestan frá því að Haukholtagil rennur í hana, þar til að Fossá rennur í hana að norðan, svo ræður Fossá þar til Rauðilækur rennur í hana, og svo ræður Rauðilækur fram í botna, þaðan bein stefna í Vörðu sem er framan við steinboga fyrir austan Steinbogamýri, úr þeirri vörðu aptur bein stefna í Alviðrudal, og svo ræður Alviðrudalsgil þar til það rennur í Haukholtagil, og svo ræður það, þar til það rennur í Hvítá.

Landamerkjabréfi Haukholta og kröfulýsingu núverandi eigenda Hlíðar ber því saman um að mörk séu í Fossá.

Norðan við Hlíð liggur jörðin Tungufell. Í landamerkjabréfi fyrir Tungufell, Jaðar og Hamarsholt, dags. 3. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir eigandi jarðatorfunnar landamerkjum þannig:

Að framan ræður Dalsá, þaðan er hún fellur í Hvítá, norður þangað, er Rauðá rennur í hana, þaðan bein stefna í Vörðu á Dagmálakletti, þaðan sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá, síðan Fossá í Vörðu í Fossárdrögum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu; síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará, og Búðará þar til hún fellur í Hvítá, og Hvítá niður að Dalsármynni.

Landamerkjabréfi Tungufellstorfu og kröfulýsingu núverandi eigenda Hlíðar ber því saman um að mörk séu í Dalsá, norður þangað er Rauðá fellur í hana, og þaðan í vörðu á Dagmálakletti og í Hlíðarfoss í Fossá.

Austan við Hlíð liggur jörðin Foss. Í landamerkjabréfi Fosslands, dags. 3. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir umboðsmaður eigenda jarðarinnar landamerkjum þannig:

Að vestan ræður Fossá frá Rauðalækjarmynni inn að Markagili, síðan Gilið upp undir fjallsbrúnina, úr Gilklöfningunum bein stefna í Vörðu uppá fjallsbrúninni og úr henni aptur í Vörðu við Fossá að vestanverðu; frá þeirri Vörðu ræður Fossá norður í Gráhól, sem er að austanverðu við ána, úr Gráhól bein stefna í Brunkollugil, þar sem það rennur í Litlu-Laxá, síðan Litlu-Laxá niður að Vörðu sem við hana

stendur innarlega á Fagradal, úr þeirri Vörðu sjónhending í Vörðu uppá Hábrún; þaðan sjónhending í Hornmarksvörðu austan í Dalholtum, þaðan bein stefna í Rauðalækjarbotn; síðan Rauðilækur þangað til hann fellur í Fossá.

Landamerkjabréfi Foss og kröfulýsingu núverandi eigenda Hlíðar ber því saman um að mörk séu í Fossá, að vörðu við Fossá og síðan bein lína í Markagil.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Hlíðar er getið í heimildum allt frá 17. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 11.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Hrunamannahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir þær jarðir sem liggja að Hlíð, þ.e. Haukholt, Tungufellstorfu og Foss. Eldri heimildir um landamerki Hlíðar eru ekki fyrir hendi. Bréf þessi eru öll árituð af þáverandi eiganda Hlíðar og til þeirra er vísað af hálfu núverandi eigenda. Ekkert hefur komið fram sem mælir þeim í mót.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Hlíðar sé rétt lýst í framangreindum landamerkjabréfum. Bréf þessi voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við eigendur Hlíðar eða aðra nágretta. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Það er því álit óbyggðanefndar að landamerkjabréf Haukholta, Tungufellstorfu og Foss verði lögð til grundvallar um mörk Hlíðar.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hlíð hafi verið byggð fram til ársins 1959 og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1885, hafa eigendur Hlíðar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Hlíðar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.6. án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Hlíðar, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfum Haukholta, Tungufellstorfu og Foss, dags. 3. og 5. júní 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

12.5. Hrunaheiðar

Hér verður fjallað um Hrunaheiðar eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885. Þá er meðtalinn sá hluti Hrunaheiða sem liggur norðan afréttargirðingar. Girðing þessi var reist árið 1912 og liggur frá Hvítá, milli Yllagils og Þorsteinshöfða, austur að Stóru-Laxá, sunnan Laxárklefts. Landsvæðið norðan við hana er nýtt sem afréttur Hrunamannahrepps en þeir hlutar Tungufells, Jaðars og Hrunaheiða, sem liggja norðan afréttargirðingar, hafa ekki verið formlega lagðir til afréttar samkvæmt lögum um afréttamálefni og fjallskil. Um annað land tilheyrandi Hrunamannaafreitti er fjallað í köflum 12.9. og 12.10., um Tungufellstorfu og Hrunamannaafreitt.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að allt það land sem samkvæmt landmerkjalýsingu Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885 liggur innan landamerkja Hrunaheiða sé þjóðlenda en viðurkenndur er réttur Hrunakirkju til lagalegra afréttarnota af Hrunaheiðum. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum prestssetrasjóðs vegna Hrunaheiða í kafla 3.5.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að mikill vafi sé á því að nokkurn tíma hafi stofnast til beins eignarréttar að Hrunaheiðum. Hvergi komi fram að þar hafi verið jörð eða landsvæðið notað sem slíkt á einhvern hátt. Líklegt sé að Hrunaheiðar hafi áður heitið Kaldbaksheiði og fylgt Kaldbak en fallið undir Hruna. Einungis sé um að ræða beitarítak og er upprekstrarréttur Hruna viðurkenndur. Þá er vísað til staðháttá, víðáttu, gróðurfars og hæðar landsins yfir sjó. Augljóst sé að einungis megi hafa af þessu landi beitarafnot.

Af hálfu prestssetrasjóðs er því haldið fram að Hrunaheiðar, sem áður hafi heitið Kaldbaksheiðar, hafi fallið til Hrunastaðar með gjöf frá eiganda Hörgsholts, sbr. elsta máldaga Hrunakirkju frá 1331 og Gíslamáldaga 1570. Landið liggja innan upphaflegrar landnámsjarðar og sé allt heimaland í þeirri merkingu sem heimamenn leggi í það orð. Einnig er vísað til atriða eins og nýtingar, skattgreiðslna og hefðar.

Til eru heimildir um jörðina Hruna frá því undir lok 12. aldar. Réttarstaða eiganda Hruna er þó einungis til meðferðar í máli þessu að því leyti er snertir Hrunaheiðar. Elsta heimildin, sem til skoðunar kemur um Hrunaheiðar, er sá máldagi Hrunakirkju sem með óvissum rökum er talinn vera frá 1331. Þar segir svo:

þetta gaf þorarinns rolfsson til runa stadar þa er hann atti horshollt laxar gliufur oll nordur frá kalldbakzlandi. skal sa þo er j horkzhollte byr fa ij. menn til safnuz um kall bakzheidar med runamonnum huertt haust thil allra logretta.

Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga 1397, máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 og vísitásiubókum biskupanna Brynjólfs Sveinssonar 1644, Finns Jónssonar 1756, Steingríms Jónssonar 1829 og Péturs Péturssonar 1874. Hruna er einnig getið í jarðabókum frá 1686, 1695, 1709, 1803, 1847 og 1861. Þar er ekkert fjallað um Hrunaheiðar. Hins vegar eru Laxárgljúfur talin með ítökum brauðsins í Jarðatali Johnsens 1847. Minnst er á heiðarnar þrívægis í tengslum við fasteignamat Hruna á síðustu öld. Við matið árið 1918 kemur fram að „Heiðarland fylgir sem ekki er notað vegna erfiðleika“, 1932 segir svo „Sérstakt upprekstrarland að auki, aðeins notað fyrir heimafé“ og loks er tekið fram 1942 „Auk þess fylgja sérstök not, „Hrunaheiða“.“ Hrunaheiðar eru ekki taldar til rétthafandi jarða í veiðifélagi Stóru-Laxár samkvæmt fyrstu samþykkt félagsins, frá árinu 1938. „Afréttarlönd“ koma fyrst fyrir í samþykkt félagsins frá 1961 en Hrunaheiða er fyrst getið í arðskrá samkvæmt matsgerð frá 1979. Fullyrst er af hálfu aðila að Hrunamannahreppur muni frá upphafi hafa farið með fyrirsvar fyrir Hrunaheiðar í veiðifélaginu. Hreppurinn sé „umráðamaður landsins og hafi í raun stöðu ábúanda“.

Fyrstu umfjöllun um Hrunaheiðar er að finna í lýsingu séra Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufellssóknum árið 1840. Þar kemur fram að Heiðará skilji Hrunaheiðar frá afréttinum og að afréttarlönd hreppsins séu almenningar „að fráteknum Hrunaheiðum er liggja til Hrunastaðar“.

Næst er fjallað um mörk Hrunaheiða í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885. Bréfið hefst á meginmáli sem lýsir landamerkjum átta tilgreindra landsvæða þar sem Hrunakirkja taldi til réttinda, þ. á m. Hrunakróks, Klufða og Kaldbaks. Þar á eftir koma undirskriftir fyrir hönd Hrunakirkju og ýmissa aðliggjandi jarða. Á eftir henni er gerð grein fyrir því að kirkjan eigi tilgreinda skóga og beit. Fyrirsvarsmáður Hrunakirkjujarða lýsir landamerkjum Hrunaheiða þannig:

En[n] fremur á Hrunakirkja Hrunaheiðar, sem liggja milli afréttar og heimalanda, austan frá StóruLaxá norður að Heiðaá og Melrakkaá í upptökum þeirra beggia, og vestur að Fossá fyrir vestan Laxárklettismýrar, allt fram að Gráhol.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 10. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Framanrituð lýsing á rétti Hrunakirkju til Hrunaheiða er neðan við meginmál og undirskriftir.

Lýsingar á landamerkjum Hrunaheiða er þannig að finna í heimildum frá 1840 og 1885. Eldri heimildin lýsir einungis mörkum til norðurs en ber um það atriði saman við þá yngri.

Að Hrunaheiði liggja Foss, Tungufellstorfa, Hrunamannaafréttur, afréttur Flóa- og Skeiðamanna, Hrunakrókur, Kaldbakur og Klufitir. Þrjár hinar síðasttöldu jarðir eru einnig til umfjöllunar í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða. Bréfið er ekki áritað af hálfu annarra aðliggjandi landsvæða og fyrirsvarsmaður Hrunakirkjujarða áritar ekki landamerkjabréf þeirra.

Landamerkjabréf Hrunakirkjujarða er því haldið þeim ágalla að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna Foss, Tungufellstorfu, Hrunamannaafréttar og afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Við mat á þýðingu landamerkjalyýsingar Hrunaheiða er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst gögnum um merki þeirra landsvæða sem áritanir skortir fyrir. Jafnframt er ástæða til að kanna mörk Hrunaheiða við Hrunakrók, Kaldbak og Klufitir enda þótt um þessi landsvæði sé fjallað í sama landamerkjabréfi.

Vestan við Hrunaheiðar liggja Foss og Tungufellstorfa. Í landamerkjabréfi fyrir Fossland, dags. 3. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum þannig:

Að vestan ræður Fossá frá Rauðalækjarmynni innað Markagili, síðan Gilið upp undir fjallsbrúnina, úr Gilklöfningunum bein stefna í Vörðu uppá fjallsbrúninni og úr henni aptur í Vörðu við Fossá að vestanverðu; frá þeirri Vörðu ræður Fossá norður í Gráhól, sem er að austanverðu við ána, úr Gráhól bein stefna í Brunkollugil, þar sem það rennur í Litlu-Laxá, síðan Litla-Laxá niður að Vörðu sem við hana stendur innarlega á Fagradal, úr þeirri Vörðu sjónhending í Vörðu uppá Hábrún; þaðan sjónhending í Hornmarksvörðu austan í Dalholtum, þaðan bein stefna í Rauðalækjarbotn; síðan Rauðilækur þangað til hann fellur í Fossá.

Enda þótt fyrirsvarsmenn Hrunakirkjujarða og Foss áriti ekki bréf hvor annars ber lýsingum þeirra þannig saman að því leyti sem landamerkjabréf Hrunakirkjujarða tilgreinir merki milli Hrunaheiða og Foss. Þar er í báðum tilvikum miðað við svonefndan Gráhól. Mörkum við Foss er að öðru leyti einungis lýst þannig að Hrunaheiðar liggja „milli afréttar og heimalanda“. Samkvæmt landamerkjabréfi Foss liggja mörkin úr Gráhól, sem er að austanverðu við Fossána, úr Gráhól beina stefnu í Brunkollugil, þar sem það rennur í Litlu-Laxá, síðan ræður Litla-Laxá.

Í landamerkjabréfi fyrir Tungufell, Jaðar og Hamarsholt, dags. 3. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir eigandi jarðatorfunnar landamerkjum hennar þannig:

Að framan ræður Dalsá, þaðan er hún fellur í Hvítá, norður þangað, er Rauðá rennur í hana, þaðan bein stefna í Vörðu á Dagmálakletti, þaðan sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá, síðan Fossá í Vörðu í Fossárdrögum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu; síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará, og Búðará þar til hún fellur í Hvítá, og Hvítá niður að Dalsármynni.

Enda þótt fyrirsvarsmenn Hrunakirkjujarða og Tungufellstorfu áriti ekki bréf hvors annars ber lýsingum þeirra þannig saman um að mörk liggja í Fossá og norður að Melrakkaá.

Norðan við Hrunaheiðar liggur Hrunamannaafréttur. Í 1. gr. fjárskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, nr. 75/1895, segir m.a. svo:

Afrjettur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-laxár, afrjettur Flóa og Skeiðamanna milli Stóru-laxár og Fossár, afrjettur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afrjettanna eptir landamerkjaskrá og fornri venju. ...

Landamerkjabréf Hrunakirkjujarða er ekki áritað af hálfu Hrunamannahrepps en líta verður svo á að það sé lagt til grundvallar í fjárskilareglugjörðinni 1895. Samkvæmt því skilur Heiðará Hruna-

heiðar frá Hrunamannaafrétti. Hið sama kemur einnig fram í lýsingu séra Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufellssóknum frá árinu 1840.

Austan við Hrunaheiðar liggja afréttur Flóa- og Skeiðamanna. Til er lýsing hreppsnefndar Hrunamannahrepps á landamerkjum milli afréttarlanda Flóa- og Skeiðamanna og Hrunamannaaf- réttar, dags. 18. apríl 1890 og þingl. 2. júní 1890. Bréfið er áritað um samþykki fyrirvarsmanns afréttar Flóa og Skeiða og í umboði sýslunefndar Árnessýslu. Þar eru mörk sögð liggja í Laxá, „frá byggð inni Laxárdrög“. Ekkert er tekið fram um mörk afréttar Flóa- og Skeiðamanna við önnur landsvæði í Hrunamannahreppi, þ.e. Hrunaheiðar, Hrunakrók og Kaldbak, sem liggja beint suður af Hrunamannaafrétti. Orðalagið „frá byggð inni Laxárdrög“ kann hins vegar að benda til þess að menn hafi þar einnig haft Hrunaheiðar í huga enda engar heimildir um byggð á því svæði auk þess sem fé gat gengið óhindrað á milli afréttar og Hrunaheiða fram að tíma afréttargirðingar 1912. Í 1. gr. fjárskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, nr. 75/1895, segir m.a. að afréttur Flóa- og Skeiðamanna sé „milli Stóralaxár og Fossár“. Efnislega samhljóða ákvæði hefur verið í fjallskilareglugerðum fyrir þetta svæði fram á þennan dag, sbr. nú fjallskila- samþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna, nr. 408/1996. Enda þótt landamerkjabréf Hrunakirkjujarða sé ekki áritað af hálfu afréttar Flóa- og Skeiðamanna ber lýsingum þannig saman um að mörk á milli Hrunaheiða og afréttarins séu í Stóru-Laxá.

Sunnan við Hrunaheiðar liggja Hrunakrökur, Klufur og Kaldbakur. Um öll þessi landsvæði er fjallað í landamerkjalyýsingu Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885. Svo sem áður greindi er suður- mörkum Hrunaheiða einungis lýst þannig að þær liggja „milli afréttar og heimalanda“.

Merkjum Hrunakróks er lýst svo:

Að austan ræður Stóralaxá frá Þverármynni, norður þangað er Stiggil fellur í hana, þaðan bein lína vestur að Þverá, í Vörðu sem við hana stendur, að vestan Þverá niður í Stóralaxá.

Þá segir þannig um mörk Klufu:

Að vestan ræður Litlaxá frá Klupptaármynni norður á móts við Vörðu á Moshól; úr þeirri Vörðu bein lína í Vörðu á Markhól, sem er fyrir norðan Launvatn að austanverðu; úr þeirri Vörðu bein lína í Klupptaá í Borgardalsgljúfri þaðan Klupptaá niður í Litlulaxá.

Loks er mörkum Kaldbaks lýst svo:

Að austan ræður mörkum Stóralaxá frá Vithalagilsmyggi norður að Þverármynni, síðan Þverá upp fyrir Þverárgljúfur að Einbúa, þaðan bein lína vestur í Klupptaá og er í þeirri stefnu Varða á Vörðuhól fram- an á Borgardalsás; ræður svo Klupptaá niður í Litlulaxá fram á móts við Vörðu hæst uppá Skrautholta- hlíðinni ytri; þaðan bein lína til austurs í Stóralaxá við Vithalagilsmyggi, en í þeirri stefnu eru Vörður framan á Máldagahnúk á Bangarholti, Smirilshamri og Markakistu, norðan á Árfellinu.”

Lýsing á landamerkjum Hrunaheiða virðist þannig nánast alfarið vísa til landamerkjalyýsinga aðliggjandi jarða.

Á korti meðfylgjandi kröfugerð leigjanda Hrunakróks eru norðurmörk teiknuð úr Stiggili í ótil- greindan punkt nr. 5007 og þaðan í Trogklett og vesturmörk í Klupptaá. Trogklettur er teiknaður beint austur af Launvatni, við upptök Klufu. Samkvæmt landamerkjalyýsingu Hrunakirkjujarða liggja norðurmörk Hrunakróks hins vegar þaðan sem Stiggil fellur í Stóru-Laxá og beina línu vestur að Þverá, í vörðu sem við hana stendur. Hér koma til greina tvær Þverár, sú eystri og sú vestari. Skammt er á milli þeirra og þær sameinast og renna í Stóru-Laxá. Sú vestri mun vera stærri og meiri. Vesturmörkin eru síðan Þverá niður í Stóru-Laxá.

Á korti meðfylgjandi kröfu eiganda jarðarinnar Klufta eru norðurmörk hennar teiknuð úr Moshól í Trogklett. Samkvæmt landamerkjalyýsingu Hrunakirkjujarða liggja þau hins vegar úr Moshól í Vörðu á Markhól, fyrir norðan Launvatn að austanverðu og úr þeirri vörðu beina línu í Kluftaá í Borgardalsgljúfri og þaðan Kluftaá niður í Litlu-Laxá.

Engar skýringar eru gefnar á þessu atriði í málatilbúnaði eiganda Klufta og leigjanda Hrunakróks, aðrar en þær að í land- og hornpunktaskrá segir svo: „Trogklettur (varða á Markhól)“.

Óbyggðanefnd telur að framangreind kröfugerð eigi ekki stöð í landamerkjalyýsingu jarðanna. Á milli vesturmarka Hrunakróks, í Vestri-Þverá og austurmarka Klufta, í Borgardalsgljúfri er svokallaður Borgardalsás. Trogklettur er þar hvergi getið sem sameiginlegs hornmarks til norðurs.

Í örnefnaskrá Örnefnastofnunar Íslands fyrir Kluftir er Trogkletti þó lýst sem hornmarki. Þar segir einnig svo: „Innan við klettinn byrja Hrunaheiðar, en austan við innri hluta Markagils er Hrunakróksland.“ Kletturinn er merktur á örnefnakorti Klufta, Hrunakróks og Hrunaheiða en er ekki skráður í örnefnaskrá Hrunakróks og Hrunaheiða.

Leitað var eftir skýringum á þessu atriði við endurupptöku málsins og kom þá eftirfarandi fram hjá lögmanni þessara aðila: „Núlifandi menn telja að Trogklettur sé hornmark milli Klufta, Hrunaheiða og Hrunakróks. ... Trogklettur sé öruggt kennileiti í landslaginu og hafi komið í stað, eða sé sama örnefnið og varða við Þverá sem nefnd sé í landamerkjabréfi Hrunakróks.“ Af landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða virðist að vísu svo sem „Kluftá ráði mörkum Klufta að austan en Þverá mörkum Hrunakróks að vestan. Ef svo er, tilheyrir tungan milli Kluftár og Þverár Hrunaheiðum niður á móts við landamerki Kaldbaks ...“. „Heimamenn telja hins vegar að Kluftá ráði mörkum milli Hrunakróks og Klufta og Þverá ráði bara merkjum fyrir landi Hrunakróks upp fyrir Þverárgljúfur upp að Einbúa og svo ráði landamerki á móti Kaldbakslandi út í Kluftá“.

Óbyggðanefnd telur að framangreindar upplýsingar málsaðila gefi ekki fullnægjandi skýringar á misræmi milli kröfulýsingar og landamerkjalyýsingar.

Vörðu þá á Markhól, fyrir norðan Launvatn að austanverðu, sem tilgreind er í landamerkjabréfi Klufta er ekki að finna í örnefnaskrá eða örnefnakorti fyrir þá jörð, Hrunakrök eða Hrunaheiðar. Eina örnefnið í skrá Klufta og á meðfylgjandi korti sem staðsett er fyrir norðan Launvatn að austanverðu er svokölluð Launvatnshæð. Hana er ekki að finna á kortum eða skráum Hrunakróks og Hrunaheiða. Í örnefnaskrá Klufta segir svo „Launvatnshæð nefnist bungumynduð hæð austan við Launvatn, en hún er ekki í Kluftalandi.“ Gögn málsins benda þó ekki til þess að umræddur Markhóll sé á Launvatnshæð.

Samkvæmt framangreindu ná vesturmörk Hrunakróks, í Vestri-Þverá og austurmörk Klufta, í Borgardalsgljúfri, ekki saman þar sem Borgardalsás liggur á milli og tilheyrir Hrunaheiðum. Hrunaheiðar ná þannig að norðurmörkum Kaldbaks. Mörk Hrunakróks og Hrunaheiða eru þá þaðan sem Stíggil fellur í Stóru-Laxá, beina línu vestur að Vestri-Þverá, í vörðu sem við hana stendur og Þverá niður að norðurmörkum Kaldbaks. Mörk Klufta og Hrunaheiða eru frá vörðu á Moshól beina línu í vörðu á Markhól, sem er fyrir norðan Launvatn að austanverðu og úr henni eftir Kluftaá niður að norðurmörkum Kaldbaks. Við endurupptöku málsins lagði óbyggðanefnd fram kort og loftmynd í því skyni að upplýsa um staðsetningu örnefna, þ.m.t. vörðu á Markhól, en ekki reyndist unnt að upplýsa málið frekar. Telur óbyggðanefnd því óhjákvæmilegt að miða við norðausturhorn Launvatns í þessu sambandi. Mörk Hrunaheiða og Kaldbaks liggja frá því fyrir ofan Þverárgljúfur að Einbúa, þaðan beina línu vestur í Kluftaá og er í þeirri stefnu varða á Vörðuhól framan á Borgardalsás.

Í kjölfar þess að landamerkjalyýsing taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hrunakirkjujarðir. Ekki verður annað séð en að því beri saman við eldri heimild um landamerki Hrunaheiða, frá 1840, þar sem fjallað er um mörk til norðurs, þ.e. gagnvart Hrunamannaafreйти. Lýsingu á landamerkjum Hrunaheiða í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða ber jafnframt í öllum meginatriðum saman við landamerkjalyýsingu Tungufellstorfu og Foss að því leyti sem upplýsingar um það atriði koma fram. Lýsing á mörkum Hrunaheiða við Foss að öðru leyti, Kluftir, Hrunakrök og Kaldbak virðist vísa til

landamerkja þeirra jarða. Ekkert hefur komið fram sem mælir þeim í mót. Lýsing á austurmörkum Hrunaheiða er í samræmi við fjallskilareglugerðir frá 1895 og lýsingu á mörkum Hrunamanna-afréttar við afrétt Flóa- og Skeiðamanna frá 1890. Landamerkjalyýsingum Hrunaheiða og aðliggjandi landsvæða ber þannig saman í öllum aðalatriðum að því marki sem samanburður er mögulegur.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Hrunaheiða sé rétt lýst í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða, dags. 12. maí 1885. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Hrunaheiða, Hrunakróks, Klufta og Kaldbaks, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Landamerkjabréf Foss og Tungufellstorfu eru einnig þinglesin. Þá hafa fjárskilareglugjörðir 1895 og síðar verið birtar opinberlega. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig í máldögum Hrunakirkju frá 1331 og öðrum heimildum fram á 20. öld er getið um rétt Hrunakirkju til „Laxárgljúfra“ og „Kaldbaksheiða“. Í máldögum er hins vegar hvergi minnst á Hrunaheiðar og ekki í fyrirliggjandi heimildum fyrr en 1840. Laxárgljúfur liggja á austurmörkum Hrunaheiða og suður á móts við Hrunakrök. Þau eru einungis lítið brot af því landi sem liggur til Hrunaheiða. Ætla verður að skýrar hefði verið um það fjallað ef heiðarnar fyrir vestan gljúfrin hefðu fylgt í þessari gjöf. Beinn eignarréttur að Hrunaheiðum verður því ekki byggður á umfjöllun í máldögum um rétt Hruna til Laxárgljúfra.

Þá er örnefnið Kaldbaksheiðar óþekkt í dag og alls óljóst um staðsetningu þeirra. Jafnframt verður ekki ráðið af texta máldagans hvort sá beitarréttur sem Hruni virðist eiga á Kaldbaksheiðum hafi grundvallast á beinum eignarrétti. Loks þarf mannlán frá Hörgholti í smalamennsku á Kaldbaksheiðum ekki að tengjast umfjöllun um Laxárgljúfur á annan hátt en þann að í báðum tilfellum sé um að ræða gjafir frá Hörgholtsbónda til Hrunakirkju. Ekki verður því fullýrt að um sama svæði sé að ræða þegar fjallað er í máldaganum um Laxárgljúfur og Kaldbaksheiðar.

Eignarréttur að Laxárgljúfrum þarfnast sérstakrar athugunar við. Hugsanlegt er að Þórarinn Hrólfsson hafi einungis verið að gefa kirkjunni veiðirétt í Stóru-Laxá eða önnur hlunnindi á svæðinu en þá hefði slíkt að öllum líkindum verið tekið fram eins og venja var að gera í máldögum þegar um ítak eða hlunnindi var að ræða. Í því sambandi má geta þess að Hrunakirkja átti veiði í Litlu-Laxá og var í máldaga kirkjunnar nákvæmlega lýst hvar og hvenær sá réttur skyldi nýttur. Sú ályktun virðist því nærtæk að skilja máldagann samkvæmt orðanna hljóðan, þ.e. að Hrunakirkja hafi eignast sjálf Laxárgljúfur fremur en ótiltekin ítök. Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1956 eru gljúfrin sögð 10 km löng og hefjast þar sem Leirá fellur í Stóru-Laxá. Óvíst er hins vegar við hvað var miðað í máldögum. Þá er þess að geta að ekki er minnst á Laxárgljúfur sérstaklega í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða 1885.

Ekkert kemur fram um nytjar Hrunamanna af Laxárgljúfrum en norður af Kaldbak og suður af Hrunaheiðum liggur Hrunakrókur. Hugsanlegt er að Hruni hafi nýtt sér Laxárgljúfur með því að stofna til hjáleigu í Hrunakróki. Frá Hrunakróki var síðan nytjað slægjuland austan Stóru-Laxár (sbr. kafla 6.5.), í svokölluðum Kambi. Í deilum Hrunaprests við Flóa- og Skeiðamenn um nýtingu þessa slægjulands snemma á 19. öld vísaði hann m.a. í fyrrnefnda grein máldagans um að Hrunakirkja ætti Laxárgljúfur öll. Lyktir málsins urðu þær að Hruni afsalaði sér nýtingarréttinum gegn bótum. Nýting Hrunakróksbónda á slægjum austan Stóru-Laxár þarf á hinn bóginn ekki að vera vísending um að Hrunakirkja hafi átt Laxárgljúfur eins og þau eru nú skilgreind.

Hvergi kemur fram í heimildum að á Hrunaheiðum hafi verið búseta, sjálfstæð jörð eða hjáleiga. Hrunaheiðar eru ekki nefndar í máldögum Hrunakirkju og enginn sérstök rök mæla með því að heiðarnar hafi verið reiknaðar með í fasteignamati Gíslamáldaga frá síðari hluta 16. aldar. Hrunaheiða er ekki getið í afsals- og veðmálabókum sýslumannsins á Selfossi og þær hafa ekki verið metnar sjálfstætt í fasteignamati. Umfjöllun um Hrunaheiðar í tengslum við fasteignamat Hruna bendir ekki til þess að lítið hafi verið á þær sem hluta af eignarlandi Hruna.

Í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða 1885 virðist rétti Hrunakirkju til Hrunaheiða fremur skipað með óbeinum eignarréttindum en beinum. Í úttektum prófafa frá fyrri hluta og fram yfir miðja 20. öld eru Laxárgljúfur talin með ítökum Hrunakirkju og tekið fram í úttektinni 1930, undir liðnum „Hlunnindi og ítök“, „Beit í Laxárgljúfrum og afréttarlandið Hrunaheiða.“

Árið 1912 er reist afréttargirðing yfir Hrunaheiðar án þess að greiðsla hafi komið fyrir svo sem vegna lands úr Tungufelli og Jaðri.

Engin gögn liggja fyrir um að Hrunaheiðar hafi nokkurn tímann verið nýttar til annars en sumarbeitar fyrir búfé. Ábúendur í Hruna munu einir hafa rekið fé á Hrunaheiðar en á milli Hruna og Hrunaheiða er yfir land annarra að fara. Upphaf þeirrar nýtingar er ekki þekkt en hún mun að einhverju leyti hafa staðið til 1942-1944. Að auki mun hafa verið rekið í eitt skipti á tímabilinu 1968-1972. Ekki verður annað séð en að beitarafnot Hruna af Hrunaheiðum hafi verið án ágreinings eða athugasemda.

Ljóst er af staðháttum að fyrir tíma afréttargirðingar 1912 gat fé runnið á milli Hrunamanna-afréttar og aðliggjandi lands, þ. á m. Hrunaheiða. Fram á þennan dag hefur fé frá efstu bæjum í hreppnum runnið óhindrað sunnan afréttargirðingar, þ. á m. um Hrunaheiðar. Eigendur þessara jarða hafa hins vegar ekki rekið á heiðarnar heldur sleppt fé sinu í heimalandi. Þaðan hefur féð átt greiða leið inn á Hrunaheiðar. Ekkert liggur fyrir um að not þessi hafi grundvallast á lögvörðum rétti og í málinu er engin krafa gerð til Hrunaheiða af hálfu annarra jarða en Hruna. Land Hrunaheiða og efstu jarða er smalað sameiginlega og leggur hreppurinn til menn í þá smalamennsku. Samkvæmt frásögn oddvita er það hluti af fjallskilum í Hrunamannahreppi að smala heiðarnar.

Hér að framan hefur verið rakin aðkoma Hrunamannahrepps að veiði í Stóru-Laxá fyrir landi Hrunaheiða. Telur óbyggðanefnd að af gögnum þessum verði engar ályktanir dregnar sem stutt geti tilkall til beins eignarréttar að Hrunaheiðum. Er þvert á móti til þess að líta að af gögnum þessum má ráða að í eldri samþykktum Veiðifélags Árnesinga og eftir atvikum arðskrá þess félags er Hrunaheiða í engu getið sem rétthafa vegna veiði í Stóru Laxá. Gerist það fyrst í samþykkt fyrir Veiðifélag Árnesinga, nr. 38/1961 frá 11. mars það ár. Er þá m.a. til þess að líta að með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957, í kjölfar dóms Hæstaréttar Landmannaafreitt, H 1955 108, voru tekin af um það tvímæli að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrar-rétt ættu á afréttinn þó svo ekki lægi fyrri sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði. Allt frá gildistöku vatnalaga 1923 og til þessa tíma var að lögum nokkur réttaróvissa fyrir hendi varðandi veiðirétt afréttarhafa enda kveðið á um það í lögum að öllum væri veiði heimil á afréttum, almenn-ingum og öðrum lendum utan eignarlanda sem engin gæti sannað „einstaklingsréttarheimild“ að, sbr. t.d. 2. mgr. 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 112/1941, sem lög in frá 1957 leystu af hólmi, sbr. nú 5. gr. gildandi laga um sama efni, nr. 76/1970.

Fremur eru líkur til þess að Hrunaheiðar séu a.m.k. að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms í Hrunamannahreppi. Vera kann að réttur Hruna til Hrunaheiða, þ.m.t. Laxárgljúfra, eigi rætur að rekja til framsals á beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun.

Af hálfu eiganda Hruna hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hrunaheiða sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að Hrunaheiðar séu þjóðlenda. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar til þess að jörðin Hruni hafi átt þar upprekstrar-rétt.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.6., að land Hrunaheiða, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Frá mörkum Hrunamannaafreittar og Hrunaheiða þar sem Heiðará kemur í Stóru-Laxá og eftir Stóru-Laxá þar til Stiggil fellur í hana við norðausturmörk Hrunakróks. Þaðan beina línu vestur að Vestri-

Þverá, í vörðu sem við hana stendur. Síðan ræður Þverá niður að norðurmerkjum Kaldbaks þar sem þau liggja frá því fyrir ofan Þverárgljúfur að Einbúa. Frá þeim stað þar sem Þverá sker norðurmörk Kaldbaks ráða þau í vestur að Einbúa og þaðan beina línu vestur í Kluftaá í stefnu á vörðu á Vörðuhól framan á Borgardalsás. Eftir Kluftaá og síðan úr ánni í norðausturhorn Launvatns og þaðan beina línu í vörðu á Moshól. Úr Moshól í Litlu-Laxá, sem er á austurmörkum Foss, og síðan eftir Litlu-Laxá þangað sem Brunkollugil rennur í hana. Þaðan beina stefnu í Gráhól og í Fossá í austurmörkum Tungufells. Eftir Fossá að Vörðu í Fossárdrögum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu og í upptök Heiðarár. Síðan eftir Heiðarár þar til hún kemur í Stóru-Laxá.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Hruna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, enda verður ekki séð að aðrir en eigendur Hruna eigi sjálfstæð eignarréttindi innan þjóðlendunnar.

12.6. Hrunakrókur

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að allt það land, sem samkvæmt landmerkjalýsingu fyrir Hrunakirkjujarðir frá 12. maí 1885 liggur innan landamerka Hrunakróks, sé þjóðlenda. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum leigjanda, Ásgeirs Gestssonar, í kafla 3.6. Kröfugerð Ásgeirs byggir á leigusamningi hans við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins, dags. 13. mars 2000. Réttur Ásgeirs er því kominn undir eignarréttindum íslenska ríkisins. Þar sem íslenska ríkið gerir hins vegar kröfu til þess að Hrunakrókur sé allur innan þjóðlendu telur óbyggðanefnd rétt að röksemdir Ásgeirs um beinan eignarrétt séu teknar til athugunar í málinu, sbr. ákvæði 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um rannsóknarskyldu nefndarinnar.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að mikill vafi sé á því að nokkurn tíma hafi stofnast til beins eignarréttar að landi Hrunakróks. Líklegt sé af frásögn í Gíslamáldaga 1397 að Hrunakrókur hafi verið gefinn til Hrunastaðar frá Hörgholti og að um ítak sé að ræða. Þá er vísað til hæðar landsins yfir sjó, gróðurfars og nýtingarmöguleika.

Af hálfu leigjanda Hrunakróks er því haldið fram að land jarðarinnar liggja innan upphaflegrar landnámsjarðar og sé allt heimaland. Einnig er vísað til atriða eins og nýtingar, skattgreiðslna og hefðar.

Elsta heimild um Hrunakrók er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Fram kemur að þar hafi verið hjáleiga frá elstu manna minni og til þess er Hekla gaus 1693. Jafnframt voru munnmæli um að Hrunakrókur hafi áður lagst í eyði sökum eldgoss en byggð tekist þar aftur. Ekki er vitað hvenær þetta gæti hafa gerst en helst er miðað við Heklugosið 1104. Hrunakróks er næst getið í jarðamati sem gert var á árunum 1800-1803 og hann þá tilgreindur sem jörð frá Hruna. Árið 1809 lögfestir presturinn í Hruna „Jörðina Hrunakrók ...“, Hruna Kyrkiu tilheirandi með Tínum sem Engium, Skógi sem Veidi, samt öllum Landsnytið til ytstu Landamerkia, sem adrar Jarðir éga á móti ...“ Hrunakróks er einnig getið í jarðabók 1847 og hann sagður „Hrunakirkjueign“ og aftur 1861 en þá er ekki getið um Hruna. Jörðina Hrunakrók er að finna í fasteignamatsbókum allt fram til 1942-44 og hún er talin meðal rétthafandi jarða í veiðifélagi Stóru-Laxár samkvæmt fyrstu samþykkt félagsins, frá 1938. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Hrunakróks.

Fyrstu lýsinguna á landmerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885. Bréfið lýsir m.a. landmerkjum átta tilgreindra landsvæða þar sem Hrunakirkja taldi til réttinda, þ. á m. Hrunakróks, Kaldbaks, Klufta og Hrunaheiða. Fyrirsvarsaður Hrunakirkjujarða lýsir landmerkjum Hrunakróks þannig:

Að austan ræður Stóralaxá frá Þverármynni, norður þangað er Stiggil fellur í hana, þaðan bein lína vestur að Þverá, í Vörðu sem við hana stendur, að vestan Þverá niður í Stóralaxá.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 10. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Hrunakrók liggja Hrunaheiðar, Kaldbakur og afréttur Flóa- og Skeiðamanna. Tvö hin fyrrnefndu landsvæði eru einnig til umfjöllunar í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða. Bréfið er ekki áritað um samþykki fyrirsvarsmanna afréttarins og á sama hátt er landamerkjabréf afréttarins ekki áritað af hálfu Hrunakirkju.

Lýsingu á landamerkjum Hrunakróks er þannig ekki að finna í eldri heimildum en landamerkjabréfi frá 1885. Þá er bréfið haldið þeim ágalla að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Við mat á þýðingu landamerkjalysingar Hrunakróks er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst gögnum um merki afréttarins.

Austan við Hrunakrók liggur afréttur Flóa- og Skeiðamanna. Í 1. gr. fjárskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, nr. 75/1895, segir m.a. að afréttur Flóa- og Skeiðamanna sé „milli Stóru-Laxár og Fossár“. Efnislega samhljóða ákvæði hefur verið í fjallskilareglugerðum fyrir þetta svæði fram á þennan dag, sbr. nú fjallskilasarþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna, nr. 408/1996. Þetta er einnig í samræmi við það samkomulag sem gert var árið 1850 um að ábúandi Hrunakróks hætti öllum landsnytjum í Flóamannaafreйти austan Stóru-Laxár gegn bótum frá Flóa- og Skeiðamönnum. Enda þótt landamerkjabréf Hrunakirkjujarða sé ekki áritað af hálfu afréttar Flóa- og Skeiðamanna ber lýsingum þannig saman um að mörk á milli Hrunakróks og afréttarins séu í Stóru-Laxá.

Norðan við Hrunakrók liggja Hrunaheiðar. Gerð er ítarleg grein fyrir mörkum Hrunaheiða, Hrunakróks, Klufða og Kaldbaks í kafla 12.5. og vísast þangað.

Sunnan við Hrunakrók og Hrunaheiðar og austan við Klufðir liggur jörðin Kaldbakur. Mörkum hans er svo lýst í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða:

Að austan ræður mörkum Stóralaxá frá Vithalagilsmynni norður að Þverármynni, síðan Þverá upp fyrir Þverárgljúfur að Einbúa, þaðan bein lína vestur í Klufða og er í þeirri stefnu Varða á Vörðuhól framman á Borgardalsás; ræður svo Klufða niður í Litlulaxá fram á móts við Vörðu hæst uppá Skrautholthlíðinni ytri; þaðan bein lína til austurs í Stóru-Laxá við Vithalagilsmynni, en í þeirri stefnu eru Vörður framman á Máldagahnúk á Bangarholti, Smirilshamri og Markakistu, norðan á Árfellinu.

Lýsingum í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða ber þannig saman um að mörk Kaldbaks og Hrunakróks séu í Þverá.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Hrunakróks er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 og þá sem hjáleigu frá Hruna. Greint er frá því að þess konar byggð hafi verið þar frá elstu manna minni. Jarðabókin er talin mjög áreiðanleg heimild og frásögn hennar um Hrunakrók er skrásett einungis 16 árum eftir gos það í Heklu sem sagt er hafa lagt bæinn í eyði. Verður því að leggja til grundvallar að á 17. öld hið síðasta hafi verið hjáleiga í Hrunakróki, sbr. umfjöllun kafla í 11.4.2. Á þeim tíma var hjáleigan í eigu Hruna, hvernig sem það kann að hafa verið upphaflega. Lögfesta Hrunaprests frá 1809 átti rætur að rekja til deilna við Flóa- og Skeiðamenn um rétt ábúanda Hrunakróks til landsnytja austan Stóru-Laxár og verður ekki talin fela í sér vísbendingu um óbein eignarréttindi. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Hrunamannahreppi. Enda þótt Hrunakróks sé ekki getið í heimildum fyrr en 1709 verður það ekki talið sanna að Hrunakrökur hafi ekki verið byggður úr eignarjörð. Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um þær í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Þar sem hjáleigur tilheyrðu heimajörð var ekki heldur nauðsynlegt að telja þær upp í máldögum kirkna. Kann þetta að vera meginorsök þess að Hrunakróks er ekki getið í heimildum fyrr en 1709. Til samanburðar má þess geta að elstu heimildir um jarðirnar Kaldbak og Klufðir, sem einnig er fjallað um í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða, eru frá 14. og 16. öld. Þau gögn bera með sér að um sjálfstæðar jarðir hafi verið að ræða.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hrunakirkjujarðir.

Ekki verður annað séð en að lýsingu bréfsins á landamerkjum Hrunakróks beri saman við lýsingu á landamerkjum Kaldbaks og ekkert hefur komið fram sem mælir í mót lýsingu á mörkum við Hrunaheiðar. Þá er lýsing á austurmörkum Hrunakróks í samræmi við fjallskilareglugerðir frá 1895. Landamerkjalyðsingu Hrunakróks og aðliggjandi landsvæða, þar sem þær eru fyrir hendi, ber þannig saman í öllum aðalatriðum.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Hrunakróks sé rétt lýst í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða, dags. 12. maí 1885. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Hrunakróks, Hrunaheiða, Kaldbaks og Kluftra, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nággranna. Þá hafa fjárskilareglugjörðir 1895 og síðar verið birtar opinberlega. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hrunakróks hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Frá því fyrstu heimildir greina frá Hrunakrök og með mislöngum hléum fram til ársins 1902 var búið á jörðinni og hún nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggeringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Hrunakrókur á jafnframt síðu í veðbókarregistri sýslumannsins á Selfossi sem nær til miðrar 19. aldar og er ekki ólíklegt að upphaf þeirrar skráningar megi rekja til þess er hjáleigur skyldu metnar sjálfstætt í fasteignamati, um miðja 19. öld. Jörðin er metin sjálfstætt í fasteignamati allt fram á miðja síðustu öld. Yfirlýsing óbyggðanefndar frá 1999 um meðferð nefndarinnar á svæðinu er fyrsta þinglýsingin sem skráð er á síðu Hrunakróks í þinglýsingabók. Árið 1964 tekur Ásgeir Gestsson jörðina Kaldbak til ábúðar og í byggingarbréfi landbúnaðarráðuneytisins er kveðið á um að ábúandi hafi „afnot af landi eyðijarðarinnar Hrunakróks, þess hluta landsins sem liggja vestan Stóru-Laxár“. Byggingarbréfi þessu er einvörðungu þinglýst á jörðina Kaldbak, athugasemdalaust. Síðar er leigusamningi landbúnaðarráðherra, fyrir hönd jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, og Ásgeirs Gestssonar um „ríkisjörðina Hrunakrök“, dags. 13. mars 2000, þinglýst á Hrunakrök með athugasemd um að leigusala, þ.e. landbúnaðarráðherra, skorti eignarheimild að hinu leigða.

Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar Hrunakróks hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Hrunakróks sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.6, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, er þó óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess hvort fjármálaráðherra sé unnt að leggja til þjóðlendu land sem undirorpið er beinum eignarrétti íslenska ríkisins.

Í ákvæði 1. gr. laga nr. 58/1998 kemur skýrt fram að eðlismunur er á eignarlandi og þjóðlendu. Þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda. Ljóst er því að eignarland verður ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsali sér eignarráðum sínum. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort eigandinn er íslenska ríkið eða einhver annar. Þá hefur fjármálaráðherra ekki heimild til slíks afsals, sbr. 2. mgr. 40. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Ekki verður talið að slík heimild felist í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998 þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra skuli fara með fyrirvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Hrunakróks, svo sem það er afmarkað

í landamerkjabréfi frá 12. maí 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

12.7. Kaldbakur

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landmerkjalýsingu Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885 telst innan landamerkja Kaldbaks. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar, Ásgeirs Gestssonar, í kafla 3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að landamerki hafi ekki verið samþykkt með fullnægjandi hætti. Þá geti Ásgeir Gestsson ekki byggt rétt á afsali landbúnaðarráðherra frá 20. mars 2000 enda hafi Alþingi ekki veitt heimild til sölunnar. Vísað er til marka heimalands og útlendis, hæðar landsins yfir sjó, gróðurfars og nýtingarmöguleika. Þá sé mikill vafi á því að nokkurn tíma hafi stofnast til beins eignarréttar að landi Kaldbaks.

Af hálfu þinglýsts eiganda Kaldbaks er því haldið fram að land jarðarinnar liggja innan upphaflegrar landnámsjarðar. Einnig er vísað til atriða eins og þinglýsingar, meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár.

Elsta heimild um Kaldbak er í máldaga Hrunakirkju sem með óvissum rökum er talinn vera frá 1331, og þá var jörðin eign Hrunakirkju. Þá er Kaldbaks einnig getið í Vilkinsmáldaga 1397 og Gíslamáldaga frá um 1570, auk jarðabóka 1686, 1695 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Kaldbaks.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í bréfi frá 10. maí 1557. Þar er sagt frá áreið á landamerki milli Kaldbaks, Hörgholts og Hruna og segir m.a. svo:

... riðum vér til þeirra merkja sem flestir báru að æfinlega hefði haldin verið. Fyrst í þann núp er kallaður var Málstaðanúpur og þar hefði áður ævinlega haldin verið landamerki í milli greindra jarða Hörgholts og Kaldbaks framan undir miðjum Málstaðanúp og sjónlending austur í Laxá, þaðan og önnur sjónlending vestur í minni Laxá.

Þessi lýsing er tekin nánast óbreytt upp í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1644 þar sem einnig kemur fram að séra Daði Halldórsson í Hruna hafi staðfest við biskup að lýsing þessi væri samhljóða hefðinni.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er fjallað um Kaldbak og segir þar m.a. „Land jarðarinnar liggur til Stóru Laxár en að laxveiði verður ekki stórt gagn vegna gljúfra og stórgrýtis í ánni.“

Landamerkjum Kaldbaks er fyrst lýst heildstætt í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885. Bréfið lýsir m.a. landamerkjum átta tilgreindra landsvæða þar sem Hrunakirkja taldi til réttinda, þ. á m. Kaldbaks, Kluftra, Hrunaheiða og Hrunakróks. Fyrirsvarsmáður Hrunakirkjujarða lýsir landamerkjum Kaldbaks þannig:

Að austan ræður mörkum Stóralaxá frá Vithalagilsmynni norður að Þverármynni, síðan Þverá upp fyrir Þverárgljúfur að Einbúa, þaðan bein lína vestur í Kluptaá og er í þeirri stefnu Varða á Vörðuhól framan á Borgardalsás; ræður svo Kluptaá niður í Litlulaxá fram á móts við Vörðu hæst uppá Skrautholthlíðinni ytri; þaðan bein lína til austurs í Stóruaxá við Vithalagilsmynni, en í þeirri stefnu eru Vörður framan á Máldagahnúk á Bangarholti, Smirilshamri og Markakistu, norðan á Árfellinu.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 10. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Lýsingar á landamerkjum Kaldbaks er þannig að finna í heimildum frá 1557, 1644, 1709 og 1885. Þrjár elstu heimildirnar lýsa einungis hluta merkja en ekki verður annað séð en að þeim beri saman við landamerkjabréfið frá 1885.

Að Kaldbak liggja Kluftir, Hrunaheiðar, Hrunakrókur, afréttur Flóa- og Skeiðamanna, Laxárdalur og Hörgsholt. Þrjú hin fyrstnefndu landsvæði eru einnig til umfjöllunar í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða. Bréfið er áritað um samþykki eiganda og bónda í Hörgsholtum en ekki af hálfu afréttar Flóa- og Skeiðamanna eða Laxárdals. Þá áritar fyrirvarmaður Hrunakirkjujarða ekki landamerkjabréf Laxárdals en bóndinn á Kaldbak áritar bréf Hörgsholta, dags. 2. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885.

Á landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða er því sá ágalli að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirvarsmanna afréttar Flóa- og Skeiðamanna og Laxárdals. Við mat á þýðingu landamerkjalysingar Kaldbaks er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst gögnum um merki þessara landsvæða.

Austan við Kaldbak liggja afréttur Flóa- og Skeiðamanna í Skeiðahreppi og Laxárdalur í Gnúpverjahreppi. Í 1. gr. fjárskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, nr. 75/1895, segir m.a. að afréttur Flóa- og Skeiðamanna sé „milli Stóru-laxár og Fossár“. Efnislega samhljóða ákvæði hefur verið í fjallskilareglugerðum fyrir þetta svæði fram á þennan dag, sbr. nú fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna, nr. 408/1996. Enda þótt landamerkjabréf Hrunakirkjujarða sé ekki áritað af hálfu afréttar Flóa- og Skeiðamanna ber lýsingum þannig saman um að mörk á milli Kaldbaks og afréttarins séu í Stóru-Laxá.

Laxárdalur í Gnúpverjahreppi liggur suður af afrétti Flóa- og Skeiðamanna. Í landamerkjabréfi Laxárdals, dags. 16. júní 1884 og þingl. 3. júní 1890, lýsir eigandi jarðarinnar merkjum þannig:

Að vestan ræður Laxá. Að norðan ræður bein lína úr háfjallinu hjá Kaldbak, sem kallað er Nál og austur í Lambafell. Að austan ræður bein lína suður um vestur brún Hrútafells, og um Kragás; þaðan suður um austurbrún Hlíðarfjalls, sem kallað er Grenshlíð í Nónstein, sem stendur austan á fjallsbrúninni. Að sunnan ræður bein lína úr Nónsteini vestur í vörðubrotið fyrir ofan há-Grensás, og þaðan bein lína niður í Markalæk fyrir framan Brúngljúfur og úr því ræður lækurinn úti Laxá um Yðustein.

Enda þótt fyrirvarsmenn Kaldbaks og Laxárdals áriti ekki bréf hvor annars ber lýsingum þeirra þannig saman um að mörk séu í Stóru-Laxá.

Vestan við Kaldbak liggur jörðin Kluftir. Mörkum hennar er svo lýst í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða:

Að vestan ræður Litlaxá frá Kluptaármynni norður á móts við Vörðu á Moshól; úr þeirri Vörðu bein lína í Vörðu á Markhól, sem er fyrir norðan Launvatn að austanverðu; úr þeirri Vörðu bein lína í Kluptaá í Borgardalsgljúfri þaðan Kluptaá niður í Litlulaxá.

Lýsingum í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða ber þannig saman um að mörk Kaldbaks og Klufsta séu í Klufstaá.

Norðan við Kaldbak liggja Hrunakrókur og Hrunaheiðar. Merkjum Hrunakróks er svo lýst í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða:

Að austan ræður Stóralaxá frá Þverármynni, norður þangað er Stiggil fellur í hana, þaðan bein lína vestur að Þverá, í Vörðu sem við hana stendur, að vestan Þverá niður í Stóru-laxá.

Lýsingum í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða ber þannig saman um að mörk Kaldbaks og Hrunakróks séu í Þverá.

Gerð er ítarleg grein fyrir mörkum Hrunaheiða við Kaldbak, Hrunakrök og Kluftir og í kafla 12.5. og vísast þangað.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Kaldbaks er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 11.4.2. Jafnframt eru

fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér um ræðir, sé innan upphaflegs landnáms í Hrunamannahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hrunakirkjujarðir. Ekki verður annað séð en að því beri í meginatriðum saman við eldri heimildir um landamerki Kaldbaks, frá 1557 og 1709. Í þeirri fyrrnefndu er fjallað um mörk jarðarinnar til suðurs, þ.e. gagnvart Hörgsholti, og í þeirri síðarnefndu koma austurmörk jarðarinnar fram.

Lýsingu landamerkjabréfsins á landamerkjum Kaldbaks ber jafnframt í öllum meginatriðum saman við landamerkjalyásingar Klufta, Hrunakróks, Hörgsholts og Laxárdals. Lýsing á austurmörkum Kaldbaks er í samræmi við fjallskilareglugerðir frá 1895. Þá hefur ekkert komið fram sem mælir í mót lýsingu á mörkum Kaldbaks við Hrunaheiðar.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Kaldbaks sé rétt lýst í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða, dags. 12. maí 1885. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Kaldbaks, Klufta, Hrunaheiða og Hrunakróks, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Landamerkjabréf Laxárdals og Hörgsholta eru einnig þinglesin. Þá hafa fjárskilareglugjörðir 1895 og síðar verið birtar opinberlega. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Kaldbaks hafa um langa hríð haft réttmæta ástæðu til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar Kaldbaks hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu. Loks telur óbyggðanefnd að með afsali fyrir jörðinni, dags. 20. mars 2000, sé nægilega sýnt fram á rétt Ásgeirs Gestssonar til að setja fram kröfu um beinan eignarrétt í máli þessu án þess að með því sé tekin nokkur afstaða til heimildar afsalsgjafa.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Kaldbaks sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Kaldbaks, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 12. maí 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

12.8. Kluftir

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja yfir land sem samkvæmt landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885 telst innan landamerkja Klufta. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar, Hrunamannahrepps, í kafla 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að Hrunamannahreppur geti ekki byggt rétt á afsali frá Gesti Guðbrandssyni 1957 enda sé óljóst um heimild hans til sölunnar og nákvæmlega hvað hafi verið selt. Mikill vafi sé á því að nokkurn tíma hafi stofnast til beins eignarréttar að landi Klufta. Ekki sé getið um Kluftir í heimildum fyrr en 1570. Hrunakirkja hafi þá verið búin að eignast þetta afreitarland og leyft einhverjum að byggja þar kot. Sennilega séu Kluftir byggðar úr útlendi Kaldbaks. Þá er vísað til hæðar landsins yfir sjó, gróðurfars og nýtingarmöguleika.

Af hálfu þinglýsts eiganda Klufta er því haldið fram að landamerki séu ljós og samþykkt með fullnægjandi hætti. Þau séu ágreiningslaus og hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Heimildar-

skortur Gests Guðbrandssonar sé ósannaður. Land jarðarinnar liggja innan upphaflegrar landnámsjarðar og sé allt heimaland. Einnig er vísað til atriða eins og nýtingar, skattgreiðslna og hefðar.

Elsta heimild um Klúftir er í jarðabók 1597 og þá var jörðin eign Hrunakirkju. Jarðarinnar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695, 1803, 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Klúfta. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 segir m.a. svo um Klúftir „Jarðarinnar land gengur til Litlu Laxár, en veiði hefur ekki til stórra gagnsmuna verið sökum stórgrýtis í áni.“

Fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða frá 12. maí 1885. Bréfið lýsir m.a. landamerkjum átta tilgreindra landsvæða þar sem Hrunakirkja taldi til réttinda, þ. á m. Klúfta, Hrunaheiða, Hrunakróks og Kaldbaks. Fyrirsvarsmaður Hrunakirkjujarða lýsir landamerkjum Klúfta þannig:

Að vestan ræður Litlaxá frá Klúptaármynni norður á móts við Vörðu á Moshól; úr þeirri Vörðu bein lína í Vörðu á Markhól, sem er fyrir norðan Launvatn að austanverðu; úr þeirri Vörðu bein lína í Klúptaá í Borgardalsgljúfri þaðan Klúptaá niður í Litlulaxá.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 10. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Lýsingar á landamerkjum Klúfta er þannig að finna í heimildum frá 1709 og 1885. Fyrirnefnda lýsingin tekur þó aðeins til eins kennileitis en ber um það saman við þá síðarnefndu.

Að Klúftum liggja Jata, Foss, Hrunaheiðar og Kaldbakur. Tvö hin síðastnefndu landsvæði eru einnig til umfjöllunar í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða. Bréfið er ekki áritað af hálfu eigenda Jötu og Foss. Þá áritar fyrirsvarsmaður Hrunakirkjujarða ekki landamerkjabréf Foss og landamerkjabréf fyrir Jötu er ekki til.

Á landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða er því sá ágalli að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna allra aðliggjandi landsvæða. Við mat á þýðingu landamerkjalyýsingar Klúfta er nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst gögnum um merki þeirra jarða sem áritanir skortir fyrir.

Vestan við Klúftir liggja jarðirnar Jata og Foss. Landamerkjabréf Jötu hefur hvorki fundist hjá Sýslumanninum á Selfossi né á Þjóðskjalasafni Íslands. Óvíst er hvort það hefur nokkurn tímann verið gert. Síðari lýsing á merkjum jarðarinnar við Klúftir er ekki heldur fyrir hendi. Samanburður er því ekki mögulegur.

Í landamerkjabréfi fyrir Fossland, dags. 3. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum þannig:

Að vestan ræður Fossá frá Rauðalækjarmynni inn að Markagili, síðan Gilið upp undir fjallsbrúnina, úr Gilklöfningunum bein stefna í Vörðu uppá fjallsbrúninni og úr henni aptur í Vörðu við Fossá að vestanverðu; frá þeirri Vörðu ræður Fossá norður í Gráhól, sem er að austanverðu við ána, úr Gráhól bein stefna í Brunkollugil, þar sem það rennur í Litlu-Laxá, síðan Litlu-Laxá niður að Vörðu sem við hana stendur innarlega á Fagradal, úr þeirri Vörðu sjónhending í Vörðu uppá Hábrún; þaðan sjónhending í Hornmarksvörðu austan í Dalholtum, þaðan bein stefna í Rauðalækjarbotn; síðan Rauðilækur þangað til hann fellur í Fossá.

Enda þótt fyrirsvarsmenn Klúfta og Foss áriti ekki bréf hvor annars ber lýsingum þeirra þannig saman um að mörk séu í Litlu-Laxá.

Norðan við Klúftir liggja Hrunaheiðar. Gerð er ítarleg grein fyrir mörkum Hrunaheiða við Klúftir, Hrunakrök og Kaldbak í kafla 12.5. og vísast þangað.

Kaldbakur liggur sunnan við Hrunakrök og Hrunaheiðar og austan við Klúftir. Mörkum hans er svo lýst í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða:

Að austan ræður mörkum Stóralaxá frá Vithalagilsmynni norður að Þverármynni, síðan Þverá upp fyrir Þverárgljúfur að Einbúa, þaðan bein lína vestur í Kluftaá og er í þeirri stefnu Varða á Vörðuhól framman á Borgardalsás; ræður svo Kluftaá niður í Litlulaxá fram á móts við Vörðu hæst uppá Skrautholtahlíðinni ytri; þaðan bein lína til austurs í Stóralaxá við Vithalagilsmynni, en í þeirri stefnu eru Vörður framman á Máldagahnúk á Bangarholti, Smirilshamri og Markakistu, norðan á Árfellinu.”

Lýsingum í landamerkjabréfi Hrunakirkjujarða ber þannig saman um að mörk Klufta og Kaldbaks séu í Kluftaá.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Klufta er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun in kafla 11.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Hrunamannahreppi. Enda þótt Klufta sé ekki getið í heimildum fyrr en á 16. öld og komi ekki fram í máldaga Hruna frá 1331 verður það ekki talið sanna að Kluftir hafi ekki verið byggðar úr eignarjörð. Í þessu sambandi er jafnframt ljóst að áreið sú, sem fram fór 1557 á landamerki í millum Kaldbaks, Hörgsholts og Hruna, útilokar ekki að Kluftir hafi verið til enda liggja lönd Hörgsholts og Hruna suður af Kaldbak en Kluftir hins vegar vestan við Kaldbak og rennur Kluftaá þar á milli. Engin óhjákvæmileg nauðsyn var því að gera grein fyrir mörkum Klufta við þetta tækifæri.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hrunakirkjujarðir. Ekki verður annað séð en að því beri saman við eldri heimild um landamerki Klufta, frá 1709, þar sem fram kemur takmörkuð lýsing á vesturmörkum jarðarinnar. Landamerkjalyýsingu Klufta ber jafnframt saman við landamerkjalyýsingar Foss og Kaldbaks. Þá hefur ekkert komið fram sem mælir í mót lýsingu á mörkum Klufta við Hrunaheiðar og Jötu. Landamerkjalyýsingum Klufta og aðliggjandi landsvæða, þar sem þær eru fyrir hendi, ber þannig saman í öllum aðalatriðum.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Klufta sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 12. maí 1885. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Klufta, Hrunaheiða, Hrunakróks og Kaldbaks, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Landamerkjabréf Foss er einnig þinglesið. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Klufta hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar, sem á bréfinu eru, verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð fram til ársins 1954 og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1885, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Afsal ráðherra Íslands til Gests Guðbrandssonar, dags. 29. apríl 1919, bendir ekki til annars en að seldur hafi verið beinn eignarréttur á jörðinni. Tilgreining á Kluftum í einu handriti Gíslamáldaga 1570 er með sama hætti og á Berghyl sem Hruni eignaðist 1488. Hún verður því ekki talin fela í sér vísbendingu um óbein eignarréttindi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Klufta sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun in kafla 11.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Klufta, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 12. maí 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

12.9. Tungufellstorfa, þ.e. Tungufell, Jaðar I (Hamarsholt) og Jaðar II

Tungufellstorfa skiptist nú í jarðirnar Tungufell, Jaðar I og Jaðar II. Jaðar verður til þegar hluti úr Tungufelli er seldur árið 1669, án þess þó að merkjum sé lýst. Sameiginlegt landamerkjabréf er gert fyrir Tungufell, Jaðar og Hamarsholt 1885. Hamarsholt mun hafa verið hjáleiga frá Tungufelli, í byggð a.m.k. frá 17. öld og til 1875. Árið 1935 er landi Tungufells og Jaðars skipt og fylgir þá Hamarsholt Jaðri, sbr. einnig lýsingu landamerkja frá 1953. Landi Jaðars er skipt í Jaðar I og II 1953, sbr. einnig lýsingu landamerkja frá 1978. Jaðar I er land eyðibýlisins Hamarsholts.

Hér verður fjallað um Tungufellstorfu eins og henni er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi Tungufells, Jaðars og Hamarsholts frá 1885. Þá eru meðtaldir þeir hlutar Tungufells og Jaðars sem liggja norðan afréttargirðingar. Girðing þessi var reist árið 1912 og liggur frá Hvítá, milli Illagils og Þorsteinshöfða, austur að Stóru-Laxá, sunnan Laxárkletts. Landsvæðið norðan við hana er nýtt sem afréttur Hrunamannahrepps en þeir hlutar Tungufells, Jaðars og Hrunaheiða sem liggja norðan afréttargirðingar hafa ekki verið formlega lagðir til afréttar samkvæmt lögum um afréttamálefni og fjallskil. Um annað land tilheyrandi Hrunamannaafrétti er fjallað í köflum 12.5. og 12.10. um Hrunaheiðar og Hrunamannaafrétt.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggi yfir land sem samkvæmt landmerkjalýsingu fyrir Tungufell, Jaðar og Hamarsholt frá 3. júní 1885 telst innan landamerkja Tungufellstorfu. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarða í Tungufellstorfu, Einars Jónssonar o.fl., í kafla 3.9.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að landamerkjabréf Tungufells, Jaðars og Hamarsholts samræmist ekki landmerkjalögum og styðjist ekki við eldri rétt að öllu leyti. Heimaland jarðarinnar hafi ekki náð eins langt og þar sé lýst. Þá er vísað til hæðar landsins yfir sjó, gróðurfars og nýtingarmöguleika.

Af hálfu þinglýstra eigenda jarða í Tungufellstorfu er því haldið fram að landamerkjabréf torfunnar hafi verið samþykkt með fullnægjandi hætti og styðjist einnig við eldri gögn. Þá sé allt land jarðarinnar heimaland og mörk ágreiningslaus. Einnig er vísað til atríða eins og nýtingar, leigu-greiðslna Hrunamannahrepps, skattgreiðslna jarðeigenda, landnáms og hefðar.

Skriflegar heimildir og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu á Hrunamannaafrétti, einkum norður af Tungufellstorfu og upp með Hvítá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns frá 1709 eru t.d. höfð þau munnmæli eftir heimildarmönnum að Tungufell hafi fyrrum verið í miðri sveit.

Elsta heimild um Tungufell er í máldaga sem talinn er vera frá 1331 og er þá bændakirkja á jörðinni. Tungufells er einnig getið í Vilkinsmáldaga frá 1397, tveimur máldögum frá 16. öld, vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1644 og jarðabókum 1686, 1695, 1709, 1847 og 1861. Jaðars er fyrst getið í Jarðabók 1709 og síðar einnig 1803 og 1916. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Tungufellstorfu.

Fyrstu lýsinguna á landmerkjum jarðatorfunnar er að finna í lögfestu frá 10. maí 1669. Þar lýsir eigandi kaupahluta (bóndahluta) jarðarinnar, Ásmundur Guðnason, landmerkjum hennar þannig:

... Huitá ad Vestann frá ár mótunum, er dalsá og fossá i hana renna og allt norður i Buudará, Sidann rædur Buudará og austur J Heidará Sidann ad nordann Úr Heidará Siónhending og J fossár drög edur Upptök, Vestan og nordan Under laxár klett, Sidann rædur fossá ad austan og Sunnann allt á móts vid Raudár gil, er nordann Under Raudár klett liggur og Raudá Úr rennur, og rædur so Raudá allt J dalsá, og Úr þui rædur dalsá er rennur J Huitá J ármótunum ...

Næst er fjallað um landamerki Tungufellstorfu 9. maí 1670, í tengslum við kaup Brynjólfs biskups Sveinssonar á fjórðungi kaupahluta í Tungufelli 23. nóvember 1669, er Jaðar varð til. Þar segir svo:

Að vestan ræður Hvítá frá tungusporðunum og allt norður í Búðará, síðan ræður Búðará austur eftir í Heiðará, þaðan sjónhending suður eftir í Fossárdrög, eður upptök, vestan og norðanhalt við Laxárklett, síðan ræður Fossá merkjum fram á móts við Rauðárgil, síðan ræður Rauðá er rennur úr Rauðárgili norðan undir Rauðárklett allt í Dalsá, síðan ræður Dalsá vestur í Hvítá.

Hlutur biskups var lögfestur 25. maí 1671 að viðstöðum tveimur vottum „að fullum og öllum fjórðungi til ystu ummerkja á móts við aðrar jarðir“ án þess þó að þeim ummerkjum sé lýst.

Þá er fjallað um mörk Tungufellstorfunnar í lýsingu séra Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufellssóknum árið 1840. Þar kemur fram að Búðará aðskilji afrétt frá byggðarhögum.

Í landamerkjabréfi fyrir Tungufell, Jaðar og Hamarsholt, dags. 3. júní 1885, lýsir umboðsmaður eiganda Tungufellstorfunnar landamerkjum hennar þannig:

Að framan ræður Dalsá, þaðan er hún fellur í Hvítá, norður þangað, er Rauðá rennur í hana, þaðan bein stefna í Vörðu á Dagmálakletti, þaðan sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá, síðan Fossá í Vörðu í Fossárdrögum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu; síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará, og Búðará þar til hún fellur í Hvítá, og Hvítá niður að Dalsármynni.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 10. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Lýsingar á landamerkjum Tungufellstorfu er þannig að finna í heimildum frá 1669, 1670, 1840 og 1885. Þær eru frábrugðnar að því leyti að hinar tvær elstu miða við að norðurmörk nái austur að Heiðará en landamerkjabréfið gengur hins vegar skemur og miðar við Melrakkaá sem liggur nokkru vestar. Lýsingar á suðurmörkum virðast miðast við mjög svipaðar slóðir enda þótt orðalag sé ekki hið sama að öllu leyti.

Að Tungufellstorfu liggja Brattholt og Tunguheiði í Biskupstungnahreppi handan við Hvítá, Hrunamannaafréttur, Hrunaheiðar, Foss, Hlíð og Haukholt í Hrunamannahreppi. Landamerkjabréf Tungufellstorfu er einungis áritað um samþykki eiganda einnar aðliggjandi jarðar, þ.e. Hlíðar. Landamerkjabréf Hlíðar hefur hvorki fundist hjá Sýslumanninum á Selfossi né á Þjóðskjalasafni Íslands. Óvíst er hvort það hefur nokkurn tímann verið gert. Núverandi eigendur Hlíðar vísa til landamerkjabréfs Tungufellstorfu um mörk jarðar sinnar, sbr. kafla 12.4.

Þá áritar eigandi torfunnar ekki bréf aðliggjandi landsvæða, þau sem fyrir hendi eru. Á landamerkjabréfi Tungufellstorfu er því sá ágalli að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna allra aðliggjandi landsvæða. Við mat á þýðingu bréfsins er nauðsynlegt að kanna hvort efni þess fær samrýmst gögnum um merki þeirra landsvæða sem áritanir skortir fyrir. Jarða- og hreppamörk í Hvítá eru þó svo glögg frá náttúrunnar hendi að þau verða ekki talin valda vafa.

Norðan við Tungufellstorfu liggur Hrunamannaafréttur. Í l. gr. fjárskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, nr. 75/1895, segir m.a. svo:

Afrjettur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru Faxá, afrjettur Flóa og Skeiðamanna milli Stóru Faxá og Fossár, afrjettur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afrjettanna eptir landamerkjaskrá og fornri venju. ...

Landamerkjabréf Tungufellstorfu er ekki áritað af hálfu Hrunamannahrepps en líta verður svo á að það sé lagt til grundvallar í fjárskilareglugjörðinni 1895. Samkvæmt því liggja mörkin á milli Hrunamannaafréttar og Tungufellstorfu frá vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu og síðan í Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará, og í Búðará þar til hún fellur í Hvítá. Í lýsingu séra Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufellssóknum frá árinu 1840 kemur einnig fram að Búðará aðskilji afrétt frá byggðarhögum. Í yfirlýsingu oddvita Hrunamannahrepps frá 1978 er landi Tungufells innan afréttarins lýst í samræmi við þá lýsingu á norðurmörkum sem fram kemur í

landamerkjabréfi Tungufellstorfunnar frá 1885. Landi Jaðars innan afréttargirðingar er hins vegar ekki lýst í yfirlýsingu oddvita heldur einungis miðað við afréttargirðinguna, sem reist var árið 1912, yfir Tungufell, Jaðar og Hrunaheiðar. Lýsingu á því er ekki heldur að finna í afsali eiganda Jaðars til Hrunamannahrepps, dags. 29. mars 1978. Lega þess verður þó einnig að nokkru ráðin af lýsingu á skiptingu Jaðars frá 1953, þar sem mörk liggja úr upptökum Illagils beina stefnu í Búðarfoss og síðan Búðará og Melrakkaá í Melrakkaklif og einnig landamerkjalyýsingu milli Tungufells og Jaðars 1953 þar sem gert er ráð fyrir að nyrsti punktur landskiptalínu sé í Melrakkaklifi.

Austan við Tungufellstorfu liggja Hrunaheiðar. Í landamerkjabréfi fyrir Hrunakirkjujarðir, dags. 12. maí 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir fyrirsvarsmáður Hrunakirkjujarða landamerkjum Hrunaheiða þannig:

En[n] fremur á Hrunakirkja Hrunaheiðar, sem liggja milli afréttar og heimalanda, austan frá Stóruhá norður að Heiðaá og Melrakkaá í upptökum þeirra beggja, og vestur að Fossá fyrir vestan Laxárklettsmýrar, allt fram að Gráhól.

Enda þótt fyrirsvarsmenn Tungufellstorfu og Hrunakirkjujarða áriti ekki bréf hvor annars ber lýsingum þeirra þannig saman um að mörk liggja í Fossá og norður að Melrakkaá.

Sunnan við Tungufellstorfu liggja jarðirnar Foss, Hlíð og Haukholt. Í landamerkjabréfi Fosslands, dags. 3. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir umboðsmáður eiganda jarðarinnar landamerkjum þannig:

Að vestan ræður Fossá frá Rauðalækjarmynni innað Markagili, síðan Gilið upp undir fjallsbrúnina, úr Gilklöfningunum bein stefna í Vörðu uppá fjallsbrúninni og úr henni aptur í Vörðu við Fossá að vestanverðu; frá þeirri Vörðu ræður Fossá norður í Gráhól, sem er að austanverðu við ána, úr Gráhól bein stefna í Brunkollugil, þar sem það rennur í Litlu-Laxá, síðan Litla-Laxá niður að Vörðu sem við hana stendur innarlega á Fagradal, úr þeirri Vörðu sjónhending í Vörðu uppá Hábrún; þaðan sjónhending í Hornmarksvörðu austan í Dalholtum, þaðan bein stefna í Rauðalækjarbotn; síðan Rauðilækur þangað til hann fellur í Fossá. Í landinu á Hlíð slægjuítak, sem byrjar við Rauðalækjarbotn og nær fram með Dalholtum að austanverðu fram að Þvermörkum milli Foss og Jötu; Að austanverðu markar Klettholtsgil það af. Aptur á móti á Foss skógarhögg í Hlíðaritakinu í Tungufellslandi milli Yrpugils- og Gilsins við Rauðárkjölinn.

Enda þótt eigendur Tungufellstorfu og Foss áriti ekki bréf hvor annars ber lýsingum þeirra þannig saman um að mörk séu í Fossá.

Í landamerkjabréfi Haukholta, dags. 5. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum þannig:

Hvítá ræður að vestan frá því að Haukholtgil rennur í hana, þar til að Fossá rennur í hana að norðan, svo ræður Fossá þar til Rauðilækur rennur í hana, og svo ræður Rauðilækur fram í botna, þaðan bein stefna í Vörðu sem er framan við steinboga fyrir austan Steinbogamýri, úr þeirri vörðu aptur bein stefna í Alviðrudal, og svo ræður Alviðrudalsgil þar til það rennur í Haukholtgil, og svo ræður það, þar til það rennur í Hvítá.

Enda þótt eigendur Tungufellstorfu og Haukholta áriti ekki bréf hvor annars ber lýsingum þeirra þannig saman um að mörk séu í Fossá.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Tungufells er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 11.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í

Hrunamannahreppi. Auk þess liggur fyrir að byggð hefur til forna náð norðar upp með Hvítá en Tungufellstorfa.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jarðirnar Tungufell, Jaðar og Hamarsholt. Ekki verður annað séð en að því beri í meginatriðum saman við eldri heimildir um landamerki jarðatorfunnar, frá 1669, 1670 og 1840. Í því sambandi verður ekki talið skipta máli þó að hinar elstu heimildir miði við Heiðará enda lýtur þetta atriði að mörkum Tungufells og Hrunaheiða sem landamerkjabréfum Tungufellstorfu og Hrunakirkjujarða ber saman um að liggi í Fossá og norður að Melrakkaá. Skammt er á milli upptaka Heiðarár og Melrakkaár.

Landamerkjabréfi Tungufellstorfu ber jafnframt saman við landamerkjalytingu Foss og Haukholt. Einnig eru jarða- og hreppamörk í Hvítá, gagnvart Brattholti og Tunguheiði, ekki til þess fallin að valda vafa. Þá virðist lýsing á mörkum Hrunamannaafréttar í reglugljörðinni frá 1895 m.a. vísa til landamerkjalytingar Tungufellstorfu frá því tíu árum áður. Ekkert hefur komið fram sem mælir í mót þeirri lýsingu á mörkum við Hlíð sem fram kemur í landamerkjabréfi torfunnar.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Tungufellstorfu sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 3. júní 1885. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðatorfunnar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Landamerkjabréf Foss, Haukholt, og Hrunakirkjujarða eru einnig þinglesin. Fjárskilareglugljörðir 1895 og síðar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur Tungufellstorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar sem á bréfinu eru verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að torfan hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1885, hafa eigendur torfunnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðatorfunnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Árið 1912 er reist afréttargirðing yfir Tungufell og Jaðar og samkvæmt ársreikningi fjallskilasjóðs Hrunamannahrepps 1961 er greidd „leiga fyrir land í afrétti að Jaðri og Tungufelli 120 kinda fjallskil“. Þá kemur fram í yfirliti hreppsins yfir fjallskil Tungufells og Jaðars fyrir árin 1965-1969 að fjallskil á grundvelli jarðahundraða eru ekki greidd, svo sem fyrir aðrar jarðir. Ljóst er því að Hrunamannahreppur hefur greitt leigu fyrir land Tungufells og Jaðars innan afréttargirðingar. Þá festir Hrunamannahreppur kaup á landi Jaðars norðan afréttargirðingar árið 1978.

Tilgreining á hluta kirkjunnar í heimalandi Tungufells er í samræmi við það sem venja var í máldögum enda var það skilyrði þess að kirkja gæti tekið vígslu að hún ætti tiltekinn hluta þeirrar jarðar sem hún stóð á. Í þessari tilgreiningu felst hins vegar ekki sönnun þess að innan marka jarðatorfunnar hafi verið annars konar land, með aðra stöðu að eignarrétti. Þá verður skógaritak Hrunakirkju í Þorsteinshöfða og skammvinnur og óvenjulegur búskapur við Búðará ekki talið afsanna beinan eignarrétt Tungufells á landi þar enda líkur á að landskuld vegna Búðarárbakka hafi verið greidd til Tungufells. Loks verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Tungufellstorfunnar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Tungufellstorfunnar, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 3. júní 1885, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

12.10. Hrunamannafréttur

Landi því, sem nú er talið til Hrunamannafréttar, má skipta í þrjá hluta sem eiga sér mismunandi uppruna. Þar er að norðanverðu um að ræða landsvæði sem á sér langa sögu sem afréttur Hrunamanna en að sunnanverðu land úr annars vegar Tungufellstorfu, þ.e. Tungufelli og Jaðri, og hins vegar Hrunaheiðum. Skýrist þetta af því að árið 1912 er reist afréttargirðing frá Hvítá, milli Illagils og Þorsteinshöfða, austur að Stóru-Laxá, sunnan Laxárkletts. Girðing þessi liggur yfir Tungufellstorfu og Hrunaheiðar og afmarkar Hrunamannafrétt til suðurs en þeir hlutar Tungufells, Jaðars og Hrunaheiða sem liggja norðan afréttargirðingar hafa ekki verið formlega lagðir til afréttar samkvæmt lögum um afréttamálefni og fjallskil.

Hér verður fjallað um norðanverðan Hrunamannafrétt en um land innan landamerkja Tungufellstorfu og Hrunaheiða er fjallað í köflum nr. 12.5. og 12.9.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að allt það land sem liggur norðan afréttargirðingar sé þjóðlenda en viðurkenndur er réttur afréttareigenda til venjulegra lagalegra afréttarnota. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.

Af hálfu Hrunamannahrepps og eigenda tilgreindra jarða í hreppnum er gerð sú krafa að viðurkennt verði að Hrunamannafréttur sé fullkomið eignarland. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.11.

Um kröfugerð og sjónarmið Landsvirkjunar á svæðinu og úrlausn óbyggðanefndar þar að lútandi vísast til kafla 3.13., 10 og 13.

Kröfugerð Fannborgar ehf. byggir á og vísar til meintra réttinda Hrunamannahrepps á Hrunamannafrétti. Óbyggðanefnd telur því að krafa fyrirtækisins um viðurkenningu á leiguréttindum og tengdum réttindum til landspildu í Kerlingarfjöllum þarfnist ekki frekari sjálfstæðrar skoðunar í máli þessu, sbr. 7. gr. og 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að ekki njóti við samþykktu merkja milli jarða og afréttar. Land þetta sé einungis nýtið til beitar og smalað af fjallskilastjórn. Það hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti og verði því ekki hefðað. Íslenska ríkið hafi ekki viðurkennt beinan eignarrétt að Hrunamannafrétti. Sá sem haldi fram beinum eignarrétti þurfi að sanna sitt mál. Um sé að ræða sams konar landsvæði og Landmannafrétt.

Af hálfu eigenda jarða í Hrunamannahreppi er því haldið fram að landsvæði þetta hafi verið numið og síðan fylgt jörðum í Hrunamannahreppi. Svæði þetta hafi áður verið í byggð og af því skapist sérstaða miðað við t.d. Landmannafrétt. Það sé skýrt afmarkað af stórum vatnsföllum og jöklum. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hafi stýrt nýtum og framkvæmdum. Landið í Hrunamannahreppi hafi aldrei orðið eigendalaust heldur hafi hreppurinn eignast býli sem fóru í eyði, fyrir venju og hefð fyrst og fremst og lagt land þeirra til afréttarins. Afrétturinn hafi verið nýttur til fulls í samræmi við möguleika á hverjum tíma. Ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt fulkominn eignarrétt Hrunamannahrepps sjálfs og fyrir hönd landeigenda á afréttinum, með þinglýsingu heimildarskjala. Einnig er vísað til atriða eins og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga.

Skriflegar heimildir og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu á þeim hluta Hrunamannafréttar sem hér er til umfjöllunar, einkum norður af Tungufellstorfu og upp með Hvítá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 eru þannig talin upp nöfn fjórtán bæja sem þar eiga að hafa verið fyrr á öldum. Fornleifarannsóknir hafa rennt undir þetta nokkrum stöðum hvað varðar fimm til sjö bæi. Ber þar sérstaklega að geta Þórarinsstaða, vestan til á Hnausheiði við Stangará, sem mest hafa verið rannsakaðir. Talið er að byggð þar hafi lagst niður á 14. öld, trúlegast í kjölfar Heklugoss um 1300.

Elsta skriflega heimild um Hrunamannafrétt er í Vilkinsmáldaga frá 1397. Þar kemur fram í umfjöllun um jörðina Hóla (Hrepphóla) að „alls fiar afriettur“ sé í Sandafelli og að Þórarinsstöðum. Árið 1627 var utansveitarmaður dæmdur fyrir ólöglegan rötargröpt o.fl. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er svipuð frásögn og þar er einnig að finna fyrstu lýsinguna á landamerkjum Hrunamannafréttar, svohljóðandi:

Begar sleppur Túngufells land, kemur þar norðan fyrir Ytrahreppsmanna afrjett, sem allir hreppsmenn eigu fri, og gengur hann norður undir Blánýpu-jökul. Blánýpujökull er suðvestur hornið af Arnarfells jökli sem er býsna lágur í austur og vestur, og úr honum rennur jökulkvísl sú, er fellur ofan í Hvítá fyrir neðan Skagfirðinga vað, og litar Hvítá.

Næst er fjallað um mörk afréttarins í lýsingu séra Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufells-sóknum árið 1840. Þar kemur fram að Jökulkvísl takmarki afréttinn að norðanverðu, Búðará aðskilji afrétt frá byggðarhögum og Heiðará skilji Hrunaheiðar frá afréttinum.

Í lýsingu hreppsnefndar Hrunamannahrepps á landamerkjum milli afréttarlanda Flóa og Skeiða og Hrunamannaafreftar, dags. 18. apríl 1890, er mörkum þannig lýst:

Laxá ræður frá byggð inni Laxárdrög, þaðan bein stefna í nyrðra Rjúpnafell, þaðan bein lína, í sömu stefnu allt inn að Jökli.

Bréfinu er þinglýst 2. júní 1890 og fært inn í landamerkjabók sýslumanns. Það er áritað um samþykki fyrirvarsmanns afreftar Flóa og Skeiða og í umboði sýslunefndar Árnæssýslu.

Þá segir svo í 1. gr. fjárskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnæssýslu, nr. 75/1895:

Þeir eiga afrjett, sem að fornu hafa átt. Afrjettur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-Laxá, afrjettur Flóa og Skeiðamanna milli Stóru-Laxá og Fossár, afrjettur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afrjettanna eptir landamerkjaskrá og fornri venju. ...

Samhljóða ákvæði er að finna í reglugerðum um sama efni nr. 79/1902, 99/1916, 107/1934, 163/1953 og 380/1975 sem í gildi var til 1996.

Heildstæðustu lýsinguna á landamerkjum Hrunamannaafreftar er að finna í yfirlýsingu oddvita hreppsins frá 28. júlí 1978. Þar er mörkum afréttarins lýst svo:

Að sunnan afréttargirðing frá Hvítá milli Yllagils og Þorsteinshöfða austur að Stóru-Laxá sunnan Laxárklefts. Að austan Stóra-Laxá frá byggð inn í Laxárdrög þaðan bein stefna, í nyrðra Rjúpnafell, þaðan bein lína, í sömu stefnu allt inn að Hofsjökli. Að norðan Hofsjökull. Að vestan Hvítá frá afréttargirðingu að Jökulfalli, síðan Jökulfall inn í Hofsjökul.

Land sem Jaðar átti á afréttinum c.a. 1500 ha. keypti Hrunamannahreppur í mars 1978.

Tungufell á land á afréttinum. Mörkin á því landi eru þessi: Að sunnan afréttargirðing milli Dalsár og Fossár. Að austan Fossá í vörðu í Fossárdrögum þaðan sjónhending í vörðu framan við Stóruversöldu. Að norðan Melrakkaá. Að vestan Dalsá þar sem hún rennur í gegnum melhrygg milli Innri-Mýra og Melrakkatunga, þaðan eru mörkin sjónhending í Melrakkaklif.

Yfirlýsing oddvita er samin tæpum hundrað árum eftir gildistöku hinna upphaflegu landamerkjalaga. Ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalög mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á þessa yfirlýsingu verður því að líta sem einhliða staðfestingu oddvita f.h. hreppsins á heildarlandamerkjum afréttarins.

Í fjallskilasamþykkt fyrir Árnæssýslu austan vatna, nr. 408/1996, sem tók við af framangreindri fjallskilareglugerð nr. 380/1975, og enn gildir segir m.a. svo í 2. gr.:

Afréttur Hrunamannahrepps er að vestan milli Jökulfalls og Hvítár í Hofsjökul og úr jöklinum bein lína um Eystra-Rjúpnafell í Laxárdrög og ræður svo Stóra-Laxá austurmörkum.

Lýsingar á landamerkjum Hrunamannaafréttar er þannig að finna í heimildum frá 1709, 1840, 1890, 1895 og síðar. Þrjár elstu heimildirnar hafa að geyma brotakenndar lýsingar á mörkum til vesturs, suðurs og austurs. Gildandi fjárskilareglugjörðir á tímabilinu 1895-1996 lýsa afmörkun til vesturs og austurs í grófum dráttum en vísa að öðru leyti til landamerkjaskráa og fornrar venju. Í yfirlýsingu oddvita frá 1978 er um að ræða nokkuð ítarlega samantekt á eldri heimildum. Fjallskilasamþykktin sem gildi tók 1996 lýsir vestur- og austurmörkum nánar en fyrri reglugerðir en tekur ekkert fram um mörk til suðurs og norðurs. Lýsingar þeirra heimilda sem hér hafa verið tilgreindar eru misjafnlega ítarlegar en ekkert í þeim stangast á.

Að Hrunamannaafrétti liggja Tunguheiði og Biskupstungnaafréttur í Biskupstungnahreppi, afréttur Flóa- og Skeiðamanna í Skeiðahreppi og Hrunaheiðar og Tungufellstorfa í Hrunamannahreppi. Þá liggur Hofsjökull norður af afréttinum.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps virðist hafa að því frumkvæði árið 1890 að gengið er frá lýsingu á landamerkjum milli afréttarlanda Flóa- og Skeiðamanna og Hrunamannaafréttar. Landamerkjabréf er ekki gert um afréttinn að öðru leyti og landamerkjabréf efstu landsvæða í Hrunamannahreppi eru ekki árituð af hálfu hreppsins. Árið 1895 er hins vegar gefin út fjárskilareglugjörð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár þar sem mörkum afréttar á svæðinu, þ. á m. Hrunamannaafréttar, er lýst í meginatriðum. Telja verður að í reglugerðinni felist yfirlýsing hreppsnefndar Hrunamannahrepps um mörk Hrunamannaafréttar. Við mat á þýðingu þeirrar landamerkjalyýsingar sem fram kemur í reglugerðinni er samt sem áður nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins og aðliggjandi landsvæða, sbr. umfjöllun í kafla 11.6. um afrétti og sönnunarkröfur í því sambandi.

Mörk við Hofsjökul eru glögg frá náttúrunnar hendi og við þau miðað frá fyrstu lýsingum á merkjum afréttarins.

Vestan við Hrunamannaafrétt liggja Tunguheiði í Biskupstungnahreppi og Framafréttur Biskupstungnahrepps. Samkvæmt fjárskilareglugjörðinni frá 1895 eru vesturmörk Hrunamannaafréttar í Hvítá. Samkvæmt eignardómi, dags. 23. febrúar 1980 og þingl. 5. maí 1980, liggja austurmörk Tunguheiðar í Hvítá. Landamerkjum Tunguheiðar ber því saman við lýsingu á landamerkjum Hrunamannaafréttar. Fjárskilareglugjörðin fjallar þó einungis um þann hluta Biskupstungnaafréttar sem nefnist Framafréttur og liggur sunnan Hvítárvatns sem Hvítá rennur úr. Norður af Hvítárvatni og vestan við Jökulfall liggur afréttur Biskupstungnahrepps „norðan vatna“. Í fjárskilareglugjörðinni er ekki greint frá mörkum við þennan hluta afréttar Biskupstungnahrepps en samkvæmt heimildum um mörk Hrunamannaafréttar frá 1709 og 1840 má ráða að þar sé um að ræða Jökulkvísl, frá Blánýpujökli og þar til hún fellur í Hvítá við Hvítárvatn. Lýsingum ber því saman um að vesturmörk Hrunamannaafréttar séu í Hvítá og Jökulfallinu enda glögg skil frá náttúrunnar hendi. Hið sama kemur fram í yfirlýsingu oddvita Hrunamannahrepps frá 1978 og í fjallskilasamþykkt frá 1996 fyrir Árnæssýslu austan vatna. Þá er í máli nr. 4/2000 komist að þeirri niðurstöðu að gögn um merki Biskupstungnaafréttar bendi til hin sama.

Austan við Hrunamannaafrétt liggur afréttur Flóa- og Skeiðamanna. Samkvæmt fjárskilareglugjörðinni frá 1895 eru austurmörk Hrunamannaafréttar í Stóru-Laxá. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur í lýsingu hreppsnefndar Hrunamannahrepps á landamerkjum milli afréttarlanda Flóa og Skeiða og Hrunamannaafréttar, dags. 18. apríl 1890 og þingl. 2. júní 1890, sem forsvarsmaður afréttar Flóa og Skeiða áritar. Í fjárskilareglugjörðinni er hins vegar ekki greint frá mörkum eftir að Stóru-Laxá sleppir og inn að Hofsjökli en samkvæmt framangreindu landamerkjabréfi er þar um að ræða beina stefnu frá Laxárdrögum í Nyrðra-Rjúpnafell og þaðan í jökul. Lýsingum ber því saman um að mörk Hrunamannaafréttar og afréttar Flóa- og Skeiðamanna séu í Stóru-Laxá og frá Laxárdrögum beina stefnu í Nyrðra-Rjúpnafell og þaðan í jökul. Sú lýsing er síðan tekin upp í yfirlýsingu oddvita 1978.

Núgildandi fjallskilareglugerð, nr. 408/1996, lýsir einnig austurmörkum á sama hátt og landa-

merkjabréfið, að því undanskildu að fyrrnefnda heimildin miðar við „Nyrðra-Rjúpnafell“ en hin síðarnefnda „Eystra-Rjúpnafell“. Kort Landmælinga Íslands og gögn Örnefnastofnunar Íslands benda þó til þess að Rjúpnafellin séu á síðari tímum nefnd „Eystra“ og „Vestra“. Hið „Vestra“ liggur nokkru norðar en það „Eystra“ og nánast beint upp af Laxárdrögum, 835 m á hæð. Hið „Eystra“ er hins vegar nokkru sunnar og austar, þ.e.a.s. lengra inni á afrétti Flóa- og Skeiðamanna, 872 m á hæð. Eystra-Rjúpnafell er fyrst nefnt í þessu sambandi í fjallskilareglugerð, nr. 408/1996, 2. gr. Við endurupptökur þessa máls og máls nr. 6/2000 var því lýst yfir af hálfu Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa og Hrunamannahrepps að þar sé um mistök að ræða. Aðilar eru því sammála um að miða við nyrðra fjallið, þ.e. Vestra-Rjúpnafell, í þessu sambandi. Þessu til sönnunar er sú staðreynd að bein lína úr Hofsjökli um Eystra-Rjúpnafell í Laxárdrög, svo sem reglugerðin kveður á um, er ekki möguleg þar sem jökullinn nær ekki nógu langt til austurs. Samkvæmt þessu telur óbyggðanefnd edlilegt að álykta sem svo að „Nyrðra-Rjúpnafell“ samsvari „Vestra-Rjúpnafelli“. Ákvæði reglugerðar nr. 408/1996 verður ekki talið bindandi um þetta atriði.

Þá er í máli nr. 6/2000 komist að þeirri niðurstöðu að gögn um merki Flóa- og Skeiðamanna-afréttar bendi ekki til annars en að mörkum til austurs sé rétt lýst í sama landamerkjabréfi, dags. 18. apríl 1890, að teknu tilliti til þess sem að framan greinir um Nyrðra og Vestra-Rjúpnafell.

Gildandi fjárskilareglugjörðir á tímabilinu frá 1895-1996 lýsa þannig einungis austur- og vesturmörkum að hluta og tilgreina ekki suður- og norðurmörk. Lýsingu afréttarmarka er lokið með því að vísa að öðru leyti í landamerkjaskrár og forna venju. Orðalag ákvæðisins bendir ekki til annars en að tilvísun í landamerkjaskrár eigi við þær landamerkjalyásingar sem fyrirbyggjandi voru 1895, hvort heldur varðandi afréttina innbyrðis eða mörk þeirra við önnur aðliggjandi landsvæði. Þegar hefur verið gerð grein fyrir þeim gögnum sem líta verður til í þessu sambandi varðandi vestur- og austurmörk.

Sunnan við Hrunamannaafrétt liggja Hrunaheiðar og Tungufellstorfa. Í landamerkjabréfi fyrir Hrunakirkjujarðir, dags. 12. maí 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir fyrirsvarsmaður Hrunakirkjujarða landamerkjum Hrunaheiða þannig:

En[n] fremur á Hrunakirkja Hrunaheiðar, sem liggja milli afréttar og heimalanda, austan frá Stórolaxá norður að Heiðaá og Melrakkaá í upptökum þeirra beggja, og vestur að Fossá fyrir vestan Laxárklettismýrar, allt fram að Gráhól.

Landamerkjabréf Hrunakirkjujarða er ekki áritað af hálfu Hrunamannahrepps en líta verður svo á að það sé lagt til grundvallar í fjárskilareglugjörðinni 1895. Samkvæmt því skilur Heiðará Hrunaheiðar frá Hrunamannaafrétti. Hið sama kemur einnig fram í lýsingu séra Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufellssóknum frá árinu 1840. Yfirlýsing oddvita frá 1978 lýsir hins vegar ekki mörkum afréttarins við Hrunaheiðar heldur miðar einungis við afréttargirðinguna sem reist var árið 1912, yfir Tungufell, Jaðar og Hrunaheiðar.

Í landamerkjabréfi fyrir Tungufell, Jaðar og Hamarsholt, dags. 3. júní 1885 og þingl. 10. júní 1885, lýsir umboðsmaður eiganda Tungufellstorfunnar landamerkjum hennar þannig:

Að framan ræður Dalsá, þaðan er hún fellur í Hvítá, norður þangað, er Rauðá rennur í hana, þaðan bein stefna í Vörðu á Dagmálakletti, þaðan sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá, síðan Fossá í Vörðu í Fossárdrögum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu; síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará, og Búðará þar til hún fellur í Hvítá, og Hvítá niður að Dalsármynni.

Landamerkjabréf Tungufellstorfu er ekki áritað af hálfu Hrunamannahrepps en líta verður svo á að það sé lagt til grundvallar í fjárskilareglugjörðinni 1895. Samkvæmt því liggja mörkin á milli Hrunamannaafréttar og Tungufellstorfu frá vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu og síðan

í Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará, og í Búðará þar til hún fellur í Hvítá. Í lýsingu séra Jóns Steingrímssonar á Hruna- og Tungufellssóknum frá árinu 1840 kemur einnig fram að Búðará aðskilji afrétt frá byggðarhögum. Yfirlýsing oddvita frá 1978 lýsir landi Tungufells innan afréttarins í samræmi við þá lýsingu á norðurmörkum sem fram kemur í landamerkjabréfi Tungufellstorfunnar frá 1885. Landi Jaðars innan afréttargirðingar er hins vegar ekki lýst í yfirlýsingu oddvita heldur einungis miðað við afréttargirðinguna sem reist var árið 1912, yfir Tungufell, Jaðar og Hrunaheiðar. Lýsingu á því er ekki heldur að finna í afsali eiganda Jaðars til Hrunamannahrepps, dags. 29. mars 1978. Lega þess verður þó einnig að nokkru ráðin af landamerkjalyfsingu milli Tungufells og Jaðars 1953 þar sem gert er ráð fyrir að nyrsti punktur landskiptalínu sé í Melrakkaklifi.

Í kafla 6.9. er gerð grein fyrir ráðstöfun á vatnsréttindum og landi á Hrunamannaafreitti á 20. öld og vísast þangað.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Hrunamannaafreittar er getið í skriflegum heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um afrétt hafi þá verið að ræða, án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt, sbr. umfjöllun í kafla 11.4.4.

Í kjölfar þess að landamerkjalyfing taka gildi 1882 er skrásett lýsing á merkjum Hrunamannaafreittar gagnvart Flóa- og Skeiðamannaafreitti og sett fjárskilareglugjörð þar sem merki koma fram. Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Hrunamannaafreittar sé þar rétt lýst, sbr. einnig þau landamerkjabréf Tungufellstorfu og Hrunakirkjujarða, auk eldri heimilda, einkum frá 1709 og 1840, um vesturmörk norðan Hvítárvatns og norðurmörk við Hofsjökul. Fjárskilareglugjörðir eru birtar opinberlega og á þeirri lýsingu sem þar kemur fyrst fram 1895 er byggt síðan um merki afréttarins án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nággranna. Bréfum um mörk Hrunamannaafreittar og afreittar Flóa- og Skeiðamanna, Tungufellstorfu og Hrunakirkjujarða er þinglýst og þau færð í landamerkjabók án þess að séð verði að nokkrar athugasemdir eða mótmæli hafi fyrr eða síðar komið fram. Jafnframt er eignardómi vegna Tunguheiðar þinglýst. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Frá því fyrstu áreiðanlegu heimildir greina og fram á þennan dag hefur Hrunamannaafreittur verið nýttur til sameiginlegrar sumarbeitar fyrir búpening. Óbyggðanefnd telur fremur líkur til þess að umræddur hluti Hrunamannaafreittar sé a.m.k. að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms í Hrunamannahreppi. Líkur er á að til forna hafi jarðir legið norðar upp með Hvítá en nú er. Heimildir um þetta eru hins vegar óljósar, fyrst og fremst fornleifarannsóknir. Talið er að byggð þessi hafi lagst niður þegar á 14. öld. Ekkert liggur fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Samhengi eignarréttar og sögu liggur þannig ekki fyrir. Réttindi tengd þeim jörðum sem þar kunna að hafa verið eru því niður fallin.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til Hrunamannaafreittar hafi í öndverðu orðið til á þann veg að íbúar á landsvæði framangreinds hrepps hafi tekið afreittarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afreittarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Innan þeirra marka, sem hér hefur verið lýst, hafa búfjáreigendur í Hrunamannahreppi haft hefðbundin afreittarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafreitti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Annars konar nýting kom fyrst til sögunnar á 20. öld og ráðstöfun á réttindum henni tengdum, sala vatnsréttinda og leiga á landi, sætti almennt athugasemdum við þinglýsingu.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Af hálfu eigenda jarða í Hrunamannahreppi hefur ekki verið sannað að sá hluti Hrunamannaafreittar, sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum

hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.6., að land Hrunamannaafreftar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Frá mörkum Hrunamannaafreftar og Jaðars við ármót Búðarár og Hvítár í Hvítá og Jökulfalli inn í Hofsjökul. Með suðurjaðri Hofsjökuls og frá jökuljaðrinum beina stefnu gegnum nyrðra-Rjúpnafell í Laxárdrög. Síðan eftir Stóru-Laxá að mörkum Hrunamannaafreftar og Hrunaheiða þar sem Heiðará kemur í Stóru-Laxá. Eftir Heiðará að upptökum hennar og í vörðu við Melrakkaá, framan við Stóra-versöldu, og síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará og í Búðará þar til hún fellur í Hvítá.

Um mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Hofsjökli er það að segja að óbyggðanefnd telur að ákvarða þurfi þau til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Ljóst er að jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi. Álitaefnið horfir þó að sjálfsögðu öðruvísi við þegar um eignarland er að ræða.

Sama landsvæði er afréttur Hrunamannahrepps í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur Hrunamannahrepps eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Kerlingarfjöll“.

13. LANDSVIRKJUN

Í máli þessu gerir Landsvirkjun kröfur vegna Hrauneyjafosslínu, fyrirhugaðrar Sultartangalínu 3 og mælistöðva sem fyrirtækið kveðst eiga í hreppnum. Hér á eftir verður í fyrstu vikið að því hvað felst í þeim heimildum sem Landsvirkjun byggir kröfur sínar á og því næst tekin til úrlausnar einstök mannvirki sem kröfur eru gerðar um.

13.1 Almenn

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III. kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr., sbr. 1. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrir-mælum a- og c-liða 7. gr. laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi sbr. orðalag c-liðar 7. gr. þjóðlendlaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Kröfur Landsvirkjunar í máli þessu byggjast á tvíþættum grundvelli. Annars vegar er byggt á framsali á grundvelli einkaréttarlegra heimilda. Hins vegar byggir Landsvirkjun réttindi sín á lagaheimildum og leyfum stjórnvalda veittum á grundvelli þeirra.

13.2 Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réði í raun yfir.

Hér kemur einkum til skoðunar bótasamningur sem Landsvirkjun hefur gert við Hrunamannahrepp vegna lagningu orkuveitu (háspennulínu) um afrétt hreppsins. Þann 22. júní 1979 undirrituðu Landsvirkjun og oddviti Hrunamannahrepps, f.h. hreppsins, yfirlýsingu vegna lagningu orkulínu um afrétt Hrunamannahrepps.¹ Í 1. gr. kom fram að Landsvirkjun væri heimilt hreppsins vegna að reisa eða láta reisa 42 stauravirki til að bera háspenna rafmagnslínu í afréttarlandi Hrunamannahrepps vestan og norðan Stóru-Laxár og að Hvítá. Skyldu Landsvirkjun eða þeir sem fyrirtækið fæli slík störf hafa óhindraðan aðgang að stauravirkjum og rafmagnslínum í landinu, bæði að því er varðaði byggingarframkvæmdir og venjulegt eftirlit og viðhald síðar, sbr. 2. gr. yfirlýsingarinnar. Þá var því lýst yfir í 3. gr. að Landsvirkjun hefði greitt að fullu gjald vegna réttinda sem um ræddi í yfirlýsingunni og mættu mannvirkin standa í afréttinum óátalin af hálfu hreppsins. Í 4. gr. kemur fram að Landsvirkjun skuldbindur sig til að jafna allt jarðrask af völdum línuframkvæmda, bæði við möstur og vegaslóðir. Enn fremur að sáð og borð yrði á öll gróðursár og áburði dreift á öll gróðursár ári eftir sáningu. Jafnframt lofaði Landsvirkjun samkvæmt sömu grein að gera hlið á vegaslóðir til að fyrirbyggja óþarfa umferð um vegaslóðir með fram háspennulínunni. Í 5. gr. var því lýst yfir að yrðu spjöll á eignum hreppsins við framkvæmdir háspennulínunnar ætti hreppurinn rétt til bóta vegna þess. Í 7. gr. kom svo fram að samkomulag sem í yfirlýsingunni fólst væri gert án þess að afstaða væri tekin af hálfu Landsvirkjunar til eignarréttar að landinu.

Ljóst þykir af orðalagi tilvitnaðrar yfirlýsingar Landsvirkjunar og Hrunamannahrepps að ekki er um að ræða framsal eignarréttinda á afréttinum til handa Landsvirkjunar heldur er verið að semja um greiðslu bóta vegna hugsanlegs tjóns sem rétthafar að afréttinum verða fyrir vegna þeirrar röskunar sem hljótast kann af því að háspennulínan er lögð á landsvæði afréttarins. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki byggt á yfirlýsingunni sem stuðningi fyrir eignaryfirfærslu til handa Landsvirkjun.

13.3 Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma í annan stað til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar, og koma þá jafnframt til skoðunar framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í köflum 12.2. og 12.3. í máli nr. 7/2000, þar sem fjallað er um þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi o.fl., gefur að finna tæmandi úttekt á þeirri löggjöf sem hefur tekið til starfsemi Landsvirkjunar og þess sem henni tengist. Ekki eru efni til þess í þessu máli að taka þá umfjöllun upp í heild sinni.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir með löggjöf um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar áður en í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

1 Skjal nr. 194.

Það skal þó þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gildra lagaheimilda.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að með umræddum lögum hafi tilætlanin verið sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðs 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi lagaheimilda er fölgjandi í fullveldisrétti, yfirráða eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögnum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 milli landbúnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilánefnd a/s Titan, sbr. 3. tl. a-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr., 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villanganes. Íslenska ríkið og Landsvirkjun sömdu um það, sbr. 3. gr. sameignarsamnings frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hvernir virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði felst ekki áform um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er því eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó

svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum nr. 59/1965, sbr. síðar lög nr. 42/1983, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess berra handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

Undir framangreindum kringumstæðum fer íslenska ríkið því óskorað með eignarheimildir á því landi sem úrskurðað verður sem þjóðlenda, sbr. 2. kafli laga nr. 58/1998.

13.4. Einstök mannvirki

Í köflunum, sem hér koma á eftir, verður fjallað um mannvirki Landsvirkjunar sem staðsett eru í Hrunamannahreppi eða gert er ráð fyrir að risi í hreppnum og fyrirtækið gerir tilkall til á grundvelli laga nr. 58/1998. Gerð verður grein fyrir þeim mannvirkjum sem um er að ræða, hvers eðlis þau eru, hvar þau eru staðsett, í. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna mannvirkjanna.

13.4.1. Hrauneyjafosslína

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Hrauneyjafossvirkjun í Rangárvallasýslu yfir í Gnúpverjahrepp við Sultartangavirkjun og þaðan þvert yfir Gnúpverjaáfrétt í stefnu norðan Háafoss í Fossá. Þaðan liggur svo línan allt vestur að Brennimeil í Hvalfirði. Línan er því staðsett að hluta í afrétti Hrunamannahrepps, nánar tiltekið vestan og norðan Stóru-Laxár og að Hvítá. Hrauneyjafosslína var reist á grundvelli heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 30. desember 1976. Var hún tekin í notkun á árinu 1982. Landsvirkjun og oddviti Hrunamannahrepps undirrituðu þann 22. júní 1979 yfirlýsingu um bætur vegna lagningar línunnar yfir land Hrunamannahrepps. Hrauneyjafosslína hefur í kröfugerð Landsvirkjunar gengið undir því nafni en undir rekstri málsins einnig verið kölluð Sultartangalína 1.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Hrauneyjafosslínu á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 leyfi iðnaðarráðherra, sbr. bréf dags. 30. desember 1976, og bótasamningum við einstakar jarðir og hreppa í Árnassýslu. Sú niðurstaða er fyrr rökstudd, sbr. kafli 13.3. að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Þá fela bótagreiðslur til handa Hrunamannahreppi á grundvelli samningsins frá 22. júní 1979 ekki heldur í sér innlausn eða yfirlýsingu á eignarréttindum til handa Landsvirkjun.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Hrauneyjafosslína og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

13.4.2. Sultartangalína 3

Hér er um að ræða fyrirhugaða háspennulínu Landsvirkjunar með áætlaða flutningsgetu upp á 400 kV spennu sem á að liggja samsíða Hrauneyjafosslínu frá Sultartangavirkjun að Brennimeil í Hvalfirði. Línan verður því staðsett að hluta í afrétti Hrunamannahrepps, nánar tiltekið tiltekið vestan og norðan Stóru-Laxár og að Hvítá. Sultartangalína 3 verður reist á grundvelli almennrar heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981, enn fremur á leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12. mars 1997. Væntanleg háspennulína Landsvirkjunar sem hér hefur verið fjallað um er nefnd Sultartangalína 1 í kröfugerð fyrirtækisins en undir rekstri málsins var farið að nefna þessa háspennulínu Sultartangalínu 3.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Sultartangalínu 3 á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981 og einnig leyfi iðnaðarráðherra dags. 12. mars 1997. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 13.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Enn fremur er það utan valdsviðs óbyggðanefndar að ákvarða aðilum réttindi að landi vegna mannvirkja sem ekki hafa enn verið reist. Heimild til byggingar Sultartangalínu 3 er að finna í lagaheimildum og leyfi ráðherra sem eru svo almenns eðlis að ekki þykir fært að ákvarða sérstök réttindi á grundvelli þeirra þegar mannvirkin hafa ekki enn verið byggð. Styðst sú niðurstaða enn fremur við þá staðreynd að ekki hefur verið tilgreind nákvæm staðsetning orkulínunnar.

Samkvæmt framansögðu er Landsvirkjun því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sultartangalínu 3.

13.4.3. Mælistöðvar

Hér er um að ræða ótiltekinn fjölda mælistöðva sem Landsvirkjun hefur að sögn reist í Hrunamannahreppi og er ætlað til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu á virkjunarsvæði fyrirtækisins. Landsvirkjun krefst þess að landsréttindi og umferðarréttindi sem þurfi til vegna reksturs mælistöðva fyrirtækisins verði viðurkennd. Umræddar kröfur Landsvirkjunar sýnast byggjast á þeim sérstöku lögum sem heimila Landsvirkjun byggingu og rekstur virkjana, orkuveitna og vatnsveitna, þ.e. lögum nr. 59/1965 og lögum nr. 42/1983 með áorðnum breytingum.

Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 13.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar hvers kyns mannvirkja í tengslum við starfsemi fyrirtækisins á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mælistöðva sem fyrirtækið hefur komið fyrir í tengslum við einstök virkjunarmannvirki, sem fullnægjandi heimildir eru fyrir að lögum og njóti þá lögvarins réttar til nýtingar mælistöðvanna. Hins vegar er Landsvirkjun ekki eigandi þess lands sem mælistöðvarnar standa á.

Við rekstur máls þessa ber þess hins vegar að gæta að ekki hefur verið upplýst hverjar né

hversu margar þær mælistöðvar eru sem um er að ræða né heldur hvar þær eru. Eru því ekki efni til þess af hálfu óbyggðanefndar að nein afstaða sé tekin til meintra eða mögulegra réttinda þeim tengdum.

14. ÚRSKURÐARORÐ¹

Land innan eftirfarandi merkja er þjóðlenda og afréttur Hrunamannahrepps:

Frá mörkum Hrunamannafréttar og Jaðars við ármót Búðarár og Hvítár í Hvítá og Jökulfalli inn í Hofsjökul. Með suðurjaðri Hofsjökuls og frá jökuljaðrinum beina stefnu gegnum Nyrðra-Rjúpnafell í Laxárdreg. Síðan eftir Stóru-Laxá að mörkum Hrunamannafréttar og Hrunaheiða þar sem Heiðará kemur í Stóru-Laxá. Eftir Heiðará að upptökum hennar og í vörðu við Melrakkaá, framan við Stóraversöldu, og síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará og í Búðará þar til hún fellur í Hvítá.

Land innan eftirfarandi merkja, Hrunaheiðar, er þjóðlenda og afréttareign eiganda Hruna:

Frá mörkum Hrunamannafréttar og Hrunaheiða þar sem Heiðará kemur í Stóru-Laxá og eftir Stóru-Laxá þar til Stiggil fellur í hana við norðausturmörk Hrunakróks. Þaðan beina línu vestur að Vestri-Þverá, í vörðu sem við hana stendur. Síðan ræður Þverá niður að norðurmerkjum Kaldbaks þar sem þau liggja frá því fyrir ofan Þverárgljúfur að Einbúa. Frá þeim stað þar sem Þverá sker norðurmörk Kaldbaks ráða þau í vestur að Einbúa og þaðan beina línu vestur í Klufstaá í stefnu á vörðu á Vörðuhól framan á Borgardalsás. Eftir Klufstaá og síðan úr ánni í norðausturhorn Launvatns og þaðan beina línu í vörðu á Moshól. Úr Moshól í Litlu-Laxá, sem er á austurmörkum Foss og síðan eftir Litlu-Laxá þangað sem Brunkollugil rennur í hana. Þaðan beina stefnu í Gráhól og í Fossá í austurmörkum Tungufells. Eftir Fossá að Vörðu í Fossárdregum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu og í upptök Heiðarár. Síðan eftir Heiðará þar til hún kemur í Stóru-Laxá.

Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998 en á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að Hrauneyjafosslinu sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum og nýtur lögvarins réttar til nýtingar hennar.

Kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, ákvarðast sameiginlega 1.828.095 krónur er greiðist úr ríkissjóði, þar af þóknun lögmanns sem ákvarðast 1.500.000 krónur og útlagður kostnaður 328.095 krónur, þegar endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Kostnaður Landsvirkjunar, þ.e. þóknun lögmanns, ákvarðast 150.000 krónur er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

¹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (kort).


15. FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Skjalaskrá

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)


IV. Aðilaskrá (afréttur)



ÞJÓÐLENDULÍNA

Mál nr. 5/2000; Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi.

- Þjóðlendulína óbyggðanefndar
- Aféttarlína óbyggðanefndar
- Kröfulína jarðeigenda



- Aðalkröfulína ríkisins
- Varakröfulína ríkisins
- Kröfulína Landsvirkjunar
- Afréttargirðing

II. Skjalaskrá

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Hrunamannahreppi, dags. 5.5.1999.
- 2 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu.
- 3 Árbók Ferðafélags Íslands 1996 „Ofan Hreppafjalla“, bls. 185-191.
- 4 „Árnesþing á landnáms- og söguöld“ eftir Einar Arnórsson, bls. 94-95.
- 5 Bréf fjármálaráðuneytis til óbn. v/1. hluta kröfugerðar, dags. 10.5.1999.
- 6 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytis v/1. hluta kröfugerðar, dags. 31.5.1999.
- 7 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytis v/móttæknar kröfulýsingar, dags. 12.8.1999.
- 8 Bréf fjármálaráðuneytis til óbn. v/formlegan frágang, dags. 15.9.1999.
- 9 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytis v/drög að kröfulínukorti af svæði nr. 1., dags. 12.10.1999.
- 10 Bréf fjármálaráðuneytis til óbn. v/athugasemdir óbn., dags. 22.10.1999.
- 11 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytis v/yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
- 12 a-b Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínunum.
- 13 Lýsing íslenska ríkisins á afréttarlöndum milli Þjórsár og Hvítár, dags. 5.5.1999.
- 14 Bréf fjármálaráðuneytis til óbn. v/breytingu á þjóðlendukröfu, dags. 30.11.1999.
- 15 Uppdráttur sem sýnir breytta kröfulínu fjármálaráðuneytis.

Lagt fram af Þorvarði Örnólfssyni lögr. vegna Fannborgar ehf.:

- 16 Kröfulýsing, dags. 12.7.1999.
- 17 Leigusamningur Fannborgar hf. við Hrunamannahrepp, dags. 28.7.1964.
- 18 Viðauki við leigusamning, dags. 21.10.1965.
- 19 Viðauki við leigusamning, dags. 20.5.1973.
- 20 Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínu.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Tungufellstorfu:

- 21 Kröfulýsing, dags. 2.6.1999.
- 22 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 6.6.1999.
- 23 Landamerkjaskrá fyrir Tungufells-, Jaðars- og Hamarsholtland, dags. 3.6.1885.
- 24 Landamerkjalyýsing milli Tungufells og Jaðars, ódags. en þingl. 4.5.1953.
- 25 a-b Veðbókarvottorð fyrir Tungufell, dags. 2.7.1999.
- 26 Útrentun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Tungufell.
- 27 Afsal Helgu Jónsdóttur til Einars Jónssonar á hluta úr Tungufelli, dags. 1.9.1977.
- 28 Afsal Guðrúnar Helgadóttur til Einars Jónssonar á hluta úr Tungufelli, dags. 1.10.1972.
- 29 Afsal Guðna Jónssonar til Einars Jónssonar á hluta úr Tungufelli, dags. 20.7.1977.
- 30 Afsal Ólafs Jónssonar til Einars Jónssonar á hluta úr Tungufelli, dags. 3.2.1973.
- 31 Afsal Marels Jónssonar til Einars Jónssonar á hluta úr Tungufelli, dags. 10.10.1970.
- 32 Afsal Jóns Ágústis Jónssonar til Árna Jónssonar og Guðna Jónssonar á Tungufellstorfu, dags. 15.11.1929.
- 33 Afsal Svandísar Pétursdóttur f.h. Guðbjargar Jónsdóttur til Einars Jónssonar á hluta úr Tungufelli, dags. 6.11.1987.

- 34 a-b Afsal Hlöðvers Magnússonar til Einars Jónssonar á hluta úr Tungufelli, dags. 15.12.1987, ásamt uppdrætti sem sýnir undanskilda landspildu.
- 35 Afsal Jónínu Jónsdóttur til Einars Jónssonar á hluta úr Tungufelli, dags. 8.6.1985.
- 36 a-b Veðbókarvottorð fyrir Jaðar I, dags. 2.6.1999.
- 37 Afsal Davíðs Guðnasonar til Guðbergs Guðnasonar á Jaðri I, dags. 24.3.1974.
- 38 Útprintun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Jaðar I.
- 39 a-b Veðbókarvottorð fyrir Jaðar II, dags. 2.6.1999.
- 40 Útprintun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Jaðar II.
- 41 Afsal Magnúsar Grímssonar og Elínar Þórðardóttur til Braga Kristjánssonar á Jaðri II, dags. 8.1.1987.
- 42 a-b Veðbókarvottorð fyrir Hamarsholt, dags. 2.6.1999.
- 43 Skiptagerð, dags. 17.1.1935. Skipti Guðna Jónssonar og Árna Jónssonar á Tungufelli, Jaðri og Hamarsholti.
- 44 Afsal Guðbergs Guðnasonar til Hrunamannahrepps á hluta úr Jaðri, dags. 29.3.1978.
- 45 a-c Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulinum.
- 46 Land- og hornpunktaskrá jarða og afréttar í Hrunamannahreppi, dags. 6.7.1999.

Lagt fram af Páli Lýðssyni f.h. Ólafs Björnssonar hrl. vegna Tungufellstorfu:

- 47 Bréf Páls Lýðssonar til óbn., dags. 23.6.1999.
- 48 „The old Icelandic Land Registers“ eftir Björn Lárusson, titilblað og bls. 110-111.
- 49 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 50 Skjal fellt niður (varðar ekki Tungufellstorfu).
- 51 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 270-272.

Lagt fram af Óbyggðanefnd:

- 52 Bréf óbn. til Ólafs Björnssonar hrl. v/yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
- 53 Bréf Ólafs Björnssonar hrl. og Sigurðar Jónssonar hrl. til óbn. v/drög að kröfulínukorti óbn., dags. 26.10.1999.
- 54 Bréf Landforms ehf. til Ólafs Björnssonar hrl. og Sigurðar Jónssonar hrl. v/drög að kröfulínukorti óbn., dags. 21.10.1999.
- 55 Bréf óbn. til Ólafs Björnssonar hrl. v/drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1. dags. 12.10.1999.
- 56 Bréf óbn. til Ólafs Björnssonar hrl. v/urbætur á kröfulýsingum, dags. 16.7.1999.
- 57 Bréf óbn. til Ólafs Björnssonar hrl. v/kröfulýsingar til óbn., dags. 21.6.1999.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Kaldbaks:

- 58 Kröfulýsing, dags. 18.6.1999.
- 59 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu.
- 60 Sama skjal og nr. 78.
- 61 a-b Veðbókarvottorð fyrir Kaldbak, dags. 2.6.1999.
- 62 Byggingarbréf landbúnaðarráðuneytisins til Ásgeirs Gestssonar v/Kaldbaks, dags. 24.1.1964.
- 63 Útprintun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Kaldbak.
- 64 Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulinum.

Lagt fram af Páli Lýðssyni f.h. Ólafs Björnssonar hrl. vegna Kaldbaks:

- 65 Sama skjal og nr. 48.
66 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 255-256.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Klufta:

- 67 Kröfulýsing, dags. 2.6.1999.
68 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu.
69 Sama skjal og nr. 78.
70 Veðbókarvottorð fyrir Kluftir.
71 Afsal Gests Guðbrandssonar til Hrunamannahrepps á Kluftum, dags. 18.6.1957.
72 Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínu.

Lagt fram af Páli Lýðssyni f.h. Ólafs Björnssonar hrl. vegna Klufta:

- 73 Sama skjal og nr. 48.
74 Skjal fellt niður (varðar ekki Kluftir).
75 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 256-257.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hrunakróks:

- 76 Kröfulýsing, dags. 18.6.1999.
77 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu.
78 Landamerki Hrunakirkjujarða, dags. 12.5.1885.
79 Sama skjal og nr. 62.
80 Rétt uppskrift er í skjali nr. 252-5 (villa í skjali nr. 80 og það fellt niður).
81 Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínu.

Lagt fram af Páli Lýðssyni f.h. Ólafs Björnssonar hrl. vegna Hrunakróks:

- 82 Skjal fellt niður enda er ekkert minnst á Hrunakrök.
83 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 255.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hruna, Hrunaheiða:

- 84 Kröfulýsing, dags. 18.6.1999.
85 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 16.6.1999.
86 Sama skjal og nr. 78.
87 a-b Veðbókarvottorð fyrir Hruna, dags. 2.6.1999.
88 Íslenskt fornbréfasafni, 15. bindi, bls. 650-651: Máldagi Hrunakirkju úr máldagasafni Gísla biskups Jónssonar.
89 Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínu.

Lagt fram af Páli Lýðssyni f.h. Ólafs Björnssonar hrl. vegna Hruna, Hrunaheiða:

- 90 Sama skjal og nr. 48.
91 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 257-258.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Foss:

- 92 Kröfulýsing, dags. 2.6.1999.
93 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 6.6.1999.
94 Landamerkjaskrá fyrir Fossland, dags. 3.6.1885.
95 a-d Veðbókarvottorð, dags. 2.6.1999.

- 96 Afsal Krístrúnar Matthíasdóttur til Hjörleifs Þórs Ólafssonar og Sigríðar Jónsdóttur á Fossi (undantekið hús og spildur), dags. 26.7.1995.
- 97 Útrentun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Foss.
- 98 Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínu.

Lagt fram af Páli Lýðssyni f.h. Ólafs Björnssonar hrl. vegna Foss:

- 99 Sama skjal og nr. 48.
- 100 Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 22.
- 101 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 269.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hrunamannafréttar:

- 102 Kröfulýsing, dags. 5.7.1999.
- 103 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 5.10.1999.
- 104 Lýsing oddvita Hrunamannahrepps á landamerkjum Hrunamannafréttar, dags. 28.7.1978.
- 105 Sama skjal og nr. 44.
- 106 „Árnesþing á landnáms- og söguöld“ eftir Einar Arnórsson, titilblað og bls. 93-95.
- 107 Sjá skjal nr. 252-14 (skjal nr. 107 er óstaðfest uppskrift Páls Lýðssonar, fellt niður).
- 108 Samningur um kaup Gests Einarssonar á vatnsréttindum í Hvítá af Hrunamannahreppi, dags. 7.12.1917.
- 109 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 274-276.
- 110 „Gengið á Reka“, eftir Kristján Eldjárn, bls. 107-121.
- 111 Úr Hreppamanninum 1966: „Forni Hruni“ eftir Guðmund Jónsson og athugasemd frá Bjarna Guðmundssyni, bls. 60-69.
- 112 Sama skjal og nr. 88.
- 113 a-d Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulinum.
- 114 Skrá yfir eigendur jarða í Hrunamannahreppi.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Þórarinsstaða o.fl.:

- 115 Kröfulýsing, dags. 2.12.1999.
- 116 Sama skjal og nr. 78.
- 117 Veðbókarvottorð, dags. 11.11.1999.
- 118 a-d Afsal Jóhönnu G. Guðmundsdóttur til Steinunnar Þorsteinsdóttur og Hreins Gunnarssonar á hluta af jörðinni Þórarinsstöðum, dags. 1.11.1988, 1.11.1992, afsal Ögmundar Guðmundssonar til sömu aðila á hluta úr sömu jörð, dags. 18.11.1981, og afsal Ögmundar Guðmundssonar til Jóhönnu G. Guðmundsdóttur á hluta úr sömu jörð, dags. 18.11.1981.
- 119 Útrentun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Þórarinsstaði.
- 120 Bréf Ólafs Björnssonar hrl. til óbn. v/kröfulýsingar og mótmæli, dags. 31.12.1999.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hlíðar:

- 121 Kröfulýsing, dags. 2.12.1999.
- 122 Sama skjal og nr. 23.
- 123 Sama skjal og nr. 94.
- 124 a-b Veðbókarvottorð, dags. 9.12.1999.
- 125 Leyfi skiptaráðandans í Reykjavík handa Elínu Ágústu Jóhannesdóttur til setu í ósk. búi, útg. 10.7.1985.

- 126 Yfirlýsing Elínar Ágústu Jóhannesdóttur um fyrirfram gr. arf, dags. í maí 1998.
- 127 Yfirlýsing Karls Magnússonar o.fl. vegna skipta á dánarbúi Margrétar Karlsdóttur og Magnúsar Magnússonar, dags. 3.10.1995.
- 128 Afsal Ólafar E. Árnadóttur til Steingerðar Jónsdóttur o.fl. á eignarhluta í Hlíð, dags. 22.1.1997.
- 129 Afsal Guðmundu Jóhannsdóttur o.fl. til Ólafar E. Árnadóttur á eignarhluta í Hlíð, dags. 21.1.1997.
- 130 Afsal Þorkels Jóhannessonar til Þorkels Þorkelssonar á eignarhluta í Hlíð, dags. 30.12.1995.
- 131 Leyfi Sýslumannsins í Reykjavík handa Gísla Þór Sigurðssyni til setu í ósk. búi, dags. 21.12.1994.
- 132 Yfirlýsing Bjargar Einarsdóttur og Haralds Guðmundssonar um fyrirfram greiddan arf, dags. 31.10.1990.
- 133 Yfirlýsing Ragnheiðar Guðbrandsdóttur o.fl. vegna skipta á dánarbúum Hrafnkötlu Einarsdóttur og Matthildar Jónsdóttur, dags. 27.11.1986.
- 134 Gjafabréf Kristínar Guðmundsdóttur til Guðmundar Einarssonar v/eignarhluta í Hlíð, dags. 12.6.1975.
- 135 Skiptagjörð Guðmundar Bjarnasonar v/dánarbús Bjarna Guðmundssonar, dags. 4.7.1973.
- 136 Gjafabréf Sigríðar Árnadóttur o.fl. til Ólafs Árnasonar o.fl. v/eignarhluta í Hlíð, dags. 15.7. 1971.
- 137 Skiptagerningur Kristínar Guðmundsdóttur o.fl. v/dánarbús Guðmundar Guðmundssonar, dags. 15.7.1971.
- 138 Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínu.
- 139 Útrentun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Hlíð.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Jötu:

- 140 Kröfulýsing, dags. 2.12.1999.
- 141 Veðbókarvottorð, dags. 11.11.1999.
- 142 Afsal Jóns Sigurðssonar til Jötu-systkina á hluta af Jötu, dags. 23.8.1970.
- 143 Landamerkjabréf vegna hluta úr Jötu (eign Jötu-systkina), dags. 21.12.1994.
- 144 Afsal Jóns Sigurðssonar til Sigurðar Jónssonar á hluta af Jötu, dags. 31.12.1998.
- 145 a-b Útrentun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Jötu.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Lauga:

- 146 Kröfulýsing, dags. 2.12.1999.
- 147 Veðbókarvottorð, dags. 11.11.1999.
- 148 Yfirlýsing Jóns Einarssonar o.fl. vegna skipta á dánarbúi Magnúsar Einarssonar, dags. 10.4.1987.
- 149 Yfirlýsing Einars Einarssonar o.fl. vegna skipta á dánarbúi Ingibjargar Jónsdóttur, dags. í júní 1973.
- 150 Yfirlýsing Valgerðar Matthíasdóttur o.fl. vegna skipta á dánarbúi Guðrúnar Einarsdóttur, dags. 30.12.1975.
- 151 Afsal Eyþórs Einarssonar o.fl. til Einars Einarssonar o.fl. á eignarhluta í Laugum, dags. 25.9.1976.
- 152 Útrentun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Laugar.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Berghyls:

- 153 Kröfulýsing, dags. 2.12.1999.
 154 Sama skjal og nr. 78.
 155 Veðbókarvottorð, dags. 11.11.1999.
 156 Afsal Eiríks Jónssonar til Jóns Eiríkssonar á eignarhluta í Berghyl, dags. 20.11.1983.
 157 Afsal Eiríks Jónssonar til Jóns Eiríkssonar á fjárhúsi, dags. 13.3.1988.
 158 Samningur um kaup Jóns Eiríkssonar á eignarhluta í Berghyl af Eiríki Jónssyni, dags. 5.12.1996.
 159 Afsal Eiríks Jónssonar til Jóns Eiríkssonar á eignarhluta í Berghyl, dags. 20.1.1997.
 160 Útrentun af heimasíðu Fasteignamats ríkisins fyrir Berghyl.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. vegna Landsvirkjunar:

- 161 Kröfulýsing Landsvirkjunar, dags. 24.6.1999.
 162 [1] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1.7.1965.
 163 [2] Sameignarsamningur milli Ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dags. 27.2.1981.
 164 [3] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, með breytingum gerðum 28.10.1996.
 165 [4] Eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell.
 166 [5] Heimild atvinnumálaráðherra, dags. 23.2.1968, til virkjunar Þjórsár við Búrfell.
 167 [6] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.
 168 [7] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.
 169 [8] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.
 170 [9] Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.12.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.
 171 [10] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 1.7.1981, til að kaupa þriðju aflvél og stækka Hrauneyjafossvirkjun í 210 MW afl.
 172 [11] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.1.1982, til byggingar Sultartangastíflu.
 173 [12] Ályktun Alþingis 6.5.1982 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.
 174 [13] Auglýsing menntamálaráðherra, dags. 10.11.1987, um friðland í Þjórsárverum.
 175 [14] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til 1) stækkunar Búrfellsvirkjunar í allt að 310 MW afl ásamt tilheyrandi flutningslínunum og aðveitustöðvum, 2) hækkunar stíflna og gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúkningar 5. áfanga Kvíslaveitu.
 176 [15] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuveitum.
 177 [16] Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, samkvæmt lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, til að reisa virkjun samkvæmt 1. tölulíð 1. mgr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999, og annarra framkvæmda af því tilefni á svo nefndum Holtamannafrétti.
 178 [17] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli ásamt aðalorkuveitum.

- 179 [18] Bréf atvinnumálaráðuneytis, dags. 20.6.1955, til stjórnar Sogsvirkjunar um miðlun í Þingvallavatni og virkjun Efra-Sogs.
- 180 [19] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 29.5.1997.
- 181 [20] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna umhverfisbreytinga vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 16.5.1986.
- 182 [21] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ársæll Jónasson eigandi jarðarinnar Tortu í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 183 [22] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Björn Sigurðsson eigandi jarðarinnar Úthlíðar í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 184 [23] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Gísli Einarsson, Kjarnholtum, oddviti Biskupstungnahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 185 [24] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Haukur Þórðarson, eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 186 [25] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Kristbergur Jónsson, ábúandi jarðarinnar Laugar (ríkiseign) í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 187 [26] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 13.6.1979. Sigurður Greipsson, forsvarismaður jarðanna Haukadalur II og Bryggja í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 188 [27] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Steinar Þórðarson, eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 189 [28] Bréf hreppsnefndar Biskupstungnahrepps, dags. 23.6.1979, varðandi fyrirhugaða byggingu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Grundartanga.
- 190 [29] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Ásmundur Eiríksson, Ásgarði, oddviti Grímsneshrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 191 [30] Fundargerð hreppsnefndar Grímsneshrepps 18.1.1979, vegna fyrirhugaðrar línu-lagningar frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 192 [31] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 18.6.1979. Steinþór Ingvarsson, Þrándarlundi, oddviti Gnúpverjahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 193 [32] Bréf hreppsnefndar Gnúpverjahrepps, dags. 21.1.1979, um háspennulínulögn frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel í Hvalfirði.
- 194 [33] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Daníel Guðmundsson, Efra-Seli, oddviti Hrunamannahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 195 [34] Bréf hreppsnefndar Hrunamannahrepps, dags. 23.1.1978, um fyrirhugaða raflínulögn frá Hrauneyjafossi að Brennimel.
- 196 [35] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Þórir Þorgeirsson, Laugarvatni, oddviti Laugardalshrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 197 [36] Bréf hreppsnefndar Laugardalshrepps, dags. 29.1.1979, um nýja háspennulínu frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel á Hvalfjarðarströnd.
- 198 [37] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ingólfur Guðmundsson, Miðfelli, oddviti Þingvallahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 199 [38] Bréf hreppsnefndar Þingvallahrepps, dags. 21.2.1979, um lagningu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 200 [39] Bréf Landsvirkjunar, dags. 29.10.1990 varðandi greiðslur vegna lagningar Hrauneyjafosslínu til Grímsnes-, Gnúpverja- og Hrunamannahrepps.

- 201 [40] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 24.7.1991, um leyfi til að reisa og reka 220 kV Búrfellslínu 3A.
- 202 [41] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 7.8.1997, þar sem staðfest er leyfi fyrir Búrfellslínu 3A til flutnings raforku með 400 kV spennu.
- 203 [42] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 204 [43] Staðfesting á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981. Staðfestingin er dags. 24.7.1981.
- 205 [44] Um eignarrétt að miðlunarlónum. Greinargerð prófessors Sigurðar Líndal, dags. 22.6.1987.
- 206 [45] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, um veiðirétt í miðlunarlónum, dags. 8.7.1987.
- 207 [46] Bréf Landsvirkjunar til Veiðifélags Holtamannaafréttar, dags. 31.1.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 208 [47] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, dags. 3.2.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 209 [48] Fundargerð fundar Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahreppa um fiskveiði á Holta- og Landmannaafrétti, haldinn 2.6.1992, dags. 22.6.1992.
- 210 [49] Þjorsárvirkjanir, mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjorsár niður fyrir Búrfell, dags. í október 1980.
- 211 [50] Ekkert skjal ber þetta númer.
- 212 [51] Kort 1-Skjaldbreiður 1:50 000.
- 213 [52] Kort 2-Hengill 1:50 000.
- 214 [53] Kort 3-Haukadalur 1:50 000.
- 215 [54] Kort 4-Geldingafell 1:50 000.
- 216 [55] Kort 5-Þjorsárdalur 1:50 000.
- 217 [56] Kort 6-Nyðri-Háganga 1:50 000.
- 218 [57] Kort 7-Gnúpverjahreppur. Aðalskipulag 1993-2013. 1:50 000.
- 219 Bréf óbyggðanefndar til Landsvirkjunar v/drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1, dags. 12.10.1999.
- 220 Bréf Landsvirkjunar til óbn. v/drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1, dags. 19.10.1999.
- 221 Bréf óbyggðanefndar til Landsvirkjunar v/yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
- 222 Bréf Landsvirkjunar til óbn. v/athugasemdir v/kröfulýsingu, dags. 30.12.1999.
- 223 Efri Þjorsá - Samanburður virkjunarkosta útg. í desember 1992.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl.:

- 224 Bókun Ólafs Björnssonar hrl. v/kröfu um sáttatillögu óbn., dags. 1.3.2000.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. við 2. fyrirtöku:

- 225 Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 14.3.2000.

- 226 Kort sem sýnir varakröfúlinu íslenska ríkisins.
 227 Sameinað skjali nr. 108 (aftasta blaðsíða þess samnings).

Lagt fram f.h. Ólafs Björnssonar hrl.:

- 228 Greinargerð eigenda jarða og afrétta í Hrunamannahreppi, dags. 5.5.2000.
 229 Greinargerð Fannborgar ehf., dags. 5.5.2000.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.:

- 230 Greinargerð Landsvirkjunar, dags. 3.5.2000.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 231 Afrít af tölvupósti frá Ragnheiði Snorradóttur lögfr. hjá fjármálaráðuneyti til Ólafs Sigurgeirssonar hrl., dags. 19.5.2000.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 232 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Íslensku fornbréfa-safni, dags. 29.5.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1-10 (varða einkum kirkjueignir í Hrunamannahreppi).
 233 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, dags. 5.6.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1-3 (varða jarðirnar Berghyl, Þórarinsstaði, Jötu, Hlíð, Tungufell og Jaðar).
 234 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld - útdráttum Gunnars F. Guðmundssonar, dags. 7.6.2000.
 235 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðatali á Íslandi gefnu út af J. Johnsen, dags. 5.6.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1-2 (listi yfir allar jarðir í Hrunamannahreppi).
 236 Umfjöllun um Hrunamannahrepp í „ÍSLEIF“, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf.
 236-1 Bréf Fornleifastofnunar Íslands ehf. til óbn. v/„ÍSLEIF“ o.fl., dags. 27.3.1999.
 236-2 Heimildaskrá Fornleifastofnunar Íslands ehf. v/skráningar í „ÍSLEIF“.
 236-3 Þjóðminjakort (Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015), hluti (Hrunamannahr.).
 237 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um máldaga og heimildargildi þeirra, dags. 9.6.2000.
 238 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um heimildargildi Landnámu, dags. 9.6.2000.
 239 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í Lovsamling for Island og Stjórnartíðindum Íslands frá 1874-1918, dags. 20.6.2000.
 240 Bréf Héraðsskjalasafns Árnesinga, dags. 5.6.2000, ásamt fylgiskjölum sem tilgreind eru í bréfinu nr. 1, 2, 3, 4, 5, 7, 8, 10, 12 og 14.
 241 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Alþingisbókum Íslands, dags. 29.5.2000.
 242 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Landsyfírréttar- og Hæstaréttardómum, dags. 29.6.2000.
 243 (a-b) Skilabréf Þjóðskjalasafns (a), dags. 9.7.2001, sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns (b), dags. 29.6.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum 1-12. Sjá einnig skjal nr. 255 (uppskriftir á jarðamati 1800-1803)
 243-1 Vísitásiubók Brynjólfs Sveinssonar 1641-1670 (Bps. A, II, 7), bls. 95 og áfram: Hruni. Uppskrift fylgir (áður skjal nr. 252-1).

- 243-2 Vísitíuáubók Brynjólfs Sveinssonar 1641-1670 (Bps. A, II, 7), bls. 102 og áfram og 233 og áfram: Tungufell. Uppskrift fylgir (áður skjal nr. 252-2).
- 243-3 Vísitíuáubók Finns Jónssonar og Hannesar Finnssonar 1756-1778 (Bps. A, II, 21), bls. 63 og áfram: Hruni. Uppskrift fylgir (áður skjal nr. 252-3).
- 243-4 Vísitíuáubók Finns Jónssonar og Hannesar Finnssonar 1756-1778 (Bps. A, II, 21), bls. 66 og áfram: Tungufell. Uppskrift fylgir (áður skjal nr. 252-4).
- 243-5 Veðmálábók Árnassýslu XVII, 2., nr. 18: Tilkynning til hreppstjóranna í Hrunamannahrepp um að þeir ákæri hvörn þann sem ekki hlýðnist reglugjörðinni frá 1829 um skógarriif.
- 243-6 Sáttabók Hrunamannahrepps 1809-1860, árið 1831, bls. 13 og áfram: Deilur milli Hrunapresta og Flóamanna um slægjur á landi austan Stóru-Laxár sem talið var til Flóamannaafreftar.
- 243-7 Kirknaskjöl, K IX Árnasþing. Skrá um hlunnindi og ítök Hrunakirkju frá 1839.
- 243-8 Kirknaskjöl, K IX Árnasþing. Skrá um skjöl varðandi deilur Hrunapresta og Flóamanna um slægjur á landi austan Stóru-Laxár (sbr. skjal nr. 6. Sáttabók árið 1831).
- 243-9 Kirknaskjöl, K IX Árnasþing. Prentuð skrá um bréf Hruna, frá 12.8.1644.
- 243-10 Kirknaskjöl, K IX Árnasþing. Um Reykdæling, skógarteig í eigu Reykjadalaskirkju, skjalið frá 1780.
- 243-11 Sáttabók Hrunamannahrepps 1809-1860, árið 1855, bls. 39 og áfram: Landamerki milli Galtafells og Dalbæjar.
- 243-12 Sáttabók Hrunamannahrepps 1864-1935. Nokkrir menn í Gnúpverjahreppi kærðir fyrir að reka 50 trippi Skeiðamanna af fjalli og niður í byggð.
- 244 Bréf umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Suðurlandi til óbn. v/fasteignir ofar efstu bæjum í Árnassýslu, dags. 6.7.1999.
- 244-1 Matsvottorð fyrir mannvirki í Ásgarði, Klakki, Leppistungum, Svínárnesi og Tanga.
- 244-2 Bréf óbn. til FMR, Reykjavík, um fasteignir á skrá, dags. 15.3.1999.
- 244-3 Bréf óbn. til FMR, Selfossi, um fasteignir ofar efstu bæjum, dags. 4.5.1999.
- 245 Bréf byggingarfulltrúa á Laugarvatni um skála á afréttarlöndum Hrunamannahrepps o.fl. í árslok 1998, dags. 8.5.1999.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl.:

- 246 Minnisblað Lofts Þorsteinssonar vegna nota heimalanda í Hrunamannahreppi sem liggja að afrétti Hrunamanna og Hrunaheiðum, dags. 4.5.2000.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 247 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, til óbyggðanefndar, dags. 30.6.2000, varðandi upplýsingaleit í Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar.
- 247-1 Eignaskipti 9. maí 1670 o.fl.
- 247-2 Lögfesta fyrir Tungufellslandi, dags. 30. maí 1675.
- 247-3 Bréf Eiríks Þormóðssonar, dags. 20.7.2000, ásamt uppskriftum.
- 248 Afsal landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, á Kaldbak, Hrunamannahreppi, til Ásgeirs Gestssonar, dags. 20.3.2000.
- 249 Leigusamningur landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, og Ásgeirs Gestssonar, Kaldbak, um Hrunakrök.
- 250 Mannvirkjakort - Svæðisskipulag miðhálandis 2015.

- 250-1 Fylgirit B með skipulagstillögum, bls. 144, 149-151.
- 250-2 Greinargerð með staðfestu skipulagi, bls. 194-195.
- 251 Gjörðabók fasteignamatsefnar Árnassýslu 1916-1918, bls. 279-284, 286, 289-292 og 296.
- 251-1 Uppskrift Þjóðskjalasafns (Jóns Torfasonar) úr fasteignamati 1916.
- 251-2 Bréf Jóns Torfasonar (Þjóðskjalasafni) til óbyggðanefndar, dags. 11.7.2000.
- 251-3 (a-b) Lýsing jarðanna Hamarsholts, Tungufells, Hlíðar, Foss, Jötu, Klufta, Hrunakróks, Kaldbaks og Hruna í jarðamati 1849 (sbr. greinargerð í skjali nr. 243 a) ásamt uppskrift.
- 251-4 (a-d) Lýsing Hrunakróks í fasteignamötum 1918, 1932 og 1942 (sbr. greinargerð í skjali nr. 243 a).
- 251-5 (a-d) Lýsing Hruna í fasteignamötum 1918, 1932 og 1942 (sbr. greinargerð í skjali nr. 243 a).
- 251-6 Kirkjustóll Hruna 1829 (sbr. greinargerð í skjali nr. 243 a).
- 251-7 Kirkjustóll Hruna 1874 (sbr. greinargerð í skjali nr. 243 a).
- 251-8 (a-d) Úr vísitásiubók prófafa um Hrunastað, frá árunum 1905, 1930, 1941 og 1944 (sbr. greinargerð í skjali nr. 243 a).
- 251-9 (a-d) Úr biskupskjalasafni, skrá yfir ítök Hrunakirkju á árunum 1953-1954 og 1983-1984 (sbr. greinargerð í skjali nr. 243 a).
- 252 Minnisblað Bjarkar Ingimundardóttur, dags. 26.7.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 5-14. Sjá að öðru leyti skjal nr. 243.
- 253 Minnisblað Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings, dags. 17.7.2000, varðandi Nýbýlatilskipunina 1776 og áhrif hennar.
- 254 Minnisblað Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings, dags. 17.7.2000, um eignarétt Hrunakirkju á Hrunaheiðum.
- 255 Uppskrift Gunnars F. Guðmundssonar úr jarðamati 1800-1803. Sjá einnig skjal nr. 243 a.
- 256 Umfjöllun Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um gróðurfar á kröfuvæði ríkisins á Hrunamannafrétti, dags. 25.7.2000.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl.:

- 257 Vottorð Viglundar Kristjánssonar um kaup á hellum úr Hlíðarfjalli af Ólafi Árnasyni, dags. 25.7.2000, ásamt ljósritum af tveimur reikningum, dags. 30.9. (ártal kemur ekki fram), og 31.8.1994.
- 258 Afsal Sigríðar Árnadóttur, til Gests Guðbrandssonar, á jörðinni Kluftum, dags. 10.6.1944.
- 259 Fjallskilareikningur 1921 (1 bls.), fundargerð hreppskilapings 10.6.1911, fundargerð fundar 27.8.1911 um fjallskil o.fl., reikningur um tekjur og gjöld fjallskilarsjóðs Hrunamannahr. árið 1961 (2 bls.), yfirlit yfir stöðu Kormáks Ingvarssonar, Sólheimum, gagnvart fjallskilasjóði 1965-1971.
- 260 Skilmálar Skálholts biskupsstóls frá 27.4.1785. Óstaðfest uppskrift.
- 261 Skrá Páls Lýðssonar um heimildir í Biskupskjalasafni sem varða Hrunakrókssök.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl.:

- 262 Hrunakirkjusókn, upptalning jarða í sókninni, alls 20 jarðir. Óstaðfest ljósrit.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 263 Síða í veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi I/335, Foss, dags. 14.9.2000.

- 264 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi I/334, Hlið, dags. 14.9.2000.
- 265 Landamerkjabréf Haukholta, dags. 5.6.1885.
- 266 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi I/348, Hruni, dags. 14.9.2000.
- 267 Örnefnakort af Hrunaheiðum úr Örnefnabók Hrunamannahrepps 1945, og stafrófs-skrá örnefna.
- 268 Þinglýsing landamerkja Hrunajarða og landamerkja afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Dóma- og þingabækur Árnessýslu.
- 269 a-g Samþykkt fyrir Fiskiræktarfélag Árneseinga, nr. 66/1931.
Samþykkt fyrir Fiskiræktar- og veiðifélag Árneseinga, nr. 49/1938.
Samþykkt fyrir Veiðifélag Árneseinga, nr. 110/1940.
Samþykkt fyrir Veiðifélag Árneseinga, nr. 38/1961.
Arðskrá fyrir veiðifélag Árneseinga, nr. 12/1941.
Arðskrá fyrir Fiskiræktar- og veiðifélag Árneseinga, nr. 4/1939.
Yfirmatsgerð varðandi mat á arðseiningum við Stóru-Laxá, dags. 2.7.1979.
- 270 Skrá yfir landamerki milli Flóa- og Skeiðmannaafrejtta og jarða í Gnúpverjahreppi, dags. 28.2.1890.
- 271 Eyðublað úr fasteignamati Hrunakróks 1932.
- 272 Fasteignamat jarða í Hrunamannahreppi 1922.
- 273 Fasteignamat jarða í Hrunamannahreppi 1932.
- 274 Fasteignamat jarða í Hrunamannahreppi 1938.
- 275 Fasteignamat jarða í Hrunamannahreppi 1957.
- 276 Eyðublað við fasteignamat Hruna 1932.
- 277 a-b Eyðublað við fasteignamat Hruna ásamt eyðibýlinu Skrautási 1942.
Eyðublað við fasteignamat Kaldbaks ásamt eyðibýlinu Hrunakrök 1942.
- 278 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi I/344, Hrunakrókur, dags. 14.9.2000.
- 279 Örnefnakort af Hrunakróki úr Örnefnabók Hrunamannahrepps 1945 ásamt stafrófs-skrá örnefna á korti. Einnig örnefnaskrár 1-4.
- 280 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi I/343, Kaldbakur, dags. 14.9.2000.
- 281 Örnefnakort af Kaldbaki úr Örnefnabók Hrunamannahrepps 1945.
- 282 Íslenskt fornbréfasafn, 4. bindi, bls. 42-44. Máldagi Hrunakirkju 1397.
- 283 Landamerki Hörgsholtslands, dags. 2.6.1885.
- 284 Lýsing á mörkum fyrir Laxárdalslandi, dags. 16.6.1884.
- 285 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi I/342, Kluftir, dags. 14.9.2000.
- 286 Afsal Jóhanns Jónssonar til Guðmundar Sigurðssonar á Kluptum, dags. 1.11.1930.
- 287 Minnisblað stm. óbn. um yfirferð yfir Jarðabók Johnsens og Nýja jarðabók, dags. 2.5.2001.
- 288 Fs. 1 Örnefnakort af Kluftum úr Örnefnabók Hrunamannahrepps 1945 ásamt stafrófs-skrá örnefna á korti. Örnefnaskrá fyrir Kluftir.
- 289 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi I/336, Jata, dags. 14.9.2000.
- 290 Fs. 1-2 Örnefnakort af Jötu úr Örnefnabók Hrunamannahrepps 1945 ásamt stafrófs-skrá örnefna á korti. Tvær örnefnaskrár fyrir Jötu.
- 291 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Jaðar, dags. 12.9.2001.
- 292 Afsal Guðna Jónssonar til Guðbergs Guðnasonar á Jaðri, dags. 2.5.1953.
- 293 Nafntökuleyfi menntamálaráðherra til Guðbergs Guðnasonar vegna Jaðars II, dags. 3.12.1953.
- 294 Lýsing landamerkja milli Jaðars I og II, dags. 1.3.1978.

- 295 Landamerki fyrir Brattholt, dags. 4.6.1885.
- 296 Afsal eigenda Brattholts, Tungufells og Jaðars til ríkissjóðs Íslands á Gullfossi, dags. 18.12.1945.
- 297 (a-b) Síður úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi I/332, Tungufell, dags. 14.9.2000, og Hamarsholt, dags. 12.9.2001.
- 298 Örnefnakort af Tungufelli úr Örnefnabók Hrunamannahrepps 1945.
- 299 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi II/380, Afréttur Hrunamannahrepps, dags. 12.4.1999.
- 300 Landamerki milli afrjettarlanda Flóa- og Skeiðaafrjetta og Hrunamanna afrjettar, dags. 18.4.1890.
- 301 Lýsing oddvita Biskupstungnahrepps á landamerkjum afréttar hreppsins, dags. 15.4.1979.
- 302 Veðbókarvottorð fyrir Tunguheidi, Biskupstungnahreppi, dags. 28.5.1999.
- 303 Dómur 23.2.1980 aukadómþings Árnassýslu, í málinu nr. 11/1976, sóknarnefnd Bræðratungukirkju gegn krefjendum eignarréttar.
- 304 Ágrip af sýslufundargjörðum Árnassýslu 17.-20.4 og 24.4.1895, bls. 1-2, og 14.-19. apríl 1902, bls. 1.
- 305 Síða í fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi, „Landsréttindi í Ásgarði í Kerlingarfjöllum“, dags. 12.9.2001.
- 306 Alþingisbækur, 5. bindi, bls. 143: Dómur 30.4.1627 um rótargröpt á Hrunamannaafretti.
- 307 Virðingargjörð Hruna 6.3.1909.
- 308 Samningur um sölu kirkjujarðarinnar Klufta milli ráðherra Íslands og Jóhanns Jónssonar, dags. 29.4.1919, ásamt bréfum varðandi söluna.
- 309 Úr vísitásiubók Finns biskups Jónssonar 1956, varðandi Hruna.
- 310 Úr vísitásiubók Steingríms biskups Jónssonar 1829, varðandi Hruna.
- 311 Minnisblað stm. óbn. um athugun á bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, dags. 23.1.2001.
- 312 Yfirlit yfir stöðu Einars Jónssonar, Tungufelli, gagnvart fjallskilasjóði 1965-1971 og Guðbergs Guðnasonar, Jaðri, gagnvart fjallskilasjóði 1965-1969.
- 313 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í ráðuneytum dóms- og kirkjumála og landbúnaðar, dags. 5.7.2001.
- 314 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í skjalasafni biskupsstofu, dags. 6.4.2001.
- 315 Minnisblað stm. óbyggðanefndar um heimildaleit í 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 30.8.2001.
- 316 (a-j) Fundargerðir máls nr. 5/2000, Hrunamannahreppur (6 fyrirtökur, aðalmeðferð, endurupptaka, fyrirtaka og lokafyrirtaka).
- 317 Minnisblað stm. óbn. um gagnaöflun hjá embætti Sýslumannsins á Selfossi, dags. 10.10.2001.
- 318 Yfirlit yfir frumgögn, sem könnuð hafa verið á vegum óbyggðanefndar, vegna máls nr. 5/2000, dags. 10.10.2001.
- 319 Sérkort óbyggðanefndar: Hrunamannahreppur (Lýstar kröfur á svæði nr. 1), dags. 29.10.1999. Mælikvarði 1:100 000.
- 320 Þinglýsingarvottorð fyrir Hrunakrök, dags. 12.9.2001.
- 321 Yfirlýsing landbúnaðarráðuneytisins um að Hrunakrökur sé í eigu ríkissjóðs Íslands, dags. 12.5.2000.
- 322 Bréf óbyggðanefndar til Ólafs Björnssonar hrl. um endurupptöku máls nr. 5/2000, dags. 11.10.2001.

- 323 Bréf óbyggðanefndar til Ólafs Sigurgeirssonar hrl. um endurupptöku máls nr. 5/2000, dags. 11.10.2001.
- 324 Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. um endurupptöku máls nr. 5/2000, dags. 11.10.2001.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl.:

- 325 Greinargerð Ólafs Björnssonar hrl. varðandi endurupptöku á máli nr. 5/2000, dags. 28.10.2001.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 326 Kort sem sýnir leiðréttingu ríkisins á teiknaðri kröfulínu (aðalkröfu) á mörkum Tungufells og Jaðars (Dalsá-afreittargirðing-Hvítá), dags. 29.10.2001.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 327 Símskeyti Stjórnarráðsins til allra sýslumannsembætta á landinu varðandi vatnsréttindi á afréttum, dags. 3.4.1918.
- 328 „Afmálan af Ytrahrepps Landslagi beggíamegin StóruLaxár í Hruna Sókn“ eftir Jón Steingrímsson, dags. 8.3.1826, ásamt uppskrift Gunnars F. Guðmundssonar.
- 329 Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. þar sem óskað er eftir að gerð sé grein fyrir tilteknum atriðum varðandi Landsvirkjun, dags. 3.12.2001.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl.:

- 330 Yfirlýsing prestssetrasjóðs varðandi landamerki Hrunaheiða, dags. 30.11.2001.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.

- 331 Bréf Landsvirkjunar, dags. 11.12.2001, með svörum við spurningum óbn. í bréfi, dags. 3.12.2001, ásamt 5 fylgiskjölum (a-e).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 332 Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík 1986, bls. 382-385.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 333 a-e Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. um Sigöldulínur 1-3 og Sultartangalínu 1, dags. 24.1.2002. Tölvupóstur, dags. 24.1.2002, 28.1.2002, 5.2.2002, 11.2.2002 milli óbyggðanefndar og Þórðar Bogasonar hdl. um þetta efni.

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)

Berghylur	Jón Guðmundur Eiríksson
Foss	Sigríður Jónsdóttir
Foss	Hjörleifur Þór Ólafsson
Hlíð	Guðmundur Ingi Haraldsson
Hlíð	Einar Hrafnkell Haraldsson
Hlíð	María Haraldsdóttir
Hlíð	Gísli Þór Sigurðsson
Hlíð	Guðmundur Bjarnason
Hlíð	Guðmundur Einarsson
Hlíð	Áskell Einarsson
Hlíð	Ólafía Einarsdóttir
Hlíð	Arnkell J. Einarsson
Hlíð	Bjarni Guðbrandsson
Hlíð	Ingi Guðbrandsson
Hlíð	Jón Guðbrandsson
Hlíð	Logi Guðbrandsson
Hlíð	Ragnheiður Guðbrandsdóttir
Hlíð	Steingerður Jónsdóttir
Hlíð	Ólafur Jónsson
Hlíð	Árni Heimir Jónsson
Hlíð	Kjartan Jónsson
Hlíð	Karl Magnússon
Hlíð	Sigríður Jakobína Magnúsdóttir
Hlíð	Magnús Guðmann Magnússon
Hlíð	Elísabet Magnúsdóttir
Hlíð	Sigrún Magnúsdóttir
Hlíð	Haukur Magnússon
Hlíð	Jón Magnússon
Hlíð	Bjarnheiður Magnúsdóttir
Hruni	Ríkisfjárhirsla
Hrunakrókur	
Jaðar I - Hamarsholt	Guðbergur Guðnason
Jaðar I - Hamarsholt	Hrunamannahreppur
Jaðar II	Bragi G. Kristjánsson
Jaðar II	Hrunamannahreppur
Jata	Sigurður Haukur Jónsson
Jata	Regla Jötusystkina
Kaldbakur	Ríkisbókhald
Klúftir	Hrunamannahreppur
Laugar	Einar Kr. Einarsson
Tungufell	Einar Jónsson
Tungufell	Sigurjón Helgason
Þórarinsstaðir	Steinunn Þorsteinsdóttir
Þórarinsstaðir	Hreinn Gunnarsson
Þórarinsstaðir	Jóhanna G. Guðmundsdóttir

IV. Aðilaskrá (afréttur)¹

Auðsholt 1	Ari Jónsson
Auðsholt 1	Bjarni Jónsson
Auðsholt 1	Vignir Jónsson
Auðsholt 2	Tómas Tómasson
Auðsholt 2, land	Vilborg Ísleifsdóttir
Auðsholt 3	Ari Jónsson
Auðsholt 3	Bjarni Jónsson
Auðsholt 4	Steinar Halldórsson
Auðsholt 5	Hrunamannahreppur
Ás	Eiríkur Steindórsson
Ásatún	Grímur Guðmundsson
Ásatún	Guðbjörg Jóhannsdóttir
Ásgerði	Sigurður Jónsson
Ásgerði 2	Þorbjörn Sigurðsson
Ásland	Hrunamannahreppur
Berghylur	Jón Guðmundur Eiríksson
Birtingaholt 1	Ragnar Magnússon
Birtingaholt 2	Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir
Birtingaholt 2	Sigurður Ágústsson
Birtingaholt 3	Skúli Guðmundsson
Birtingaholt 4	Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir
Birtingaholt 4	Sigurður Ágústsson
Bjarg	Karl Jónsson
Bjarg	Jónína Björg Kristinsdóttir
Bjarkarhlíð	Hrunamannahreppur
Borgarás	Gunnar Hallgrímsson
Borgarás	Hjálmur Pétursson
Breiðás	Elín Jónsdóttir
Bryðjuholt	Samúel Unnsteinn Eyjólfsson
Bryðjuholt	Þórunn Andrésdóttir
Dalbær 1	Arnfríður Jóhannsdóttir
Dalbær 2	Magnús Páll Brynjólfsson
Dalbær 2A	Brynjólfur G. Pálsson
Efra-Langholt	Sveinn Flosi Jóhannsson
Efra-Sel	Halldór Elís Guðnason
Efra-Sel	Unnsteinn Logi Eggertsson
Efra-Sel	Halldóra Halldórsdóttir
Efra-Sel	Ástríður Guðný Danielsdóttir
Flúðir	Hrunamannahreppur
Foss	Sigríður Jónsdóttir
Foss	Hjörleifur Þór Ólafsson
Galtafell	Hjalti Árnason

¹ Sjá kafla 3.11.

Garður	Helgi Jóhannesson
Garður	Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir
Gata	Stefán S. Kristjánsson
Gata	Jón Stefánsson
Grafarbakki 1	Emil Rafn Kristófersson
Grafarbakki 1	Eiríkur K. Kristófersson
Grafarbakki 2	Sigrún Tómasdóttir
Grafarbakki 2-A	Elsa Jóna Sveinsdóttir
Grafarbakki 2-B	Júlíus Þór Sveinsson
Grafarbakki 2-C	Jarðorka sf.
Grafarbakki 2-C	Úlfar Harðarson
Gröf	Ríkisbókhald
Haukholt 1	Loftur Þorsteinsson
Haukholt 2	Oddleifur Þorsteinsson
Haukholt 2	Jón Þorsteinn Oddleifsson
Hellisholt	Garðar Olgeirsson
Hlíð	Guðmundur Ingi Haraldsson
Hlíð	Einar Hrafnkell Haraldsson
Hlíð	María Haraldsdóttir
Hlíð	Gísli Þór Sigurðsson
Hlíð	Guðmundur Bjarnason
Hlíð	Guðmundur Einarsson
Hlíð	Áskell Einarsson
Hlíð	Ólafía Einarsdóttir
Hlíð	Arnkell J. Einarsson
Hlíð	Bjarni Guðbrandsson
Hlíð	Ingi Guðbrandsson
Hlíð	Jón Guðbrandsson
Hlíð	Logi Guðbrandsson
Hlíð	Ragnheiður Guðbrandsdóttir
Hlíð	Steingerður Jónsdóttir
Hlíð	Ólafur Jónsson
Hlíð	Árni Heimir Jónsson
Hlíð	Kjartan Jónsson
Hlíð	Karl Magnússon
Hlíð	Sigríður Jakobína Magnúsdóttir
Hlíð	Magnús Guðmann Magnússon
Hlíð	Elísabet Magnúsdóttir
Hlíð	Sigrún Magnúsdóttir
Hlíð	Haukur Magnússon
Hlíð	Jón Magnússon
Hlíð	Bjarnheiður Magnúsdóttir
Hólakot	Einar Jónsson
Hólakot	Halldóra Ásmundsdóttir
Hrafnkelsstaðir 1	Haraldur Sveinsson
Hrafnkelsstaðir 2	Sveinn Hannes Sveinsson
Hrafnkelsstaðir 2, lóð	Sveinn G. Sveinsson

Hrafnkelsstaðir 3	Aðalsteinn Þorgeirsson
Hrafnkelsstaðir 3A	Svava Pálsdóttir
Hrepphólar	Ólafur Stefánsson
Hruni	Ríkisfjárhirsla
Hvammur 1	Jóhannes Helgason
Hvammur 1	Garðyrkjustöðin Hvammur 1 ehf.
Hvammur 2	Jóhannes Helgason
Hverabakki 1	Sigurður Tómasson
Hverabakki 2	Þorleifur Jóhannesson
Hverabakki 2	Sjöfn Sigurðardóttir
Hvítárdalur	Guðbjörn Dagbjartsson
Hvítárholt	Björn Björnsson
Högnastaðir 1	Hrunamannahreppur
Högnastaðir 2	Jón Hermannsson
Hörgsholt	Helga Magnúsdóttir
Hörgsholt	Valgeir Jónsson
Hörgsholt	Guðmundur G. Magnússon
Hörgsholt	Ragnhildur Magnúsdóttir
Hörgsholt	Anna Magnúsdóttir
Hörgsholt	Sigurður H. Magnússon
Hörgsholt	Sigríður Guðmundsdóttir
Hörgsholt	María Guðmundsdóttir
Hörgsholt	Halldór Guðmundsson
Hörgsholt	Katrín Fjóra Guðmundsdóttir
Hörgsholt	Ingvar Guðmundsson
Ísabakki	Anna S. Sigurðardóttir
Jaðar 1	Guðbergur Guðnason
Jaðar 1	Magna Runólfsdóttir
Jaðar 2	Bragi G. Kristjánsson
Jata	Regla Jötusystkina
Jata	Sigurður Haukur Jónsson
Kaldbakur	Ríkisbókhald
Klúftir	Hrunamannahreppur
Kotlaugar	Sigurjón Sigurðsson
Kópsvatn 1	Bjarni Jónsson
Kópsvatn 1	Magnús G. Jónsson
Kópsvatn 2	Guðmundur Marinósson
Kópsvatn 2	Valdís Marinósdóttir
Langholtskot	Unnsteinn Hermannsson
Laugar	Einar Kristinn Einarsson
Laugar 2	Gísli Þorgeir Einarsson
Laugar 2	Björk Einarsdóttir
Laxárbakki	Þorleifur Jóhannesson
Laxárhlið	Ríkisbókhald
Miðbær	Brynjólfur G. Pálsson
Miðbær	Kristjana Sigmundsdóttir
Miðfell 1	Sigurður Gunnlaugsson

Miðfell 2	Sigurður Ingi Jóhannsson
Miðfell 2	Anna Kristjana Ásmundsdóttir
Miðfell 3	Magnús Páll Brynjólfsson
Miðfell 3	Magnús Gunnlaugsson
Miðfell 4	Grétar Gunnlaugur Skúlason
Miðfell 5	Gunnlaugur Magnússon
Miðfell 6	Kirsten E. Frederiksen
Núpstún	Brynjólfur Guðmundsson
Reykjabakki	Þóra Tómasdóttir
Reykjaból	Reykjaflöt ehf.
Reykjadalur	†Hörður Einarsson
Reykjaflöt	Reykjaflöt ehf.
Silfurtún	Hrunamannahreppur
Skipholt 1	Guðmundur Stefánsson
Skipholt 1	Margrét Karlsdóttir
Skipholt 1, land	Þórunn Stefánsdóttir
Skipholt 2	Bjarni Valur Guðmundsson
Skipholt 2	Gyða Björk Björnsdóttir
Skipholt 2	†Guðmundur Kristmundsson
Skipholt 2	Kristrún Jónsdóttir
Skipholt 3	Bjarni Valur Guðmundsson
Skollagróf	Sigurður Haukur Jónsson
Skollagróf	Fjóla Helgadóttir
Skyggfir	Guðmundur Stefánsson
Skyggfir	Ingveldur D. Halldórsdóttir
Smárahlið	Jón Ingi Jónsson
Smárahlið	Jóhanna Sveinsdóttir
Sóleyjarbakki	Guðmundur Kristinsson
Sólheimar	Kormákur Ingvarsson
Sunnuhlið	Ríkisbókhald
Syðra-Langholt	Þórir Ágúst Þórðarson
Syðra-Langholt	Sigrún Guðmundsdóttir
Syðra-Langholt 1	Hilmar Jóhannesson
Syðra-Langholt 1	Sigmundur Jóhannesson
Syðra-Langholt 2	Þórir Ágúst Þórðarson
Syðra-Langholt 2	Kristjana S. Bjarnadóttir
Syðra-Langholt 2	Bragi Bjarnason
Syðra-Langholt 2	Kristján Sigurjónsson
Syðra-Langholt 2	Svanhildur Sigurjónsdóttir
Syðra-Langholt 2	Sigrún Guðmundsdóttir
Syðra-Langholt 2A	Kristjana S. Bjarnadóttir
Syðra-Langholt 2A	Bragi Bjarnason
Syðra-Langholt 2A	Kristján Sigurjónsson
Syðra-Langholt 2A	Svanhildur Sigurjónsdóttir
Syðra-Langholt 3	Jóhannes Sigmundsson
Syðra-Langholt 4	Þórir Ágúst Þórðarson
Syðra-Langholt 4	Sigrún Guðmundsdóttir

Syðra-Sel	Guðmundur Böðvarsson
Tungufell	Einar Jónsson
Tungufell	Sigurjón Helgason
Túnsberg	Gunnar Kristinn Eiríksson
Unnarholt	Trausti Indriðason
Unnarholtskot 1	Dóra Hjörleifsdóttir
Unnarholtskot 2	Hjördís Heiða Harðardóttir
Unnarholtskot 3	Hjördís Heiða Harðardóttir
Varmalækur	Hrunamannahreppur
Þórarinsstaðir	Steinunn Þorsteinsdóttir
Þórarinsstaðir	Hreinn Gunnarsson
Þórarinsstaðir	Jóhanna G. Guðmundsdóttir
Þverspyrna	Sigurjón Jónsson

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 6/2000
Flóa- og Skeiðamannaafrettur



21. mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	617
2. MÁLSMEÐFERÐ	617
2.1. Norðanverð Árnassýsla tekin til meðferðar	618
2.2. Lýstar kröfur og kynning	619
2.3. Afmörkun máls nr. 6/2000	619
2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð	620
3. KRÖFUGERÐ	620
3.1. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu	620
3.2. Kröfur eigenda jarða í hreppum Flóa og Skeiða og Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa vegna afréttar Flóa- og Skeiðamanna og fjallendis Skriðufells og Ásólfstaða	621
3.3. Krafa Landsvirkjunar	622
4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN	624
4.1. Almenn	624
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	624
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	624
4.4. Vettvangsferð	627
4.5. Skýrslutökur	628
5. STAÐHÆTTIR OG GRÓÐURFAR	629
5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður	629
5.2. Áætlað gróðurfar á afréttinum um landnám og síðari þróun þess	629
5.3. Núverandi gróðurfar	630
5.4. Friðland og náttúruminjar	631
6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR	631
6.1. Landnám	631
6.2. Afréttur Flóa- og Skeiðamanna	632
6.2.1. Elsti hluti afréttarins	632
6.2.2. Land úr Skriðufelli	642
6.2.3. Land úr Ásólfstöðum	643
7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS	645
7.1. Almenn atriði	645
7.2. Fjalllendi jarðanna Ásólfstaða og Skriðufells	651
7.3. Hinn eiginlegi Flóa- og Skeiðamannaafréttur	652
8. SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.	654
8.1. Meginsjónarmið	654
8.2. Rök er varða aðild málsins	656
8.3. Rök fyrir fullkomnu eignarlandi	656

8.3.1. Landamerkjalýsing	656
8.3.2. Afsalsgerningar	657
8.3.3. Eyðijarðir	657
8.3.4. Nýting	658
8.5. Hefð og venjuréttur	659
8.6. Ásólfstaðir og Skriðufell	660
8.7. Lagarök	661
9. SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR	661
10. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	663
11. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU	663
11.1. Krafa varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar	663
11.2. Landnám	663
11.3. Afréttur Flóa- og Skeiðamanna	664
11.3.1. Elsti hluti afréttarins	664
11.3.2. Land úr Ásólfstöðum	674
11.3.3. Land úr Skriðufelli	675
12. LANDSVIRKJUN	677
12.1. Almenn	677
12.2. Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum	677
12.3. Kröfur byggðar á lagaheimildum	678
12.4. Einstök mannvirki	679
12.4.1. Öll vatnsréttindi í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár o.fl.	680
12.4.2. Hrauneyjafosslína	681
12.4.3. Sultartangalína 3	681
12.4.4. Mælistöðvar	682
12.4.5. Vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun aok annarra virkjunarkosta í Efri-Þjórsá	682
13. ÚRSKURÐARORÐ	683
14. FYLGISKJÖL	685
I. Kort	
II. Skjalaskrá	
III. Aðilaskrá	

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2002, fimmtudaginn 21. mars, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 6/2000, afréttur Flóa- og Skeiðamanna,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Karl Axelsson.

Aðilar málsins eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins samkvæmt 11. gr. laga nr. 58/1998.
(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur jarða í sveitarfélögum í Flóa- og á Skeiðum og Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa vegna afréttar Flóa- og Skeiðamanna og fjallendis Skriðufells og Ásólfstaða.
(Jörundur Gauksson hdl. og Guðrún Gauksdóttir lögfr.)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl. f.h. Hreins Loftssonar hrl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor.

2.1. Norðanverð Árnæssýsla tekin til meðferðar

Meðferð þessa máls hófst 1. mars 1999 með því að óbyggðanefnd gaf út svohljóðandi tilkynningu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998:

Óbyggðanefnd, sem starfar á grundvelli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, hefur ákveðið að taka til meðferðar landsvæði sem afmarkast svo:

- Austurmörk:** Þjórsá.
- Vesturmörk:** Mörk Árnæssýslu og Borgarfjarðarsýslu og vestur- og suðurmörk Þingvallalands.
- Norðurmörk:** Suðurmörk Hofsjökuls og Langjökuls og á milli jöklanna mörk milli afréttar Biskupstungnahrepps í Árnæssýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu, skv. dómsátt frá 9. september 1983 fyrir aukadómþingi Árnæssýslu.
- Suðurmörk:** Suðurmörk þeirra jarða sem liggja að hálandinu eða afréttum, en þær jarðir virðast vera:
- Í *Þingvallahreppi*: Þingvallaland, Gjábakki og Miðfell.
- Í *Grimsneshreppi*: Kaldárhöfði, Brúarholt, Efri-Brú, Búrfell (I-III), Hæðarendi, Klausturhólar, Hallkelshólar (I-II), Björk, Þóroddsstaðir og Neðra-Apavatn.
- Í *Laugardalshreppi*: Efra-Apavatn (I-II), Gröf, Lækjarhvammur, Eyvindartunga, Laugarvatn, Snorrastaðir (I-II), Hjálmsstaðir (I-II), Ketilvellir, Miðdalur, Miðdalskot, Laugardalshólar, Hólabrekka og Efstidalur (I-IV).
- Í *Biskupstungnahreppi*: Miðhús, Úthlíð (I-II), Stekkholt, Hrauntún, Austurhlíð, Dalsmynni, Hlíðartún, Neðri-Dalur, Helludalur (I-II), Haukadalur (I-III), Torta, Bryggja, Laug, Brú, Kjóastaðir (I-II), Brattholt og Tunguheiði.
- Í *Hrunamannahreppi*: Hamarsholt, Tungufell, Jaðar (I-II), Foss, Klufar, Kaldbakur og Hrunakrókur.
- Í *Gnúpverjahreppi*: Laxárdalur I-II, Skáldabúðir, Minni-Mástungur, Stóru-Mástungur (I-II), Hamarsheiði (I-II), Fossnes, Hagi, Ásólfstaðir (I-II), Skriðufell og virkjanasvæði Landsvirkjunar.

Afréttir á svæðinu eru afréttir ofangreindra hreppa auk afréttar Flóa- og Skeiðamanna.

Gerður er fyrirvari um að aðrar jarðir/landskikar en tilgreindir eru kunnir að liggja á mörkum svæðisins að sunnanverðu, svo sem land sem ráðstafað kann að hafa verið úr ofangreindum jörðum.

Óbyggðanefnd áskilur sér rétt til þess að minnka eða stækka það landsvæði sem hér er lýst. Slík breyting yrði auglýst sérstaklega.

Á þessu svæði mun óbyggðanefnd: a) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, b) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og c) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendu.

Hér með er skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á ofangreindu landsvæði að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, innan þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs Lögbirtingablaðsins sem tilkynning þessi birtist í. Með kröfum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á ásamt uppdætti af mörkum þess landsvæðis/jarðar sem kröfur lúta að, allt í fjórri.

Sérstaklega er áréttað að tilkynning þessi nær til allra þeirra aðila sem telja til réttinda á ofangreindu landsvæði, án tillits til þess hvort þeir koma fram í lýsingu á afmörkun svæðisins.

Tilkynning óbyggðanefndar var birt í Lögbirtingablaðinu 5. mars 1999. Útdráttur úr efni hennar var birtur í Morgunblaðinu og víðar. Jafnframt lét nefndin þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók sýslumannsins á Selfossi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Málið var að auki kynnt fyrir sveitarstjórnnum, sýslumannsembættum og fleiri aðilum.

Óbyggðanefnd framlengdi hinn upphaflega frest í þeim tilvikum þegar leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti. Jafnframt vakti nefndin athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og gaf færi á lagfæringum.

2.2. Lýstar kröfur og kynning

Óbyggðanefnd bærust kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur í 7 hreppum og 57 aðrar kröfulýsingar sem sumar tóku til fleiri en einnar jarðar eða stærri landsvæða. Síðustu kröfulýsingar bærust 22. október 1999.

Þann 29. október gaf óbyggðanefnd út yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdrátt sama efnis. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Selfossi, dagana 1.-30. nóvember 1999, og að auki til loka athugasemdafrests 31. desember. Vakin var athygli á kynningunni með auglýsingum í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir og afréttarmálafélag yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bærust fyrir desemberlok en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum. Í janúar 2000 bærust kröfulýsingar fyrir fimm jarðir, allar í Hrunamannahreppi.

2.3. Afmörkun máls nr. 6/2000

Í janúar 2000 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi 7 málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2000, Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi.

Mál nr. 2/2000, Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Mál nr. 3/2000, Laugardalsfréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi.

Mál nr. 4/2000, Biskupstungnafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi.

Mál nr. 5/2000, Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi.

Mál nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannafréttur.

Mál nr. 7/2000, Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi.

Jafnframt var gerð grein fyrir því hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Þá fengu fyrirvarsmenn málsaðila afhent afrit kröfulýsinga og fylgigagna annarra aðila að viðkomandi máli. Óskað var eftir athugasemdum við fyrirhugaða skiptingu svæðisins í mál og hæfi einstakra nefndarmanna innan tiltekins frests. Engar athugasemdir bærust.

Mörk þess svæðis, sem til meðferðar er í máli nr. 6/2000, Flóa- og Skeiða-mannafréttur, eru því nánar tiltekið sem hér segir: Norðurmörk eru við suðurjaðar Hofsjökuls, sbr. tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999. Til vesturs er landsvæði það sem nefnt hefur verið Hrunamannafréttur og til austurs Gnúpverjafréttur. Til suðurs ráða norðurmörk efstu jarða í Gnúpverjahreppi, þ.e. Skriðufell, Ásólsstaðir (I-II), Fossnes, Hamarsheiði (I-II), Stóru-Mástungur (I-II), Minni-Mástungur, Skáldabúðir, Laxárdalur (I-II), sbr. framangreinda tilkynningu óbyggðanefndar. Norðurmörk jarðanna Skriðufells og Ásólsstaða í því sambandi miðast við afréttargirðingu frá 1912 sem liggur þvert yfir þær en landið ofan girðingarinnar telst til afréttarins. Í þessu sambandi er einnig miðað við norðurmörk landgræðslusvæðis Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal sem áður taldist til Flóa- og Skeiðamannafréttar en fellur utan þess svæðis sem hér er til úrlausnar.

Svo sem nánar greinir í kafla 3 er í máli þessu, nr. 6/2000, ágreiningur milli aðila um eignar-

réttarlega stöðu þess landsvæðis sem kallað hefur verið afréttur Flóa- og Skeiðamanna, þ.m.t. þá hluta Ásólfstaða og Skriðufells sem liggja norðan afréttargirðingar.

Í megindráttum er annars vegar gerð krafa um þjóðlendu og hins vegar um eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 6/2000 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 1. mars 2000. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá. Þá var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 28. mars var greinargerð íslenska ríkisins lögð fram ásamt fleiri gögnum. Þá var öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 3. maí var greinargerð Landsvirkjunar lögð fram en af hálfu jarðeigenda var ekki mætt. Málið var tekið fyrir í 4. sinn á fundi 15. maí og í 5. sinn á fundi 19. maí og var þá lögð fram greinargerð Upprekstrarfélags Flóa- og Skeiðamanna og eigenda jarða í hreppum Flóa og Skeiða. Þá var málið tekið fyrir 5. júní og 18. september. Lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið frekar.

Aðalmeðferð fór fram föstudaginn 29. september 2000 í sal Héraðsdóms Suðurlands, Selfossi, og skiptist í forflutning, skýrslutökur og málflytning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Að höfðu samráði við lögmennt fóru vettvangsferð fram samhliða aðalmeðferð í máli nr. 7/2000, Gnúpverjaafréttur (...), dagana 20.-21. september. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 5. nóvember 2001 var málið endurupptekið, lögð fram ný gögn af hálfu nefndarinnar og málsaðila og leitast við að upplýsa óljós atriði. Loks var málið tekið fyrir 11. desember 2001, lögð fram frekari gögn og afstaða tekin til einstakra atriða. Við þetta tækifæri var jafnframt færð til bókar sú niðurstaða óbyggðanefndar að sáttatilaunir væru þýðingarlausar. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu

Íslenska ríkið gerir kröfu til þess að allt afréttarland á Flóa- og Skeiðamannaafreitti verði viðurkennt þjóðlenda í eigu íslenska ríkisins, að viðurkenndum rétti afréttareigenda til allra lagalegra afréttarnota.

Kröfulína fjármálaráðherra gagnvart Flóa og Skeiðamannaafreitti frá austri til vesturs byrjar þar, sem afréttargirðingin sker Sandá við hornmark Skriðufellslands. Síðan fylgir línan afréttargirðingunni í gegnum lönd Skriðufells og Ásólfstaða allt að Grjótármynni og þaðan í Rauðafoss vestan megin við Seljárdal. Úr Rauðafossi í norðurenda Þverbrekknaglúfurs, þaðan í vörðu á vesturbakka Tunguár, þaðan bein stefna til vesturs í vörðu á vesturhorni Kálfáfitjarfjalls, fremst móts við Fitjagil og þaðan bein stefna vestur í Kálfá. Frá Kálfá móts við Fitjargil í gilið þar sem það kemur úr Þrengslunum og þaðan bein stefna í norðurenda Hnútafells, þaðan í vesturenda Hnútafells eður brún fyrir sunnan Þverá og bein stefna í vestra Lambafell og þaðan niður í Laxá eftir beinni línu sem liggur til vesturs í suðurenda Kaldbaksfjalls. Gerð er krafa til að landið norðan þessarar línu sé þjóðlenda, háð afréttarnotum Flóa- og Skeiðamanna.

Merkjum afréttarins sé rétt lýst af hálfu jarðeigenda í Flóa- og á Skeiðum og er að öðru leyti vísað til þess.

¹ Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og III (aðilaskrá).

Þá gerir íslenska ríkið varakröfu í máli nr. 7/2000 (Gnúpverjaafréttur ...) sem að litlu leyti nær inn á landsvæði það sem hér er til meðferðar, nánar tiltekið nokkuð norður fyrir afréttargirðingu þar sem hún liggur yfir Skriðufell og Ásólfstaði.

3.2. Kröfur eigenda jarða í hreppum Flóa og Skeiða og Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða-hreppa vegna afréttar Flóa- og Skeiðamanna og fjallendis Skriðufells og Ásólfstaða

Að staðfest verði að Flóa- og Skeiðamannaafréttur, eins og honum er lýst hér á eftir, með öllum gögnum og gæðum, sé fullkomið eignarland og það ráði því að mörkin milli eignarlanda og þjóðlendna skuli ákvörðuð utan landamerkjia afréttarins. Jafnframt sé Upprekstrarfélag Flóa- og Skeiðamanna aðili að kröfugerð enda ekki útilokað að stofnast hafi til beinna eða óbeinna eignarréttinda sem félagið eigi sérstaklega og jafnframt hafi félagið verið í fyrirsvari landeigenda vegna afréttarins.

Af hálfu Upprekstrarfélags Flóa- og Skeiðamanna og eigenda jarða í hreppum Flóa og Skeiða er landamerkjum lýst svo, sbr. samhljóða lýsing þeirra í kröfulýsingu dags. 28. júní 1999 og í grg. þeirra, dags. 18. maí 2000:

I. Landamerkin milli afréttarins og aðliggjandi jarða, að undanskildum Ásólfstöðum og Skriðufelli, eru eftirfarandi og í samræmi við þinglýsta landamerkjaskrá frá manntalsþingi að Skáldabúðum 28. febrúar 1890:

1. Milli Fossnesslands og afréttarins úr Grjótármynni í Rauðafoss vestan meigin við Seljárdal.
2. Milli Hamarsheiðarlands og afréttarins úr Rauðafoss í norðurenda Þverbrekknagljúfurs, þaðan í vörðu á vesturbakka Tunguár.
3. Milli Stórumástungulands og afréttarins úr vörðu við Tunguá innan til við Þverbrekknagljúfur, þaðan bein stefna til vesturs í vörðu á vesturhorni Kálfafitjarfjalls, fremst móts við Fitjagil.
4. Milli Minni Mástungulands og afréttarins úr síðast nefndri vörðu bein stefna vestur í Kálfá.
5. Milli Skáldabúðalands og afréttarins úr Kálfá móts Fitjargil í gilið, þar sem það kemur fram úr Þrengslunum og þaðan bein stefna í norðurenda Hrutafells.
6. Milli Laxárdals og afréttarins í vesturenda Hrutafells eður brún fyrir sunnan Þverá, bein stefna í Vestra Lambafell.
7. Milli Grímsstaðalands og afréttarins úr vestra Lambafelli bein stefna til vesturs í suðurenda Kaldbaksfjalls niður í Laxá.

II. Landamerkin milli afréttarins og Ásólfstaða og Skriðufells eru í samræmi við þinglýsta landamerkjaskrá jarðanna frá manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890 og einnig má finna samsvarandi lýsingu í uppkasti að landamerkjaskrá þeirri sem rakin var hér að ofan undir. Eru landamerkin eftirfarandi: „Milli afréttarins og Ásólfstaðalands: Úr Grjótá ytri, þar sem hún kemur í Þverá, síðan ræður Þverá rétt inn fyrir Hannesargljúfur; þaðan beint í Kistu við Grjótárgljúfurbotn; svo ræður Grjótá eystri niður fyrir gljúfrið.“ Milli afréttarins og Skriðufellslands: Úr gljúfrinu ræður Grjótá þangað til hún fellur í Sandá; þaðan ræður Sandá í hellusteinin austan við Dímon; þaðan bein stefna í sandvikið vestanundir Kolviðarhól við Þjórsá.

III. Landamerkin milli afréttarins og Gnúpverjaafréttar ráðast meðal annars af og eru í samræmi við landamerkjaskrá Gnúpverjaafréttar sem lýst var á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890. Fyrst markast þau, eins og að ofan er lýst, af hellusteini austan við Dímon og þaðan, skv. makaskiptasamningi þinglýstum 1938, „úr kletti við Sandá norðan Háholtsskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi“, en síðan ræður „Fossá að upptökum sínum norðaustanvert við Lambafell, þaðan bein stefna í Örfahnúk, þaðan hæst í Flóamannaöldu, þaðan í toppinn á Arnarfelli“, en áður en kemur að Arnarfelli má ætla að jökulröndin ráði merkjalínunni.

IV. Landamerkin milli afréttarins og Hrunamannaafreftar eru í samræmi við landamerkjaskrá sem lýst var á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890. Þau eru: „Laxá ræður frá byggð inni Laxárdrög, þaðan bein stefna í nyrðra Rjúpnafell, þaðan bein lína, í sömu stefnu allt inn að Jökli.“

Á fundi nefndarinnar með málsaðilum þann 1. mars 2000 óskaði talsmaður landeigenda eftir að bókað yrði að ládst hefði að hafa kröfugerð vegna afréttar Flóa- og Skeiðamanna nægilega skýra. Gerð væri krafa um fullkomið eignarland skv. lýsingu afréttarins. Í kröfugerð eigi að auki að vera það land úr Skriðufelli og Ásólfstöðum sem fram komi í afsali og makaskiptasamningi og afmarkist af afréttargirðingu. Landsvæðið norðan við afréttargirðinguna eigi þannig að vera inni í kröfugerðinni.

Við aðalmeðferð málsins þann 29. september 2000 var sett fram sú krafa að óbyggðanefnd úrskurði ekki í máli þessu fyrir en kröfulýsingar fyrir allt landið liggja fyrir.

Við aðalmeðferð var jafnframt gerð eftirfarandi varakrafa ef óbyggðanefnd úrskurði Flóa- og Skeiðamannaafreft að einhverju leyti þjóðlendu: Umbjóðendur lögmannsins haldi innan þjóðlendu öllum notum sem venjulegt er að fylgi afréttareign auk allra annarra nota sem verið hafa á afréttinum að fornu og nýju. Varakrafa þessi nái til allrar þjóðlendunnar eins og hún yrði ákveðin.

Loks er krafist alls málskostnaðar.

3.3. Krafa Landsvirkjunar

Með bréfi, dags. 24. júní 1999, lýsti Landsvirkjun kröfum sínum á svæði I í heild en óbyggðanefnd hafði með auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu 5. mars 1999 skorað á þá sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á því landsvæði að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan tiltekens frests. Landsvirkjun lýsti kröfum sínum á svæði I í einu lagi þannig:

Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin réttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði:

Öll vatnsréttindi (fallréttindi) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunar-mannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu.

Öll vatnsréttindi jarðarinnar Kaldárhöfða frá Þingvallavatni niður í Úlfjótuvatn, 38 ha lands ásamt réttindum sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta vatnsaflíð, þar með talið stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar.

Landsréttindi og réttindi sem til þarf vegna háspennulínu frá Þjórsá að austanverðu að mörkum Þingvallahrepps og Borgarfjarðarsýslu um Þingvallahrepp, Grímsneshrepp, Laugardalshrepp, Biskups-tungnahrepp, Hrunamannahrepp, afrétt Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverjahrepp (Hrauneyjafoss-línu); Búrfellslínu 1, 2 og 3A í Gnúpverjahreppi; línu frá Sigölduvirkjun yfir Þjórsá að Sandafelli í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sigöldulína 1); og línu frá Sultartangavirkjun í Gnúpverjahreppi að Búrfellsvirkjun (Sultartangalínu 2).

Önnur eignarréttindi sem til þarf vegna orkumannvirkja sem lýst er í kafla 3, Jörð/landsvæði og til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana Landsvirkjunar í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma.

Öll veiðiréttindi í virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar á landsvæði því sem auglýsing óbyggðanefndar tekur til, þ.e. í Bjarnalóni ofan Búrfellsvirkjunar, Sultartangalóni og 5. áfanga Kvisla-veitu.

Kröfugerð þessi er gerð með þeim almenna fyrirvara að Landsvirkjun áskilur sér rétt til að leiðrétta og bæta við hana síðar og leggja fram viðbótargögn eftir þörfum og ef krafist verður.

Í bréfi Landsvirkjunar, dags. 19. október 1999, sem var svar við bréfi óbyggðanefndar frá 12. s.m., eru nokkrar athugasemdir við uppkast að kröfulínukorti sem Landsvirkjun hafði fengið sent. Auk þess var gerð grein fyrir því að láðst hafði að geta 6. hluta Kvislarveitu, sbr. heimild í 4. gr. laga 74/1990.

Óbyggðanefnd barst síðan bréf Landsvirkjunar, dags. 30. desember 1999, þar sem eftirfarandi kom fram:

- a. Landsvirkjun hefur látið gera áætlanir um veitu efstu kvisla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggja fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá en sýndir eru á korti óbyggðanefndar.
- b. Landsvirkjun á og rekur allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnessýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu.

Með greinargerð, dags. 3. maí 2000, var vísað í kröfugerð, dags. 24. júní 1999, ásamt síðari breytingum og jafnframt gerðar svofelldar kröfur í máli nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannaafreitur:

Krafist er að staðfest verði réttindi Landsvirkjunar á eða vegna eftirtalinna landsvæða í afrétti Flóa- og Skeiðamanna, hvort sem þau verða talin falla innan eða utan marka þjóðlendu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998:

Öll vatnsréttindi (fallréttindi) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, þ.e. frá upptökum hennar í Hofsjökli og landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu. Beinn eignarréttur að virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar og öll veiðiréttindi í þeim.

Hrauneyjafosslína (220kV)

Fyrirhuguð Sultartangalína (400kV)

Vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun auk annarra virkjunarkosta í Efri-Þjórsá.

Mælistöðvar Landsvirkjunar.

Landsvirkjun krefst þess að óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

Við aðalmeðferð kom fram að sú breyting væri gerð á kröfugerð miðað við greinargerð, sbr. skjal nr. 96, að ekki sé gerð krafa um staðfestingu á réttindum sem talin séu falla utan þjóðlendu. Þá sé lokaliður málsgreinar um beinan eignarrétt að virkjunarlónum, vatnsréttindum og öllum veiðiréttindum felldur niður í þessu máli og eigi ekki við.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-206, sjá nánar í fylgiskjali nr. II.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Í þjóðlendlögum er mælt fyrir um skyldu aðila til að leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í því felst að óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefni. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Könnun frumgagna var að hluta framkvæmd af óbyggðanefnd og að hluta falin sérfræðingum Þjóðskjalasafns Íslands, samkvæmt samkomulagi og mati þessara aðila. Í því sambandi hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Árnesinga, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gerð er nánari grein fyrir þessari leit í kafla 4.3. Þá aflaði óbyggðanefnd álitsgerðar Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, sjá kafla 5. Loks var að auki litið til almennra uppláttarrita og itarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í kafla 10.5.

Fyrirsvarsmönnum aðila var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Þeir gátu jafnframt bent á gögn sem ástæða væri til að kanna.

Þau gögn, sem í leitirnar komu og óbyggðanefnd taldi að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu og afrit afhent málsaðilum. Jafnframt voru lögð fram minnisblöð um þá þætti gagnaöflunar sem lokið var hverju sinni.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).
Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 124).

2. Jarðabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).
Sjá að öðru leyti lið B-1 (prentuð jarðabréf).

-
- 3. Afsals- og veðmálabækur**
Á Þjóðskjalasafni – Yfirlit (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).
Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirlit (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 124).
 - 4. Fasteigna- og jarðamöt**
Ekki var venja að skrá afrétti í fasteignabækur.
Jarðamat 1804 – Sjá skjal nr. 131 a.
Jarðamat 1849-1850 – Sjá skjal nr. 131 b.
Jarðamat 1916 (1918) – Sjá skjal 131 c-d.
Sjá að öðru leyti lið B-2 (prentuð fasteigna- og jarðamöt).
 - 5. Dóma- og þingabækur**
Á Þjóðskjalasafni – Yfirlit (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).
Sjá að öðru leyti lið B-3 (prentaðir dómur).
 - 6. Bréfabækur og gerðabækur sýslumanna og hreppa**
Á Þjóðskjalasafni – Yfirlit, eftir því sem ástæða var talin til (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).
 - 7. Vísitásiubækur**
Á Þjóðskjalasafni – Yfirlit, eftir því sem ástæða var talin til (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).
 - 8. Kirkjustólar**
Á Þjóðskjalasafni – Yfirlit (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).
 - 9. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja**
Á Þjóðskjalasafni – Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki ástæðu til að yfirfara þennan skjalaflokk í heild sinni og engar sérstakar vísbendingar um að þar væri að finna efni varðandi afrétt Flóa- og Skeiðamanna (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).
Sjá að öðru leyti lið B-6 (prentað efni úr skjalasöfnum ...).
 - 10. Bréfabækur biskupa**
Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar: Yfirlit (sbr. bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, dags. 8.9.2000, skjal nr. 111).
Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki þörf á að yfirfara í heild sinni þær óprentuðu bréfabækur biskupa sem þar eru varðveittar og engar sérstakar vísbendingar um að þar væri að finna efni varðandi afrétt Flóa- og Skeiðamanna (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).
Sjá að öðru leyti lið B-8 (prentaðar bréfabækur biskupa).
 - 11. Klausturumboð**
Á Þjóðskjalasafni – Um slík gögn er ekki að ræða á þessu svæði (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).

12. Fornleifaskráning (yfirlit)

Lögð fram útprentun úr gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf. („ÍSLEIF“) fyrir afrétt Flóa og Skeiða og Þjórsárdal, skjal nr. 107.

13. Örnefnaskráning

Óbyggðanefnd hefur ekki talið ástæðu til að leggja fram sérstök gögn um örnefni í þessu máli.

14. Önnur óprentuð frumgögn

Starfsmenn Þjóðskjalasafns könnuðu nokkra fleiri skjalaflokka óprentaðra frumgagna, t.d. sáttabækur og biskupsskjalasöfn (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 25.10.2001, skjal nr. 112 a).

B. Prentuð frumgögn:**1. Jarðabréf**

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 98).
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 30.8.2001, skjal nr. 123).
Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.) – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 7.6.2000, skjal nr. 106).
Sjá að öðru leyti lið A-2 (óprentuð jarðabréf).

2. Fasteigna- og jarðamöt

Ekki var venja að skrá afrétti í fasteignabækur.
Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847) – Sjá skjal nr. 132.
Ný jarðabók (1861) – Sjá skjal nr. 133.
Fasteignabók 1922 – Sjá skjal nr. 131 e.
Fasteignabók 1932 – Sjá skjal nr. 131 f.
Fasteignabók 1938 – Sjá skjal nr. 131 g.
Fasteignabók 1957 – Sjá skjal nr. 131 h.
Sjá að öðru leyti lið A-4 (óprentuð fasteigna- og jarðamöt).

3. Dómar

Útgefnið dómar Hæstaréttar og Landsyfírréttar – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.6.2000, skjal nr. 101).
Sjá að öðru leyti lið A-5 (óprentaðar dóma- og þingabækur).

4. Fjallskilareglugerðir

Stjórnartíðindi – Yfirfarið (sbr. bréf frá Héraðsskjalasafni Árnésinga, dags. 5.6.2000, skjal nr. 109).

5. Máldagar

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 98).

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Lovsamling for Island – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 102).
Stjórnartíðindi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 102).
Sjá að öðru leyti lið A-9 (óprentað efni úr skjalasöfnum ...).

7. Landnáma

Óbyggðanefnd hefur gengið úr skugga um að í málinu hefur verið lagt fram það efni Landnámu sem varðar landnám á því svæði sem um er fjallað í málinu.

8. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar: Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara þessa eða aðrar útgefnar bréfabækur enda venjulega ekki fjallað þar um annað en eignir og stjórnsýslu kirkjunnar.

Sjá að öðru leyti lið A-10 (óprentaðar bréfabækur biskupa).

9. Alþingisbækur Íslands

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 105).

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 5.6.2000, skjal nr. 99).

Sjá einnig lið B-1 (13. bindi Jarðabókar ...).

11. Önnur prentuð frumgögn

Hvorki starfsmenn Þjóðskjalasafns né óbyggðanefnd töldu ástæðu til að yfirfara gögn í þessum flokki.

4.4. Vettvangsferð

Af hagkvæmnisástæðum fór fram vettvangsferð í máli nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannaafréttur, samhliða vettvangsferð í máli nr. 7/2000, Gnúpverjaafréttur (...), dagana 20.-21. september 2000.

Fyrri hluti vettvangsferðar fór fram 20. september 2000 í ágætu skyggni. Í vettvangsferð tóku þátt, auk nefndarmanna, starfsmanna óbyggðanefndar og lögmannna málsaðila, þau Árni Benediktsson, yfirmaður orkuvera Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, Halldór Jónatansson, fyrrverandi forstjóri Landsvirkjunar, Helgi Bjarnason, fyrrverandi forstöðumaður umhverfissviðs Landsvirkjunar, Böðvar Guðmundsson, starfsmaður Skógræktar ríkisins, Högni Guðmundsson, bóndi í Laxárdal, Már Haraldsson, fyrir hönd Gnúpverjahrepps, Sigrún Bjarnadóttir bóndi í Fossnesi og fleiri.

Sá hluti ferðarinnar, sem fyrst og fremst varðaði afrétt Flóa- og Skeiðamanna, hófst þegar Línuvegur var ekinn austur uns beygt var inn að Háafossi. Skammt fyrir ofan fossinn var staðnæmst og stigið út úr bifreiðinni. Þar sagði Már Haraldsson til örnefna og girðinga. Loks var haldið inn á Línuveg að nýju og ekið sem leið liggur austur að Þjórsárdalsvegi. Vettvangsferðinni lauk í Búrfelli.

Síðari hluti vettvangsferðar fór fram 21. september. Auk óbyggðanefndar, starfsmanns óbyggðanefndar og lögmannna málsaðila, taka þátt í vettvangsferð þau Ingvi Þorsteinsson, náttúrufræðingur, Guðrún Gauksdóttir, lögfræðingur, Páll Lýðsson, formaður Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa, Hjalti Gunnarsson, bóndi í Fossnesi og Högni Guðnason, bóndi í Laxárdal. Heimamenn veittu leiðsögn um svæðið, einkanlega Páll Lýðsson og Hjalti Gunnarsson. Haldið var frá Flúðum inn Þjórsárdal og yfir Rauðá að hinu upprunalega bæjarstæði að Stöng. Ekið var þaðan áleiðis að Háafossi og skoðaður innsti hluti afréttargirðingarinnar, skammt frá fossinum. Þessu næst var haldið til baka, beygt til vesturs skömmu áður en kemur að Stöng og ekið að Þjórsárdalslaug. Á þessari leið sér að eyðibýlinu Reykholti. Frá lauginni var tekin stefnan á gangnamannakofann Klett við Flóamannaklett. Á leiðinni sjást vikurnámur og eyðibýlið Bergólfsstaðir. Staðnæmst var við Klett. Haldið var til baka, niður á Þjórsárdalsveg, inn á Gnúpverjaveg og síðan norður Mástunguveg. Skammt fyrir ofan Skáldabúðir var beygt til norðurs inn á vegarslóða og haldið upp eftir honum, áleiðis að Línueginum. Staðnæmst var í hlíðum Lambafells þar sem vel sést yfir svæðið. Komið var í gangnamannakofann í Hallarmúla. Þar flutti Páll Lýðsson, formaður Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa, tölu um nýtingu svæðisins og á leiðinni til baka frá Hallarmúla gerði Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur grein fyrir gróðurfari þess. Vettvangsferð lauk í Arnesi.

4.5. Skýrslutökur

Fyrir nefndina kom og gaf skýrslu Páll Lýðsson, bóndi og sagnfræðingur, Litlu Sandvík. Páll er jafnframt formaður Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa.

Hann sagðist telja að afréttur Flóa- og Skeiðamanna væri fylgífé viðkomandi jarða enda kæmi það fram í gömlum heimildum svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og dómi Gísla Sveinssonar frá 1567. Um fullkomið eignarland væri að ræða. Fylgífé þetta gengi kaupum og sölum með jörðunum. Hann benti á að fjallskil jarða hefðu verið í réttu hlutfalli við stærð þeirra sem benti til þess að menn hefðu talið að hlutur jarða í afréttinum væri í samræmi við stærð þeirra. Einnig benti hann á að þegar skipað hefði verið í leitir á 19. öld hefðu þeir sem áttu stærstu jarðirnar verið sendir í lengstu leitirnar.

Aðspurður kvað hann efri hluta afréttarins fyrir innan Dalsá hafa verið í samnotum með Gnúpverjum. Ástæða þess væri sú að þar hefði smalamennska rofnað nokkrum sinnum vegna fjárpesta. Þá hefði fé fækkað svo á 18. og 19. öld að menn hefðu annaðhvort hætt að reka til fjalls eða rekið eingöngu á neðri hluta afréttarins. Smalamennskur hefðu síðan verið teknar aftur upp á efri hluta afréttarins og þá að tilhlutan hreppstjóra í viðkomandi hreppum.

Aðspurður sagði hann að áður fyrr hefði fyrirkomulag leita verið þannig á afréttinum að Flóamenn hefðu smalað afréttinn nær Stóru-Laxá en Skeiðamenn nær Fossá. Þetta fyrirkomulag hefði verið lagt af þegar kom fram á 20. öldina en þá hefði smölun Skeiðamannaafreftar verið felld undir austurleit Flóa. Mörkin á milli Skeiðamannaafreftar og Flóaafréttar hefðu verið mjög óljós.

Aðspurður kvað hann Skeiðahrepp, Villingaholtshrepp, Gaulverjabæjarhrepp, Hraungerðishrepp og sveitarfélagið Árborg, sem áður hefði verið Sandvíkurhreppur, Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur, eiga land Skriðufells, sem lagt hefði verið til afreftar. Hreppsnefndir viðkomandi hreppa hefðu keypt landið í umboði sveitarfélagsins og lagt það til afreftarins hins sameiginlega lands jarðanna í viðkomandi hreppum. Þetta viðbótarland tilheyrði síðan jörðunum í réttu hlutfalli við stærð þeirra. Hann sagði að umræddur þriðji partur fjallskila, væri lagður á jarðirnar í réttu hlutfalli við stærð þeirra.

Aðspurður kvað hann Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa, sem keypt hefði hluta af jörðinni Ásólfstöðum, vera formlegt félag, sem starfaði samkvæmt fjallskilasamþykkt. Um væri að ræða félagsskap bænda í fyrrgreindum sveitarfélögum. Í kröfúlýsingu og greinargerð væri talað um Upprekstrarfélag Flóa- og Skeiðamanna en hið rétta væri Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða. Jarðeigendur hefðu falið umræddu félagi að fara með öll eignarráð afréttarins.

Páll kvað Flóa- og Skeiðamenn hafa smalað afréttinn einir og óstuddir. Á mæðiveikitímanum frá 1938 til 1953 hefðu Skeiðamenn þó tekið einir að sér að smala fjallendið.

Hann sagði að kaup Afréttarmálafélagsins á Ásólfstaðalandinu hefðu farið fram í umboði og með samþykki hreppsnefnda viðkomandi hreppa. Páll var spurður hvort hann hefði einhverja skýringu á því hvernig Flóa- og Skeiðamenn hefðu eignast afreftarland sitt sem næði allt austur í Þjórsárdal að Þjórsá. Kvaðst hann geta sér þess til að Flóa- og Skeiðamenn hefðu keypt land af þeim sem átt hefðu þarna jarðir fyrir 1104 eða 1300 en þá hefði land þetta líklega verið grónir melhólar. Þá hefðu ár verið bestu landamerkin, þ.e. Stóra-Laxá, Fossá og Þjórsá, en árnar hljóti að hafa verið notaðar sem nokkurs konar aðhald við smalamennskur.

Aðspurður kvaðst hann ekki vita hvers vegna jörðin Sandártunga, sem farið hefði í eyði í lok 17. aldar og væri í Jarðabókinni talin eign Skálholtsstóls eins og fleiri jarðir í Gnúpverjahreppi, hefði ekki farið í stólsjarðabók. Skýringin gæti þó verið sú að hún hafi verið álitin lítills virði.

Aðspurður um aðrar nytjar af afréttinum en beit sagði Páll að Flóa- og Skeiðamenn hefðu ekkert skipt sér af skotveiðum inn á afréttinum en eitthvað mundu heimamenn hafa gengið til rjúpnaveiða. Hann sagði að veiði væri í Stóru-Laxá og væri Afréttarmálafélagið aðili að veiðifélaginu. Félagið hefði umboð bænda til að fara með þessi veiðiréttindi. Engin vötn væru á afréttinum nema Eysteinsvötn sem væru einungis mýrarpollar. Hann sagði að nokkrir aðilar hefðu stundað vikurnám á afrétt-

inum. Tekjur af veiðinni og vikurnáminu rynnu til Afréttarmálafélagsins sem ráðstafaði þeim til ýmissa hluta á afréttinum. Aðspurður um orðalag í samningi um vikurnám á afréttinum frá 1965 þar sem segði að fjáreigendur, sem ættu ítak á afrétti væri frjálst að taka vikur til búþarfa, sagði Páll að þar væri átt við eigendur afréttarins.

5. STADHÆTTIR OG GRÓÐURFAR¹

5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður

Flóa- og Skeiðamannaafréttur er um 710 km² að stærð.² Nokkuð af suðurhluta afréttarins liggur undir 200 m hæð yfir sjávarmáli en landið hækkar ört til norðurs og austurs og stór hluti afréttarins liggur yfir 500 m hæð. Jafnlendi nær mestri hæð, 800-900 m, norður undir Hofsjökli.

Berggrunnur á norðurhluta afréttarins er myndaður úr basisku og ísúru móbergi, bólstrabergi og setlögum og er yngri en 0,8 milljón ára. Einnig úr basiskum og ísúrum goslögum (grágrýti) og setlögum, einnig yngri en 0,8 milljón ára.

Á mið- og suðurhluta afréttarins er berggrunnurinn myndaður úr basisku og ísúru gosbergi og setlögum og er 0,8-3,3 milljón ára gamalt.³

Í samræmi við berggrunninn er suðurhluti afréttarins mjög hæðóttur, fell og ásar með daldrögum á milli en flatlendi lítið. Norðurhluti afréttarins er hins vegar flatlendur.

5.2. Áætlað gróðurfar á afréttinum um landnám og síðari þróun þess

Landfræðilegar og jarðfræðilegar aðstæður, jarðvegs- og gróðurleifar, frjógreiningar, ritaðar heimildir, örnefni og núverandi gróðurfar gefa m.a. vísbendingar um gróðurfar í landinu fyrir á öldum.

Áætlað er að um landnám hafi nokkuð samfelldur gróður þakið mikinn hluta Flóa- og Skeiðamannaafréttar. Aðeins hæsta landsvæðið á norðvestur- og norðurhluta afréttarins hafi verið lítt eða ógróið. Samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar Íslands má áætla að a.m.k. ¾ hlutar afréttarlandsins hafi verið þaktir gróðri á þessum tíma.⁴

Við landnám hefur gróðurfar, eins og nú, verið breytilegt eftir land- og jarðfræðilegum aðstæðum og hafa þá skipst á birkiskógur og kjarr, annar þurrendisgróður og votlendissvæði með mýrum og flóum. Þurrustu mýrar hafa verið víði vaxnar. Á korti Náttúrufræðistofnunar er áætlað að syðsti hluti afréttarins hafi verið vaxinn birki upp að 400-500 m hæð yfir sjávarmáli.

Ofan skógarmarka tóku víðir, fjalldrapi, lyng og ýmsar harðgerar jurtir við af birkinu sem ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há og þar sem ár og vötn runnu fram var votlendisgróður ríkjandi. Mosa- og snjóðældagróður tók síðan við á þurrlendi þegar nálgadist efri mörk gróðurs og loks var bersvædisgróður, eða aðeins plöntur á stangli, á því landi sem í daglegu tali er kallað ógróið.

Birkiskógum fylgir mikil gróska og frjósamur jarðvegur. Óhætt er að fullyrða að annað gróið land hafi einnig einkennst af mikilli grósku um landnám því að það hafði fram til þess tíma þróast án áhrifa grasbita, annarra en fugla.

Á árunum 1961-1965 var á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA) kortlagður gróður á Flóa- og Skeiðamannaafrétti og víðar á hálendi Suðurlands.⁵ Þær rannsóknir leiddu m.a. í

1 Kaflar 5.1-5.3 eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. málsskjal nr. 113.

2 Ólafur Arnalds o.fl., 1997: *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

3 Náttúrufræðistofnun Íslands, 1998. Jarðfræðikort (1:500 000).

4 Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, 2000. Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands: Hugmynd um gróðurfar á Íslandi við landnám.

5 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1965. Gróðurkort (1:40 000).

ljós að innan við þriðjungur afréttarins er þakinn samfelldum gróðri. Af þessu má áætla að um tveir þriðju hlutar af gróðurþekjunni hafa tapast frá upphafi landnáms til okkar tíma.

Auk beinnar gróður- og jarðvegseyðingar hefur orðið mikil rýrnun á grósku og uppskerumagni þeirra gróðurlenda sem enn eru á kröfusvæðinu. Skógur og kjarr er horfið en eftir standa víða gróðurlendi með lélegri og afkastaminni gróðri og rýrari jarðvegi.

Orsakir þessa gróðurtaps og rýrnunar landgæða á Flóa- og Skeiðamannaafrétti eru að sjálfsögðu fleiri en ein; loftslagsbreytingar, eldgos, skógarhögg, beit og aðrar mannlegar aðgerðir. Nálægð Heklu hefur verið afdrifarík og allt fram á okkar daga hefur aska frá henni dreifst yfir landsvæðið og valdið skaða á gróðri. Rannsóknir hafa leitt í ljós að jarðvegseyðing hér á landi hefur að langmestu leyti gerst á sögulegum tíma.¹ Þegar fyrir árið 1100 var jarðvegfsfok farið að aukast mjög, og á 12. og 13. öld varð óhemju jarðvegseyðing á hálendi Suðurlands og víðar.

Loftslag fór mjög kólnandi á 12. öld og hélst svo fram yfir 1300 en þá hlýnaði nokkuð aftur.² Á 14. öld fór að draga úr áfokinu í kjölfar hlýnandi loftslags og áhrifin af hinu mikla Heklugosi árið 1104 fóru dvínandi. Loftslag kólnaði svo mjög aftur á 17. öld og hélst svo 18. og 19. öldina. Ný jarðvegseyðingarskriða hófst því aftur í lok 17. aldar og var hún í algleymingi á 18. og 19. öld.

Flest bendir til þess að samverkandi áhrif hinnar margvíslegu nýtingar gróðurs á 1100 ára búsetu í landinu, loftslagsbreytinga og eldgosa hafi verið ráðandi þættir í þeirri rýrnun landgæða sem orðið hefur á afréttinum fram á þennan dag.

5.3. Núverandi gróðurfar

Heildarstærð gróins lands á Flóa- og Skeiðamannaafrétti er, skv. gróðurkortum RALA, um 250 km². Enda þótt þær niðurstöður séu frá 1965 er ekki ástæða til að ætla að síðan hafi orðið miklar breytingar á víðáttu gróðurlendisins. Stórvægileg gróðureyðing hefur ekki átt sér stað á afréttinum á þeim tíma og trúlegt er að náttúruleg sjálfgæðsla hafi vegið upp á móti henni. Ekki hefur verið unnið að skipulegri landgræðslu á afréttinum.

Afrétturinn nær yfir mörg hæðarbelti, eða frá um það bil 150 til 900 m yfir sjó á jafnlandi, og gróðurskilyrðin eru margbreytileg. Gróðurlendið, sem áður þakti nær allt svæðið, er nú sundurslit- ið. Skiptast á ágætlega til sémilega vel gróin svæði á lögstu, skjólbestu og rökustu svæðunum og víðáttumiklar auðnir ofar á veðurbörðustu og þurrustu svæðunum þar sem jarðvegur er fokinn burt. Þannig er suðurhluti afréttarins er mjög vel gróinn allt upp í 300-400 m hæð en þegar norðar dregur og landið hækkar verður gróðurþekjan gisnari. Norður við Sultarfit, Fitjaása og Austurbug, í 600-700 m hæð, hverfur gróður nánast með öllu og við taka auðnir sem ná allt inn undir Dalsá. Milli Dalsár og árinna Kisu eru allvíðáttumikil og fjölbreytileg þurrlandis- og votlendisgróðurlendi í 600-700 m hæð. Innan Kisu norður að Blautukvísl eru svo aftur víðáttumiklar, gróðursnauðar auðnir.

Á afréttinum þekja tvö gróðurlendi um $\frac{4}{5}$ hluta hins gróna lands en það eru mosapamba og starmóar. Votlendisgróður – mýrar og flóar – er um $\frac{1}{10}$ af grónu landi.

Hlutdeild mosapambu kemur ekki á óvart því að hún er algengasta gróðurlendi á nær öllum sunnlenskum afréttum vegna mikillar úrkomu þar. Hin mikla hlutdeild starmóa er hins vegar athyglisverð og hvergi á hálendi landsins er hlutfallslega jafnmikið af þessu gróðurlendi og á Flóa- og Skeiðamannaafrétti. Gróðurlendið verður oftast til við það að mýrar þorna upp vegna mikils áfoks eða vegna vatnsrofs og við mikla úrkomu. Stinnastör er einkennisplanta gróðurlendisins. Hún er ein besta beitarpanta sem völ er á, hvort sem er á hálendi eða láglandi, og gróður Flóa- og Skeiðamannaafréttar hefur því tiltölulega hátt beitargildi.

Þessi tvö gróðurlendi – mosapamba og starmóar – eru fyrst og fremst á suðurhluta afréttarins

1 Guttormur Sigbjarnarson, 1969: „Áfok og uppblástur. Þættir úr gróðursögu Haukadalsheiðar.“ *Náttúrufræðingurinn*, 39. árg.

2 Páll Bergþórsson 1967: „Kuldaskeiðið um 1300.“ *Veðrið* 12.2.

og þau gefa ótvírætt til kynna að þar sé um mikla staðbundna úrkomu að ræða, auk þess sem gróðurinn hvílir á þéttum berggrunni. Hluti af mosapembunni er einnig nýgræðingur á landi þar sem jarðvegur hefur blásið upp en sem er að gróa upp að nýju vegna hinna hagstæðu rakaskilyrða. Þar er gróður í framför.

Samkvæmt niðurstöðum í bókinni Jarðvegsrof á Íslandi, þar sem ástand lands er metið eftir umfangi jarðvegsrofs, einkenna auðnir Flóa- og Skeiðamannaafrétt. Á sunnanverðum afréttinum, þar sem land er best gróið, er rof hins vegar talið vera lítið.

5.4. Friðland og náttúruminjar

Innan þess svæðis, sem hér er til umfjöllunar, eru á náttúruminjaskrá eftirfarandi svæði að meira eða minna leyti, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Friðland í Þjórsárverum“ (sbr. auglýsingu nr. 507/1987), „Kerlingarfjöll“, „Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá“. Þessi landsvæði njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu afréttarins frá öndverðu til þessa dags.

6.1. Landnám

Frásögn Landnámabókar bendir til að afréttur Flóa- og Skeiðamanna eins og honum er lýst í heimildum (sbr. kafla 6.2.) sé að nokkrum hluta á landsvæði sem numið var í öndverðu. Að vestan var landnám Bröndólfs og Más Naddoddsóna í Hrunamannahreppi, síðan tók við landnám Þrándar mjögsiglandi milli Þjórsár og Laxár „ok upp til Kálfár“ en að austan var landnám Þorbjörns laxakarls sem nam „Þjórsárdal allan ok Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár“. Hér sýnist eðlilegt að álykta að Kálfá, að upptökum hennar, hafi skilið á milli landa Þrándar og Þorbjörns. Þorbjörn gaf síðar tveimur frændum konu sinnar, Ófeigi gretti og Þormóði skafta land úr landnámi sínu. Ófeigi gaf hann „enn ytra hlut milli Þverár ok Kálfár ok bjó <hann> á Ófeigsstöðum hjá Steinsholti“ en Þormóði gaf hann „enn eystra hlut, ok bjó hann í Skaptaholti“.¹

Nokkuð skiptar skoðanir eru um hversu nákvæm og greinargóð lýsing Landnámu er. Augljóst þykir t.d. að orðin „milli Þverár og Kálfár“ eigi við um landnám Þormóðs skapta en ekki Ófeigs grettis.² Einar Arnórsson dró enn fremur í efa að Þorbjörn laxakarl hefði numið land „ofan til Kálfár“ því að Kálfá væri ekki þverá heldur rynni hún sem næst niður um miðjan hreppinn og félli ekki í Þjórsá fyrr en hjá Miðhúsum.³ Haraldur Matthíasson var annarrar skoðunar og staðhæfði að þetta orðalag Landnámu væri í samræmi við málvenju og áttamiðanir í Árnæssýslu. Frásögnina bæri að skilja á þá leið að Þorbjörn hefði numið land allt ofan Kálfár.⁴ Það eina sem Haraldur taldi óljóst voru mörkin á milli Þrándar mjögsiglandi og Ófeigs grettis.⁵

Sú ályktun verður dregin af frásögn Landnámu að landið milli Þjórsár og Laxár, bæði ofan og neðan Kálfár, hafi verið numið í öndverðu. Um efri mörk landnámsins er hins vegar óljóst.

1 Landnámabók, 1986. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. S. 380.

2 Sbr. Landnámabók 1986, s. 380, 2. nmgr.

3 Einar Arnórsson, 1950: *Arnesþing á landnáms- og söguöld*. (Arnesinga saga II. Ritstj. Guðni Jónsson.) Reykjavík. S. 71.

4 Haraldur Matthíasson, 1950: „Landnám milli Þjórsár og Hvítár.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 131.

5 Haraldur Matthíasson 1950, s. 134-135.

6.2. Afréttur Flóa- og Skeiðamanna

6.2.1. Elsti hluti afréttarins

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er minnst á eyðijarðir í Þjórsárdal og vitnað í munnmæli þess efnis að jarðeldur úr Rauðukömbum hafi lagt byggðina í auðn. Síðan segir:

Öll þessi lönd eru nú almennings afrjettur, milli Þjórsár og Fossár Eystra Hrepps, og vestur frá Fossá að Stóru Laxá Flóamanna og Skeiða, og er engin önnur brúkun á þessum löndum.¹

Þessi frásögn var skráð 1709 og mun vera ein elsta lýsing á mörkum afréttarins.

Í lýsingu Stóranúpssocknar 1841 víkur séra Guðmundur Vigfússon að Skeiðamannaafreйти með þessum orðum:

En í austur-landnorður fyrir ofan þvera byggðina eða hreppinn á milli Laxár og Fossár liggur eyðipláts það, sem kallað er Flóa- og Skeiðamannaafreйти, en þar austur af á milli Fossár og Þjórsár er Eystra-hreppsmannaafreйти [þ.e. Gnúpverjahreppsafreйти].²

Á öðrum stað greinir hann frá því að Skeiðamannaafreйти byrji fyrir innan Sandá.³

Í landamerkjabók Árnassýslu er lýsing á mörkum Flóa- og Skeiðamannaafreithar og þeirra jarða í Gnúpverjahreppi sem áttu land að afreithinum, að undanskildum jörðunum Skriðufelli og Ásólfstöðum:

1. Milli Fossnesslands og afrjettarins úr Grjótármynni í Rauðafoss vestan meigin við Seljárdal.
2. Milli Hamarsheiðarlands og afrjettarins úr Rauðafoss í norðurenda Þverbrekknagljúfurs, þaðan í vörðu á vesturbakka Tunguár.
3. Milli Stórumástungnalands og afrjettarins úr vörðu við Tunguá innan til við Þverbrekknagljúfur, þaðan bein stefna til vesturs í vörðu á vesturhorni Kálfafitjarfjalls, fremst móts við Fitjagil.
4. Milli Minni Mástungulands og afrjettarins úr síðast nefndri vörðu bein stefna vestur í Kálfá.
5. Milli Skáldabúðalands og afrjettarins úr Kálfá móts Fitjargil í gilið, þar sem það kemur fram úr Þrengslunum og þaðan bein stefna í norðurenda Hrutafells.
6. Milli Laxárdalslands og afrjettarins í vesturenda Hrutafells eður brún fyrir sunnan Þverá, bein stefna í Vestra Lambafell.
7. Milli Grimsstaðalands og afrjettarins úr vestra Lambafelli bein stefna til vesturs í suðurenda Kallbaksfjall[s] niður í Laxá.⁴

Landamerkjalyýsing þessi er undirrituð 27. sept. 1887 af umboðsmönnum sýslunefndar Árnassýslu, Jóni Jónssyni og Þ. Guðmundssyni. Einnig samþykktu hana ábúendur og eigendur Laxárdals, Skáldabúða, Minni-Mástungu, Stóru-Mástungu, Fossness og Hamarsheiðar. Bréfinu var þinglýst 2. júní 1890 að Stóranúpi og 3. júní sama ár að Gröf.⁵

Til er önnur landamerkjalyýsing sem talin er með hendi séra Valdimars Briem á Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi.⁶ Hún var hins vegar ekki undirrituð og samþykkt af þeim sem hagsmunu áttu að gæta en á hana má líta sem hugmyndir eða tillögur sem síðar hafi verið nánar útfærðar í hinu endanlega og staðfesta landamerkjabréfi. Lýsingin er á þessa leið (í óstaðfestri uppskrift):

1 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 2. b. Kaupmannahöfn 1918-192. S. 218.

2 *Árnassýsla. Sýslu- og sóknalyýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðan Jónsson*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979. S. 90.

3 *Árnassýsla* 1979, s. 97.

4 Skjal nr. 5.

5 Skjal nr. 126.

6 Heimild: Páll Lýðsson (18. september 2001).

Landamerki milli Flóa og Skeiðamannaafrijettar annarsvegar, og byggðalanda í Gnúpverjahrepp hinsvegar, að meðtöldu Laxárdalslandi og Grímsstaðalandi Hrunakirkju, samt selstöðulöndum Ása og Stóranúps.

1. Milli afrijettarins og Grímsstaðalands: Fyrst ræður Skillandsá¹, þar sem hún kemur í Laxá og austur að Skillandsárfossi, en þaðan beint í vesturbrúnina á Vestra Lambafelli.
2. Milli afrijettarins og Laxárdalslands: Úr vesturbrúninni á Vestra Lambafelli beint í norðvesturhornið á Hrutafelli.
3. Milli afrijettarins og Skáldabúðalands: Úr norðvesturhorninu á Hrutafelli beint í Kálfá við Fitjagilið.
4. Milli afrijettarins og Minni Mástungnalands: Úr Kálfá við Fitjagil beint í hornmarkið milli Mástungnanna, sem er varða á Kálfáfitjafjalli framarlega.
5. Milli afrijettarins og Stóru Mástungnalands: Úr áðurnefndri vörðu beint í Tunguá framan til við Svinaflóðin.
6. Milli afrijettarins og Ása-sellands: Úr Tunguá framan við Svinaflóð beint norðan við Þverbrekknagljúfur, þaðan beint í klett, sem heitir Bognikarl.
7. Milli afrijettarins og Stóranúps-sellands: Úr Bognakarli beint fremst í Njáldrugljúfur, þaðan beint í markapúfu austan og ofanvið Grjótárgljúfur.
8. Milli afrijettarins og Fossnes-lands: Úr áðurnefndri þúfu beint í Grjótá ytri, þar sem hún kemur í Þverá.
9. Milli afrijettarins og Ásólfstaðalands: Úr Grjótá ytri, þar sem hún kemur í Þverá, síðan ræður Þverá rjett innfyri Hannesargljúfur; þaðan beint í Kistu við Grjótárgljúfursbotn; svo ræður Grjótá eystri niður fyrir gljúfrið.
10. Milli afrijettarins og Skriðufellslands: Úr gljúfrinu ræður Grjótá þangað til hún fellur í Sandá; þaðan ræður Sandá í hellusteinninn austan við Dímon; þaðan bein stefna í sandvikið vestanundir Kolviðarhól við Þjórsá.²

Í landamerkjabréfi frá 18. apríl 1890 segir um mörk afrijettarins:

Landamerki milli afrijettalanda Flóa og Skeiðaafrjetta, og á aðra hönd Hrunamanna afrijettar, sem hjer segir:

Laxá ræður frá byggð inni Laxárdrög, þaðan bein stefna í nyrðra Rjúpnafell, þaðan bein lína, í sömu stefnu allt inn að Jökli.³

Bref þetta undirrituðu Jón Jónsson vegna Flóa- og Skeiðaafréttar og Þ. Guðmundsson í umboði sýslunefndar Árnæssýslu og var það þinglesið á manntalsþingi að Stóranúpi 2. júní sama ár.

Landamerkjabréf Gnúpverjahreppsafrijettar er frá 24. apríl 1890, þinglesið að Stóranúpi 2. júní og undirritað af fulltrúa hreppsnefndar, Valdimar Briem. Einnig samþykktu það Jón Jónsson og Þ. Guðmundsson fyrir hönd Flóa- og Skeiðamanna. Þar er þessi lýsing:

Frá Þjórsá ræður Fossá að upptökum sínum norðaustanvert við Lambafell, þaðan er bein stefna í Örafahnúk, þaðan hæst í Flóamanna-öldu, þaðan í toppinn á Arnarfelli, síðan ræður Þjórsá þar til Fossá kemur í hana fyrir neðan Búrfell.⁴

1 Skillandsá nefnist einnig Kiljansá, sbr. Brynjúlfur Jónsson, 1896: „Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafjelags* 1896. S. 3.

2 Skjal nr. 8 (a). Undirstrikanir í frumskjali.

3 Skjal nr. 11.

4 Skjal nr. 9.

Í fjárskilareglugjörð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár frá árinu 1895 er landamerkjum af-réttanna lýst þannig:

Þeir eiga aftrjett, sem að fornu hafa átt. Aftrjettur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-laxár, aftrjettur Flóa og Skeiðamanna milli Stóru-laxár og Fossár, aftrjettur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk aftrjettanna eptir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af aftrjetti Flóa- og Skeiðahreppa er sjerstaklega nefndur Skeiðamannaaftrjettur.¹

Lýsing þessi hélt síðan nær óbreytt í síðari fjallskilareglugerðum, allt þar til núgildandi fjall-skilareglugerð tók gildi 1996. Í 2. gr. hennar segir svo:

Afréttur Hrunamannahrepps er að vestan milli Jökulfalls og Hvítár í Hofsjökul og úr jöklinum bein lína um Eystra-Rjúpnafell í Laxárdrög og ræður svo Stóra-Laxá austurmörkum. Afréttur Flóa- og Skeiðamanna afmarkast að vestan af áðurnefndri línu milli hans og Hrunamannaaftréttar, en að austan ræður Fossá og síðan drög hennar og lína um Örafahnjúk og Flóamannaöldu í hæstu gnípu Arnarfells.²

Árið 1937 kom upp skæð fjárpest í Flóahreppum og var því ákveðið næsta ár að setja upp varnar-girðingu milli Flóa- og Skeiðahreppa. Flóamönnum var eftir það óheimilt að nota afrétt sinn fram yfir fjárskiptin 1952. Kom þá í hlut Skeiðamanna að smala afréttinn sem nær liggur byggðinni en Gnúp-verjar tóku að sér smölun þess hluta sem fjær liggur. Páll Lýðsson lýsir smölun á afréttinum á þessa leið:

Rekstur til fjalls hófst úr Flóahreppum vorið 1953 og komst þá aftur á hið gamla smalalag. Aðalleitir voru nú löngu orðnar tvær: Austurleit sem Skeiðamenn smöluðu ásamt Gaulverjum, Stokkseyringum og Eyrbekkingum, og Vesturleit sem smöluð var af Villingaholts-, Hraungerðis- og Sandvíkurhreppum og hinum nýja hreppi á Selfossi. Smalatihögun er þessi:

Langaleitin er innsta leit og smöluð með Gnúpverjum. Leitað er allt til Arnarfellsjökuls og menn neðst úr Flóanum hafa 12 daga útivist. Nú eru tveir menn af svæðinu sendir í Lönguleit. Sameinast sú leit Norðurleit þegar komið er af Fjórðungssandi að ánni Kisu. Í Norðurleit eru sendir 6 menn og smala þeir eins og í Lönguleit undir forsjá Gnúpverjafjallkóns. En Norðurleit lýkur eftir dags smala-mennsku þegar safnið er komið að Dalsá. Skiljast þá leiðir og fara Flóa- og Skeiðamenn yfir svonefnd Örafi og stefna þrír menn að Sultarfit en aðrir þrír fara úr Örafunum í Fossárdrög að Skeiðamannafit.

Á Fitjarnar báðar er kominn mannskapur úr byggð. Heitir þaðan í frá Vesturleit og Austurleit. Frá Skeiðamannafit fara 13 smalar niður Fitaása en 8 manns smala Vesturleitina. Næstu náttstaðir eru fyrir Vesturleit Hallarmúli við Skillandsfitjar (Kiljansfitjar) og fyrir Austurleit Klettur undir Heljarkinn eða við Grjótá. Þá bætast þar við 6 Klettmenn, flestir af Skeiðum, en að hálfnuðum smaladegi Vesturleitar þegar komið er að Svartá, mæta leitarmenn 12 Tangamönnum sem smala Tangann meðfram Laxárgljúfri-um og síðan Kamb og reka í dagslok yfir Skillandsá. Næsta dag smala báðar leitir niður að afréttargirð-ingunni og gegnum hana að náthögum í byggð. 40 manns koma niður að girðingunni úr báðum leitum.

Tveim vikum síðar er farið í eftirsafn og eru 8 menn í hvorri leit. Þá er aðeins legið í Hallarmúla og undir Kletti. Eftirleit er síðan farin í október við hentug veðurskilyrði. Henni er stjórnað af einum fjall-kóngi og legið er þá bæði í Hallarmúla og undir Kletti.³

1 Skjal nr. 109 (4).

2 Skjal nr. 109 (14).

3 Skjal nr. 117. Sbr. *Göngur og réttir*. 2. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1984. S. 107-112, 127-130.

Hinu sameiginlega leitarsvæði Flóa- og Skeiðamanna annars vegar og Gnúpverja hins vegar er nánar lýst 19. gr. fyrrnefndrar fjallskilareglugerðar frá 1996:

Landið fyrir innan Fjórðungssand og Norðurleitina, milli Dalsár og Kisu, smala Skeiða- og Flóamenn sameiginlega með Gnúpverjum. Tölu fjallmanna á þessu svæði ákveður afréttarmálagundur, sbr. 11. gr., í samráði við Gnúpverja, enda kosti þeir hana að jöfnum hlutum. Á þessu svæði stjórna Gnúpverjar leitum. Á sama hátt kosta Skeiða- og Flóamenn á móti Gnúpverjum eftirsafnið í heild að ¼ hluta.¹

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er getið um nokkra bæi sem eiga að hafa staðið í Flóamannaafrétti austan Laxár. Þar segir:

Í Flóamannaafrið fyrir norðan Laxárdal skal bær hafa staðið og heitið Miðfell. Þar fyrir norðan Arnórstaðir. Þar enn þá fyrir norðan Grímsstaðir. Þar enn þá fyrir norðan aðrir Grímsstaðir. Vestur undan þessum Grímsstöðum hinum megin Stóru Laxár liggur Hrunakrókur; þar sjer enn nú til stórra girðinga, og skyldi það styrkja þá relation, að þar hefði staðurinn [þ.e. Hrunakirkjustaður] fyrrum staðið, og segja menn þessa bæi hafa átt þangað kirkjusókn.²

Sumarið 1895 leitaði Brynjúlfur Jónsson að bæjarrústum á Flóamannaafrétti, austan Stóru-Laxár, og taldi sig hafa heimildir um fimm bæi norðan Laxárdals, þ. á m. framangreinda Grímsstaði. Einn þessara bæja var Borg. Sá bær er ekki meðal þeirra eyðibýla sem nefndir eru í Jarðabók Árna og Páls. Munnmæli voru um að þar hefði Skálholtsstaður fyrrum haft sauðagöngu og „borg“ handa sauðunum til að flýja í þegar ekki var ástöðuveður. Síðar hefði verið gerður bær á staðnum, nefndur eftir sauðaborginni. Að sögn Brynjúlfs Jónssonar var búið þar fram undir aldamótin 1800, jafnvel lengur, en bærinn síðan lagður undir Laxárdal.³ Rústir þær sem Brynjúlfur fann á þessum stöðum þykja hins vegar ekki staðfesta það að þar hafi verið stundaður búskapur fyrr á öldum.

Ekki er vitað hvernig það bar til að Flóa- og Skeiðamenn eignuðust afrétt fjarri jörðum sínum. Sennilega hefur það gerst fljótlega eftir að hrepparnir tóku að hafa umsjón með fjallskilum, en hvað Flóa- og Skeiðamannaafrétt snertir eru ekki til um það eldri heimildir en frá síðari hluta 16. aldar. Þar er um að ræða dóm sem Gísli Sveinsson sýslumaður kvað upp á Loftsstöðum í Flóa 26. maí 1567. Tildrögin voru þau að sumir bændur í Flóa og á Skeiðum vildu, að sögn sýslumanns, engin skil gera um afrétt sinn, hvorki um fjallrekstur á vor né um fjallgöngur á haustin. Sýslumaður vísaði í Búnaðarbálk (Jónsbókar) til vitnis um að hver maður, sem ætti sauði, skyldi ganga eitt sinn á fjall og um landareign sína í hvert sinn sem lögrétt eigi að vera. Í dóminum kemur fram að það var á þeim tíma hlutverk hreppstjóra að mæla fyrir um göngur og fjallskil. Síðan segir:

J annare Grein dæmmdum vier og samþykktum ad aller þeir menn sem þennan ädur sagdann afriett eiga. ad þeir skylldu reka sitt fie. vnngett og gamalltt. i þennann midiann afriett eda almenninnng so lanngett sem hreppstiörar skipa og ad fornnu hefur vered.⁴

Syðsti hluti Flóa- og Skeiðamannaafréttar var í Þjórsárdal. Vitað er að Flóamenn voru farnir að nýta hann eigi síðar en í lok 17. aldar. Um það vitna m.a. frásagnir Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem vísað er til í upphafi þessa kafla.⁵ Í Jarðabókinni kemur einnig fram að jarðir í Flóanum og á Skeiðum áttu upprekstur og afrétt „norður á fjöllum fyrir ofan Eystri Hrepp, þar sem heitir Flóamanna afriettur, og þetta tollfrí“.⁶ Þetta landsvæði er reyndar einnig kallað „almenningu“.⁷

1 Skjal nr. 109 (14).

2 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 249.

3 Brynjúlfur Jónsson 1896, s. 1-3.

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 14. b. Reykjavík 1944-1949. S. 626-627.

5 Sjá einnig *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 15, 52, 79.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 41.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 183.

Þjórsárdalur er í landnámi Þorbjörns laxakarls sem sagður er hafa numið Þjórsárdal allan og Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár.¹ Mörk dalsins eru nú venjulega miðuð við Þverá að vestan þó að Hagafell þyki þar einnig eðlileg mörk en á austurmörkum er fjallsmúlinn Búrfell. Frá botni Fossárdals við Háafoss að Þjórsá er dalurinn 15-17 km.² Árni Magnússon taldi upp 13 bæi sem hefðu lagst í eyði í dalnum og voru átta þeirra vestan Fossár: Skriðufell, Áslákstungur tvennar, Fagriskógur, Lóþrælar, Berghálsstaðir tvennir og Reykholt.³ Fleiri bæjarrústir, samtals yfir tuttugu, hafa síðar fundist í dalnum.⁴ Sú ályktun verður því dregin að fjölmenn byggð hafi verið í Þjórsárdal fyrstu aldirnar og hélt Brynjólfur Jónsson, fræðimaður frá Minna-Núpi, því fram „að naumast hafi annarstaðar á Suðurlandi verið fegra eða kostabetra“.⁵

Í kafla 6.2.2. er vikið að því að nokkrar þessara eyðingarða í Þjórsárdal hafi hugsanlega verið innan marka Skriðufells eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi frá lokum 19. aldar. Fornleifarannsóknir hafa hins vegar ekki tekið af öll tvímæli um þetta.

Af eyðibýlum utan Skriðufellslands, milli Skriðufells og Fossár, má nefna Bergólfsstaði (Berghálsstaði), Lóþræla og Sandártungu. Sandártunga hafði verið eign Skálholtskirkju frá 12. öld þegar Magnús biskup Einarsson (d. 1148) keypti jörðina til staðarins. Óvíst er hvort þá hafi verið búið í Sandártungu en biskupinn mun öðru fremur hafa sóst eftir skóginum sem jörðinni fylgdi.⁶ Sandártunga var í byggð 1544 þegar Gissur biskup Einarsson hélt þaðan norður Sprengisand til Möðrudals í vísitásiuferð um Austfirði og Sandártunga er nefnd 1597 í jarðabók um allar kirkjueignir í landinu.⁷ Samkvæmt jarðabók frá 1686 var Sandártunga 13 hundruð og 40 álnir að dýrleika og því undir meðalstærð sem miðuð var við 20 hundruð.⁸ Árið 1693 lagðist Sandártunga í eyði „þegar Hekla brann síðast“ eins og komist er að orði í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Eystrahrepp sem skráð var árið 1709.⁹ Þar var þá land allt uppblásið og sýndist ómögulegt að jörðin kynni aftur að byggjast. Engar heimildir eru um að þar hafi verið búið eftir þann tíma eða jörðinni ráðstafað með einhverjum hætti. Árið 1949 voru rústirnar í Sandártungu grafnar upp og er þeim nákvæmlega lýst í grein sem Kristján Eldjárn ritaði í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1949-1950. Þar komst hann svo að orði að húsakynnin í Sandártungu bæru að öllu leyti merki þeirrar niðurlægingaraldar sem þau væru frá.¹⁰

Í Þjórsárdal voru mörg skógarítök sem flest voru í eigu Skálholtsstóls en nokkrir bæir, m.a. í Flóanum, áttu þar einnig skógartekju. Um eyðibýlið Sandhól í Bæjarhreppi segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að jörðin eigi skógarpart „í takmörkuðu plátsi í Flóamanna afrijet millum Fagraskógs og Bergálsstaða, þar sem kallað er Leþrælar, en af nokkrum Lóþrælar; hann er nú gjöreyddur og því ei brúkaður í nokkur liðin ár“.¹¹ Fleiri jarðir í Bæjarhreppi og Stokkseyrarhreppi áttu þarna skógarítök þó að þau væru mjög eydd á þeim tíma.¹²

Ein elsta heimildin um skógarítök í Þjórsárdal er máldagi Hrunakirkju sem talinn er frá 1331. Þar kemur fram að kirkjan átti „hellirs skoga. alftavollu. þorsteinshofða. mariuhrijs oc knausa med

1 *Landnáma* 1986, s. 381.

2 Ágúst Guðmundsson, 1996: „Ofan Hreppafjalla milli Hvítar og Þjórsár í Árnessýslu ásamt ágripi af jarðsögu héraðsins, virkjunarsögu Þjórsár og lýsingu á Þjórsárdal og fornbylum þar.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 75.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 218, nmgr. Sbr. Ágúst Guðmundsson 1996, s. 95.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 217-218. Brynjólfur Jónsson (1885) taldi sig hafa fundið leifar 24 bæja í Þjórsárdal („Um Þjórsárdal.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1884-1885. S. 45-55).

5 Brynjólfur Jónsson 1885, s. 44.

6 Einar Arnórsson 1950, s. 78.

7 *Íslenskt fornbréfasafn*. 11. b. Reykjavík 1915-1925. S. 361-362. *Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984*. II. Skrár. Kirkjueignanefnd, október 1992. S. 75.

8 Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundí. S. 108.

9 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 217.

10 *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1949-50. Reykjavík. S. 114.

11 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 8.

12 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 15, 52, 79.

ollum fornnum vmm merkium“.¹ Hellisskógar, Álftavellir og Knausar munu vera austan Fossár, á Gnúpverjafrétti.²

Til er skrá um skóga í Þjórsárdal, rituð á síðari hluta 16. aldar. Af þeim skógum vestan Fossár, sem þar eru taldir upp, má nefna Áslákstungur (fram kemur að Hólastaður átti þar eldiviðarítak), Fagraskóg, Brunaskóg, Léþræla (Lóþræla?) í Reykjaholti og Geldingaholtsskóg fremst í Fossárdal.³

Frá árinu 1615 er til sams konar skrá sem ber fyrirsögnina „Vm austurskogana j örnessýslu“. Þar stendur orðrétt í upphafi greinar: „Fyrst. hiá Sandar Tungu. Þar j heima lande er köllud Tunga og Horn. Það huertueggia eru stadar skogar. Jtem hejter þar Oddaskögur. hann er strax vid tynid ä Sandartungu. og vilia prestar j Odda eigna hann Odda kirkiu.“⁴

Í lok 17. aldar hafði búskapur í Þjórsárdal að mestu lagst niður og skógar þar að auki mjög eyddur. Að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var þó enn hægt að nýta haga til beitar, einkum þegar nær dró fjallinu, og hafa landsvæði í dalnum því trúlega verið lögð til afréttar. Um þessi eyðilönd í Þjórsárdal er komist svo að orði í Jarðabók Árna og Páls að þau „[séu] nú almennings afrjettur“.⁵

Hér má einnig vísa til frásagnar Jarðabókarinnar um skóga Skálholtsstaðar:

Item eru og aðrir staðarskógar fram af Eystra Hrepp, kallaðir Almenníngur, sem Hreppa- Skeiða- og Flóamenn tilsækja; þessa hefur og staðurinn stundum brúkað til kolgjörðar, og eru þeir nú í sama máta mjög svo eyddir.⁶

Á 19. öld komu upp nokkur ágreiningsmál um nýtingu afréttanna, Gnúpverja-, Flóa- og Skeiðamannafréttanna. Þar áttu hlut að máli Flóa- og Skeiðamenn annars vegar og Gnúpverjar hins vegar. Bændur í Flóa og á Skeiðum héldu því fram að afréttur þeirra og Gnúpverja væri sameign hreppanna enda hefðu Eystrahreppsmenn (Gnúpverjar) rekið fé sitt ótalið á „svokallaða“ Flóa- og Skeiðamannafrétt. Gnúpverjar fullyrtu á hinn bóginn að afréttur Eystrahreppsmanna (eystri hluti afréttarins) hefði verið ómótmælt eign hreppsins manni eftir manni.⁷ Gnúpverjar höfðu þá eignað sér afréttinn „fyrir innan Fossá“ með lögfestu 18. maí 1797:

Med því ad Austari Repps Afréttur, sem hönum hefur tilheirt og fylgt til allra Landsnytia, frá alderstíd, so vel ad Fiárgaugum, Skógi, Grösum og öllum Lands-Nytium, enn hefur tekid so fárlegum Skada af Jardeldum, vikur-gos[um] og so uppblásinn, og hans meiri Partur Eydi-Sandar ordnir ad það litla Skógar-krat, sem þar eptir finnst, vinnst ecki Sveitarmönnum sér til Hiálpar, og nockrir hafa leitad sér Hiálpar til ad kaupa sér Skóg til Kola í ödrum Sveitum, sem þó er torsókt ad fá, enn hvad margir úr ödrum Sveitum hafa brúkad og brúka árlega þenna Afrétt til Kola og Eldividar, fá menn valla uppgötvad, hverra ádurnefndra Ordsaka vegna, ad vid undirskrifadir lögfestum uppá ockar éginn – og allara Sveitar-manna – vegna, ádurnefndann Afrétt fyrir innann Fossá, og leggium Lög og Dóm fyrir allra annara óvidkomandi Manna brúkun og yrkingu ad þeim fráteknum sem þar finnast ýtölu éga ad Skógi eda Fiárgaugum eptir löglegum adkomstum, undir vidliggiandi Sektir eptir Lögum, og bidium í diúpustu undirgefni ad Hra Sysslumadurinn láti þetta upplesa og auglisa, fyrst á Grafar Þingstad í Ytra-Repp og þar eptir í þeim 5 Þingstöðum í Flóa. Til staðfestu eru undirskrifadra Nöfn á Stóra Nups Mantalsþingi d(atum) 18a Maji 1797.⁸

1 *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 665.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 2 (sbr. regístur). Ágúst Guðmundsson 1996, s. 83, 84.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 165-167.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 168.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 218. Sbr. tilv. í upphafi kaflans.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 290.

7 Sbr. skjöl nr. 114 (4, 5, sbr. 6-9).

8 Skjal nr. 114 (18).

Undir lögfestuna rituðu fimm menn nöfn sín og var hún lesin upp á fjórum manntalsþingum í Flóa og á Stokkseyri.

Settir tókust í málinu með svonefndum Sandlækjarsamningi 1843. Þar voru m.a. settar reglur um hvenær og á hvaða svæði í Flóa- og Skeiðamannaafrétti rekið skyldi og jafnframt lagt fyrir Gnúpverja að safna því fé sem rynni úr afrétti fyrir túnaslátt og reka það aftur á sinn stað. Ábúandanum í Skáldabúðum var leyft að heyja inn í svonefndum Eysteinsvötnum en í staðinn skyldi hann tilkynna nefndarmönnum í sveitinni „ef aðrir óviðkomandi, serilagi frá Laxárdal og Hrunakróki skyldu yrkja í afréttinum, eður styggja afréttarfénaðin⟨n⟩, svo að þeir, fyrir slíka ólöglega yrkingu, verði dregnir [til] ansvars og sekta eptir málavöxtum“.¹ Nákvæmari reglur um fjallreksturinn voru settar á fundi að Stóra-Núpi 17. júní 1850 og þær staðfestar með lítills háttar breytingum að Hjálmholti 10. júní 1851.² Nýr samningur virðist hafa verið gerður að Stóra-Núpi 17. júní 1890³ en um svipað leyti var farið að setja fjallskilareglugerðir til að koma í veg fyrir ágreining af þeim toga sem hér hefur verið lýst.

Á sama tíma og ágreiningur þessi stóð yfir deildi presturinn í Hruna við Flóamenn um landsvæði það fyrir austan Stóru-Laxá sem nefnt er Kambur. Árið 1809 var gefin út lögfesta fyrir Hrunakróki þar sem jörðinni var m.a. eignaður heyskapur „fyrir austann Laxá hina meiri á Flóamanna afrétti sem Hrunakróks-ábúandi hefur þrek til og áður hefur ad fornu og níu og fyrir Manna Mynni þar tíðkadur verid frá [o]ftnefndum Hrunakrók“.⁴ Gnúpverjar, Flóa- og Skeiðamenn vildu á hinn bóginn nýta þetta land til hrossabeitar en Hrunaprestur taldi það heyra Hrunakróki til og bar fyrir sig máldaga þar sem sagði að Hrunakirkja ætti öll Laxárgljúfur. Ef ábúandi Hrunakróks fengi ekki að nýta engjar sínar fyrir austan Stóru-Laxá mundi búskapur þar leggjast niður og allir tíundartakar verða fyrir tjóni.

Lögfestu Hrunakróks og heyskap ábúenda þar á afréttarlandinu austan Stóru-Laxár var harðlega mótmælt af Flóa- og Skeiðamönnum.⁵ Málið fór fyrir sýslumann en hann vísaði því til stiftsýfirvalda eins og eðlilegt var þar sem kirkjan var viðriðin málið. Presturinn í Hruna krafðist þess í bréfi til stiftsamtmanns að Hrunakróki yrði dæmdur fullkominn eignarréttur á öllu Laxárgljúfri og tilheyrandi dal austan við fljótið. Krafa prestsins var studd vitnisburði allmarga manna en þeir voru ekki síður margir sem vitnuðu á móti þegar deilan tók að harðna. Flóamenn vildu hins vegar ekki aðra niðurstöðu í málinu en þá að íbúar Flóans væru viðurkenndir sem „afrettens rette Ejere“.⁶ Málstaður þeirra átti m.a. hljómgrunn í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en þar segir um Hrunakrók: „Útheys slægjur voru engar eður nærri engar, en ábúandinn tók sjer útheys slægjur fyrir austan Stóru Laxá í Flóamanna afrijet leylislaust af þeim, er áttu, og með þessu lagi.“⁷

Sýslumaðurinn, Þórður Sveinbjörnsson, tók afstöðu með Flóamönnum og í bréfi 8. ágúst 1830 bannaði hann ábúendum Hrunakróks og Kaldbaks alla heyskaparyrkingu í Flóamannaafrétti. Fyrr á öldinni, árið 1811, hafði sýslumaður gefið út sams konar fyrirmæli.⁸ Deilum þessum lauk með sátt sem undirrituð var að Hruna 22. júlí 1833. Staðarhaldarinn í Hruna skuldbatt sig þá til að hætta allri yrkingu til slægna eða hverra annarra nytja á afréttinum frá fardögum til 1. október hvert ár. Á móti hétu Flóa- og Skeiðamenn því að taka árlega til fódurs „um sidvanalegann fódra tíma“ af ábúanda Hrunakróks eina kú, eigi eldri en tíu vetra samkvæmt skilyrðum sem nánar er kveðið á um í samningnum.⁹ Nýr samningur var gerður 17. júní 1850. Meginmunurinn á honum og fyrri samningi var

1 Skjal nr. 125. Sbr. skjal nr. 117 (s. 6).

2 Skjöl nr. 114 (2, 10 og 11).

3 Sbr. skjal nr. 114 (12).

4 Skjal nr. 115 (5). Sbr. mál nr. 5/2000, skjal nr. 252 (5).

5 Skjöl nr. 115 (6-8), skjal nr. 112 (5). Sbr. nr. 190 (21).

6 Skjal nr. 112 (5). Sbr. mál nr. 7/2000, skjal nr. 190 (21).

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 255.

8 Sbr. skjal nr. 115 (6).

9 Skjal nr. 115 (11).

sá að í stað þess að fóðra eina kú árlega skuldbundu Flóa- og Skeiðamenn sig til að greiða „vanalega meðgjöf með góubærri kú eða 40 al. með peningum eptir meðalverði hvers árs verðlagskrár ...“ Hrunakróksgjaldið mun hafa verið greitt allt til ársins 1954 (eða 1955).¹

Snemma á 20. öld tóku hreppsnefndir sunnan lands að ráðstafa réttindum til vatns, jarðefna og lands á afréttum sínum. Í janúar árið 1909 veitti hreppsnefnd Skeiðahrepps Guðmundi Lýðssyni, bónda í Fjalli, umboð til að leigja eða selja eignarhlut hreppsins í Háafossi og Hjalparfossi í Fossá, ásamt landræmu. Umboð þetta var innritað til þinglýsingar 24. júlí 1909. Jafnframt óskaði hreppsnefndin eftir heimild sýslunefndar fyrir því að fá að selja eða leigja fyrrnefnda fossa og var fallist á þá beiðni á aðalfundi sýslunefndar 26.-30. apríl sama ár. Þeirri heimild var þinglýst 1914.² Rúmlega mánuði eftir að Guðmundur Lýðsson fékk umboðið framseldi hann það í hendur Gesti Einarsyni á Hæli. Í febrúar 1911 fékk Þorleifur Guðmundsson þetta umboð og loks Sturla Jónsson þremur árum síðar.³ Kaupsamningur var síðan gerður milli fossafélagsins Titans og Sturlu Jónssonar f.h. Skeiðahrepps 23. febrúar 1914.⁴ Samningurinn var innritaður til þinglesturs 18. maí 1914. Ekki var gerð athugasemd um vanheimild við þinglýsinguna. Fullt afsal fyrir eignarhlut hreppsins í Háafossi og Hjalparfossi og tengdum réttindum fékk félagið 15. júlí 1914 (þingl. 15. júní 1915).⁵ U.þ.b. tveimur árum síðar greiðir Skeiðahreppur fimm öðrum hreppum hverjum um sig 1/6 hluta af andvirði fossanna hálfra. Þar var um að ræða Sandvíkurhrepp, Stokkseymarhrepp, Gaulverjahrepp, Vill-ingaholtshrepp og Hraungerðishrepp.⁶

Landsstjórnin gerði fyrirvara um þessar og aðrar fossasölur 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

Fossnefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sju ótvírætt almennings eign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmeta, sem hreppsfélög, er eiga afrijettt í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrijetttum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrijetttum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarheit og geldfjárhöfn.⁷

Ríkissjóður Íslands varð eigandi þessara réttinda fossafélagsins með afsali sem undirritað var 16. janúar 1952.⁸ Samningi þessum var þinglýst án athugasemda eins og öðrum löggerningum er tengjast fossasöllumni.

Auk þess sem áður er getið um sölu vatnsréttinda veittu áðurgreindir hreppar Guðmundi Lýðssyni „ótakmarkað einka umboð til þess að leigja eður selja fyrir hönd nefndra hreppa allan námu-rétt hverju nafni sem nefnist í eða á Skeiða og Flóamannaafreitti, – að undanskildum Rauðukömbum og svæðum þeim og dölum er um þá lykja og áður er leigt. – Svo og notkun alls vatns og annars afls er vera kann í eða á nefndum afreittum.“⁹ Umboð þetta var undirritað 10. júní 1911. Því var þinglýst en ekki er að sjá að því hafi verið beitt.

1 Skjal nr. 115 (13), sbr. skjöl nr. 117 og 118.

2 Skjal nr. 119 (s. 34).

3 Skjal nr. 119 (s. 33-34). Sbr. Sigurður Ragnarsson, 1977: „Fossakaup og framkvæmdaáform. Þættir úr sögu fossamálsins. Síðari hluti.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 185-186.

4 Skjal nr. 116 (7). Skjal nr. 119 (s. 34-35). Svo virðist sem hreppsnefndin hafi reynt að afturkalla umboð Sturlu (sbr. skjal nr. 12).

5 Skjal nr. 116 (9).

6 Sbr. skjöl nr. 116 (10-14).

7 Skjal nr. 181.

8 Skjöl nr. 13 og 116 (3).

9 Skjal nr. 14.

Sama ár átti Skeiðahreppur ásamt Gnúpverjahreppi aðild að samningi sem gerður var við Þorleif Guðmundsson frá Háeyri en hann var umboðsmaður fyrirtækisins la Société d'Études pour l'Islande a la Banque Transatlantique í París. Í samningnum, sem var með fyrirvara um samþykki sýslunefndar Árnassýslu, var félaginu „afhent“ þau námuréttindi sem nefndir hreppar áttu eða höfðu fengið hjá öðrum „í Búrfelli, Skálafelli, Skeljafelli, Geldingatanga og Rauðukömbum og svæðum þeim og dölum, er um þau líkja“.¹ Samningurinn var þinglesinn að Stóra-Núpi 9. júní. Auk Skeiðahrepps samþykktu samninginn fulltrúar Sandvíkurhrepps, Villingaholtshrepps, Gaulverjahrepps, Hraungerðishrepps og Stokkseyrarhrepps. Einnig liggur fyrir samþykki sýslunefndar frá 24. september 1911.² Samkvæmt samningnum skyldu hrepparnir fá sameiginlega 550 kr. árlega í leigu fyrir eftirtalin réttindi:

- 1.° Rjettur til allskonar grafrar, rannsóknar og allrar vinnu, er lýtur að námurekstri.
- 2.° Allur rjettur til allskonar málma og efnasambanda, sem fundin eru og finnast kunna á fyrrgreindum svæðum.
- 3.° Notkunarrjettur á núverandi vegum og rjettur til að leggja nýja vegi, sem hrepparnir hafi rjett til að nota án endurgjalds.
- 4.° Rjettur til að byggja og notfæra járnbrautir á jörðu og í lopti, flutningaskurði, fyrirhleðslur, aflfærsluvegi og stöðvar os.frv.
- 5.° Rjettur til að notfæra öll byggingarefni, svo sem sand, grjót os.frv., er fást kann á svæðum þessum.
- 6.° Rjettur til afnota vatns til námanna eða þess, er þær hafa í för með sjer – þar frá undanskilið vatnsafl til stórframleiðslu, sem að sjálfsögðu yrði keypt sjerstaklega.
- 7.° Rjettur til að byggja allar byggingar, hús og mannvirki, er lúta að námurekstri og framleiðslu.³

Samningur þessi skyldi ganga úr gildi að tveimur árum liðnum ef engin regluleg námuvinnsla væri byrjuð. Ekkert liggur fyrir um slíka vinnslu á grundvelli þessa samnings.

Þá er þess að geta að frá því 1965 hefur Afréttarmálafélagið átt aðild að samningum þar sem tilteknir aðilar hafa fengið rétt til vikurtöku á afréttinum gegn greiðslu til félagsins. Engum þessara samninga hefur verið þinglýst. Tveir fyrstu samningarnir, dags. 4. apríl 1965 og 2. apríl 1966, eru við nafngreinda einstaklinga og fjalla um vikurtöku á svæðinu milli Reykhólts og Sandár vestan Rauðukamba. Í þeim fyrri segir svo: „Þó er fjáreigendum, sem eiga ítak á afrétti, frjálst að taka vikur til búsparfá, ...“⁴ Árið 1977 er gerður samningur milli Jarðefnaiðnaðar hf. og nánar tilgreindra „aðila að landsréttindum í Árnassýslu í nágrenni Heklu“, dags. 28. desember 1977, um vinnslu jarðefna á vikursvæðunum út frá Heklu vestan Þjórsár o.fl. Undir samning þennan er ritað fyrir hönd Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa og ríkissjóðs meðal annarra. Í 8. gr. segir svo: „Með samningi þessum er ekki tekin afstaða til þess, hvern rétt hver landeigenda eigi á Hekluvikurssvæðunum eða annars á gildissvæði hans, né heldur þess, hvar borið yrði niður á svæðinu til vinnslu eða hagnýtingarstarfsemi og hver yrði aðild hinna einstöku landeigenda í sambandi við réttindaöflun hennar vegna.“⁵ Við þennan samning er gerður viðauki af hálfu ríkissjóðs, dags. 23. maí 1978. Þar segir m.a.:

Samningur við Jarðefnaiðnað hf. í desember 1977 varðandi vinnslu jarðefna á vikursvæðunum út frá Heklu vestan Þjórsár o.fl. er undirritaður af hálfu ríkissjóðs sem eiganda eða tilkallshafa að landssvæðum í Árnassýslu, er liggja utan landareigna einstakra jarða (almenninum, afréttarlöndum o.s.frv.), án

1 Skjal nr. 202.

2 Skjal nr. 202.

3 Skjal nr. 202.

4 Skjal nr. 16, sbr. skjal nr. 17.

5 Skjal nr. 121.

þess að ábyrgð sé á því tekin gagnvart Jarðefnainnaði hf., hver eignarréttur ríkissjóðs eða tilkall að þessum landssvæðum sé í reynd, að því leyti sem það kann að vera véfengt af hálfu sveitarfélaga eða afréttarfélaga, sem telja til réttinda á þessum landssvæðum.¹

Síðari samningar Afréttarmálfélagsins við Jarðefnainnað hf., dags. 6. september 1985 og 31. ágúst 1995, um rétt til töku og vinnslu á vikri á vikursvæðum vestan Reykholts eru gerðir á grundvelli samningsins frá 28. desember 1977 og viðauka ríkissjóðs frá 23. maí 1978.² Þá gerði Afréttarmálfélagið samning við tvo nafngreinda einstaklinga um vikurtöku á afréttinum án nánari staðsetningar, dags. 11. júlí 1990. Framangreindur samningur frá 31. ágúst 1995 mun sá eini sem enn er í gildi.³

Loks hefur Afréttarmálfélag Flóa- og Skeiðahreppa haft tekjur af leigu á veiðirétti í Stóru-Laxá. Í samningi sem gerður var 11. júní 1960 var nafngreindum einstaklingum veittur allur réttur til lax- og silungsveiði á stöng í Stóru-Laxá „fyrir því landi, sem leigusali hefir til upprekstrar“. Samningstíminn skyldi vera þrjú mánuðir eða þrjú ár að tilteknum skilyrðum uppfylltum.⁴ Afréttarlanda er fyrst getið meðal rétthafandi „jarða“ að Stóru-Laxá í samþykkt veiðifélags Árnesinga nr. 38/1961, sbr. 2. gr.⁵ Samkvæmt fyrirliggjandi ársreikningum Afréttarfélagsins fyrir árin 1962-1969 og 1975-1999, auk arðskráa samkvæmt matsgerðum, hinni elstu frá 5. desember 1963, hefur félagið fengið greiddan arð af veiði í ánni.⁶ Einnig liggur fyrir tilboð í leigu á „hluta af lax- og silungsveiði sem félagið hefur umráð yfir í Stóru-Laxá“ sumarið 1970, dags. 15. febrúar 1970, áritað um samþykki „Afréttarfélags Flóa- og Skeiðahreppa“.⁷

Árið 1912 var sett upp girðing fyrir Flóa- og Skeiðamannaafreitti til að hindra það að fê rynni úr afréttinum fram í byggðina. Girðingarstæðið var valið með hliðsjón af staðháttum, ekki síst með það í huga að hún gæti staðist veður og vinda. Girðingin var um 28 km á lengd og nær milli Laxár og Fossár, yfir efri lönd efstu bæja í Gnúpverjahreppi.⁸ Fyrir þann hluta heimalanda sem lá innan girðingar fengu eigendur flestra jarðanna greitt ákveðið leigugjald frá hreppunum.⁹

Árið 1938 afsöluðu sveitarfélögin í Flóa og á Skeiðum afréttarlöndum í Þjórsárdal til Skógræktar ríkisins þegar gerður var makaskiptasamningur sá sem getið er um í kaflanum um Skriðufell.

Árið 1938 var Þjórsárdalur friðaður fyrir sauðfé og sett upp girðing „sem liggur frá Þjórsá nokkru neðan við brúna við Sandafell, vestur um Hólaskóg og Stangarfjall að Fossá við Háafoss“.¹⁰

Í fyrstu var gert ráð fyrir að svæði það sem hér er ræðir myndi gróa upp af sjálfu sér ef það yrði friðað fyrir beit. Svo reyndist þó ekki. Á tímabilinu 1948-1980 var sáð lúpínu á eyðilandið og árið 1983 var gerður samningur milli Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Vegagerðar ríkisins, Landsvirkjunar og Gnúpverjahrepps um uppgræðslu milli Sandár og Fossár. Í desember 2000 var gerður leigusamningur milli Skógræktar ríkisins og Skógarsjóðsins um uppgræðslu 1300 ha svæðis sunnan Búrfellsvegar milli Sandár og Fossár. Loks er að nefna að Skógrækt ríkisins hefur selt efni til vegagerðar og mannvirkja úr þessu landi og Landsvirkjun hefur greitt fyrir afnotarétt af landinu undir línustæði 3. línu frá Búrfelli.¹¹

1 Skjal nr. 128.

2 Skjal nr. 6.

3 Skjöl nr. 19 og 172.

4 Skjal nr. 120.

5 Sbr. skjal nr. 191.

6 Sbr. skjöl nr. 187-188, 192, 198-201.

7 Skjöl nr. 193, 195 og 196.

8 Sbr. skjal nr. 173. Ágúst Guðmundsson 1996, s. 165.

9 Skjöl nr. 146-150. *Göngur og réttir* 2 (1984), s. 108. Eigendur Skáldabúða og Fossness virðast þó ekki hafa krafist leigugjalds.

10 Ágúst Guðmundsson 1996, s. 115.

11 Skjal nr. 176.

6.2.2. Land úr Skriðufelli

Árið 1938 var hluti jarðarinnar Skriðufells seldur sjö hreppum í Flóa og á Skeiðum í makaskiptum fyrir land í Þjórsárdal og hefur hann síðan verið nýttur sem upprekstrarland. Ástæða er því til að gera nokkra grein fyrir sögu þessarar jarðar.

Skriðufell var eign Skálholtsdómkirkju 1597.¹ Árið 1686 var hún talin 23 hndr. og 80 álnir að dýrleika en „eyðilagðist þá fyrir Heklu sandi“.² Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Eystrahrepp var gerð 1709 var jörðin aftur komin í byggð. En landskuldin, 40 álnir, bendir ekki til að jörðin hafi á þeim tíma þótt góð til ábúðar. Meðal þess sem Árni Magnússon vildi athuga voru eyðibýli, hvar þau væru og hvað þau hétu, hvenær þau hefðu lagst af og hvers vegna og ekki sist hver væri eigandi þeirra. Á einum stað í þessum hugleiðingum sínum skrifaði hann: „Similiter þar fleiri en eitt eyðibýli standa í sveitum eða afdöllum, svo þar af merkja er, að nokkur eða mikill partur sveitarinnar muni eyðst hafa, ex.gr. fyrir framan Skriðufell í Hreppum, í Flekkudal á Fellsströnd.“³

Skriðufell var metið á 8 hndr. og 40 álnir þegar það var selt á stólsjarðauppböðinu 14. ágúst 1788.⁴ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er Skriðufell talið 16 hndr. að dýrleika.⁵

Séra Guðmundur Vigfússon víkur að landamerkjum Skriðufells í sóknalýsingum sínum árið 1841. Þar segir hann m.a.:

Fyrir austan Hvammsá kemur Skriðufellsland, sem er gömul stólseign, 8 hndr., 40 ál(nir) að dýrleika, og stendur bærinn Skriðufell að sunnan- og vestanverðu við hátt fell, sem kallað er Skriðufellsfjall. ... Fyrir austan Skriðufell rennur áin Sandá, sem kemur úr 2ur kvíslum innan fyrir Heljarkinn og fellur til útsuðurs í Þjórsá. Fyrir innan hana byrjar Skeiðamannaafreittur.⁶

Landamerkjabréf Skriðufells var undirritað 1. mars 1890 og samþykkt vegna Ásólfstaða. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní sama ár:

Að vestan ræður Hvammsá innað Seljatunguhæð; þaðan er sjónhending í Brunaskógshæð, þaðan sjónhending í Viðigilsmynni, þaðan sjónhending neðst í Grjótárgljúfur; svo ræður Grjótá austur í Sandá, svo Sandá í hellustein austan undir Dimon, svo úr þeirri hellu sjónhending í Sandvíkið fyrir vestan Kolviðarhól; svo ræður Þjórsá vestur í Sandármynni.⁷

Munnmæli eru um að á því landsvæði, sem afmarkað er í landamerkjaskránni, hafi verið nokkrar þeirra jarða í Þjórsárdal sem síðar lögðust í eyði. Þar má nefna jarðirnar Karlsstaði, Áslákstungu fremri og innri, Fagraskóg og Grjótárkrók. Brynjúlfur Jónsson athugaði minjar á þessum stöðum undir lok 19. aldar og fann ekki sæmilega glöggar rústir nema í Áslákstungum og Grjótárkróki. Hann gat sér þess til að jarðirnar hefðu á sínum tíma átt sameiginlega landeign með Áslákstungu innri sem aðalból.⁸ Einnig er hugsanlegt að bæjarstæði höfuðbýlisins hafi síðar verið flutt til, e.t.v. þangað sem nú er Skriðufell.

1 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 76.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 216. Björn Lárusson 1967, s. 108.

3 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík, 1990. S. 42.

4 Skjöl nr. 156 og 157. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 76.

5 *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 64. *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildlegast staðfest með tilskipun 1. aprilmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 23.

6 *Árnessýsla* 1979, s. 97.

7 Skjal nr. 7.

8 Brynjúlfur Jónsson 1885, s. 47-48. Ágúst Guðmundsson 1996, s. 96-99.

Árið 1938 seldu Ólafur Bergsson og Jóhann Ólafsson Skógrækt ríkisins jörðina Skriðufell ásamt öllum gögnum og gæðum. Í afsali, sem undirritað var 21. júní sama ár, var tekið fram að hreppsfélagið hefði afsalað sér forkaupsrétti að hinni seldu eign.¹ Sama ár gerðu hreppsnefndir Skeiðahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps, Sandvíkurhrepps, Stokkseyrarhrepps og Eyrarbakkaahrepps annars vegar og Skógrækt ríkisins hins vegar með sér svofelldan makaskiptasamning:

1. Hreppsnefndir ofanefndra hreppa selja og afsala Skógrækt ríkisins afréttarlönd sín í Þjórsárdal innan eftirfarandi takmarka: Allt land austan girðingar þeirrar, sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtsskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi fyrir land það, sem um getur í 2. grein.
2. Skógrækt ríkisins selur og afsalar ofangreindum hreppsnefndum allar heiðar og öll lönd Skriðufells í Gnúpverjahreppi ofan og vestan fyrnefndrar girðingar og girðingarinnar fyrir Flóa- og Skeiðamannaafrétti fyrir land það, sem um getur í 1. grein.²

Samningi þessum var þinglýst 30. júní 1939. Landsvæði þetta er nú nýtt sem hluti afréttar Flóa- og Skeiðamanna án þess að hafa formlega verið lagt til afréttar.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Skriðufelli frá því að jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum. Af heimildum má einnig ráða að frá því að landamerkjabréfið var gert og þar til jörðin var seld hafi hún framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.³

6.2.3. Land úr Ásólfstöðum

Árið 1965 var hluti jarðarinnar Ásólfstaða seldur Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiðamanna og hefur hann síðan verið nýttur sem upprekstrarland. Ástæða er því til að gera nokkra grein fyrir sögu þessarar jarðar.

Ásólfstaðir voru eign biskupsstólsins í Skálholti eftir því sem stendur í jarðabók frá 1597. Samkvæmt jarðabók frá 1686 var hún 23 hundruð og 80 álnir en 1695 var dýrleikinn kominn niður í 20 hundruð (hndr.).⁴

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er dýrleikinn sagður óviss en landskuldin hafði þá verið afturfærð úr 120 álnum í 80 álnir vegna sandfalls úr Heklu. Af því má draga þá ályktun, ef miðað er við 5% landskuld, að dýrleiki jarðarinnar hafi minnkað úr 20 hndr. í 14 hndr. Afrétt áttu Ásólfstaðir sameiginlegan með öðrum jörðum í Eystrahreppi „upp frá bygðinni í þessum hrepp, millum Þjóssár og Fossár“.⁵ Ásólfstaðir áttu eins og fleiri jarðir í hreppnum skóg til kolgjörðar „í almenningi“, og mun þar átt við afréttinn.⁶

Jörðin var metin á 16 hndr. og 80 álnir þegar hún var seld bóndanum Guðmundi Magnússyni í Berjanesi á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788 og einnig í Jarðatali Johnsens 1847.⁷ Samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 voru Ásólfstaðir 16 hndr.⁸

Séra Guðmundur Vigfússon á Stóranúpi vikur litillega að landamerkjum Ásólfstaða í sóknalýsingu sinni 1841. Þar segir hann m.a.:

1 Skjal nr. 154.

2 Skjal nr. 10.

3 *Sunnlenskar byggðir* 1.b. *Tungur, Hreppar, Skeið*. Búnaðarsamband Suðurlands 1986. S. 347. Sbr. mál nr. 7/2000, skjal nr. 186 (9).

4 Björn Lárusson, 1967, s. 108. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 75.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 205.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 215.

7 Skjöl nr. 156 og 157. *Jarðatal* 1847, s. 64, sbr. s. 418.

8 *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

Stendur bærinn *Ásólfstaðir* sunnan í hári brekku, framanvert við svonefnda Ásólfstaðalaut, hvör eð þegar upp eftir dregur verður að dalverpi eða hvammi með skógivöxnum hlíðum beggja vegna, og heyrir eystri hlíðin til Skriðufelli, en hin vestri Ásólfstöðum. Eftir lautinni rennur dálítill á, sem heitir Hvammsá, til suðurs út í Sandá. Hún skilur Ásólfstaða- og Skriðufellsland.¹

Landamerkjabréf Ásólfstaða var undirritað 1. mars 1890 og samþykkt vegna Skriðufells og Haga. Landamerkjabréf Ásólfstaða var þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

Fyrst ræður lækur, sem rennur í Þjórsá fyrir framan Bringu; frá lækjarupptökunum er sjónhending sunnan vert fremri Blakkdal við Þverá; svo ræður Þverá inni Hannesargljúfur; þá ræður gljúfrið meðan það nær til; þaðan er sjónhending í Grjótá um Kistu; svo ræður Grjótárgljúfur meðan það endist; svo sjónhending þaðan í mynnið á Víðigili; þaðan sjónhending í Brunaskógshæð; þaðan sjónhending í Seljatungusporð; svo ræður Hvammsá þangað til hún kemur í Sandá; svo Sandá fram í Þjórsá, svo Þjórsá fram á móts við áður nefndan læk.²

Rétt er að benda á að til er lýsing á mörkum Ásólfstaðalands og afréttarins sem talin er með hendi séra Valdimars Briem á Stóranúpi. Hún er hluti af lengra skjali með lýsingu landamerkja milli Flóa- og Skeiðamannaafréttar annars vegar og byggðalanda í Gnúperjahreppi hins vegar:

9. Milli afréttarins og Ásólfstaðalands: Úr Grjótá ytri, þar sem hún kemur í Þverá; síðan ræður Þverá rjett innfyrir Hannesargljúfur; þaðan beint í Kistu við Grjótárgljúfursbotn; svo ræður Grjótá eystri niður fyrir gljúfrið.³

Lýsingin þessi er hins vegar hvorki undirrituð né dagsett og hefur því takmarkað heimildargildi. Þau vatns- og vatnsaflsréttindi sem Ásólfstaðir áttu í Þjórsá seldi eigandi jarðarinnar, Stefán Eiríksson, Einari Benediktssyni 29. júní 1917.⁴

Árið 1954 skiptist jörðin milli þeirra bræðra Ásólf og Stefáns Pálssona og var þá greint á milli Ásólfstaða I og II.⁵ Árið 1962, 24. september, seldu þeir bræður Skógrækt ríkisins allt land Ásólfstaða ásamt gögnum og gæðum að því undanskildu sem tilgreint er í afsalinu. Þar var um að ræða byggingar, tún jarðarinnar og landspildu ofan bæjar og vestan innan tiltekinna marka og land það sem Flóamenn höfðu haft á leigu til beitar og síðar var selt þeim. Merki þessa leigulands gagnvart landi Skógræktarinnar voru tilgreind svo: „Lína úr Þverá í Sniðhól. Þaðan sjónhending innst í Skóghlíðar og þaðan í Seljatúnguhæð innst.“ Skógrækt ríkisins skyldi leigja seljendum veiðiréttindi í Þjórsá frá Bröttutorfu að landamerkjum Ásólfstaða og Haga meðan þeir lifðu og byggju á Ásólfstöðum, annar eða báðir, eða þeirra niðjar. Leigan var dregin frá kaupverðinu.⁶

Premur árum síðar, 19. mars 1965, seldu þessir sömu eigendur Ásólfstaða, Stefán Pálsson og Ásólfur Pálsson, Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiðahreppa framangreinda landspildu úr jörðinni og er henni svo lýst í afsalinu:

Að sunnan ræður afréttargirðing (Flóagirðing). Þá ræður Þverá úr Blakksdal í Hannesargljúfur og þaðan í Kistu við Grjótá. Úr því Grjótárgljúfur á meðan það endist, en síðan landamörk á milli Ásólfstaða og Skriðufells neðan Víðigils um Brúnaskógshæð í girðingu á Seljatungnahæðum. – Hér er um

1 *Árnessýsla* 1979, s. 97.

2 Skjal nr. 6.

3 Skjal nr. 8. Undirstrikun í frumskjali.

4 Skjal nr. 162.

5 Sbr. skjöl nr. 162 og 163. *Sunnlenkar byggðir* 1, s. 349.

6 Skjal nr. 92.

að ræða allt það land, sem Ásólfstaðir eiga ofan afréttargirðingarinnar. Land þetta hafa Flóa- og Skeiðahreppar haft á leigu síðan 1912, og ætlum við að það sé ekki undir eitt þúsund hekturum að flatarmáli.¹

Landsvæðið, sem hrepparnir fengu, er nú nýtt sem hluti afréttar Flóa- og Skeiðamanna án þess að hafa formlega verið lagt til afréttar.²

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið á Ásólfstöðum frá því jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Sama ætt hefur búið á Ásólfstöðum frá 1835.³

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Almenn atriði

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að fljótlega eftir að menn komu til landsins hafi komist á hið venjulega landnámsfyrirkomulag germanskra þjóða, að nema land annars vegar til eignar og hins vegar til afnota. Heimildir eins og landnámbækur, Íslendingasögur, fornminjar og búsetusaga segi okkur nútímamönnum að í aðaldráttum hafi byggð haldist á þeim svæðum sem numin hafi verið til eignar. Á svæðum utan og ofan byggða hafi afmarkað land ýmist verið tekið afnotatöku eins eða fleiri jarðeigenda (afréttir) eða afnot öllum fjórðungsmönnum jafnheimil (almenningar). Um afnot afrétta tveggja eða fleiri aðila og svo um afnot fjórðungsmanna að almenningum hafi fljótlega verið settar lagareglur og þær sem lögfestar hafi verið með Jónsbók 1281 hafi haldist fram á 20. öldina.

Hvorki sé talið að afréttareigandi hafi getað gefið eða selt einkaafrétt frá jörð sinni né að jarðeigandi hafi getað selt eða gefið sinn hlut í sameignarafrétti nema láta um leið af hendi jörð sína og bústofn að mestu leyti því að afréttur eða hlutdeild í sameignarafrétti hafi fylgt jörðum. Kirkjur hafi því getað eignast hlut í afrétti ef hann fylgdi heimalandi því sem þeim var gefið. Sama hafi gilt um klaustur að þessu leyti.

Ráða megi af máldögum að gögn og gæði lands hafi einungis fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum löndum þeirra og því aðeins að öll heimajörðin væri eign þeirra. Þessi regla að gögn og gæði fylgi aðeins heimajörð kirkju sé ein helsta skýringin á því að stór afréttarlandsvæði hafi smám saman tekið að safnast að kirkjujörðum en ekki öðrum jörðum. Síðan hafi þessir afréttir oft og tíðum verið innlimaðir í merkjalýsingar, bæði í máldögum og landamerkjabréfum. Þetta sé helsta skýringin á því að í flestum tilvikum séu það kirkjujarðir sem telja til mikilla landsvæða í óbyggðum.

Þá hafi sagnfræðingar sett fram aðra skýringu á afréttareign kirkjujarða sem sé sú að á grundvelli máldaga hafi kirkjujarðir ranglega eignað sér heilu afréttina, þegar þeir einungis áttu tiltekna hluta í sameignarafrétti. Þetta hafi gerst með þeim hætti að kirkju hafi verið gefin jörð ásamt þeim afréttarrétti sem henni fylgdi. Þessi afréttareign kirkjunnar hafi svo verið skráð í máldaga og mörkum afréttarins lýst. Eftir samdrátt í búsetu, eins og t.d. hafi orðið á 15. öld vegna mannfalls af völdum svarta dauða, hafi máldagar um eign kirkju á nánar tilgreindu afréttarlandi verið lagðir fram er menn vildu taka að nýta þá að nýju en jarðeigendur hafi enga hliðstæða skriflega sönnun haft fyrir rétti sínum. Þeir hafi því farið halloka fyrir kirkjuvaldinu og greitt afréttartolla til kirkjunnar til þess að fá heimild til nýtingar. Á annan hvorn framangreindan hátt sé talið að flestir afréttir í

1 Skjal nr. 94.

2 Sbr. skjal nr. 171.

3 *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 348. Sbr. mál nr. 7/2000, skjöl nr. 183, 184 og 186 (2).

Húnavatnssýslu og víðar hafi skilist frá jörðum og orðið kirkjueign. Löngu síðar, aðallega á 19. og 20. öld eftir að stétt sjálfseignarbænda reis upp að nýju í landinu, hafi viðkomandi sveitarfélög keypt þessa afrétti.

Lönd hafi gengið kaupum og solum á öllum tímum Íslandssögunnar og það hafi alltaf verið viðurkennd regla að sá sem afsali landi geti ekki veitt viðsemjanda sínum betri rétt en hann sjálfur átti. Sé venjulegu afréttarlandi afsalað verði það ekki að afrétti með beinum eignarrétti í höndum viðsemjandans.

Að því viðbættu hvað skýrar línur um inntak eignarréttar að landi skipti miklu vegna ýmissa lagaákvæða sem snerti fasteignir megi benda á að aukin og breytt nýting á landi utan eignarlanda kalli á að ljóst sé hver sé bær til að taka ákvarðanir vegna þess. Sem dæmi um þetta megi nefna fjölda ferðamanna sem sækir heim óbyggðir og sívaxandi eftirspurn eftir því að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Í nútímanum felist í óbyggðunum miklu meiri verðmæti en áður hafi verið þegar þau hafi einskorðast við ávexti jarðar og veiði.

Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunn- eignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendur. Það hafi hins vegar aldrei verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna í dómsmálum svo öll þau mörk séu óákveðin en þess sé að vænta að þau verði öll ákveðin af óbyggðanefnd innan nokkurra ára. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

Í greinargerð segir að við skilgreiningu þjóðlendulínu í Gnúpverjahreppi, þ.e. mörk fjalla- jarðanna í sveitinni og afréttar Flóa- og Skeiðamanna, sé að meginsteftnu á því byggt að mörk eignarlanda í hreppnum séu þau sömu og landnámsmörk. Sunnan þjóðlendulínu sé eignarlönd sem numin hafi verið til eignar en ofan og norðan þjóðlendulínu sé landsvæði sem að einhverju leyti hafi verið tekið til afnota í öndverðu og að öllu leyti á síðari tímum.

Nám hafi verið sá háttur sem hafður hafi verið á frumstofnun eignarréttar að landi hérlandis og meðal annarra germanskra þjóða. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð, hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenskrum lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur sér- eignarréttur.

Benda megi á nokkur ákvæði í fornlögum okkar sem skýri að strax í upphafi byggðar hafi verið mikill eðlismunur á jörðum og öðrum lendum. Engar nýtingarreglur hafi verið í lögum um jarðir. Eigandinn hafi ráðið hvenær og hvernig hann beitti landið, hvenær eða hvort hann sló tún eða engi. Hins vegar hafi bæði í Grágás og Jónsbók verið mörg og ítarleg ákvæði um hvernig nýta hafi mátt afrétti og almenninga. Til dæmis hafi ekki mátt slá gras í afréttum né reisa þar sel. Hins vegar hafi mátt reisa sel í almenningum. Um báðar þessar landgerðir hafi svo verið ýmsar reglur um hvernig og á hvaða tímum hafi mátt beita þar fé.

Í kristinna laga þætti Grágásar hafi verið mismunandi reglur um líkflutningaskyldu eftir því hvort um var að ræða jörð manns, afrétt, almenning eða háfjöll og öræfi. Í þessu tilliti hafi jörð manns verið í sérstökum flokki öndverðum við hinar þrjár landgerðirnar.

Ákvæði Jónsbókar um lögfestur hafi sumpart verið til að skera úr um hvort land var eignarland, afréttur eða almenningur.

Í nýbýlatilskipun 1776 hafi konungur talið sig geta ráðskast með eigendalausar eyðijarðir enda hafi þær verið flokkaðar sem almenningar í tilskipuninni. Sömuleiðis hafi konungur getað ráðskast með afrétti og almenninga en aldrei jarðeignir einstaklinga og hafi þó stjórnarskrárákvæðið um friðhelgi eignarréttar ekki verið komið til sögunnar.

Í þessu sambandi megi benda á umfjöllun í síðari dómi Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þar segi að telja verði að handhafar ríkisvalds, sem til þess séu bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess sem um ræði. Þetta sé niðurstaða Hæstaréttar eftir að rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að enginn ætti þrætulandið. Það væri eigandalaust með öllu. Þetta sé eitt skýrasta dómafordæmið um að afréttarland geti ekki verið eign í skilningi laga en hægt sé að eiga tiltekinn rétt til landsins. Gildi þessi regla um þau lönd, sem nú kallist þjóðlendur, þá hafi ekki verið hægt að hefða rétt til slíks lands, þar sem samkvæmt hefðarlögum sé einungis hægt að hefða fasteign, er geti verið eign einstakra manna.

Til viðbótar við ofangreinda umfjöllun sé á því byggt að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd á nýtingu þeirra. Eignarlönd séu nýtt allt árið til búrekstrar en afréttir til sumarbeitar. Um nýtingu megi oft fá talsverðar upplýsingar í skrifuðum heimildum. Allt frá Jónsbók hafi verið í gildi þau lagaákvæði að eigandi smali sitt land en allt annað land sé smalað sameiginlega af fjallskilastjórn.

Í Landnámu segi að Þorbjörn Laxakarl hafi numið Þjórsárdal allan og Gnúpverjahrepp ofan til Kálfár. Síðar hafi komið til landsins mágur hans tveir, þeir Þormóður skafti og Ófeigur grettir, og hafi Þorbjörn gefið þeim vestari hluta landnámsins utan Þverár. Þorbjörn hafi búið á Haga til dauðadags. Enn séu þrír bæir byggðir í landnámi hans; Hagi, Ásólfstaðir og Skriðufell.

Hinar þrjár gerðir Landnámu segi að Þrándur mjöksiglandi hafi numið „land milli Þjórsár ok Laxár upp til Kálfár ok til Sandlækjar“. Þrándur hafi komið síðastur landnámsmanna í Gnúpverjahrepp og hafi þá sennilega allt land í hreppnum verið numið. Þeir frændur, Ófeigur grettir og Þormóður, eða þó öllu heldur Þormóður einn, hafi fengið Þrándi neðsta hluta hreppsins. Austurmörk (suðausturmörk) lands hans hafi verið Þjórsá, suðurmörkin (suðvesturmörk) hafi verið Sandlækur og Stóra-Laxá vesturmörk (norðvesturmörk). Sögnina um það að Þrándur hafi numið land til Kálfár muni eiga að skilja svo að hann hafi fengið land að ósi Kálfár þar sem hún falli í Þjórsá. Ekki sé frá því greint hvar mörkin hafi legið þaðan og vestur í Stóru-Laxá.

Ekkert verði af frásögnum Landnámu ráðið um norðvesturmörk en ætla verði að byggilegt land hafi verið numið. Til dæmis hafi Þjórsárdalur allur verið numinn og Gnúpverjahreppur. Hafi þá verið átt við byggðina en ekki óbyggðirnar fyrir ofan hreppinn enda hafi hreppurinn á þeim tíma er Landnáma er rituð ekki náð inn til heiða. Sama eigi við um lýsinguna á landnámi Þrándar, þ.e. „land milli Þjórsár og Laxár“. Með landi sé væntanlega átt við byggilegt land, jarðnaði, sbr. máltækið „land og lausir aurar“.

Mestur hluti landnámsins í Þjórsárdal ofan Skriðufells hafi lagst í eyði smám saman vegna Heklugosa, uppblásturs, ágangs afréttarfénaðar og af ýmsum öðrum ástæðum. Þjórsárdalur hafi ekki verið í byggð síðan og allur einkaeignarréttur að fornum býlum löngu niður fallinn, sbr. Lyfid. 21. júlí 1873 (Vilborgarkot) og H 1994 2227 (Geitland).

Af dómafordæmum Hæstaréttar verði að ráða þá reglu að sé deilt um upphaflegt nám lands verði aðeins stuðst við glöggar landfræðilegar heimildir. Verði ekki ráðið af Landnámu að land hafi verið numið sé tilhneiging til að hafna því að telja land undirorpið beinum eignarrétti. Til að skýra þetta frekar er bent á H 1960 726 (Skeljabrekka), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1161 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfjallshagi).

Sammerkt sé öllu því landi innan þjóðlendumarka samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins að þar sé um að ræða landsvæði, sem sé annaðhvort ógróið eða vaxið heiðargróðri. Um sé að ræða miklar hálendisvíðáttur og háfjöll allt til jökla.

Ráða megi þá reglu af heimildum um landnám og því sem þekkt sé um nýtinguna, sem fylgt hafi í kjölfarið, að hálendi, fjöll og öræfi hafi ekki verið numin til eignar og því hafi dómstólar gert ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðhátta, víðáttu og gróðurfars, sbr. H 1969 510 (Nýja-

bæjarafréttur), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá). Í þessu sambandi skipti hæðarlínur miklu máli enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Íslenska ríkið telji að af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum. Litið hafi verið til þessara atriða, svo og til landnáms og nýtingar við kröfugerð íslenska ríkisins í máli þessu.

Það sé þó talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna, að raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinna jarðar eða önnur atriði hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Aðra reglu megi einnig leiða af dómum Hæstaréttar, þ.e. að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Í því sambandi er vísað til H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Til þess að greina á milli eignarlanda og þjóðlendna skipti miklu máli að átta sig á nýtingu lands. Því þurfi að skoða hvernig nýtingu þrætulands sé háttað. Allt frá lokum landnámsaldar og fram að 21. öldinni hafi þeir sem með löggjafarvald hafa farið sett ýmsar reglur um nýtingu þeirra landsvæða sem nú heiti þjóðlendur. Um nýtingu eignarlanda hafi hins vegar ekki verið settar nýtingarreglur nema þær sem teljist til grenndarréttar. Eitt meginatriði skilji á milli eignarlanda og þjóðlendna en það sé að allt frá Jónsbókartíma hafi eigandi átt að smala eignarland sitt en þjóðlendan, sem svo heitir nú, hafi verið smöluð sameiginlega af fjallskilastjórn.

Benda megi á fjölmarga dóma Hæstaréttar þar sem litið hafi verið til þessara atriða við úrlausn um ágreining um eignarhald að landi. Þar sé um að ræða H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Í bók Braga Sigurjónssonar, Göngur og réttir, sé þess getið að núverandi fjallskilareglugerð fyrir Flóa- og Skeiðamannaafrétt hafi öðlast gildi árið 1934 og sé að mestu sniðin eftir eldri reglugerðum. Þó hafi nokkur breyting orðið á allri tilhögun smölunar árið 1912 en þá hafi verið girt á milli afréttar Flóa- og Skeiðamanna og heimalanda Gnúpverja. Nokkuð af heimalöndum þeirra jarða, er næstar séu, hafi lent innan afréttargirðingarinnar. Hafi það bæði verið gert til þess að stækka afréttinn, sem ótti hafi verið um að myndi verða of lítill, þegar féð gæti ekki runnið af honum og enn fremur til þess að fá heppilegra girðingastæði. Samið hafi verið um leigu fyrir land þetta, og sé sú leiga greidd árlega síðan. Girðingin sé um 28 km að lengd og nái milli Laxár og Fossár.

Í áðurnefndri bók komi eftirfarandi fram: „Áður en afréttargirðingin var gerð, urðu fjallmenn suðursveitanna að smala allmikið af heimalöndum efstu bæja í Gnúpverjahreppi, því að samgangur afréttar- og heimafjár var þá óhindraður og afréttarfé þá dreift um alla þessa heimahaga. Voru því síðasta daginn eingöngu smöluð heimalönd af Skeiðamönnum og Austurleit, og að nokkru hjá Vesturleit. Á þessu varð veruleg breyting eftir að girðingin var gerð, þar sem þá féll niður smölun allra heimalanda.“

Af framansögðu megi glöggst sjá að allt land tengt Gnúpverjahreppi utan eiginlegra heimalanda fjalljarða sé óskipt beitaland Flóa- og Skeiðamanna og reyndar fleiri aðila. Allt fjalllendi og heiðar séu smöluð að frumkvæði sveitarstjórnar, svo sem gert hafi verið hvað afréttarlönd varðar allt frá lögtöku Jónsbókar.

Samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins liggja þjóðlendumörk í gegnum landsvæði nokkurra fjallajarða í hreppnum, eins og þeim sé lýst í þinglýstum landamerkjabréfum, en að öðru leyti liggja hún á óbyggðamörkum annarra fjalljarða. Rökin á bak við kröfulýsinguna séu þau sömu og áður hafi verið reifuð. Íslenska ríkið telji að land sunnan kröfulínu tilheyrir heimalöndum jarðanna sem hafi verið numið í öndverðu en land ofan og norðan kröfulínu telji íslenska ríkið vera þjóðlendu sem tekin hafi verið afnotatöku. Í tilvikum þeirra tveggja jarða, sem átt hafi lönd báðum megin

kröfulínu ríkisins, hafi fjalllendið norðan afréttargirðingar nú verið selt undir afréttarnot. Því sé haldið fram að fjalllendi þessara tveggja jarða hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti eins og sé um heimaland jarðanna.

Hugtakið heimaland hafi ekki verið skilgreint í lögum. Þó hafi orðið heimaland strax í Jónsbók verið notað í öndverðri merkingu við úthaga sem notaðir hafi verið til sumarbeitar. Benda megi á í þessu sambandi á Jónsbók Llb. 53 „Um afréttarfé, ef þat gengr í heimaland“. Í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. hafi verið lagaákvæði um heimalönd án skilgreiningar. Í þessu sambandi megi benda á lög 6/1986. Í 3. gr. 1. mgr. laganna segi þetta: „Í fjallskilasamþykkt, er héraðsnefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitalanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta.“

Í nokkrum dómum Hæstaréttar sé vikið að hugtakinu heimaland. Í því sambandi sé vísað til H 1976 55 (Arnarvatnsheiði), H 1980 1225 (Öxarfjarðarheiði, Sandfellsalagi I), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) og H 1999 2006 (Sandfellsalagi).

Um þessa dóma sé það að segja að glögg komi fram í dómunum varðandi Kalmanstungu og Sandfellsalagi í Öxarfirði að innan landamerkjalýsingar jarðar sé tvenns konar land, heimaland sem sé í heilsársnotum og síðan afréttarland sem sé í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjallajarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja, sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda nái til alls heimalandsins.

Því er haldið fram með tilvísun í framangreint að kröfulínu um þjóðlendumörk í gegnum nokkrar fjallajarðir í Gnúpverjahreppi skuli taka til greina, þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tilteknar heimildir, mörk heimalands jarðanna við óbyggðir, sem nýttar séu af Flóa- og Skeiðamönnum. Studst sé við landamerkjabréf allra fjallajarðanna þar til komi að landareign Ásólfstaða. Heimildir um afnot og nám styðji slíka kröfugerð og hafi bæði afréttarhafar og jarðeigendur samþykkt þessi merki athugasemdalaust. Landamerkjabréf jarðanna Ásólfstaða og Skriðufells séu ósamþykkt til óbyggða og óbyggðaland jarðanna sé nákvæmlega eins og afréttarlandið í kring. Bréfin hafi þannig ekkert gildi um þjóðlendumörk.

Landamerkjabréf sé ekkert annað en yfirlýsing um yfirráðasvæði á sama hátt og landamæri ríkja, sveitarfélaga og stjórnsýsluumdæma sýslumanna. Þar sem landamörk eignarlanda liggja saman sé landamerkjabréf samningur milli aðila um þessi mörk eignarjarða innbyrðis eftir að réttir eigendur eða umboðsmenn hafi ritað undir bréfið samþykki sitt við lýsingu. Í landamerkjabréfi felist á engan hátt að allt land innan merkja skuli vera óskorað eignarland. Almennar sönnunarreglur ráði að sjálfsögðu hér eins og annars staðar. Fyrst og fremst skilgreini landamerkjabréfið takmörk nýtingarréttar að landi. Á það megi benda í þessu sambandi að landamerkjabréf séu jafnt til fyrir jarðir sem afrétti sem séu innan þjóðlendu.

Af ákvæðum landamerkjagalaganna frá 17. mars 1882 megi ráða að landamerkjabréfið sé í eðli sínu samningur milli jarðaeigenda og næðist ekki sátt um landamerkin skyldi landamerkjadómur skera úr.

Samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis þá sem séu aðilar að samkomulaginu og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felist. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjallajarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882 og það hafi ekki verið fyrr en 116 árum síðar að slíkt var mögulegt, eftir að íslenska ríkinu var með lögum fenginn eignarrétturinn að þjóðlendum.

Margir dómur Hæstaréttar komi inn á landamerkjabréf og inntak þeirra. Í því sambandi megi nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 519 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn II), H 1979 846 (Geirland-Prestbakki), H 1996 2848 (Bláfjöll), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) H 1997 2410 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Þessir tilvitnuðu dómur séu allir því álitir íslenska ríkisins til stuðnings að landamerkjabréf sanni ekki inntak eignarréttar og sé ekki gilt um mörk milli umráðamanna landa nema þeir eigi aðild að þeim réttindum sem samið sé um. Einnig komi glöggt fram í þessum dómum að landamerkjabréf séu til fyrir lönd sem nú séu óumdeilt þjóðlendur eftir dómsniðurstöður eins og sé um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði og Landmannaafrétt. Síðan komi glöggt fram í Bláfjallamálinu að hægt sé að fjalla um landamerki yfirráðasvæða án þess að afstaða sé tekin til inntaks eignarréttar.

Annað atriði, sem valdi ágreiningi, sé gildi þinglýsingar landamerkjabréfs og hafi því verið haldið fram af gagnaðilum íslenska ríkisins að með þinglýsingu landamerkjabréfs sé búið að gulltryggja eignarréttinn. Því sé til að svara að enginn öðlist meiri rétt en viðsejandi geti veitt, sömuleiðis þinglýsi enginn meiri rétti en hann eigi. Þinglýsing heimildarskjals um fasteign sé laga-skylda og til að tryggja öryggi í viðskiptum og skapa eigendum réttarvernd gagnvart grandlausum viðsejendum og lánardrottum.

Spurning sé hvort þegjandi eða jákvæðar athafnir ýmissa umboðsmanna ríkisins geti falið í sér samþykki valdstjórnar eða ríkis vegna lands sem nær inn í þjóðlendu. Þetta geti verið í tengslum við mótmælalausa móttöku og þinglýsingu landamerkjabréfa sem haft hafi að geyma lýsingu í átt að óbyggðum eða einfaldlega afsal ríkisins á tilteknum lendum. Því sé til að svara að af Landmannaafréttardómi síðari megi ráða þá reglu að löggjafinn einn sé bær til að ráðstafa réttindum yfir landsvæði utan eignarlanda. Af því leiði að athafnir eða athafnaleysi starfsmanna stjórn-sýslunnar geti ekki leitt af sér slík yfirráð nema heimild í almennum lögum hafi verið fyrir hendi.

Því álitæfni hafi verið hreyft að hafi beinn eignarréttur ekki verið að öllu landi innan merkja skv. landamerkjabréfi, er það var ritað eftir landamerkjalogin 1882, þá hafi þessi beini eignarréttur orðið til síðar fyrir hefð vegna óslitins eignarhalds.

Talið hafi verið að hefðarréttur hafi ekki verið í fornlögum okkar, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðarréttar stofnaðist til slíkra landsvæða. Í þessu sambandi megi benda á Jónsbók Llb. 52, „Ef menn vitu eigi, hvárt eru almenningar eða afréttir“. Þar segi: „Svá skulu almenningar vera, sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra“.

Fyrstu lögin um hefð séu í Norsku lögum frá 1687, V. bók 5. kap. Í 7. gr. laganna segi svo:

Enginn á að fá eignardóm að nokkurri fasteign nema hann leiði lögfulla sönnun að heimild sinni, með erfðum, kaupum, eignaskiptum, gjöf eða 20 ára hefð, án þess að átalið hafi verið og að hann hafi þannig öðlast hana ákærulaust af öllum er kynnu að hafa haft einhverjar athugasemdir við það.

Þegar þessi lög hafi verið sett hafi lagaákvæði Jónsbókar um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið enn verið í gildi og þessi hefðarlög hafi ekki afnumið Jónsbókarákvæðið, þess sé að minnsta kosti ekki getið. Einnig sé talið að orðið fasteign beri að túlka á þann veg að merki eignarjörð með byggingum eða bara byggingu eða hús. Lögin taki því ekki til afrétta eða almenn-inga og því enn óheimilt að hefða slík landsvæði.

Næstu lög um hefð séu nr. 46 frá 1905. Í 1. gr. þeirra segi að hefð megi vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstakra manna án tillits til þess hvort hann hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign. Þessi lög staðfesti enn gildandi rétt til að hefða fast-

eignir sem undirorpnar séu beinum eignarrétti en skv. gagnályktun sé ekki heimilt að hefða eign, sem ekki geti verið eign einstakra manna, eins og grunnréttinn að afréttum og almenningum sem nú heiti þjóðlendur. Segja megi að þessi skoðun komi fram í Landmannaafréttardóminum síðari. Þar sé því slegið föstu að afréttarlandsvæði sé einskis manns eign og af því leiði að slík landsvæði geti ekki verið eign í skilningi hefðarlaga. Í nágildandi lögum um þjóðlendur sé þessi regla lögfest í niðurlagsákvæði 3. greinar en þar segir: „Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.“

Rétt sé að vekja athygli á að skilyrði fyrir hefðarhaldi sé óslitið eignarhald sem hafi verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi, sem nú gæti heitið þjóðlenda, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1581 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheidar). Í þessum dómum sé ekki tekið á því hvort hægt sé að hefða grunn-eignarrétt afréttarlands. Sleppt sé að fjalla um það þar sem efnisskilyrði skorti.

Krófulína íslenska ríkisins í Gnúpverjahreppi sé nálægt þeirri 400 metra hæðarlínu, sem talin sé eiga við á umræddu svæði miðað við aðstæður á hálendisbrún. Því til stuðnings sé vísað til fyrri umfjöllunar um dómafordæmi Hæstaréttar þar sem miðað sé við staðhætti, víðattu og gróðurfar.

7.2. Fjallendi jarðanna Ásólfstaða og Skriðufells

Eins og kunnugt sé hafi Flóa- og Skeiðamenn eignast landspildur úr jörðunum Skriðufelli og Ásólfstöðum í Gnúpverjahreppi og lagt til afréttarins.

Meginhluta Ásólfstaða hafi verið afsalað til Skógræktar ríkisins 24. september 1962. Við söluna hafi verið undanskilið land það sem Flóamenn hafi haft á leigu til beitars eins og segi í afsalsbréfinu. Landamerkjum þessa lands sé lýst þannig: „Lína úr Þverá í Sniðhól. Þaðan sjónhending innst í Skóghlíðar og þaðan í Seljatunguhæð innst.“

Í afsali til Afréttarmálaafélags Flóa- og Skeiðahreppa frá 19. mars 1965 segi að afsalað sé „landspildu úr eignarjörð okkar, Ásólfstöðum í Gnúpverjahreppi“ en að svo búnu sé mörkum spildunnar lýst.

Ljóst sé af þessu að eigendur hafi talið sig vera að selja eignarland en ekki afrétt. Landamerkjabréf jarðarinnar sé frá 1890 og samþykkt vegna aðliggjandi jarða, þ.e. Haga og Skriðufells. Enginn samþykki hins vegar mörk jarðarinnar og afréttarins. Landamerkjum jarðarinnar hafi verið lýst einhliða tugi kílómetra inn á örfæfi og sé umrætt landsvæði allt um og yfir 400 m y.s. og hæst 500 m y.s. Engar heimildir séu til um að allt þetta land hafi tilheyrt jörðinni fyrir gerð landamerkjabréfsins. Ekki verði því séð að landamerkjabréfið byggji á eldra rétti. Landið megi einungis nota til sumarbeitar eins og sé um svipuð landsvæði. Land þetta hafi ekki verið numið í öndverðu og til frekari rökstuðnings fyrir því að land þetta geti ekki verið undirorpið beinum eignarrétti megi vísa til umfjöllunar og raka í málsástæðum að framan.

Hið sama gildi um fjallendi Skriðufells. Jarðirnar Ásólfstaðir og Skriðufell skeri sig úr hvað þetta varði frá öðrum fjalljörðum í Gnúpverjahreppi. Landamerki annarra fjalljarða séu í samræmi við landnámsmörk og eðlilegar hæðarlínur á óbyggðamörkum. Þá hafi afréttareigendur samþykkt landamerki þessara jarða. Engar skýringar séu á því hvers vegna svo mikill munur sé á jörðunum Skriðufelli og Ásólfstöðum annars vegar og öðrum fjalljörðum í Gnúpverjahreppi hins vegar að þessu leyti.

Íslenska ríkið krefjist þess að staðfestur verði beinn eignarréttur þess að heimalandi Skriðufells sunnan afréttargirðingar. Upphaflegt landamerkjabréf Skriðufells sé frá 1. mars 1890 og sé það einungis samþykkt vegna Ásólfstaða.

Fjalllendi þessara jarða skeri sig úr öðru afréttarlandi Flóa og Skeiða að því leyti að vitað sé hvornig það komst í eigu Afréttarmálaráðgjafarsins. Eignarhaldið byggist þannig á afsalsgerningum en á það sé bent að enginn öðlist meiri rétt en afsalsgjafi átti og gat framselt. Umrætt landsvæði skeri sig á ekki á annan hátt frá afréttarlandinu. Sömu rök og eigi við um afréttinn að öðru leyti hnígi því að því að telja land þetta til þjóðlendu.

Við munnlegan málflytning var á það bent að í ritgerð Bjarna Jónssonar frá Vogu, Afréttir og almenningar, sé fjallað um fjallendi Skriðufells. Þar sé vísað til rits Þorvaldar Thoroddsen, Lýsing Íslands III, þar sem segi að almenningar hafi verið í skógum fyrir norðan Skriðufell. Þá segi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 að nú sé almenningsafréttur á svæðinu milli Þjórsár og Fossár og vestur frá Fossá að Stóru-Laxá og sé engin önnur brúkun á þessum löndum. Sé þarna m.a. verið að fjalla um fjallendi Skriðufells og neðri hluta Flóa- og Skeiðamannaafréttar í Þjórsárdal og við Stóru-Laxá. Framangreindar heimildir bendi til þess að einkaeignarréttur að landi hafi verið fallinn niður á þessu svæði sem hafi verið numið í öndverðu.

Einnig kom fram að af hálfu ríkisins væri ekki fallist á þá skoðun að í þeim tilvikum er lönd jarða hafi verið lögð til afréttar leiki enginn vafi á um að viðkomandi afréttarland sé undirorpið beinum eignarrétti. Kanna verði hvort slíkt afréttarland hafi verið undirorpið beinum eignarrétti við framsal þess og hvort grunneignarrétturinn, hafi hann verið til staðar, hafi verið framseldur eða einungis beitarrétturinn. Ekki sé unnt að byggja á H 1971 1137 (Reyðarvatn II) sem fordæmi hvað þetta atriði varði.

7.3. Hinn eiginlegi Flóa- og Skeiðamannaafréttur

Engar heimildir séu til um nám þess lands sem nú teljist innan landamerkjalysingar afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Þvert á móti séu landnámsheimildir mjög glöggar og ljóst að allur afrétturinn sé utan þess lands sem numið var. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi byggðarmegin sé í samræmi við landnámsmörk.

Á það sé bent að landamerkjabréf sé fyrst og fremst afmörkun yfirráðasvæðis og geri íslenska ríkið ekki athugasemdir við mörk afréttarins. Þá sé þinglýsing ekki sönnun fyrir öðrum rétti en þeim sem þinglýst hafi verið og í umræddu tilfelli sé það yfirráðaréttur yfir afréttarlandsvæði.

Að því er varði það álitafni hvort mótmælalaus móttaka og þinglýsing landamerkjabréfa geti falið í sér samþykki af hálfu ríkisins á landamerkjalytingu jarða sé því til að svara að af Landmannaafréttardómi síðari megi ráða þá reglu að löggjafinn einn sé bær til að ráðstafa réttindum á landsvæðum utan eignarlanda. Af því leiði að athafnir eða athafnaleysi starfsmanna stjórnsýslunnar geti ekki leitt af sér slík yfirráð nema heimild í almennum lögum hafi verið fyrir hendi.

Gagnaðili íslenska ríkisins vitni máli sínu til stuðnings til fjölmarga samninga, sem gerðir hafi verið í upphafi aldarinnar, um kaup á landi og fossum á Gnúpverjaafrétti. Í fyrsta lagi sé um að ræða kaupsamning Einars Benediktssonar og nokkurra jarðeigenda í Gnúpverjahreppi um vatns- og vatnsaflsréttindi í Þjórsá árið 1917 svo og kaupsamninga Einars og Gnúpverjahrepps um fossa í Þjórsá árið 1914 og um fjöllin Búrfell og Skeljafell árið 1916.

Naudsynlegt sé að skoða þessa samninga í réttarsögulegu samhengi og í ljósi þeirrar umræðu sem átt hafi sér stað hér á landi í byrjun 20. aldarinnar um rétt ríkisins til landa utan eignarlanda lögbýla. Hafi þessi umræða átt sér stað vegna framlagningar frumvarps til vatnalaga. Sé vísað til niðurstöðu Bjarna Jónssonar frá Vogu í áliti til fossanefndar Alþingis, „Almenningar og afréttir“, og athugasemda með 2. gr. frumvarps til vatnalaga sem orðið hafi að lögum nr. 15/1923. Þar komi fram að ekki hafi þótt heppilegt að ákveða að ríkið ætti vatnsréttindi í afréttum og almenningum ef dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að lendur þessar eða sumar þeirra væru ekki ríkiseign heldur ein einstakra manna eða héraða.

Fyrirnefndir kaupsamningar um vatnsréttindi og fleira á Gnúpverjaafrétti hafi verið gerðir áður en um þessi mál hafi verið fjallað á Alþingi og áður en vatnalögin hafi verið sett en með þeim hafi

verið ákveðið að vatnsréttindi fylgdu eignarrétti að landi. Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að gjörningar þessir hefðu ekki verið gerðir án þátttöku ríkisins eftir lögtöku vatnalaga. Einnig megi benda á að kaup íslenska ríkisins á réttindum Titans a/s hafi átt sér stað árið 1952 en dómur Hæstaréttar í fyrra málinu um Landmannaafrétt hafi ekki fallið fyrir en 1955 en þar hafi eignarréttarkröfu afréttareigenda að afréttinum verið hafnað. Þannig sé ljóst að fyrrgreindir löggerningar hafi allir verið gerðir þegar alger réttaróvissa ríkti um eignarhald að afréttum og almenningum.

Að því er varði samninga um vikurnám á afréttinum megi á það benda að einungis einn þeirra hafi verið gerður með þátttöku ríkisins. Í þeim samningi sé íslenska ríkinu tryggð 70% af efnistökgjaldi. Samningurinn sé um efnistöku í eignarlandi Gnúpverjahrepps og svo í ríkislandi. Hafi ríkið með þessum samningi viðurkennt beinan eignarrétt Gnúpverjahrepps að þjóðlendu þá sé sú viðurkenning ekki bindandi svo sem rökstutt hafi verið fyrir þar sem einungis hafi verið talið heimilt að ráðstafa slíku landi með löggjöf fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Aðrir samningar, sem vísað sé til, séu einungis til vitnis um hverjum augum afréttareigendur hafi litið afréttarlandið en ekki sönnun um það hver eigi það.

Af hálfu afréttarhafa í síðara málinu um Landmannaafrétt hafi eignarréttarkröfur m.a. verið rökstuddar með því að vísa til svipaðra samninga og að ofan greinir. Málsástæðum, sem byggðu á samningum þessum, hafi verið hafnað í héraðsdómi. Ekki hafi verið talið að slíkir gerningar gætu verið grundvöllur eignarhefðar þótt þeim hefði verið þinglýst. Þá hafi ekki verið talið að ríkið hefði með kaupum á réttindum þeim, sem samningarnir fjölluðu um, viðurkennt beint eða óbeint eignarrétt hreppanna yfir afréttarlandinu.

Af hálfu íslenska ríkisins er á það bent að líklegt sé að fyrir lögtöku Jónsbókar hafi einstaklingum verið heimilt að setjast að í sameiginlegu landi og ryðja það til ræktunar. Við það hafi stofnast til eignarréttar að landi. Þegar búseta og afnot af landinu hafi lagst af sé talið að eignarréttur þessi hafi fallið niður. Ekki sé ólíklegt að eftir lögtöku Jónsbókar hafi í einhverjum mæli gætt slíkrar óheimillar töku lands sem hafi verið liðin.

Nokkrir fræðimenn hafi litið svo á að eignarréttindi að landi væru óbreytanleg. Hafi stofnast til beins eignarréttar að landi geti síðari eigandi ekki staðið uppi með einungis óbein eignarréttindi svo sem beitarrétt. Af hálfu íslenska ríkisins sé öndverðri skoðun haldið fram.

Talið sé að Þjórsárdalur hafi allur verið numinn og hafi þar verið mikil byggð en dalurinn hafi lagst í eyði í Heklugosi 1104. Eftir það séu ýmsar jarðir og kirkjustaðir taldir eiga skóga í dalnum. Þessi réttindi hafi líklega í upphafi einungis verið ítök í skógum jarða í dalnum því í Grágás og Jónsbók sé ekki gert ráð fyrir öðrum almenningsrétti til viðar en til reka. Þjórsárdalur sé gott dæmi um landsvæði þar sem beinn eignarréttur hafi fallið niður og eftir standi einungis ítök sem aðrir hafi átt í jörðunum.

Með dómi Lyfr. 21. júlí 1873 (Vilborgarkot) hafi ekki verið fallist á það sjónarmið að allt eignum endalaust land væri konungseign heldur hafi niðurstaðan verið sú að það væri almenningur. Í þessu sambandi er einnig vísað til H 1994 2227 (Geitland).

Afréttareigendur hafi ekki fært fram gögn því til stuðnings að eyðijarðir, sem verið hafi í byggð á 12. og 13. öld þar sem nú sé afréttur, hafi verið undirorpnar beinum eignarrétti og því síður hafi verið lögð fram gögn um hvernig beinn eignarréttur að jörðum þessum hafi yfirfærst til afréttarhafa. Í þessu sambandi megi benda á Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem fjallað sé um átta eyðijarðir sem liggja austan frá Þjórsá með fjöllum fyrir ofan Gnúpverjahrepp (Eystri-Hrepp). Þær séu sagðar eyðilagðar fyrir allra manna minni sem nú lifi og feðra þeirra. Enn fremur að öll þessi lönd séu nú almenningsafréttur milli Þjórsár og Fossár, Eystri-Hrepps og vestur frá Fossá að Stóru-Laxá Flóamanna og Skeiða, og sé engin önnur brúkun á þessum löndum.

Af hálfu íslenska ríkisins sé á það bent að af tilteknum nytjum megi greina hvernig eignarhald að landi sé. Land, sem nytjað sé til beitar og smalað að frumkvæði fjallskilastjórnar, sé að meginreglu þjóðlenda. Land, sem nytjað sé til búrekstrar með byggingum og öðrum mannvirkjum, sé hins

vegar eignarland. Afréttur Gnúpverja sé í flokki þess fyrrnefnda, þ.e. þjóðlenda. Af svæðinu hafi einungis verið beitarnot og skóga.

Af hálfu íslenska ríkisins sé talið að sá sem haldi því fram að tiltekið land sé eignarland beri sönnunarbyrðina fyrir því. Það land, sem ekki tekst að sanna að sé undirorpið beinum eignarrétti, sé þá þjóðlenda. Þessa reglu megi leiða af almennum reglum um sönnunarfærslu.

Við skoðun heimilda um umráð og nýtingu og önnur atriði sem máli skipti sé alveg ljóst að afréttur Flóa- og Skeiðamanna sé sams konar landsvæði og Landmannaafreitur. Um hann hafi Hæstiréttur sagt: „Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla, hafi tekið afréttarlandið til sumarþeirrar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar.“

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið sé því haldið fram að almenn rök og samfelld réttarþróun allt til þjóðlendulaga hafi leitt í ljós að íslenska ríkið sé eigandi að þessu afréttarsvæði sem hér sé til úrlausnar. Réttur þessi leiði til óskerts réttar íslenska ríkisins til hvers konar jarðefna og námuvinnslu, jarðhita, vatnsafls og hagnýtingar þess. Einnig umferðarréttar, fuglaveiða, dvalar og náttúruskoðunar fyrir landsmenn en að virtum einkarétti afréttareigenda til upprekstrar. Það liggja ljóst fyrir að réttarþróun að núverandi stöðu mála sé á þá lund að enginn hafi getað eignast grunnrétt að hálandissvæðum utan numdra landa. Við athugun á því hvað felist í hugtökunum almenn-ingur og afréttur séum við Íslendingar í þeirri einstæðu aðstöðu að hafa skjállegar frásagnir um það er Ísland var numið en þær séu taldar áreiðanlegar af sagnfræðingum. Samkvæmt þeim heimildum sé greint frá yfir 400 landnámu og sé hvergi getið um þau nema þar sem um sé að ræða eignarlönd sem síðar hafi verið byggð. Einnig sé talið áreiðanlegt að Jónsbók í núverandi afritum sýni hver lög voru látin gilda hér 1281. Þá sé einnig talið sannað að í Jónsbók verið tekin upp eldri ákvæði að miklu leyti óbreytt hvað landbúnað og landnot varði. Frá Jónsbók hafi öll réttarþróun verið á þá lund að eigna ríkisheildinni á hverjum tíma grunnrétt að löndum utan eignarlanda og þá þau réttindi sem grunnrétti fylgi. Þessi þróun felist m.a. í nýbýlatilskipun 1776, áliti landbúnaðarnefndar 1877, nýbýlalögum 1897, vatnalögum 1923, námulögum og síðar lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, t.d. áliti beggja hluta Fossanefndar 1917, náttúruverndarlögum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Nú á dögum verði einnig að taka tillit til nútímavíðhorfa réttarþjóðfélags. Í því tilliti beri að líta til þess grundvallaratriðis að ríki er óhugsandi nema það eigi landið undir sér og frumeignarréttur að landi sé ávallt á hendi ríkisheildarinnar en einkaeignarréttur sé innan þeirra marka sem beinar sannanlegar heimildir verði leiddar að. Verði íslenska ríkinu ekki úrskurðaður grunnréttur að þessu umdeilda afréttarsvæði séu ekki líkur til að annað land, sem líkt er á farið með, fái aðra meðferð og þá sé spurning hvort pláss sé fyrir ríkishugtök hér á landi.

8. SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.

8.1. Meginsjónarmið

Í greinargerð jarðeigenda o. fl. segir að með þjóðlendulögum sé í fyrsta skipti hér á landi ætlað að taka til heildarúrlausnar álitamál varðandi eignarrétt að afréttum og almenningum og lýsa þau svæði eign ríkisins sem falli utan eignarlanda. Um þessi hugtök hafi ríkt talsverð óvissa í fræðum og framkvæmd en meginsjónarmið um tilbrigði eignarréttar að landi fjarri byggð séu að mestu óumdeild. Úrlausn þessa ráðist af þeim eignarheimildum sem liggja til grundvallar eignarrétti í einstökum tilvikum. Hafa verði í huga framangreinda sérstöðu laganna þegar rætt sé um lagaleg sjónarmið að eignarrétti að þeim landsvæðum sem hér eigi í hlut og þá ekki síst fordæmisgildi einstakra dóma sem vísað hafi verið í og taldir séu rýra málstað þeirra sem telji til eignarréttinda á landi fjarri

byggð. Í dómsmálum þessum hafi verið tekið á ágreiningi í einstökum málum með þeim sérsjónarmiðum þar sem þar kunni að hafa átt við en eigi ekki á sama hátt við heildarendurskoðun á eignarrétti yfir landi eins og tilgangur þjóðlendulaga beri með sér. Beri því að vara við því að draga of víðtækar ályktanir af dómum Hæstaréttar í einstökum málum, sérstaklega refsímálum þar sem gæti sérsjónarmiða, m.a. um sönnun. Auk þess verði gildi dóma Hæstaréttar að ráðast af því hvort niðurstaðan í einstökum dómum byggist á traustri athugun og röksemdafærslu og hvort allar kröfur, sem máli skipti, hafi verið hafðar uppi í málinu. Þá veiki það mjög fordæmisgildi flestra dóma, sem gengið hafi, að ekki hafi verið tekið tillit til þess með hvaða hætti Mannréttindasáttmáli Evrópu verndi eignarréttinn með sjálfstæðum hætti.

Bent er á að eignarrétturinn sé varinn af íslensku stjórnarskránni. Við túlkun á eignarréttarákvæði hennar beri ekki eingöngu að taka mið af hefðbundnum lögskýringarsjónarmiðum að landsrétti heldur verði í einstaka tilvikum að skýra ákvæðið í samræmi við Mannréttindasáttmála Evrópu. Handhöfum ríkisvalds beri að taka tillit til ákvæða sáttmálans við beitingu valds sins. Aðildarríkin séu skuldbundin til að hlíta dómum Mannréttindadómstóls Evrópu og hafi því dómur hans þýðingu fyrir úrlausn mála á innlendum vettvangi sem varði þau réttindi sem sáttmálinn taki til.

Ákvæði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu tryggi friðhelgi eignarréttarins. Um eignarrétt geti verið að ræða í skilningi þessa ákvæðis þótt ekki hafi verið litið svo á af dómstólum viðkomandi ríkis. Í dómum Mannréttindadómstólsins hafi úrlausn um það hvort um eign sé að ræða í skilningi eignarréttarákvæðisins ráðist af því hvort rétt sé að líta svo á, miðað við öll atvik málsins, að viðkomandi hafi haft hagsmuna að gæta sem njóti verndar ákvæðisins. Verði þar að líta bæði til staðreynda og lagalegra atriða. Enginn vafi sé á að hér mundi skipta miklu máli hvernig farið hafi verið með verðmæti í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Einnig skipti máli afskipti og afskiptaleysi þeirra sem með ríkisvald hafa farið.

Jafnframt er bent á þýðingu jafnræðisreglunnar í máli þessu. Í fyrsta lagi sé gerð krafa um samkvæmni í kröfugerð íslenska ríkisins. Viðurkenni ríkið eignarland í einu máli verði það sama að gilda um sams konar land í öðru máli. Krafan um samkvæmni í kröfugerð íslenska ríkisins byggist á því að ekkert land verði úrskurðað þjóðlenda nema krafa sé um það gerð, sbr. athugasemdir í greinargerð með 11. gr. þjóðlendulaga. Í öðru lagi hafi jafnræðisreglan þýðingu í þjóðlendumálum á þann veg að sambærileg mál verði að hljóta sömu úrlausn.

Í beinum eignarrétti felist heimild til að ráðstafa líkamlegum munum eins og fasteignum með þeim takmörkunum sem leiði af lögum og takmörkuðum eignarréttindum annarra. Eigandi verði að hafa ákveðin yfirlit yfir fasteigninni og þau geti verið raunveruleg og réttarleg. Eigendur þeirra fjallajarða, sem um ræði í máli þessu, eigendur jarða í hreppnum og Gnúpverjahreppur, hafi bæði haft raunveruleg og réttarleg yfirlit yfir þeim fasteignum sem um sé deilt í máli þessu.

Jarðeigendur o. fl. telji til eignarréttar yfir Flóa- og Skeiðamannaafrétti, en hann ráðist af landamerkjum, sem grein sé gerð fyrir í kaflanum um kröfugerð aðila. Grundvallarreglan sé sú, að sá sem telji til eignarréttinda yfir landi verði að byggja rétt sinn á eignarheimild. Þær eignarheimildir, sem hér skipti meginmáli, séu samningar, þ. á m. afsalsgerningar, hefð, venjuréttur og nám. Sá sem haldi fram eignarheimild sinni að landsvæði geti stuðst við fleira en eina eignarheimild. Áhersla sé lögð á að við skýringu og mat á gildi tiltekinnar eignarheimildar komi fleiri atriði til greina en eignarheimildin ein út af fyrir sig. Þá sé bent á að ein eignarheimild geti stutt aðra.

Nám sé frumstofnun eignarréttar að landi en sé úr sögunni sem eignarheimild. Ljóst sé að landnámið hafi verið víðfeðmt og að um nám til eignar hafi verið að ræða. Landnámið sem eignarheimild styðji þá skoðun að eignarland jarða geti verið víðlent. Engar heimildir séu til fyrir svokölluðu afnotanámi eins og gefið sé í skyn í greinargerð ríkisins. Nám geti þó enn haft þýðingu sem stuðningur við aðrar eignarheimildir eða þeim til skýringar. Sérstaklega komi það til greina um landfræðileg mörk eignarlands. Margt sé þó á huldu um nám sem eignarheimild og hvaða reglur hafi gilt um það.

Hefð sé eignarheimild að íslenskum rétti og felist í umráðum sem varað hafi vissan tíma og sem verði að uppfylla tiltekin skilyrði. Hér komi til athugunar hverja þýðingu hefð hafi sem eignarheimild fyrir eignarréttindum að landi fjarri byggð. Af hefðarlögum sjálfum og dómum Hæstaréttar, sbr. H 1955 108 (Landmanna-afréttardómurinn fyrri) sé ljóst að eignarhefð verði unnin á landi, sem er í afréttareign, sé skilyrðum hefðar á annað borð fullnægt. Þá verði einnig stofnað til takmarkaðra eignarréttinda yfir landi í afréttareign með afnotahefð.

Venjuréttur sé skyldur hefð en þurfi ekki að uppfylla hin sérstöku skilyrði hefðar. Lítil gaumur hafi verið gefinn að venjurétti sem grundvelli eignarheimilda. Gildi eignarheimilda geti byggst á venjurétti. Fyrst megi nefna að þegar ákvæði samninga, þar á meðal afsalsgerninga, hafa verið lögð til grundvallar í lögskiptum um langan tíma mótist venjuréttur. Með landamerkjälögum nr. 6/1882 og 41/1919 hafi verið lögskipað að landeigendur skyldu gera merki um lönd sín, halda merkjum við og gera landamerkjaskrá fyrir hverja jörð. Tilgangur laganna hafi verið að koma fastri og áreiðanlegri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll. Til landamerkjabréfa hafi verið stofnað í upphafi sem ótvíræðra gagna um eignarréttindi og síðan hafi verið byggt á þeim í lögskiptum sem fullgildum og áreiðanlegum gögnum um eignarlönd og mörk þeirra. Þetta leiði ótvírætt til venjuréttar um það að landamerkjabréf séu almennt fullgildar heimildir um eignarlönd og merki þeirra. Staðhæfingum í greinargerð fjármálaráðuneytis í aðra átt sé afdráttarlaust mótmælt. Land margra jarða sé viðáttumikið, sérstaklega þeirra jarða, sem liggja að heiðum og fjallendi. Venjuréttur geti einnig stutt kröfur um viðurkenningu víðlendra heimalanda jarða.

Með hliðsjón af framangreindum eignarheimildum í íslenskum rétti verði nú færð rök fyrir eignarréttindum jarðeigenda og fleiri að afrétti Flóa- og Skeiðamanna.

8.2. Rök er varða aðild málsins

Allar jarðir hreppanna í Flóa og á Skeiðum séu aðilar að málinu þar sem gengið sé út frá því að Flóa- og Skeiðamannaafréttur sé fullkomið eignarland sem sé í sameign jarðanna, a.m.k. flestra. Um það hvort einstakar jarðir eigi réttindi, hvers eðlis eða hvar á afréttinum réttindin séu, sé mál sem ekki sé til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd nema hún telji að ekki sé um fullkomið eignarland að ræða. Telji nefndin að ekki sé um fullkomið eignarland að ræða falli allar kröfur um bein og óbein eignarréttindi einstakra jarða undir gerðar ýrustu kröfur. Upprekstrarfélag Flóa- og Skeiðahreppa sé einnig aðili þar sem ekki sé útilokað að stofnast hafi bein eða óbein eignarréttindi sem félagið eigi sérstaklega. Þá hafi félagið verið í fyrirsvari landeigenda vegna afréttarins, t.d. vegna ýmissa lögskipta sem snerti afréttinn og þinglýsingu landamerkja.

8.3. Rök fyrir fullkomnu eignarlandi

8.3.1. Landamerkjälýsing

Á manntalsþingum rétt fyrir aldamótin síðustu hafi landamerkjum afréttarins verið þinglýst. Hafi þetta verið gert í tilefni af landamerkjälögum nr. 5/1882 sem kveðið hafi á um skyldu landeigenda til þess að lýsa merkjum landareigna sinna. Hafi merkjum þá verið lýst í samræmi við það sem verið hafði og séu þau glögg og nákvæm og hafi sátt ríkt um þau alla tíð bæði hvað varði aðliggjandi afrétti og lönd einstakra aðliggjandi jarða. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af sýslumanni við þinglýsinguna eða eftir gildistöku laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl., eða öðrum hvað snerti landamerkin eða eignarráðin. Þurfi því eigendur afréttarins ekki að þola það síðar að eignarréttur þeirra á afréttinum verði skertur með einhverjum hætti enda hafi tilgangur laganna verið sá að koma fastri og áreiðanlegri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll.

Ríkið hafi hingað til ekki séð tilefni til athugasemda við þinglýst landamerki þrátt fyrir skýr ákvæði landamerkjälaga um frumkvæði og eftirlit af þess hálfu í þessum efnum, sbr. landamerkjälög nr. 19/1919, sbr. áréttingu í lögum nr. 92/1991 um breytingu á landamerkjälögum. Þessi afstaða renni frekari stoðum undir eignarrétt jarðeigenda og fleiri bæði fyrir hefð og venjurétt.

Landamerkjaskrárnar séu skilríki sem landeigendur hafi fengið fyrir eignum sínum. Löggin hafi verið sett til að ákvarða mörk eignarlanda hvort sem þau voru afréttur eða ekki. Landamerkjaskráin sé eignarheimild og byggji jarðeigendur og fleiri eignarréttarkröfur sínar beint á henni en einnig sé hún öflugur stuðningur við aðrar eignarheimildir, sérstaklega eignarhefðina. Hvaða skoðanir sem menn kunni að hafa á því hvernig eignarhaldi á afréttinum hafi verið háttað fyrir landamerkjalöggin frá 1882 sé víst að ef breyting hafi þá orðið á réttarskipaninni verði henni ekki vikið til hliðar eftir svo langan tíma. Réttarskipan þessi hafi fest sig í sessi og reyndar sé hún í samræmi við það eignarhald sem verið hafi á afréttinum þegar landamerkjalöggin voru sett.

Það sé ríkjandi réttarskoðun jarðeigenda í Flóa og á Skeiðum og viðsemjenda afréttareigenda, bæði opinberra aðila og einstaklinga, að afrétturinn sé fullkomið eignarland jarðeigenda í Flóa og á Skeiðum. Þetta megi greina í öllum samningum sem gerðir hafa verið um afréttinn eða hluta hans. Ríkjandi réttarskoðun sé ein af þeim lögmætu rökum sem líta megi til þegar meta eigi hvernig eignarrétti sé háttað að landi.

8.3.2. Afsalsgerningar

Fjölmargir samningar hafi verið gerðir í upphafi aldarinnar um kaup á landi og fossum í eigu Gnúpverja á Gnúpverjaafrétti, sumt langt inni á afréttinum. Megi þar nefna Háva foss og Hjálparfoss í Fossá en Fossá hafi þá ráðið landamerkjunum milli Gnúpverjaafréttar og Flóa- og Skeiðamannaafréttar. Ekki hafi enn fundist samningar við eigendur Flóa- og Skeiðamannaafréttar vegna sölu fossanna en til sé afturköllun umboðs frá hreppsnefnd Skeiðahrepps og sýni það að umboð hafði verið gefið til sölnnar. Titanfélagið hafi síðan afsalað íslenska ríkinu öllum réttindum sínum með kaupsamningi frá 8. júní 1951.

Af þessum gerningum megi sjá að litið hafi verið á afréttinn sem fullkomið eignarland enda um einkaréttarlega samninga að ræða. Ef litið hefði verið á afréttinn þannig að aðeins hefði verið um takmarkaðar nýtingarheimildir að ræða þá hefði ekki verið grundvöllur fyrir slíkum samningum og eigendur afréttarins ekki með heimild til að standa að löggerningum sem þessum. Með sama hætti hafi ríkisvaldið litið á þetta land sem fullkomið eignarland enda hafi það engar athugasemdir gert við aðildina þegar það keypti öll eignarréttindin af Titanfélaginu.

Árið 1938 hafi Skógrækt ríkisins selt hreppsnefndum Flóa- og Skeiðahreppanna allar heiðar og öll lönd Skriðufells sem legið hafi að afréttinum. Hafi þessi lönd legið mjög innarlega og mun innar en mörg þekkt eyðibýli sem hafi verið innan marka afréttarins og séu því líkur fyrir að þau hafi einnig verið fullkomin eignarlönd svo og önnur lönd sem liggja á svipuðu svæði. Ríkisvaldið hafi talið sig í skjóli eignarheimilda sinna geta ráðstafað þessu landi. Geta verði þess að ríkið hafi þurft að hafa sömu heimildir og hver annar til sölu lands og það að Flóa- og Skeiðamenn létu land neðst í byggð í staðinn bendir til að þeir hafi litið svo á að um fullkomið eignarland hafi verið að ræða.

Árið 1965 hafi þeir Ásólfr Pálsson og Stefán Pálsson selt Afréttarmálafélaginu 1.000 hektara landspildu Ásólfstaða ofan afréttargirðingarinnar fyrir 100.000 kr. Hafi sú samningsgjörð farið fram 19. mars 1965 og sé hún þinglýst í veðmálabókum Árnessýslu.

Bent sé á að það séu takmörk fyrir því að ríkið geti vefengt þessa samninga löngu síðar. Ríkið verði að sæta sjónarmiðum um hefð, venjurétt og almennum reglum um áhrif og þýðingu aðgerðarleysis. Lögð sé áhersla á að afsalsgerningar marki tvímælalaust grundvöll eignarréttar fyrir hefð og uppfylli grundvallarskilyrði hefðar, þ.e. umráða.

8.4.3. Eyðijarðir

Til séu heimildir um margar jarðir innan marka Flóa- og Skeiðamannaafréttar sem verið hafi í byggð milli 1100-1300 en lagst í eyði, m.a. vegna vikurfalls frá Heklu. Umræddar jarðir, þ.e. Áslákstungur, Fagriskógur, Berghálsstaðir, Reykholt og Grímsstaðir séu allar innan afréttarmarkanna og sumar langt inni á afréttinum. Ekki séu rök til annars en að telja að þessar jarðir hafi verið full-

komin eignarlönd og sýni það að framanverður afrétturinn hafi verið byggður og í einkaeign. Enga þýðingu hafi fyrir eignarhaldið nú hvert eignarrétturinn fluttist þegar umrædd býli fóru í eyði. Það sem ráði úrslitum sé að landeigendur í Flóa og á Skeiðum hafi haft eignarhald á þessu svæði frá ómunatíð. Nýting afréttarins sé eðlilegt framhald á nýtingu eigenda eyðijarðanna enda yfirgnæfandi líkur á því að þeir hafi nýtt landsvæðið sjálfir eftir að þeir fluttust neðar í byggðina eða veitt öðrum heimild til þess.

8.3.4. Nýting

Á afréttinn hafi verið litið og farið með sem fullkomið eignarland. Af gögnum og almennri vitneskju um búskaparhætti megi ljóst vera að frá upphafi hafi afrétturinn m.a. verið nýttur sem beitiland fyrir búfénað og hafi eigendur sjálfir, án aðstoðar, innt af hendi öll lögformleg fjallskil. Þá hafi afrétturinn verið nýttur til skógarhöggs, grasatekju og veiða. Í 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 53/1957, hafi verið ákvæði þess efnis að ekki mætti leigja eða ráðstafa veiði í vötnum á afréttum nema veiðifélag væri stofnað við slík vötn. Flóa- og Skeiðamenn hafi ekki gengið inn í veiðifélag fyrir en 1961 en þá hafi þeir orðið hluti af Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga. Áður hafi þeir leigt einstaklingum veiðiréttinn með samningum. Sýni þetta að Flóa- og Skeiðamenn hafi talið sig fullkomlega bæra til að ráðstafa veiðiréttinum með þessum hætti. Tilvitnað ákvæði í lax- og silungsveiðilögunum hafi því ekki þótt eiga við.

Síðar hafi nýtingin á afréttinum orðið fjölbreyttari og hafi hann alltaf verið nýttur eftir því sem tilefni hafi gefið til. Þessu til stuðnings megi nefna dæmi um ýmis lögskipti sem snerti afréttinn, t.d. áður nefnda samninga um Hjálparfoss og Hávaafoss. Af skjölum málsins megi sjá að alltaf hafi verið litið svo á að eigendur afréttarins hefðu fullar heimildir til þess að ráðstafa landinu og gera samninga um einstök réttindi. Fjölmargir samningar hafi t.d. verið gerðir um vikurnám. Fyrstu samningarnir séu a.m.k. frá 1965 og allar götur síðan, m.a. frá 1966, 1977, 1985, 1990 og 1995. Í þeim sé gert ráð fyrir að um eignarland sé að ræða og engar athugasemdir gerðar af ríkinu eða öðrum vegna hugsanlegrar vanheimildar til að ráðstafa þessum eignarréttindum. Námulög, nr. 24/1973, geri hins vegar ráð fyrir að ríkið eitt eigi rétt til jarðfna ef land er ekki fullkomið eignarland.

Allir þessir samningar hafi verið gerðir eftir að landamerkjaskrá afréttarins lá fyrir og megi því af því ráða að eigendur afréttarins hafi hlotið að líta á annað land afréttarins sömu augum. Ljóst sé, ekki síst eftir að ríkið sjálft varð aðili að þessum samningum, að landeigendur hafi mátt vænta þess og treysta því að geta gert lögmæta samninga um ráðstöfun á eignarréttindum sínum á afréttinum. Þeir þurfi því ekki að una því að eignarréttur þeirra verði skertur nú með einhverjum hætti. Bent sé á að lögmætar væntingar séu varðar með eignarréttarákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og að skoða verði H 1981 1584 (Landmannaafréttur II) með hliðsjón af dómaframkvæmd Mannréttinda-dómstóls Evrópu.

Af þessum samningum megi sjá að litið hafi verið á afréttinn sem fullkomið eignarland og hann nýttur eftir því sem tilefni hafi gefist til. Lögð skuli áhersla á að ekki verði gerðar eins strangar kröfur til stofnunar eignarréttar fyrir hefð þegar um sé að ræða land sem tvímælalaust hefur verið eignarrétti háð. Tekin hafi verið dæmi um lögskipti vegna fossa sem liggja mjög langt inni á afréttinum og sýni það og ekkert sem bendi til annars en að landeigendur hafi talið sig rétta aðila til að standa að samningum um eignarréttindi hvar sem var á afréttinum. Engar nytjar eða önnur afskipti hafi verið af hálfu ríkisins eða annarra aðila. Nýting afréttarins renni þannig traustum stöðum undir eignarrétt fyrir venjurétt og hefð.

Bent sé á að lög og reglur um fjallskil taki aðeins á einu tilteknu atriði, þ.e. notkun afrétta sem beiti- og upprekstrarlands og stjórnunar þeirrar nýtingar. Af lögunum sjálfum verði hins vegar lítið ráðið um eignarhald á afréttum eða um réttindi til þeirra, önnur en beitarréttindi. Fara verði mjög varlega í að álykta um eignarráðin út frá afréttarmálefnum. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur) hafi

verið stuðst við upplýsingar um fjallskil, einfaldlega vegna þess að þeir sem tilkall hafi gert til af-réttarins hafi ekki í neinu sinnt afréttarmálum þar. Annað gildi um afrétt Flóa- og Skeiðamanna en þeir hafi smalað allan afrétt sinn sjálfir.

Litið hafi verið á aðliggjandi afrétti, Gnúpverja- og Hrunamannaafrétt, sem fullkomið eignarland. Rök, sem hnígi að því að telja afrétti þessa fullkomið eignarland, séu því einnig til stuðnings að telja Flóa- og Skeiðamannaafrétt undirorpinn beinum eignarrétti.

8.5. Hefð og venjuréttur

1. gr. hefðarlaga sé í fyrsta lagi ætlað að taka af öll tvímæli um það að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem eðli sínu samkvæmt eru ekki eignarhæf. Í öðru lagi sé henni ætlað að taka af tvímæli um að hefð verði unnin á hlut þótt hann hafi áður verið opinber eign. Tvímælalaut sé að land sé eignarhæft í skilningi hefðarlaga og úr því að hefðarlögin heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun frekar hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti háð. Þá sé ljóst af H 1955 108 (Landmannaafréttur I) að eignarhefð verði unnin á afréttarlandi ef skilyrðum hefðar er á annað borð fullnægt.

Helstu þættir eignarhalds og skilyrði hefðar séu virk yfirráð eignar, bein hagnýting án lög-gerninga, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila og krafan um einkaeignarhald, þ.e.a.s. útilokun annarra. Vægi einstakra þátta sé oft mismunandi eftir því um hvers konar eign sé að ræða. Eindregin vísbending eins þáttar um að hefðandi fari fram sem eigandi geti leitt til þess að ekki sé ástæða til að gera eins strangar kröfur til annarra þátta.

Að því er varði skilyrðið um beina hagnýtingu eignar án löggernings skipti máli til hvaða nota verðmæti gefi tilefni til. Þröng not geti nánast verið tæmandi miðað við þá kosti sem til staðar séu og geti þá takmörkuð not talist eignarhald.

Sem dæmi um ráðstafanir að lögum sé makaskiptasamningur Flóa- og Skeiðamanna á fjalllendi neðst á afréttinum, svonefndum „Vikrum“, og fjalllendi Skriðufells, afsalsgerningar um fossa á af-réttinum, samningar um veiði í Stóru-Laxá og samningur ábúanda Skáldabúða og Flóa- og Skeiðamanna um slægjur í svonefndum Eysteinsvötnum.

Auk ofangreindra ráðstafana að lögum megi nefna ummæli í greinargerð með hefðarlögum þar sem segi „... að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkvæmt landamerkjalögum 17. mars 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið og víðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður sem menn höfðu á móti hefðinni.“

Hvað varði skilyrði um viðhorf hefðanda og annarra hafi Flóa- og Skeiðamenn ávallt litið á og farið með afréttinn sem eignarland. Þá hafi viðsemjendur Flóa- og Skeiðamanna, m.a. íslenska ríkið, aldrei efast um heimild þeirra til ofangreindra ráðstafana.

Í 6. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 komi fram að eignarhefð geti unnist þrátt fyrir not eða takmörkuð eignarréttindi annarra en hefðanda. H 1955 108 (Landmannaafréttur I) endurspeglir það skilyrði hefðar að eignarhald verði að vera afdráttarlaust ef það eigi að leiða til eignarhefðar. Um eignarhald sé því ekki að ræða ef not og aðrar ráðstafanir ganga ekki lengra en hefðanda sé heimilt samkvæmt réttindum sem séu þrengri en eignarréttur. Í máli þessu hafi aðstaðan verið sú að hefðendur hafi haft not afréttar sem Hæstiréttur taldi ekki hafa gengið lengra en réttarreglugerð og venjur um afrétti sögðu til um. Notin hafi því ekki gefið til kynna að hefðendur hefðu farið fram sem eigendur afréttarlandsins. Not Flóa- og Skeiðamanna af afrétti sínum hafi hins vegar náð langt út fyrir það sem venja sé að telja til afréttarnota einna saman.

Með hliðsjón af ofangreindu sé ljóst að eignarhald Flóa- og Skeiðamanna á afrétti sínum fullnægi skilyrðum um afdráttarlaust eignarhald.

Það að byggt hafi verið á landamerkjabréfum í lögskiptum sem fullgildum og áreiðanlegum gögnum um eignarlönd og mörk þeirra, leiði til venjuréttar um að landamerkjabréf séu almennt fullgildar heimildir um eignarlönd og merki þeirra. Ekki fari á milli mála að skjalfærðar merkjalýs-

ingar jarða hafi öldum saman verið lagðar til grundvallar um merki jarða bæði í lögskiptum einstaklinga sín á milli og í skiptum jarðeigenda við ríkið og aðra opinbera aðila. Eigi það ekki síst við um landamerkjabréf samkvæmt landamerkjälögnum frá 1882 og 1919, þann tíma sem liðinn sé frá gildistöku þeirra laga. Hafi einkaaðilar og opinberir aðilar, t.d. hvað varðar afréttarmálefni og fasteignamat, óvirklegt gengið út frá gildi þessara gagna um sönnun fyrir merkjum.

Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Það samrýmist ekki þessari grundvallarreglu réttarríkisins að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Gildi þessara gagna eigi sér örugga stoð í venjurétti sem byggist á fastmótuðum viðhorfum og viðskiptavenjum. Bent sé á að gengið sé út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum með 5. gr. Þjóðlendulaga.

8.6. Ásólfstaðir og Skriðufell

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er bent á að Þjóðlendulínu ætti a.m.k. að draga fyrir utan landamerkjalyásingar fjallajarðanna, þ. á m. Ásólfstaða og Skriðufells. Sá hluti Skriðufells, sem íslenska ríkið geri kröfu um að teljist Þjóðlenda, sé það gagngjald sem ríkið (Skógrækt ríkisins) hafi innt af hendi í makaskiptum við Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða en ríkið hafi fengið land í Þjórsárdal í staðinn. Sá hluti Ásólfstaða sem krafist sé af hálfu íslenska ríkisins að verði Þjóðlenda sé það land sem Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða hafi keypt af eigendum Ásólfstaða.

Áður en þessi kaup hafi átt sér stað hafi það verið landamerki jarðanna sem ráðið hafi mörkum milli þeirra og afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Eftir kaupin hafi Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða lagt hið keypta land til afréttarins og eftir það hafi því afréttargirðingin ráðið mörkum afréttarins, suðurmörkum. Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða hafi gert þetta í umboði landeigenda í hreppnum og eigi þeir landið með öllum gögnum og gæðum.

Landamerkjaskrárnar fyrir Ásólfstaði og Skriðufell séu ekki vottaðar af eigendum aðliggjandi jarða, aðeins af eigendum hvorrar annarrar. Hafi því vantað upp á að gætt hafi verið formreglna við gerð landamerkjaskrárna og sýslumaður ekki sinnt eftirlitsskyldu sinni að þessu leyti þar sem þeim hafi verið þinglýst án þess að gengið væri eftir þessu. Það að eitthvað hafi vantað upp á formið við gerð skrána geti ekki haft nein áhrif í dag. Langt sé um liðið og farið hafi verið eftir þessum merkjum og gengið út frá þeim í öllum viðskiptum. Auðvitað sé það sérstök regla sem gæta þurfi að til að traust og festa í lögskiptum haldist. Hafi eitthvað verið athugavert við lýsinguna þá hafi borið að leiðrétta það á sínum tíma eins og lögin hafi gert ráð fyrir. Auðvitað sé ekkert við því að gera í dag hafi þessu ekki verið sinnt þá. Verði að álykta sem svo að sýslumaður hafi ekki séð neitt athugavert við þessar lýsingar. Engin gögn né vitneskja séu um að menn hafi vefengt eða efast um hvernig mörk þessara jarða voru.

Þá verði ekki séð að landamerkjalyásingar jarðanna séu ótrúverðugar og ekkert sem bendi til þess að menn hafi verið að lýsa meiru en þeir áttu. Ef svo væri þá hefðu menn gert athugasemdir, munnlegar eða skriflegar. Jarðirnar hafi verið landstórar og þeim mun landstærri eftir því sem undirlendi þeirra var minna og þannig hátti einmitt til á jörðunum Ásólfstöðum og Skriðufelli. Þegar litið sé á legu þeirra komi í ljós að þær liggja samsíða Þjórsárdal. Ekkert ósamræmi sé í landamerkjalyásingu þeirra miðað við aðrar fjallajarðir. T.d. teygir jörðin Laxárdalur sig í svipaða átt og Skriðufell. Af hálfu íslenska ríkisins hafi landamerki allra fjallajarðanna í Gnúpverjahreppi verið viðurkennd að undanskildum jörðunum Skriðufelli og Ásólfstöðum. Sérstakur rökstuðningur þurfi að koma fram fyrir því af hverju sömu sjónarmið eigi ekki við um landamerki þessara jarða og annarra jarða í hreppnum.

Víða séu til víðáttumikil heimalönd sem lögð hafi verið til afréttar og þó verið talin undirorpin beinum eignarrétti, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn). Að því er Skriðufell varði skipti það máli að um var að ræða ríkisstofnun sem var viðsemjandi. Hljóti menn að eiga að geta treyst því að ríkið hafi heimild til þess að ráðstafa því sem þeir afsala. Jafnvel þótt ríkið hafi ekki haft heimild til að

selja hluta Skriðufells þá hafi sú réttarstaða mótast á þeim langa tíma sem liðið hafi að þetta sé eignarland og verði því ekki breytt nú. Hið sama eigi við um land Ásólfstaða. Um þetta álitafni megi vísa til réttarframkvæmdar norsku háfjallanefndarinnar og 1. gr. viðauka við mannréttinda-sáttmála Evrópu eins og ákvæðið hefur verið túlkað af Mannréttindadómstólnum.

Að því er varði Skriðufell og Ásólfstaði sé vísað til umfjöllunar að framan um landamerkjalog-in og tilgang þeirra, svo og um aðrar eignarheimildir, s.s. hefð og venjurétt.

Til stuðnings öðrum eignarheimildum sé á það bent að lýsing Landnámu á landnámi í Þjórsárdal og Gnúpverjahreppi bendi til þess að land það, sem hér um ræði, hafi verið numið í öndverðu. Þá sé á það bent að landnám hafi oft verið mjög stór og náð langt inn til landsins, t.d. í Borgarfirði. Lýsing Landnámu útiloki það ekki að allt það svæði, sem til umfjöllunar sé í máli þessu, hafi verið numið og heimildir bendi til þess að byggð hafi náð langt inn til heiða.

8.7. Lagarök

Sá sem dragi í efa gildi eignarheimilda, svo sem afsala og landamerkjaskráa, beri alfarið sönnun-arbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Ekki hafi verið gerðar strangari kröfur til upplýsinga, gerðar eða frágangs eignarheimilda eftir því hvar landsvæðið er. Sé því hafnað öllum sjónarmiðum um að eignarheimildir, sem t.d. séu í gildi um Gnúpverjaafrétt, hafi einhverja minni þýðingu en viður-kennt yrði á öðrum löndum eða landsvæðum og að sama skapi hafnað öllum kröfum um að gera beri meiri kröfur til sönnunar um eignarrétt landa sem byggji á lögformlegum eignarheimildum, svo sem afsöllum og landamerkjaskráum eftir því hvar þær liggja.

Landamerkjalog nr. 5/1882, einkum 1.-4. gr. og lög nr. 41/1919, um landamerki o.fl., einkum 1.-4. gr. Námulög nr. 24/1973. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, einkum 7., 12. og 17. gr. Meginreglur eignarréttar og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinna.

9. SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR

Af hálfu Landsvirkjunar er á það bent að á hinu tilgreinda landsvæði reki fyrirtækið sín stærstu orkuver og mannvirki sem þeim tengist svo sem stíflur, uppistöðulón, vatnsvegi, háspennulínur, spennuvirki svo og ýmis önnur mannvirki sem tengist starfsemi þess. Tilgangur Landsvirkjunar sé meðal annars að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðju-fyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafi ekki milligöngu um slíka raforkusölu, að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins og að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar, sbr. 2. grein laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Landsréttindi, vatnsréttindi (fallréttindi), heimildir til byggingar og reksturs orkuvera og mannvirkja sem þeim eru tengd, þar með talið uppistöðulóna, stíflna, vatnsvega, miðlunarmannvirkja, orkuflutningslína, spenna- og rofavirkja og hvers kyns annarra mannvirkja á hinu auglýsta land-svæði byggist annars vegar á sameignarsamningi, dags. 1. júlí 1965, milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun og hins vegar einkum á lagaheimildum og virkjunar- og framkvæmdaleyfum ráðherra fyrir hverja einstaka virkjun svo og samningum við sveitarfélög og einstaklinga svo sem rakið er í kröfugerð.

Landsvirkjun leggi áherslu á að fyrirtækið sé eigandi allra vatnsréttinda og nauðsynlegra lands-réttinda á vatnasvæði Þjórsár ofan ármóta hennar og Fossár og krefst þess að það verði viðurkennt af óbyggðanefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Það feli í sér að þrátt fyrir að leyfi forsætisráðherra skv. 2. mgr. 3. gr. þjóðlendulaganna þurfi vegna nýrrar nýtingar vatnsréttindanna og meðfylgjandi landsréttinda á svæðinu, sbr. skjal nr. 45 (Vatnsfellsvirkjun á Holtamannaafretti),

þá sé ekki heimilt að ákvarða endurgjald skv. 4. mgr. sömu greinar fyrir nýtingu þeirra réttinda sem Landsvirkjun hafi nú þegar, þ.e. öll vatnsréttindi og nauðsynleg landsréttindi á Þjórsásvæðinu, ofan ármóta við Fossá, sbr. 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaganna.

Með lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, hafi verið ákveðið, sbr. 1. gr. laganna, að ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur settu á stofn virkjanafyrirtæki er nefnist Landsvirkjun. Í 4. gr. laga nr. 59/1965 komi fram að Landsvirkjun taki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og í Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell. Í 5. gr. laganna hafi verið kveðið á um að ríkið og Reykjavíkurborg leggðu Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir þær og réttindi sem tiltekin voru í 4. gr.

Í 6. gr. laga nr. 59/1965 sagði: „Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 þús. kW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar.“

Með lögum nr. 37/1971 hafi verið gerð breyting á Landsvirkjunarlögum sem hafi m.a. falið í sér að við 4. grein laganna hafi verið bætt nýrri málsgrein, svohljóðandi: „Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.“ Þá hafi verið bætt inn í lögin nýrri grein í stað 6. greinar, sbr. 4. gr. laga nr. 37/1971, svohljóðandi:

„Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.“

Landsvirkjun hafi jafnframt verið heimilað í 2. mgr. 6. gr. l. nr. 59/1965, sbr. 4. gr. l. nr. 37/1971, að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þættu til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nái heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvisl og að veita Köldukvisl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur sé Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisafstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Með lögum um Landsvirkjun, nr. 42 frá 23. mars 1983, hafi eldri lög um Landsvirkjun verið felld úr gildi. Í 1. grein hinna nýju laga voru tekin upp ákvæði um breytta eignaradild að fyrirtækinu sem frá þeim tíma sé sameignarfyrirtæki ríkissjóðs (50%), Reykjavíkurborgar (44,525%) og Akureyrarbæjar (5,475%).

Í 4. gr. laga nr. 42/1983 segir að Landsvirkjun sé eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hafði eignast fyrir setningu laganna. Þá segir í 5. gr. að ríkissjóður, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafi lagt Landsvirkjun til stofnframlög, sbr. 4. gr., og sameignarsamning aðila frá 27. febrúar 1981.

Lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, hafi verið breytt með lögum nr. 74/1990, um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl. Með breytingu þessari hafi Landsvirkjun verið heimilað að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl og að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl. Þá hafi með lögum þessum verið gerð sú breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, að á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna hafi verið bætt við tveimur nýjum mgr., svohljóðandi:

„Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981, eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga; Búrfellsvirkjun, með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun, með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun, með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun, með allt að 200 MW afli, Kröfluvirkjun, með allt að 60 MW afli.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsásvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.“

Landsvirkjun hafi látið gera áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggi fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá. Áætlunum þessum sé lýst í skýrslu, Efri-Þjórsá, samanburður virkjunarkosta, dags. í desember 1992.

Hrauneyjafosslína (220 kV) liggi frá mörkum Gnúpverjahrepps í Fossá vestur að mörkum við Hrunamannahrepp í Stóru-Laxá. Lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé í lögum nr. 37/1971. Iðnaðarráðherra hafi veitt leyfi fyrir línunni 30. desember 1976.

Fyrirhuguð Sultartangalína (400 kV) sé háspennulína frá Sultartangavirkjun að aðveitustöð Landsvirkjunar við Brennifel í Hvalfirði. Á því landsvæði sem um ræði muni línan liggja samhliða Hrauneyjafosslínu. Almenna lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé að finna í lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

Af hálfu Landsvirkjunar sé tekið fram að fyrirtækið mótmæli öllum kröfum um að ríki, sveitarfélög, aðrir lögaðilar eða einstaklingar eigi beinan eignarrétt að afréttarlandi nema þeim sem kröfuna hafi uppi takist að sanna fullkominn eignarrétt. Að öðrum kosti teljist afréttarland vera þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvirkjun eigi og reki allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar í Árnessýslu til mælinga á vatnshæð, veðri og isingu. Landsvirkjun krefjist þess að landsréttindi og umferðarréttindi, sem þurfi til reksturs þeirra, verði viðurkenndur.

10. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá bls. 55.

11. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður tekin afstaða til krafna málsaðila um frávísun og fleira vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar. Því næst verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og loks gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Í kafla 12 er umfjöllun og niðurstaða um kröfur Landsvirkjunar á svæðinu.

11.1. Krafa varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar

Komið hefur fram sú krafa af hálfu Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa og eigenda jarða í hreppum Flóa og Skeiða að óbyggðanefnd úrskurði ekki í máli þessu fyrir en kröfulýsingar fyrir allt landið liggi fyrir.

Óbyggðanefnd byggir forsendur sínar á reglum eignarréttar, sem raktar eru í úrskurði þessum, og úrskurðar á grundvelli þeirra meðal annars um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Þessum almennum reglum er beitt í hverju máli og eru málin flutt fyrir nefndinni með það fyrir augum. Óbyggðanefnd telur ekki að kröfur fyrir aðra landshluta geti breytt forsendum eða niðurstöðu fyrir það mál sem nú er til umfjöllunar og telur að með beitingu sömu reglna eignarréttarins á öll landsvæði sé tryggt að jafnræðis verði gætt í málum fyrir nefndinni. Kröfu um að úrskurðir í máli þessu verði ekki kveðnir upp fyrir en kröfum hafi verið lýst fyrir allt landið er því hafnað.

11.2. Landnám

Í Landnámabók er Flóa- og Skeiðamannaafreftar ekki getið en þó má ætla að nokkur hluti afreftarins, eins og honum er lýst í heimildum frá lokum 19. aldar, hafi verið numinn. Að vestan var landnám Bröndólfs og Más Naddoddssona í Hrunamannahreppi, að sunnan nam Þrándur mjögsiglandi

land milli Þjorsár og Laxár „ok upp til Kálfár“ en að austan var landnám Þorbjörns laxakarls sem nam „Þjorsárdal allan ok Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár“. Um efri mörk þessa landnáms er hins vegar ekki vitað. Þorbjörn gaf síðar tveimur frændum konu sinnar, Ófeigi gretti og Þormóði skafta, land úr landnámi sínu. Af lýsingu Landnámu verða hins vegar engar ályktanir dregnar um það hversu langt inn til lands landnámið náði milli Laxár og Þjorsár.

11.3. Afréttur Flóa- og Skeiðamanna

Afrétti Flóa- og Skeiðamanna má skipta í fjóra hluta sem eiga sér mismunandi uppruna. Þar er í fyrsta lagi um að ræða landsvæði að norðanverðu sem á sér langa sögu sem afréttur Flóa- og Skeiðamanna en í öðru og þriðja lagi er land að sunnanverðu úr jörðunum Ásólfstöðum og Skriðufelli í Gnúpverjahreppi. Í fjórða lagi liggja innan afréttarsvæðisins spildur úr jörðunum Fossnesi, Hamarsheiði, Stóru-Mástungum, Minni-Mástungum, Skáldabúðum og Laxárdal, einnig í Gnúpverjahreppi. Skýrist þetta af því að 1912 var reist afréttargirðing frá Fossá yfir að Stóru-Laxá. Girðing þessi liggur yfir land þeirra jarða sem hér hafa verið nefndar. Þeir hlutar Skriðufells og Ásólfstaða, sem liggja norðan afréttargirðingar, voru keyptir af annars vegar sjö hreppum í Flóa og á Skeiðum 1938 og hins vegar af Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiðahreppa 1965. Landsvæði þessi hafa ekki verið lögð til afréttar með þeim formlega hætti sem mælt var fyrir um í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, enda keypt fyrir gildistöku þeirra. Með þau hefur hins vegar verið farið á sama hátt og aðra hluta afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Þá hefur verið greidd leiga fyrir spildur úr flestum öðrum aðliggjandi jörðum.

Í kröfugerð og málatilbúnaði jarðeigenda í Flóa og á Skeiðum og Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa er þó ekki gerður greinarmunur á aðild vegna einstakra hluta þess lands sem nú er nýtt sem afréttur Flóa- og Skeiðamanna.

Þá eru settar fram kröfur í nafni „Upprekstrarfélags Flóa- og Skeiðamanna“ og í gögnum málsins koma enn fremur fyrir nafngiftirnar „Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðamanna“, „Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa“, ásamt fleirum áþekktum. Samkvæmt skráningu í þjóðskrá heitir umrætt félag hins vegar „Afréttarfélag Flóa- og Skeiðahreppa“. Við endurupptöku málsins upplýsti lögmaður félagsins að frá samþykkt fjallskilareglugerðar 1953 hafi nafn þess verið Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa. Skráning í þjóðskrá stafi af misgáningi og þegar tilvísanir séu með öðrum hætti sé hreinlega um ónákvæmni að ræða.

Um elsta hluta afréttarins er fjallað í kafla 11.3.1. en um þá hluta Ásólfstaða og Skriðufells, sem keyptir voru samkvæmt framangreindu, er fjallað í köflum nr. 11.3.2. og 11.3.3., sbr. einnig mál nr. 7/2000. Um aðrar þær jarðir í Gnúpverjahreppi, sem landamerki eiga að afrétti Flóa- og Skeiðamanna og afréttargirðingin sker hið efra, er fjallað í máli nr. 7/2000.

11.3.1. Elsti hluti afréttarins

Hér verður fjallað um það landsvæði sem á sér lengsta sögu sem afréttur Flóa- og Skeiðamanna. Þar er nánar tiltekið um að ræða það svæði sem lýst er í kafla 2.3., þó að undanskildu landi Skriðufells og Ásólfstaða norðan afréttargirðingar og að viðbættu því landi í vestanverðum Þjorsárdal sem áður tilheyrði afréttinum en var afsalað 1938 til Skógræktar ríkisins, í skiptum fyrir land Skriðufells ofan afréttargirðingar. Í makaskiptaafsalinu, ódags. en mótttekið til þinglýsingar 31. ágúst 1938 og þinglýst 30. júní 1939, er ofanverðum vesturmörkum framangreinds lands í Þjorsárdals lýst þannig að um sé að ræða „allt land austan girðingar þeirrar, sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi ...“ Neðanverð mörk til vesturs ráðast af landi Skriðufells. Að austan afmarkast svæðið af Fossá og að sunnan af Þjorsá. Landsvæði þetta er formlega séð til meðferðar í máli nr. 7/2000, Gnúpverjaafréttur (...) og eignaréttarleg staða þess er því ekki til efnislegrar úrlausnar hér. Samhengis vegna verður þó fjallað hér um þennan hluta Þjorsárdals að því marki sem saga svæðisins er samofin sögu afréttarins að öðru leyti.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að allt það land, sem til meðferðar er í máli þessu og lýst hefur verið í kafla 2.3, verði viðurkennd þjóðlenda í eigu íslenska ríkisins, að viðurkenndum rétti afréttareigenda til allra lagalegra afréttarnota. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.

Af hálfu jarðeigenda í Flóa og á Skeiðum og Upprekstrarfélags Flóa- og Skeiðamanna er gerð sú aðalkrafa að allt það land, sem til meðferðar er í málinu, verði úrskurðað fullkomni eignarland ásamt öllum gögnum og gæðum. Kröfum þessara aðila er nánar lýst í kafla 3.2.

Um kröfugerð og sjónarmið Landsvirkjunar á svæðinu og úrlausn óbyggðanefndar þar að lútandi vísast til kafla 3.3., 9. og 12.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að hvorki hafi verið sannað að land það, sem fellur undir Flóa- og Skeiðamannaafrétt, hafi verið numið í öndverðu né að fyrir hendi sé sönnun um óslitið eignarhald. Landið hafi aldrei verið undiropið beinum eignarrétti og að því leyti sem til slíks réttar kunnir að hafa stofnast, sbr. land í Þjórsárdal, þá sé eignarrétturinn nú fallinn niður.

Af hálfu jarðeigenda í Flóa og á Skeiðum og Upprekstrarfélags Flóa- og Skeiðamanna er því haldið fram að ekkert útiloki að landsvæði það, sem afrétturinn liggur á, hafi allt verið numið í öndverðu og að Flóa- og Skeiðamenn hafi síðan öðlast þann eignarrétt með kaupum eða tekið landið til afnota. Eignarhald Flóa- og Skeiðamanna á afréttinum fullnægi allt að einu skilyrðunum um afdráttarlaust og beint eignarhald og nýting afréttarins og samningar um hlunnindi á honum renni traustum stöðum undir eignarrétt, sem m.a. styðjist við venjurétt og hefð. Einnig er því haldið fram að sá sem dragi í efa gildi eignarheimilda, svo sem afsala og landamerkjaskráa, hafi alfarið sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Öllum kröfum um að gera beri meiri kröfur til sönnunar um eignarrétt landsvæða, sem byggi á lögformlegum eignarheimildum, svo sem afsölum og landamerkjaskrá, eftir því hvar þau liggja, sé hafnað.

Skriflegar heimildir og rannsóknir á sviði fornleifafraeði benda til að byggð hafi verið að fornu í vestanverðum Þjórsárdal og þar norður af. Hér er um að ræða það svæði sem afsalað var Skógrækt ríkisins 1938 og jaðra þess. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru þannig talin upp nöfn átta bæja sem virðast hafa verið í Þjórsárdal, vestan Fossár, fyrr á öldum. Fornleifarannsóknir hafa rennt undir þetta nokkrum stöðum og benda jafnvel til að þeir hafi verið fleiri. Ber hér sérstaklega að geta Sandártungu sem mest hefur verið rannsökuð. Talið er að byggð í Þjórsárdal hafi að mestu lagst niður í kjölfar Heklugoss 1104. Þó mun jörðin Sandártunga ekki hafa farið endanlega í eyði fyrr en eftir Heklugosið 1693. Jarðabókin getur einnig bæja sem virðast hafa staðið á afréttinum vestanverðum, þ.e. norður af Laxárdal, þ. á m. tveggja Grímstaða. Þær takmörkuðu fornleifarannsóknir, sem farið hafa fram á því svæði, hafa þó ekki staðreynt tilvist slíkrar byggðar.

Í Þjórsárdal voru mörg skógaritök, flest í eigu Skálholtsstóls en nokkur í eigu einstakra jarða. eru elstu heimildir hér að lútandi í máldaga Hrunakirkju sem talinn er frá 1331. Þá eru til skrár sama efnis frá síðari hluta 16. aldar og byrjun þeirrar 17.

Elsta skriflega heimild um afrétt Flóa- og Skeiðamanna er dómur sem Gísli Sveinsson sýslumaður kvað upp á Loftsstöðum í Flóa 26. maí 1567 og mælti fyrir um skyldu bænda í tilteknum hreppum í Flóa til uppreksturs á afrétt sinn.

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 er greint frá því að jarðir í Flóanum hafi átt upprekstur og afrétt „norður á fjöllum fyrir ofan Eystri Hrepp, þar sem heitir Flóamanna aftjettur, og þetta tollfrí“. Þar er einnig að finna fyrstu lýsinguna á landamerkjum afréttar Flóa og Skeiða, svohljóðandi:

Öll þessi lönd eru nú almennings aftjettur, milli Þjórsár og Fossár Eystra Hrepps, og vestur frá Fossá að Stóru Laxá Flóamanna og Skeiða, og er engin önnur brúkun á þessum löndum.

Á 19. öld kom upp ágreiningur milli annars vegar Flóa- og Skeiðamanna og hins vegar Gnúpverja sem varðaði kröfur og sjónarmið um sameignarhald á afréttum þessara aðila. Sættir tókust með Sandlækjarsamningi 1843, sem síðar var fylgt frekar eftir með reglum sem settar voru

á fundi að Stóra-Núpi 17. júní 1850, og staðfestar með lítils háttar breytingum að Hjálmholti 10. júní 1851. Þess ber að geta að samkvæmt 5. gr. Sandlækjarsamningsins var slægjum í svonefndum Eysteinsvötnum ráðstafað til ábúandans í Skáldabúðum. Nýr samningur virðist hafa verið gerður að Stóra-Núpi 17. júní 1890 en um svipað leyti var farið að setja fjallskilareglugerðir.

Þá deildu Flóa- og Skeiðamenn og presturinn í Hruna um afnot Hrunakróksbónda af slægjum austan Stóru-Laxár, nánar tiltekið í svonefndum Kambi. Tilkall Hruna til umrædds lands sýnist hafa verið reist á þeirri skráningu í máldaga að Hrunakirkja ætti öll Laxárgljúfur. Deilum þessum lauk með samkomulagi frá 22. júlí 1833 sem aðilar endurnýjuðu 17. júní 1850. Efnisleg niðurstaða um landsréttindi að þrætulandinu náðist þó ekki.

Fjallað er um mörk afréttarins í lýsingu séra Guðmundar Vigfússonar á Stóranúpsókn árið 1841. Þar kemur fram að „eyðipláts það, sem kallað er Flóa- og Skeiðamannaafréttur“ liggja fyrir ofan þvera byggðina, á milli Laxár og Fossár. Einnig segir að Skeiðamannaafréttur byrji fyrir innan Sandá.

Þá liggur fyrir „Skrá yfir landamerki milli Flóa og Skeiðamanna afrjetta, og hins vegar heimalanda allra þeirra jarða í Gnúpverjahreppi, sem að Flóa og Skeiðamanna afrjetti liggja, að undanskildum jörðunum Skriðufelli og Ásólfstöðum“, dags. 27. september 1887. Eigandi Skáldabúða virðist þó ekki hafa gefið umboð sitt til undirritunar fyrr en 28. febrúar 1890. Í skránni lýsa þeir Jón Jónsson og Þ. Guðmundsson mörkum svo „í umboði sýslunefndar Árnæssýslu“:

1. Milli Fossnesslands og afrjettarins úr Grjótármynni í Rauðafoss vestan meigin við Seljárdal.
2. Milli Hamarsheiðarlands og afrjettarins úr Rauðafoss í norðurenda Þverbrekknagljúfurs, þaðan í vörðu á vesturbakka Tunguár.
3. Milli Stórumástungnalands og afrjettarins úr vörðu við Tunguá innan til við Þverbrekknagljúfur, þaðan bein stefna til vesturs í vörðu á vesturhorni Kálfafitjarfjalls, fremst móts við Fitjagil.
4. Milli Minni Mástungulands og afrjettarins úr síðast nefndri vörðu bein stefna vestur í Kálfá.
5. Milli Skáldabúðalands og afrjettarins úr Kálfá móts Fitjargil í gilið, þar sem það kemur fram úr Þrengslunum og þaðan bein stefna í norðurenda Hrutafells.
6. Milli Laxárdalslands og afrjettarins í vesturenda Hrutafells eður brún fyrir sunnan Þverá, bein stefna í Vestra Lambafell.
7. Milli Grímsstaðalands og afrjettarins úr vestra Lambafelli bein stefna til vesturs í suðurenda Kallbaksfjall[s] niður í Laxá.

Landamerkjabréfi þessu er þinglýst 2. júní 1890 og fært inn í landamerkjabók sýslumanns. Það er áritað um samþykki vegna Laxárdals, Skáldabúða, Minni-Mástungu, Stóru-Mástungu, Fossness og Hamarsheiðar.

Lagt hefur verið fram í máli þessu ódagsett skjal sem talið er ritað með hendi séra Valdimars Briem á Stóra-Núpi. Í því er að finna lýsingu á mörkum milli Flóa og Skeiðamannaafréttar annars vegar og byggðalanda í Gnúpverjahreppi hins vegar. Lýsing þessi er ekki að öllu leyti samhljóða framangreindu landamerkjabréfi afréttarins frá 27. september 1887. Hins vegar hafa hvorki höfundur skjalsins né aðrir hlutaðeigandi staðfest það með undirritun sinni. Það verður því ekki talið hafa þýðingu um þau atriði sem réttir aðilar kveða á um með formlegum hætti í landamerkjabréfi afréttarins frá 1887. Á skjalið má þó líta sem hugmyndir eða tillögur sem síðar hafi verið nánar útfærðar í hinu endanlega og staðfesta landamerkjabréfi. Þar er þó einnig að finna umfjöllun um atriði sem ekki koma fram í landamerkjabréfi afréttarins. Ber í því sambandi að nefna Grímsstaði, Ása-selland, Stóranúps-selland, Ásólfstaði og Skriðufell. Um þessi atriði verður fjallað nánar hér á eftir, í tengslum við umfjöllun um einstakar jarðir.

Í lýsingu hreppsnefndar Hrunamannahrepps á landamerkjum milli afréttarlanda Flóa og Skeiða og Hrunamannaafréttar, dags. 18. apríl 1890, er mörkum lýst þannig:

Laxá ræður frá byggð inni Laxárdrög, þaðan bein stefna í nyrðra Rjúpnafell, þaðan bein lína, í sömu stefnu allt inn að Jökli.

Landamerkjabréfinu er þinglýst 2. júní 1890 og fært inn í landamerkjabók sýslumanns. Það er áritað um samþykki Jóns Jónssonar vegna „Flóa og Skeiða afrjetta“ og Þ. Guðmundssonar „í umboði Sýslunefndar Árnessýslu“.

Landamerkjabréf Gnúpverjahreppsafrettar er frá 24. apríl 1890 og undirritað af fulltrúa hreppsnefndar, Valdimar Briem.

Frá Þjórsá ræður Fossá að upptökum sínum norðaustanvert við Lambafell, þaðan er bein stefna í Örfæhnúk, þaðan hæst í Flóamanna-öldu, þaðan í toppinn á Arnarfelli, síðan ræður Þjórsá þar til Fossá kemur í hana fyrir neðan Búrfell.

Landamerkjabréfinu er þinglýst 2. júní 1890 og fært inn í landamerkjabók sýslumanns. Það er áritað um samþykki Jóns Jónssonar og Þ. Guðmundssonar „fyrir hönd Flóa og Skeiðamanna“.

Þá segir svo í 1. gr. fjárskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, nr. 75/1895:

Þeir eiga afrett, sem að fornu hafa átt. Afrjettur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og StóruLaxár, afrjettur Flóa og Skeiðamanna milli StóruLaxár og Fossár, afrjettur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afrjettanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrett Flóa- og Skeiðahreppa er sjerstaklega nefndur Skeiðamannaafrettur.

Samhljóða ákvæði er að finna í reglugerðum um sama efni nr. 79/1902, 99/1916, 107/1934, 163/1953 og 380/1975 sem í gildi var til 1996.

Í fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna, nr. 408/1996, sem tók við af framangreindri fjallskilareglugerð nr. 380/1975, og enn gildir segir m.a. svo í 2. gr.:

Afréttur Hrunamannahrepps er að vestan milli Jökulfalls og Hvítár í Hofsjökul og úr jöklinum bein lína um Eystra-Rjúpnafell í Laxárdrög og ræður svo Stóra-Laxá austurmörkum. Afréttur Flóa- og Skeiðamanna afmarkast að vestan af áðurnefndri línu milli hans og Hrunamannaafrettar, en að austan ræður Fossá og síðan drög hennar og lína um Örfæhnjúk og Flóamannaöldu í hæstu gnípu Arnarfells. ... Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju.

Lýsingar á landamerkjum Flóa- og Skeiðamannaafrettar er þannig að finna í heimildum frá 1709, 1841, 1887, 1890, 1895 og síðar.

Að Flóa- og Skeiðamannaafreitti liggja að vestan Hrunamannaafreittur, Hrunaheiðar, Hrunakrókur og Kaldbakur. Að sunnan eru það fjallajarðir Gnúpverjahrepps, Laxárdalur, Skáldabúðir, Minni-Mástungur, Stóru-Mástungur, Hamarsheiði, Fossnes, Ásólfstaðir og Skriðufell. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum á 20. öld. Austurmörk eru við Gnúpverjaafreitt og norðurs er Hofsjökull.

Lýsingar á landamerkjum afréttar Flóa- og Skeiðamanna eru staðfestar af fyrirsvarsmönnum allra aðliggjandi landsvæða nema Ásólfstaða og Skriðufells í Gnúpverjahreppi og Hrunaheiða, Hrunakróks og Kaldbaks í Hrunamannahreppi. Við mat á þýðingu þeirrar lýsingar á landamerkjum Flóa- og Skeiðamannaafrettar sem fram kemur í þessum landamerkjabréfum er samt sem áður nauðsynlegt að kanna hvort efni þeirra fær samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins og allra aðliggjandi landsvæða, sbr. umfjöllun í kafla 10.6. um afreitti og sönnunarkröfur óbyggðanefndar í því sambandi.

Mörk við Hofsjökul eru glögg frá náttúrunnar hendi og við hann miðað frá fyrstu eiginlegum lýsingum á merkjum afréttarins.

Austan við Flóa- og Skeiðamannafrétt liggur Gnúpverjafréttur. Mörkum afréttanna er lýst í landamerkjabréfi frá 24. apríl 1890 sem fyrirvarsmenn beggja eiga aðild að. Sú lýsing er í samræmi við framangreindar lýsingar á austurmörkum afréttar Flóa- og Skeiðamanna í eldri gögnum og fjallskilareglugerðum á tímabilinu 1895-1996 svo langt sem þær lýsingar ná. Auk þess er í reglugerðunum frá upphafi vísað að öðru leyti í landamerkjaskrár og forna venju. Núgildandi fjallskilareglugerð, nr. 408/1996, lýsir einnig austurmörkum á sama hátt og landamerkjabréfið. Þá er í máli nr. 7/2000 komist að þeirri niðurstöðu að gögn um merki Gnúpverjafréttar bendi ekki til annars en að mörkum afréttanna sé rétt lýst í umræddu landamerkjabréfi, dags. 24. apríl 1890.

Suður af Flóa- og Skeiðamannafrétti liggja efstu jarðir í Gnúpverjahreppi, þ.e. Laxárdalur, Skáldabúðir, Minni-Mástungur, Stóru-Mástungur, Hamarsheiði, Fossnes, Ásólfstaðir og Skriðufell. Mörkum afréttarins við allar þessar jarðir, að undanskildum þeim tveimur síðastnefndu, er lýst í landamerkjabréfi frá 27. september 1887 og þingl. 2. júní 1890 sem fyrirvarsmenn afréttar og jarða eiga aðild að. Fjárskilareglugjörð 1895 fjallar ekki um suðurmörk afréttarins að öðru leyti en því að vísa í landamerkjaskrár og forna venju. Sama máli gegnir um síðari fjallskilareglugerðir, allt fram á þennan dag. Lýsing suðurmárka í landamerkjabréfi afréttarins verður einungis borin saman við landamerkjabréf hinna einstöku jarða, sem dagsett eru á tímabilinu 16. júní 1884 til 1. mars 1890 en öllum þinglýst í júní 1890 ásamt landamerkjabréfi afréttarins. Eldri gögn um landamerki þessara jarða gagnvart afréttinum eru ekki fyrir hendi, að undanskildu Skriðufelli, sbr. mál nr. 7/2000.

Landamerkjabréf Fossness er dags. 1. mars 1890 og þingl. 2. júní 1890. Fyrirvarsmenn Fossness og Flóa- og Skeiðamannafréttar árita hvorir um sig landamerkjabréf hins. Bréf jarðarinnar er lítið eitt yngra og þar er mörkum lýst úr Rauðafossi vestast í Seljadal og þaðan sjónhendingu í Grjótármynni. Slík lýsing fær vel samrýmst efni eldra bréfsins, þar sem segir „úr Grjótármynni í Rauðafoss vestan meigin við Seljárdal“.

Í landamerkjabréfi Stóranúps og Minnanúps kemur fram að þessum jörðum fylgi selstöðuland á tilteknu svæði. Er í því sambandi vitnað til lögfestu frá 22. maí 1829.¹ Selstöðulandinu er svo lýst í þessum heimildum: „Að Lómstaðagili að norðan, öll Vörðukinn austantil og Laughamrar austantil og allur Seljadalur og Geitafell að vestan verðu.“ Jafnframt segir svo í landamerkjabréfi Núpanna: „Um notkun Sellands þessa hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um að ábúendum Núpanna sje þar heimil fjárbeit haust og vor, eða hvenær sem beitt verður að vetrinum, ef þeir ekki hafa þar í seli á sumrum.“ Verður að telja að hér sé um að ræða samsvörun við svokallað „Stóranúps-selland“ í fyrrnefndum drögum eignuðum Valdimar Briem enda þótt lýsingar séu ekki fullkomlega samhljóða. Selland þetta virðist í landi Fossness enda er landamerkjabréf Núpanna undirritað „Vegna Fossness og Sellandsins“. Ákvæði landamerkjabréfsins bendir ekki til annars en að um hafi verið að ræða itak jarðanna Stóra- og Minnanúps.

Landamerkjabréf Hamarsheiðar er dags. 1. mars 1890 og þingl. 2. júní 1890. Fyrirvarsmenn Hamarsheiðar og Flóa- og Skeiðamannafréttar árita hvorir um sig landamerkjabréf hins. Bréf jarðarinnar er lítið eitt yngra og þar er mörkum lýst úr Rauðafossi sjónhendingu í vörðu á vestri bakka Tunguár. Slík lýsing fær vel samrýmst efni eldra bréfsins þar sem miðað er við Rauðafoss og þaðan „í norðurenda þverbrekknagljúfurs, þaðan í vörðu á vesturbakka Tunguár“. Í landamerkjabréfi Hamarsheiðar kemur fram að jörðin Ásar eigi „Selland í Hamarsheiðarlandi, fyrir innan Lómsstaðagil“. Mörkum sellandsins er nánar lýst svo:

Tunguá að vestan frá Lómsstaðagili inni Þverbrekknagljúfur; þaðan sjónhending í Bognakarl; þaðan sjónhending í slakkann milli Fagurhóls og Vörðukinnar, þaðan sjónhending í Lómsstaðagil; svo ræður Lómsstaðagil vestur í Tunguá.

1 Skjal nr. 190 (19).

Jafnframt segir svo í landamerkjabréfinu:

Eigendur Hamarsheiðar og Ása hafa komið sjer saman um að ef Ásabóndi ekki notar Sellandið til Selstöðu, þá sje honum þar heimil fjárbeit vor, haust og vetur eptir þörfum; en að því leyti sem má nota Sellandið til slagna, þá skipti ábúendur beggja jarðanna því á milli sín til helminga.

Verður að telja að hér sé um að ræða svokallað „Ása-selland“ í framangreindum drögum eignuðum Valdimar Briem enda þótt lýsingar séu ekki fullkomlega samhljóða. Þá bendir ákvæði landamerkjabréfsins ekki til annars en að um bendir ekki til annars en að um hafi verið að ræða ítak jarðarinnar Ása.

Landamerkjabréf Stóru-Mástungu er dags. 13. september 1888 og þingl. 2. júní 1890. Fyrirsvarsmenn Stóru-Mástungu og Flóa- og Skeiðamannaafréttar árita hvorir um sig landamerkjabréf hins. Bréf jarðarinnar er lítið eitt yngra og þar er mörkum lýst frá svonefndum fremri Krók við Tungá, norðan við Þverbrekknagljúfur, beina stefnu í vörðu fremst á Kálfaftjarfjalli, á móts við Fitjagil. Slík lýsing fær vel samrýmt efni eldra bréfsins, þar sem segir „úr vörðu við Tunguá innan til við Þverbrekknagljúfur, þaðan bein stefna til vesturs í vörðu á vesturhorni Kálfaftjarfjalls, fremst móts við Fitjagil“.

Landamerkjabréf Minni-Mástungu er dagsett 13. september 1888 og þinglýst 2. júní 1890. Fyrirsvarsmenn Minni-Mástungu og Flóa- og Skeiðamannaafréttar árita hvorir um sig landamerkjabréf hins. Bréf jarðarinnar er lítið eitt yngra og þar er mörkum lýst frá vörðu fremst á Kálfaftjarfjalli beina línu í Kálfá á móts við Fitjagil. Slík lýsing fær vel samrýmt efni eldra bréfsins þar sem miðað er við vörðu á vesturhorni Kálfaftjarfjalls, fremst móts við Fitjagil, beina stefnu vestur í Kálfá.

Landamerkjabréf Skáldabúða er dagsett 27. febrúar 1890 og þinglýst 2. júní 1890. Fyrirsvarsmenn Skáldabúða og Flóa- og Skeiðamannaafréttar árita hvorir um sig landamerkjabréf hins. Bréf jarðarinnar er lítið eitt yngra og þar er mörkum lýst frá Fitargili upp í Þrengslin, og svo úr þeim beina línu vestur í Vatnsás, og úr honum aftur beina línu í Hrutafells hornið að norðan. Slík lýsing fær vel samrýmt efni eldra bréfsins þar sem miðað er við „Kálfá móts Fitjargil í gilið þar sem það kemur fram úr Þrengslunum og þaðan bein stefna í norðurenda Hrutafells“.

Landamerkjabréf Laxárdals er dagsett 16. júní 1884 og þinglýst 2. júní 1890. Fyrirsvarsmenn Laxárdals og Flóa- og Skeiðamannaafréttar árita hvorir um sig landamerkjabréf hins. Áður hefur komið fram að samkvæmt Jarðabók Árna og Páls 1709 hafi staðið tvennir Grímsstaðir norður af Laxárdal. Landamerkjabréf Laxárdals nefnir ekki Grímsstaði en um þá er fjallað í bæði bréfi afréttarins og framangreindum drögum þeim sem eignuð eru Valdimar Briem. Bréf afréttarins er lítið eitt yngra en bréf Laxárdals og lýsir mörkum Laxárdals og afréttar frá vesturenda Hrutafells eður brún fyrir sunnan Þverá, beina stefnu í Vestra-Lambafell. Mörkum afréttarins við Grímsstaði er lýst þannig að þau liggja úr vestra Lambafelli beina stefnu til vesturs í suðurenda Kaldbaksfjalls niður í Laxá. Bréf afréttarins er ekki áritað sérstaklega um samþykki vegna Grímsstaða. Hinar tvær framangreindu lýsingar samanlagðar fá vel samrýmt landamerkjabréfi Laxárdals þar sem tekin er stefna „úr háfjallinu hjá Kaldbak, sem kallað er Nál og austur í Lambafell“ og þaðan „bein lína suður um vestur brún Hrutafells“. Drög Valdimars Briem gera á sama hátt ráð fyrir því að Laxárdalur nái norður að Vestra-Lambafelli en lýsir Grímsstöðum þaðan og í Skillandsá sem er töluvert norðar. Svo virðist því sem í landamerkjabréfi afréttarins sé fjallað um Grímsstaði hina neðri en í drögum Valdimars Briem um Grímsstaði hina efri. Þessu til stuðnings er frásögn jarðabókarinnar um að Grímsstaðir hinir efri hafi einmitt legið á því svæði. Telja verður því líklegt að a.m.k. hluti þess lands, sem áður tilheyrði Grímsstöðum, hafi lagst undir Laxárdal, væntanlega Grímsstaðir hinir neðri, en áfram gengið undir nafninu Grímsstaðir.

Greinarmunur sá sem gerður er í landamerkjabréfi afréttarins á annars vegar Laxárdal og hins

vegar Grímsstöðum verður því ekki talinn hafa eignarréttarlega þýðingu. Áritun prestsins í Hruna á landamerkjabréf Laxárdals þar sem hann samþykkir lýsingu marka „milli Hrunakróks og Laxárdals“ bendir í sömu átt. Hrunakrókur í Hrunamannahreppi og Laxárdalur í Gnúpverjahreppi liggja hvor sínum megin við Stóru-Laxá og eiga ekki mörk saman þar sem Laxárdalur er nokkru sunnar. Áritun Hrunaprestsins á því sennilega rætur að rekja til þess að Hrunamenn höfðu gert tilkall til réttinda yfir landinu norðan Laxárdals, á móts við Hrunakrök, sbr. tilgreiningu í drögum Valdimars Briem á „Grímsstaðalandi Hrunakirkju“.

Í framangreindri „Skrá yfir landamerki milli Flóa og Skeiðamanna afrijetta, og hins vegar heimalanda allra þeirra jarða í Gnúpverjahreppi, sem að Flóa- og Skeiðamanna afrijetti liggja“, dags. 27. september 1887, eru jarðirnar Ásólfstaðir og Skriðufell sérstaklega undanskildar og verður nú gerð grein fyrir þeim.

Landamerkjabréf Ásólfstaða er dagsett 1. mars 1890 og þingl. 2. júní 1890. Bréfið er ekki áritað af fyrirsvarsmönnum Flóa- og Skeiðamannaafriettar. Samkvæmt því liggja mörkin á milli Ásólfstaða og afriettar Flóa- og Skeiðamanna frá hornmarki milli Fossness og Ásólfstaða við Þverá og eftir Þveránni inn í Hannesargljúfur, eftir gljúfrinu meðan það nær til, sjónhendingu þaðan í Grjótá um Kistu, síðan eftir Grjótárgljúfri meðan það endist, að hornmarki við Skriðufell. Þessi lýsing kemur heim og saman við lýsingu sömu marka í hinu ódagsetta uppkasti sem eignað hefur verið sr. Valdimar Briem.

Landamerkjabréf Skriðufells er dagsett 1. mars 1890 og þinglýst 2. júní 1890. Bréfið er ekki áritað af fyrirsvarsmönnum Flóa- og Skeiðamannaafriettar. Samkvæmt því liggja mörkin á milli Skriðufells og afriettar Flóa- og Skeiðamanna frá því neðst í Grjótárgljúfrum, eftir Grjótá austur í Sandá, svo Sandá í hellustein austan undir Dímon, svo úr þeirri hellu sjónhending í Sandvíkið fyrir vestan Kolviðarhól. Sömu mörkum er lýst að litlu leyti í sóknarlýsingu 1841 þar sem Skeiðamannaafriettur er sagður byrja fyrir innan Sandá. Sú lýsing er í ágætu samræmi við landamerkjalyýsingu Skriðufells. Þá kemur lýsing bréfsins heim og saman við hið ódagsetta uppkast sem eignað hefur verið sr. Valdimar Briem.

Árið 1895 er síðan gefin út fjárskilareglugjörð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár þar sem mörkum afrietta á svæðinu, þ. á m. afriettar Flóa- og Skeiðamanna, er lýst í meginatriðum en að öðru leyti vísað í landamerkjaskrár og forna venju. Telja verður að í reglugerðinni felist yfirlýsing hreppsnefnda í Flóa og á Skeiðum um mörk afriettar þeirra. Sú yfirlýsing er í fullu samræmi við þau landamerkjabréf sem hér hafa verið rakin og fyrirsvarsmenn afriettarins höfðu átt aðild að, einungis nokkrum árum fyrr. Einu landamerkin, sem ekki hafði beinlínis verið kveðið á um með slíkum hætti, voru mörk afriettarins við Ásólfstaði og Skriðufell, auk landsvæða vestan Stóru-Laxár, þ.e. Hrunaheiðar, Hrunakrök og Kaldbak í Hrunamannahreppi.

Þessu til frekari stuðnings er sú staðreynd að í afsali eigenda Ásólfstaða til Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa, dags. 19. mars 1965, er landi Ásólfstaða innan afriettarins lýst í samræmi við þá lýsingu á norðurmörkum sem fram kemur í landamerkjabréfi Ásólfstaða frá 1890. Tekið er fram að Flóa- og Skeiðahreppar hafi haft land þetta á leigu síðan 1912. Kvittanir fyrir greiðslum fjallskilasjóðs Flóa- og Skeiðahreppa á landleigu til eigenda Ásólfstaða frá árunum 1924-1925 og 1927 staðfesta einnig að Flóa- og Skeiðamenn hafi litið svo á að land þetta hafi legið utan afriettar þeirra. Sama máli gegnir um greiðslur fjallskilasjóðsins á landleigu til eigenda Skriðufells fyrir árin 1924-1926 og kaup hreppanna sjö í Flóa og á Skeiðum á landi jarðarinnar norðan afriettargirðingar 1938.

Vestan við Flóa- og Skeiðamannaafriett liggja Hrunamannaafriettur, Hrunaheiðar, Hrunakrókur og Kaldbakur í Hrunamannahreppi. Mörkum afriettanna er lýst í landamerkjabréfi frá 18. apríl 1890 sem fyrirsvarsmenn beggja eiga aðild að. Sú lýsing er í samræmi við framangreindar lýsingar á vesturmörkum afriettar Flóa- og Skeiðamanna í eldri gögnum og fjallskilareglugerðir á tímabilinu 1895-1996, svo langt sem þær lýsingar ná.

Núgildandi fjallskilareglugerð, nr. 408/1996, lýsir einnig vesturmörkum á sama hátt og landamerkjabréfið, að því undanskildu að fyrrnefnda heimildin miðar við „Nyrðra-Rjúpnafell“ en hin síðarnefnda „Eystra-Rjúpnafell“. Kort Landmælinga Íslands og gögn Örnefnastofnunar Íslands benda þó til þess að Rjúpnafellin séu á síðari tímum nefnd „Eystra“ og „Vestra“. Hið „Vestra“ liggur nokkru norðar en það „Eystra“ og nánast beint upp af Laxárdrögum, 835 m á hæð. Hið „Eystra“ er hins vegar nokkru sunnar og austar, þ.e.a.s. lengra inni á afrétti Flóa- og Skeiðamanna, 872 m á hæð. Eystra-Rjúpnafell er fyrst nefnt í þessu sambandi í fjallskilareglugerð nr. 408/1996, 2. gr. Við endurupptökur þessa máls og máls nr. 5/2000 var því lýst yfir af hálfu Afréttarmálfélags Flóa- og Skeiðahreppa og Hrunamannahrepps að þar sé um mistök að ræða. Aðilar eru því sammála um að miða við nyrðra fjallið, þ.e. Vestra-Rjúpnafell, í þessu sambandi. Þessu til sönnunar er sú staðreynd að bein lína úr Hofsjökli um Eystra-Rjúpnafell í Laxárdrög, svo sem reglugerðin kveður á um, er ekki möguleg þar sem jökullinn nær ekki nógu langt til austurs. Samkvæmt þessu telur óbyggðanefnd eðlilegt að álykta sem svo að „Nyrðra-Rjúpnafell“ samsvari „Vestra-Rjúpnafelli“. Ákvæði reglugerðar nr. 408/1996 verður ekki talið bindandi um þetta atriði.

Þá er í máli nr. 5/2000 komist að þeirri niðurstöðu að gögn um merki Hrunamannaafréttar bendi ekki til annars en að mörkum til austurs sé rétt lýst í sama landamerkjabréfi, dags. 18. apríl 1890, að teknu tilliti til þess sem að framan greinir um Nyrðra og Vestra-Rjúpnafell. Í landamerkjalýsingu segir um vesturmörkin að þau liggja í Laxá, „frá byggð inni Laxárdrög“. Ekkert er tekið fram um mörk afréttar Flóa- og Skeiðamanna við önnur landsvæði í Hrunamannahreppi, þ.e. Hrunaheiðar, Hrunakrök og Kaldbak, sem liggja beint suður af Hrunamannaafrétti. Þar er hins vegar að öllu leyti um að ræða mjög skýr landfræðileg mörk, þ.e. Stóru-Laxá. Landamerkjabréf Hrunakirkjujarða þar sem fjallað er m.a. um þessi þrjú landsvæði, dags. 12. maí 1885, staðfestir þetta enda þótt það sé ekki áritað af hálfu fyrirsvarsmanna afréttar Flóa og Skeiða. Auk þess verður að telja að í framangreindri fjárskilareglugjörð frá 1895 felist einnig yfirlýsing hreppsnefnda í Flóa og á Skeiðum um mörk afréttar þeirra gagnvart Hrunaheiðum, Hrunakróki og Kaldbak.

Í kafla 6.11. er gerð itarleg grein fyrir ráðstöfunum og nýtingu á vatnsréttindum, landi, jarðefnum og veiði á afrétti Flóa- og Skeiðamanna, þ.m.t. í Þjórsárdal sem fram för á 20. öld og vísast þangað um það efni.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Flóa- og Skeiðamannaafréttar er getið í skriflegum heimildum allt frá síðari hluta 16. aldar. Af þeim verður ráðið að um afrétt hafi þá verið að ræða án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.4.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru skrásettar lýsingar á merkjum afréttar Flóa- og Skeiðamanna gagnvart Hrunamannaafrétti, Gnúpverjaafrétti og efstu jörðum í Gnúpverjahreppi, að undanskildum Ásólfstöðum og Skriðufelli. Fyrirliggjandi gögn benda til að landamerkjum afréttar Flóa- og Skeiðamanna sé þar rétt lýst. Öllum þremur landamerkjabréfum er þinglýst, þau færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki svæðisins án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Landamerkjabréfum Ásólfstaða og Skriðufells er einnig þinglýst. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Frá því fyrstu áreiðanlegu heimildir greina og fram á þennan dag hefur afréttur Flóa- og Skeiðamanna, að undanskildum Þjórsárdal, verið nýttur til sameiginlegrar starbeitar fyrir búpening. Óbyggðanefnd telur lýsingu Landnámu ekki styðja þann skilning að þessi hluti afréttarins hafi í neinu verulegu lagið innan upphaflegs landnáms. Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls 1709 stóðu til forna bæir í afréttinum vestanverðum, upp með Stóru-Laxá og ofan Laxárdals. Tilvist byggðar á þessu svæði hefur þó hvorki verið staðfest með fornleifarannsóknum né á annan hátt. Telja verður því að hún hafi snemma lagst af, ef hún var einhvern tíma til staðar. Ekkert liggur þess utan fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Samhengi eignarréttar og sögu liggur þannig ekki fyrir. Réttindi tengd þeim jörðum sem þar kunna að hafa verið eru því niður fallin.

Saga Þjorsárdals, svæðisins milli Fossár og Skriðufells, er nokkuð frábrugðin sögu afréttarins að öðru leyti. Telja verður að það hafi legið innan upprunalegs landnáms, a.m.k. syðri hlutinn. Fornleifarannsóknir hafa staðreynt forna byggð í Þjorsárdal en stærstur hluti hennar sýnist hafa farið í eyði árið 1104 og ekki byggst á ný. Frá því eru þó undantekningar, sbr. jörðina Sandártungu sem ekki fer endanlega í eyði fyrr en 1693. Þá er getið um skógaritök einstakra jarða á umræddu svæði í heimildum allt frá 1331. Undir lok 17. aldar virðist ekki lengur hafa verið unnt að nýta umrædd itök og helst það nokkuð, tímalega séð, í hendur við endalok búsetu á þessu landsvæði. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er svæðið frá Fossá að Stóru-Laxá sagt „almennings afrijettur“ Flóamanna og Skeiða og „engin önnur brúkun á þessum löndum“. Í Jarðabókinni greinir einnig frá því að skógar fram af Eystra hrepp séu kallaðir Almennir og að þangað sæki Hreppa- Skeiða- og Flóamenn. Eftir þennan tíma og fram á 20. öld virðist Þjorsárdalur einvörðungu hafa verið nýttur til sameiginlegrar sumarþeirrar fyrir búþening sem hluti af afrétti Flóa- og Skeiðamanna. Beitarnotum lýkur árið 1912 þegar reist er afréttargirðing frá Fossá yfir að Stóru-Laxá.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir og/eða sveitarfélög í Flóa og á Skeiðum eru komin að því landsvæði í Þjorsárdal sem hér er til umfjöllunar. Ekkert liggur því fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem ótvírátt sýnist að stofnað hafi verið til á umræddu landsvæði í öndverðu. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna jörðina Sandártungu sem ekki fer í eyði fyrr en 1693 og hafði þá verið í eigu Skálholtskirkju frá því á tólfu öld. Engar heimildir eru um að Sandártunga eða itök ýmissa aðila á umræddu landsvæði hafi komist í eigu jarða og/eða sveitarfélaga í Flóa og á Skeiðum. Samhengi eignarréttar og sögu liggur þannig ekki fyrir. Þá verður að telja að hugsanleg réttindi íslenska ríkisins vegna Skálholtskirkju til jarðarinnar Sandártungu séu niður fallin enda er alls óljóst um afmörkun hennar. Auk þess hefur engum kröfum verið lýst vegna Sandártungu af hálfu íslenska ríkisins enda þótt jörðin hafi komið til umfjöllunar í málinu og saga hennar því verið kunn málsaðilum.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til afréttar Flóa- og Skeiðamanna hafi orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa í Flóa og á Skeiðum hafi tekið afréttarlandið til sumarþeirrar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Verður ekki gerður greinarmunur á landi í Þjorsárdal og öðru landi hvað þá niðurstöðu varðar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Innan þeirra marka sem hér hefur verið lýst hafa búfjáreigendur í Flóa og á Skeiðum haft hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppanna og síðar Afréttarmálafélagsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og at-hugasemdalaust. Þetta gildir einnig um landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjorsárdal, fram til ársins 1938, en um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis eftir þann tíma er fjallað í máli nr. 7/2000.

Kemur þá til skoðunar hvaða þýðingu ráðstafanir og nýting á vatnsréttindum, landi, jarðefnum, slægjum og veiði, fyrst og fremst á 20. öld, hafi í málinu.

Samkvæmt því sem að framan greinir telur óbyggðanefnd að beinn eignarréttur jarðeigenda eða hreppsfélaga í Flóa og á Skeiðum hafi ekki verið fyrir hendi frá öndverðu og að þau takmörkuðu not sem sýnt hefur verið fram á að höfð hafi verið af landinu, þ.e. fyrst og fremst beitarafnot, geti ekki grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan, sbr. kafla 10.3. Samningar og afsöl hreppsfélaganna á vatnsréttindum og landi til Titan 1914 og afréttarlöndum í Þjorsárdal til Skógræktar ríkisins 1938, sbr. einnig umboð það sem veitt var Guðmundi Lýðssyni 1911 og heimild ábúandans á Skálda-búðum í Sandlækjarsamningi 1843, fá ekki breytt þeirri eignarréttarlegu stöðu eða stöðu þeirra sem leiða rétt sinn frá afsalsgjöfum.

Í því sambandi ræður ekki úrslitum þótt gerningum þessum hafi verið þinglýst og réttindi Titan

seinna orðið hluti af kaupum íslenska ríkisins á vatnsréttindum á stærra svæði, enda gat ekki falist í þeim víðtækari eignarréttur afsalshafa til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Verður ekki talið, að íslenska ríkið hafi með þeim kaupum viðurkennt beint eða óbeint eignarrétt hreppanna yfir afréttarlandinu. Hefur og komið fram að af hálfu ríkisvaldsins var þinglýsingu skjala um viðskipti þessi mótmælt við þinglýsingardómara á þeim grundvelli að vatnsréttindi á landsvæðum í óbyggðum, þar sem bændur eiga sumarheit, væru almenningseign.

Jafnframt telur óbyggðanefnd að eignarréttur jarðeigenda í Flóa og á Skeiðum eða Afréttarmálfélags Flóa- og Skeiðahreppa verði ekki byggður á aðild að framsali og nýtingu jarðefna, fyrst og fremst vikurs. Sama máli gegnir um þá sem leiða rétt sinn frá þeim. Orðalag einstakra samninga getur engum úrslitum ráðið um tilvist og/eða viðurkenningu grunneignarréttinda sem skv. framangreindu eru ekki talin hafa verið fyrir hendi og ræður aðild ríkisins engum úrslitum í því efni. Er og ekki að finna í neinum tilvitnaðra samninga beina og skýra viðurkenningu íslenska ríkisins á tilvist slíkra réttinda heldur er aðild ríkisins nánast undantekningarlaust bundin fyrirvörum um meinta eignaraðild annarra samningsaðila að landi og jarðefnum. Þess utan fæst ekki séð að einstakir aðilar geti byggt rétt á mögulegri og óljósri viðurkenningu einstakra handhafa framkvæmdavalds. Þá er til þess að líta að upplýsingar og heimildir um raunverulega nýtingu efnisnáma á umræddu landsvæði eru óljósar og ekki með þeim hætti, með tilliti til tíma, umráða og umfangs að mögulegt sé að til takmarkaðra réttinda geti hafa stofnast á grundvelli hefðar. Þinglýsing samningsins 1911 ræður engum úrslitum í þessu efni enda gat ekki falist í honum víðtækari réttur en sannanlega var á hendi hreppsfélaganna.

Gögn um nýtingu, ráðstöfun og arðtöku vegna veiði fyrir landi Flóa- og Skeiðamannaafreftar í Stóru-Laxá eru einnig án þýðingar við mat á þeim beinu eignarréttarlegu heimildum sem jarðeigendur í hreppum Flóa og Skeiða og Afréttarmálfélag Flóa- og Skeiðahreppa krefjast sér til handa. Telur óbyggðanefnd að af gögnum þessum verða engar ályktanir dregnar sem stutt geti tilkall til beins eignarréttar. Er þvert á móti til þess að líta að af gögnum þessum má ráða að í eldri samþykktum Veiðifélags Árnesinga og eftir atvikum arðskrá þess félags er afréttarins í engu getið sem rétt-hafa vegna veiði í Stóru Laxá. Gerist það fyrst í samþykkt fyrir Veiðifélag Árnesinga, nr. 38/1961 frá 11. mars það ár. Er þá m.a. til þess að líta að með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957, í kjölfar dóms Hæstaréttar Landmannaafreft, H 1955 108, voru tekin af um það tvímæli að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn þó svo ekki lægi fyrir sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði. Allt frá gildistöku vatnalaga 1923 og til þessa tíma var að lögum nokkur réttaróvissa fyrir hendi varðandi veiðirétt afréttarhafa enda kveðið á um það í lögum að öllum væri veiði heimil á afréttum, almenningum og öðrum lendum utan eignarlanda sem enginn gæti sannað „einstaklingsréttarheimild“ að, sbr. t.d. 2. mgr. 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 112/1941, sem lögin frá 1957 leystu af hólmi, sbr. nú 5. gr. gildandi laga um sama efni, nr. 76/1970.

Ljóst er að einstakir hlutar þess landsvæðis, sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Landsvæði það sem hér er til umfjöllunar og úrlausnar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að það hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Af hálfu Afréttarmálfélags Flóa- og Skeiðahreppa og jarðeigenda í hreppum Flóa og Skeiða hefur ekki verið sannað að sá hluti Flóa- og Skeiðamannaafreftar sem hér er til úrlausnar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að sá hluti afréttar Flóa- og Skeiðamanna, sem afmarkaður er hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Frá þeim stað við Stóru-Laxá, sem afmarkast af beinni línu með stefnu milli Vestra-Lambafells og suðurenda Kaldbaksfjalls á norðvesturmörkum Laxárdals. Síðan eftir ánni allt inn í Laxárdrög, þaðan beint í nyrðra Rjúpnafell, þaðan beint í sömu stefnu allt inn að Hofsjökli. Suðurjaðri Hofsjökuls er fylgt í austur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá toppnum á Arnarfelli hinu mikla og hæst í Flóamannaöldu og þeirri línu fylgt suður í Örfafahnjúk. Þaðan að upptökum Fossár norðaustanvert við Lambafell og Fossá allt að afréttargirðingu við Háafoss, vestan megin árinna. Síðan ræður girðingin áfram, þar sem hún liggur með Fossá, austan Rauðukamba, norðan Reykhólts og að kletti við Sandá norðan Háholtsskógar. Þá er landamerkjum efstu jarða í Gnúpverjahreppi fylgt svo sem hér segir: Frá kletti við Sandá norðan Háholtsskógar, upp eftir Sandá í Grjótá um Grjótá og Grjótárgljúfur. Frá Grjótárfossi sjónhending um Kistu í Hannesargljúfur og eftir gljúfrinu og Þverá að Grjótármynni þar sem Þverá og Grjótá fremri sameinast austan Geitafells. Þaðan sjónhendingu í Rauðafoss í Seljadal. Þaðan sjónhendingu í vörðu á vestri bakka Tungár í svonefndan fremri Krók við Tungá, norðan við Þverbreknagljúfur, þaðan beina stefnu í vörðu fremst á Kálfafitjafalli, á móts við Fitargil (fremra). Frá Fitargili upp í Þrengslin, og svo úr þeim beina línu vestur í Vatnsás, og úr honum aftur beina línu í Hrutafells hornið að norðan. Frá Hrutafelli beina stefnu í Vestra Lambafell. Úr Vestra Lambafelli til vesturs niður í Laxá, beina stefnu í fyrrnefndan punkt með stefnu á suðurenda Kaldbaksfjalls.

Um mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Hofsjökli er það að segja að óbyggðanefnd telur að ákvarða þurfi þau til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Ljóst er að jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi. Álitafnið horfir þó að sjálfögðu öðruvísi við þegar um eignarland er að ræða.

Framangreint landsvæði er afréttur hreppa í Flóa og á Skeiðum í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur Flóa- og Skeiðahreppa eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. einnig auglýsingu nr. 507/1987, og nánari skilgreiningu í náttúruminjasrá: „Friðland í Þjórsárverum“, „Kerlingarfjöll“, „Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá“.

11.3.2. Land úr Ásólfstöðum

Ásólfstaðir skiptast nú í fjóra hluta, þ.e. Ásólfstaði, Ásólfstaði I, Ásólfstaði II og „afréttarland úr Ásólfstöðum“. Landamerkjabréf fyrir jörðina Ásólfstaði er gert 1. mars 1890. Þar lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Fyrst ræður lækur, sem rennur í Þjórsá fyrir framan Bringu; frá lækjarupptökunum er sjónhending sunnan vert fremri Blakkdal við Þverá; svo ræður Þverá inni Hannesargljúfur; þá ræður gljúfrið meðan það nær til; þaðan er sjónhending í Grjótá um Kistu; svo ræður Grjótárgljúfur meðan það endist; svo sjónhending þaðan í mynnið á Víðigili; þaðan sjónhending í Brunaskóghæð; þaðan sjónhending í Seljatungusporð; svo ræður Hvammsá þangað til hún kemur í Sandá; svo Sandá fram í Þjórsá, svo Þjórsá fram á móts við áðurnefndan læk.

Árið 1954 er jörðinni skipt í Ásólfstaði I og II. Árið 1962 kaupir Skógrækt ríkisins land Ásólf-

staða, að fráteknu núverandi landi Ásólfstaða I og II, byggingum, tilgreindum spildum og landsvæðum. Þar á meðal var land sem selt var Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiðahreppa tveimur og hálfu ári síðar og nefnist nú „afréttarland úr Ásólfstöðum“ í fasteignabók sýslumannsins á Selfossi.

Í máli nr. 7/2000 er fjallað um Ásólfstaði eins og þeim er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi frá 1890. Þar er þó ekki til úrlausnar eignarréttarleg staða þess hluta lands jarðarinnar sem afsalað var til Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa 19. mars 1965. Í afsalinu er mörkum landsins lýst svo:

Að sunnan ræður afréttargirðing (Flóagirðing). Þá ræður Þverá úr Blakksdal í Hannesargljúfur og þaðan í Kistu við Grjótá. Úr því Grjótárgljúfur á meðan það endist, en síðan landamörk á milli Ásólfstaða og Skriðufells neðan Víðigils um Brúnaskógshæð í girðingu á Seljatungnahæðum. - Hér er um að ræða allt það land, sem Ásólfstaðir eiga ofan afréttargirðingarinnar.

Þetta landsvæði er til meðferðar í þessu máli, nr. 6/2000. Framangreind girðing var reist árið 1912 og liggur milli Fossár og Stóru-Laxár, m.a. yfir land Ásólfstaða, frá Þverá í Sniðhól, þaðan sjónhending innst í Skóghlíðar og loks í Seljatunguhæð innst, skv. lýsingu á norðurmörkum lands Skógræktar ríkisins í afsali frá 24. september 1962. Landsvæðið norðan við girðinguna er nýtt sem afréttur Flóa- og Skeiðamanna en þeir hlutar Ásólfstaða sem liggja norðan afréttargirðingar hafa ekki verið formlega lagðir til afréttar samkvæmt lögum um afréttamálefni og fjallskil.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan fylgi afréttargirðingunni yfir land sem samkvæmt landmerkjalýsingu frá 1. mars 1890 telst innan landamerkja Ásólfstaða. Kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendu á afrétti Flóa- og Skeiðamanna er nánar lýst í kafla 3.1. Kröfur „Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðamanna f.h. landeigenda í Flóa og á Skeiðum“ vegna þess hluta Ásólfstaða sem er norðan afréttargirðingar og þannig inni á kröfusvæði ríkisins eru bæði settar fram í máli nr. 6/2000 og 7/2000 en afstaða til þeirra er tekin í þessu máli, nr. 6/2000. Kröfum afréttarmálafélagsins vegna afréttarlands Ásólfstaða er nánar lýst í kafla 3.2.

Í máli nr. 7/2000 eru rakin sjónarmið aðila um jörðina Ásólfstaði eins og henni er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi frá 1890, heimildir um merki hennar og sögu að öðru leyti. Samhengis vegna snýst sú umfjöllun einnig um afréttarland Ásólfstaða fram til 1965, þegar það er selt frá jörðinni, enda er saga svæðisins fram til þess samofin sögu jarðarinnar að öðru leyti.

Komist er að þeirri niðurstöðu í máli nr. 7/2000 að það land jarðarinnar sem þar er til meðferðar, þ.e. landið sunnan afréttargirðingar, sé eignarland. Að teknu tilliti til sögu jarðarinnar eftir 1965 og þeirra sjónarmiða sem aðilar hafa haft fram að færa í þessu máli telur óbyggðanefnd að þær ályktanir nefndarinnar, sem fram koma í kafla 11.3. í máli 7/2000, eigi einnig við um þann hluta Ásólfstaða sem hér er til meðferðar, þ.e. landið norðan afréttargirðingar.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Ásólfstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að sá hluti lands Ásólfstaða, sem er til meðferðar í þessu máli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.3.3. Land úr Skriðufelli

Skriðufell skiptist nú í tvo hluta, þ.e. land sunnan og norðan afréttargirðingar þeirrar sem reist var 1912. Landamerkjabréf fyrir jörðina er gert 1. mars 1890. Þar lýsir eigandi hennar landamerkjum þannig:

Að vestan ræður Hvammsá inn að Seljatunguhæð; þaðan er sjónhending í Brunaskógshæð, þaðan sjónhending í Víðigilsmyggi, þaðan sjónhending neðst í Grjótárgljúfur; svo ræður Grjótá austur í Sandá,

svo Sandá í hellustein austan undir Dímon, svo úr þeirri hellu sjónhending í Sandvíkið fyrir vestan Kolviðarhól; svo ræður Þjórsá vestur í Sandármynni.

Árið 1938 kaupir Skógrækt ríkisins jörðina. Sama ár gera Skógrækt ríkisins annars vegar og sjö hreppar í Flóa og á Skeiðum með sér makaskiptasamning þar sem Skógræktin lætur af hendi land Skriðufells innan afréttargirðingar í skiptum fyrir afréttarland Flóa- og Skeiðamanna í Þjórsárdal. Þetta landsvæði nefnist nú „hluti afréttar“ í fasteignabók sýslumannsins á Selfossi.

Í máli nr. 7/2000 er fjallað um Skriðufell eins og því er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi frá 1890. Þar er þó ekki til úrlausnar eignarréttarleg staða þess hluta lands jarðarinnar sem afsalað var samkvæmt framangreindum makaskiptasamningi. Samningurinn er svohljóðandi:

Hreppsnefndir Skeiðahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjahrepps, Sandvíkurhrepps, Stokkseyrarhrepps og Eyrarbakkahrepps annarsvegar og Skógrækt ríkisins hinsvegar gjöra hér með svofeldan makaskiptasamning:

1. Hreppsnefndir ofanefndra hreppa selja og afsala Skógrækt ríkisins afréttarlönd sín í Þjórsárdal innan eftirfarandi takmarka: Allt land austan girðingar þeirrar, sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtsskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi fyrir land það, sem um getur í 2. grein.
2. Skógrækt ríkisins selur og afsalar ofangreindum hreppsnefndum allar heiðar og öll lönd Skriðufells í Gnúpverjahreppi ofan og vestan fyrrnefndrar girðingar og girðingarinnar fyrir Flóa- og Skeiðamannaafreíti fyrir land það, sem um getur í 1. grein.

Þessi hluti úr landi Skriðufells er til meðferðar hér, í máli nr. 6/2000. Sú girðing, sem um getur í ákvæðum sammingsins, var reist árið 1912 og liggur milli Fossár og Stóru-Laxár, m.a. yfir land Skriðufells. Nánar tiltekið liggur girðingin frá því skammt norður af Gæsafit, yfir Litla-Dímon, þaðan á Þrengslasand og loks beina stefnu á Seljatungur. Landsvæðið norðan við girðinguna er nú nýtt sem afréttur Flóa- og Skeiðamanna en sá hluti Skriðufells sem þar liggur hefur ekki verið formlega lagður til afréttar samkvæmt lögum um afréttamálefni og fjallskil.

Kröfulína íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan fylgi afréttargirðingunni yfir land sem samkvæmt landamerkjalýsingu frá 1. mars 1890 telst innan landamerkja Skriðufells. Kröfum íslenska ríkisins vegna þjóðlendu á afrétti Flóa- og Skeiðamanna er nánar lýst í kafla 3.1. Kröfur „Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðamanna f.h. landeigenda í Flóa og á Skeiðum“ vegna þess hluta Skriðufells sem er norðan afréttargirðingar og þannig inni á kröfusvæði ríkisins eru bæði settar fram í máli nr. 6/2000 og 7/2000 en afstaða til þeirra er tekin í þessu máli, nr. 6/2000. Kröfum Afréttarmálafélagsins vegna lands Skriðufells innan afréttargirðingar er nánar lýst í kafla 3.2. Við endurupptöku málsins var því lýst yfir af hálfu Afréttarmálafélagsins að varðandi Skriðufell komi félagið fram fyrir hönd hreppanna.

Í máli nr. 7/2000 eru rakin sjónarmið aðila um jörðina Skriðufell eins og henni er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi frá 1890, heimildir um merki hennar og sögu að öðru leyti. Samhengis vegna snýst sú umfjöllun einnig um land Skriðufells innan afréttargirðingar fram til 1938, þegar það er selt frá jörðinni, enda er saga svæðisins fram til þess samofin sögu jarðarinnar að öðru leyti.

Komist er að þeirri niðurstöðu í máli nr. 7/2000 að það land jarðarinnar sem þar er til meðferðar, þ.e. landið sunnan afréttargirðingar, sé eignarland. Að teknu tilliti til sögu jarðarinnar eftir 1938 og þeirra sjónarmiða, sem aðilar hafa haft fram að færa í þessu máli, telur óbyggðanefnd að þær ályktanir nefndarinnar sem fram koma í kafla 11.10. í máli 7/2000 eigi einnig við um þann hluta Skriðufells sem hér er til meðferðar, þ.e. landið norðan afréttargirðingar.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja

Skriðufells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að sá hluti Skriðufells, sem er til meðferðar í þessu máli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

12. LANDSVIRKJUN

Í máli þessu gerir Landsvirkjun kröfur vegna allra vatnsréttinda (fallréttinda) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, þ.e. frá upptökum hennar í Hofsjökli, og landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulóna, stífla, vatnsvega, miðlunarmannvirkja, orkuflutningslína, spennna- og rofavirkja, vega og vegslóða og hvers kyns annarra mannvirkja vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu. Auk þess er krafist réttinda vegna Hrauneyjafosslínu, fyrirhugaðrar Sultartangalínu 3 og mælistöðva sem fyrirtækið kveðst eiga á afrétti Flóa- og Skeiðamanna. Loks gerir fyrirtækið einnig kröfur vegna vatnsmiðlunar úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun auk annarra virkjunarkosta í Efri-Þjórsá. Hér á eftir verður í fyrstu vikið að því hvað felst í þeim heimildum sem Landsvirkjun byggir kröfur sínar á og því næst tekin til úrlausnar einstök mannvirki sem kröfur eru gerðar um.

12.1. Almenn

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III. kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr., sbr. 1. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrir-mælum a) og c) liða 7. gr. laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir einstaklingar og löggjafar með við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi sbr. orðalag c) liðar 7. gr. þjóðlendlaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Kröfur Landsvirkjunar í máli þessu byggja á tvíþættum grundvelli. Annars vegar er byggt á framsali á grundvelli einkaréttarlegra heimilda. Hins vegar byggir Landsvirkjun réttindi sín á lagaheimildum og leyfum stjórnvalda veittum á grundvelli þeirra.

12.2. Kröfur byggðar á einkaréttarlegum heimildum

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réð í raun yfir.

Hér kemur einkum til skoðunar einhliða yfirlýsing dagsett 8. janúar 1979 sem Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða, sendi stjórn Landsvirkjunar vegna lagningu orkuveitu (háspennulínu) um afrétt félagsins¹. Í 1. gr. kom fram að Landsvirkjun væri heimilt að reisa eða láta reisa stauravirki til að bera háspennnta rafmagnslínu í afréttarlandi Flóa- og Skeiðamanna. Skyldu Landsvirkjun eða þeir sem fyrirtækið fæli slík störf hafa óhindraðan aðgang að stauravirkjum og rafmagnslínum í landinu, bæði að því er varðaði byggingarframkvæmdir og venjulegt eftirlit og viðhald síðar, sbr. 2. gr.

1 Skjal nr. 145.

yfirlýsingarinnar. Þá var því lýst yfir í 3. gr. að Landsvirkjun hefði greitt að fullu gjald vegna réttinda sem um ræddi í yfirlýsingunni og mættu mannvirkin standa í afréttinum óátalin af hálfu eigenda og ábúenda allra jarða í Flóa- og Skeiðahreppum. Í 4. gr. kemur fram að Landsvirkjun skuldbindur sig til að jafna allt jarðrask af völdum línuframkvæmda, bæði við möstur og vegaslóðir. Enn fremur að sáð og borið yrði á öll gróðursár og áburði dreift á öll gróðursár ári eftir sáningu. Jafnframt lofaði Landsvirkjun samkvæmt sömu grein að gera hlið á vegaslóðir til að fyrirbyggja óþarfaumferð um vegaslóðir meðfram háspennulínunni. Í 5. gr. var því lýst yfir að yrðu spjöll á eignum hreppsins við framkvæmdir háspennulínunnar ætti hreppurinn rétt til bóta vegna þess.

Ljóst þykir af orðalagi tilvitnaðrar yfirlýsingar Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða, að ekki er um að ræða framsal eignarréttinda á afréttinum til handa Landsvirkjunar heldur er verið að semja um greiðslu bóta vegna hugsanlegs tjóns sem réttihafar að afréttinum verða fyrir vegna þeirrar röskunar sem hljótast kann af því að háspennulínan er lögð á landsvæði afréttarins. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki byggt á yfirlýsingunni sem stuðningi fyrir eignaryfirfærslu til handa Landsvirkjun.

12.3. Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma í annan stað til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum, sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar, og koma þá jafnframt til skoðunar framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í köflum 12.2. og 12.3. í máli nr. 7/2000, þar sem fjallað er um þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi o.fl., gefur að finna tæmandi úttekt á þeirri löggjöf sem hefur tekið til starfsemi Landsvirkjunar og þess sem henni tengist. Ekki eru efni til þess í þessu máli að taka þá umfjöllun upp í heild sinni.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir með löggjöf um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983 með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981 með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar áður en í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að með umræddum lögum hafi tilætlunin verið sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c) liðs 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt, sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum, verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi lagaheimilda er fölgð í fullveldisrétti, yfirráða eða umráðarétti en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögunum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að

Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 milli landbúnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan, sbr. 3. t. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965 styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignar-námsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr., 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganess. Íslenska ríkið og Landsvirkjun sömdu um það, sbr. 3. gr. sameignarsamnings frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hvernir virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu, sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði, felst ekki áform um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er því eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, háspennulínur, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum nr. 59/1965, sbr. síðar lög nr. 42/1983, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi, sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun, falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærri handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

Undir framangreindum kringumstæðum fer íslenska ríkið því óskorað með eignarheimildir á því landi sem úrskurðað verður sem þjóðlenda, sbr. 2. kafla laga nr. 58/1998.

12.4. Einstök mannvirki

Í köflunum, sem hér koma á eftir, verður fjallað um mannvirki/framkvæmdir Landsvirkjunar sem staðsett eru á afrétti Flóa- og Skeiða eða koma til með að rísa á afréttarsvæðinu og fyrirtækið gerir

tilkall til á grundvelli laga nr. 58/1998. Gerð verður grein fyrir þeim mannvirkjum sem um er að ræða, hvar þau eru staðsett, í þeim tilvikum sem það liggur fyrir, og á hvaða grundvelli kröfur Landsvirkjunar byggja. Þá verða teknar til umfjöllunar kröfur Landsvirkjunar um viðurkenningu vatnsréttindi á afrétti Flóa- og Skeiða. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna mannvirkjana.

12.4.1. Öll vatnsréttindi í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár o.fl.

Svo sem rakið er hér að framan lýtur umrædd krafa Landsvirkjunar nánar tiltekið að eftirfarandi þáttum: allra vatnsréttinda (fallréttinda) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, þ.e. frá upptökum hennar í Hofsjökli, og landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulóna, stífla, vatnsvega, miðlunarmannvirkja, orkuflutningslína, spenna- og rofavirkja, vega og vegslóða og hvers kyns annarra mannvirkja vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu.

Hvað einkaréttarlegar heimildir Landsvirkjunar varðar verða þær ekki, svo sem fyrr er rakið, reistar á yfirlýsingu dagsettri 8. janúar 1979 sem Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða stóð að, sbr. niðurstöðu þar að lútandi í niðurlagi kafla nr. 12.2. Ekki fæst séð að Landsvirkjun eigi aðild að öðrum einkaréttarlegum löggæringum sem taka til lands eða vatnsréttinda á Flóa- og Skeiðamannaafreitti. Er þá sérstök ástæða til þess að geta þess að ekki fæst séð að tilætlunin hafi verið sú að framselja Landsvirkjun þau lands- og vatnsréttindi sem ráðstafað var til Fossafélagsins a/s Titan í Háafossi og Hjálparfossi í Fossá, þann 23. febrúar 1914. Um þá sölu er fjallað í kafla 6.2.1. hér að framan. Réttindi þessi framseldi a/s Titan síðan íslenska ríkinu, sbr. kaupsamning dags. 8. júní 1951 og afsal 16. janúar 1952. Hins vegar fæst ekki séð að þessi réttindi hafi verið hluti þeirra eignarréttinda sem ríkið lagði fram við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 2. gr. sameignar-samnings um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965, sbr. og 4., 5. og 6. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun. Í 3. tölulið, A-liðar, 2. gr. tilvitnaðs samnings segir svo:

Vatnaréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.

Undir þessa tilgreiningu geta hvorki fallið umrædd vatnsréttindi í Háafossi og Hjálparfossi, hvað þá önnur þau vatnsréttindi sem um er að ræða á Flóa- og Skeiðamannaafreitti. Um mögulegt eða meint framsal skv. öðrum einkaréttarlegum samningum sýnist ekki vera að ræða.

Engin mannvirki Landsvirkjunar hafa verið reist á því svæði sem hér er til umfjöllunar, Flóa- og Skeiðamannaafreitti, utan Hrauneyjafosslínu sem sérstaklega er fjallað um í kafla 12.4.2. Um fyrirhugaða Sultartangalínu 3 er fjallað í kafla 12.4.3. og fyrirhugaða vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu er síðan fjallað sérstaklega í kafla 12.4.5. Að öðru leyti sýnist fyrirhuguð mannvirkjagerð Landsvirkjunar ekki taka til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Er og nauðsynlegt að áréttast að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998, falla alfarið áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gildra lagaheimilda.

Hvað lagalegt tilkall til vatnsréttinda á svæðinu varðar að öðru leyti sýnist Landsvirkjun byggja kröfur sínar á 4. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965 og 4. og 6. gr. laga nr. 42/1983, sbr. lög nr. 74/1990.

Sú niðurstaða er fyrr rökstudd, sbr. kafla 12.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignarréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast ein-

göngu við lagaheimildir og leyfi veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírátt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Með fyrirvara um þau mannvirki/framkvæmdir sem fjallað er sérstaklega um í köflum 12.4.2.-12.4.5. er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé hvorki eigandi vatnsréttinda né neinna þeirra réttinda annarra sem þessi krafa fyrirtækisins tekur til á Flóa- og Skeiðamannaafrétti.

12.4.2. Hrauneyjafosslína

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Hrauneyjafossvirkjun í Rangárvallasýslu yfir í Gnúpverjahrepp við Sultartangavirkjun og þaðan þvert yfir Gnúpverjaafrétt í stefnu norðan Háafoss í Fossá. Þaðan liggur svo línan allt vestur að Brennimmel í Hvalfirði. Línan er því staðsett að hluta í afrétti Flóa- og Skeiðamanna, nánar tiltekið frá mörkum afréttarins við Gnúpverjaafrétt norðan Háafoss og að mörkum afréttar Flóa og Skeiða og Hrunamannaafréttar vestan og norðan Stóru-Laxár. Hrauneyjafosslína var reist á grundvelli heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 30. desember 1976. Var hún tekin í notkun á árinu 1982. Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðamanna gaf þann 8. janúar 1979 út yfirlýsingu um að Landsvirkjun hefði að fullu greitt bætur vegna lagningar línunnar yfir afrétt Flóa og Skeiða. Hrauneyjafosslína hefur í kröfugerð Landsvirkjunar gengið undir því nafni en undir rekstri málsins einnig verið kölluð Sultartangalína 1.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Hrauneyjafosslínu á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 leyfi iðnaðarráðherra, sbr. bréf dags. 30. desember 1976, og bótasamningum við einstakar jarðir og hreppa í Árnassýslu. Sú niðurstaða er fyrr rökstudd, sbr. kafla 12.3. að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírátt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Þá fela bótageiðslur til handa Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiðamanna á grundvelli yfirlýsingarinnar frá 8. janúar 1979 ekki heldur í sér innlausn eða yfirfærslu á eignarréttindum til handa Landsvirkjun.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Hrauneyjafosslína og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.3. Sultartangalína 3

Hér er um að ræða fyrirhugaða háspennulínu Landsvirkjunar með áætlaða flutningsgetu upp á 400 kV spennu sem á að liggja samsíða Hrauneyjafosslínu frá Sultartangavirkjun að Brennimmel í Hvalfirði. Línan er því staðsett að hluta í afrétti Flóa- og Skeiðamanna, nánar tiltekið frá mörkum afréttarins við Gnúpverjaafrétt norðan Háafoss og að mörkum afréttar Flóa og Skeiða og Hrunamannaafréttar vestan og norðan Stóru-Laxár. Sultartangalína 3 verður reist á grundvelli almennrar heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981, enn fremur á leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12. mars 1997. Væntanleg háspennulína Landsvirkjunar, sem hér er fjallað um, er nefnd Sultartangalína 1 í kröfugerð fyrirtækisins en undir rekstri málsins var farið að nefna þessa háspennulínu Sultartangalínu 3.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um landsréttindi vegna Sultartangalínu 3 á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981 og einnig leyfi iðnaðarráðherra dags. 12. mars 1997. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafla 12.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Enn fremur er það utan valdsviðs óbyggðanefndar að ákvarða aðilum réttindi að landi vegna mannvirkja sem ekki hafa enn verið reist. Heimild til byggingar Sultartangalínu 3 er að finna í lagaheimildum og leyfi ráðherra sem eru svo almenns eðlis að ekki þykir fært að ákvarða sérstök réttindi á grundvelli þeirra þegar mannvirkin hafa ekki enn verið byggð. Styðst sú niðurstaða enn fremur við þá staðreynd að ekki hefur verið tilgreind nákvæm staðsetning orkulínunnar.

Samkvæmt framansögðu er Landsvirkjun því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sultartangalínu 3.

12.4.4. Mælistöðvar

Hér er um að ræða ótiltekinn fjölda mælistöðva sem Landsvirkjun hefur að sögn reist á afrétti Flóa- og Skeiðamanna og er ætlað til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu á virkjunarsvæði fyrirtækisins. Landsvirkjun krefst þess að landsréttindi og umferðarréttindi sem þurfi til vegna reksturs mælistöðva fyrirtækisins verði viðurkennd. Umræddar kröfur Landsvirkjunar sýnast byggjast á þeim sérstöku lögum sem heimila Landsvirkjun byggingu og rekstur virkjana, orkuveitna og vatnsveitna, þ.e. lögum nr. 59/1965 og lögum nr. 42/1983 með áorðnum breytingum.

Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafla 12.3., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar hvers kyns mannvirkja í tengslum við starfsemi fyrirtækisins á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mælistöðva sem fyrirtækið hefur komið fyrir í tengslum við einstök virkjunarmannvirki, sem fullnægjandi heimildir eru fyrir að lögum og njóti þá lögvarins réttar til nýtingar mælistöðvanna. Hins vegar er Landsvirkjun ekki eigandi lands á þeim svæðum sem mælistöðvarnar eru.

Við rekstur máls þessa ber þess hins vegar að gæta að ekki hefur verið upplýst hverjar né hversu margar þær mælistöðvar eru sem um er að ræða né heldur hvar þær eru. Eru því ekki efni til þess af hálfu óbyggðanefndar að nein afstaða sé tekin til meintra eða mögulegra réttinda þeim tengdum.

12.4.5. Vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun auk annarra virkjunarkosta í Efri-Þjórsá

Landsvirkjun hefur látið gera áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggja fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á afrétti Flóa- og Skeiðamanna þótt upptök þessara vatna séu þar að hluta til.

Af kröfugerð og sjónarmiðum Landsvirkjunar má ráða að gerð sé krafa um réttindi til lands þar sem vatnsmiðlanir þessar muni í framtíðinni liggja, gerð sé krafa til nauðsynlega vatnsréttinda sem til þurfi vegna miðlananna og að gerð sé krafa um veiðiréttindi í fyrirhuguðum vatnsmiðlunum. Ekki liggur fyrir lagaheimild fyrir vatnsmiðlun þessari né nein leyfi stjórnvalda.

Það skal því þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla alfarið áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gilda lagaheimilda. Landsvirkjun er því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

13. ÚRSKURÐARORÐ¹

Land innan eftirfarandi merkja er þjóðlenda og afréttur Flóa- og Skeiðamanna:

Frá þeim stað við Stóru-Laxá, sem afmarkast af beinni línu með stefnu milli Vestra-Lambafells og suðurenda Kaldbaksfjalls á norðvesturmörkum Laxárdals. Síðan eftir ánni allt inn í Laxárdrög, þaðan beint í nyrðra Rjúpnafell, þaðan beint í sömu stefnu allt inn að Hofsjökli. Suðurjaðri Hofsjökuls er fylgt í austur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá toppnum á Arnarfelli hinu mikla og hæst í Flóamannaöldu og þeirri línu fylgt suður í Örfahnjúk. Þaðan að upptökum Fossár norðaustanvert við Lambafell og Fossá allt að afréttargirðingu við Háafoss, vestan megin árinna. Síðan ræður girðingin áfram, þar sem hún liggur með Fossá, austan Rauðukamba, norðan Reykhólts og að kletti við Sandá norðan Háholtsskógar. Þá er landamerkjum efstu jarða í Gnúpverjahreppi fylgt svo sem hér segir: Frá kletti við Sandá norðan Háholtsskógar, upp eftir Sandá í Grjótá um Grjótá og Grjótárgljúfur. Frá Grjótárfossi sjónhending um Kistu í Hannesargljúfur og eftir gljúfrinu og Þverá að Grjótármynni þar sem Þverá og Grjótá fremri sameinast austan Geitafells. Þaðan sjónhendingu í Rauðafoss í Seljadal. Þaðan sjónhendingu í vörðu á vestri bakka Tungár í svonefndan fremri Krók við Tungá, norðan við Þverbrekknagljúfur, þaðan beina stefnu í vörðu fremst á Kálfafitjafjalli, á móts við Fitargil (fremra). Frá Fitargili upp í Þrengslin, og svo úr þeim beina línu vestur í Vatnsás, og úr honum aftur beina línu í Hrútafells hornið að norðan. Frá Hrútafelli beina stefnu í Vestra Lambafell. Úr Vestra Lambafelli til vesturs niður í Laxá, beina stefnu í fyrrnefndan punkt með stefnu á suðurenda Kaldbaksfjalls.

Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998 en á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að Hrauneyjafosslinu sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum og nýtur lögvarins réttar til nýtingar hennar.

Kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, ákvarðast sameiginlega 666.355 krónur er greiðist úr ríkissjóði, þar af þóknun lögmanns sem ákvarðast 600.000 krónur og útlagður kostnaður 66.355 krónur, þegar endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Kostnaður Landsvirkjunar, þ.e. þóknun lögmanns, ákvarðast 300.000 krónur er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

¹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (kort).


14. FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Skjalaskrá

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)


IV. Aðilaskrá (afréttur)



ÞJÓÐLENDULÍNA

Mál nr. 6/2000; Flóa- og Skeiðamannaafreitur.

- Þjóðlendulina óbyggðanefndar
- Afreittarlina óbyggðanefndar
- Kröfulína jarðeigenda



- Aðalkröfulína ríkisins
- Varakröfulína ríkisins
- Kröfulína Landsvirkjunar
- Afréttargirðingar

Mælikvarði : ekki í kvarða Dags. 21. mars 2002 Teikning nr. FS-10 Verknúmer 201-035



II. Skjalaskrá

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Lýsing íslenska ríkisins á afréttarlöndum milli Hvítár og Þjórsár, dags. 5.5.1999.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. f.h. Upprekstrarfélags Flóa- og Skeiðamanna og eigenda jarða í hreppum Flóa og Skeiða:

- 2 Kröfugerð vegna Flóa- og Skeiðamannaafréttar, dags. 28.6.1999.
- 3 Skrá yfir fylgiskjöl með kröfugerð vegna Flóa- og Skeiðamannaafréttar, dags. 28.6.1999.
- 4 Ljósrit (óstaðfest) af spjöldum 306 jarða í hreppum Flóa og Skeiða úr fasteignabók sýslumannsins á Selfossi.
- 5 Skrá yfir landamerki milli afréttar Flóa- og Skeiðamanna og aðliggjandi jarða í Gnúpverjahreppi (að undanskildum Skriðufelli og Ásólfssstöðum), dags. 28.2.1890.
- 6 Landamerkjaskrá Ásólfssstaða í Gnúpverjahreppi, dags. 1.3.1890.
- 7 Landamerkjaskrá Skriðufells í Gnúpverjahreppi, dags. 1.3.1890.
- 8 (a-b) Uppkast, eignað Valdimar Briem, að landamerkjaskrá fyrir afrétt Flóa- og Skeiðamanna, ódags. og óundurritað, ásamt uppskrift. Úr fórum Páls Lýðssonar.
- 9 Landamerkjaskrá fyrir Gnúpverjahreppsafrétt, dags. 24.4.1890.
- 10 Makaskiptasamningur hreppsnefnda Skeiðahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps, Sandvíkurhrepps, Stokkseyrarhrepps og Eyrarbyggjahrepps annars vegar og Skógræktar ríkisins hins vegar um Skriðufell og Þjórsárdal, ódags. en mótt. til þingl. 31.8.1938.
- 11 Skrá yfir landamerki milli afréttar Flóa- og Skeiðamanna og Hrunamannaafréttar, dags. 18.4.1890.
- 12 Afturköllun hreppsnefndar Skeiðahrepps á umboði vegna fossamála, dags. 21.2.1914.
- 13 Afsal réttinda Titan a/s til íslenska ríkisins, dags. 16.1.1952.
- 14 Umboð hreppsnefndarmanna Skeiðahrepps, Hraungerðishrepps, Villingaholtshrepps, Sandvíkurhrepps Eyrarbyggjahrepps, Stokkseyrarhrepps og Gaulverjabæjarhrepps veitt Guðmundi Lýðssyni til ráðstöfunar námuréttinda á Flóa- og Skeiðamannaafrétti með tilgreindum undantekningum.
- 15 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1. bindi, bls. 218.
- 16 Samningur um vikurtöku, dags. 4.4.1965. Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa, Haraldur Georgsson og Guðmar Guðjónsson.
- 17 Samningur um vikurtöku, dags. 2.4.1966. Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa og Guðlaugur Ólafsson.
- 18 Samningur um töku og vinnslu á vikri, dags. 15.6.1987, milli Gnúpverjahrepps, ríkissjóðs og Jarðefnaíðnaðar hf.
- 19 Samningur um töku og vinnslu á vikri, dags. 31.8.1995. Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða og Jarðefnaíðnaður hf.
- 20 Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulinum (teikningar nr. 52-57, 6 blöð ásamt land- og hornpunktaskrá).
- 21 Landakort í m.kv. 1:150 000 með kröfulinum (teikning nr. 60-yfirlit og 61-yfirlit, 3 blöð).
- 22 Landakort í m.kv. 1:250 000 með kröfulinum (teikning nr. 59, 1 blað).
- 23 Skrá yfir jarðeigendur í Árborg, Gaulverjabæjarhreppi, Hraungerðishreppi, Villingaholtshreppi og Skeiðahreppi, dags. 20.9.1999.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 24 Bréf óbn. til Jörundar Gaukssonar hdl. um yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
- 25 Bréf óbn. til Jörundar Gaukssonar hdl. um staðfestingu á móttöku kröfulýsinga og athugasemdir, dags. 13.9.1999.
- 26 Bréf óbn. til Jörundar Gaukssonar hdl. um drög að kröfulínukorti óbyggðanefndar af svæði nr. 1, dags. 12.10.1999.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. fyrir hönd Landsvirkjunar:

- 27 Kröfulýsing Landsvirkjunar, dags. 24.6.1999.
- 28 [1] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1.7.1965.
- 29 [2] Sameignarsamningur milli Ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dags. 27.2.1981.
- 30 [3] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, með breytingum gerðum 28.10.1996.
- 31 [4] Eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell.
- 32 [5] Heimild atvinnuáráðherra, dags. 23.2.1968, til virkjunar Þjórsár við Búrfell.
- 33 [6] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.
- 34 [7] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisósi og Köldukvísl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.
- 35 [8] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.
- 36 [9] Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.12.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.
- 37 [10] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 1.7.1981, til að kaupa þriðju aflvél og stækka Hrauneyjafossvirkjun í 210 MW afl.
- 38 [11] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.1.1982, til byggingar Sultartangastíflu.
- 39 [12] Ályktun Alþingis 6.5.1982 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.
- 40 [13] Auglýsing menntamálaráðherra, dags. 10.11.1987, um friðland í Þjórsárverum.
- 41 [14] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til 1) stækkunar Búrfellsvirkjunar í allt að 310 MW afl ásamt tilheyrandi flutningslínunum og aðveitustöðvum, 2) hækkunar stíflna og gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúknungar 5. áfanga Kvíslaveitu.
- 42 [15] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuveitum.
- 43 [16] Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, samkvæmt lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur, til að reisa virkjun samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999, og annarra framkvæmda af því tilefni á sonefndum Holtamannafrétti.
- 44 [17] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli ásamt aðalorkuveitum.
- 45 [18] Bréf atvinnuáráðuneytis, dags. 20.6.1955, til stjórnar Sogsvirkjunar um miðlun í Þingvallavatni og virkjun Efra-Sogs.
- 46 [19] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 29.5.1997.

- 47 [20] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna umhverfisbreytinga vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 16.5.1986.
- 48 [21] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ársæll Jónasson eigandi jarðarinnar Tortu í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, og Landsvirkjun.
- 49 [22] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Björn Sigurðsson eigandi jarðarinnar Úthlíðar í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, og Landsvirkjun.
- 50 [23] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Gísli Einarsson, Kjarnholtum, oddviti Biskupstungnahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 51 [24] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Haukur Þórðarson, eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, og Landsvirkjun.
- 52 [25] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Kristbergur Jónsson, ábúandi jarðarinnar Laugar (rikiseign) í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, og Landsvirkjun.
- 53 [26] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 13.6.1979. Sigurður Greipsson, forsvarismaður jarðanna Haukadalur II og Bryggja í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, og Landsvirkjun.
- 54 [27] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Steinar Þórðarson eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, og Landsvirkjun.
- 55 [28] Bréf hreppsnefndar Biskupstungnahrepps, dags. 23.6.1979, varðandi fyrirhugaða byggingu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Grundartanga.
- 56 [29] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Ásmundur Eiríksson, Ásgarði, oddviti Grímsneshrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 57 [30] Fundargerð hreppsnefndar Grímsneshrepps 18.1.1979, vegna fyrirhugaðrar línu-lagningar frá Hrauneyjafossi að Brennimei í Hvalfirði.
- 58 [31] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 18.6.1979. Steinþór Ingvarsson, Þrándarlundi, oddviti Gnúpverjahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 59 [32] Bréf hreppsnefndar Gnúpverjahrepps, dags. 21.1.1979, um háspennulínulögn frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimei í Hvalfirði.
- 60 [33] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Daníel Guðmundsson, Efraseli, oddviti Hrunamannahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 61 [34] Bréf hreppsnefndar Hrunamannahrepps, dags. 23.1.1978, um fyrirhugaða raflínulögn frá Hrauneyjafossi að Brennimei.
- 62 [35] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Þórir Þorgeirsson, Laugarvatni, oddviti Laugardalshrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 63 [36] Bréf hreppsnefndar Laugardalshrepps, dags. 29.1.1979, um nýja háspennulínu frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimei á Hvalfjarðarströnd.
- 64 [37] Yfirlýsing v/lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ingólfur Guðmundsson, Miðfelli, oddviti Þingvallahrepps í Árnessýslu og Landsvirkjun.
- 65 [38] Bréf hreppsnefndar Þingvallahrepps, dags. 21.2.1979, um lagningu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Brennimei í Hvalfirði.
- 66 [39] Bréf Landsvirkjunar, dags. 29.10.1990 varðandi greiðslur vegna lagningar Hrauneyjafosslínu til Grímsnes-, Gnúpverja- og Hrunamannahrepps.
- 67 [40] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 24.7.1991, um leyfi til að reisa og reka 220 kV Búrfellslínu 3A.
- 68 [41] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 7.8.1997, þar sem staðfest er leyfi fyrir Búrfellslínu 3A til flutnings raforku með 400 kV spennu.
- 69 [42] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur

- fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 70 [43] Staðfesting á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981. Staðfestingin er dags. 24.7.1981.
- 71 [44] Um eignarrétt að miðlunarlónum. Greinargerð prófessors Sigurðar Líndal, dags. 22.6.1987.
- 72 [45] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps um veiðirétt í miðlunarlónum, dags. 8.7.1987.
- 73 [46] Bréf Landsvirkjunar til Veiðifélags Holtamannaafréttar, dags. 31.1.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 74 [47] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, dags. 3.2.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 75 [48] Fundargerð fundar Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahreppa frá 2.6.1992 um fiskveiði á Holta- og Landmannaafrétti, dags. 22.6.1992.
- 76 [49] Þjósárvirkjanir, mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjósár niður fyrir Búrfell, dags. í október 1980.
- 77 [50] Ekkert skjal ber þetta númer
- 78 [51] Kort 1 - Skjaldbreiður 1:50 000.
- 79 [52] Kort 2 - Hengill 1:50 000.
- 80 [53] Kort 3 - Haukadalur 1:50 000.
- 81 [54] Kort 4 - Geldingafell 1:50 000.
- 82 [55] Kort 5 - Þjósárdalur 1:50 000.
- 83 [56] Kort 6 - Nyrðri-Háganga 1:50 000.
- 84 [57] Kort 7 - Gnúpverjahreppur. Aðalskipulag 1993-2013. 1:50 000.
- 85 Bréf óbyggðanefndar til Landsvirkjunar um drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1, dags. 12.10.1999.
- 86 Bréf Landsvirkjunar til óbn. um drög að kröfulínukorti, dags. 19.10.1999.
- 87 Bréf óbyggðanefndar til Landsvirkjunar um yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
- 88 Bréf Landsvirkjunar til óbn. um athugasemdir við kröfulýsingu Landsvirkjunar, dags. 30.12.1999.
- 89 Efri Þjósá - Samanburður virkjunarkosta, útg. í desember 1992.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 90 Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 27.3.2000.
- 91 Ljósrit úr bókinni „Göngur og réttir“, eftir Braga Sigurjónsson, bls. 42-45, 108-109 og 112-113.
- 92 Afsal Ásólf Pálssonar og Stefáns Pálssonar á hluta af landi Ásólfstaða til Skógræktar ríkisins, dags. 24.9.1962.
- 93 Símbref Jörundar Gaukssonar hdl. til óbyggðanefndar varðandi Ásólfstaði, dags. 13.9.1999.
- 94 Afsal Ásólf Pálssonar og Stefáns Pálssonar á hluta af landi Ásólfstaða til Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa, dags. 19.3.1965.
- 95 Sama skjal og skjal nr. 15.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.:

96 Greinargerð Landsvirkjunar, dags. 3.5.2000.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl.:

97 Greinargerð Jörundar Gaukssonar hdl. vegna Flóa- og Skeiðamannaafréttar, dags. 18.5.2000.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 98 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Íslensku fornbréfasafni, dags. 29.5.2000, ásamt tilgreindu fylgiskjali nr. 1.
- 99 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 5.6.2000.
- 100 Bréf umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Suðurlandi til óbyggðanefndar vegna fasteigna á afrétti Flóa- og Skeiðamanna, dags. 6.7.1999, ásamt fylgiskjölum.
- 100-1 Matsvottorð fyrir mannvirki á Afrétti Flóa- og Skeiðamanna, 5 talsins.
- 100-2 Bréf óbyggðanefndar til FMR, Selfossi, um fasteignir ofar efstu bæjum, dags. 4.5.1999.
- 101 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Landsyfírréttar- og Hæstaréttardómum, dags. 29.6.2000.
- 102 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Lovsamling for Island og Stjórnartíðindum 1874-1918, dags. 20.6.2000.
- 103 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar, sagnfræðings, um heimildargildi Landnámu, dags. 9.6.2000.
- 104 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar, sagnfræðings, um máldaga og heimildargildi þeirra.
- 105 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Alþingisbókum Íslands, dags. 29.5.2000, ásamt tilgreindu fylgiskjali.
- 106 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld - útdráttum Gunnars F. Guðmundssonar, dags. 7.6.2000.
- 107 Umfjöllun um Flóa- og Skeiðamannaafrétt og Þjórsárdal í „ÍSLEIF“, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf.
- 107-1 Heimildaskrá Fornleifastofnunar Íslands ehf. v/skráningar í „ÍSLEIF“.
- 107-2 Bréf Fornleifastofnunar Íslands ehf. til óbn. v/„ÍSLEIF“ o.fl., dags. 27.3.1999.
- 107-3 Þjóðminjakort (Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015), hluti, (Afréttur Flóa- og Skeiðamanna, Þjórsárdalur).
- 108 Mannvirkjakort - Svæðisskipulag miðhálandisins 2015.
- 108-1 Fylgirit B með skipulagstillögum, bls. 144 og 149-151.
- 108-2 Greinargerð með staðfestu skipulagi, bls. 194-195.
- 109 Bréf Héraðsskjalasafns Árnesinga, dags. 5.6.2000, ásamt fylgiskjölum sem tilgreind eru í bréfinu nr. 1, 2, 3, 4, 5, 7, 8, 10, 12 og 14.
- 110 Bréf byggingarfulltrúans á Laugarvatni um skála á afréttarlöndum Grímsnes- og Grafningshrepps, Þingvallahrepps, Laugardalshrepps, Biskupstungnahrepps, Hrunamannahrepps, Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í árslok 1998, dags. 8.5.1999.
- 111 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumans handritadeildar Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns, til óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, dags. 8.9.2000.
- 112 Skrá Þjóðskjalasafns yfir uppskrifuð skjöl í Biskupsskjalasafni varðandi deilur Hrunaprests og Flóa- og Skeiðamanna um slægjur Hrunakróks austan Stóru-Laxár, mótt. 15.9.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1-7 (ljósrit skjalanna ásamt uppskriftum).

- 112 a Skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 25.10.2001.
- 113 Umfjöllun Ingva Þorsteinssonar, náttúrufræðings, um gróðurfar á kröfusvæði ríkisins á Flóa- og Skeiðamannaafrétti, dags. 28.9.2000.
- 114 Minnisblað Þjóðskjalasafns, dags. 18.9.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1-16, ásamt nr. 21.
- 115 Minnisblað Þjóðskjalasafns, dags. 26.7.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1-13.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 116 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um könnun á veðbókarregistri hjá Sýslumanninum á Selfossi ásamt tilgreindum fylgiskjölum, dags. 28.9.2000.
- 116-1 Ljósrit af opnu í veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Afrétt Flóahreppanna, I/263.
- 116-2 Ljósrit af opnu í veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Afrétt Skeiðahrepps, I/295.
- 116-3 Ljósrit af opnu í veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Háavafoss í Fossá, I/50.
- 116-4 Ljósrit úr fasteignabók hjá Sýslumanninum á Selfossi, spjaldið Afréttur Flóahreppanna, land í Þjórsárdal.
- 116-5 Ljósrit úr fasteignabók hjá Sýslumanninum á Selfossi, spjaldið Afréttur Skeiðahrepps.
- 116-6 Ljósrit úr Afsals- og veðmálabókum Árnæssýslu. Kaupsamningur hreppsnefndar Gnúpverjahrepps og hlutafélagsins Titan um eignarhluta hreppsins í Háavafossi o.fl., dags. 19.2.1914. (þingl.nr. M/277)
- 116-7 Ljósrit úr Afsals- og veðmálabókum Árnæssýslu. Kaupsamningur hreppsnefndar Skeiðahrepps og hlutafélagsins Titan um eignarhluta hreppsins í Háavafossi o.fl., dags. 4.4.1916. (þingl.nr. M/274)
- 116-8 Ljósrit úr Afsals- og veðmálabókum Árnæssýslu. Afsal frá hreppsnefnd Gnúpverjahrepps til hlutafélagsins Titan, dags. 16.7.1914. (þingl.nr. M/385)
- 116-9 Ljósrit úr Afsals- og veðmálabókum Árnæssýslu. Afsal frá hreppsnefnd Skeiðahrepps til hlutafélagsins Titan, dags. 15.7.1914. (þingl.nr. M/387)
- 116-10 Ljósrit úr Afsals- og veðmálabókum Árnæssýslu. Kvittun hreppsnefndar Sandvíkurhrepps fyrir greiðslu Skeiðahrepps fyrir eignarhluta hreppsins í Háavafossi o.fl., dags. 4.4.1916. (þingl.nr. M/881)
- 116-11 Ljósrit úr Afsals- og veðmálabókum Árnæssýslu. Kvittun oddvita Stokkseyrarhrepps fyrir greiðslu Skeiðahrepps fyrir eignarhluta hreppsins í Háavafossi o.fl., dags. 4.4.1916. (þingl.nr. M/882)
- 116-12 Ljósrit úr Afsals- og veðmálabókum Árnæssýslu. Kvittun Gaulverjabæjarhrepps fyrir greiðslu Skeiðahrepps fyrir eignarhluta hreppsins í Háavafossi o.fl., dags. 17.7.1916. (þingl.nr. M/883)
- 116-13 Ljósrit úr Afsals- og veðmálabókum Árnæssýslu. Kvittun hreppsnefndar Villingaholtshrepps fyrir greiðslu Skeiðahrepps fyrir eignarhluta hreppsins í Háavafossi o.fl., dags. 30.8.1916. (þingl.nr. M/884).
- 116-14 Ljósrit úr Afsals- og veðmálabókum Árnæssýslu. Kvittun oddvita Hraungerðishrepps fyrir greiðslu Skeiðahrepps fyrir eignarhluta hreppsins í Háavafossi o.fl., dags. 25.7.1916. (þingl.nr. M/885)

Lagt fram af Jörundi Gauksyni hdl.:

- 117 Sögulegt ágríp Páls Lýðssonar um Flóa- og Skeiðamannaafrétt, dags. 13.1.2001.
- 118 Skrá Páls Lýðssonar yfir bréf er varða Flóa- og Skeiðamannaafrétt, dags. 29.9.2000.
- 119 Vatnsréttindi og heimildir til þeirra samkvæmt skjölum h/f Titans. Þórður Eyjólfsson, september 1970. Bls. 33-36.

- 120 Samningur Hjálmars Finnssonar, Magnúsar Þorgeirssonar og Sigurðar Jónssonar annars vegar og Afréttarfélags Flóa- og Skeiðahrepps hins vegar, varðandi lax- og silungsveiði í Stóru-Laxá, dags. 11.6.1960.
- 121 Samningur aðila að landsréttindum í Árnassýslu í nágrenni Heklu við Jarðefnaíðnað hf. um vinnslu jarðefna, dags. 28.12.1977.
- 122 (a-b) Samningur Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverja um upprekstur á afrétt Flóa- og Skeiðamanna og Eyrstrahrepps, dags. 17.6.1850, ásamt uppskrift Þ.Í.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 123 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í 13. bindi Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 30.8.2001.
- 124 Minnisblað um gagnaöflun óbyggðanefndar hjá sýslumanninum á Selfossi, dags. 10.10.2001.
- 125 Samningur milli Flóa- og Skeiðamanna annars vegar og Gnúpverja hins vegar um geldfjárrekstur, undirritaður að Sandlæk 18.5.1843. Uppskrift óbyggðanefndar fylgir.
- 126 Ljósrit úr dóma- og þingabókum Árnassýslu þar sem fram kemur að landamerkjum fyrir Flóa- og Skeiðaafrétti hafi verið þinglýst 2.6.1890 að Stóra-Núpi og 3.6.1890 að Gröf.
- 127 Samningur Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa og Jarðefnaíðnaðar hf. um töku og vinnslu á vikri á vikursvæðum vestan Reykhólts á afrétti Flóa- og Skeiðamanna, dags. 6.9.1985.
- 128 Viðauki af hálfu ríkissjóðs við samning við Jarðefnaíðnað hf. varðandi vinnslu jarðefna á vikursvæðunum út frá Heklu vestan Þjorsár o.fl., dags. 23.5.1978.
- 129 Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík 1986, bls. 380-381, 378-379.
- 130 Útdráttur úr fundargjörðum sýslunefndarinnar í Árnassýslu á aðalfundi hennar 26.-30. apríl 1909: Hreppsnefnd Skeiðahrepps veitt leyfi til að selja eða leigja Hávafoff og Hjálparfoff.
- 131 (a-h) Fasteignamat Ásólfstaða og Skriðufells 1804, 1849-1850, 1916, 1922, 1932, 1938 og 1957.
- 132 J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, 1847 (Gnúpverjahreppur, bls. 64-65).
- 133 Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861 (Gnúpverjahreppur, bls. 23).
- 134 Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð hafa verið á vegum óbyggðanefndar í máli nr. 6/2000, dags. 29.10.2001.
- 135 Sérkort óbyggðanefndar: Flóa- og Skeiðamannaafreittur (Lýstar kröfur á svæði nr. 1), dags. 29.10.1999. Mælikvarði 1:100 000.
- 136 Landamerkjaskrá Fosness í Gnúpverjahreppi, dags. 1.3.1890.
- 137 Landamerkjaskrá Hamarsheiðar í Gnúpverjahreppi, dags. 1.3.1890.
- 138 Landamerki fyrir Stóru-Mástungu í Gnúpverjahreppi, dags. 13.9.1888.
- 139 Landamerki fyrir Minni-Mástungum í Gnúpverjahreppi, dags. 13.9.1888.
- 140 Landamerki milli Skáldabúða í Gnúpverjahreppi og kringum liggjandi jarða og afrijettar Flóamanna, dags. 27.2.1890.
- 141 Lýsing á mörkum fyrir Laxárdalslandi, dags. 16.6.1884.
- 142 Lýsing á landamerkjum Hrunakirkjujarða, dags. 12.5.1885.
- 143 Landamerkjaskrá fyrir fasteignum Stóranúpskirkju, dags. 28.5.1888.
- 144 Ágrip af sýslufundargjörðum Árnassýslu 17.-20.4. og 24.4.1895, bls. 1-2, og 14.-19. apríl 1902, bls. 1.
- 145 (a-d) Bréf Landsvirkjunar til Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða varðandi fyrirhugaða Hrauneyjafossilinu, dags. 17.4.1978, bókun um málið á aðalfundi

- Afréttarmálafélagsins 28.8.1978, yfirlýsing félagsins til Landsvirkjunar, dags. 8.1.1979, kvittun fyrir greiðslu Landsvirkjunar til Afréttarmálafélagsins, dags. 8.1.1979.
- 146 Gögn varðandi greiðslur á leigu fyrir það land Ásólfstaða, Skriðufells, Hamarsheiðar, Mástungna og Laxárdals sem liggur norðan afréttargirðingar. Um er að ræða ársreikning fjallskilasjóðs Flóa- og Skeiðahreppa 1924-1925 og 12 kvittanir fyrir greiðslum úr sameiginlegum sjóði Skeiða- og Flóahreppa (Guðni Jónsson í Heklu) frá tímabilinu 1924-1927.
- 147 Kvittanir fyrir greiðslu Afréttarmálasjóðs Flóa- og Skeiðahreppa á leigu fyrir það land Stóru-Mástungna og Hamarsheiðar sem liggur norðan afréttargirðingar, dags. 22.9.1955.
- 148 Kvittanir fyrir greiðslu Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa á leigu fyrir það land Stóru-Mástungna og Hamarsheiðar sem liggur norðan afréttargirðingar, dags. 9.8.1993.
- 149 Bréf hreppsnefndar Gnúpverjahrepps til girðingarnefndar Skeiða- og Flóahreppa þar sem krafist er útsvars fyrir leiguliðaafnot af 8 jarðarhlutum í Gnúpverjahreppi, dags. 15.4.1927.
- 150 Yfirlýsing Runólfs Þorbergssonar um að Flóa- og Skeiðamenn megi setja girðingu yfir land jarðarinnar Skáldabúða og hafa þar beitarafnot endurgjaldslaust, dags. 20.11.1911. Óstaðfest uppskrift úr förum Páls Lýðssonar. Frumrit týnt.
- 151 Samningur Afréttarfélags Flóa- og Skeiðahreppa og Ingimars Ingi-marssonar um leigu á lax- og silungsveiði í Stóru-Laxá, dags. 15.2.1970.
- 152 Veðbókarvottorð fyrir Skriðufell, að undanskildum hluta afréttar, dags. 1.7.1999.
- 153 Ljósrit af opnu í veðbókarregistri sýslumannsins á Selfossi: Skriðufell.
- 154 Afsal Ólafs Bergssonar og Jóhanns Ólafssonar á Skriðufelli til Skógræktar ríkisins, dags. 21.6.1938.
- 155 Afsal Ólafs Bergssonar á hálfri jörðinni Skriðufelli til Jóhanns Ólafssonar, dags. 3.6.1922.
- 156 Skrá Páls Lýðssonar yfir sölu Skálholtsstólsjarða frá 1785. Bls. 19-20 (Gnúpverjahreppur).
- 157 Hluti af skrá yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar („Stóra Núps þ.“).
- 158 Þinglýsingarvottorð Ásólfstaða 1, dags. 20.9.2001.
- 159 Þinglýsingarvottorð Ásólfstaða 2, dags. 20.9.2001.
- 160 Þinglýsingarvottorð Ásólfstaða, dags. 20.9.2001.
- 161 Þinglýsingarvottorð Afréttarlands úr Ásólfstöðum, dags. 20.9.2001.
- 162 Ljósrit af opnu í veðbókarregistri sýslumannsins á Selfossi: Ásólfstaðir.
- 163 Afsal Ásólf Pálssonar til Stefáns Pálssonar á hálfri jörðinni Ásólfstöðum, dags. 3.9.1954.
- 164 (a-c) Veðbandslausnir fyrir hluta úr jörðinni Ásólfstöðum, frá Raforkusjóði (dags. 25.2.1965, XXXV/167), Landsbanka Íslands (dags. 22.3.1965, XXXV/166) og Búnaðarbanka Íslands (dags. 16.3.1965, XXXV/168).
- 165 Afsal Stefáns Eiríkssonar til Einars Benediktssonar á vatnsréttindum í Þjórsá, tilheyrandi Ásólfstöðum, dags. 29.6.1917.
- 166 (a-k) Fundargerðir máls nr. 6/2000, Afréttur Flóa- og Skeiðamanna (7 fyrirtökur, aðalmeðferð máls, endurupptaka, fyrirtaka og lokafyrirtaka).
- 167 Ljósrit af opnu í veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi fyrir Hjálparfoss, I/151.
- 168 Bréf óbyggðanefndar til Jörundar Gaukssonar hdl. um endurupptöku á máli nr. 6/2000, dags. 1.11.2001.

- 169 Bréf óbyggðanefndar til Ólafs Sigurgeirssonar hrl. um endurupptöku á máli nr. 6/2000, dags. 1.11.2001.
- 170 Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. um endurupptöku á máli nr. 6/2000, dags. 1.11.2001.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni lögfr.:

- 171 Greinargerð Jörundar Gaukssonar vegna spurninga í bréfi óbyggðanefndar, dags. 4.11.2001, dags. 1.11.2001.
- 172 Samningur Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða við Sævar Sigurðsson o.fl. um vikurtöku á afrétti Flóa- og Skeiðamanna árið 1990, dags. 11.7.1990.
- 173 Greinargerð Guðmundar Lýðssonar o.fl. um fyrirhugaða girðingu milli Gnúpverjahrepps og Skeiða- og Flóamannaafreftar, dags. 21.11.1911. Óstaðfest uppskrift með athugasemd um gallað handrit.
- 174 Yfirlit Páls Lýðssonar yfir gögn sem send hafa verið óbyggðanefnd haustið 2001. Spurningar og svör. Dags. 3.11.2001.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 175 Símbréf Ólafs Sigurgeirssonar hrl. til Skógræktar ríkisins um nýtingu Þjórsárdals og greiðslu fasteignagjalda, dags. 30.10.2001.
- 176 Bréf Böðvars Guðmundssonar f.h. Skógræktar ríkisins til Ólafs Sigurgeirssonar hrl. um nýtingu Þjórsárdals og greiðslu fasteigna-gjalda, dags. 31.11.2001 (sic).
- 177 Samningur Skógræktar ríkisins, Gnúpverjahrepps, Landsvirkjunar o.fl. um uppgræðslu lands, dags. 11.4.1983.
- 178 Samningur Skógræktar ríkisins og Skógarsjóðsins um leigu á hluta lands Skriðufells til skógræktar, dags. 13.12.2000.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 179 Kort sem sýnir endanlega kröfugerð ríkisins í máli nr. 6/2000 ásamt texta (179a), dags. 5.11.2001.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni lögfr.:

- 180 Svör Jörundar Gaukssonar lögfr. og Guðrúnar Gauksdóttur lögfr., dags. 22.11.2001, við spurningum í bréfi óbn. dags. 1.11.2001. Listi yfir framlögð gögn, dags. 6.12.2001 (180a).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 181 Símskeyti Stjórnarráðsins til allra sýslumannsembætta á landinu varðandi vatnsréttindi á afréttum, dags. 3.4.1918.
- 182 „Afmálan af Ytrahrepps Landslagi beggiamegin StóruLaxár í Hruna Sókn“ eftir Jón Steingrímsson, dags. 8.3.1826, ásamt uppskrift Gunnars F. Guðmundssonar.
- 183 „Lýsing á legu afréttargirðingar í Þjórsárdal ...“, eftir Böðvar Guðmundsson, dags. 30.11.2001.
- 184 Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. þar sem óskað er eftir að gerð sé grein fyrir tilteknum atriðum varðandi Landsvirkjun, dags. 3.12.2001.
- 185 (a-c) Reikningar Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa 1964-1965, 1965-1966, 1999-2000.
- 186 (a-g) Gögn varðandi veiði í Stóru-Laxá.

Lagt fram af Jörundi Gauksyni lögfr.:

- 187 a-g Staðfest ljósrit af reikningum Afréttarmálagfélags Flóa- og Skeiða-hreppa 1962-1969.
- 188 1-44 Staðfest ljósrit af reikningum Afréttarmálagfélags Flóa- og Skeiða-hreppa 1974-1999.
- 189 Staðfest ljósrit fundargerðar aðalfundar Veidifélags Árneseinga frá 1962.
- 190 a-g Staðfest ljósrit af reikningum Veidifélags Árneseinga fyrir árin 1964-1969.
- 191 a-f Ljósrit af fundargerð stofnfundar Stóru-Laxárdeildar frá 18. apríl 1961.
- 192 a-f Ljósrit arðskrár samkvæmt yfirmati frá 1963.
- 193 Leigusamningur Afréttarmálagfélagsins við Ingimar Ingimarsson frá 15. febrúar 1970.
- 194 Bréf dags. 28. apríl 1970 frá Stóru-Laxárdeild til Afréttarmálagfélags Flóa- og Skeiðahreppa.
- 195 Staðfest ljósrit af fundargerð Afréttarmálagfélags Flóa- og Skeiðahreppa dags. 15. maí 1970
- 196 Samkomulag („Minnisblað“) dags. 13. júní 1970 milli Stóru-Laxárdeildar, Afréttarmálagfélagsins og Stangveidifélags Reykjavíkur.
- 197 a-d Staðfest ljósrit af fundargerð Afréttarmálagfélags Flóa- og Skeiða-hreppa, dags. 27. febrúar 1971.
- 198 a-b Samningur undirritaður af Afréttarmálagfélaginu þann 27. febrúar 1971 og síðar af Stóru-Laxárdeild. Tvö ljósrit.
- 199 a-d Álitsgerð Jónasar A. Aðalsteinssonar, dags. 25. mars 1975.
- 200 Matsgerð vegna arðskrár fyrir Stóru-Laxárdeild Veidifélags Árneseinga frá 2. febrúar 1991.
- 201 Samningur milli Stóru-Laxárdeildar og Afréttarmálagfélagsins dags. 16. desember 1975.
- 202 a-h Samningur um námurétt milli la Société d'Études pour l'Islande a la banque Transatlantique annars vegar og Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps hins vegar, dags. 6. mars 1911.
- 203 Staðfesting Jarðefnaíðnaðar hf. á því magni vikurs sem numið hefur verið úr námum í Þjórsárdal sl. 10 ár. Dags. 5.12.2001.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.:

- 204 Bréf Landsvirkjunar, dags. 11.12.2001, með svörum við spurn-ingum óbn. í bréfi, dags. 3.12.2001, ásamt 5 fylgiskjölum (a-e).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 205 a-e Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. um Sigöldulínur 1-3 og Sultartangalínu 1, dags. 24.1.2002. Tölvupóstur, dags. 24.1.2002, 28.1.2002, 5.2.2002, 11.2.2002 milli óbyggðanefndar og Þórðar Bogasonar hdl. um þetta efni.

Lagt fram af Guðrúnu Gauksdóttur lögfr.:

- 206 Bréf Jörundar Gaukssonar, lögfræðings, dags. 18.3.2002. Athugasemdir við fundargerð óbyggðanefndar frá 11.12.2001 í málum 6 og 7/2000.

III. AÐILASKRÁ

Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa

Sveitarfélagið Árborg

Björkurstykki	Gunnar Gunnarsson
Fossnes	Sveitarfélagið Árborg
Hagi	Hannes Gunnarsson
Hagi	Magnús Gunnarsson
Hagi	Þórunn Jónsdóttir
Hellir	Sveitarfélagið Árborg
Selfoss 1	Gunnar Gunnarsson
Selfoss 1	Guðmundur Sæmundsson
Selfoss 1	Þorvarður Sæmundsson
Selfoss 1	Bjarni Sigurgeirsson
Selfoss 1	Sigurgeir Höskuldsson
Selfoss 1	Sveitarfélagið Árborg
Selfoss 2	Bjarni Sigurgeirsson
Selfoss 1	Sigurgeir Höskuldsson
Selfoss 2	Sveitarfélagið Árborg
Selfoss 3	Bjarni Sigurgeirsson
Selfoss 3	Sigurgeir Höskuldsson
Selfoss 3	Sveitarfélagið Árborg
Austurkot m/Ásakoti	Páll Bragi Hólmarsson
Austurkot m/Ásakoti	Hugrún Jóhannsdóttir
Byggðarhorn	Gísli Geirsson
Byggðarhorn Áveitul.	Gísli Geirsson
Björk	Jón Gíslason
Dísarstaðir	Guðrún Jóna Hannesdóttir
Dísarstaðir 2	Hannes Þór Ottesen
Eyði-Sandvík	Ólafur Ingi Sigurmundsson
Eyði-Sandvík	Anna Gísladóttir
Geirakot	Ólafur Kristjánsson
Hreiðurborg	Ríkisbókhald
Jórvík	Sigrún Erla Sigurðardóttir
Kaldaðarnes	Gaukur Jörundsson
Kotferja 1	Þorvarður Sæmundsson
Kotferja 2	Guðmundur Sæmundsson
Litla-Sandvík 1	Páll Lýðsson
Ljónsstaðir	Guðrún Björg Leósdóttir
Lækjarmót 1	Guðmundur S. Öfjörð
Lækjarmót, land	Freyja Hilmarsdóttir
Lækjarmót 2	Guðmundur S. Öfjörð
Gráhellu	Ársæll Teitsson
Lækjargarður	Guðmundur Lárus Arason
Nabbi	Hólmfríður Þórðardóttir
Nabbi	Hrefna Gísladóttir
Nabbi	Benedikt Jóhannsson

Nabbi	Hannes Jóhannsson
Nabbi	Sigríður Kristín Jóhannsdóttir
Nabbi	Magnús Jóhannsson
Nýibær	Óli Andri Haraldsson
Smjördalir	Stefán Sigurjónsson
Smjördalir	Eiríkur Sigurjónsson
Smjördalir	Margrét Sigurjónsdóttir
Smjördalir	Grétar Sigurjónsson
Stekkar	Þorvarður Guðmundsson
Stekkar	Guðmundur Lárusson
Stóra-Sandvík 1	Sigríður Pálsdóttir
Stóra-Sandvík 1	Hólmfríður Þórðardóttir
Stóra-Sandvík 1	Hrefna Gísladóttir
Stóra-Sandvík 1	Rannveig Pálsdóttir
Stóra-Sandvík 1	Benedikt Jóhannsson
Stóra-Sandvík 1	Sigríður Kristín Jóhannsdóttir
Stóra-Sandvík 1	Magnús Jóhannsson
Stóra-Sandvík 2	Páll Lýðsson
Stóra-Sandvík 3	Guðmundur Hjaltason
Stóra-Sandvík 4	Samúel Smári Hreggviðsson
Stóra-Sandvík 5	Hannes Jóhannsson
Stóra-Sandvík 6	Ari Páll Ögmundsson
Stóra-Sandvík 6	Rósa Jóhanna Guðmundsdóttir
Votmúli 1	Freyja Hilmarsdóttir
Fossmúli	Sigurður I. Grímsson
Fossmúli	Jóna Ingvarsdóttir
Borg m/Hafliðakoti	Sveitarfélagið Árborg
Einarshöfn	Sveitarfélagið Árborg
Flóagafli	Sveitarfélagið Árborg
Flóagafllsmýri	Landbúnaðarráðuneyti
Gamla-Hraun 1	Sveitarfélagið Árborg
Gamla-Hraun 2	Helgi Þorvaldsson
Goðanes	Sveitarfélagið Árborg
Hallskot	Jón Sigurðsson
Litla-Háeyri	Sveitarfélagið Árborg
Litla-Hraun	Ríkisfjárhirsla
Mundakot	Sveitarfélagið Árborg
Óseyrarnes	Sveitarfélagið Árborg
Skúmsstaðir	Sveitarfélagið Árborg
Sólvangur	Nils Ólafsson
Steinskot 1	Sveitarfélagið Árborg
Steinskot 2	Sveitarfélagið Árborg
Stóra-Háeyri	Sveitarfélagið Árborg
Sölkutóft	Sveitarfélagið Árborg
Þórðarkot	Guðmundur Torfason
Sandgræðsluland	Sveitarfélagið Árborg
Ásgautsstaðir	Anna Guðrún Bjarnadóttir
Ásgautsstaðir	Dagbjartur V. Dagbjartsson
Ásgautsstaðir	Einar Helgason

Ásgautsstaðir	Vilborg Gísladóttir
Ásgautsstaðir	Þórður Guðmundsson
Ásgautsstaðir	Ingvar Þórðarson
Ásgautsstaðir	Magnúsína Þórðardóttir
Ásgautsstaðir	Dagrún Þorvaldsdóttir
Ásgautsstaðir	Inga J. Thorarensen
Ásgautsstaðir	Albert Jónsson
Ásgautsstaðir	Sigríður Fanney Isaksen
Ásgautsstaðir	Þóra Jónsdóttir
Ásgautsstaðir	Sigríður Jónsdóttir
Ásgautsstaðir	Njóra Jónsdóttir
Ásgautsstaðir, land	Sveitarfélagið Árborg
Baldurshagi	Ásta Erla Antonsdóttir
Baugsstaðir 1	Sigurður Pálsson
Baugsstaðir 2	Hinrik Ólafsson
Baugsstaðir 3	Siggeir Pálsson
Borgarholt	Verkstjórafélag Reykjavíkur
Brattsholtshjáleiga	Ríkisbókhald
Brattsholtshjáleiga	Ásta Erla Antonsdóttir
Brattsholt	Þröstur Bjarkar Snorrason
Brattsholt	Jón Ingvarsson
Breiðamýrarholt	Björn Harðarson
Breiðamýrarholt	Vernharður Sigurgrímsson
Breiðamýrarholt	Elín María Karlsdóttir
Brú	Björn Harðarson
Brú	Þorleifsgjafarsjóður
Brú	Vernharður Sigurgrímsson
Brú	Elín María Karlsdóttir
Bræðratunga, land	Einar Helgason
Bræðratunga, land	Vilborg Gísladóttir
Bræðratunga, land	Þórður Guðmundsson
Bræðratunga, land	Ingvar Þórðarson
Bræðratunga, land	Magnúsína Þórðardóttir
Bræðratunga, land	Anna Guðrún Bjarnardóttir
Bræðratunga, land	Dagrún Þorvaldsdóttir
Bræðratunga, land	Inga J. Thorarensen
Bræðratunga, land	Albert Jónsson
Bræðratunga, land	Sigríður Fanney Isaksen
Bræðratunga, land	Þóra Jónsdóttir
Bræðratunga, land	Sigríður Jónsdóttir
Bræðratunga, land	Njóra Jónsdóttir
Bræðratunga, land	Dagbjartur V. Dagbjartsson
Brautartunga	Sævar Jólsson
Brautartunga	Hörður Jólsson
Efra-Sel	Valdimar Ármann
Efra-Sel	Sonja Aðalbjörg Gylfadóttir
Eystri-Grund	Sævar Ástmundsson
Eystri-Grund	Anna Guðný Gunnarsdóttir
Eystri-Rauðárhóll	Sveitarfélagið Árborg

Eystra-Stokkseyrarsel	Anna Valdimarsdóttir
Gljácot	Björn Harðarson
Gljácot	Þorleifsgjafarsjóður
Gljácot	Vernharður Sigurgrímsson
Gljácot	Elín María Karlsdóttir
Grjótlækur	Ásta Linddal Stefánsdóttir
Grjótlækur	Sævar Ástmundsson
Grjótlækur	Anna Guðný Gunnarsdóttir
Hoftún	Ástvaldur Bjarki Þráinsson
Hoftún	Heiðrún Friða Grétarsdóttir
Hólar	Helgi Ívarsson
Holt	Björn Harðarson
Holt	Vernharður Sigurgrímsson
Holt	Elín María Karlsdóttir
Hraunhlaða	Ásta Linddal Stefánsdóttir
Hraunhlaða	Sævar Ástmundsson
Hraunhlaða	Anna Guðný Gunnarsdóttir
Hæringstaðahjáleiga	Bjarni Þorgeirsson
Hæringstaðahjáleiga	Þorleifsgjafarsjóður
Hæringstaðir	Bjarni Þorgeirsson
Keldnakot	Landbúnaðarráðuneyti
Kotleysa	Margrét Dóra Þorláksdóttir
Kotleysa	Birna Bjarnþórsdóttir
Kotleysa	Guðrún Bjarnþórsdóttir
Kotleysa	Zophonías Már Jónsson
Kumbaravogur	Kumbaravogur ehf.
Kökkur	Ragnhildur Ingibergsdóttir
Lölukot	Þorleifsgjafarsjóður
Lölukot	Sigurður Pálsson
Lölukot	Siggeir Pálsson
Oddagarðar	Björn Harðarson
Oddagarðar	Þorleifsgjafarsjóður
Oddagarðar	Vernharður Sigurgrímsson
Oddagarðar	Elín María Karlsdóttir
Syðra-Sel	Sjöfn Jóhannsdóttir
Skipar 1	Jón Ingvarsson
Skipar 2	Jón Ingvarsson
Tóftir	Þróstur Bjarkar Snorrason
Traðarholt m/Ranakoti	Páll Briem
Traðarholt m/Ranakoti	Sigrún Briem
Traðarholt m/Ranakoti	Ida Sigríður Danielsdóttir
Traðarholt m/Ranakoti	Haraldur Sigurgeirsson
Stokkseyri	Sveitarfélagið Árborg
Vestra-Stokkseyrarsel	Anna Valdimarsdóttir
Vestra-Stokkseyrarsel	Ríkisfjárhirsla
Vestri-Grund	Ásta Linddal Stefánsdóttir
Vestri-Rauðárhóll	Sveitarfélagið Árborg
Þingholt	Oddný Eiríksdóttir
Áveituland 1	Ríkisbókhald

Áveitulant 3	Ríkisbókhald
Áveitulant 4	Ríkisbókhald
Gaulverjabæjarhreppur	
Arabæjarhjáleiga	Gunnar Kristinn Þorvaldsson
Arabæjarhjáleiga	Guðríður Steindórsdóttir
Arabæjarhjáleiga, land	Guðlaugur Guðmundsson
Arabæjarhjáleiga, land	Sigríður Guðmundsdóttir
Arabær	Guðlaugur Guðmundsson
Arnarhóll	Jóhannes Guðmundsson
Austur-Meðalholt	Helgi Ívarsson
Austur-Meðalholt	Jón Ívarsson
Brenna	Óskar Þorgrímsson
Brenna	Karl Þorgrímsson
Dalbær	Ríkisbókhald
Efri-Gegnishólar	Óskar Þorgrímsson
Efri-Gegnishólar	Karl Þorgrímsson
Efri-Völlur	Helgi Stefánsson
Hellur-Eystri	Erlín Óskarsdóttir
Loftsstaðir-Eystri	Gísli Svavar Jónsson
Loftsstaðir-Eystri	Þóra Sigurjónsdóttir
Fljótshólar 1 og 4	Þormóður Sturluson
Fljótshólar 1 og 4	Pálmi Þormóðsson
Fljótshólar 1 og 4	Jón Sturluson
Fljótshólar 3	Arnar Bjarnason
Fljótshólar 4 og 1	Þormóður Sturluson
Fljótshólar 4 og 1	Pálmi Þormóðsson
Fljótshólar 4 og 1	Jón Sturluson
Galtastaðir	Gunnar Svan Ágústsson
Gaulverjabær	Pétur Valdimar Guðjónsson
Gegnishólapartur	Guðjón V. Sigurgeirsson
Gegnishólapartur	Sigrún Jóhannesdóttir
Gerðar	Geir Ágústsson
Hamar 1 og 2	Ríkisbókhald
Hamarshjáleiga	Ríkisbókhald
Haugur	Ríkisbókhald
Hólmasel	Anna Pálína Guðmundsdóttir
Hólshús	Gunnar Þórðarson
Klængssel	Baldur M. Geirmundsson
Krókur	Gísli Halldórsson
Krókur	Lilja María Gísladóttir
Krókur	Bjarni Halldórsson
Krókur	Ingibjörg Halldórsdóttir
Krókur	María Halldórsdóttir
Lækjarbakki	Gísli Svavar Jónsson
Lækjarbakki	Þóra Sigurjónsdóttir
Mið-Meðalholt	Minningarsj. Ársæls Jónssonar kafara
Mið-Meðalholt	Hannes Rúnar O. Lárusson
Mið-Meðalholt	Kári Halldórsson
Mið-Meðalholt	Magnús Halldórsson

Mið-Meðalholt	Helgi Ívarsson
Mið-Meðalholt	Jón Ívarsson
Ragnheiðarstaðir	Ólafur Ólafsson
Ragnheiðarstaðir	Sæunn Þorsteinsdóttir
Rútsstaða-Norðurkot	Benedikta Guðrún Waage
Rútsstaða-Norðurkot	Kjartan Þ. Ólafsson
Rútsstaðir	Óskar Þorgrímsson
Rútsstaðir	Karl Þorgrímsson
Seljatunga	Herdís Erna Gústafsdóttir
Seljatunga	Haukur Sigurjónsson
Selpartur	Ásgeir Sæmundsson
Syðri-Gegnishólar	Rósa Kristín Þorvaldsdóttir
Syðri-Gegnishólar	Ólafur Jósepsson
Syðri-Völlur 1	Ríkisbókhald
Syðri-Völlur 2	Geir Ágústsson
Skógsnes	Kristján E. Þorgeirsson
Suðurkot	Karl Þorgrímsson
Suðurkot	Óskar Þorgrímsson
Sviðugarðar	Sigurður Guðmundsson
Sviðugarðar	Þórlaug Bjarnadóttir
Traustholtshólmi	Ragnheiður Ásta Pétursdóttir
Traustholtshólmi	Hjördís Björk Hákonardóttir
Tunga	Leifur Sigurvin Helgason
Tunga	Rut Stefánsdóttir
Árlundur	Ester Jónsdóttir
Vallarhjáleiga	Sveitarfélagið Árborg
Vallarhjáleiga	Sveitarfélagið Árborg
Hellur-Vestri	Guðrún Loftsdóttir
Loftsstaðir-Vestri	Búnaðarbanki Íslands hf.
Loftsstaðir-Vestri	Bára Björnsdóttir
Loftsstaðir-Vestri	Þvottahúsið Lín ehf.
Loftsstaðir-Vestri	Haraldur Sigurgeirsson
Loftsstaðir-Vestri	Sigurður Sigfússon
Loftsstaðir-Vestri	Einar Marel Bjarnason
Loftsstaðir-Vestri	Guðmundur M Bjarnason
Loftsstaðir-Vestri	Sigríður Thors
Vestur-Meðalholt	Helgi Ívarsson
Vestur-Meðalholt	Jón Ívarsson
Vorsabæjarhjáleiga	Ingimar Ottósson
Vorsabæjarhóll	Markús Ívarsson
Vorsabær	Helgi Stefánsson
Vorsabær 2	Helgi Stefánsson
Vorsabær 3	Unnur Stefánsdóttir
Meðalholt-Áveituland	Helgi Ívarsson
Meðalholt-Áveituland	Jón Ívarsson
Hraungerðishreppur	
Arnarstaðakot	Ársæll Karl Gunnarsson
Arnarstaðakot	Jarðeignir ríkisins
Arnarstaðir	Gunnar B. Gunnarsson

Austurkot	Ólafur Einarsson
Bár	Tryggvi Bjarnason
Bitra	Guðgeir Sumarliðason
Bitra	Gústaf Lilliendahl
Bitra	Guðmundur Valberg Sigurjónsson
Bollastaðir	Guðjón Guðjónsson
Brúnastaðir 1	Ketill Ágústsson
Brúnastaðir 2	Ketill Ágústsson
Flóaáveitan	Hraungerðishreppur
Flóaáveitan	Villingaholtshreppur
Flóaáveitan	Gaulverjabæjarhreppur
Flóaáveitan	Sveitarfélagið Árborg
Flóaáveitan	Sveitarfélagið Árborg
Flóaáveitan	Sveitarfélagið Árborg
Flóaáveitan	Sveitarfélagið Árborg
Glóra	Hrafnkell Guðnason
Glóra	Guðlín Katrín Jónsdóttir
Glóra	Lánasjóður landbúnaðarins
Halakot	Góðhestar ehf.
Hallandi	Vísir, fél. skipstjórnarm. Suðurn.
Hjálmholt	Þormóður Ólafsson
Hjálmholt	Sigurður Ólafsson
Hjálmholt 2	Kristinn Ólafsson
Hraungerði	Ríkisfjárhirsla
Hraungerði	Hraungerðishreppur
Hryggur	Ríkisbókhalð
Kjartansstaðir	Ríkisbókhalð
Krókur	Guðríður Þórðardóttir
Krókur	Ólafur Bjarnason
Krosshóll	Hermann Hermannsson
Lambastaðir	Ríkisbókhalð
Langholt 1	Hreggviður Hermannsson
Langholt 3	Pétur Hermannsson
Langholt 2	Ragnar Valur Björgvinsson
Langholtspartur	Útver ehf.
Langholtspartur	Ómar Kjartansson
Langholtspartur	Elsa Súsanna Kjartansdóttir
Langholtspartur	Kjartan Kjartansson
Langholtspartur	Sigríður Kjartansdóttir
Langsstaðir	Ríkisbókhalð
Laugar	Bergljót Sigfúsdóttir
Laugar	Sigmar Sigfússon
Laugardælur	Haraldur Þórarinnsson
Laugardælur	Ólafur Þór Þórarinnsson
Þorleifskot	Haraldur Þórarinnsson
Þorleifskot	Ólafur Þór Þórarinnsson
Litla-Ármót	Baldur Indriði Sveinsson
Litlu-Reykir	Þorvaldur H. Þórarinnsson

Litlu-Reykir	Ragnheiður Elísabet Jónsdóttir
Lækur	Jarðeignir ríkisins
Miklaholtshellir	Ríkisbókhald
Oddgeirshólar 1	Steinþór Guðmundsson
Oddgeirshólar 1	Þuríður Einarsdóttir
Oddgeirshólar 1	Magnús G. Guðmundsson
Oddgeirshólar 1	Margrét Einarsdóttir
Oddgeirshólar 2	Guðmundur Árnason
Oddgeirshólar 3	Magnús G. Guðmundsson
Oddgeirshólar 3	Margrét Einarsdóttir
Oddgeirshólar 3	Steinþór Guðmundsson
Oddgeirshólar 3	Þuríður Einarsdóttir
Oddgeirshólar 4	Magnús G. Guðmundsson
Oddgeirshólar 4	Margrét Einarsdóttir
Skeggjastaðir	Skeggi Gunnarsson
Stóra-Ármót	Búnaðarsamband Suðurlands
Stóru-Reykir	Gisli Hauksson
Stóru-Reykir	Jónína Einarsdóttir
Sölvaholt	Jón Þórðarson
Sölvaholt	Sólveig Þórðardóttir
Sölvaholt	Guðjón Þórir Sigfússon
Sölvaholt, áveitul.	Jón Þórðarson
Sölvaholt, áveitul.	Sigfús Kristinsson
Sölvaholt	Þórður Jónsson
Hof	Þórður Jónsson
Tún	Bjarni Stefánsson
Tún	Veronika Narfadóttir
Tún 2	Hafsteinn Stefánsson
Tún 2	Guðfinna S. Kristjánsdóttir
Uppsalir	Guðjón Sveinbjörnsson
Uppsalir	Jóna Sveinbjörnsdóttir
Voli	Ríkisbókhald
Ölvisholt	Kjartan Runólfsson
Ölvisholt 2	Kjartan Runólfsson
Villingaholtshreppur	
Dalsmynni	Einar Einarsson
Efri-Sýrlækur	Ásgeir Gunnlaugsson
Efri-Sýrlækur	Soffía Ingvarsdóttir
Efri-Sýrlækur	Ásmundur Eiríksson
Efri-Gróf	Bjarki Reynisson
Efri-Gróf	Eygló Reynisdóttir
Efri-Gróf	Einar Ingi Reynisson
Efri-Gróf	Berghildur Reynisdóttir
Efri-Gróf	Hrafnhildur Reynisdóttir
Efri-Gróf	Sigrún Reynisdóttir
Efri-Gróf	Ingunn Hróbjartsdóttir
Egilsstaðakot	Einar Hermundsson
Egilsstaðakot	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir

Egilsstaðir 1	Jónas B. Sigurþórsson
Egilsstaðir 1, land	Atli Geir Jónsson
Egilsstaðir 2	Guðsteinn Frosti Hermundsson
Ferjunes	Ásmundur Eiríksson
Flaga	Hjörleifur Brynjólfsson
Flaga	Magnús Brynjólfsson
Forsæti 1	Ólafur Sigurjónsson
Forsæti 1	Kristján M. Sigurjónsson
Forsæti 1	Albert Sigurjónsson
Forsæti 1	Ketill Sigurjónsson
Forsæti 2	Kristján Gestsson
Forsæti 3	Ólafur Sigurjónsson
Forsæti 4	Kristján Gestsson
Gafl	Eiríkur K. Eiríksson
Grund	Sigríður Jóna Kristjánsdóttir
Heiðarbær	Nancy Ragnheiður Jónsson
Heiðarbær	Sigríður Regína Waage
Heiðarbær	Birna Halldórsdóttir
Heiðarbær	Hákon Halldórsson
Heiðarbær	Bergþór Halldórsson
Heiðarbær	†Hafsteinn B. Halldórsson
Heiðarbær	Guðný Halldórsdóttir
Heiðarbær	Sjöfn Halldórsdóttir
Heiðarbær	Unnur Halldórsdóttir
Hnaus	Pétur Njörður Ólason
Hnaus	Gísli Baldvin Björnsson
Hróarsholt 1	Tryggvi Gestsson
Hróarsholt 1	Alda Hermannsdóttir
Hróarsholt 2	Ingibjörg Magnúsdóttir
Hurðarbak	Ólafur Einarsson
Iruholt	Villingaholtshreppur
Jaðarkot	Sveinn Þórarinsson
Kambur	Haukur Hauksson
Kambur	Ingibjörg Benediktsdóttir
Kampholt	Sveinbjörn Dagfinnsson
Kampholt	Skúli Brynjólfur Steinþórsson
Kampholt	Bjarni Pálsson
Kolsholt 1	Aðalsteinn Sveinsson
Kolsholt 2	Sævar Sigurðsson
Kolsholt 2	Sigrún Sigurðardóttir
Kolsholt 2	Bára Sigurðardóttir
Kolsholt 2	Magnús Sigurðsson
Kolsholt 2	Guðjón Sigurðsson
Kolsholt 3	Sævar Sigurðsson
Kolsholt 3	Sigrún Sigurðardóttir
Kolsholt 3	Bára Sigurðardóttir
Kolsholt 3	Magnús Sigurðsson
Kolsholt 3	Guðjón Sigurðsson

Kolsholtshellir	Gyða Oddsdóttir
Kolsholtshellir	Sigurgeir Gunnarsson
Kolsholtshellir	Sigurjón Guðmundsson
Kolsholtshellir	Brynjólfur Guðmundsson
Kolsholtshellir	Sigríður Guðmundsdóttir
Krókur	Magnús Brynjólfsson
Krókur	Vigdís Brynjólfsdóttir
Krókur	Sigurbergur Brynjólfsson
Krókur	Hjörleifur Brynjólfsson
Krókur	Grímur Magnússon
Krókur	Gísli Guðjónsson
Mýrar	Kristinn Sigurðsson
Mjósyndi	Bjarki Reynisson
Mörk	Jónína Guðrún Færseth
Neistastaðir	Sigurður Björgvinsson
Sandbakki	Albert Sigurjónsson
Sandbakki	Guðrún Jónsdóttir
Saubær	Ingimar Ottósson
Syðri-Gróf 1	Halla Magnúsdóttir
Syðri-Gróf 2	Páll Axel Halldórsson
Syðri-Sýrlækur	Gunnar Haraldsson
Syðri-Sýrlækur	Jóna Margrét Kristinsdóttir
Skálmholt	Kolbeinn Þór Sigurðsson
Skálmholt	Helga Auðunsdóttir
Skálmholtshraun	Daniela Schmitz
Skálmholtshraun	Jónas Rafn Lilliendahl
Skálmholtshraun	Gústaf Lilliendahl
Skálmholtshraun	Kolbeinn Þór Sigurðsson
Skálmholtshraun	Helga Auðunsdóttir
Skygnisholt	Guðjón Guðvarðarson
Skúfslækur	Ásta Ólafsdóttir
Skúfslækur, áveitul.	Ásta Ólafsdóttir
Súluholt	Sigurður Guðmundsson
Súluholt	Guðmundur V. Sigurðsson
Súluholt	Hafðís Örvar
Súluholt 3	Jónas Haraldsson
Súluholt 3	Sigrún Sigurðardóttir
Súluholt, land	Sigrún Sigurðardóttir
Súluholt, land	Jónas Haraldsson
Súluholtshjáleiga	Sigurður Hafsteinn Björnsson
Súluholtshjáleiga	Gísli Kristinn Björnsson
Súluholtshjáleiga	Einar Þór Vilhjálmsson
Urriðafoss	Einar Helgi Haraldsson
Urriðafoss	Einar Einarsson
Vatnsendi	Þórunn Kristjánsdóttir
Vatnholt 1	Erling Pétursson
Vatnholt 2	Þorsteinn Hafsteinsson
Vatnholt 2	Marsibil Baldursdóttir

Vatnsholt 3	Margrét Rögnvaldsdóttir
Villingaholt	Kristrún Kristjánsdóttir
Villingaholt	Gréta S. Jónsdóttir
Villingaholt	Svavar Bjarnason
Villingaholt	Sigríður Jóna Kristjánsdóttir
Villingaholt	Helgi Kristjánsson
Villingaholt	Svavar Bjarnason
Vælugerðiskot	Bjarni Pálsson
Þingdalur	Bjarni Pálsson
Þingdalur	Jónas Halldórsson
Þingdalur	Kári Halldórsson
Þingdalur	Kristín Halldórsdóttir
Þingdalur	Magnús Halldórsson
Þingdalur	Minningarsj. Ársæls Jónss. kafara
Þingdalur	Sveinn Sigurmundsson
Þingdalur	Auður Atladóttir
Þjótandi	Ríkisbókhald
Önundarholt	Guðmundur Vilhjálmsson
Breiðholt, Önundarh.	Geir Baldursson
Skeiðahreppur	
Álfsstaðir	Björn Jónsson
Álfsstaðir	Erla Ellertsdóttir
Andrésfjós	Ríkisbókhald
Arakot	Sigmar G. Guðbjörnsson
Árhraun	Egill Jónasson
Árhraun	Eyvindur Jónasson
Birnustaðir 1	Hafliði Kristbjörnsson
Birnustaðir 2	Guðmundur Jónsson
Björnskot	Ríkisbókhald
Blesastaðir 1	Anna Bergsveinsdóttir
Blesastaðir 1A	Magnús Trausti Svavarsson
Blesastaðir 2	Marteinn Páll Friðriksson
Blesastaðir 2	Rúnar Skarphéðinsson
Blesastaðir 3	Ingibjörg Jóhannsdóttir
Borgarkot	Ann-Lisette Winter
Brjánsstaðir	Eiríkur Leifsson
Brjánsstaðir	Brynhildur Gylfadóttir
Brjánsstaðir	Gylfi Sigurðsson
Brjánsstaðir	Hrafnhildur Guðmundsdóttir
Efri-Brúnavellir	Rósar Aðalsteinsson
Efri-Brúnavellir	Ólöf Hjartardóttir
Efri-Brúnavellir 2	Jón Vigfússon
Efri-Brúnavellir 2	Þorgeir Vigfússon
Fjall 1	Bjarni Ófeigur Valdimarsson
Fjall 2	Bjarni Ófeigur Valdimarsson
Framnes	Bogi J. Melsted
Framnes 2	Pétur Þ. Melsted
Hlemmiskeið 1A	Ingólfur Bjarnason

Hlemmiskeið 2	Vilhjálmur Eiríksson
Hlemmiskeið 2	Sigurjón Vilhjálmsson
Hlemmiskeið 2	Ragnheiður Guðmundsdóttir
Hlemmiskeið 5	Vilhjálmur Eiríksson
Hlemmiskeið 3	Ámi Svavarsson
Hlemmiskeið 1	Ámi Svavarsson
Hlemmiskeið 1	Ólafur Friðgeir Leifsson
Hlemmiskeið 6	Ólöf Sigurborg Ólafsdóttir
Húsatóftir 1	Guðjón Vigfússon
Húsatóftir 2	Aðalsteinn Guðmundsson
Húsatóftir 2	Ástrún Sólveig Davíðsson
Húsatóftir 3	Garðar Vigfússon
Kálfhóll 1	Eggert Jóhannesson
Kálfhóll 1	Sigrún Herdís Arndal
Sléttaból	Jóhannes Eggertsson
Kálfhóll 2	Þórður Gestsson
Kálfhóll 2	Gestur Þórðarson
Kílhraun	Guðmundur Þórðarson
Langamýri 1	Kjartan Halldór Ágústsson
Langamýri 2	Ágúst Eiríksson
Miðbýli	Einar Þorkelsson
Minni-Ólafsvellir	Ríkisfjárhirsla
Norðurgarður	Ríkisbókhald
Ólafsvellir	Kjartan Georgsson
Ósabakki 1	Jóna Egilsdóttir
Ósabakki 2	Jökull Helgason
Ósabakki 2	Svala Sigurgeirsdóttir
Ósabakki 3	Hafliði Sveinsson
Reykhóll	Guðmundur Sigurðsson
Reykir	Rúnar Þór Bjarnason
Reykjahlið	Sveinn Ingvarsson
Syðri-Brúnavellir	Bogi J. Melsted
Skeiðháholt 1	Jón Vilmundarson
Skeiðháholt 1	Guðrún Helga Þórisdóttir
Skeiðháholt 2	Ólafur Jónsson
Skeiðháholt 3	Bjarni Gunnlaugur Bjarnason
Skeiðháholt 3	Bjarni Jónsson
Skeiðháholt 3	Kristín Skaftadóttir
Útverk	Einar Þorkelsson
Vesturkot	Ríkisfjárhirsla
Vorsabær 1	Eiríkur Þorkelsson
Vorsabær 2	Björn Jónsson
Vorsabær 2	Stefanía Sigurðardóttir
Vorsabær 2, land	Jón Eiríksson
Vorsabær 2, land	Emilía Kristbjörnsdóttir
Votamýri 1	Benedikt Kolbeinsson
Votamýri 2	Eiríkur Guðnason

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 7/2000

Gnjúpverjaafréttur, Þjórsárdalur
og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi



21. mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	717
2. MÁLSMEÐFERÐ	717
2.1. Norðanverð Árnessýsla tekin til meðferðar	718
2.2. Lýstar kröfur og kynning	719
2.3. Afmörkun máls nr. 7/2000	719
2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð	720
3. KRÖFUGERÐ	721
3.1. Kröfur íslenska ríkisins	721
3.1.1. Þjóðlenda	721
3.1.2. Ásólfstaðir (land sunnan afréttargirðingar)	722
3.1.3. Skriðufell (land sunnan afréttargirðingar)	722
3.2. Krafa varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar	722
3.3. Krafa þinglýsts eiganda Fossness vegna lands innan landamerkjá	722
3.4. Krafa þinglýstra eigenda Hamarsheiðar I-II vegna lands innan landamerkjá	722
3.5. Krafa þinglýstra eigenda Laxárdals I-II vegna lands innan landamerkjá	723
3.6. Krafa þinglýstra eigenda Minni-Mástungna vegna lands innan landamerkjá	723
3.7. Krafa þinglýsts eiganda Skáldabúða vegna lands innan landamerkjá	723
3.8. Krafa þinglýstra eigenda Stóru-Mástungna I-II vegna lands innan landamerkjá ..	724
3.9. Krafa Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðamanna vegna Ásólfstaða og Skriðufells (lands norðan afréttargirðingar)	724
3.10. Krafa Gnúpverjahrepps og eigenda jarða í hreppnum vegna Gnúpverjaafréttar ..	724
3.11. Krafa Landsvirkjunar	725
4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN	726
4.1. Almenn	726
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	726
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	727
4.4. Vettvangsferð	729
4.5. Skýrslutökur	730
5. STAÐHÆTTIR OG GRÓÐURFAR	732
5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður	732
5.2. Áætlað gróðurfar um landnám og síðari þróun þess	733
5.3. Núverandi gróðurfar	734
5.4. Friðland og náttúruuminjar	735
6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR	735
6.1. Landnám	735
6.2. Ásólfstaðir	736
6.3. Fossnes	737
6.4. Hagi	738
6.5. Hamarsheiði	739
6.6. Laxárdalur	740
6.7. Minni-Mástungur	741

6.8.	Skáldabúðir	741
6.9.	Skriðufell	742
6.10.	Stóru-Mástungur	744
6.11.	Gnúpverjaafréttur	745
6.12.	Landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal	753
7.	SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS	755
7.1.	Almenn atriði	755
7.2.	Fjalljarðirnar Ásólfstaðir og Skriðufell	761
7.3.	Landgræðslusvæðið í Þjórsárdal	762
7.4.	Búrfell og Skeljafell – Virkjanasvæði Landsvirkjunar	762
7.5.	Gnúpverjaafréttur	763
8.	SJÓNARMÍÐ JARDEIGENDA O.FL.	765
8.1.	Meginsjónarmið	765
8.2.	Rök er varða aðild málsins	767
8.3.	Rök fyrir fullkomnu eignarlandi	767
8.3.1.	Landamerkjalyking	767
8.3.2.	Afsalsgervingar	767
8.3.3.	Eyðijarðir	768
8.3.4.	Nýting	768
8.4.	Hefð og venjuréttur	769
8.5.	Einstakar jarðir	770
8.5.1.	Fossnes, Hamarsheiði I-II, Laxárdalur I-II, Minni-Mástungur, Skáldabúðir og Stóru-Mástungur I-II.	770
8.5.2.	Ásólfstaðir og Skriðufell	771
8.6.	Réttindi Landsvirkjunar	772
8.7.	Lagarök	773
9.	SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR	773
9.1.	Búrfellsvirkjun og virkjunarsvæði hennar, Búrfellslína 1, 2 og 3A og Bjarnalón	777
9.2.	Sigöldulína 1 (220 kV)	777
9.3.	Sultartangavirkjun, Sultartangastífla og Sultartangalína 2 (400 kV)	778
9.4.	Kvíslaveita – 5. og 6. áfangi	778
9.5.	Norðlingaöldumiðlun	778
9.6.	Vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun auk annarra virkjunarkosta í Efri-Þjórsá	778
9.7.	Hrauneyjafosslína (220 kV)	779
9.8.	Fyrirhuguð Sultartangalína 3 (400 kV)	779
9.9.	Veidiréttindi í vatnsvegum og miðlunarlónum	779
9.10.	Mælistöðvar Landsvirkjunar	780
9.11.	Sundlaug í Þjórsárdal	780
10.	ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	780
11.	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU	780
11.1.	Krafa varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar	780
11.2.	Landnám	781
11.3.	Ásólfstaðir	781
11.4.	Fossnes	784

11.5.	Hagi	785
11.6.	Hamarsheiði	785
11.7.	Laxárdalur	787
11.8.	Minni-Mástungur	788
11.9.	Skáldabúðir	789
11.10.	Skriðufell	790
11.11.	Stóru-Mástungur	793
11.12.	Gnúpverjaafréttur	794
11.13.	Landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal	799
12.	LANDSVIRKJUN	803
12.1.	Einkaréttarlegar heimildir	803
12.1.1.	Vatnsréttinda- og landsölusamningar	803
12.1.1.1.	Sala Gnúpverjahrepps á vatnsréttindum í Gljúfurleitafofssi, Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá; Háafossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingaárfossi í Geldingaá	803
12.1.1.2.	Sala á eignarhlut Flóa- og Skeiðamanna í Háafossi og Hjálparfossi	803
12.1.1.3.	Sala Gnúpverjahrepps á Búrfelli og Skeljafelli með umhverfi til Einars Benediktssonar, þann 28. júlí 1916	804
12.1.1.4.	Sala Ásahrepps, Holtahrepps og Landmannahrepps á vatnsréttindum í Þjórsá	804
12.1.1.5.	Kaup Landbúnaðarráðuneytisins á réttindum a/s Titan	805
12.1.2.	Sameignarsamningar um Landsvirkjun	806
12.1.3.	Samningar Landsvirkjunar um bótagreiðslur	807
12.1.3.1.	Bætur vegna lagningar Hrauneyjafosslínu	807
12.1.3.2.	Bætur fyrir tjón vegna framkvæmda við Sultartangalón og -virkjun	808
12.1.3.3.	Samningur varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á Holta- og Landmannaafréttum	809
12.2.	Heimildir Landsvirkjunar samkvæmt lögum	810
12.2.1.	Inngangur	810
12.2.2.	Ákvæði í lögum um orkunýtingarrétt fallvatna o.fl.	811
12.3.	Lagaheimildir sem einkum varða Landsvirkjun	813
12.3.1.	Lög nr. 59/1965. Um Landsvirkjun	813
12.3.2.	Lög nr. 36/1969. Breyting á lögum nr. 59/1965 um Landsvirkjun	814
12.3.3.	Lög nr. 37/1971. Breyting á lögum nr. 59/1965 um Landsvirkjun	814
12.3.4.	Lög nr. 60/1981. Um raforkuver	815
12.3.5.	Lög nr. 42/1983. Um Landsvirkjun	816
12.3.6.	Lög nr. 74/1990. Um breytingu á lögum nr. 60/1981 um raforkuver, o.fl.	817
12.3.7.	Lög nr. 9/1997. Breyting á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun	817
12.3.8.	Lög nr. 48/1999. Breyting á lögum nr. 60/1981 um raforkuver, með síðari breytingum	817
12.4.	Niðurstöður óbyggðanefndar	818
12.4.1.	Kröfur byggðar á einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda	819
12.4.2.	Kröfur byggðar á lagaheimildum	821
12.4.3.	Virkjanir í Gnúpverjahreppi	823
12.4.3.1.	Búrfellsvirkjun	823
12.4.3.2.	Sultartangavirkjun	824
12.4.4.	Orkuveitur (háspennulínur) í Gnúpverjahreppi	825
12.4.4.1.	Búrfellslína 1	825

12.4.4.2.	Búrfellslína 2	826
12.4.4.3.	Búrfellslína 3A	827
12.4.4.4.	Hrauneyjafosslína	827
12.4.4.5.	Sultartangalína 2	828
12.4.4.6.	Sigöldulína 2	829
12.4.4.7.	Sigöldulína 3	829
12.4.5.	Vatnsveitur og uppistöðulón í Gnúpverjahreppi	830
12.4.5.1.	Bjarnalón	830
12.4.5.2.	Sultartangastífla og Sultartangalón	830
12.4.5.3.	Kvíslaveita – 5. áfangi	831
12.4.6.	Fyrirhuguð mannvirki Landsvirkjunar	832
12.4.6.1.	Kvíslaveita – 6. áfangi	832
12.4.6.2.	Króksvirkjun og virkjunarsvæði hennar	832
12.4.6.3.	Norðlingaöldumiðlun	833
12.4.6.4.	Sultartangalína 3	833
12.4.6.5.	Sigöldulína 1	834
12.4.6.6.	Vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun	834
12.4.7.	Veiðiréttur	834
12.4.8.	Sundlaug við Reykholt	837
12.4.9.	Mælistöðvar Landsvirkjunar	837
13.	ÚRSKURÐARORÐ	838
14.	FYLGISKJÖL	839
I.	Kort	
II.	Skjalaskrá	
III.	Aðilaskrá (einstakar jarðir)	
IV.	Aðilaskrá (afréttur)	

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2002, fimmtudaginn 21. mars, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 7/2000, Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur
og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Karl Axelsson.

Aðilar málsins eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og f.h. Skógræktar ríkisins vegna jarðanna Skriðufells og Ásólfstaða, samkvæmt 11. gr. laga nr. 58/1998.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur jarðanna Fosness, Hamarsheiðar I-II, Laxárdals I-II, Minni-Mástungna, Skáldabúða og Stóru-Mástungna I-II, hver um sig vegna jarðar sinnar, og eigendur jarða í Gnúpverjahreppi og Gnúpverjahreppur vegna Gnúpverjafréttar.

(Jörundur Gauksson hdl. og Guðrún Gauksdóttir lögfr.)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl. f.h. Hreins Loftssonar hrl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan

V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor.

2.1. Norðanverð Árnæssýsla tekin til meðferðar

Meðferð þessa máls hófst 1. mars 1999 með því að óbyggðanefnd gaf út svohljóðandi tilkynningu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998:

Óbyggðanefnd, sem starfar á grundvelli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttar, nr. 58/1998, hefur ákveðið að taka til meðferðar landsvæði sem afmarkast svo:

Austurmörk: Þjórsá.

Vesturmörk: Mörk Árnæssýslu og Borgarfjarðarsýslu og vestur- og suðurmörk Þingvallalands.

Norðurmörk: Suðurmörk Hofsjökuls og Langjökuls og á milli jöklanna mörk milli afréttar Biskupstungnahrepps í Árnæssýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu, skv. dómsátt frá 9. september 1983 fyrir aukadómþingi Árnæssýslu.

Suðurmörk: Suðurmörk þeirra jarða sem liggja að hálendinu eða afréttum en þær jarðir virðast vera:

Í Þingvallahreppi: Þingvallaland, Gjábakki og Miðfell.

Í Grímsneshreppi: Kaldárhöfði, Brúarholt, Efri-Brú, Búrfell (I-III), Hæðarendi, Klausturhólar, Hallkels hólar (I-II), Björk, Þóroddsstaðir og Neðra-Apavatn.

Í Laugardalshreppi: Efra-Apavatn (I-II), Gröf, Lækjarhvammur, Eyvindartunga, Laugarvatn, Snorrastaðir (I-II), Hjálmsstaðir (I-II), Ketilvellir, Miðdalur, Miðdalskot, Laugardalshólar, Hólabrekka og Efstidalur (I-IV).

Í Biskupstungnahreppi: Miðhús, Úthlíð (I-II), Stekkholt, Hrauntún, Austurhlíð, Dalsmynni, Hlíðartún, Neðri-Dalur, Helludalur (I-II), Haukadalur (I-III), Torta, Bryggja, Laug, Brú, Kjóastaðir (I-II), Brattholt og Tunguheiði.

Í Hrunamannahreppi: Hamarsholt, Tungufell, Jaðar (I-II), Foss, Klufar, Kaldbakur og Hrunakrókur.

Í Gnúpverjahreppi: Laxárdalur I-II, Skáldabúðir, Minni-Mástungur, Stóru-Mástungur (I-II), Hamarsheiði (I-II), Fossnes, Hagi, Ásólsstaðir (I-II), Skriðufell og virkjanasvæði Landsvirkjunar.

Afréttir á svæðinu eru afréttir ofangreindra hreppa auk afréttar Flóa- og Skeiðamanna.

Gerður er fyrirvari um að aðrar jarðir/landskikar en tilgreindir eru kunnir að liggja á mörkum svæðisins að sunnanverðu, svo sem land sem ráðstafað kann að hafa verið úr ofangreindum jörðum.

Óbyggðanefnd áskilur sér rétt til þess að minnka eða stækka það landsvæði sem hér er lýst. Slík breyting yrði auglýst sérstaklega.

Á þessu svæði mun óbyggðanefnd: a) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, b) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og c) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendu.

Hér með er skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á ofangreindu landsvæði að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, innan

Þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs Lögbirtingablaðsins sem tilkynning þessi birtist í. Með kröfum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á ásamt uppdrætti af mörkum þess landsvæðis/jarðar sem kröfur lúta að, allt í fjóríti.

Sérstaklega er áréttað að tilkynning þessi nær til allra þeirra aðila sem telja til réttinda á ofangreindu landsvæði, án tillits til þess hvort þeir koma fram í lýsingu á afmörkun svæðisins.

Tilkynning óbyggðanefndar var birt í Lögbirtingablaðinu 5. mars 1999. Útdráttur úr efni hennar var birtur í Morgunblaðinu og víðar. Jafnframt lét nefndin þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók sýslumannsins á Selfossi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Málið var að auki kynnt fyrir sveitarstjórnnum, sýslumannsembættum og fleiri aðilum.

Óbyggðanefnd framlengdi hinn upphaflega frest í þeim tilvikum þegar leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti. Jafnframt vakti nefndin athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og gaf færi á lagfæringum.

2.2. Lýstar kröfur og kynning

Óbyggðanefnd bærust kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur í 7 hreppum og 57 aðrar kröfulýsingar sem sumar tóku til fleiri en einnar jarðar eða stærri landsvæða. Síðustu kröfulýsingar bærust 22. október 1999.

Þann 29. október gaf óbyggðanefnd út yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdrátt sama efnis. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Selfossi, dagana 1.-30. nóvember 1999, og að auki til loka athugasemdafrests 31. desember. Vakin var athygli á kynningunni með auglýsingum í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir og afreittarmálafélag yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bærust fyrir desemberlok en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum. Í janúar 2000 bærust kröfulýsingar fyrir fimm jarðir, allar í Hrunamannahreppi.

2.3. Afmörkun máls nr. 7/2000

Í janúar 2000 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi 7 málum, og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2000, Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi.

Mál nr. 2/2000, Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Mál nr. 3/2000, Laugardalsafréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi.

Mál nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi.

Mál nr. 5/2000, Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi.

Mál nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannafréttur.

Mál nr. 7/2000, Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi.

Jafnframt var gerð grein fyrir því hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Þá fengu fyrirvarsmenn málsaðila afhent afrit kröfulýsinga og fylgigagna annarra aðila að viðkomandi máli. Óskað var eftir athugasemdum við fyrirhugaða skiptingu svæðisins í mál og hæfi einstakra nefndarmanna innan tiltekins frests. Engar athugasemdir bærust.

Austurmörk þess svæðis sem hér er til úrlausnar eru samkvæmt tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, „Þjórsá“. Á fundi óbyggðanefndar 21. desember 1999 var eftirfarandi bókað um þetta atriði:

Hér er nánar tiltekið um að ræða eftirfarandi: Úr hátindi Klakks, eftir Háöldukvísl í Þjórsá.

Þessi mörk eru í samræmi við stjórnsýslumörk Gnúpverjahrepps og Eyjafjarðarsveitar, sbr. samþykkt hreppsnefndar Eyjafjarðarsveitar frá 22. september 1996, samþykkt hreppsnefndar Gnúpverjahrepps frá 2. september 1999 og auglýsingu félagsmálaráðuneytisins um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarfélaganna um mörk þeirra inn til landsins, dags. 13. september 1999.

Miðað er við farveg Þjórsár eins og hann var áður en virkjað var við Búrfell, allt þar til suðurmörk eftirtalinnna jarða eða landsvæða í Gnúpverjahreppi taka við, hin fyrstu í Þjórsá: Virkjana-svæði Landsvirkjunar við Búrfell og Skeljafell, Skriðufell, Ásólfstaðir (I-II), Hagi, Fosnes, Hamarsheiði (I-II), Stóru-Mástungur (I-II), Minni-Mástungur, Skáldabúðir, Laxárdalur (I-II), og ná að Stóru-Laxá, sbr. framangreinda tilkynningu óbyggðanefndar frá 1. mars 1999. Í því sambandi er einnig miðað við suðurmörk landgræðslusvæðis Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal sem áður taldist til Flóa- og Skeiðamannafréttar en fellur það innan þess svæðis sem hér er til úrlausnar.

Vestan við Gnúpverjafrétt og norðan við framangreindar jarðir í Gnúpverjahreppi og landgræðslusvæði í Þjórsárdal er loks landsvæði það sem nefnt hefur verið Flóa- og Skeiðamannafréttur. Norðurmörk jarðanna Skriðufells og Ásólfstaða í því sambandi miðast við afréttargirðingu frá 1912 sem liggur þvert yfir þær. Norðurmörk svæðisins að öðru leyti eru við suðurjaðar Hofsjökuls, sbr. framangreinda tilkynningu óbyggðanefndar frá 1. mars 1999.

Svo sem nánar greinir í kafla 3 er í máli þessu, nr. 7/2000, ágreiningur milli aðila um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem kallað hefur verið Gnúpverjafréttur, þ.m.t. athafnasvæði Landsvirkjunar við Búrfell og Skeljafell. Í meginráttum er annars vegar gerð krafa um þjóðlendu og hins vegar um eignarland. Enginn ágreiningur er hins vegar með aðilum um eignarréttarlega stöðu þeirra jarða í Gnúpverjahreppi sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, að því leyti sem þær eru til umfjöllunar í þessu máli. Þá er ekki ágreiningur um landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal þar sem einungis er gerð krafa um þjóðlendu. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 7/2000 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 1. mars 2000. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá. Þá var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins þann 28. mars var greinargerð íslenska ríkisins lögð fram ásamt fleiri gögnum. Þá var öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins þann 3. maí var greinargerð Landsvirkjunar lögð fram, auk fleiri gagna. Málið var tekið fyrir fjórða sinni þann 15. maí og veittur fjögurra daga lokafrestur til skila á greinargerðum vegna Gnúpverjafréttar og einstakra jarða í Gnúpverjahreppi. Við fyrirtöku þann 19. maí voru umræddar greinargerðir lagðar fram ásamt fleiri gögnum. Málið var einnig tekið fyrir á fundum 5. júní, 29. ágúst og 8. september. Lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð stóð dagana 20.-23. september 2000 í félagsheimili Hrunamannahrepps, Flúðum, og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflutning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og visast þangað.

Þann 5. nóvember 2001 var málið endurupptekið, lögð fram ný gögn af hálfu nefndarinnar og málsaðila og leitast við að upplýsa óljós atriði. Loks var málið tekið fyrir 11. desember 2001, lögð fram frekari gögn og afstaða tekin til einstakra atriða. Við þetta tækifæri var jafnframt færð til bókar sú niðurstaða óbyggðanefndar að sáttatilaunir væru þýðingarlausar. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna jarðanna Ásólfstaða og Skriðufells.

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er gerð krafa um að allt landsvæði Gnúpverja-afréttar verði viðurkennt þjóðlenda í eigu íslenska ríkisins, að virtum rétti afréttareigenda til allra lagalegra afréttarnota. Mörk afréttarins skuli miða við þinglýsta landamerkjalýsingu frá 2. júní 1890, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem urðu á suðurmörkum afréttarlandsins árið 1938 er Þjórsárdalur var friðaður fyrir sauðfé.

Íslenska ríkið gerir jafnframt kröfu til þess að „allt landgræðslusvæðið í Þjórsárdal, eins og því er lýst hér að neðan, verði viðurkennt þjóðlenda í eigu íslenska ríkisins, að viðurkenndum rétti Skógræktar ríkisins til uppgræðslu svæðisins. Um er að ræða land, sem Skógrækt ríkisins keypti af nokkrum hreppum í lágsvæitum Árnessýslu vestanverðri með makaskiftaafsali, þar sem gagn-greiðsla var fjalllendi Skriðufells. Eystri mörk þessa svæðis eru Fossá hjá Háafossi og liggja svo í farvegi Fossár allt þar til hún rennur í Þjórsá. Síðan meðfram Þjórsá allt að Kolviðarhóli og síðan sjónhending frá honum að Dímon. Síðan meðfram Sandá allt þar til hún sker afréttargirðingu Flóamannaafréttar og síðan fylgt afréttargirðingunni inn í Fossárdal eins langt og hún nær og svo sjónhendingu í Háafoss.“

Þá gerir íslenska ríkið kröfu til þess að allur neðri hluti fyrrum Gnúpverjaafréttar verði lýst þjóðlenda að virtum rétti Landsvirkjunar til þeirra afnota lands, sem samningar hafi verið gerðir um. Land þetta afmarkist þannig „Fossá ræður merkjum frá Þjórsá allt upp að Rauða og svo Rauða að Sandafelli við Raudárgljúfur. Þaðan ræður bein lína í Þjórsá neðan við graslendi Sandafells, en þaðan ræður Þjórsá merkjum niður að Fossá.“

Óbein eignarréttindi Landsvirkjunar á afréttinum, norðan við Búrfell og Skeljafell, eru einnig viðurkennd.

Kröfulína fjármálaráðherra hefst þar sem kröfulínan endar í austri gagnvart afrétti Flóa- og Skeiðamanna en það er þar sem afréttargirðingin sker Sandá. Frá þeim skurðpunkti liggur línan eftir Sandá þar til kemur að hellusteini austan undir Dímon, svo úr þeirri hellu sjónhending í sandvíkið fyrir vestan Kolviðarhól. Vestan við þessa línu er heimaland Skriðufells sem talið er undirorpið beinum eignarrétti en austan þessarar línu er þjóðlenda.

Varakrafa íslenska ríkisins er sú að kröfulína fylgi „Þjórsá frá Hafí suður og vestur fyrir Búrfell að Kolviðarhóli, smáhæð norðan ár um 2 km austan móta Sandár og Þjórsár. Þaðan liggur línan NNA um topp Stóra Dímons og áfram beint yfir í Háholtsskóg, alls um 5 km. Þaðan yfir hæsta hluta Litla Dímons yfir á fjallsbrún í Áslákstungnagili. Línan fylgir hér eldri kröfulínu. Þaðan beina línu um hábungu Miðfells um 3,2 km í hæsta hluta Geldingardalsfjalls suðvestanverðs í 455 m.h. yfir sjó. Frá þeirri hæð um 0,7 km í stefnu á Hestfjallahnúk að Þverá og henni fylgt suður að Grjótármynni. Þaðan liggur kröfulínan um 3,1 km yfir Geitafell, Seljadal og Þverbrekkur að vörðu á vesturbakka Tunguár. Kröfulínan liggur um 2,8 km í NNV að Kálfá þangað sem lækur úr Þrengslagili rennur í ána. Þaðan fylgir kröfulínan fyrri línu um 2,6 km í vestur að Vatnaási og áfram 1,3 km norður í Hrutafell, en þaðan í 3,4 km í vestanvert Lambafell, en þaðan 1,5 km vestur að Stóru Laxá.“

¹ Sjá einnig fylgiskjal nr. I (kort) og fylgiskjöl III-IV (aðilaskrár).

3.1.2. Ásólfstaðir (land sunnan afréttargirðingar)

Fyrir hönd Skógræktar ríkisins er þess krafist að land Ásólfstaða að afréttargirðingunni og þar með þjóðlendukröfulinu ríkisins verði úrskurðað eignarland. Krafist er hlutfallslegs afréttar fyrir Ásólfstaði í Gnúpverjaafrétti.

3.1.3. Skriðufell (land sunnan afréttargirðingar)

Fyrir hönd Skógræktar ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að eignarland Skriðufells verði svo sem hér segir: „Að vestan ræður Hvammsá inn fyrir Seljatunguhæðir að afréttargirðingu Flóa- og Skeiðamannaafréttar. Síðan er afréttargirðingunni fylgt allt þar til hún fer yfir Sandá. Síðan er Sandá fylgt í átt að Þjórsá allt að hellusteini austan undir Dímon svo úr þeirri hellu sjónhending í Sandvíkið fyrir vestan Kolviðarhól, svo ræður Þjórsá vestur í Þjórsármynni.“ Krafist er hlutfallslegs afréttarréttar fyrir Skriðufell í Gnúpverjaafrétti.

3.2. Krafa varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar

Gerð er sú krafa af hálfu jarðeigenda í Gnúpverjahreppi og Gnúpverjahrepps að óbyggðanefnd úrskurði ekki í máli þessu áður en fyrir liggja kröfur landeigenda á öllu Íslandi. Krafa þessi kom fram við aðalmeðferð málsins.

3.3. Krafa þinglýsts eiganda Fossness vegna lands innan landamerkjja

„Af hálfu Hjalta Gunnarssonar er þess krafist að staðfest verði að jörðin Fossnes, eins og henni er lýst hér á eftir, með öllum gögnum og gæðum, sé fullkomið eignarland og það ráði því að mörkin milli eignarlanda og þjóðlendna skuli alfarið ákvörðuð utan landamerkjja jarðarinnar.

Mörk jarðarinnar Fossness ráðast af eftirfarandi landamerkjum og eru þau í samræmi við landamerkjaskrá sem lýst var á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

Að suðaustan ræður Þjórsá allt að Djáknasteini; þaðan sjónhending í vörðu á suðvestasta hnúknum á Hellnaholti; þaðan sjónhending í hætta hnúkinn á Hellnaholti; þaðan sjónhending í Innri Skálhól, þaðan sjónhending í hæstu vörðu á Vörðukinn, þaðan sjónhending í Bognakarí, þaðan sjónhending í Rauðafoss vestast í Seljadal, þaðan sjónhending í Grjótármynni, svo ræður Þverá fram í Þjórsá.“

Þá er krafist alls málskostnaðar.

3.4. Krafa þinglýstra eigenda Hamarsheiðar I-II vegna lands innan landamerkjja

Af hálfu Guðbjargar Kolbeinsdóttur o.fl. vegna Hamarsheiðar I, og Erlends Jóhannssonar vegna Hamarsheiðar II, er þess krafist að „staðfest verði að jarðirnar Hamarsheiði I-II, eins og þeim er lýst hér á eftir, með öllum gögnum og gæðum, séu fullkomið eignarland og það ráði því að mörkin milli eignarlanda og þjóðlendna skuli alfarið ákvörðuð utan landamerkjja jarðanna.

Mörk jarðarinnar Hamarsheiðar ráðast af eftirfarandi landamerkjum og eru þau í samræmi við landamerkjaskrá sem lýst var á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

Fyrst ræður Hamarsheiðargil frá því er það kemur í Tunguá upp fyrir vaðið á gilinu fyrir framan bæinn á Hamarsheiði; þaðan er sjónhending í suðvestasta hnúkinn á Hellnaholti; þaðan sjónhending í Innri Skálhól; þaðan sjónhending í hæstu vörðu á Vörðukinn; þaðan sjónhending í Bognakarí; þaðan sjónhending í Rauðafoss; þaðan sjónhending í vörðu á vestri bakka Tunguár; svo ræður Tunguá að mynninu á Hamarsheiðagili.

Þá er krafist alls málskostnaðar.

3.5. Krafa þinglýstra eigenda Laxárdals I-II vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Högna Guðnasonar o.fl. vegna Laxárdals I, og Harðar Harðarsonar o.fl. vegna Laxárdals II er þess krafist að staðfest verði að jarðirnar Laxárdalur I og II, eins og þeim er lýst hér á eftir, með öllum gögnum og gæðum, séu fullkomið eignarland og það ráði því að mörkin milli eignarlanda og þjóðlendna skuli alfarið ákvörðuð utan landamerkja jarðanna.

Mörk jarðanna Laxárdals I og II ráðast af eftirfarandi landamerkjum og eru þau í samræmi við landamerkjaskrá sem lýst var á manntalsþingi að Gröf 3. júní 1890.

„Að vestan ræður Laxá. Að norðan ræður bein lína úr háfjallinu hjá Kaldbak, sem kallað er Nál og austur í Lambafell. Að austan ræður bein lína suður um vestur brún Hrutafells, og um Kragás; þaðan suður um austurbrún Hlíðarfjalls, sem kallað er Grenshlíð í Nónstein, sem stendur austan á fjallsbrúninni. Að sunnan ræður bein lína úr Nónsteini vestur í vörðubrotið fyrir ofan há-Grensás, og þaðan bein lína niður í Markalæk fyrir framan Brúngljúfur og úr því ræður lækurinn úti Laxá um Yðustein.“ Samkvæmt landamerkjaskrá, þinglýstri á manntalsþingi að Skáldabúðum, 28. febrúar 1890 eru mörk jarðarinnar og Flóa- og Skeiðamannaafreftar þessi: „Milli Laxárdalslands og afrjettarins í vesturenda Hrutafells eður brún fyrir sunnan Þverá, bein stefna í Vestra Lambafell.“

Þá er krafist alls málskostnaðar.

3.6. Krafa þinglýstra eigenda Minni-Mástungna vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Finnboga Jóhannssonar o.fl. er þess krafist að staðfest verði að jörðin Minni-Mástungur, eins og henni er lýst hér á eftir, með öllum gögnum og gæðum, sé fullkomið eignarland og það ráði því að mörkin milli eignarlanda og þjóðlendna skuli alfarið ákvörðuð utan landamerkja jarðarinnar.

Mörk jarðarinnar ráðast af eftirfarandi landamerkjum og eru þau í samræmi við landamerkjaskrá sem lýst var á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

„1. að sunnan ræður Langagil, þar til Fossagljúfur enda að norðan, þá bein lína í Stóraskigni, þaðan bein lína í slakkan á Selfelli og úr þeim slakka í vörðu fremst á Kálfafitjafjalli.
2. frá áðurnefndri vörðu ræður bein lína í Kálfá á móts við Fitjagil, úr því ræður Kálfá alla leið þar til áðurnefnda Langagil rennur í hana.“ Og samkvæmt landamerkjaskrá Flóa- og Skeiðamannaafreftar: „Milli Minni Mástungulands og afrjettarins úr síðast nefndri vörðu bein stefna vestur í Kálfá.“

Þá er krafist alls málskostnaðar.

3.7. Krafa þinglýsts eiganda Skáldabúða vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Ella R. Guðmundssonar er þess krafist að staðfest verði að jörðin Skáldabúðir, eins og henni er lýst hér á eftir, með öllum gögnum og gæðum, sé fullkomið eignarland og það ráði því að mörkin milli eignarlanda og þjóðlendna skuli alfarið ákvörðuð utan landamerkja jarðarinnar.

Mörk jarðarinnar ráðast af eftirfarandi landamerkjum og eru þau í samræmi við landamerkjaskrá sem lýst var á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

Milli Skáldabúða og Steinsholts ræður bein lína úr Nónsteini í gil austan í Moldás, sem ræður mörkum niður í Kálfá. 2. Milli Skáldabúða og Mástungna ræður Kálfá inni Fitjargil; 3. Milli Skáldabúða og Flóamannaafreftar ræður Fitjargilið uppi Prengslin, og svo úr þeim bein lína vestur í Vatnsás, og úr honum aptur bein lína í Hrutafells hornið að norðan. 4. Milli Skáldabúða og Laxárdals ræður bein lína úr Hrutafellhorni að norðan suður í Kragamýpu, og svo úr henni bein lína í Nónstein.

Þá er krafist alls málskostnaðar.

3.8. Krafa þinglýstra eigenda Stóru-Mástungna I-II vegna lands innan landamerkja

Af hálfu Haraldar Bjarnasonar o.fl. vegna Stóru-Mástungna I, og Harðar Bjarnasonar vegna Stóru-Mástungna II, er þess krafist að jarðirnar Stóru-Mástungur I og II, eins og þeim er lýst hér á eftir, með öllum gögnum og gæðum, séu fullkomið eignarland og það ráði því að mörkin milli eignarlanda og þjóðlendna skuli alfarið ákvörðuð utan landamerkja jarðanna.

Mörk jarðarinnar ráðast af eftirfarandi landamerkjum og eru þau í samræmi við landamerkja-skrá sem lýst var á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

Að sunnanverðu ræður Tungá frá því hún rennur í Kálfá, alla leið inná hinn svonefnda fremri Krók norðan við Þverbrekknagljúfur. 2. Af fremri króknum ræður bein stefna í vörðu fremst á Kálfaftjarfjalli, á móts við svo kallað Fitjagil. 3. Frá nefndri vörðu ræður bein stefna í slakkan, á Selfelli, þaðan beint í Stóraskigni og frá Stóraskigni bein stefna í endan á Fossagljúfrinu, síðan ræður Langagil alla leið í Kálfá þar til Tungá rennur í hana, eins og segir í 1. málsgrein.

Þá er krafist alls málskostnaðar.

3.9. Krafa Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðamanna vegna Ásólfstaða og Skriðufells (lands norðan afréttargirðingar)

Fyrir hönd landeigenda í Flóa og á Skeiðum gerir Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðamanna kröfu vegna eignarhluta þess í jörðunum Ásólfstöðum og Skriðufelli. Landamerki eignarhluta Afréttarmálafélagsins eru í samræmi við þinglýst landamerki jarðanna að öðru leyti en því að suðurmörk þeirra ráðast af afréttargirðingunni.

3.10. Krafa Gnúpverjahrepps og eigenda jarða í hreppnum vegna Gnúpverjaafréttar

Af hálfu Gnúpverjahrepps og eigenda tilgreindra jarða í hreppnum er endanleg aðalkrafa sú að Gnúpverjaafréttur, eins og honum er lýst hér á eftir, með öllum gögnum og gæðum, sé fullkomið eignarland og það ráði því að mörkin milli eignarlanda og þjóðlendna skuli ákvörðuð utan landamerkja afréttarins.

Gnúpverjaafréttur ræðst af eftirfarandi landamerkjum og eru þau í samræmi við þinglýst merki frá manntalsþingi að Stóranúpi frá 2. júní 1890, að teknu tilliti til þess landsvæðis, sem selt var undan afréttinum með afsali Gnúpverjahrepps til Einars Benediktssonar, dags. 1918 og íslenska ríkið keypti af Titanfélaginu 16. janúar 1952: Fossá ræður mörkum frá því þar sem Rauðá fellur í hana og til upptaka sinna norðaustanvert við Lambafell, þaðan beina stefna í Öræfahnúk, þaðan hæst í Flóamannaöldu, þaðan í toppinn á Arnarfelli hinu mikla, þaðan í hátind Klakks, þaðan eftir Háöldukvísl í Þjórsá. Suðurmörk afréttarins eru þar sem Rauðá kemur í Fossá, síðan Rauðá að Sandafelli (að Rauðárgljúfri), þaðan ræður bein lína í Þjórsá neðan við graslendi Sandafells.

Norðausturmörk Gnúpverjaafréttar eru í samræmi við staðfest samkomulag, dags. 13. september 1999, milli Eyjafjarðarsveitar og Gnúpverjahrepps.

Loks er gerð sú krafa f.h. landeigenda Gnúpverjahrepps að réttindi Landsvirkjunar til lands verði aðeins takmörkuð eignarréttindi sem svari til þeirra kvaða og nota sem Landsvirkjun séu nauðsynleg til starfsemi sinnar. Þetta séu réttindi Landsvirkjunar sem leiði af löggjöf. Þó er viðurkennt að Landsvirkjun geti takmarkað aðgang Gnúpverja og annarra að virkjanasvæði sínu enda sýni þeir fram á að annað leiði til tjóns eða skapi hættu í tengslum við starfsemina. Þetta gildi einnig um veiðiskapinn.

Til vara er þess krafist að Gnúpverjar haldi innan þjóðlendu öllum notum sem venjulegt er að fylgi afréttareign, auk allra annarra nota, sem verið hafa á afréttinum að fornu og nýju, þ. á m. er þess krafist að veiðiréttur í uppistöðulónum og vatnsfarvegum tilbúnum af Landsvirkjun sé Gnúpverja. Ná þessi krafa til allrar þjóðlendunnar eins og hún verði ákveðin.

Þá er krafist alls málskostnaðar.

3.11. Krafa Landsvirkjunar

Við upphaf aðalmeðferðar málsins, þann 20. september 2000 voru lagðar fram skriflega endanlegar kröfur Landsvirkjunar í máli nr. 7/2000. Hafði þá kröfugerð Landsvirkjunar tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð. Í endanlegri kröfugerð segir:

Krafist er að staðfest verði réttindi Landsvirkjunar á eða vegna eftirtalinna landsvæða í Gnúpverjahreppi, sbr. 2. mgr. 5. gr., sbr. og 6. mgr. 3. gr., laga nr. 58/1998:

Öll vatnsréttindi (fallréttindi) í Þjórsá ofan ármóta Þjórsár og Fossár, þ.e. frá upptökum hennar í Hofsjökli og landsréttindi sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða síðar kunna að verða reist til þess að hagnýta allt vatnsafl Þjórsár, þar með talið uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spennna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu.

Búrfellsvirkjunar og virkjunarsvæðis hennar, Búrfellslína 1, 2 og 3A og Bjarnalón. Einnig vegna sundlaugarinnar í Þjórsárdal (við Reykholt).

Sigöldulínu 1 (220 kV). Hrauneyjafosslínu (220 kV).

Sultartangavirkjunar og virkjunarsvæðis hennar, Sultartangastíflu, Sultartangalóns og Sultartangalínu 2 (400 kV) og fyrirhugaðrar Sultartangalínu 1 (400kV).

Kvíslaveitu - 5. og 6. áfangi, Þjórsárstíflu og Þjórsarlóns.

Króksvirkjunar og virkjunarsvæðis hennar og annarra ónýtttra virkjunarkosta í Efri-Þjórsá.

Norðlingaöldumiðlunar.

Vatnsmiðlunar úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun.

Öll veiðiréttindi (einkaréttur) í virkjunarlónum og vatnsvegum sem Landsvirkjun hefur búið til vegna virkjunarframkvæmda og vatnsmiðlunar.

Mælistöðva Landsvirkjunar - sérstaklega vatnamælingahúss Landsvirkjunar víð Efri-Þjórsá.

Málskostnaðarkrafa: Landsvirkjun krefst þess að óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

Í málflytningi var fallið frá kröfu vegna vatnamælingarhúss þar sem það væri utan þess svæðis sem hér væri til umfjöllunar. Þá var gerð sérstök grein fyrir umorðun á kröfunni varðandi veiðirétt í virkjunarlónum. Sú krafa hafði áður verið orðuð svo:

Öll veiðiréttindi í virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar á landsvæði því sem auglýsing óbyggðanefndar tekur til, þ.e. í Bjarnalóni ofan Búrfellsvirkjunar, Sultartangalóni, 5. áfanga Kvíslaveitu, 6. áfanga Kvísaveitu og fyrirhuguðu Norðlingaöldulóni.

En var nú orðuð:

Öll veiðiréttindi (einkaréttur) í virkjunarlónum og vatnsvegum sem Landsvirkjun hefur búið til vegna virkjunarframkvæmda og vatnsmiðlunar.

Þessi breyting var útskýrð nánar í málflutningi. Kom þar fram það sjónarmið að eðlilegra væri að líta á réttindi til mannvirkja og landsins, sem mannvirkin standa á, sem eina heild. Væru því kröfur um veiðirétt í virkjunarlónum og vatnsvegum látnar standa sjálfstæðar.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-289, sjá nánar í fylgiskjali nr. II.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Í þjóðlendulögum er mælt fyrir um skyldu aðila til að leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í því felst að óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Könnun frumgagna var að hluta framkvæmd af óbyggðanefnd og að hluta falin sérfræðingum Þjóðskjalasafns Íslands, samkvæmt samkomulagi og mati þessara aðila. Í því sambandi hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Árnesinga, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gerð er nánari grein fyrir þessari leit í kafla 4.3. Þá aflaði óbyggðanefnd álitargerðar Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, sjá kafla 5. Loks var að auki litið til almennra uppláttarrita og itarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í kafla 10.5.

Fyrirsvarsmönnum aðila var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Þeir gátu jafnframt bent á gögn sem ástæða væri til að kanna.

Þau gögn sem í leitirnar komu og óbyggðanefnd taldi að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu og afrit afhent málsaðilum. Jafnframt voru lögð fram minnisblöð um þá þætti gagnaöflunar sem lokið var hverju sinni.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Á Þjóðskjalasafni – Engin skjöl undir þessum lið eru í Þjóðskjalasafni (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 10.10.2001, skjal nr. 220).

2. Jarðabréf

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

Sjá að öðru leyti lið B-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

Hjá Sýslumanninum á Selfossi – Yfirfarið (sbr. minnisblöð óbn., dags. 7.9.2000 og 10.10.2001, sbr. skjöl nr. 186 og 220).

4. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðamat 1804 – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

Jarðamat 1849-1850 – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

Jarðamat 1916 – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

Sjá að öðru leyti lið B-2 (prentuð fasteigna- og jarðamöt).

5. Dóma- og þingabækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 18.9.2000, sbr. skjal nr. 190).

Sjá að öðru leyti lið B-3 (prentaðir dómur).

6. Bréfabækur og gerðabækur sýslumanna og hreppa

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið, eftir því sem ástæða var talin til (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, sbr. skjal nr. 190 a).

7. Vísitásiubækur

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið, eftir því sem ástæða var talin til (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, sbr. skjal nr. 190 a).

8. Kirkjustólar

Á Þjóðskjalasafni – Yfirfarið, eftir því sem ástæða var talin til (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, sbr. skjal nr. 190 a).

9. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Á Þjóðskjalasafni – Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki þörf á að yfirfara þetta efni í heild sinni enda um mjög viðamikil skjalasöfn að ræða og óvíst að nokkuð finnist (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).
Sjá að öðru leyti lið B-6 (prentað efni úr skjalasöfnum ...).

10. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar: Yfirfarið (sbr. bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, dags. 4.9.2000, skjal nr. 187).
Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins töldu ekki þörf á að yfirfara þær óprentuðu bréfabækur biskupa sem þar er að finna enda um mjög viðamikinn skjalaflokk að ræða og óvíst að nokkuð finnist (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, sbr. skjal nr. 190 a).
Sjá að öðru leyti lið B-8 (prentaðar bréfabækur biskupa).

11. Klausturumboð

Á Þjóðskjalasafni – Um slík gögn er ekki að ræða á þessu svæði (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).

12. Fornleifaskráning (yfirlit)

Lögð fram útprentun úr gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf. („ÍSLEIF“) fyrir Gnúpvörjahrepp og Þjórsárdal, sbr. skjal 160.

13. Örnefnaskráning (yfirlit)

Óbyggðanefnd hefur aflað og lagt fram gögn varðandi örnefni þegar sérstök þörf hefur verið talin á, sjá nánar í skjalaskrá.

14. Önnur óprentuð frumgögn

Starfsmenn Þjóðskjalasafns athuguðu kirknaskjöl, skjöl stjórnarráðsins um sölu þjóð- og kirkjujarða og skjalasafn biskups en ekkert fannst sem snertir afréttina eða heiðalöndin (sbr. skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 23.10.2001, skjal nr. 190 a).
Af hálfu óbyggðanefndar var talin ástæða til að skoða eftirtalda flokka óprentaðra frumgagna: Skjöl í ráðuneytum dóms- og kirkjumála og landbúnaðar um kirkjujarðir í Árnessýslu (sbr. minnisblað óbn., dags. 5.7.2001, skjal nr. 226).
Skjöl í biskupsstofu um kirkjurnar í Hruna og Odda á Rangárvöllum (sbr. minnisblað óbn., dags. 6.4.2001, skjal nr. 227).

B. Prentuð frumgögn:

1. Jarðabréf

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 167).
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) - Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 30.8.2001, sbr. skjal nr. 224).
Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.) – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 7.6.2000, skjal nr. 170).
Sjá að öðru leyti lið A-2 (óprentuð jarðabréf).

2. Fasteigna- og jarðamöt

Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847) – Sjá skjal nr. 165.
Ný jarðabók (1861) – Sjá skjal nr. 223.

Fasteignabók 1922 – Sjá skjal nr. 241.
 Fasteignabók 1932 – Sjá skjal nr. 242.
 Fasteignabók 1938 – Sjá skjal nr. 243.
 Fasteignabók 1957 – Sjá skjal nr. 244.
 Sjá að öðru leyti lið A-4 (óprentuð fasteigna- og jarðamöt).

3. Dómar

Útgefnir dómar Hæstaréttar og Landsyferréttar – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.6.2000, skjal nr. 163).
 Sjá að öðru leyti lið A-5 (óprentaðar dóma- og þingabækur).

4. Fjallskilareglugerðir

Stjórnartíðindi – Yfirfarið (sbr. bréf frá Héraðsskjalasafni Árneseinga, dags. 5.6.2000, skjal nr. 171).

5. Máldagar

Íslenskt fornbréfasafn – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 167).

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Lovsamling for Island – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 164).
 Stjórnartíðindi – Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 20.6.2000, skjal nr. 164).
 Sjá að öðru leyti lið A-9 (óprentað efni úr skjalasöfnum ...).

7. Landnáma

Óbyggðanefnd hefur gengið úr skugga um að í málinu hefur verið lagt fram það efni Landnámu sem varðar landnám í Gnúpverjahreppi.

8. Bréfabækur biskupa

Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar: Yfirfarin (sbr. minnisblað óbyggðanefndar, dags. 23.1.2001, skjal nr. 225). Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega.
 Sjá að öðru leyti lið A-10 (óprentaðar bréfabækur biskupa).

9. Alþingisbækur Íslands

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 29.5.2000, skjal nr. 168).

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Yfirfarið (sbr. minnisblað óbn., dags. 5.6.2000, skjal nr. 166).
 Sjá einnig lið B-1 (13. bindi Jarðabókar Árna og Páls).

11. Önnur prentuð frumgögn

Hvorki starfsmenn Þjóðskjalasafns né óbyggðanefndar töldu ástæðu til að yfirfara gögn í þessum flokki.

4.4. Vettvangsferð

Af hagkvæmnisástæðum fór fram vettvangsferð í máli nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannaafreittur, samhliða vettvangsferð í máli nr. 7/2000, Gnúpverjaafreittur (...), dagana 20.-21. september 2000.

Fyrri hluti vettvangsferðar fór fram 20. september 2000 í ágætu skyggni. Í vettvangsferð tóku

þátt, auk nefndarmanna, starfsmanna óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila, þau Árni Benediktsson, yfirmaður orkuvera Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, Halldór Jónatansson, fyrrverandi forstjóri Landsvirkjunar, Helgi Bjarnason, fyrrverandi forstöðumaður umhverfissviðs Landsvirkjunar, Böðvar Guðmundsson, starfsmaður Skógræktar ríkisins, Högni Guðmundsson, bóndi í Laxárdal, Már Haraldsson, fyrir hönd Gnúpverjahrepps, Sigrún Bjarnadóttir, bóndi í Fossnesi og fleiri.

Haldið var frá Flúðum, Hrunamannahreppi og ekið áleiðis Skeiða- og Hrunamannaveg þar til beygt var austur Þjórsárdalsveg að Árnesi og stöðvað þar skamma stund. Því næst var haldið áfram Þjórsárdalsveg. Helgi Bjarnason lýsti kennileitum þar til komið var á móts við Núp en þar tók Már Haraldsson við. Eftir að komið var yfir Sandá tók Böðvar Guðmundsson við leiðsögn en þeir Árni Benediktsson og Helgi Bjarnason við Búrfell. Stöðvað var í Sámsstaðarmúla, ofan við Þjóðveldisbæinn, og horft þaðan suður yfir enda víðsýnt og skyggni gott. Þá var haldið að Bjarnarlóni og aðstæður á virkjunarsvæðinu skoðaðar. Að svo búnu var gert hádegishlé.

Að hádegishléi loknu var haldið að Sultartangavirkjun og staðhættir skoðaðir. Á leiðinni frá Sultartanga, áður en kom að Þjórsá, var stöðvað og Már Haraldsson lýsti legu afréttargirðinga. Við Þjórsá tók Árni Benediktsson við leiðsögn. Ekið var sem leið liggur að Hrauneyjafossvirkjun og inn á Sprengisandsleið. Skammt frá Vatnsfelli var numið staðar og horft þaðan yfir Þórisvatn. Sprengisandsleið var að svo búnu ekin áfram og horft að fyrirhugaðri Norðlingaöldumiðlun. Við 6. áfanga Kvíslarveitu var stöðvað og aðstæður skoðaðar. Að því loknu var ekið yfir Þjórsárstíflu, staðnæmst og skyggnt um. Loks var gert stutt hlé við vinnuskúr Landsvirkjunar. Við það tækifæri flutti Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur erindi um gróðurfar á Gnúpverjaafretti auk þess sem Már Haraldsson lýsti fyrirkomulagi smalamennsku.

Að þessu loknu var haldið til baka. Ekið var undir leiðsögn Árna Benediktssonar suður Sprengisandsleið, inn á Þjórsárdalsveg og upp að Sandafelli. Þaðan sér vel yfir Sultartangalón. Línuvegur var ekinn austur þar til beygt var inn að Háafossi. Skammt fyrir ofan fossinn var staðnæmst og stigið út úr bifreiðinni. Þar sagði Már Haraldsson til örnefna og girðinga. Loks var haldið inn á Línuveg að nýju og ekið sem leið liggur austur að Þjórsárdalsvegi. Vettvangsferðinni lauk í Búrfelli.

Síðari hluti vettvangsferðar fór fram 21. september. Auk óbyggðanefndar, starfsmanns óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila, tóku þátt í vettvangsferð þau Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur, Páll Lýðsson, formaður afréttarmálafélags Flóa og Skeiða, Hjalti Gunnarsson, bóndi í Fossnesi og Högni Guðnason, bóndi í Laxárdal. Heimamenn veittu leiðsögn um svæðið, einkallega Páll Lýðsson og Hjalti Gunnarsson. Haldið var frá Flúðum inn Þjórsárdal og yfir Rauðá að hinu upprunalega bæjarstæði að Stöng. Ekið var þaðan áleiðis að Háafossi og skoðaður innsti hluti afréttargirðingarinnar, skammt frá fossinum. Þessu næst var haldið til baka, beygt til vesturs skömmu áður en kom að Stöng og ekið að Þjórsárdalslaug. Á þessari leið sér að eyðibýlinu Reykholti. Frá lauginni var tekin stefnan á gangnamannakofann Klett við Flóamannaklett. Á leiðinni sjást vikurnámur og eyðibýlið Bergólfsstaðir. Staðnæmst var við Klett. Haldið var til baka, niður á Þjórsárdalsveg, inn á Gnúpverjaveg og síðan norður Mástunguveg. Skammt fyrir ofan Skáldabúðir var beygt til norðurs inn á vegarslóða og haldið upp eftir honum, áleiðis að línuveginum. Staðnæmst var í hlíðum Lambafells þar sem vel sést yfir svæðið. Komið var í gangnamannakofann í Hallarmúla og þar flutti Páll Lýðsson, formaður afréttarmálafélags Flóa og Skeiða, tölu um nýtingu svæðisins. Á leiðinni til baka frá Hallarmúla gerði Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur grein fyrir gróðurfari þess. Vettvangsferð lauk í Árnesi.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir nefndina og gáfu skýrslur þeir Sigurður Páll Ásólfsson, vatnamælingamaður, Ásólfstöðum og Hjalti Gunnarsson, bóndi, Fossnesi.

Sigurður Páll kvaðst vera eigandi Ásólfstaða I. Hann sagðist hafa alist upp á Ásólfstöðum til 10 ára aldurs og búið þar frá tvítugsaldri.

Hann sagði að fé hefði alla tíð verið rekið til fjalls frá Ásólfstöðum þegar hann var barn. Yfir hásumarið hefði það verið rekið inn á Gnúpverjafrétt, þ.e. inn fyrir girðinguna við Sandafell á móts við Háafoss. Á öðrum tímum árs hefði það gengið í heimalandi, m.a. í landi Ásólfstaða á milli Þverár og Seljatungnaheiða sem nú hefði verið lagt til afréttar. Hann sagði að fyrst eftir að Flóa- og Skeiðamenn hefðu tekið fjallendi Ásólfstaða á leigu og afréttargirðingin kom hefði verið litið á landið sem afrétt. Afréttargirðingin hefði komið fjallabæjunum vel þar sem féð hefði þá haldið í högunum næst bæjunum í stað þess að sleppa sífellt til fjalla. Þegar hann hefði verið að alast upp hefðu Ásólfstaðamenn ekki haft önnur not af afréttinum en beitina og skógartekju. Hann sagði að á uppvaxtarárum sínum hefðu bændur á jörðunum Ásólfstöðum, Skriðufelli, Haga og Fossnesi smalað landið fyrir neðan afréttargirðinguna í sameiningu enda lægju þessar jarðir saman. Áður en girðingin kom hefðu bændur á Skriðufelli og Ásólfstöðum smalað allt land innan landamerkja jarðanna sjálfir.

Aðspurður kvað hann landamerki Ásólfstaða ávallt hafa verið skýr, þ.e. að jörðin ætti land vestur að Breiðmörk og inn að svokallaðri Kistu norðan við Klett. Hann sagði að aldrei hefði verið litið á afréttargirðinguna sem mörk. Á sínum tíma hefði það verið mikið hagsmunamál fyrir bændur að fá afréttargirðinguna svo að þeir misstu ekki féð langt inn til fjalla snemma á vorin. Jafnframt hefði verið mikill ágangur fjár af Flóa- og Skeiðamannafrétti inn á land fjallabæjanna. Útilokað hefði verið fyrir einstaklinga að girða af svona stórt land. Af þessum sökum hefðu menn kosið að fórna hluta af landinu undir afrétt. Hann sagði að ávallt hefði verið litið á land Ásólfstaða norðan afréttargirðingarinnar sem eignarland og hluta af Ásólfstaðalandi. Umrætt land hefði verið 1000 hektarar að stærð og verið selt fyrir eina milljón króna um 1960. Hefðu það þótt miklir peningar á þeim tíma.

Aðspurður kvað hann land Ásólfstaða I og II hafa verið undanþegið sölu jarðarinnar til ríkisins. Land þessara bæja sé allt láglandið frá Hvammsá að Bringu og allt fjalllendið upp í u.þ.b. 150 m hæð, þ.e. upp í Hagafjall og Ásólfstaðafjall.

Hann sagði að tilhögun fjallskila og fjallferða á Gnúpverjafrétt litið hafa breyst frá því hann var barn að því undanskildu að áður fyrr hefðu hross einnig verið rekin á afréttinn. Hann sagði að örlítið hefði verið tekið af vikri til einkanota inn á svokallaðri Tungu, austan Sandár. Það hefðu gert heimamenn á Ásólfstöðum og Skriðufelli, svo og starfsmenn Skógræktar ríkisins.

Hjalti Gunnarsson sagði að fjallskil væru lögð á hverja jörð í hreppnum. Um væri að ræða ákveðna upphæð og væri miðað við jarðarhundruð, svo og ákveðið gjald á hverja kind. Hver bóndi þyrfti að inna af hendi smölun eða aðra vinnu upp í þessar álögur. Hann sagðist ekki hafa rekið fé á fjall í nokkur ár en þegar það hefði verið gert hefði féð yfirleitt verið rekið inn í Skúmstungu og þaðan inn í Fiskiver. Aðspurður kvað hann lítil önnur not vera af landi Fossness neðan girðingar en beitarnot. Sama væri að segja um afréttarlandið í dag þótt vafalaust hafi verið meiri not af því hér áður fyrr. Hann kvaðst telja að veiði á afréttinum væri sama og engin og ekki væri amast við fuglaveiðum á afréttinum.

Hann sagðist muna eftir að hafa heyrt að mikil ánægja hefði verið með að fá afréttargirðinguna á sínum tíma. Þar með hefðu menn losnað við ágang afréttarfjár í heimalöndin en einnig hefði þótt gott að losna við það að elta féð upp um fjöll á vorin. Aðspurður kvaðst hann halda að litið hafi verið á land Skriðufells norðan afréttargirðingarinnar sem fullkomið eignarland. Hann sagði að Selmýrin hefði t.d. verið slegin fram undir 1950. Hann sagðist ekki hafa heyrt um það að afréttargirðingin hefði átt að ráða merkjum. Hann sagði að afréttargirðingin hefði verið færð fyrir nokkrum árum þar sem hún lægi í gegnum Fossnesland og hefði þá verið girt að nýju að hluta til á merkjum. Aðallega hefði verið hugsað um það á sínum tíma að finna besta girðingarstæðið, óháð mörkum en þó hefði verið reynt að girða sem næst þeim. Hann sagði að Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðamanna hefði greitt fyrir afnotin af því landi sem lent hefði norðan afréttargirðingarinnar en sagðist þó halda að félagið væri hætt að greiða fyrir þessi afnot nú.

Aðspurður kvaðst hann ekki kannast við að land Fossness eða aðliggjandi jarða skiptist annars

vegar í land sem væri í heilsársnotum og hins vegar í land sem eingöngu væri notað sem beitiland á sumrin.

Hann sagði að í fyrstu leit á Gnúpverjaafrétt væri farið í þrennu lagi. Fyrsti hópurinn færi lengst, þ.e. inn í Arnarfell. Annar hópurinn færi í svokallaða norðurleit og þriðji hópurinn að Dalsá eða í svokallaða Gljúfurleit.

Fyrsti hópurinn, sem skipaður væri bæði Gnúpverjum og Flóa- og Skeiðamönnum, færi í Hóla-skóg, þaðan í norðurleit og síðan í Tjarnarver og smalaði þann daginn Þjórsárverin að vestanverðu. Næsta dag væri farið í Arnarfell og Þjórsárverin smöluð að austanverðu. Síðan væri smalað fram Fjörðungssand, vestur Gilsárbotna, niður með Gilsá og niður í norðurleit, alveg niður í Bjarnarlækjarbotna. Þar hittu menn næsta hóp sem væri þá á öðrum degi úr byggð. Sá hópur væri einnig skipaður bæði Gnúpverjum og Flóa- og Skeiðamönnum. Daginn eftir væri norðurleitin smöluð í sameiningu vestur á Lambafell og Rjúpnafell. Þar skildu leiðir með Gnúpverjum og Flóa- og Skeiðamönnum. Flóa- og Skeiðamenn deildu með sér svokallaðri austur- og vesturleit, á Sultarfit og Skeiðamannafit. Sultarfit væri við Stóru-Laxá og þeir sem færu þangað smöluðu Laxárdrögin. Þeir sem færu á Skeiðamannafit smöluðu Fossárdrögin og þar niður úr. Gnúpverjar væru eftir og smöluðu frá Dalsá. Gljúfurleitarmenn hittu þá sem kæmu innan að við Dalsá. Þar væri skipað í leitir og Gljúfurleitin smöluð, þ.e. svæðið milli Fossár og Þjórsár, og væri gist í Hólaskógi. Daginn eftir væri smalað áfram niður Fossárdal, niður Þjórsárdalinn og niður í Fossnes. Þaðan væri féð rekið niður í Skaftholtsréttir.

Aðspurður um silungsveiði á afréttinum sagði hann að silungsveiði væri og hefði ætíð verið í Skúmstungnaám. Sagðist hann halda að farið væri að selja veiðileyfi í þær, þ.e. í kjaftinum við Sultartangalón. Hann sagðist ekki vita hvort það væru Gnúpverjar eða Landsvirkjun sem seldi veiðileyfin. Aðspurður um vikurnám á afréttinum sagði hann að í Búrfells- og Skeljafellslandinu væru námur. Þá væri dálítið vikurnám í Sandártungu.

Hann staðfesti að þar sem afréttargirðingin lægi með Sandafelli í nágrenni Háafoss væri önnur girðing neðar og lægi hún frá Mosá á móts við sundlaugina, niður hjá Stöng og austur í Gjá. Þar væri um að ræða svokallaða Skógræktargirðingu. Áður en sú girðing kom hefði skógræktarlandið náð alveg upp að afréttargirðingunni við Sandafell. Þá hefði þetta verið allt eitt svæði innan girðingar Skógræktarinnar.

Aðspurður kvað hann það almenna skoðun meðal Gnúpverja að þeir ættu Gnúpverjaafrétt.

5. STAÐHÆTTIR OG GRÓÐURFAR¹

5.1. Land- og jarðfræðilegar aðstæður

Gnúpverjaafréttur er um 617 km² að stærð. Hið friðaða landsvæði í Þjórsárdal, sem er innan kröfuvæðisins, er um 87 km² að stærð.²

Syðsti hluti kröfuvæðisins í Þjórsárdal er í 150-200 m hæð yfir sjó en síðan hækkar landið norður þangað til það nær nálægt 600 m hæð í Þjórsárverum og síðan 700-800 m á nyrsta hluta svæðisins. Frá Sandafelli, norðan Hafsins, allt inn að Dalsá, lækkar land frá vesturmörkum afréttarins til austurs niður að Þjórsá og nemur sá hæðarmunur víða 100-200 m. Há fjöll eða fell eru fá á svæðinu önnur en Búrfell (669 m), Litla- og Stóra-Arnarfell (1143 m og 1137 m) og Háalda og Klakkur nyrst á afréttinum (938 m og 1008 m).

Berggrunnur á norðurhluta kröfuvæðisins, allt suður undir Norðurleit, er myndaður af basísk-

1 Kafflar 5.1-5.3 eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. málsskjal nr. 185.

2 Ólafur Arnalds o.fl., 1997: Jarðvegsrof á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

um og ísúrum goslögum (yngri grágrýtismyndunin) og setlögum frá síðari hluta ísaldar, þ.e. yngri en 0,8 milljón ára. Þessi berggrunnur er lekur og ber núverandi gróðurfar á nyrðri hluta afréttarins þess merki. Á syðri hluta svæðisins er berggrunnurinn að mestu leyti basískt og ísúrt gosberg og setlög frá fyrri hluta ísaldar, þ.e. 0,8-3,3 milljón ára. Berggrunnur Þjórsárdals og Hafsins norðan Búrfells er basísk og ísúr hraun mynduð eftir ísöld á forsögulegum tíma, þ.e. eldri en 1100 ára.¹

5.2. Áætlað gróðurfar um landnám og síðari þróun þess

Áætlað er að um landnám hafi nokkuð samfelldur gróður þakið um $\frac{3}{4}$ hluta af yfirborði lands á kröfussvæðinu, þ.e. þann hluta svæðisins sem er neðan við 600-700 m hæð yfir sjávarmáli. Efsti hluti Búrfells, jökulruðningurinn við jaðar Hofsjökuls og nyrsti hluti afréttarins við upptök Þjórsár, sem er ofan 700 m hæðar, hafi þá verið lítt eða ekki gróinn.

Við landnám hefur gróðurfar, eins og nú, verið breytilegt eftir staðháttum og hafa skipst á birki-skógur og kjarr, annar þurrlandisgróður og víðáttumikil votlendissvæði með mýrum og flóum. Þurrustu mýrar hafa verið vaxnar birki. Áætlað er að birkið hafi vaxið upp að 400-500 m hæð eða alla leið norður undir Dalsá upp með Þjórsá.² Þannig minna ýmis örnefni á horfin skóglendi á afréttinum, s.s. Gjaskógar í Stangarfjalli, Hólaskógar vestan Hafsins, Bláskógar sunnan í Sandafelli og Fitjaskógar norðan Starkaðsveris.

Birkiskógi og kjarri fylgir yfirleitt mikil gróska og frjósamur jarðvegur. Jarðvegsvendargildi hans er ekki síst fylgið í því að hann dregur úr hættunni á vatnsrofi sem verður oft upphaf jarðvegsrofs, og hann dregur úr skaðlegum áhrifum öskufalls með því að koma í veg fyrir að askan fjúki til og sverfi nærliggjandi gróðurlendi. Eyðing skóganna hefur því oftast en ekki verið undanfari gróður- og jarðvegseyðingar á láglandi og í hlíðabeltinu þar ofan við.

Á þurrlandi ofan skógarmarka tóku víðir, fjalldrapi, lyng og ýmsar harðgerðar jurtir við af birkinu sem ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há og þar sem ár og lækir runnu fram, eins og í Þjórsárverum og víðar, var votlendisgróður ríkjandi. Mosa- og snjóældagróður tók síðan við á þurrlandi þegar nálgadist efri mörk gróðurs og loks var bersvæðisgróður, eða aðeins plöntur á stangli, á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Þegar áætluð gróðurþekja á kröfussvæðinu um landnám er borin saman við núverandi gróðurþekju kemur í ljós hversu mikið þau landgæði sem fölgín eru í jarðvegi og gróðri hafa rýrnað á þessu tímasteiði. Áætlað er að við landnám hafi gróður þakið á milli 4 og 500 km² Gnúpverja-afréttar. Rannsóknir sem gerðar voru á árunum 1961-1965 leiddu í ljós að gróður þakti þá einungis um 170 km² afréttarins.³ Á hinu friðaða landi sunnan afréttarins varð jafnvel enn meiri gróður- og jarðvegseyðing á þessu tímabili.

Auk beinnar gróðureyðingar hefur orðið mikil rýrnun á grósku og uppskerugetu þeirra gróðurlenda sem enn eru á kröfussvæðinu. Skógur og kjarr hefur að miklu leyti horfið en það var raunar ein af meginástæðum þess að jarðvegseyðing hófst. Í kjölfar skógeyðingarinnar og aldalangrar beitar fylgdi breytt gróðurfar sem fólst m.a. í því að lélegri og afkastaminni plöntutegundir urðu ríkjandi og frjósemi jarðvegs rýrnaði.

Birkiskóglendin voru, og eru enn þar sem þeirra nýtur við, uppskerumestu gróðurlendi landsins en skóglaus gróðurlendi gefa að jafnaði af sér þrisvar til fjórum sinnum minna uppskerumagn. Það eru helst votlendisgróðurlendin sem telja má að hafi ekki rýrnað hvað uppskerumagn snertir en þau eru yfirleitt beitarþolnari og slitsterkari en þurrlandisgróður.

Orsakir þessa taps og rýrnunar landgæða á kröfussvæðinu eru margvíslegar. Þó má telja að sam-

1 Náttúrufræðistofnun Íslands, 1998. Jarðfræðikort (1:500 000).

2 Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, 2000. Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands: Hugmynd um gróðurfar á Íslandi við landnám.

3 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1961-1965. Gróðurkort (1:40 000).

verkandi áhrif hinnar fjölbreyttu nýtingar landsins, s.s. beit, skógarhögg og aðrar mannlegar aðgerðir, breytingar á veðurfari og áhrif eldgosa hafi verið ráðandi þættir í þeirri rýmun landgæða sem orðið hefur á kröfussvæðinu.

5.3. Núverandi gróðurfar

Gróið land á Gnúpverjaafretti norðan afréttargirðingar er samkvæmt gróðurkortum RALA um 17 000 ha eða 170 km².

Syðsti hluti afréttarins milli Fossár og Þjorsár er nær samfelld gróðurlendi allt inn fyrir Skúmstungnaheiði. Á þessu svæði fara saman fjölbreytileg gróðurlendi þurrlendis, mýra og flóa. Í Skúmstungnaheiði eru svo stærstu samfelldu votlendissvæði afréttarins að Þjorsárverum frátöldum. Í Sandafelli og austan þess er allmikill uppblástur og vatnsrof enda er fellid áveðra og jarðvegur viðkvæmur vegna öskufalls frá Heklugosum. Má í því sambandi nefna öskufall frá gosinu 1980 sem huldi með öllu gróður á stóru svæði í fellinu og víðar á afréttinum.

Þegar norðar dregur mjókkar gróðurlendið allt inn að ánni Kisu. Mestur og þéttastur er gróðurinn í hallanum upp af Þjorsá, en þegar vestar dregur rofnar hann uns hann hverfur nær alveg. Á þessum hluta skiptist á þurrlendis- og votlendisgróður. Frá Dalsá að Kisu eru víðáttumiklar mýrar og flóar með freðmýraleifum - freðmýrarrústum.

Við Kisu taka við lítt grónar auðnir Fjórðungssands í 600-700 m hæð yfir sjó. Hann skiptir gróðurlendi afréttarins í tvennt. Upp með Hnífá sunnanverðri, þar sem grunnvatnsstaða er há, eru þó gróðurvinjar eins og Eyvafen og Hnífárver. Milli Hnífár og Blautukvísar, austur við Þjorsá, gefur svo að líta víðáttumikið gróðurlendi sem votlendið Tjarnarver er hluti af.

Innan Fjórðungssands, milli Þjorsár og Hofsjökuls, eru Þjorsárver, eitt víðáttumesta og þekktasta votlendissvæði á hálendi Íslands. Verin eru mynduð af framburði kvísla úr jöklinum. Þjorsárver eru þekkt fyrir fjölskrúðugan gróður. Þau eru jafnframt einn stærsti varpstaður heiðagæsa í heiminum.

Votlendi er meira en þriðjungur hins gróna lands á afréttinum og er það hlutfallslega mun meira en á öðrum afréttum Árnessýslu. Að öðru leyti eru mosapembur, kvistlendi og starmóar ríkjandi í gróðurfari afréttarins.

Á kröfussvæðinu sunnan afréttargirðingar eru samfelld víðáttumikil ógróin svæði. Stærst þeirra eru Þjorsárdalur og auðnirnar norðan Búrfells upp með Þjorsá. Stangarfjall í norðvesturhorni svæðisins er hins vegar vel gróið. Skeljafell, Sámsstaðarmúli og neðanverðar hlíðar Búrfells eru og grónar, en þar er þó einkum um mosagróður að ræða. Sunnan í Búrfelli er svo allháfaxinn birkiskógur, Búrfellsskógur, sem staðið hefur af sér ágang náttúrunnar, manna og búfjár. Með fram Fossá eru einnig gróðursvæði. Reykholt er og nokkuð gróið. Loks er náttúrulegan gróður að finna umhverfis Hjálp.

Að framan hefur verið greint frá þeim svæðum sunnan afréttargirðingar sem þakin eru náttúrulegum gróðri. Nokkrar gróðurbreytingar urðu hins vegar í kjölfar mannvirkjagerðar í Þjorsárdal og ofan Búrfells. Þær breytingar eru annars vegar fölgjar í því að nokkuð af náttúrulegu gróðurlendi fór undir umrædd mannvirki. Hins vegar er um uppgræðslu ógróinna og gróðursnaðra landsvæða að ræða í samvinnu Landsvirkjunar, Landgræðslu ríkisins og Gnúpverjahrepps. Uppgræðslusvæðin eru nú orðin 13 talsins og eru um 769 ha að stærð.¹

Í ritinu Jarðvegsrof á Íslandi, þar sem ástand lands er metið eftir umfangi jarðvegsrofs, er ástandið með tilliti til þessa þáttar talið slæmt á Gnúpverjaafretti. Orsök þess er einkum sögð hin víðáttumiklu sandsvæði (rofsvæði) sunnan jökuls.

Sama máli gegnir um hið friðaða landsvæði sunnan afréttargirðingar hvað þetta varðar en það svæði einkennist af lausum vikrum.

1 Herdis Friðriksdóttir, 2000: Uppgræðsla Landsvirkjunar 1968-1999.

5.4. Friðland og náttúruminjar

Innan þess svæðis, sem hér er til umfjöllunar, eru á náttúruminjasrá eftirfarandi svæði að meira eða minna leyti, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Friðland í Þjórsárverum“ og „Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá“. Þessi landsvæði njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. einnig auglýsingu nr. 507/1987.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu afréttarins frá öndverðu til þessa dags. Um þær sögulegu forsendur er varða Landsvirkjun er vísað til 12. kafla.

6.1. Landnám

Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu er getið um fjóra landnámsmenn í Gnúpverjahreppi. Fyrstur er nefndur Þrándur mjösiglandi Bjarnarson, landflóttamaður úr Noregi: „[Hann] nam land milli Þjórsár ok Laxár ok upp til Kálfár ok til Sandlækjar; hann bjó í Þrándarholti.“¹

Næst er greint frá þeim frændum Ófeigi gretti Einarssyni og Þormóði skapta Óleifssyni. Þeir fóru til Íslands og voru hinn fyrsta vetur með Þorbirni laxakarli mági sínum. „En um várit gaf hann þeim Gnúpverjahrepp, Ófeigi enn ytra hlut milli Þverár ok Kálfár, ok bjó «hann» á Ófeigsstöðum hjá Steinsholti, en Þormóði gaf hann enn eystra hlut, ok bjó hann í Skaptaholti.“² Augljóst þykir að orðin „milli Þverár ok Kálfár“ eru ekki á réttum stað í frásögninni og hljóta að eiga við um landnám Þormóðs skapta en ekki Ófeigs grettis.³

Að síðustu er nefndur Þorbjörn laxakarlfjó að hann hafi verið aðallandnámsmaður Gnúpverjahrepps. Ástæðan er sú að höfundur Landnámu fylgdi hér þeirri reglu að hefja frásögn sína fremst í héraðinu, halda síðan upp eftir því og nefna síðast þann landnámsmann sem bjó efst í sveitinni.⁴ Um Þorbjörn segir á þessa leið í Landnámu:

Þorbjörn laxakarlfjó nam Þjórsárdal allan ok Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár ok bjó enn fyrsta vetr at Miðhúsum. Hann hafði þrjár vetrsetur, áðr hann kom í Haga; þar bjó hann til dauðadags.⁵

Orðunum „allan ok“ (Gnúpverjahrepp) er sleppt í Þórðarbók Landnámu og hefur svo trúlega einnig verið í Melabók.⁶

Einar Arnórsson taldi markalýsingu Landnámu bera því vitni að skrásetjarinn hefði verið „allókunnugur um þessar slóðir“. Hann efaðist t.d. um að Þorbjörn laxakarlfjó hefði numið land „ofan til Kálfár“ því að Kálfá væri ekki þverá heldur rynni hún sem næst niður um miðjan hreppinn og félli ekki í Þjórsá fyrr en hjá Miðhúsum.⁷ Haraldur Matthíasson var annarrar skoðunar og staðhæfði að þetta orðalag Landnámu væri í samræmi við málvenju og áttamiðanir í Árnessýslu. Frásögnina bærir

1 *Landnámabók*, 1986. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. S. 379.

2 *Landnámabók* 1986, s. 380.

3 Sbr. *Landnámabók* 1986, s. 380, 2. nmgr.

4 Haraldur Matthíasson 1950: „Landnám milli Þjórsár og Hvítár.“ *Skirnir: Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 129-130.

5 *Landnámabók* 1986, s. 381.

6 *Landnámabók* 1986, s. 381, 4. nmgr.

7 Einar Arnórsson, 1950: *Árneshringur á landnáms- og söguöld*. (Árneshringur saga II. Ritstj. Guðni Jónsson.) Reykjavík. S. 71.

að skilja á þá leið að Þorbjörn hefði numið land allt ofan Kálfár.¹ Það eina sem Haraldur taldi óljóst voru mörkin á milli Þrándar mjögsiglandi og Ófeigs grettis.²

Í Landnámu eru fleiri menn nefndir sem eiga að hafa búið í Þjórsárdal í öndverðu: Otkell, sonur Þorbjarnar laxakarls, Steinólfur og Hjalti Skeggjason sem kemur mikið við sögu kristnitökunnar í landinu. Hjalta er getið í fleiri heimildum, eins og Íslendingabók Ara fróða. Í Landnámu kemur enn fremur fyrir orðið „Þjórsdælir“ sem bendir til búsetu í dalnum. Loks er þess að geta að í þremur gerðum Landnámu er minnst á Gauk í Stöng og er það elsta heimild um bæjarnafn í Þjórsárdal.³

Sú ályktun verður dregin af frásögn Landnámu að Gnúpverjahreppur milli Þjórsár og Laxár og „bæði ofan og neðan“ Kálfár hafi verið numinn í öndverðu. Um efri mörk landnámsins er hins vegar ekki vitað.

6.2. Ásólfstaðir

Ásólfstaðir voru eign biskupsstólsins í Skálholti eftir því sem stendur í jarðabók frá 1597.⁴ Samkvæmt jarðabók frá 1686 var hún 23 hundruð og 80 álnir en 1695 var dýrleikinn kominn niður í 20 hundruð (hndr.).⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er dýrleikinn sagður óviss en landskuldin hafði þá verið lækkuð úr 120 álnum í 80 álnir vegna sandfalls úr Heklu. Af því má draga þá ályktun, ef miðað er við 5% landskuld, að dýrleiki jarðarinnar hafi minnkað úr 20 hndr. í um 14 hndr. Ásólfstaðir áttu eins og fleiri jarðir í hreppnum skóg til kolgjörðar „í almenningi“, og mun þar átt við afréttinn.⁶

Jörðin var metin á 16 hndr. og 80 álnir þegar hún var seld bóndanum Guðmundi Magnússyni í Berjanesi á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788 og einnig í Jarðatali Johnsens 1847.⁷ Samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 voru Ásólfstaðir 16 hndr.⁸

Séra Guðmundur Vigfússon á Stóranúpi víkur lítilega að landamerkjum Ásólfstaða í sóknalýsingu sinni 1841. Þar segir hann m.a.:

Stendur bærinn *Ásólfstaðir* sunnan í hárrí brekku, framanvert við svonefnda Ásólfstaðalaut, hvör eð þegar upp eftir dregur verður að dalverpi eða hvammi með skógivöxnum hlíðum beggja vegna, og heyrir eystri hlíðin til Skriðufelli, en hin vestri Ásólfstöðum. Eftir lautinni rennur dálítill á, sem heitir Hvammsá, til suðurs út í Sandá. Hún skilur Ásólfstaða- og Skriðufellsland.⁹

Landamerkjabréf Ásólfstaða var undirritað 1. mars 1890 og samþykkt vegna Skriðufells og Haga. Landamerkjabréf Ásólfstaða var þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

1 Haraldur Matthíasson 1950, s. 131.

2 Haraldur Matthíasson 1950, s. 134-135.

3 *Landnámabók* 1986, s. 14, 286-287, 381. Sbr. Sveinbjörn Rafnsson, 1977: „Sámsstaðir í Þjórsárdal.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1976. S. 40-41.

4 *Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984*. II. Skrár. Kirkjueignanefnd, október 1992. S. 75.

5 Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi 1967. S. 108. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 75.

6 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 2. b. Kaupmannahöfn 1918-1921. S. 215.

7 Skjöl nr. 50 og 51b. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 75. Þar er sagt að jörðin hafi verið seld 5. jan. 1791 og er þá miðað við útgáfu sölubréfs konungs. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 64, 418.

8 *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eftir tilskipun 27. maíánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 23.

9 *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðan Jónsson*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979. S. 97.

Fyrst ræður lækur, sem rennur í Þjórsá fyrir framan Bringu; frá lækjarupptökunum er sjónhending sunnan vert fremri Blakkdal við Þverá; svo ræður Þverá inni Hannesargljúfur; þá ræður gljúfrið meðan það nær til; þaðan er sjónhending í Grjótá um Kistu; svo ræður Grjótárgljúfur meðan það endist; svo sjónhending þaðan í mynnið á Viðigili; þaðan sjónhending í Brunaskógshæð; þaðan sjónhending í Seljatungusporð; svo ræður Hvammsá þangað til hún kemur í Sandá; svo Sandá fram í Þjórsá, svo Þjórsá fram á móts við áðurnefndan læk.¹

Þau vatns- og vatnsaflsréttindi sem Ásólfstaðir áttu í Þjórsá seldi eigandi jarðarinnar, Stefán Eiríksson, Einari Benediktssyni 29. júní 1917. Samningnum var þinglýst að Stóra-Núpi 12. júní 1918.²

Árið 1954 skiptist jörðin milli þeirra bræðra Ásólfss og Stefáns Pálssona og var þá greint á milli Ásólfstaða I og II.³ Árið 1962, 24. september, seldu þeir bræður Skógrækt ríkisins allt land Ásólfstaða ásamt gögnum og gæðum að því undanskildu sem tilgreint er í afsalinu. Þar var um að ræða byggingar, tún jarðarinnar og landspildu ofan bæjar og vestan innan tiltekinna marka og land það sem Flóamenn höfðu haft á leigu til beitar og síðar var selt þeim. Merki þessa leigulands gagnvart landi Skógræktarinnar voru tilgreind svo: „Lína úr Þverá í Sniðhól. Þaðan sjónhending innst í Skóghlíðar og þaðan í Seljatunguhæð innst.“ Skógrækt ríkisins skyldi leigja seljendum veiðiréttindi í Þjórsá frá Bröttutorfu að landamerkjum Ásólfstaða og Haga meðan þeir lifðu og byggju á Ásólfstöðum, annar eða báðir, eða þeirra niðjar. Leigan var dregin frá kaupverðinu.⁴

Þremur árum síðar seldu þessir sömu eigendur Ásólfstaða, Stefán Pálsson og Ásólfur Pálsson, Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiðahreppa framangreinda landspildu úr jörðinni og er henni svo lýst í afsalinu:

Að sunnan ræður afréttargirðing (Flóagirðing). Þá ræður Þverá úr Blakksdal í Hannesargljúfur og þaðan í Kistu við Grjótá. Úr því Grjótárgljúfur á meðan það endist, en síðan landamörk á milli Ásólfstaða og Skriðufells neðan Viðigils, um Brúnaskógshæð í girðingu á Seljatungnahæðum. - Hér er um að ræða allt það land, sem Ásólfstaðir eiga ofan afréttargirðingarinnar. Land þetta hafa Flóa- og Skeiðahreppar haft á leigu síðan 1912, og ætlum við að það sé ekki undir eitt þúsund hekturum að flatarmáli.⁵

Landsvæðið sem hrepparnir fengu er nú nýtt sem hluti afréttar Flóa- og Skeiðamanna án þess að það hafi formlega verið lagt til afréttar.⁶

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið á Ásólfstöðum frá því jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁷ Sama ætt hefur búið á Ásólfstöðum frá 1835.⁸

6.3. Fossnes

Fossnes var í eigu biskupsstólsins í Skálholti samkvæmt jarðabókinni 1597.⁹ Hún var 23 hndr. og

1 Skjal nr. 175.

2 Skjal nr. 186 (27).

3 Sbr. skjöl nr. 214, 186 (2). *Sunnlenskar byggðir* 1.b. *Tungur, Hreppar, Skeið*. Búnaðarsamband Suðurlands 1980. S. 349.

4 Skjal nr. 182.

5 Skjal nr. 181. Í veðbandslausn raforkumálastjóra er landsvæði þetta nefnt „afréttarland“ (sbr. skjal nr. 197 (1)).

6 Sbr. skjal nr. 171 í máli nr. 6/2000.

7 Sbr. skjöl nr. 183, 184 og 186 (2).

8 *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 348.

9 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 75.

80 álnir árið 1686 en dýrleikinn var fallinn niður í 10 hndr. Þegar jarðabókin var gerð 1695.¹ Það var í samræmi við landskuld jarðarinnar sem var 60 álnir að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709). Þar kemur fram að landskuldin hafi 16 árum fyrir verið 120 álnir en afturfærð sökum sandfalls úr Heklu.² Dýrleikinn var kominn niður í 12 hndr. Þegar jörðin var seld séra Sveini Halldórssyni prófasti á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788.³ Jörðin er skráð 12 1/3 hndr. (12 hndr. og 40 álnir) í Jarðatali Johnsens 1847 en 14,2 hndr. í Nýrri jarðabók 1861.⁴

Landamerkjabréf Fossness er undirritað 1. mars 1890 og samþykkt vegna Stóra-Núps og Minna-Núps, Haga, Hamarsheiðar, Ása-Sellands og afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Enginn skrifaði undir af hálfu Ásólsstaða en sami eigandi var þá að þeirri jörð og Fossnesi. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

Að suðaustan ræður Þjórsá allt að Djáknasteini; þaðan sjónhending í vörðu á suðvestasta hnúknum á Hellnaholti; þaðan sjónhending í hæzta hnúkinn á Hellnaholti; þaðan sjónhending í Innri Skálhól, þaðan sjónhending í hæstu vörðu á Vörðukinn, þaðan sjónhending í Bognakar, þaðan sjónhending í Rauðafoss vestast í Seljadal, þaðan sjónhending í Rauðafoss vestast í Seljadal [svo í frumtexta], þaðan sjónhending í Grjótármynni, svo ræður Þverá fram í Þjórsá.⁵

Eins og áður hefur komið fram fékk Gestur Einarsson á Hæli sumarið 1916 umboð hreppsnefndar Gnúpverjahrepps til að selja Búrfell og Skeljafell og þau vatnsréttindi sem jörðum í hreppnum fylgdu. Eigandi Fossness, Þórarinn Vigfússon, gerði að sínu leyti sams konar samning við Gest Einarsson, 20. nóvember 1916, og fól honum að selja allan rétt til vatns í Þjórsá fyrir landi jarðarinnar Fossnesi svo og rétt til að veita Þjórsá á eða frá landinu. Níu dögum síðar seldi Gestur fyrrverandi sýslumanni, Einari Benediktssyni, rétt til vatns í Þjórsá fyrir landi jarðarinnar með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í samningnum.⁶

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Fossnesi frá því jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Sama ætt hefur setið jörðina síðan 1898.⁷

6.4. Hagi

Hagi var í eigu biskupsstólsins í Skálholti 1595.⁸ Jörðin var 25 hndr. að dýrleika 1686 en aðeins 13 hndr. og 40 álnir 1695.⁹ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er dýrleikinn ekki tilgreindur (ekki fremur en um aðrar stólseignir) en landskuld er sögð 110 álnir („ellefutiú álnir“). Samkvæmt því hefur jörðin verið um 18 hndr. að dýrleika. Henni hafði þá hrakað mjög vegna sandfalls úr Heklu. Í Jarðabókinni er fullyrt að 16 árum fyrir (þ.e. 1693) hafi landskuldin verið 120 hndr. og 20 álnir (140 álnir) og dýrleikinn þá væntanlega eftir því 23 hndr. og 80 álnir miðað við 5% landskuld.¹⁰

1 Björn Lárusson 1967, s. 108. *Kirkjueignir á Íslandi 2*, s. 75.

2 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 213.

3 Skjöl nr. 50 og 51b. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi 2*, s. 75.

4 *Jarðatal* 1847, s. 64. *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

5 Skjal nr. 41.

6 Skjal nr. 186 (27).

7 Sbr. *Sunnlenskar byggðir 1*, s. 352. Skjal nr. 42.

8 *Kirkjueignir á Íslandi 2*, s. 75.

9 Björn Lárusson 1697, s. 108.

10 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 214.

Jörðin var metin á 25 hndr. þegar hún var seld á stólsjarðauppböðinu 14. ágúst 1788 og einnig í Jarðatali Johnsens 1847.¹ Í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin talin 16,6 hndr.²

Landamerkjabréf Hagalands var undirritað 3. júní 1887 og samþykkt af Einari Gestssyni sem var umboðsmaður eiganda jarðanna Ásólfstaða og Fossness. Bréfinu var þinglýst „á manntalsþingi sumarið 1887“:

Að sunnan og austan ræður Þjórsá, að norðan innri lækurinn, er rennur í Þjórsá fyrir framan Bringu, og bein stefna þaðan og vestur yfir fjallið á framanverðan fremri Blakkdal; ræður svo Þverá landamerkjum að vestan þar til hún fellur í Þjórsá. Svo kölluð Hagaey í Þjórsá, er að miklu leiti liggur fyrir Hagalandi, fylgir öll jörðinni.³

Árið 1917, 7. júlí, seldi Stefán Sigurðsson, eigandi Haga, Einari Benediktssyni öll þau vatns- og vatnsaflsréttindi í Þjórsá sem tilheyrðu jörðinni. Réttindi þessi eignaðist ríkissjóður 1952.⁴

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið í Haga frá því jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

Nýbýlið Melhagi var sett á stofn árið 1960 og er land þess um $\frac{3}{32}$ af óskiptu landi Haga. Nafntökuleyfi fékk Melhagi 1962.⁵ Árið 1992 var stofnað nýbýlið Hagi II (nafntökuleyfi það ár).⁶

6.5. Hamarsheiði

Hamarsheiði var eign Skálholtskirkju 1597.⁷ Árið 1686 var hún talin 20 hndr. jörð en 1695 var dýrleikinn kominn niður í 10 hndr.⁸ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er þessi afturför skýrð með eldsgangi í Heklu.

Hamarsheiði var talin 12 hndr. og 40 álnir þegar hún var seld á stólsjarðauppböðinu 14. ágúst 1788.⁹ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var Hamarsheiði 14,2 hndr. að dýrleika.¹⁰

Landamerkjabréf Hamarsheiðar var undirritað 1. mars 1890 og samþykkt vegna Stóra-Núps og Minna-Núps, Fossness, Ása, Stóru-Mástungna og Flóa- og Skeiðamannaafreftar. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

Fyrst ræður Hamarsheiðargil frá því er það kemur í Tunguá upp fyrir vaðið á gilinu fyrir framan bæinn á Hamarsheiði; þaðan er sjónhending í suðvestasta hnúkinn á Hellnaholti; þaðan sjónhending í Innri Skálhól; þaðan sjónhending í hæstu vörðu á Vörðukinn; þaðan sjónhending í Bognakarl; þaðan sjónhending í Rauðafoss; þaðan sjónhending í vörðu á vestri bakka Tunguár; svo ræður Tunguá að mynninu á Hamarsheiðargili.

Jörðin Ásar í sama hreppi á Selland í Hamarsheiðarlandi, fyrir innan Lómsstaðagil.

1 Skjal nr. 51b. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi 2*, s. 75.

2 *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

3 Skjal nr. 172.

4 Skjöl nr. 186 (4, 26).

5 Skjal nr. 186 (4). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 351.

6 Skjöl nr. 173 og 174, 186 (12).

7 *Kirkjueignir á Íslandi 2*, s. 75.

8 Björn Lárusson 1967, s. 109.

9 Skjal nr. 50 og 51b. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi 2*, s. 75.

10 *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

Mörk á Sellandinu eru: Tunguá að vestan frá Lómsstaðagili inni Þverbrekknaglúfur; þaðan sjónhending í Bognakarli; þaðan sjónhending í slakkann milli Fagurhóls og Vörðukinnar, þaðan sjónhending í Lómsstaðagil; svo ræður Lómsstaðagil vestur í Tunguá.

Eigendur Hamarsheiðar og Ása hafa komið sjer saman um að ef Ásabóndi ekki notar Sellandið til Selstöðu, þá sje honum þar heimil fjárbeit vor, haust og vetur eptir þörfum; en að því leyti sem má nota Sellandið til slægna, þá skipti ábúendur beggja jarðanna því á milli sín til helminga.¹

Með kaupsamningi 24. febrúar 1950 seldu Jóhann Kolbeinsson og Erlendur Jóhannsson, báðir bændur á Hamarsheiði, Kolbeini Jóhannssyni hluta úr eignarjörð sinni til stofnunar nýbýlis með þeim landamerkjum sem tilgreind eru í samningnum. Nýbýli þetta fékk heitið Hamarsholt.² Annað nýbýli, Hamarsheiði II, var stofnað 1960 en frá 1947 hafði verið tvíbýli á jörðinni.³ Loks er að nefna nýbýlið Víðihlíð sem sett var á stofn 1959 úr landi Hamarsheiðar og Stóra-Núps.⁴

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið í Hamarsheiði frá því jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur Hamarsheiði framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Sami ættleggur hefur setið jörðina Hamarsheiði frá 1890.⁵

6.6. Laxárdalur

Laxárdalur var í eigu biskupsstólsins í Skálholti 1597.⁶ Í jarðabókinni 1686 er jörðin nefnd Laxár-bakki og metin á 16 hndr. og 160 álnir en aðeins 10 hndr. í jarðabókinni 1695.⁷

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) segir um Laxárdal að hún eigi kirkjusókn að Hruna og svari öllum hreppskilum til Ytrahrepps (Hrunamannahrepps) þó að hún standi fyrir austan Stóru-Laxá sem skilji Eystrahrepp (Gnúpverjahrepp) og Ytrahrepp. Dýrleikinn er sagður óviss en miðað við landskuldina, 100 álnir, má gera ráð fyrir að hann hafi verið 16 hndr. og 80 álnir. Landskuldin hafði reyndar lækkað niður í 60 álnir fyrstu tvö árin eftir Hekluelda en var aftur komin í fyrra horf. Meðal hlunninda jarðarinnar var heimild til að nýta skóga biskupsstólsins „fyrir norðan Eystrahrepp“ til eldingar og kolgjörðar.⁸ Hér er trúlega átt við skóga Skálholtsstóls í Þjórsárdal (sbr. kafla nr. 6.11.).

Laxárdalur var talinn 23 hndr. og 80 álnir þegar hann var seldur á stólsjarðauppboðinu 16. febrúar 1791.⁹ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin sögð 17,8 hndr. að dýrleika.¹⁰

Landamerkjabréf Laxárdals var undirritað 16. júní 1884 og samþykkt vegna jarðanna Hlíðar, Hrunakróks, Sólheima, Skáldabúða og fulltrúa þeirra sem áttu hagsmuna að gæta á Flóa- og Skeiðamannaafretti. Athygli vekur að í bréfinu er gert ráð fyrir að mörk Hrunakróks og Laxárdals liggja saman og er skýringin sennilega sú að presturinn í Hruna eignaði Hrunakróki umdeilt slægju-land austan Stóru-Laxár. Undir landamerkjabréfinu standa einnig nöfn jarðanna Hörgsholts og Kaldbaks en enginn skrifaði undir af þeirra hálfu enda báðar vestan Stóru-Laxár. Landamerkjabréfið var þinglesið á manntalsþingi að Gröf 3. júní 1890:

1 Skjal nr. 36.

2 Skjal nr. 186 (14). *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 356.

3 Skjöl nr. 38, 186 (5). *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 355.

4 *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 353. Skjal nr. 186 (5).

5 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 354-355. Skjöl nr. 37, 38 og 186 (5).

6 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 87.

7 Björn Lárusson 1697, s. 110.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 252-253.

9 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 87. *Jarðatal* 1847, s. 419.

10 *Jarðatal* 1847, s. 66. *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

Að vestan ræður Laxá. Að norðan ræður bein lína úr háfjallinu hjá Kaldbak, sem kallað er Nál og austur í Lambafell. Að austan ræður bein lína suður um vestur brún Hrátafells, og um Kragás; þaðan suður um austurbrún Hlíðarfjalls, sem kallað er Grenshlíð í Nónstein, sem stendur austan á fjallsbrúninni. Að sunnan ræður bein lína úr Nónsteini vestur í vörðubrotið fyrir ofan há-Grensás, og þaðan bein lína niður í Markalæk fyrir framan Brúngljúfur og úr því ræður lækurinn úti Laxá um Yðustein.¹

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið í Laxárdal frá því jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.² Sama ættin hefur setið jörðina Laxárdal frá árinu 1904.³

Árið 1954 seldi eigandi jarðarinnar Laxárdals, Högni Guðnason, syni sínum, Guðjóni Högnasyni, $\frac{1}{3}$ hluta jarðarinnar til stofnunar nýbýlis, Laxárdals II (nafntökuleyfi 1953).⁴ Hluti jarðarinnar Laxárdals II var lagður undir skógrækt með samningi við Skógrækt ríkisins 1993.⁵

6.7. Minni-Mástungur

Minni-Mástungur voru bændaeign og taldar 16 hndr. og 80 álnir í jarðabókinni 1686 en dýrleikinn var kominn niður í 10 hndr. níu árum síðar.⁶ Jörðin er nefnd Minni-Mostungur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) og var þá enn metin á 10 hndr. að dýrleika. Skógarítak fylgdi jörðinni „í takmörkuðu plátsi á Þjórsárdal í Mostúngnahöfða, þar er nú gjöreytt af sandfalli úr Heklu“. Úthögum jarðarinnar spillti uppblástur og sandfok. „En þeir hagar, sem minna gengur á, eru mjög í fjarska, og því verður ábúandi haga að þiggja á vetur af nábúum sínum fyrir óákveðna greiðasemi.“⁷ Jörðin er sögð 10 hndr. í Jarðatali Johnsens 1847 en 11,9 hndr. samkvæmt Nýrri jarðabók 1861.⁸

Landamerkjabréf jarðarinnar var undirritað 13. september 1888 og samþykkt vegna jarðanna Stóru-Mástungu og Skáldabúða, einnig Flóamannafréttar og Steinholtshverfisins. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

1. að sunnan ræður Langagil, þartil Fossagljúfur enda að norðan, þá bein lína í Stóraskigni, þaðan bein lína í slakkan á Selfelli og úr þeim slakka í vörðu fremst á Kálfafitjafjalli.
2. frá áður nefndri vörðu ræður bein lína í Kálfá á móts við Fitjagil, úr því ræður Kálfá alla leið þar til hið áður nefnda Langagil rennur í hana.⁹

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið í Minni-Mástungum frá því jarðarinnar er fyrst getið.¹⁰ Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

6.8. Skáldabúðir

Skáldabúðir voru bændajörð og 10 hndr. að dýrleika samkvæmt kaupsamningi sem eigandi jarðar-

1 Skjal nr. 17.

2 Sbr. skjal nr. 186 (6).

3 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 363-364. Skjöl nr. 19 og 20, 186 (15-17).

4 Skjal nr. 186 (6, 15, 16).

5 Sbr. skjal nr. 20.

6 Björn Lárússon 1967, s. 109. Þar er jörðin nefnd Minni-Mástunga, þ.e. í eintölu.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 222.

8 *Jarðatal* 1847, s. 64. *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

9 Skjal nr. 27.

10 Sbr. skjöl nr. 186 (7), 28. Jörðin lá í eyði fardagaárið 1910-1911 (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 361).

innar, Bjarni Eiríksson, gerði við Þórð Þorláksson biskup 13. júlí 1678. Bjarni hafði þá selt biskupinum aðra jörð, Arngeirsstaði í Rangárvallasýslu, en sett Skáldabúðir að veði.¹ Árið 1686 voru Skáldabúðir taldar 13 hndr. og 80 álnir að dýrleika en voru aftur komnar niður í 10 hndr. níu árum síðar. Þetta hélt óbreytt þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Eyrstrahrepp var gerð 1709. Jörðin var þá komin í eyði og hafði verið það næstliðið ár en tekið fram að aftur mætti byggja hana ef fólk til fengist. Enginn brúkaði grasnyt jarðarinnar nema hvað afréttarfé gekk yfir landið.²

Ekki er kunnugt um hvenær Skáldabúðir byggðust að nýju en heimildir eru fyrir því að jörðin hafi verið seld 1734 og var kaupbréfið upplesið í lögréttu 1739.³

Skáldabúðir eru skráðar 10 hndr. í Jarðatali Johnsens 1847 en 7,9 hndr. í Nýrri jarðabók 1861.⁴ Landamerkjabréf jarðarinnar var gert 27. febrúar 1890 og rituðu undir það annars vegar L. Guðmundsson „fyrir hönd jarðareiganda“ og Jónas Jónsson „vegna Skáldabúða“. Enn fremur var bréfið samþykkt vegna Laxárdals, Minni-Mástungu og Flóa- og Skeiðamannaafrehtar. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

1. Milli Skáldabúða og Steinsholts ræður bein lína úr Nónsteini í gil austan í Moldás, sem ræður mörkum niður í Kálfá.
2. Milli Skáldabúða og Mástungna ræður Kálfá inni Fitargil;
3. Milli Skáldabúða og Flóamannaafrehtar ræður Fitargilið uppí Þrengslin, og svo úr þeim bein lína vestur í Vatnsás, og úr honum aptur bein lína í Hrutafells hornið að norðan.
4. Milli Skáldabúða og Laxárdals ræður bein lína úr Hrutafellshorni að norðan suður í Kraganýpu, og svo úr henni bein lína í Nónstein.⁵

Heimildir benda til að búseta í Skáldabúðum hafi verið nokkuð stopul á 18. öld. Eftir það virðist hún hafa haldist að mestu samfelld fram til þessa dags. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁶ Sama ættin hefur setið jörðina frá 1897.⁷

6.9. Skriðufell

Skriðufell var eign Skálholtsdómkirkju 1597.⁸ Árið 1686 var hún talin 23 hndr. og 80 álnir að dýrleika en „eyðilagðist þá [þ.e. 1693] fyrir Heklu sandi“.⁹ Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Eyrstrahrepp var gerð 1709 var jörðin aftur komin í byggð. En landskuldin, 40 álnir, bendir ekki til að jörðin hafi á þeim tíma þótt góð til ábúðar.

Meðal þess sem Árni Magnússon vildi athuga voru eyðibýli, hvar þau væru og hvað þau hétu, hvenær þau hefðu lagst af og hvers vegna og ekki síst hver væri eigandi þeirra. Á einum stað í þessum hugleiðingum sínum skrifaði hann: „Similiter þar fleiri en eitt eyðibýli standa í sveitum eða af-dölum, svo þar af merkja er, að nokkur eða mikill partur sveitarinnar muni eyðst hafa, ex.gr. fyrir framan Skriðufell í Hreppum, í Flekkudal á Fellsströnd.“¹⁰

Skriðufell var metið á 8 hndr. og 40 álnir þegar það var selt á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst

1 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. Reykjavík 1993. S. 4.

2 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 222-223.

3 *Alþingisbækur Íslands*. 12. b. Reykjavík 1971. S. 510.

4 *Jarðatal* 1847, s. 64. *Ný jarðabók* 1861, s. 16.

5 Skjal nr. 23.

6 Sbr. skjal nr. 186 (8).

7 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 362. Skjal nr. 24.

8 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 76.

9 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 216. Björn Lárusson 1967, s. 108.

10 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 42.

1788.¹ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er Skriðufell talið 16 hndr. að dýrleika.²

Séra Guðmundur Vigfússon vikur að landamerkjum Skriðufells í sóknalýsingum sínum árið 1841. Þar segir hann m.a.:

Fyrir austan Hvammsá kemur Skriðufellsland, sem er gömul stólseign, 8 hndr., 40 ál(nir) að dýrleika, og stendur bærrinn *Skriðufell* að sunnan- og vestanverðu við hátt fell, sem kallað er Skriðufellsfjall. ... Fyrir austan Skriðufell rennur áin Sandá, sem kemur úr 2ur kvíslum innan fyrir sem kemur úr 2ur kvíslum innan fyrir Heljarkinn og fellur til útsuðurs í Þjorsá. Fyrir innan hana byrjar Skeiðamanna-afréttur.³

Landamerkjabréf Skriðufells var undirritað 1. mars 1890 og samþykkt vegna Ásólfstaða. Bréfið var þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní sama ár:

Að vestan ræður Hvammsá innað Seljatunguhæð; þaðan er sjónhending í Brunaskógshæð, þaðan sjónhending í Viðigilsmynni, þaðan sjónhending neðst í Grjótárgljúfur; svo ræður Grjótá austur í Sandá, svo Sandá í hellustein austan undir Dímon, svo úr þeirri hellu sjónhending í Sandvíkið fyrir vestan Kolviðarhól; svo ræður Þjorsá vestur í Sandármynni.⁴

Munnmæli eru um að á því landsvæði sem afmarkað er í landamerkjaskránni hafi verið nokkrar þeirra jarða í Þjorsárdal sem síðar lögðust í eyði. Þar má nefna jarðirnar Karlsstaði, Áslákstungu fremri og innri, Fagraskóg og Grjótárkrók. Brynjólfur Jónsson athugaði minjar á þessum stöðum undir lok 19. aldar og fann ekki sæmilega glöggar rústir nema í Áslákstungum og Grjótárkróki. Hann gat sér þess til að jarðirnar hefðu á sínum tíma átt sameiginlega landeign með Áslákstungu innri sem aðalból.⁵ Einnig er hugsanlegt að bæjarstæði höfuðbýlisins hafi síðar verið flutt til, e.t.v. þangað sem nú er Skriðufell.

Árið 1938 seldu Ólafur Bergsson og Jóhann Ólafsson Skógrækt ríkisins jörðina Skriðufell ásamt öllum gögnum og gæðum. Í afsali sem undirritað var 21. júní sama ár var tekið fram að hreppsfélagið hefði afsalað sér forkaupsrétti að hinni seldu eign.⁶ Sama ár gerðu hreppsnefndir Skeiðahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps, Sandvíkurhrepps, Stokkseyrarhrepps og Eyrarbakkaahrepps annars vegar og Skógrækt ríkisins hins vegar með sér svofelldan makaskiptasamning:

1. Hreppsnefndir ofanefndra hreppa selja og afsala Skógrækt ríkisins afréttarlönd sín í Þjorsárdal innan eftirfarandi takmarka: Allt land austan girðingar þeirrar, sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtsskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi fyrir land það, sem um getur í 2. grein.
2. Skógrækt ríkisins selur og afsalar ofangreindum hreppsnefndum allar heiðar og öll lönd Skriðu-

1 Skjöl nr. 50 og 51b. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 76.

2 *Jarðatal* 1847, s. 64. *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

3 *Árnessýsla* 1979, s. 97.

4 Skjal nr. 58.

5 Brynjólfur Jónsson, 1885: „Um Þjorsárdal.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1884-1885. S. 47-48. Ágúst Guðmundsson, 1996. „Ofan Hreppafjalla milli Hvítar og Þjorsár í Árnessýslu ásamt ágrípi af jarðsögu héraðsins, virkjunarsögu Þjorsár og lýsingu á Þjorsárdal og fornbylum þar.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 96-99.

6 Skjal nr. 59.

fells í Gnúpverjahreppi ofan og vestan fyrnefndrar girðingar og girðingarinnar fyrir Flóa- og Skeiðamannaafretti fyrir land það, sem um getur í 1. grein.¹

Samningi þessum var þinglýst 30. júní 1939. Landsvæði þetta er nú nýtt sem hluti afréttar Flóa- og Skeiðamanna án þess að hafa formlega verið lagt til afréttar.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Skriðufelli frá því jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins var jörðin framseld með hefðbundnum hætti og veðsett þar til hún var seld Skógrækt ríkisins 1938.²

6.10. Stóru-Mástungur

Jörðin var eign Skálholtsdómkirkju samkvæmt jarðabók 1597.³ Hún var metin á 30 hndr. 1686 en sökum Hekluelda féll dýrleikinn niður í 16 hndr. og 80 álnir undir lok aldarinnar (1695).⁴

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er jörðin nefnd Stóru Mostungur. Eins og aðrar stólsjarðir var hún ekki tíunduð til skatts en eftir landskulddinni að dæma mun dýrleiki jarðarinnar þá hafa verið um 20 hndr. Hún átti afrétt eins og aðrar jarðir ofan byggðar og skóg til eldiviðar og kolgjörðar í almenningi. Úthagar voru sagðir nægir „[en] mjög í fjarska við jörðina, og því verður ábúandi að þiggja haga af öðrum mönnum, þó geldst ei beitartollur“.⁵

Stóru-Mástungur (Márstungur, Mostunga⁶) voru taldar 25 hndr. þegar þær voru seldar ábúanda jarðarinnar, Jóni Einarssyni, á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788.⁷ Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en samkvæmt Nýrri Jarðabók 1861 var jörðin 19 hndr. að dýrleika.⁸

Landamerkjabréf fyrir jörðinni „Stóru-Mástungu“ var undirritað 13. september 1888 og samþykkt vegna Ása, Hamarsheiðar, Minni-Mástungu, Flóamannaafrettar og Steinsholtshverfis. Það var þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890:

1. Að sunnanverðu ræður Tungá frá því hún rennur í Kálfá, alla leið inná hinn svonefnda fremri Krók norðan við Þverbrekknagljúfur.
2. Af fremri króknum ræður bein stefna í vörðu fremst á Kálfafitjarfjalli, á móts við svo kallað Fitjagil.
3. Frá áður nefndri vörðu ræður bein stefna í slakkan, á Selfelli, þaðan beint í Stóraskignir og frá Stóraskigni bein stefna í endan á Fossagljúfrinu, síðan ræður Langagil alla leið í Kálfá, þá Kálfá þar til Tungá rennur í hana, eins og segir í 1. málsgrein.⁹

Árið 1949, 14. september, seldi Bjarni Kolbeinsson, bóndi í Stóru-Mástungu, Herði Bjarnasyni, bónda á sama stað, hálfá jörðina til stofnunar nýbýlis, Stóru-Mástungu II, með þeim landamerkjum sem tilgreind eru í landamerkjaskrá, dags. 12. september 1949.¹⁰

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Stóru-Mástungu frá því jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkja-

1 Skjal nr. 60.

2 Sbr. skjal nr. 186 (g) *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 347.

3 *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 76.

4 Björn Lárusson 1967, s. 109.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 221.

6 Sbr. skjöl nr. 50 og 51b.

7 Skjal nr. 51b. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 76.

8 *Jarðatal* 1847, s. 64. *Ný jarðabók* 1861, s. 23.

9 Skjal nr. 31.

10 Skjöl nr. 186 (18-20).

bréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Sama ættin hefur búið á jörðinni frá árinu 1835.¹

6.11. Gnúpverjafréttur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er komist svo að orði um afrétt Eystrahrepps:

Afrjett á og brúkar þessi jörð [hér er átt við Sandlæk] sem aðrar í sveitinni fyrir allan sinn afrjettarpening, naut, hesta, geldfje og lömb, átölulaust og tollfrí um lángan aldur, á eyðilöndum þeim, sem liggja upp frá bygðinni í þessum hrepp, millum Þjóssár og Fossár. Hefur að fornu í þessum afrjett fjórur bæir verið, sem menn vita af og merki sjást til, en af fallnir fyrir manna minni, þeirra feðra og föðurfeðra.²

Nákvæm lýsing á mörkum Gnúpverjafréttar er ekki eldri en frá 19. öld. Séra Guðmundur Vigfússon, prestur á Stóra-Núpi, segir í sóknarlýsingu sinni frá 1841 að Eystrahreppsmannaafréttur liggji „fyrir innan Fossá, milli hennar og Þjórsár, og nær inn að Dalsá.“³

Landamerkjabréf Gnúpverjahreppsfréttar er frá 24. apríl 1890 og undirritað af fulltrúa hreppsnefndar, Valdimar Briem. Einnig samþykktu það Jón Jónsson og Þ. Guðmundsson fyrir hönd Flóa- og Skeiðamanna. Bréfinu var þinglýst á manntalsþingi að Stóranúpi 2. júní 1890:

Frá Þjórsá ræður Fossá að upptökum sínum norðaustanvert við Lambafell, þaðan er bein stefna í Örafahnúk, þaðan hæst í Flóamanna-öldu, þaðan í toppinn á Arnarfelli, síðan ræður Þjórsá þar til Fossá kemur í hana fyrir neðan Búrfell.⁴

Í 1. gr. fjárskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár, sem tók gildi 1. september 1895, er Gnúpverjafréttur skilgreindur sem svæðið milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fari afréttarmörk eftir landamerkjaskrá.⁵ Lýsing þessi hélst síðan nær óbreytt í síðari fjallskilareglugerðum, allt þar til nügildandi fjallskilareglugerð tók gildi 1996. Í 2. gr. hennar segir svo:

Afréttur Hrunamannahrepps er að vestan milli Jökulfalls og Hvítár í Hofsjökul og úr jöklinum bein lína um Eystra-Rjúpnafell í Laxárdrög og ræður svo Stóra-Laxá austurmörkum. Afréttur Flóa- og Skeiðamanna afmarkast að vestan af áðurnefndri línu milli hans og Hrunamannafréttar, en að austan ræður Fossá og síðan drög hennar og lína um Örafahnjúk og Flóamannaöldu í hæstu gnípu Arnarfells. Afréttur Gnúpverja afmarkast að vestan af sömu línu, en af Þjórsá að austan.⁶

Gnúpverjafréttur er einhver lengsti afréttur landsins, um 80 km og nálægt 110 km ef talið er inn á vatnaskil við austanverðan Hofsjökul. Hann skiptist í tvo meginhluta. Inn að Dalsá ná aðalafréttirnir, stundum nefndir Framafréttir, en innan við Dalsá er Norðurleit að Kisu (Kisá), þá Fjórðungssandur að Hnífá en innst Langaleit.⁷

Í Þjórsárdal virðist snemma hafa myndast nokkuð fjölmennt samfélag og vitað er um tvær graftarkirkjur sem þar voru, á Stöng og Skeljastöðum.⁸ Þjórsárdalur er talinn hafa farið í eyði um stund-

1 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 359-360. Skjöl nr. 32 og 33.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 205.

3 *Árnessýsla* 1979, s. 100.

4 Skjal nr. 69.

5 Skjal nr. 171 (4). Sams konar lýsingar eru í yngri fjárskila(fjallskila)reglugerðum, sbr. skjöl nr. 171 (5-15).

6 Sbr. skjal nr. 171 (14).

7 Ágúst Guðmundsson 1996, s. 16.

8 Hjalti Hugason, 2000: *Kristni á Íslandi*. 1. b. *Frumkristni og upphaf kirkju*. Reykjavík, S. 171.

ar sakir í Heklugosi 1104.¹ Byggð reis að nýju í dalnum og mun hafa haldist að nokkru leyti allt þar til hún lagðist í auðn í Heklugosi 1693. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru talin upp 13 eyðibýli í Þjórsárdal og voru fimm þeirra austan Fossár: Sámstaðir, Skeljastaðir, Steina- staðir, Stöng og Leppar. Líklega eru hér nefndir þeir fjórir bæir sem í þessari sömu heimild eru sagðir hafa verið í afréttinum en voru þá „af fallnir fyrir manna minni“ (sbr. hér framar).² Í Jarðabók Árna og Páls er komist svo að orði að öll þessi eyðilönd séu nú „almennings afrettur, milli Þjórsár og Fossár Eystra Hrepps, og vestur frá Fossá að Stóru Laxá Flóamanna og Skeiða, og er engin önnur brúkun á þessum löndum“.³

Ein elsta heimildin um skógarítök í Þjórsárdal er máldagi Hrunakirkju sem talinn er frá 1331. Þar kemur fram að kirkjan átti „hellirs skoga. alftavollu. Þorsteinzhofda. mariuhrijs oc knausa með ollum fornnum vmm merkium“.⁴ Hellisskógar, Álftavellir og Knausar munu allir hafa verið í Þjórs- árdal austan Fossár þar sem nú er Gnúpverjaafrettur.⁵

Skógurinn í Þjórsárdal skiptist í mörg ítök sem flest voru í eigu Skálholtsstóls en nokkrir bæir áttu þar einnig skógartekju auk Hólastóls. Af skrá um skóga í Þjórsárdal frá síðari hluta 16. aldar virðist mega ráða að allmargir skógar hafa verið í dalnum austanverðum. Þar má nefna Lepparstað- arskóg, Ásskóg, Fitjaskóg, Krækluskóga og Hrossatungur.⁶

Á 19. öld komu upp nokkur ágreiningsmál um nýtingu afréttanna, Gnúpverja-, Flóa- og Skeiða- mannaafréttanna. Þar áttu hlut að máli Flóa- og Skeiðamenn annars vegar og Gnúpverjar hins vegar. Bændur í Flóa og á Skeiðum héldu því fram að afréttur þeirra og Gnúpverja væri sameign hrepp- anna enda hefðu Eystrahreppsmenn (Gnúpverjar) rekið fé sitt óátalið á „svokallaða“ Flóa- og Skeiðamannaafrétt. Gnúpverjar fullyrtu á hinn bóginn að afréttur Eystrahreppsmanna (eystri hluti afréttarinnar) hefði verið ómótmælt eign hreppsins manns eftir mann.⁷ Gnúpverjar höfðu þá undir höndum lögfestu frá 18. maí 1797 þar sem þeim var eignaður afrétturinn „fyrir innan Fossá“:

Med því að Austari Repps Afréttur, sem hönum hefur tilheirt og fylgt til allra Landsnytia, frá alderstíð, so vel að Fiargaungum, Skógi, Grösum og öllum Lands-Nytium, enn hefur tekid so fjarlegum Skada af Jarðeldum, vikur-gos[um] og so uppblásinn, og hans meiri Partur Eydi-Sandar ordnir að það litla Skógar-krat, sem þar eptir finnst, vinnst ecki Sveitarmönnum sér til Híálpar, og nockrir hafa leitad sér Híálpar til að kaupa sér Skóg til Kola í öðrum Sveitum, sem þó er torsókt að fá, enn hvad margir úr öðrum Sveitum hafa brúkad og brúka árlega þenna Afrétt til Kola og Eldividar, fá menn valla upp- götvað, hverra ádurnefndra Ordsaka vegna, að við undirskrifadir lögfestum uppá ockar éginn – og allara Sveitar-manna – vegna, ádurnefndann Afrétt fyrir innann Fossá, og leggium Lög og Dóm fyrir allra annara óvidkomandi Manna brúkun og yrkingu að þeim fráteknum sem þar finnast ýtölu éga að Skógi eða Fiargaungum eptir löglegum adkomstum, undir vidliggiandi Sektir eptir Lögum, og bidium í díúpustu undirgefni að Hra Sysslumadurinn láti þetta upplesa og auglisa, fyrst á Grafar Þingstad í Ytra-Repp og þar eptir í þeim 5 Þingstöðum í Flóa. Til staðfestu eru undirskrifadra Nöfn á Stóra Nups Mantalsþingi d(atum) 18a Maji 1797.⁸

1 Sveinbjörn Rafnsson 1977, s. 110. Sbr. Magnús Þorkelsson, 1989: „Hugleiðingar um fornleifar í uppsveitum Árnes- sýslu.“ *Græðum Ísland*. Landgræðslan 1988. (Árbók II.)

2 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 205, 217-218. Brynjúlfur Jónsson (1885) taldi sig hafa fundið leifar 24 bæja í Þjórsárdal (*Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1884-1885. S. 45-55).

3 *Jarðabók Árna og Páls 2*, s. 218.

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 665.

5 *Íslenskt fornbréfasafn 2*, sbr. registur. Sbr. Ágúst Guðmundsson 1996, s. 83, 84, 91.

6 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 165-167.

7 Sbr. skjöl nr. 190 (4, 5, sbr. 6-9).

8 Skjal nr. 190 (18).

Undir lögfestuna rituðu fimm menn nöfn sín og var hún lesin upp á fjórum manntalsþingum í Flóa og á Stokkseyri.

Sættir tókust í málinu með svonefndum Sandlækjarsamningi 1843. Þar voru m.a. settar reglur um hvenær og á hvaða svæði í Flóa- og Skeiðamannaafrétti rekið skyldi og jafnframt lagt fyrir Gnúpverja að safna því fé sem rynni úr afrétti fyrir túnaslátt og reka það aftur á sinn stað. Ábúand- anum í Skáldabúðum var leyft að heyja inn í svonefndum Eysteinsvötnum en í staðinn skyldi hann tilkynna nefndarmönnum í sveitinni „ef aðrir óvildkomandi, serilagi frá Laxárdal og Hrunakrök skyldu yrkja í afréttinum eda styggja afréttarfénaðin, svo að þeir, fyrir slíka ólöglega yrkingu, verði dregnir [til] ansvars og sekta eptir málavöxtum“.¹ Sandlækjarsamningurinn þótti ófullnægjandi og Flóamenn kvörtuðu undan „framkomu fjár af afrétti [Eystrahrepps]“ sem færðist stöðugt í vöxt að þeirra sögn.² Nákvæmari reglur um fjallreksturinn voru settar á fundi að Stóra-Núpi 17. júní 1850 og þær staðfestar með lítils háttar breytingum að Hjálmholti 10. júní 1851.³ Fleiri samningar virðast hafa verið gerðir síðar á öldinni⁴ en undir lok aldarinnar var farið að setja fjallskilareglugerðir til að koma í veg fyrir ágreining af þeim toga sem hér hefur verið lýst.

Gnúpverjar, en einkum þó Flóa- og Skeiðamenn, áttu einnig aðild að svonefndri Hrunakrökssök þegar deilt var um slægjuland í Kambi austan Stóru-Laxár (sbr. mál nr. 5/2000 og 6/2000).

Gnúpverjar smöluðu afréttinn að hluta til í samvinnu við Flóa- og Skeiðamenn. Þetta var landsvæðið innan Dalsár vestur til Kerlingarfjalla austur með Hofsjökli til Arnarfells.⁵ Á fjórða áratug 20. aldar fór mæðiveiki að breiðast út í Árnessýslu utan Hvítár og var þá (1938) sett upp varnargirðing milli Þjórsár og Hvítár á mörkum Skeiða og Flóa til varnar þrem efstu hreppum milli ána.⁶ Flóamönnum var eftir það óheimilt að nota afrétt sinn fram yfir fjárskiptin 1952. Kom þá í hlut Skeiðamanna að smala afréttinn sem nær liggur byggðinni en Gnúpverjar tóku að sér smölun þess hluta sem fjær liggur.

Frá þeim tíma er til greinargóð lýsing á smölun afréttarins. Leitir á Gnúpverjaafrétti (Lönguleitin) hófust þriðjudaginn í 21. viku sumar.⁷ Þegar komið var inn í Nauthaga, á fimmtudegi, var skipað í leitir og byrjað að smala Sandinn vestanverðan.⁸ Einn flokkur manna fór inn í Arnarfell og smalaði allt svæðið innan við Miklukvísl og vestur í Nauthaga aftur. Aðrir fjallmenn fóru vestur í Jökulkrök og að Blautukvíslargljúfri og þaðan austur í Nauthaga. Einnig var farið vestur í Kisubotna og smalað þar. Næstu daga var féð rekið fram Fjórðungssand, niður með Kisu og í Kjálkaver þar sem mættust Lönguleitarmenn og Norðurleitarmenn.

Norðurleitarmenn fóru úr byggð á föstudeginum og smöluðu svæðið frá Dalsá og fram í Gljúfurleit. Á mánudeginum voru Örafín smöluð og Gljúfurleit og á þriðjudeginum, síðasta smaladaginn, Skúmstungnaheiði og Fossheiði vestur að Fossá og síðan öllu smalað fram í Hólaskóg. Á miðvikudeginum var féð allt rekið til byggða.

Gnúpverjahreppur var einn þeirra hreppa í Árnessýslu sem ráðstafaði vatnsréttindum á afrétti sínum í upphafi 20. aldar. Þetta kom m.a. fram í því að 20. febrúar 1909 veitti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps Gesti Einarssyni á Hæli „fullt og ótakmarkað einka umboð til þess að selja, leigja eða

1 Skjal nr. 194.

2 Sbr. skjöl nr. 198 og nr. 190 (1-9).

3 Skjöl nr. 190 (10-11).

4 Sbr. skjöl nr. 190 (12) og 199-201.

5 *Göngur og réttir*. 2. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1984. S. 92. Í núgildandi fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna (nr. 408/1996) er landsvæðinu lýst þannig: „Landið fyrir innan Fjórðungssand og Norðurleitina, milli Dalsár og Kisu, smala Skeiða- og Flóamenn sameiginlega með Gnúpverjum.“

6 *Göngur og réttir* 2 (1984), s. 116.

7 Hér er stuðst við lýsingu Jóhanns Kolbeinssonar á Hamarsheiði, sbr. *Göngur og réttir* 2 (1984), s. 55-68.

8 Að sögn Hjálta Gunnarssonar, Fossnesi, við skýrslutöku í máli nr. 7/2000, er nú byrjað á því að smala Þjórsárverin vestanverð þegar komið er inn í Tjarnarver.

á annan hátt koma í verð eign hreppsins: fossunum Þjófafossi, Tröllkonufossi og Gljúfurleitarfossi, öllum í Þjórsá, Hávaðsfossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingaárfossi í Geldingaá ásamt vatninu í nefndum ám og árfarvegum¹. Þessi ákvörðun hreppsnefndar var staðfest á aðalfundi sýslunefndar Árnessýslu 26.-30. apríl sama ár.² Á fundi hreppsnefndar Gnúpverjahrepps 9. mars 1911 var samþykkt að hverjum þeim, sem keypti eða leigði fossa þá er nefndir væru í umboði Gests Einarssonar, „[væri] heimilt land eptir þörfum til útbyggingar hvers foss fyrir sig endurgjaldslaut, þar með talinn rjettur til að gjöra nauðsynlega skurði til vatnsleiðslu, land undir nauðsynleg hús og aðrar byggingar, er notaðar kunna að verða til starfrækslu fossanna sjerstaklega“.³ Einnig var tekið fram að væntanlegum kaupendum eða leigjendum fossanna væru heimil án endurgjalds hvers kyns byggingarefni, sem kynnu að finnast í löndum hreppsins, til bygginga í sambandi við fossana.

Umboð þetta framseldi Gestur Einarsson Þorleifi Guðmundssyni 24. febrúar 1911. Það komst síðar í hendur Sturlu Jónssonar og 19. febrúar 1914 seldi hann, í umboði Gnúpverjahrepps, fossafélaginu Titan réttindi sem hreppurinn taldi sig eiga í fyrrnefndum fossum. Í fyrstu grein samnings er tilgreint nákvæmlega hvað selt var:

Hið selda er:

- a. Eignarhluti seljanda í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 400 – fjögur hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins meðfram ánni er sje á lengd 200 – tvö hundruð – faðmar upp með ánni frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðmar niður með ánni frá fossinum.
- b. Eignarhluti seljanda í Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá ásamt öllu vatninu og árfarvegi í báðum þessum fossum og alla leið á milli þeirra og ennfremur 500 – fimm hundruð – faðma upp ána frá Tröllkonufossi og 500 – fimm hundruð – faðma niður ána frá Þjófafossi, svo og með 200 – tvö hundruð – faðma breiðri landsspildu með fram ánni alla leið milli ofangreindra enditakmarka 500 fððmum fyrir ofan Tröllkonufoss og 500 fððmum fyrir neðan Þjófafoss.
- c. Eignarhluti seljanda í Hávaðsfossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 1000 – eitt þúsund – faðma upp ána frá fossinum og 1000 – eitt þúsund – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu úr landi hreppsins milli tjeðra enditakmarka fyrir ofan og neðan fossinn.
- d. Eignarhluti seljanda í Hjálparfossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins milli tjeðra endimarka fyrir ofan og neðan fossinn.
- e. Geldingaárfoss í Geldingaá ásamt öllu vatni og árfarvegi. Kaupinu eru undan skilinn allur námarjettur hvers kyns sem er í ofannefndum landssvæðum hreppsins.⁴

Samningi þessum var þinglýst án athugasemda þann 19. júní 1914. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps gaf síðan út fullt afsal 16. júlí sama ár þegar gerð höfðu verið öll skil fyrir umsömdu kaupverði og var það fyrir fram innritað 1. október 1914 til þinglýsingar í Gnúpverjahreppi 1915.

Sumarið 1916 var Gestur Einarssyni fengið formlegt umboð frá hreppsnefnd Gnúpverjahrepps til að selja Búrfell og Skeljafell, syðst í Gnúpverjiafrétti, að svo miklu leyti sem réttindi á því svæði höfðu ekki þegar verið seld, sbr. það sem að framan greinir um Tröllkonufoss og Þjófafoss. Þessi

1 Skjal nr. 195. Á fundi hreppsnefndar 12. október 1911 fékk Gestur Einarsson ásamt Þorleifi Guðmundssyni einnig tímabundið umboð til að selja svonefnda Gjá á Gnúpverjiafrétti en úr sölu varð ekki (sbr. skjal nr. 276 (a)).

2 Skjal nr. 237.

3 Skjal nr. 276 (b).

4 Skjal nr. 74. Fullt afsal var afhent fossafélaginu 16. júlí sama ár.

ákvörðun hreppsnefndar var staðfest aukafundi sýslunefndar Árnæssýslu 17. júlí sama ár. Hinn 28. júlí 1916 seldi Gestur Einari Benediktssyni Búrfell og Skeljafell með þessum landamerkjum: „Úr Þjórsá ræður merkjum Fossá að Rauða, síðan Rauða að Sandafelli (að Rauðargljúfri), þaðan ræður bein lína í Þjórsá neðan við graslendi Sandafells en þaðan ræður Þjórsá merkjum niður að Fossá.“¹ Undanskilið sölunni var það land, fossar, vatnsafl og réttindi sem Sturla Jónsson hafði, í umboði Gnúpverjarepps, áður selt með fyrrgreindu afsali, 16. júlí 1916. Í 3. gr. samningsins segir á þessa leið:

Hreppurinn áskilur sjer rjett sinn til skógarhöggs í Búrfellshálsi óskertan og endurgjaldslaust. Þó skal þetta skilyrði ekki mega koma í bága við starfrækslu eða afnot kaupandans af því selda, en gjalda skal hann fullar bætur eftir mati dómkvaddra óvilhallra manna fyrir tjón það sem þá kann að verða á skóg-arhögginu.

Sömuleiðs áskilur hreppurinn sjer rjett til uppreksturs og afrjettarnotkunar á hinni seldu landsspildu endurgjaldslaust svo lengi sem það kemur ekki í bága við starfrækslu kaupanda eða þeirra, sem hann framselur rjett sinn á landinu.²

Samningnum var þinglýst 12. júní 1918 með athugasemdinni „Seljanda brestur þingl. eignarheimild“. Síðar hefur verið bætt við, án dagsetningar, „en verður að teljast notariskur eigandi að hinu selda“.³

Þann 11. febrúar 1917 framseldi Einar Benediktsson réttindi sín samkvæmt framangreindum kaupsamningi til fossafélagsins Titans.⁴ Samningi Einars og Titans var þinglýst athugasemdalaust þann 27. júní 1919. Afsal þessara réttinda til fyrirtækisins var gefið út 2. september 1923 og fyrir fram innfært í afsals- og veðmálabók 27. nóvember sama ár.⁵ Því afsali var þinglýst athugasemdalaust þann 11. júlí 1924.

Landsstjórnin gerði fyrirvara um sölu þessara og fleiri vatnsréttinda 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

Fossnefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almennings eign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmæta, sem hreppsþjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hér með tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárhöfn.⁶

Þann 16. janúar 1952 afsalaði h/f Titan öllum réttindum félagsins hér á landi til íslenska ríkisins. Því afsali var að sama skapi þinglýst athugasemdalaust þann 29. janúar 1952.⁷ Við stofnun Landsvirkjunar 1965 lagði ríkissjóður síðan fram tiltekin lands- og vatnsréttindi, þar með talin á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu. Þar eru nú mikil umsvif Landsvirkjunar en öll umfjöllun þar að lútandi, þar á meðal um sögu svæðisins eftir þann tíma er að finna í 12. kafla úrskurðarins.

1 Skjal nr. 72. Sbr. Sigurður Ragnarsson, 1977: „Fossakaup og framkvæmdaáform. Þættir úr sögu fossamálsins. Síðari hluti.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 185-186.

2 Skjal nr. 72.

3 Skjal nr. 72. Undir þessari viðbót sem er ekki sérstaklega dagsett er skráð fangamarkið „BB“. Leiða má líkur að því að þetta séu upphafsstafrir í nafni Boga Brynjólfssonar sem var settur sýslumaður í Árnæssýslu frá 28. nóvember 1917 til 1. október 1918.

4 Skjal nr. 73.

5 Skjöl nr. 72 og 75.

6 Skjal nr. 269.

7 Skjal nr. 75.

Þrátt fyrir sölnuna á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu sýnist allur hinn upprunalegi afréttur hafa að meira eða minna leyti, áfram verið undirorpin afréttarnotum Gnúpverja, eða allt þar til dalurinn var friðaður fyrir sauðfé árið 1938.¹ Það gerðist með samningi sem Skógrækt ríkisins gerði við Gnúpverjahrepp 21. október 1938. Girðingarstæðinu er lýst þannig í samningnum:

... frá Háafossi um Hólaskóg að Þjórsá við Bláskóganeft, - nálægt þeirri línu er afréttargirðingin liggur nú. Ennfremur til að fyrirbyggja hættur fyrir sauðfé við Fossá, vegna girðinga, liggja girðingin vestan Fossár að Háafossi og áfram 5 km. inn fyrir Háafoss, vestan Fossár.²

Árið 1976 var tekinn til beitarnota efri hluti þessa friðaða svæðis (Skeiðamannahólmi). Var þá girt frá Þjórsá við Klofaey norðvestur ofan við Stöng og niður á Fossáreyrar.³

Á öldinni sem leið gerði Gnúpverjahreppur nokkra samninga um námuvinnslu á Gnúpverja-afrétti. Fyrst er að nefna samning sem hreppsnefndir Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps gerðu til 99 ára við Þorleif Guðmundsson frá Háeyri en hann var umboðsmaður fyrirtækisins La Societé d'Etudes pour l'Islande a la Banque Transatlantique. Samningnum var þinglýst 9. júní 1911. Samkvæmt honum skyldu hrepparnir fá 550 kr. árlega í leigu fyrir eftirtalin réttindi í Búrfelli, Skálafelli, Skeljafelli, Geldingatanga og Rauðukömbum:

- 1.° Rjettur til allskonar graftrar, rannsóknar og allrar vinnu, er lýtur að námurekstri.
- 2.° Allur rjettur til allskonar málma og efnasambanda, sem fundin eru og finnast kunna á fyrrgreindum svæðum.
- 3.° Notkunarrjettur á núverandi vegum og rjettur til að leggja nýja vegi, sem hrepparnir hafi rjett til að nota án endurgjalds.
- 4.° Rjettur til að byggja og notfæra járnbrautir á jörðu og í lopti, flutningaskurði, fyrirhleðslur, aflfærsluvegi og stöðvar os.frv.
- 5.° Rjettur til að notfæra öll byggingarefni, svo sem sand, grjót os.frv., er fást kann á svæðum þessum.
- 6.° Rjettur til afnota vatns til námanna eða þess, er þær hafa í för með sjer - þar frá undanskilið vatnsafl til stórframleiðslu, sem að sjálfsögðu yrði keypt sjerstaklega.
- 7.° Rjettur til að byggja allar byggingar, hús og mannvirki, er lúta að námurekstri og framleiðslu.⁴

Samningur þessi skyldi ganga úr gildi að tveimur árum liðnum ef engin regluleg námuvinnsla væri byrjuð. Ekkert liggur fyrir um slíka vinnslu á grundvelli þessa samnings.

Síðar á öldinni hófst vinnsla vikurs í Gnúpverjahreppi. Samningur um það efni var fyrst gerður árið 1945 en að áður var tekinn vikur í Þjórsárdal öðru hvoru, bæði til byggingar innan sveitar og til sölu.⁵ Engum slíkum samningum hefur verið þinglýst en efni þeirra verður nú reifað.

Í málinu liggur fyrir samningur, dags. 29. apríl 1956, milli annars vegar Skógræktar ríkisins og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps og hins vegar nafngreindra einstaklinga. Samið er um vikurnám innan skógræktargirðingarinnar í Þjórsárdal. Í samningnum kemur fram að íbúum Gnúpverjahrepps sé heimilt að taka vikur í dalnum endurgjaldslaust, til hvers konar nota við byggingar innan sveitar, þó ekki úr námu leigutaka, nema með samþykki þeirra.⁶

Sá næsti, dags. 11. apríl 1965, varðar einnig vikurnám í Þjórsárdal innan skógræktargirðingar-

1 Ágúst Guðmundsson 1996, s. 115.

2 Skjal nr. 192. Frumrit skjalsins virðist glatað.

3 *Sunnlenskar byggðir* 1, s. 325.

4 Skjal nr. 276 (b), sbr. skjal nr. 276 (c).

5 Sbr. skjal nr. 277 (e). Skv. *Sveitarbók Gnúpverjahrepps. Frá 13. júlí 1946 - 5. júlí 1962* var gert ráð fyrir 2000 kr. tekjum af vikurleigu árið 1954 (skjal nr. 275 (a)).

6 Skjal nr. 79.

innar. Samningsaðilar eru annars vegar Skógrækt ríkisins og hreppsnefnd Gnúpverjahrepps og hins vegar nafngreindir einstaklingar. Fram kemur að samningnum fylgi ekki einkaréttur til vikurnáms í dalnum.¹

Árið 1976 gerði Gnúpverjahreppur samning við Vikurvinnsluna hf. um töku á vikri „í landi Gnúpverjahreppar, þar sem hann finnst nýtanlegur vegna væntanlegs útflutnings Vikurvinnslunnar hf. á hörpuðum og möluðum vikri“. Hlýtt skuli fyrir mælum Þjórsárdalsnefndar um námustaði og frágang þeirra.²

Árið 1977 var gerður samningur milli Jarðefnaiðnaðar hf. og nánar tilgreindra „aðila að landsréttindum í Árnessýslu í nágrenni Heklu“, dags. 28. desember 1977, „varðandi vinnslu jarðefna á vikursvæðunum út frá Heklu vestan Þjórsár o.fl.“ Undir samning þennan er ritað fyrir hönd Gnúpverjahrepps og ríkissjóðs meðal annarra.³ Síðan segir í samningnum:

Landeigendur telja til landsréttinda á Heklusvæðinu vestan Þjórsár og víðar eða aðildar að þeim, sem eigendur að jörðum, afréttarlöndum, almenningum og öðrum eignum eða réttindum, svo og sem sveitarfélög. Er réttindanna getið hér að neðan við undirskrift hvers um sig eftir því sem við á, og eru svæði, sem þau taka til, hér á eftir nefnd landareignirnar. Hafa þeir áhuga á því fyrir sitt leyti, að stuðlað verði að könnun og nýtingu jarðefna þar.⁴

Í 8. gr. samningsins er eftirfarandi fyrirvari:

Með samningi þessum er ekki tekin afstaða til þess, hvern rétt hver landeigenda eigi á Hekluvikursvæðunum eða annars á gildissvæði hans, né heldur þess, hvar borið yrði niður á svæðinu til vinnslu eða hagnýtingarstarfsemi og hver yrði aðild hinna einstöku landeigenda í sambandi við réttindaöflun hennar vegna.

Við þennan samning er gerður viðauki af hálfu ríkissjóðs, dags. 23. maí 1978. Þar stendur m.a.:

Samningur við Jarðefnaiðnað hf. í desember 1977 varðandi vinnslu jarðefna á vikursvæðunum út frá Heklu vestan Þjórsár o.fl. er undirritaður af hálfu ríkissjóðs sem eiganda eða tilkallshafa að landssvæðum í Árnessýslu, er liggja utan landareigna einstakra jarða (almenningum, afréttarlöndum o.s.frv.), án þess að ábyrgð sé á því tekin gagnvart Jarðefnaiðnaði hf., hver eignaréttur ríkissjóðs eða tilkall að þessum landssvæðum sé í reynd, að því leyti sem það kann að vera véfengt af hálfu sveitarfélaga eða afréttarfélaga, sem telja til réttinda á þessum landssvæðum.⁵

Annað fyrirtæki, Hekluvikur hf., hafði nokkru áður einnig falast eftir leyfi til námuvinnslu á svæðinu og var gert uppkast að samningi milli fulltrúa Gnúpverjahrepps og fyrirtækisins en hann var aldrei undirritaður.⁶ Hekluvikur hf. mun þó hafa unnið vikur á svæðinu næstu árin á grundvelli samningsuppkastsins.⁷

Af bréfum sem fóru á milli iðnaðarráðuneytisins og oddvita Gnúpverjahrepps árið 1979 vegna

1 Skjal nr. 262.

2 Skjal nr. 77.

3 Að Jarðefnaiðnaði hf. stóðu flest sveitarfélög á Suðurlandi, sbr. bréf Steinþórs Ingvarssonar, oddvita Gnúpverjahrepps, 13. febrúar 1979 (skjal nr. 276 (i)).

4 Skjal nr. 276 (e). Einnig skjal nr. 121.

5 Skjal nr. 276 (e). Einnig skjal nr. 233.

6 Skjal nr. 276 (g).

7 Skjal nr. 276 (h).

umsóknar Hekluvikurs hf. um leyfi til vikurtöku má ráða að nokkur skoðanamunur hefur verið á því hver ætti réttindin til vikurnáms á Gnúpverjaafretti.¹

Þá gera Gnúpverjahreppur o.fl. samning við Jarðefnaiðnað hf., dags. 8. febrúar 1984, um „einkarétt til töku og vinnslu á vikri á vikursvæðunum vestanvert við Heklu að Þjórsá, og á spildu vestan Þjórsár“. Vísað er í meðfylgjandi uppdrátt sem ekki hefur þó borist óbyggðanefnd. Ekki er að sjá að fulltrúi fyrirtækisins hafi undirritað samninginn.² Vísað er til samninga sömu aðila frá 17. og 28. desember 1977 og viðauka af hálfu ríkissjóðs 23. maí 1978. Tvö síðastnefndu skjölin voru rakin hér að framan en samningur, dags. 17. desember 1977, hefur ekki verið lagður fram í málinu enda þótt eftir því hafi verið leitað af hálfu óbyggðanefndar.

Þann 27. febrúar 1984 stóð ríkissjóður einn að samningi við Jarðefnaiðnað hf. Í 1. gr. samningsins segir að leigusali (þ.e. ríkissjóður) veiti leigutaka rétt til töku og vinnslu á vikri „á vikursvæðunum vestan Þjórsár, austan og norðan Búrfells, eins og þau eru mörkuð á meðfylgjandi uppdrátt, sem áritaður er af leigusala og leigutaka, en leigusali er rétt hafi jarðefna á nefndum svæðum“.³ Uppdráttur hefur ekki borist óbyggðanefnd. Sams konar samningur mun einnig hafa verið gerður við B.M. Vallá h.f. um svipað leyti en hefur ekki verið lagður fram í málinu þrátt fyrir til-mæli óbyggðanefndar þar um.

Árið 1987 voru gerðir tveir samningar milli landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar. Í öðrum samningnum, dags. 15. júní 1987, er vísað til fyrrnefnds samnings frá 27. febrúar 1984 milli ríkissjóðs og Jarðefnaiðnaðar hf. og aukið við efni hans. Í 2. gr. segir svo: „Fyrir liggur að vikurnámur eru til staðar á eignarlöndum Gnúpverjahrepps. Með samningi þessum veitir hreppurinn Jarðefnaiðnaði hf. rétt til töku og vinnslu á þeim vikri.“ Í 3. gr. er kveðið á um að efnistökgjöld, greidd af Jarðefnaiðnaði h/f samkvæmt þessum tveimur samningum, skuli skiptast með þeim hætti að 70% renni til ríkissjóðs en 30% til Gnúpverjahrepps.⁴ Í hinum samningnum, dags. 12. júní 1987, er vísað til samnings sem ríkissjóður gerði við B.M. Vallá hf. 27. febrúar 1984 um töku og vinnslu á vikri á sömu svæðum, þ.e. „vestan Þjórsár, austan og norðan Búrfells“.⁵ Að öðru leyti eru samningarnir tveir samhljóða.

Að lokum skal getið um sérvinnsluleyfi sem iðnaðarráðherra veitti Vikurvörum ehf. til vinnslu vikurs á svæði utan eignarlanda austan Búrfells í Gnúpverjahreppi og vestan Þjórsár. Af meðfylgjandi uppdrætti verður ekkert nánar ráðið um staðsetningu vinnslusvæða. Leyfið skyldi gilda frá 1. júlí 1998 til 1. júlí 2018. Með sérvinnsluleyfinu fylgdi bókun og segir þar í 1. gr. að í samræmi við samkomulag ríkisins, hreppsnefndar Gnúpverjahrepps og B.M. Vallár (nú Vikurvörur ehf.), dags. 12. júní 1987, skuli Vikurvörur ehf. á gildistíma leyfisins greiða sveitarsjóði Gnúpverjahrepps tiltekna fjárhæð af hverjum rúmmetra efnis.⁶

Ekki hefur verið upplýst í máli þessu hvað af framangreindum samningum um vikurvinnslu er enn í gildi, þrátt fyrir beiðni óbyggðanefndar þar um. Af gögnum málsins kemur hins vegar fram að hreppurinn hefur haft tekjur af vikurnámi, a.m.k. á tímabilinu 1987-2000.⁷

Þá eru heimildir um að Gnúpverjar hafi leigt út veiðirétt í ám á afretti sínum. Í „kassabók“ Gnúpverjahrepps árið 1912 er þannig skráð að Jón Ólafsson hafi greitt 10 kr. fyrir veiðar útlendinga í Fossá í fimm daga.⁸ Síðar á öldinni voru gerðir samningar um leigu á veiðiréttindum í Fossá, Rauðá og Sandá er féllu innan skógræktarsvæðisins, að meðtalinni veiði í Fauskáslámi (Fisk-

1 Sbr. skjal nr. 276 (h og i).

2 Skjal nr. 80.

3 Skjal nr. 276 (f).

4 Skjal nr. 232.

5 Skjal nr. 78.

6 Skjal nr. 261.

7 Skjal nr. 275 (f).

8 Skjal nr. 277 (a).

áslæmi). Fyrsti samningurinn, sem liggur fyrir, er frá 3. maí 1960. Að þessum samningum stóðu Skógrækt ríkisins og hreppsnefnd Gnúpverjahrepps.¹ Á fundi hreppsnefndar 19. júní 1974 skýrði oddviti hreppsins frá því að hann hefði átt tal við stjórnendur Landsvirkjunar um veiði í Fossá. Þeir hefðu ekki vefengt eignarrétt Gnúpverjahrepps á veiðirétti í ánni og vildu fá þar veiðileyfi gegn greiðslu í einhverju formi.² Í ljósi sölu Búrfells- og Skeljafellslandsins 1916 er þó óupplýst á hvaða grundvelli Gnúpverjahreppur gerði tilkall til veiði í Fossá í Þjórsárdal innan marka skógræktar-svæðisins.

Veiðifélag Efrihluta-Þjórsár var stofnað 18. janúar 1992 eftir að heimild til þess hafði fengist frá Veiðimálanefnd og veiðimálastjóra.³ Veiðifélagið hefur síðan gert leigusamninga um netaveiði í Sultartangalóni og stangaveiði í Skúmstunguám.⁴

Samkvæmt ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árin 1986-2000 hafði það tekjur af seldum veiðileyfum í Fossá en nokkuð stopult, síðast árið 2000.⁵

6.12. Landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal

Í makaskiptum við sjö hreppa í Flóa og á Skeiðum á árinu 1938, sbr. nánari umfjöllun í kafla 6.9. kom í hlut Skógræktar ríkisins land í Þjórsárdal, vestan Fossár, en hrepparnir fengu í staðinn land Skriðufells ofan afréttargirðingar. Land þetta í Þjórsárdal taldist áður til afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Þykir því rétt að rekja hér í stórum dráttum sögu þessa svæðis en um sögu afréttarins er nánar fjallað í máli nr. 6/2000.

Þjórsárdalur er í landnámi Þorbjörns laxakarls sem sagður er hafa numið Þjórsárdal allan og Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár.⁶ Mörk dalsins eru nú venjulega miðuð við Þverá að vestan þó að Hagafell þyki þar einnig eðlileg mörk en á austurmörkum er fjallsmúlinn Búrfell. Frá botni Fossárdals við Háafoss að Þjórsá er dalurinn 15-17 km.⁷ Árni Magnússon taldi upp 13 bæi sem hefðu lagst í eyði í dalnum og voru átta þeirra vestan Fossár: Skriðufell, Áslákstungur tvennar, Fagriskógur, Lóprælar, Berghálsstaðir tvennir og Reykholt.⁸ Fleiri bæjarrústir, samtals yfir tuttugu, hafa síðar fundist í dalnum.⁹ Óhætt mun því vera að fullyrða að fjölmenn byggð hafi verið í Þjórsárdal fyrstu aldirnar.

Nokkur hluti þessara eyðingarða í Þjórsárdal hafa að líkindum verið innan marka Skriðufells eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi frá lokum 19. aldar. Fornleifarannsóknir hafa hins vegar ekki tekið af öll tvímæli um þetta.¹⁰

Af eyðibýlum utan Skriðufellslands, milli Skriðufells og Fossár, má nefna Bergólfsstaði (Berghálsstaði), Lópræla og Sandártungu. Sandártunga hafði verið eign Skálholtskirkju frá 12. öld þegar Magnús biskup Einarsson (d. 1148) keypti jörðina til staðarins. Óvíst er hvort þá hafi verið búið í Sandártungu en biskupinn mun öðru fremur hafa sóst eftir skóginum sem jörðinni fylgdi.¹¹ Sandártunga var í byggð 1544 þegar Gissur biskup Einarsson hélt þaðan norður Sprengisand til Möðrudals í vísitásiuferð um Austfirði og Sandártunga er nefnd 1597 í jarðabók um allar kirkju-eignir í landinu.¹² Samkvæmt jarðabók frá 1686 var Sandártunga 13 hundruð og 40 álnir að dýrleika

1 Skjal nr. 277 (c, d, e).

2 Skjal nr. 277 (f).

3 Skjal nr. 278 (b, c).

4 Skjal nr. 278 (d, e).

5 Skjal nr. 275 (g).

6 *Landnámabók* 1986, s. 381.

7 Ágúst Guðmundsson 1996, s. 75.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 218, nmgr. Sbr. Ágúst Guðmundsson 1996, s. 95.

9 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 217-218.

10 Brynjúlfur Jónsson 1885, s. 44, 47-48. Ágúst Guðmundsson 1996, s. 96-99.

11 Einar Arnórsson 1950, s. 78.

12 *Íslenskt fornbréfasafn*. 11. b. Reykjavík 1915-1925. S. 361-362. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 75.

og því undir meðalstærð sem miðuð var við 20 hundruð.¹ Árið 1693 lagðist Sandártunga í eyði „þegar Hekla brann síðast“ eins og komist er að orði í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Eystrahrepp sem skráð var árið 1709.² Þar var þá land allt uppblásið og sýndist ómögulegt að jörðin kynni aftur að byggjast. Engar heimildir eru um að þar hafi verið búið eftir þann tíma eða jörðinni ráðstafað með einhverjum hætti. Árið 1949 voru rústirnar í Sandártungu grafnar upp og er þeim nákvæmlega lýst í grein sem Kristján Eldjárn ritaði í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1949-1950. Þar komst hann svo að orði að húsakynninn í Sandártungu bæru að öllu leyti merki þeirrar niðurlægingaraldar sem þau væru frá.³

Í Þjorsárdal voru mörg skógaritök og hefur áður verið minnst á skóga Hrunakirkju sem getið er um í máldaga hennar frá 14. öld. Flest voru skógaritökinn þó í eigu Skálholtsstóls en nokkrir bæir, m.a. í Flóanum, áttu þar einnig skógartekju. Um eyðibýlið Sandhól í Bæjarhreppi segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að jörðin eigi skógarpart „í takmörkuðu plátsi í Flóamanna aftrjett millum Fagraskógs og Bergálfstaða, þar sem kallað er Leþrælar, en af nokkrum Lóþrælar; hann er nú gjöreyddur og því ei brúkaður í nokkur liðin ár“.⁴ Fleiri jarðir í Bæjarhreppi og Stokks-eyrarhreppi áttu þarna skógaritök þó að þau væru mjög eydd á þeim tíma.⁵

Til er skrá um skóga í Þjorsárdal, rituð á síðari hluta 16. aldar. Af þeim skógum vestan Fossár sem þar eru taldir upp má nefna Áslákstungur (fram kemur að Hólastaður átti þar eldiviðaritak), Fagraskóg, Brunaskóg, Léþræla (Lóþræla?) í Reykjaholti og Geldingaholtsskóg fremst í Fossárdal.⁶

Frá árinu 1615 er til sams konar skrá sem ber fyrirsögnina „Vm austurskogana j Änessyslu“. Þar stendur orðrétt í upphafi greinar: „Fyrst. hiä Sandär Tungu. Þar j heima lande er köllud Tunga og Horn. Þad huertueggia eru stadar skogar. Jtem hejter þar Oddaskögur. hann er strax vid tñnid ä Sandartüngu. og vilia prestar j Odda eigna hann Odda kirkiu.“⁷

Í lok 17. aldar hafði búskapur í Þjorsárdal að mestu lagst niður og skógur þar að auki mjög eyddur. Að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var þó enn hægt að nýta haga til beitar, einkum þegar nær dró fjallinu og hafa landsvæði í dalnum því trúlega verið lögð til afrettar, þótt ekki sé víst að það hafi gerst með formlegum hætti. Um þessi eyðilönd í Þjorsárdal er komist svo að orði í Jarðabók Árna og Páls að þau „[séu] nú almennings aftrjettur“.⁸

Árið 1912 var sett upp girðing fyrir Flóa- og Skeiðamannaafreitti til að hindra það að fé rynni úr afreittinum fram í byggðina. Girðingarstæðið var valið með hliðsjón af staðhættum, og ekki sist með það í huga að hún gæti staðist veður og vinda. Girðingin var um 28 km á lengd og nær milli Laxár og Fossár, yfir efri lönd efstu bæja í Gnúpverjahreppi.⁹ Fyrir þann hluta heimalanda sem lá innan girðingar fengu eigendur flestra jarðanna greitt ákveðið leigugjald frá hreppunum.¹⁰

Á fyrstu áratugum 20. aldar gerðu fulltrúar hreppanna í Flóa og á Skeiðum samninga um sölu vatnsréttinda og námuvinnslu í afreitti sínum, m.a. á umræddu svæði, og er um það efni fjallað í máli nr. 6/2000. Sambærilega og að hluta til sameiginlegra samninga með Gnúpverjum er getið hér að framan, sbr. kafli 6.11.

Árið 1938 var Þjorsárdalur friðaður fyrir sauðfé og sett upp girðing „sem liggur frá Þjorsá nokkru neðan við brúna við Sandafell, vestur um Hólaskóg og Stangarfjall að Fossá við Háafoss“.¹¹

1 Björn Lárusson, 1967, s. 108.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 217.

3 *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1949-50. Reykjavík. S. 114.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 8.

5 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 15, 52, 79.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 165-167.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 168.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 2, s. 218.

9 Sbr. skjal nr. 255. Ágúst Guðmundsson 1996, s. 165. Sbr. einnig mál nr. 6/2000, k. 6.2.1.

10 *Göngur og réttir* 2 (1984), s. 108. Eigendur Skáldabúða og Fossness virðast þó ekki hafa krafist leigugjalds.

11 Ágúst Guðmundsson 1996, s. 115.

Sama ár komust afrettarlönd Flóa- og Skeiðamanna í Þjórsárdal í hlut Skógræktar ríkisins skv. fyrrnefndum makaskiptasamningi.

Í fyrstu var gert ráð fyrir að svæði það sem hér um ræðir myndi gróa upp af sjálfu sér ef það yrði friðað fyrir beit. Svo reyndist þó ekki. Á tímabilinu 1948-1980 var sáð lúpínu á eyðilandið og árið 1983 var gerður samningur milli Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Vegagerðar ríkisins, Landsvirkjunar og Gnúpverjahrepps um uppgræðslu milli Sandár og Fossár. Í desember 2000 var gerður leigusamningur milli Skógræktar ríkisins og Skógarsjóðsins um uppgræðslu 1300 ha svæðis sunnan Búrfellsvegar milli Sandár og Fossár. Þá er að nefna að Skógrækt ríkisins hefur selt efni til vegagerðar og mannvirkja úr þessu landi og Landsvirkjun hefur greitt fyrir afnotarétt af landinu undir línustæði 3. línu frá Búrfelli.¹ Loks skal þess getið að Skógræktin hefur, svo sem fyrr getur, vegna landsvæðis þessa átt aðild að samningum um ráðstöfun veiði í Fossá.²

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Almenn atriði

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að fljótlega eftir að menn komu til landsins hafi komist á hið venjulega landnámsfyrikomulag germanskra þjóða að nema land annars vegar til eignar og hins vegar til afnota. Heimildir eins og landnámbækur, Íslendingasögur, fornminjar og búsetusaga segi okkur nútímamönnum að í aðaldráttum hafi byggð haldist á þeim svæðum sem numin hafi verið til eignar. Á svæðum utan og ofan byggða hafi afmarkað land ýmist verið tekið afnotatöku, eins eða fleiri jarðeigenda (afréttir) eða afnot öllum fjórðungsmönnum jafnheimil (almenningar). Um afnot afrétta tveggja eða fleiri aðila og svo um afnot fjórðungsmanna að almenningum hafi fljótlega verið settar lagareglur og þær sem lögfestar hafi verið með Jónsbók 1281 hafi haldist fram á 20. öldina.

Hvorki sé talið að afréttareigandi hafi getað gefið eða selt einkaafrétt frá jörð sinni né að jarðeigandi hafi getað selt eða gefið sinn hlut í sameignarafrétti nema láta um leið af hendi jörð sína og bústofn að mestu leyti því að afréttur eða hlutdeild í sameignarafrétti hafi fylgt jörðum. Kirkjur hafi því getað eignast hlut í afrétti ef hann fylgdi heimalandi því sem þeim var gefið. Sama hafi gilt um klaustur að þessu leyti.

Ráða megi af máldögum að gögn og gæði lands hafi einungis fylgt heimajörð kirkna en ekki öðrum löndum þeirra og því aðeins að öll heimajörðin væri eign þeirra. Þessi regla, að gögn og gæði fylgi aðeins heimajörð kirkju, sé ein helsta skýringin á því, að stór afréttarlandsvæði hafi smám saman tekið að safnast að kirkjujörðum, en ekki öðrum jörðum. Síðan hafi þessir afréttir oft og tíðum verið innlimaðir í merkjalýsingar, bæði í máldögum og landamerkjabréfum. Þetta sé helsta skýringin á því að í flestum tilvikum séu það kirkjujarðir sem telja til mikilla landsvæða í óbyggðum.

Þá hafi sagnfræðingar sett fram aðra skýringu á afréttareign kirkjujarða sem sé sú að á grundvelli máldaga hafi kirkjujarðir ranglega eignað sér heilu afréttina þegar þær einungis áttu tiltekna hluta í sameignarafrétti. Þetta hafi gerst með þeim hætti að kirkju hafi verið gefin jörð ásamt þeim afréttarrétti, sem henni fylgdi. Þessi afréttareign kirkjunnar hafi svo verið skráð í máldaga og mörkum afréttarins lýst. Eftir samdrátt í búsetu, eins og t.d. varð á 15. öld vegna mannfalls af völdum svarta dauða, hafi máldagar um eign kirkju á nánar tilgreindu afréttarlandi verið lagðir fram er menn vildu taka að nýta þá að nýju en jarðeigendur hafi enga hliðstæða skriflega sönnun haft fyrir rétti sínum. Þeir hafi því farið hálloka fyrir kirkjuvaldinu og greitt afréttartolla til kirkjunnar, til þess

1 Skjöl nr. 266 og 267. Sjá nánar í máli nr. 6/2000, k. 6.2.1.

2 Skjal nr. 277

að fá heimild til nýtingar. Á annan hvorn framangreindan hátt sé talið að flestir afréttir í Húnavatns-sýslu og víðar hafi skilist frá jörðum og orðið kirkjueign. Löngu síðar, aðallega á 19. og 20. öld eftir að stétt sjálfseignarbænda reis upp að nýju í landinu, hafi viðkomandi sveitarfélög keypt þessa afrétti.

Lönd hafi gengið kaupum og sölum á öllum tímum Íslandssögunnar og það hafi alltaf verið viðurkennd regla, að sá sem afsali landi, geti ekki veitt viðsemjanda sínum betri rétt, en hann sjálfur átti. Sé venjulegu afréttarlandi afsalað verði það ekki að afrétti með beinum eignarrétti í höndum viðsemjandans.

Að því viðbættu hvað skýrar línur um inntak eignarréttar að landi skipti miklu vegna ýmissa lagaákvæða sem snerta fasteignir megi benda á að aukin og breytt nýting á landi utan eignarlanda kalli á að ljóst sé hver sé bær til að taka ákvarðanir vegna þess. Sem dæmi um þetta megi nefna fjölda ferðamanna, sem sæki heim óbyggðir og sívaxandi eftirspurn eftir því að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Í nútímanum felist í óbyggðunum miklu meiri verðmæti en áður hafi verið þegar þau hafi einskorðast við ávexti jarðar og veiði.

Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunn-eignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar, að slík svæði séu þjóðlendur. Það hafi hins vegar aldrei verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna í dómsmálum svo öll þau mörk séu óákveðin en þess sé að vænta að þau verði öll ákveðin af óbyggðanefnd innan nokkurra ára. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

Í greinargerð segir að við skilgreiningu þjóðlendulínu í Gnúpverjahreppi sé að meginstefnu til byggt á að mörk eignarlanda í hreppnum séu þau sömu og landnámsmörk. Sunnan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin hafi verið til eignar en ofan og norðan þjóðlendulínu séu landsvæði sem að einhverju leyti hafi verið tekin til afnota í öndverðu og að öllu leyti á síðari tímum.

Nám hafi verið sá háttur sem hafður hafi verið á frumstofnun eignarréttar að landi hérlendis og meðal annarra germanskra þjóða. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð, hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenskri lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur sér-eignarréttur.

Á Jónsbókartíma hafi verið greint á milli eignarlands, afrétta og almenninga. Orðið almennings-afrétt hafi oft verið notað yfir sameignarafréttina og bendi margt til þess að þeir hafi í upphafi verið almenningur. Síðar hafi þessi landsvæði verið tekin til beitar og annarra þröngra nota.

Benda megi á nokkur ákvæði í fornlögum okkar sem skýri að strax í upphafi byggðar hafi verið mikill eðlismunur á jörðum og öðrum lendum. Engar nýtingarreglur hafi verið í lögum um jarðir. Eigandinn hafi ráðið hvenær og hvernig hann beitti landið, hvenær eða hvort hann sló tún eða engi. Hins vegar hafi bæði í Grágás og Jónsbók verið mörg og ítarleg ákvæði um hvernig nýta hafi mátt afrétti og almenninga. Til dæmis hafi ekki mátt slá gras í afréttum né reisa þar sel. Hins vegar hafi mátt reisa sel í almenningum. Um báðar þessar landgerðir hafi svo verið ýmsar reglur um hvernig og á hvaða tímum hafi mátt beita þar fé.

Í kristinna laga þætti Grágásar hafi verið mismunandi reglur um líkflutningaskyldu eftir því hvort um var að ræða jörð manns, afrétt, almenning eða háfjöll og öræfi. Í þessu tilliti hafi jörð manns verið í sérstökum flokki öndverðum við hinar þrjár landgerðirnar.

Ákvæði Jónsbókar um lögfestur hafi sumpart verið til að skera úr um, hvort land væri eignarland, afréttur eða almenningur.

Í nýbýlatilskipun 1776 hafi konungur talið sig geta ráðskast með eigendalausar eyðijarðir enda hafi þær verið flokkaðar sem almenningar í tilskipuninni. Sömuleiðis hafi konungur getað ráðskast

með afrétti og almenninga en aldrei jarðeignir einstaklinga og hafi þó stjórnarskrárákvæðið um friðhelgi eignarréttar ekki verið komið til sögunnar.

Í þessu sambandi megi benda á umfjöllun í síðari dómi Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þar segi að telja verði að handhafar ríkisvalds, sem til þess séu bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem um ræði. Þetta sé niðurstaða Hæstaréttar eftir að rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að enginn ætti þrætulandið. Það væri eigandalaust með öllu. Þetta sé eitt skýrasta dómafordæmið um að afréttarland geti ekki verið eign í skilningi laga, en hægt sé að eiga tiltekinn rétt til landsins. Gildi þessi regla um þau lönd, sem nú kallist þjóðlendur, þá hafi ekki verið hægt að hefða rétt til slíks lands, þar sem samkvæmt hefðarlögum sé einungis hægt að hefða fasteign, er geti verið eign einstakra manna.

Til viðbótar við ofangreinda umfjöllun sé á því byggt að greina megi í sundur eignarlönd og afréttarlönd á nýtingu þeirra. Eignarlönd séu nýtt allt árið til búrekstrar en afréttir til sumarbeitar. Um nýtingu megi oft fá talsverðar upplýsingar í skrifuðum heimildum. Allt frá Jónsbók hafi verið í gildi þau lagaákvæði að eigandi smali sitt land en allt annað land sé smalað sameiginlega af fjallskilastjórn.

Í Landnámu segi að Þorbjörn Laxakarl hafi numið Þjórsárdal allan og Gnúpverjahrepp ofan til Kálfár. Síðar hafi komið til landsins mágur hans tveir, þeir Þormóður skafti og Ófeigur grettir, og hafi Þorbjörn gefið þeim vestari hluta landnámsins utan Þverár. Þorbjörn hafi búið í Haga til dauðadags. Enn séu þrír bæir byggðir í landnámi hans, Hagi, Ásólfstaðir og Skriðufell.

Hinar þrjár gerðir Landnámu segi að Þrándur mjögsglandi hafi numið „land milli Þjórsár ok Laxár upp til Kálfár ok til Sandlækjar.“ Þrándur hafi komið síðastur landnámsmanna í Gnúpverjahrepp og hafi þá sennilega allt land í hreppnum verið numið. Þeir frændur, Ófeigur grettir og Þormóður, eða þó öllu heldur Þormóður einn, hafi fengið Þrándi neðsta hluta hreppsins. Austurmörk (suðausturmörk) lands hans hafi verið Þjórsá, suðurmörkin (suðvesturmörk) hafi verið Sandlækur og Stóra-Laxá vesturmörk (norðvesturmörk). Sögnina um það að Þrándur hafi numið land til Kálfár muni eiga að skilja svo að hann hafi fengið land að ósi Kálfár þar sem hún falli í Þjórsá. Ekki sé frá því greint hvar mörkin hafi legið þaðan og vestur í Stóru-Laxá.

Ekkert verði af frásögnum Landnámu ráðið um norðvesturmörk en ætla verði að byggilegt land hafi verið numið. Til dæmis hafi Þjórsárdalur allur verið numinn og Gnúpverjahreppur. Hafi þá verið átt við byggðina en ekki óbyggðirnar fyrir ofan hreppinn enda hafi hreppurinn á þeim tíma er Landnáma er rituð ekki náð inn til heiða. Sama eigi við um lýsinguna á landnámi Þrándar, þ.e. „land milli Þjórsár og Laxár“. Með landi sé væntanlega átt við byggilegt land, jarðnæði, sbr. máltækið „land og lausir aurar“.

Mestur hluti landnámsins í Þjórsárdal ofan Skriðufells hafi lagst í eyði smám saman vegna Heklugosa, uppblásturs, ágangs afréttarfénaðar og af ýmsum öðrum ástæðum. Þjórsárdalur hafi ekki verið í byggð síðan og allur einkaeignaréttur að fornum býlum löngu niður fallinn, sbr. Lyfð. 21. júlí 1873 (Vilborgarkot) og H 1994 2227 (Geitland).

Af dómafordæmum Hæstaréttar verði að ráða þá reglu að sé deilt um upphaflegt nám lands, verði aðeins stuðst við glöggar landfræðilegar heimildir. Verði ekki ráðið af Landnámu að land hafi verið numið sé tilhneiging til að hafna því að telja land undirorpið beinum eignarrétti. Til að skýra þetta frekar er bent á H 1960 726 (Skeljabrekka), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1161 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Sammerkt sé öllu því landi innan þjóðlendumarka samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins, að þar sé um að ræða landsvæði, sem sé annað hvort ógróið eða vaxið heiðargróðri. Um sé að ræða miklar hálendisviðáttur og háfjöll allt til jökla.

Ráða megi þá reglu af heimildum um landnám og því sem þekkt sé um nýtinguna sem fylgt hafi í kjölfarið, að hálendi, fjöll og öræfi hafi ekki verið numin til eignar og því hafi dómstólar gert ríkari

sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi, en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðhátta, víðáttu og gróðurfars, sbr. H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá). Í þessu sambandi skipti hæðarlínur miklu máli, enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Íslenska ríkið telji að af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu, þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum. Litið hafi verið til þessara atriða, svo og til landnáms og nýtingar við kröfugerð íslenska ríkisins í máli þessu. Í varakröfu íslenska ríkisins sé litið til þessara atriða en farið eftir augljósum kennileitum í landslagi.

Það sé þó talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti, verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna að raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinna jarðar eða önnur atriði hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Aðra reglu megi einnig leiða af dómum Hæstaréttar, þ.e. að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Í því sambandi sé vísað til H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Til þess að greina á milli eignarlanda og þjóðlendna skipti miklu máli að átta sig á nýtingu lands. Því þurfi að skoða hvernig nýtingu þrætulands sé háttáð. Allt frá lokum landnámsaldar og fram að 21. öldinni hafi þeir sem með löggjafarvald hafa farið sett ýmsar reglur um nýtingu þeirra landsvæða sem nú heiti þjóðlendur. Um nýtingu eignarlanda hafi hins vegar ekki verið settar nýtingarreglur nema þær sem teljist til grenndarréttar. Eitt meginatriði skilji á milli eignarlanda og þjóðlendna, en það sé að allt frá Jónsbókartíma hafi eigandi átt að smala eignarland sitt en þjóðlendna, sem svo heitir nú, hafi verið smöluð sameiginlega af fjallskilastjórn.

Benda megi á fjölmarga dóma Hæstaréttar þar sem litið hafi verið til þessara atriða við úrlausn um ágreining um eignarhald að landi. Þar sé um að ræða H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Í bók Braga Sigurjónssonar, Göngur og réttir, sé þess getið að núverandi fjallskilareglugerð hafi öðlast gildi árið 1934 og sé að mestu sniðin eftir eldri reglugerðum. Þó hafi nokkur breyting orðið á allri tilhögun smölunar árið 1912 en þá hafi verið girt á milli afréttar Flóa- og Skeiðamanna og heimalanda Gnúpverja. Nokkuð af heimalöndum þeirra jarða, er næstar séu, hafi lent innan afréttargirðingarinnar. Hafi það bæði verið gert til þess að stækka afréttinn, sem ótti hafi verið um að mundi verða of lítill, þegar féð gæti ekki runnið af honum og enn fremur til þess að fá heppilegra girðingastæði. Samið hafi verið um leigu fyrir land þetta og sé sú leiga greidd árlega síðan. Girðingin sé um 28 km á lengd og nái milli Laxár og Fossár.

Í áður nefndri bók komi eftirfarandi einnig fram: „Áður en afréttargirðingin var gerð urðu fjallmenn suðursveitanna að smala allmikið af heimalöndum efstu bæja í Gnúpverjahreppi því að samgangur afréttar- og heimafjár var þá óhindraður og afréttarfé þá dreift um alla þessa heimahaga. Voru því síðasta daginn eingöngu smöluð heimalönd af Skeiðamönnum og Austurleit, og að nokkru hjá Vesturleit. Á þessu varð veruleg breyting eftir að girðingin var gerð, þar sem þá féll niður smölun allra heimalanda.“

Af framansögðu megi glögg sjá að allt heimaland jarða í Gnúpverjahreppi utan afréttargirðingar sé smalað nú af jarðeigendum sjálfum en ekki að frumkvæði fjallskilastjórnar. Áður hafi þau verið smöluð af fjallmönnum Flóa- og Skeiðamanna en svo virðist sem fjallskilastjórn Gnúpverjahrepps hafi ekkert komið að smölun þeirra. Ljóst sé að allt fjallendi og heiðar séu smöluð að frumkvæði sveitarstjórnar svo sem gert hafi verið hvað afréttarlönd varðar allt frá lögtöku Jónsbókar.

Samkvæmt kröfulýsingu fjármálaráðuneytisins liggja þjóðlendumörk í gegnum landsvæði nokk-

urra fjallajarða í hreppnum eins og þeim sé lýst í þinglýstum landamerkjabréfum en að öðru leyti liggja hún á óbyggðamörkum annarra fjalljarða. Rökin á bak við kröfulýsinguna séu þau sömu og áður hafi verið reifuð. Íslenska ríkið telji að land sunnan kröfulínu tilheyri heimalöndum jarðanna, sem hafi verið numið í öndverðu en land ofan og norðan kröfulínu telji íslenska ríkið vera þjóðlendu, sem tekin hafi verið afnotatöku. Í tilvikum þeirra tveggja jarða, sem átt hafi lönd báðum megin kröfulínu ríkisins, hafi fjalllendið norðan afréttargirðingar nú verið selt undir afréttarnot.

Hugtakið heimaland hafi ekki verið skilgreint í lögum. Þó hafi orðið heimaland strax í Jónsbók verið notað í öndverðri merkingu við úthaga, sem notaðir hafi verið til sumarbeitar. Í þessu sambandi megi benda á Jónsbók Lb. 53 „Um afréttarfé, ef þat gengr í heimaland“. Í lögum um afréttamálefni fjallskil o.fl. hafi verið lagaákvæði um heimalönd án skilgreiningar. Í þessu sambandi megi benda á lög 6/1986. Í 3. gr. 1. mgr. laganna segi þetta: „Í fjallskilasamþykkt, er héraðsnefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitalanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta“. Einnig sé bent á 1. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 en þar segi að eftir lögnum geti komið til skipta eða endurskipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd sem jöfnum höndum séu notuð til vetrarbeitar o.s.frv.

Í nokkrum dómum Hæstaréttar sé vikið að hugtakinu heimaland. Í því sambandi sé vísað til H 1975 55 (Arnarvatnsheiði), H 1980 1225 (Öxarfjarðarheiði, Sandfellsbogi I), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) og H 1999 2006 (Sandfellsbogi).

Um þessa dóma sé það að segja að glögg komi fram í dómunum varðandi Kalmanstungu og Sandfellsbogi í Öxarfirði að innan landamerkjalyásingar jarðar sé tvenns konar land, heimaland sem sé í heilsársnotum og síðan afréttarland sem sé í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjallajarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja, sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda nái til alls heimalandsins.

Því sé haldið fram með tilvísun í framangreint að kröfulínu um þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi skuli taka til greina þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tiltekna heimildir, mörk heimalands jarðanna við óbyggðir. Landamerkjabréf jarðanna hafi ekkert um þetta að segja, enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk, jafnvel þótt þinglýst séu.

Landamerkjabréf sé ekki annað en yfirlýsing um yfirráðasvæði á sama hátt og landamæri ríkja, sveitarfélaga og stjórnsýsluumdæma sýslumanna. Þar sem landamörk eignarlanda liggja saman sé landamerkjabréf samningur milli aðila um þessi mörk eignarjarða innbyrðis eftir að réttir eigendur eða umboðsmenn hafi ritað undir bréfið samþykki sitt við lýsingu. Í landamerkjabréfi felist á engan hátt að allt land innan merkja skuli vera óskorað eignarland. Almennar sönnunarreglur ráði að sjálf-sögðu hér eins og annars staðar. Fyrst og fremst skilgreini landamerkjabréfið takmörk nýtingarréttar að landi. Á það megi benda í þessu sambandi að landamerkjabréf séu jafnt til fyrir jarðir sem afrétti sem séu innan þjóðlendu.

Af ákvæðum landamerkjagalaganna frá 17. mars 1882 megi ráða að landamerkjabréfið sé í eðli sínu samningur milli jarðaeigenda og næðist ekki sátt um landamerkin skyldi landamerkjadómur skera úr.

Samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis þá sem séu aðilar að samkomulaginu og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felist. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjallajarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund frekar en að þau styðjist við

eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882 og það hafi ekki verið fyrir en 116 árum síðar að slíkt var mögulegt eftir að íslenska ríkinu var með lögum fenginn eignarréttur að þjóðlendum.

Margir dómur Hæstaréttar komi inn á landamerkjabréf og inntak þeirra. Í því sambandi megi nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1969 519 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn II), H 1979 846 (Geirland-Prestbakki), H 1996 2848 (Bláfjöll), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar) H 1997 2410 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi).

Þessir tilvitnuðu dómur séu allir því áliti íslenska ríkisins til stuðnings að landamerkjabréf sanni ekki inntak eignarréttar og sé ekki gilt um mörk milli umráðamanna landa nema þeir eigi aðild að þeim réttindum sem samið sé um. Einnig komi glöggt fram í þessum dómum að landamerkjabréf séu til fyrir lönd sem nú séu óumdeilt þjóðlendur eftir dómsniðurstöður, eins og sé um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði og Landmannaafrétt. Síðan komi glöggt fram í Bláfjallamálinu að hægt sé að fjalla um landamerki yfirráðasvæða án þess að afstaða sé tekin til inntaks eignarréttar.

Annað atriði sem valdi ágreiningi sé gildi þinglýsingar landamerkjabréfs og hafi því verið haldið fram af gagnaðilum íslenska ríkisins að með þinglýsingu landamerkjabréfs sé búið að gulltryggja eignarréttinn. Því sé til að svara að enginn öðlist meiri rétt en viðsejandi geti veitt, sömuleiðis þinglýsi enginn meiri rétti en hann eigi. Þinglýsing heimildarskjals um fasteign sé laga-skylda og til að tryggja öryggi í viðskiptum og skapa eigendum réttarvernd gagnvart grandlausum viðsejendum og lánardrottum.

Spurning sé hvort þegjandi eða jákvæðar athafnir ýmissa umboðsmanna ríkisins geti falið í sér samþykki valdstjórnar eða ríkis vegna lands, sem nær inn í þjóðlendu. Þetta geti verið í tengslum við mótmælalausa móttöku og þinglýsingu landamerkjabréfa sem haft hafi að geyma lýsingu í átt að óbyggðum eða einfaldlega afsal ríkisins á tilteknum lendum. Því sé til að svara að af Landmannaafréttardómi síðari megi ráða þá reglu að löggjafinn einn sé bær til að ráðstafa réttindum yfir landsvæði utan eignarlanda. Af því leiði að athafnir eða athafnaleysi starfsmanna stjórnarsýslunnar geti ekki leitt af sér slík yfirráð nema heimild í almennum lögum hafi verið fyrir hendi.

Því álitaefni hafi verið hreyft, að hafi beinn eignarréttur ekki verið að öllu landi innan merkja skv. landamerkjabréfi, er það var ritað eftir landamerkjalögin 1882, þá hafi þessi beini eignarréttur orðið til síðar fyrir hefð, vegna óslitins eignarhalds.

Talið hafi verið að hefðarréttur hafi ekki verið í okkar fornlögum, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðarréttar stofnaðist til slíkra landsvæða. Í þessu sambandi megi benda á Jónsbók Llb. 52, „Ef menn vitu eigi, hvárt eru almenningar eða afréttir.“ Þar segi: „Svá skulu almenningar vera, sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra.“

Fyrstu lögin um hefð séu í Norsku lögum frá 1687, V. bók 5. kap. Í 7. gr. laganna segi svo:

Enginn á að fá eignardóm að nokkurri fasteign, nema hann leiði lögfulla sönnun að heimild sinni, með erfðum, kaupum, eignaskiptum, gjöf eða 20 ára hefð, án þess að átalið hafi verið og að hann hafi þannig öðlast hana ákærulaust af öllum er kynnu að hafa haft einhverjar athugasemdir við það.

Þegar þessi lög hafi verið sett hafi lagaákvæði Jónsbókar um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið enn verið í gildi og þessi hefðarlög hafi ekki afnumið Jónsbókarákvæðið, þess sé að minnsta kosti ekki getið. Einnig sé talið að orðið fasteign beri að túlka á þann veg að merki eignarjörð með byggingum eða bara byggingu eða hús. Lögin taki því ekki til afrétta eða almenninga og því enn óheimilt að hefða slík landsvæði.

Næstu lög um hefð séu nr. 46 frá 1905. Í 1. gr. þeirra segi að hefð megi vinna á hverjum hlut,

jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstakra manna, án tillits til þess hvort hann hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign. Þessi lög staðfesti enn gildandi rétt til að hefða fasteignir sem undirorpnar séu beinum eignarrétti en skv. gagnályktun sé ekki heimilt að hefða eign sem ekki geti verið eign einstakra manna eins og grunnréttinn að afréttum og almenningum, sem nú heiti þjóðlendur. Segja megi að þessi skoðun komi fram í Landmannaafréttardóminum síðari. Þar sé því slegið föstu að afréttarlandsvæði sé einskis manns eign og af því leiði að slík landsvæði geti ekki verið eign í skilningi hefðarlaga. Í nógildandi lögum um þjóðlendur sé þessi regla lögfest í niðurlagsákvæði 3. greinar en þar segir: „Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.“

Rétt sé að vekja athygli á að skilyrði fyrir hefðarhaldi sé óslitið eignarhald sem hafi verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi, sem nú gæti heitið þjóðlenda, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1581 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheidar). Í þessum dómum sé ekki tekið á því hvort hægt sé að hefða grunneignarrétt afréttarlands. Sleppt sé að fjalla um það þar sem efnisskilyrði skorti.

7.2. Fjalljarðirnar Ásólfstaðir og Skriðufell

Landamerkjabréf Ásólfstaða sé frá 1. mars 1890. Árið 1962 hafi jörðinni verið afsalað til Skógræktar ríkisins að undanskildum byggingum, túnnum, nánar tilgreindum landspildum og öllu landi ofan afréttargirðingar sem Flóa- og Skeiðamenn hafi haft til beitar. Árið 1965 hafi umræddu beitarlandi verið afsalað til Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðamanna.

Landamerkjabréf Skriðufells sé frá 1. mars 1890. Árið 1938 hafi jörðinni verið afsalað til Skógræktar ríkisins. Sama ár hafi Skógrækt ríkisins selt og afsalað Flóa- og Skeiðamönnum öll lönd Skriðufells fyrir ofan og vestan afréttargirðinguna í stað afréttarlanda Flóa og Skeiðamanna í Þjórsárdal.

Af hálfu íslenska ríkisins sé þess krafist fyrir hönd Skógræktar ríkisins að viðurkenndur verði beinn eignarréttur hennar að því landi Ásólfstaða sunnan afréttargirðingarinnar sem afsalað hafi verið til Skógræktarinnar árið 1962 og öllu landi Skriðufells sunnan afréttargirðingar.

Kröfulína íslenska ríkisins í Gnúpverjahreppi fylgi eftir landamerkjum allra fjalljarðanna í hreppnum nema jarðanna Skriðufells og Ásólfstaða. Línan sé dregin í gegnum Skriðufell og Ásólfstaði eftir mati á því hvar skil heimalands og útlendis séu en þar sé einmitt afréttargirðingin. Landamerki annarra jarða en Ásólfstaða og Skriðufells séu óumdeild og samþykkt vegna aðliggjandi jarða og upprekstrarfélags. Jarðirnar Ásólfstaðir og Skriðufell hafi hins vegar verið með ósamþykkt landamerkjabréf þar sem merkin hafi verið dregin langt inn til öræfa. Kröfulína ríkisins sé nálægt þeirri 400 metra hæðarlínu sem talin sé eiga við á umræddu svæði miðað við aðstæður á hálendisbrún. Því til stuðnings sé vísað til fyrri umfjöllunar um dómafordæmi Hæstaréttar þar sem miðað sé við staðhætti, víðáttu og gróðurfar.

Við munnlegan málflutning var á það bent að í ritgerð Bjarna Jónssonar frá Vogu, Afréttir og almenningar, sé fjallað um fjalllendi Skriðufells. Þar sé vísað til rits Þorvaldar Thoroddsen, Lýsing Íslands III, þar sem segi að almenningar hafi verið í skógum fyrir norðan Skriðufell. Þá segi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 að nú sé almenningaafréttur á svæðinu milli Þjórsár og Fossár og vestur frá Fossá að Stóru-Laxá og sé engin önnur brúkun á þessum löndum. Sé þarna m.a. verið að fjalla um fjalllendi Skriðufells og neðri hluta Flóa- og Skeiðamannaafréttar í Þjórsárdal og við Stóru-Laxá. Framangreindar heimildir bendi til þess að einkaeignarréttur að landi hafi verið fallinn niður á þessu svæði sem hafi verið numið í öndverðu.

Einnig kom fram að af hálfu ríkisins væri ekki fallist á þá skoðun að í þeim tilvikum er lönd

jarða hafi verið lögð til afrehtar leiki enginn vafi á um að viðkomandi afrehtarland sé undirorpið beinum eignarrétti. Kanna verði hvort slíkt afrehtarland hafi verið undirorpið beinum eignarrétti við framsal þess og hvort grunneignarrétturinn, hafi hann verið til staðar, hafi verið framseldur eða einungis beitarrétturinn. Ekki sé unnt að byggja á H 1971 1137 (Reyðarvatn II) sem fordæmi hvað þetta atriði varði.

7.3. Landgræðslusvæðið í Þjórsárdal

Landsvæðið austan Skriðufells og að Fossá hafi Skógrækt ríkisins fengið í makaskiptum fyrir fjalllendi Skriðufells. Það hafi áður verið nýtt sem afrehtar. Landið þar fyrir austan, allt að hinum gamla farvegi Þjórsár og norður að núverandi Gnúpverjaafrethti sé talið þjóðlenda en þar eigi Landsvirkjun umtalsverð eignarréttindi önnur en grunnrétt að landi.

Samkvæmt makaskiptaafsali sé ekki ljóst hvort því hafi einnig verið ætlað að taka til svæðisins í kringum Sandártungu en á það megi benda að einungis íslenska ríkið fyrir hönd Skógræktar ríkisins geri tilkall til þess landsvæðis.

Óvist sé hvernig hreppar í Flóa og á Skeiðum eignuðust umrætt landsvæði. Samkvæmt orðalagi makaskiptaafsalsins sé ótvírætt að um var að ræða sölu á afrehtarlandi. Meginreglan sé sú að kaupandi öðlist ekki meiri rétt en seljandi átti. Ljóst sé hins vegar að hægt sé að selja óbein eignarréttindi án þess að grunneignarréttur að landi fylgi með. Orð og efni afsala ráði miklu þegar skera þurfi úr um hvort land, sem gengið hafi kaupum og sölum, sé undirorpið beinum eignarrétti eða ekki, sbr. H 1969 510 (Nýjabæjarafrehtar), H 1971 1137 (Reyðarvatn II), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1162 og H 1997 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar). Dómar þessir, einkum dómarnir um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði, séu fordæmisgefandi að því er varði afrehtarlandið sem Skógrækt ríkisins hafi eignast í Þjórsárdal í makaskiptum við Flóa- og Skeiðamenn.

Heimildir um almenningsskóga á þessu landsvæði séu því einnig til stuðnings að landið sé ekki undirorpið beinum eignarrétti.

Heimildir um byggð í Þjórsárdal bendi til þess að landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og raunar sé það ágreiningslaust en jafnframt sé ljóst að þar hafi beinn eignarréttur fallið niður eftir að viðkomandi jarðir féllu úr byggð og urðu eigendalausar. Þetta eigi einnig við um býlið Sandártungu sem farið hafi í eyði 1693. Með nýbýlatilskipun konungs 1796 hafi verið lögfest að eigendalaus eyðibýli væru almenningur. Engar heimildir séu til um að framsal jarðarinnar til Flóa og Skeiðamanna. Svo virðist því að beinum eignarrétti að Sandártungu hafi ekki verið haldið við og verði því að álíta að hann sé niður fallinn.

7.4. Búrfell og Skeljafell - Virkjanasvæði Landsvirkjunar

Umrætt landsvæði hafi Einar Benediktsson keypt af Gnúpverjahreppi en hreppurinn hafi áskilið sér rétt til upprekstrar og afrehtarotkunar á hinni seldu spildu endurgjaldslaut svo lengi sem það bryti ekki í bága við starfrækslu kaupanda eða þeirra sem hann framseldi rétt sinn að landinu til. Einar Benediktsson hafi afsalað þessum rétti sínum til Titan 1917 og Titans til íslenska ríkisins 1951. Svo virðist sem Einar Benediktsson og Gnúpverjar hafi litið svo á að um sölu á eignarlandi væri að ræða þar sem réttur til afrehtarnota hafi verið undanskilinn sölunni. Í síðari afsalsgerningum sé það ekki skilgreint hvort verið var að afsala beinum eignarrétti eða ekki.

Af hálfu íslenska ríkisins sé litið svo á að umrætt landsvæði hafi ekki verið fullkomið eignarland Gnúpverja og því hafi þeir ekki haft heimild til að selja Einari Benediktssyni grunneignarréttinn að landinu. Ljóst sé að landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu en byggð lagst af vegna goss í Heklu 1104 og sennilega alfarið í Heklueldum á 17. öld þegar Sandártunga hafi lagst í eyði.

Af hálfu íslenska ríkisins sé ekki fallist á það sjónarmið að hafi stofnast til beins eignarréttar að landi geti síðari eigandi ekki staðið uppi með óbein eignarréttindi ein svo sem beitarrétt Í þessu

sambandi sé bent á dóm Lyfr. 21. júlí 1873 (Vilborgarkot) og H 1994 2227 (Geitland). Ljóst sé að beinn eignarréttur að landi hafi fallið niður í Þjórsárdal þegar byggð lagðist þar í eyði.

Vísað sé til skrifna Bjarna Jónssonar frá Vogu um almenning í Þjórsárdal, m.a. almenningsskóga. Einnig sé vísað til þess að í Jarðabók Árna og Páls komi fram að á svæðinu milli Þjórsár og Fossár sé almenningafréttur. Þá sé vísað til heimilda um að Búrfellsskógur hafi verið almenningur sem öllum hafi verið frjálst að nýta sér og að Búrfell hafi verið sameiginlegt beitarnland Gnúpverja.

7.5. Gnúpverjafréttur

Engar heimildir séu til um nám þess lands sem nú teljist innan landamerkjálýsingar afréttar Gnúpverja. Þvert á móti séu landnámsheimildir mjög glöggar og ljóst að allur afrétturinn sé utan þess lands sem numið var. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi byggðarmegin sé í samræmi við landnámsmörk.

Á það sé bent að landamerkjabréf sé fyrst og fremst afmörkun yfirráðasvæðis og geri íslenska ríkið ekki athugasemdir við mörk afréttarins. Þá sé þinglýsing ekki sönnun fyrir öðrum rétti en þeim, sem þinglýst var og í umræddu tilfelli sé það yfirráðaréttur yfir afréttarlandsvæði.

Að því er varði það álítaefni hvort mótmælalaus móttaka og þinglýsing landamerkjabréfa geti falið í sér samþykki af hálfu ríkisins á landamerkjálýsingu jarða sé því til að svara að af Landmannaafréttardómi síðari megi ráða þá reglu að löggjafinn einn sé bær til að ráðstafa réttindum á landsvæðum utan eignarlanda. Af því leiði að athafnir eða athafnarleysi starfsmanna stjórnáslunnar geti ekki leitt af sér slík yfirráð nema heimild í almennum lögum hafi verið fyrir hendi.

Gagnaðili íslenska ríkisins vitni máli sínu til stuðnings til fjölmarga samninga sem gerðir hafi verið í upphafi aldarinnar um kaup á landi og fossum á Gnúpverjafrétti. Í fyrsta lagi sé um að ræða kaupsamning Einars Benediktssonar og nokkurra jarðeigenda í Gnúpverjahreppi um vatns- og vatnsaflsréttindi í Þjórsá árið 1917 svo og kaupsamninga Einars og Gnúpverjahrepps um fossa í Þjórsá árið 1914 og um fjöllin Búrfell og Skeljafell árið 1916. Þá sé vísað til afsals Einars Benediktssonar til Titans a/s 1917 og afsals þess til íslenska ríkisins 1952.

Nauðsynlegt sé að skoða þessa samninga í réttarsögulegu samhengi og í ljósi þeirrar umræðu sem átt hafi sér stað hér á landi í byrjun 20. aldarinnar um rétt ríkisins til landa utan eignarlanda lögbýla. Hafi þessi umræða átt sér stað vegna framlagningar frumvarps til vatnalaga. Sé vísað til niðurstöðu Bjarna Jónssonar frá Vogu í álitu til fossanefndar Alþingis, „Almenningar og afréttir“ og athugasemda með 2. gr. frumvarps til vatnalaga sem varð að lögum nr. 15/1923. Þar komi fram að ekki hafi þótt heppilegt að ákveða að ríkið ætti vatnsréttindi í afréttum og almenningum ef dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að lendur þessar eða sumar þeirra væru ekki ríkiseign heldur eign einstakra manna eða héraða.

Fyrirnefndir kaupsamningar um vatnsréttindi og fleira á Gnúpverjafrétti hafi verið gerðir áður en um þessi mál hafi verið fjallað á Alþingi og áður en vatnalögin voru sett en með þeim hafi verið ákveðið að vatnsréttindi fylgdu eignarrétti að landi. Af hálfu íslenska ríkisins sé því haldið fram að gjörningar þessir hefðu ekki verið gerðir án þátttöku ríkisins eftir lögtöku vatnalaga. Einnig megi benda á að kaup íslenska ríkisins á réttindum Titans a/s hafi átt sér stað árið 1952 en dómur Hæstaréttar í fyrra málinu um Landmannaafrétt hafi ekki fallið fyrr en 1955 en þar hafi eignarréttarkröfu afréttareigenda að afréttinum verið hafnað. Þannig sé ljóst að fyrrgreindir löggjarningar hafi allir verið gerðir þegar alger réttaróvissa ríkti um eignarhald að afréttum og almenningum.

Að því er varði samninga um vikurnám á afréttinum megi á það benda að einungis einn þeirra hafi verið gerður með þátttöku ríkisins. Í þeim samningi séu íslenska ríkinu tryggð 70% af efnistökgjaldi. Samningurinn sé um efnistöku í eignarlandi Gnúpverjahrepps og svo í ríkislandi. Hafi ríkið með þessum samningi viðurkennt beinan eignarrétt Gnúpverjahrepps að þjóðlendu sé sú viðurkenning ekki bindandi svo sem rökstutt hafi verið fyrr, þar sem einungis hafi verið talið heimilt að ráðstafa slíku landi með löggjöf fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Vísað sé til H 1969 510 (Nýja-

bæjarafreittur) í þessu sambandi en þar segi að yfirlýsingar í afsöllum fyrir eða síðar, sem eigi styðjist við önnur gögn, nægi ekki til að dæma öðrum hvorum aðilanum eignarrétt að öræfalandsvæði því sem um var fjallað. Aðrir samningar, sem vísað sé til, séu einungis til vitnis um hverjum augum afréttareigendur hafi litið afréttarlandið en ekki sönnun um það hver eigi það.

Af hálfu íslenska ríkisins sé á það bent að líklegt sé að fyrir lögtöku Jónsbókar hafi einstaklingum verið heimilt að setjast að í sameiginlegu landi og ryðja það til ræktunar. Við það hafi stofnast til eignarréttar að landi. Þegar búseta og afnot af landinu hafi lagst af sé talið að eignarréttur þessi hafi fallið niður. Ekki sé ólíklegt að eftir lögtöku Jónsbókar hafi í einhverjum mæli gætt slíkrar óheimillar töku lands sem hafi verið liðin.

Nokkrir fræðimenn hafi litið svo á að eignarréttindi að landi væru óbreytanleg. Hafi stofnast til beins eignarréttar að landi geti síðari eigandi ekki staðið uppi með einungis óbein eignarréttindi svo sem beitarrétt. Af hálfu íslenska ríkisins sé öndverðri skoðun haldið fram.

Talið sé að Þjórsárdalur hafi allur verið numinn og hafi þar verið mikil byggð en dalurinn hafi lagst í eyði í Heklugosi 1104. Eftir það séu ýmsar jarðir og kirkjustaðir taldir eiga skóga í dalnum. Þessi réttindi hafi líklega í upphafi einungis verið ítök í skógum jarða í dalnum því í Grágás og Jónsbók sé ekki gert ráð fyrir öðrum almenningstrétti til viðar en til reka. Þjórsárdalur sé gott dæmi um landsvæði þar sem beinn eignarréttur hafi fallið niður og eftir standi einungis ítök sem aðrir hafi átt í jörðunum.

Með dómi Lyfr. 21. júlí 1873 (Vilborgarkot) hafi ekki verið fallist á það sjónarmið að allt eigendalaust land væri konungseign heldur hafi niðurstaðan verið sú að það væri almenningur. Í þessu sambandi sé einnig vísað til H 1994 2227 (Geitland).

Afréttareigendur hafi ekki fært fram gögn því til stuðnings að eyðijarðir, sem verið hafi í byggð á 12. og 13. öld þar sem nú sé afréttur, hafi verið undirorpnað beinum eignarrétti og því síður hafi verið lögð fram gögn um hvernig beinn eignarréttur að jörðum þessum hafi yfirferst til afréttarhafa. Í þessu sambandi megi benda á Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem fjallað sé um átta eyðijarðir sem liggi austan frá Þjórsá með fjöllum fyrir ofan Gnúpverjahrepp (Eystri-Hrepp). Þær séu sagðar eyðilagðar fyrir allra manna minni sem nú lifi og feðra þeirra. Enn fremur að öll þessi lönd séu nú almenningafréttur milli Þjórsár og Fossár, Eystri-Hrepps og vestur frá Fossá að Stóru-Laxá Flóamanna og Skeiða og sé engin önnur brúkun á þessum löndum.

Af hálfu íslenska ríkisins sé á það bent að af tilteknum nytjum megi greina hvernig eignarhald að landi sé. Land sem nytjað sé til beitar og smalað að frumkvæði fjallskilastjórnar sé að meginreglu þjóðlenda. Land sem nytjað sé til búrekstrar með byggingum og öðrum mannvirkjum sé hins vegar eignarland. Afréttur Gnúpverja sé í flokki þess fyrrnefnda, þ.e. þjóðlenda. Af svæðinu hafi einungis verið beitarnot og skóga.

Af hálfu íslenska ríkisins sé talið að sá sem haldi því fram að tiltekið land sé eignarland beri sönnunarbyrðina fyrir því. Það land, sem ekki tekst að sanna að sé undirorpið beinum eignarrétti, sé þá þjóðlenda. Þessa reglu megi leiða af almennum reglum um sönnunarfærslu.

Við skoðun heimilda um umráð og nýtingu og önnur atriði sem máli skipti sé alveg ljóst að afréttur Gnúpverja sé sams konar landsvæði og Landmannaafreittur. Um hann hafi Hæstiréttur sagt: „Ekki hafa verið leiddar sönnur að því að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar.“

Á öllum tímum Íslandssögunnar hafi jarðir og afréttir haft ákveðin staðamörk enda hafi í upphafi orðið að afmarka numið land og land sem tekið hafi verið afnotatöku. Beinast liggi við að ætla að landsvæðið norðan Gnúpverjahrepps að austan allt að jökli hafi verið almenningur enda um fjarlægt og torsótt landsvæði að ræða. Minjar um forna byggð styðji þetta því öllum hafi verið heimilt að byggja sel í almenningum en ekki í afréttum. Engar heimildir séu til um að land þetta

hafi verið numið í öndverðu. Hafi svo hins vegar verið en engar heimildir séu til um það hvort og þá hvernig eignarréttur að viðkomandi jörðum var framseldur hafi verið litið svo á að slíkt land væri almenningur.

Með ofangreindri umfjöllun sé búið að hrekja tilkall Gnúpverjahrepps um beinan eignarrétt að afréttarlandi hreppsins og verulegur vafi sé á því hvort hreppurinn eigi nokkurt tilkall til landsvæðis þessa þar sem um almenning virðist vera að ræða. Samkvæmt Jónsbók hafi verið óheimilt að stofna til afrétta í almenningum.

8. SJÓNARMÍÐ JARÐEIGENDA O.FL.

8.1. Meginsjónarmið

Í greinargerð jarðeigenda o.fl. segir að með þjóðlendulögum sé í fyrsta skipti hér á landi ætlað að taka til heildarúrlausnar álitamál varðandi eignarrétt að afréttum og almenningum og lýsa þau svæði eign ríkisins sem falli utan eignarlanda. Um þessi hugtök hafi ríkt talsverð óvissa í fræðum og framkvæmd en megin sjónarmið um tilbrigði eignarréttar að landi fjarri byggð séu að mestu óumdeild. Úrlausn þessa ráðist af þeim eignarheimildum sem liggi til grundvallar eignarrétti í einstökum tilvikum. Hafa verði í huga framangreinda sérstöðu laganna þegar rætt sé um lagaleg sjónarmið að eignarrétti að þeim landsvæðum sem hér eigi í hlut og þá ekki síst fordæmisgildi einstakra dóma sem vísað hafi verið í og taldir séu rýra málstað þeirra sem telji til eignarréttinda á landi fjarri byggð. Í dómsmálum þessum hafi verið tekið á ágreiningi í einstökum málum með þeim sérsjónarmiðum þar sem þar kunni að hafa átt við en eigi ekki á sama hátt við heildarendurskoðun á eignarrétti yfir landi eins og tilgangur þjóðlendulaga beri með sér. Beri því að vara við því að draga of víðtækar ályktanir af dómum Hæstaréttar í einstökum málum, sérstaklega refsímálum þar sem gæti sérsjónarmiða, m.a. um sönnun. Auk þess verði gildi dóma Hæstaréttar að ráðast af því hvort niðurstaðan í einstökum dómum byggist á traustri athugun og röksemdafærslu og hvort allar kröfur, sem máli skipti, hafi verið hafðar uppi í málinu. Þá veiki það mjög fordæmisgildi flestra dóma sem gengið hafi að ekki hafi verið tekið tillit til þess með hvaða hætti mannréttindasáttmáli Evrópu verndi eignarréttinn með sjálfstæðum hætti.

Bent sé á að eignarrétturinn sé varinn af íslensku stjórnarskránni. Við túlkun á eignarréttarákvæði hennar beri ekki eingöngu að taka mið af hefðbundnum lögskýringarsjónarmiðum að landsrétti heldur verði í einstaka tilvikum að skýra ákvæðið í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu. Handhöfum ríkisvalds beri að taka tillit til ákvæða sáttmálans við beitingu valds síns. Aðildarríkin séu skuldbundin til að hlíta dómum, Mannréttindadómstóls Evrópu og hafi því dómur hans þýðingu fyrir úrlausn mála á innlendum vettvangi sem varði þau réttindi sem sáttmálinn taki til.

Ákvæði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu tryggi friðhelgi eignarréttarins. Um eignarrétt geti verið að ræða í skilningi þessa ákvæðis þótt ekki hafi verið litið svo á af dómstólum viðkomandi ríkis. Í dómum Mannréttindadómstólsins hafi úrlausn um það hvort um eign sé að ræða í skilningi eignarréttarákvæðisins ráðist af því hvort rétt sé að líta svo á, miðað við öll atvik málsins, að viðkomandi hafi haft hagsmuna að gæta sem njóti verndar ákvæðisins. Verði þar að líta bæði til staðreynda og lagalegra atriða. Enginn vafi sé á að hér mundi skipta miklu máli hvernig farið hafi verið með verðmæti í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Einnig skipti máli afskipti og afskiptaleysi þeirra sem með ríkisvald hafa farið.

Jafnframt sé bent á þýðingu jafnræðisreglunnar í máli þessu. Í fyrsta lagi sé gerð krafa um samkvæmni í kröfugerð íslenska ríkisins. Viðurkenni ríkið eignarland í einu máli verði það sama að gilda um sams konar land í öðru máli. Krafan um samkvæmni í kröfugerð íslenska ríkisins byggist á því að ekkert land verði úrskurðað þjóðlenda nema krafa sé um það gerð, sbr. athugasemdir í

greinargerð með 11. gr. þjóðlendlaga. Í öðru lagi hafi jafnræðisreglan þýðingu í þjóðlendumálum á þann veg að sambærileg mál verði að hljóta sömu úrlausn.

Í beinum eignarrétti felist heimild til að ráðstafa líkamlegum munum eins og fasteignum með þeim takmörkunum sem leiði af lögum og takmörkuðum eignarréttindum annarra. Eigandi verði að hafa ákveðin yferráð yfir fasteigninni og þau geti verið raunveruleg og réttarleg. Eigendur þeirra fjallajarða, sem um ræði í máli þessu, eigendur jarða í hreppnum og Gnúpverjahreppur hafi bæði haft raunveruleg og réttarleg yferráð yfir þeim fasteignum sem um sé deilt í máli þessu.

Jarðeigendur í hreppnum og e.t.v. Gnúpverjahreppur telji til eignarréttar yfir Gnúpverjafrétti, en hann ráðist af landamerkjum sem grein sé gerð fyrir í kröfulýsingu. Jafnframt telji eigendur þeirra fjallajarða sem um ræði í máli þessu, til eignarréttar yfir jörðum sínum en þær ráðist af landamerkjum sem einnig sé gerð grein fyrir í kröfulýsingu. Grundvallarreglan sé sú að sá sem telji til eignarréttinda yfir landi verði að byggja rétt sinn á eignarheimild. Þær eignarheimildir sem hér skipti meginmáli séu samningar, þ. á m. afsalsgerningar, hefð, venjuréttur og nám. Sá sem haldi fram eignarheimild sinni að landsvæði geti stuðst við fleira en eina eignarheimild. Áhersla sé lögð á að við skýringu og mat á gildi tiltekinnar eignarheimildar komi fleiri atriði til greina en eignarheimildin ein út af fyrir sig. Þá sé bent á að ein eignarheimild geti stutt aðra.

Nám sé frumstofnun eignarréttar að landi en sé úr sögunni sem eignarheimild. Ljóst sé að landnámið hafi verið víðfeðmt og að um nám til eignar hafi verið að ræða. Landnámið, sem eignarheimild, styðji þá skoðun að eignarland jarða geti verið víðlent. Engar heimildir séu til fyrir svokölluðu afnotanami eins og gefið sé í skyn í greinargerð ríkisins. Nám geti þó enn haft þýðingu sem stuðningur við aðrar eignarheimildir eða þeim til skýringar. Sérstaklega komi það til greina um landfræðileg mörk eignarlands. Margt sé þó á huldu um nám sem eignarheimild og hvaða reglur hafi gilt um það.

Hefð sé eignarheimild að íslenskum rétti og felist í umráðum sem varað hafi vissan tíma og sem verði að uppfylla tiltekin skilyrði. Hér komi til athugunar hverja þýðingu hefð hafi sem eignarheimild fyrir eignarréttindum að landi fjarri byggð. Af hefðarlögunum sjálfum og dómum Hæstaréttar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómurinn fyrri) sé ljóst að eignarhefð verði unnin á landi í afréttareign sé skilyrðum hefðar á annað borð fullnægt. Þá verði einnig stofnað til takmarkaðra eignarréttinda yfir landi í afréttareign með afnotahefð.

Venjuréttur sé skyldur hefð en þurfi ekki að uppfylla hin sérstöku skilyrði hefðar. Litill gaumur hafi verið gefinn að venjurétti sem grundvelli eignarheimilda. Gildi eignarheimilda geti byggst á venjurétti. Fyrst megi nefna að þegar ákvæði samninga, þar á meðal afsalsgerninga, hafa verið lögð til grundvallar í lögskiptum um langan tíma mótist venjuréttur. Með landamerkjalögum, nr. 6/1882 og 41/1919, hafi verið lögskipað að landeigendur skyldu gera merki um lönd sín, halda merkjum við og gera landamerkjaskrá fyrir hverja jörð. Tilgangur laganna hafi verið að koma fastri og áreiðanlegri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll. Til landamerkjabréfa hafi verið stofnað í upphafi sem ótvíræðra gagna um eignarréttindi og síðan hafi verið byggt á þeim í lögskiptum sem fullgildum og áreiðanlegum gögnum um eignarlönd og mörk þeirra. Þetta leiði ótvírætt til venjuréttar um það að landamerkjabréf séu almennt fullgildar heimildir um eignarlönd og merki þeirra. Staðhæfingum í greinargerð fjármálaráðuneytis í aðra átt sé afdráttarlaust mótmælt. Land margra jarða sé víðáttumikið, sérstaklega þeirra jarða, sem liggja að heiðum og fjalllendi. Venjuréttur geti einnig stutt kröfur um viðurkenningu víðlendra heimalanda jarða.

Með hliðsjón af framangreindum eignarheimildum í íslenskum rétti verði nú færð rök fyrir eignarréttindum jarðeigenda í Gnúpverjahreppi og e.t.v. hreppsins sjálfs að Gnúpverjafrétti, svo og eignarréttindum þinglýstra eigenda að jörðunum Fossnesi, Hamarsheiði I og II, Laxárdal I og II, Minni-Mástungu og Skáldabúðum.

8.2. Rök er varða aðild málsins

Allar jarðir hreppsins séu aðilar að málinu þar sem gengið sé út frá því að Gnúpverjaafréttur sé fullkomið eignarland sem sé í sameign jarðanna, a.m.k. flestra. Um það hvort einstakar jarðir eigi réttindi, hvers eðlis eða hvar á afréttinum réttindin séu, sé mál sem ekki sé til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd nema hún telji að ekki sé um fullkomið eignarland að ræða. Telji nefndin að ekki sé um fullkomið eignarland að ræða falli allar kröfur um bein og óbein eignarréttindi einstakra jarða undir gerðar ítrustu kröfur. Í þessu sambandi sé kröfum Landsvirkjunar um veiðirétt í uppistöðulónum alfarið mótmælt, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps sé aðili þar sem ekki sé útilokað að stofnast hafi bein eða óbein eignarréttindi sem hreppurinn eigi sérstaklega. Þá hafi hreppurinn verið í fyrirvari landeigenda vegna afréttarins, t.d. vegna ýmissa lögskipta sem snerti afréttinn og þinglýsingu landamerkja.

8.3. Rök fyrir fullkomnu eignarlandi

8.3.1. Landamerkjalyfing

Á manntalsþingi að Stóranúpi 2. júní 1890 hafi hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, fyrir hönd eigenda jarða í hreppnum, lýst landamerkjum Gnúpverjaafréttar. Hafi þetta verið gert í tilefni af landamerkjälögum nr. 5/1882, sem kveðið hafi á um skyldu landeigenda til þess að lýsa merkjum landareigna sinna hvort sem um væri að ræða heimalönd, afrétti eða óbyggðar lendur. Hafi merkjum þá verið lýst í samræmi við það sem verið hafði og séu þau glögg og nákvæm og hafi sátt ríkt um þau alla tíð bæði hvað varði aðliggjandi afrétti og lönd einstakra aðliggjandi jarða. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af sýslumanni við þinglýsinguna eða eftir gildistöku laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl., eða öðrum hvað snerti landamerkin eða eignarráðin. Þurfi því eigendur afréttarins ekki að þola það síðar að eignarréttur þeirra á afréttinum verði skertur með einhverjum hætti enda hafi tilgangur laganna verið sá að koma fastri og áreiðanlegri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll.

Ríkið hafi hingað til ekki séð tilefni til athugasemda við þinglýst landamerki þrátt fyrir skýr ákvæði landamerkjälaga um frumkvæði og eftirlit af þess hálfu í þessum efnum, sbr. landamerkjälög nr. 19/1919, sbr. áréttingu í lögum nr. 92/1991, um breytingu á landamerkjälögum. Þessi afstaða renni frekari stoðum undir eignarrétt jarðeigenda og fleiri bæði fyrir hefð og venjurétt.

Landamerkjaskrárnar séu skilríki sem landeigendur hafi fengið fyrir eignum sínum. Lögin hafi verið sett til að ákvarða mörk eignarlanda hvort sem þau voru afréttur eða ekki. Landamerkjaskráin sé eignarheimild og byggji jarðeigendur og fleiri eignarréttarkröfur sínar beint á henni en einnig sé hún öflugur stuðningur við aðrar eignarheimildir, sérstaklega eignarhefðina. Hvaða skoðanir sem menn kunni að hafa á því hvernig eignarhaldi á afréttinum hafi verið háttáð fyrir gerð landamerkjaskrárinnar 1890 sé víst að ef breyting hafi þá orðið á réttarskipaninni verði henni ekki vikið til hliðar eftir svo langan tíma. Réttarskipan þessi hafi fest sig í sessi og reyndar sé hún í samræmi við það eignarhald sem verið hafi á afréttinum þegar landamerkjälögin voru sett.

Það sé ríkjandi réttarskoðun jarðareigenda í Gnúpverjahreppi og viðsemjenda þeirra, bæði opinberra aðila og einstaklinga, að afrétturinn sé fullkomið eignarland jarðeigenda í Gnúpverjahreppi. Þetta megi greina í öllum samningum sem gerðir hafi verið um afréttinn eða hluta hans. Ríkjandi réttarskoðun sé ein af þeim lögsmætum rökum sem líta megi til þegar meta eigi hvernig eignarrétti sé háttáð að landi.

8.3.2. Afsalsgerningar

Fjölmargir samningar hafi verið gerðir í upphafi aldarinnar um kaup á landi og fossum í eigu Gnúpverja á Gnúpverjaafrétti. Séu sumir samningarnir um lönd og réttindi langt inni á afréttinum. Dæmi um samninga séu kaup Einars Benediktssonar á vatnsréttindum Ásólfstaða og Fossness. Einnig kaup Einars á Skeljafelli og Búrfelli sem nú sé hluti virkjanasvæðis Landsvirkjunar. Kaupsamningurinn sé frá 1918 en samkvæmt honum séu skógarnytjar, réttur til uppreksturs og afréttarnotkun

undanskilin sölonni. Sé því ljóst að með kaupsamningnum hafi hreppurinn samkvæmt umboði frá landeigendum verið að selja eignarland. Þessi réttindi hafi Einar síðan selt Titanfélaginu og hafi það gert fjölmarga svipaða samninga á þessum árum. Megi þar nefna að félagið hafi keypt marga fossa á afréttinum ásamt landsvæði í kring, m.a. Gljúfurleitarfoss og Geldingaárfoss, sem séu mjög ofarlega á vatnasvæði Þjórsár, Tröllkonufoss og Þjófafoss í Þjórsá, Hávafoss og Hjálparfoss í Fossá. Titanfélagið hafi síðan afsalað íslenska ríkinu öllum réttindum sínum með kaupsamningi frá 8. júní 1951. Af lestri kaupsamningsins megi sjá hversu marga samninga félagið gerði á þessum tíma og áður nefnd dæmi séu aðeins brot af þeim. Með því að ríkið sjálf hafi orðið aðili að kaupsamningum um lönd innan afréttarins feli það í sér viðurkenningu þess að um eignarlönd sé að ræða.

Af þessum gerningum megi sjá að litið hafi verið á Gnúpverjaafrétt sem fullkomið eignarland enda um einkaréttarlega samninga að ræða. Ef litið hefði verið á afréttinn þannig að aðeins hefði verið um takmarkaðar nýtingarheimildir að ræða þá hefði ekki verið grundvöllur fyrir slíkum samningum og eigendur afréttarins ekki með heimild til að standa að löggerningum sem þessum. Með sama hætti hafi ríkisvaldið litið á þetta land sem fullkomið eignarland enda hafi það engar athugasemdir gert við aðildina þegar það keypti öll eignarréttindin af Titanfélaginu. Af framsögðu megi sjá að margar eignarheimildir séu til fyrir svæðum innan afréttarins. Séu þetta þinglýstar eignarheimildir og frá þeim gengið eins og tíðkast hafi um gerða samninga um eignarlönd.

Ríkið verði að sæta sjónarmiðum um hefð, venjurétt og almennum reglum um áhrif og þýðingu aðgerðarleysis. Lögð sé áhersla á að afsalsgerningar marki tvímælalaust grundvöll eignarréttar fyrir hefð og uppfylli grundvallarskilyrði hefðar, þ.e. umráða.

8.3.3. Eyðijarðir

Til séu heimildir um margar jarðir innan marka Gnúpverjaafréttar sem verið hafi í byggð milli 1100-1300, en lagst í eyði vegna vikurfalls frá Heklu. Umræddar jarðir, þ.e. Skeljastaðir, Steina- staðir, Sámsstaðir og Stöng séu allar innan afréttarmarkanna og sumar langt inni á afréttinum. Ekki séu rök til annars en að telja að þessar jarðir hafi verið fullkomin eignarlönd og sýni það að framan- verður afrétturinn hafi verið byggður og í einkaeign.

Þessu til stuðnings megi vísa í greinargerð vegna Flóa- og Skeiðamannaafréttar þar sem fjallað sé um að ríkið (Skógrækt ríkisins) hafi talið sig geta haft makaskipti á landi sem það hafi átt langt inn til landsins, t.d. lengra en mörg áður nefnd eyðibýli og á landi sem hafi verið í byggð og eign Flóa- og Skeiðamanna. Ætti því svipað að gilda um sambærileg lönd á sama svæði. Um þetta sé vísað frekar til kröfugerðar Flóa- og Skeiðamanna.

Enga þýðingu hafi fyrir eignarhaldið nú hvert eignarrétturinn fluttist þegar umrædd býli fóru í eyði. Það sem ráði úrslitum sé að landeigendur í Gnúpverjahreppi hafi haft eignarhald á þessu svæði frá ómunatíð. Nýting afréttarins sé eðlilegt framhald á nýtingu eigenda eyðijarðanna enda yfirgnæfandi líkur á því að þeir hafi nýtt landsvæðið sjálfir eftir að þeir fluttust neðar í byggðina eða veitt öðrum heimild til þess.

8.3.4. Nýting

Á afréttinn hafi verið litið og farið með sem fullkomið eignarland. Af gögnum og almennri vitneskju um búskaparhætti megi ljóst vera að frá upphafi hafi afrétturinn m.a. verið nýttur sem beitiland fyrir búfénað og hafi eigendur sjálfir, án aðstoðar, innt af hendi öll lögformleg fjallskil. Þá hafi afrétturinn verið nýttur til skógarhöggs, grasatekju og veiða. Síðar hafi nýtingin á afréttinum orðið fjölbreyttari og hafi hann alltaf verið nýttur eftir því sem tilefni hafi gefið til. Þessu til stuðnings megi nefna dæmi um ýmis lögskipti sem snerti afréttinn, t.d. áður nefnda samninga Einars Benediktssonar og Titanfélagsins við hreppsnefnd Gnúpverjahrepps og síðar ríkisins við Titanfélagið. Þá hafi Gnúpverjahreppur a.m.k. frá 1956 selt vikur úr afréttarlöndum sínum.

Um síðari tíma samninga megi nefna samning hreppsnefndar Gnúpverjahrepps við Vikurvinnsluna hf. frá 22. september 1976. Hafi vikurinn samkvæmt þessum samningi verið tekinn úr afréttin-

um á móts við Reykholt á Flóa- og Skeiðamannaafrétti. Þá hafi hreppsnefndin gert samning við Jarðefnaíðnaðinn hf., Holtahreppi, hinn 27. febrúar 1984 og ríkissjóður og Jarðefnaíðnaðurinn samning sem hafi byggt á hinum fyrrnefnda hinn 15. júní 1987. Hafi samningarnir verið um vikurnámur á „eignarlöndum Gnúpverjahrepps“ sem liggja innan afréttarmarka. Engar athugasemdir hafi verið gerðar fyrir eða síðar af ríkinu eða öðrum aðilum vegna hugsanlegrar vanheimildar til að ráðstafa þessum eignarréttindum. Námulög, nr. 24/1973, geri hins vegar ráð fyrir að ríkið eitt eigi rétt til jarðefna ef land er ekki fullkomið eignarland.

Allir þessir samningar hafi verið gerðir eftir að landamerkjaskrá afréttarins lá fyrir og megi því af því ráða að eigendur afréttarins hafi hlotið að líta á annað land afréttarins sömu augum. Ljóst sé, ekki síst eftir að ríkið sjálf varð aðili að þessum samningum, að landeigendur hafi mátt vænta þess og treysta því að geta gert lögmæta samninga um ráðstöfun á eignarréttindum sínum á afréttinum. Þeir þurfi því ekki að una því að eignarréttur þeirra verði skertur nú með einhverjum hætti. Bent sé á að lögmæt- ar væntingar séu varðar með eignarréttarákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og að skoða verði H 1981 1584 (Landmannaafréttur II) með hliðsjón af dómaframkvæmd Mannaréttindadómstóls Evrópu.

Af þessum samningum megi sjá að lítið hafi verið á Gnúpverjaafrétt sem fullkomið eignarland og hann nýttur eftir því sem tilefni gafst til. Lögð skuli áhersla á að ekki verði gerðar eins strangar kröfur til stofnunar eignarréttar fyrir hefð þegar um sé að ræða land sem tvímælalaust hafi verið eignarrétti háð. Tekin hafi verið dæmi um kaupsamninga um fossa sem liggja mjög langt inn á afréttinum og sýni það og ekkert sem bendi til annars en að landeigendur í Gnúpverjahreppi hafi talið sig rétta aðila til að standa að samningum um eignarréttindi hvar sem var á afréttinum. Engar nýttar eða önnur afskipti hafi verið af hálfu ríkisins eða annarra aðila. Nýting afréttarins renni þannig traustum stöðum undir eignarrétt fyrir venjurétt og hefð.

Bent sé á að lög og reglur um fjallskil taki aðeins á einu tilteknu atriði, þ.e. notkun afrétta sem beiti- og upprekstrarlands og stjórnunar þeirrar nýtingar. Af lögunum sjálfum verði hins vegar lítið ráðið um eignarhald á afréttum eða um réttindi til þeirra, önnur en beitarréttindi. Fara verði mjög varlega í að álykta um eignarráðin út frá afréttarmálefnum. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur) hafi verið stuðst við upplýsingar um fjallskil einfaldlega vegna þess að þeir sem tilkall hafi gert til afréttarins hefðu ekki í neinu sinnt afréttarmálum þar. Annað gildi um Gnúpverjaafrétt en Gnúpverjar hafi smalað allan afrétt sinn sjálfir en með aðstoð Flóa- og Skeiðamanna á nyrsta hluta hans.

Lítið hafi verið á aðliggjandi afrétti, Flóa- og Skeiðamannaafrétt og Hrunamannaafrétt, sem fullkomið eignarland. Rök, sem hnígi að því að telja afrétti þessa fullkomið eignarland, séu því einnig til stuðnings að telja Gnúpverjaafrétt undirorpinn beinum eignarrétti.

8.4. Hefð og venjuréttur

1. gr. hefðarlaga sé í fyrsta lagi ætlað að taka af öll tvímæli um það að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem eðli sínu samkvæmt eru ekki eignarhæf. Í öðru lagi sé henni ætlað að taka af tvímæli um að hefð verði unnin á hlut þótt hann hafi áður verið opinber eign. Tvímælalaust sé að land sé eignarhæft í skilningi hefðarlaga og úr því að hefðarlögin heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun frekar hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti háð. Þá sé ljóst af H 1955 108 (Landmannaafréttur I) að eignarhefð verði unnin á afréttarlandi ef skilyrðum hefðar er á annað borð fullnægt. Þá sé ráð fyrir því gert í þjóðlendlögum.

Helstu þættir eignarhalds og skilyrði hefðar séu virk yferráð eignar, bein hagnýting án löggerninga, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila og krafan um einkaeignarhald, þ.e.a.s. útilokun annarra. Vægi einstakra þátta sé oft mismunandi eftir því um hvers konar eign sé að ræða. Eindregin vísbending eins þáttar um að hefðandi fari fram sem eigandi geti leitt til þess að ekki sé ástæða til að gera eins strangar kröfur til annarra þátta.

Að því er varði skilyrðið um beina hagnýtingu eignar án löggernings skipti máli til hvaða nota verðmæti gefi tilefni til. Þröng not geti nánast verið tæmandi miðað við þá kosti sem til staðar séu og geti þá takmörkuð not talist eignarhald.

Sem dæmi um ráðstafanir að lögum sé makaskiptasamningur Flóa- og Skeiðamanna á fjalllendi neðst á afréttinum, svonefndum Vikrum, og fjallendi Skriðufells, kaupsamningur um fjallendi Ásólfstaða, veðsamningar sem náð hafi til alls lands Ásólfstaða áður en hluti þess var seldur, leiga á landi Skriðufells og Ásólfstaða norðan afréttargirðingar, afsalsgerningar um vatnsréttindi á afréttinum, afsalsgerningar um Búrfell og Skeljafell og svonefndir vikursamningar.

Auk ofangreindra ráðstafana að lögum megi nefna ummæli í greinargerð með hefðarlögum þar sem segi „...að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkvæmt landamerkjalögum 17. mars 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður sem menn höfðu á móti hefðinni.“

Hvað varði skilyrði um viðhorf hefðanda og annarra hafi Gnúpverjar ávallt litið á og farið með afréttinn sem eignarland. Þá hafi viðsemjendur Gnúpverja, m.a. íslenska ríkið, aldrei efast um heimild þeirra til ofangreindra ráðstafana.

Í 6. gr. hefðarlaga, nr. 46/1905, komi fram að eignarhefð geti unnist þrátt fyrir not eða takmörkuð eignarréttindi annarra en hefðanda. H 1955 108 (Landmannaafreittur I) endurspeglir það skilyrði hefðar að eignarhald verði að vera afdráttarlaust ef það eigi að leiða til eignarhefðar. Um eignarhald sé því ekki að ræða ef not og aðrar ráðstafanir ganga ekki lengra en hefðanda sé heimilt samkvæmt réttindum sem séu þrengri en eignarréttur. Í máli þessu hafi aðstaðan verið sú að hefðendur hefðu haft not afréttar sem Hæstiréttur taldi ekki hafa gengið lengra en réttarreglur og venjur um afrétti sögðu til um. Notin hefðu því ekki gefið til kynna að hefðendur hefðu farið fram sem eigendur afréttarlandsins. Not Gnúpverja af afrétti sínum hafi hins vegar náð langt út fyrir það sem venja sé að telja til afréttarmóta einna saman. Megi hér nefna ýmsar heimildir, t.d. dóm kveðinn upp 25. júní 1476 að Skarði á Landi, en dómurinn hafi þýðingu fyrir eignartilkall Gnúpverja að afréttinum, dóm Gísla lögmanns Hákonarsonar um rótagróft frá 30. apríl 1627 og lögfestu frá 1797 en hún sé dæmi um virkar aðfarir til að útiloka aðra en Gnúpverja frá notum af afréttinum. Einnig megi nefna deilur Flóa- og Skeiðamanna annars vegar og Gnúpverja hins vegar um miðja 19. öld um meðferð fjár sem rann af afréttinum niður í búfjárhaga Gnúpverja. Að lokum megi nefna kæruskjal frá 7. nóvember 1857.

Með hliðsjón af ofangreindu sé ljóst að eignarhald Gnúpverja á afrétti sínum fullnægi skilyrðum um afdráttarlaust eignarhald.

Það að byggt hafi verið á landamerkjabréfum í lögskiptum sem fullgildum og áreiðanlegum gögnum um eignarlönd og mörk þeirra leiði til venjuréttar um að landamerkjabréf séu almennt fullgildar heimildir um eignarlönd og merki þeirra. Ekki fari milli mála að skjalfærðar merkjalýsingar jarða hafi öldum saman verið lagðar til grundvallar um merki jarða bæði í lögskiptum einstaklinga sín á milli og í skiptum jarðeigenda við ríkið og aðra opinbera aðila. Eigi það ekki síst við um landamerkjabréf samkvæmt landamerkjalögum frá 1882 og 1919 þann tíma sem liðinn sé frá gildistöku þeirra laga. Hafi einkaaðilar og opinberir aðilar t.d. hvað varðar afréttarmálefni og fasteignamat óvirklegt gengið út frá gildi þessara gagna um sönnun fyrir merkjum.

Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Það samrýmist ekki þessari grundvallarreglu réttarríkisins að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Gildi þessara gagna eigi sér örugga stoð í venjurétti sem byggist á fastmótum viðhorfum og viðskiptavenjum. Bent sé á að gengið sé út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum með 5. gr. þjóðlendulaga.

8.5. Einstakar jarðir

8.5.1. Fossnes, Hamarsheiði I-II, Laxárdalur I-II, Minni-Mástungur, Skáldabúðir og Stóru-Mástungur I-II.

Eigendur ofangreindra jarða hafi öll lögmælt skilríki fyrir jörðum sínum sbr. endurrit úr fasteignabók sýslumannsins í Árnessýslu og hafi jarðirnar gengið kaupum og sölum milli manna, m.a. á uppboðum. Hafi öll lögskipti byggst á landamerkjaskrár jarðanna frá því þeim var þinglýst á mann-

talsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890 vegna jarðanna Fossness, Hamarsheiðar, Minni-Mástungna, Skáldabúða og Stóru-Mástungna en að Gröf 3. júní 1890 vegna jarðarinnar Laxárdals og hafi skrárnar verið samþykktar af eigendum aðliggjandi jarða. Hafi landamerkjaskrár fyrrgreindra jarða verið þinglýst í tilefni af landamerkjalögum, nr. 5/1882, sem kveðið hafi á um skyldu landeigenda til þess að lýsa merkjum landareigna sinna. Hafi merkjum þá verið lýst í samræmi við það sem verið hafði og séu þau glögg og nákvæm og hafi sátt ríkt um þau alla tíð bæði hvað varði aðliggjandi afrétt og lönd einstakra aðliggjandi jarða. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af sýslumanni við þinglýsinguna eða eftir gildistöku laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl., eða öðrum hvað snerti landamerkin eða eignarráðin. Þurfi eigendur framangreindra jarða því ekki að þola það síðar að eignarréttur þeirra að jörðunum verði skertur með einhverjum hætti enda hafi tilgangur laganna verið sá að koma á fastri og áreiðanlegri skipan á þessi mál í eitt skipti fyrir öll. Landamerkjaskrár þær, sem mönnum hafi verið gert að gera samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga, séu eignarheimildir.

Að því er jörðina Laxárdalur I og II varði hafi Skógrækt ríkisins árið 1938 selt hreppsnefndum Flóa- og Skeiða allar heiðar og öll lönd Skriðufells sem legið hafi að afréttinum. Hafi þessi lönd legið mjög innarlega og mun innar en flestar af aðliggjandi jörðum Gnúpverjahrepps og þekkt eyðibýli sem verið hafi innan marka afréttarins. Séu því líkur fyrir að aðrar jarðir hafi einnig verið fullkomin eignarlönd svo og önnur lönd sem liggja á svipuðu svæði. Ríkisvaldið hafi talið sig í skjóli eignarheimilda sinna geta ráðstafað þessu landi. Verði að geta þess að ríkið þurfti að hafa sömu heimildir og hver annar til sölu lands og það að Flóa- og Skeiðamenn hafi látið land neðst í byggð í staðinn bendi til að þeir hafi litið svo á að um fullkomið eignarland hafi verið að ræða.

Ríkið hafi hingað til ekki séð tilefni til athugasemda við þinglýst landamerki þrátt fyrir skýr ákvæði landamerkjalaga um frumkvæði og eftirlit af þess hálfu í þessum efnum, sbr. landamerkjalög, nr. 41/1919, sbr. og áráttingu í lögum nr. 92/1991, um breytingu á landamerkjalögum. Þessi afstaða renni frekari stoðum undir eignarrétt eigenda framangreindra jarða.

8.5.2. Ásólfstaðir og Skriðufell

Af hálfu jarðeigenda o.fl. er bent á að þjóðlendulínu ætti a.m.k. að draga fyrir utan landamerkjalýsingar fjallajarðanna, þ. á m. Ásólfstaða og Skriðufells. Sá hluti Skriðufells, sem íslenska ríkið geri kröfu um að teljist þjóðlenda, sé það gagnjald sem ríkið (Skógrækt ríkisins) hafi innt af hendi í makaskiptum við Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða en ríkið hafi fengið land í Þjórsárdal í staðinn. Sá hluti Ásólfstaða, sem krafist sé af hálfu íslenska ríkisins að verði þjóðlenda, sé það land sem Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða hafi keypt af eigendum Ásólfstaða.

Áður en þessi kaup hafi átt sér stað hafi það verið landamerki jarðanna sem ráðið hafi mörkum milli þeirra og afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Eftir kaupin hafi Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða lagt hið keypta land til afréttarins og eftir það hafi því afréttargirðingin ráðið mörkum afréttarins, suðurmörkum. Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða hafi gert þetta í umboði landeigenda í hreppunum og eigi þeir landið með öllum gögnum og gæðum.

Landamerkjaskrárnar fyrir Ásólfstaði og Skriðufell séu ekki vottaðar af eigendum aðliggjandi jarða, aðeins af eigendum hvorrar annarrar. Hafi því vantað upp á að gætt hafi verið formreglna við gerð landamerkjaskrárna og sýslumaður ekki sinnt eftirlitsskyldu sinni að þessu leyti þar sem þeim hafi verið þinglýst án þess að gengið væri eftir þessu. Það að eitthvað hafi vantað upp á formið við gerð skrárna geti ekki haft nein áhrif í dag. Langt sé um liðið og farið hafi verið eftir þessum merkjum og gengið út frá þeim í öllum viðskiptum. Auðvitað sé það sérstök regla, sem gæta þurfi að, til að traust og festa í lögskiptum haldist. Hafi eitthvað verið athugavert við lýsinguna þá hafi borið að leiðrétta það á sínum tíma eins og lögin hafi gert ráð fyrir. Auðvitað sé ekkert við því að gera í dag hafi þessu ekki verið sinnt þá. Verði að álykta sem svo að sýslumaður hafi ekki séð neitt athugavert við þessar lýsingar. Engin gögn né vitneskja séu um að menn hafi vefengt eða efast um hvernig mörk þessara jarða voru.

Þá verði ekki séð að landamerkjalyásingar jarðanna séu ótrúverðugar og ekkert sem bendi til þess að menn hafi verið að lýsa meiru en þeir áttu. Ef svo væri þá hefðu menn gert athugasemdir, munnlegar eða skriflegar. Jarðirnar hafi verið landstórar og þeim mun landstærri eftir því sem undirlendi þeirra var minna og þannig hátti einmitt til á jörðunum Ásólfstöðum og Skriðufelli. Þegar titið sé á legu þeirra komi í ljós að þær liggja samsíða Þjórsárdal. Ekkert ósamræmi sé í landamerkjalyásingu þeirra miðað við aðrar fjallajarðir. T.d. teygi jörðin Laxárdalur sig í svipaða átt og Skriðufell. Af hálfu íslenska ríkisins hafi landamerki allra fjallajarðanna í Gnúpverjahreppi verið viðurkennd að undanskildum jörðunum Skriðufelli og Ásólfstöðum. Sérstakur rökstuðningur þurfi að koma fram fyrir því af hverju sömu sjónarmið eigi ekki við um landamerki þessara jarða og annarra jarða í hreppnum.

Viða séu til víðáttumikil heimalönd sem lögð hafi verið til afréttar og þó verið talin undirorpin beinum eignarrétti, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn). Að því er Skriðufell varði skipti það máli að um var að ræða ríkisstofnun sem var viðsemjandi. Hljóti menn að eiga að geta treyst því að ríkið hafi heimild til þess að ráðstafa því sem þeir afsala. Jafnvel þótt ríkið hafi ekki haft heimild til að selja hluta Skriðufells þá hafi sú réttarstaða mótast á þeim langa tíma sem liðið hafi að þetta sé eignarland og verði því ekki breytt nú. Hið sama eigi við um land Ásólfstaða. Um þetta álitafni megi vísa til réttarframkvæmdar norsku Háfjallanefndarinnar og 1. gr. viðauka við mannréttinda-sáttmála Evrópu eins og ákvæðið hefur verið túlkað af Mannréttindadómstólum.

Að því er varði Skriðufell og Ásólfstaði sé vísað til umfjöllunar að framan um landamerkjalyög-in og tilgang þeirra, svo og um aðrar eignarheimildir, s.s. hefð og venjurétt.

Til stuðnings öðrum eignarheimildum sé á það bent að lýsing Landnámu á landnámi í Þjórsárdal og Gnúpverjahreppi bendi til þess að land það, sem hér um ræði, hafi verið numið í öndverðu. Þá sé á það bent að landnám hafi oft verið mjög stór og náð langt inn til landsins, t.d. í Borgarfirði. Lýsing Landnámu útiloki það ekki að allt það svæði, sem til umfjöllunar sé í máli þessu, hafi verið numið og heimildir bendi til þess að byggð hafi náð langt inn til heiða.

8.6. Réttindi Landsvirkjunar

Að því er varði þau réttindi Landsvirkjunar, sem fyrirtækið hafi öðlast með löggjöf, sé af hálfu jarðeigenda o.fl. krafist að staðfest verði að umrædd réttindi séu aðeins takmörkuð eignarréttindi, sem svari til þeirra kvaða og nota sem fyrirtækinu séu nauðsynleg vegna starfsemi sinnar.

Áréttað sé að með samningum sínum við Einar Benediktsson hafi Gnúpverjar afsalað sér tilteknum réttindum sínum, m.a. fossum. Athugunarefni sé að hve miklu leyti Landsvirkjun hafi eignast þessi réttindi eða hvort fyrirtækið eigi þau í sameign með íslenska ríkinu. Ljóst sé af sameignarsamningnum um Landsvirkjun að framlag ríkisins til sameignarinnar sé í samræmi við þær heimildir sem Landsvirkjun hafi fengið með samningnum. Landsvirkjun hafi eignast þá hlutdeild í umræddum eignarréttindum sem nauðsynleg hafi verið til virkjunarframkvæmdanna.

Verði Gnúpverjaafréttur talinn þjóðlenda beri óbyggðanefnd að skera úr um hver eigi veiðirétt í uppistöðulóni Landsvirkjunar. Í því sambandi sé ekki hægt að horfa fram hjá 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970, en samkvæmt henni eigi afréttarhafar veiðiréttinn. Landsvirkjun hafi á sínum tíma greitt Gnúpverjum bætur fyrir þær takmarkanir sem framkvæmdir Landsvirkjunar höfðu í för með sér. Ekki hafi verið um að ræða bætur fyrir veiðiréttinn. Landsvirkjun geti í skjóli heimilda sinna takmarkað aðgang annarra, þ. á m. Gnúpverja, að virkjunarsvæðinu vegna hættu á tjóni í tengslum við starfsemina. Vitað hafi verið að til þess gæti komið að veiðirétturinn yrði takmarkaður með einhverjum hætti og þess vegna hafi Landsvirkjun greitt Gnúpverjum bætur.

Af hálfu jarðeigenda og fleiri sé talið að hægt sé að viðurkenna eignarrétt Landsvirkjunar á öllum mannvirkjum á svæðinu þó að þeir eigi ekki landið sjálft enda sé af hálfu Landsvirkjunar ekki krafist viðurkenningar á eignarrétt þeirra að landi.

8.7. Lagarök

Sá sem dragi í efa gildi eignarheimilda, svo sem afsala og landamerkjaskráa, beri alfarið sönnun-arbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Ekki hafi verið gerðar strangari kröfur til upplýsinga, gerðar eða frágangs eignarheimilda eftir því hvar landsvæðið sé. Sé því hafnað öllum sjónarmiðum um að eignarheimildir, sem t.d. séu í gildi um Gnúpverjafrétt, hafi einhverja minni þýðingu en viður-kennt yrði á öðrum löndum eða landsvæðum og að sama skapi hafnað öllum kröfum um að gera beri meiri kröfur til sönnunar um eignarrétt landa sem byggja á lögformlegum eignarheimildum, svo sem afsölum og landamerkjaskrá, eftir því hvar þær liggja. Þar sem óbyggjandi eignarheimildum sleppi ráðist úrlausn um mörk eignarlands og þjóðlendu á lagalegum grunni með athugun á sönn-unargögnum án þess að sönnunarbyrðinni verði velt á annan hvorn aðilann.

Landamerkjalog, nr. 5/1882, einkum 1.- 4. gr. og lög nr. 41/1919, um landamerki o.fl., einkum 1.-4. gr. Námulög, nr. 24/1973. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, einkum 7., 12. og 17. gr. Meginreglur eignarréttar og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

9. SJÓNARMÍÐ LANDSVIRKJUNAR

Í þessum kafla verða rakin þau sjónarmið Landsvirkjunar sem búa að baki kröfugerð fyrirtækisins í málinu.

Landsvirkjun leggur áhersla á að fyrirtækið reki á hinu tilgreinda landsvæði, stærstu orkuver fyrirtækisins og mannvirki sem þeim tengist svo sem stíflur, uppistöðulón, vatnsvegi, háspennulínur, spennuvirki svo og ýmis önnur mannvirki sem tengist starfsemi þess. Tilgangur Landsvirkjunar sé meðal annars að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðju-fyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafi ekki milligöngu um slíka raforkusölu. Einnig að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínakerfi landsins og að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar, sbr. 2. grein laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum. Þá sé það einnig tilgangur Landsvirkjunar að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt sé talið og beri fyrirtækinu einnig að hafa með viðun-andi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Af hálfu Landsvirkjunar sé því haldið fram að réttur fyrirtækisins til landsréttinda, vatnsréttinda (fallréttinda), heimildir til bygginga og reksturs orkuvera og mannvirkja sem þeim séu tengd, þar með talið uppistöðulóna, stíflna, vatnsvega, miðlunarmannvirkja, orkuflutningslína, spenna- og rofavirkja og hvers kyns annarra mannvirkja á hinu auglýsta landsvæði byggist annars vegar á sam-eignarsamningi dags. 1. júlí 1965, milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun og hins vegar einkum á lagaheimildum og virkjunar- og framkvæmdaleyfum ráðherra fyrir hverja einstaka virkjun svo og samningum við sveitarfélög og einstaklinga.

Af hálfu Landsvirkjunar voru rakin kaup a/s Titan á vatnsréttindum í Háafossi, Hjálparfossi í Fossá, Gljúfurleitafoffi, Tröllkonufossi, Þjófafossi og Geldingaárfoffi og einnig kaupin á Búrfelli og Skeljafelli. Þessi réttindi hafi ríkið keypt af a/s Titan samkvæmt afsali dagsettu 16. janúar 1952 og afhent Landsvirkjun með sameignarsamningnum frá 1. júlí 1965 og í samræmi við lögin um Landsvirkjun, nr. 59/1965. Á það sé lögð áhersla að þessi réttindi í Þjórsá, ofan Fossár, séu eign Landsvirkjunar, hvort sem framsal Gnúpverjahrepps á sínum tíma á þessum réttindum hafi eitthvert gildi eða ekki.

Svæðið fyrir ofan Fossá, Gnúpverjafréttur og afréttir Ása-, Djúpmanna-, Holta- og Landmannahrepps, þetta sé eitt orkusvæði þar sem Landsvirkjun eigi vatnsréttindin og löggjafinn geti

ekki heimilað öðrum aðila orkuöflun þarna nema að því gefnu að það séu gerðir samningar við Landsvirkjun eða eignarnámsheimildum beitt gagnvart fyrirtækinu.

Landsvirkjun leggi áherslu á að fyrirtækið sé eigandi allra vatnsréttinda og nauðsynlegra landsréttinda á vatnasvæði Þjórsár ofan ármóta hennar og Fossár og krefjist þess að það verði viðurkennt af óbyggðanefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Það feli í sér að þrátt fyrir að leyfi forsætisráðherra skv. 2. mgr. 3. gr. Þjóðlendulaganna þurfi vegna nýrrar nýtingar vatnsréttindanna og meðfylgjandi landsréttinda á svæðinu, sbr. virkjunarleyfi forsætisráðherra frá 12. apríl 1999 vegna Vatnsfellsvirkjunar á Holtamannafrétti, þá sé ekki heimilt að ákvarða endurgjald skv. 4. mgr. sömu greinar fyrir nýtingu þeirra réttinda sem Landsvirkjun hafi nú þegar, þ.e. öll vatnsréttindi og nauðsynleg landsréttindi á Þjórsársvæðinu, ofan ármóta við Fossá, sbr. 2. mgr. 5. gr. Þjóðlendulaganna.

Er af hálfu Landsvirkjunar byggt á ákvæðum 2. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, en þar segir:

Landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.

Þá sé málatilbúnaður Landsvirkjunar einnig byggður á 1. mgr. 49. gr. sömu laga, en þar segi:

Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

Þá sé því haldið fram að réttarframkvæmd hafi til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafi verið tekin til virkjunar og hafi dómstólar talið að landeigendur ættu eignarrétt að vatni á landi sínu. Landeigendur eigi ekki vatnsréttindi fræðilega séð, sbr. 2. gr. vatnalaga, en hafi þó eftir lögum allan hagnýtingarrétt; lögbundinn hagnýtingarrétt að öllu leyti sem sé í raun svo sterkur að hann sé af dómstólum talinn eign í skilningi eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og það fullkominn beinn grunneignarréttur. Þessi lögbundni hagnýtingarréttur sem nefndur sé vatnsréttindi, verði ekki tekinn af landeigendum bótaust og þeim sé heimilt að framselja hann. Ljóst sé einnig að sá sem kaupir þessi réttindi af lögmætum eiganda eða hafi eignarnámsheimild og greiði bætur eignist réttindin og þá vernd sem stjórnarskráin veitir þeim. Þessi ákvæði vatnalaganna séu dæmi um að lög mæli fyrir um hver eigi tiltekin eignarréttindi.

Landsvirkjun hafi með samningum og/eda lögum fengið öll vatnsréttindi í Þjórsá á því svæði sem nú er krafist af hálfu fjármálaráðuneytisins að verði talin þjóðlenda. Landsvirkjun hafi heimild til þess að vinna orku úr Þjórsá á þessu svæði. Þessi heimild sé eign og verði ekki tekin af fyrirtækinu bótaust enda séu bein fyrirmæli í lögum viðurkennd eignarheimild í íslenskum rétti.

Lögð sé á það þung áhersla að réttindi Landsvirkjunar séu eignarréttindi í framangreindum skilningi. Hvort sem um sé að ræða bein eignarréttindi eða óbein eins og afnotarétt eða hagnýtingarrétt sé það óumdeilt í íslenskum rétti að þau njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og þannig líti Landsvirkjun á réttindi sín.

Landsvirkjun geri í sjálfu sér ekki kröfu um beinan grunneignarrétt að því landsvæði sem mannvirkin standi á. En ljóst sé að Landsvirkjun hafi allan ráðstöfunarrétt á því svæði og landi sem mannvirki standa á og fari því í raun með öll eigandaforráð ótímabundið, þannig að réttindum þessum megi öldungis jafna við t.d. eignarréttinn. Löggjafinn gæti ekki svipt Landsvirkjun þessum umráðum bótaust og námur verði ekki teknar innan virkjunarsvæðis án heimildar Landsvirkjunar. Hins vegar veiti virkjunarheimildirnar viðtækan rétt til efnistöku á Gnúpverjafrétt. Þessi miklu landsréttindi séu óbein eignarréttur, eign Landsvirkjunar. Réttur Landsvirkjunar til mannvirkja-gerðar og rekstur virkjana sé ótvíræður. Hann sé engum takmörkunum bundinn tímalega. Þetta séu

réttindi – eign. Telja verði að Landsvirkjun hafi öll þau réttindi yfir miðlunarlónunum sem eignarrétti fylgja og um það sé einmitt gerð krafa. Öll réttindi yfir eignum Landsvirkjunar sem eignarrétti fylgja. Hvort sá eignarréttur sé beinn eða óbeinn megi sjálfsagt deila en réttindunum verði öldungis jafnað við grunneignarrétt í raun og veru. Sé um óbeinan eignarrétt að ræða byggist hann á því að óbyggðanefnd úrskurði að grunneignarréttur sé fyrir hendi annaðhvort á hendi Gnúpverjahrepps sem fullkomins eiganda afréttarins eða ríkisins sem eiganda að þjóðlendu.

Landsvirkjun taki fram að fyrirtækið mótmæli öllum kröfum um að ríki, sveitarfélög, aðrir lögaðilar eða einstaklingar eigi beinan eignarrétt að afréttarlandi nema þeim sem kröfuna hafi uppi takist að sanna fullkominn eignarrétt, sbr. t.d. H 1981 1584 (Landmannaafrefttur) og H 1997 1162 og 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðadómar). Að öðrum kosti telst afréttarland vera þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvirkjun eigi beinan eignarrétt að öllu sem hún sé búin að gera á svæðinu, hvort heldur sé um að ræða stöðvarhús, stíflur eða skurði ásamt nauðsynlegum landsréttindi sem ekki séu háð beinum eignarrétti en sé ígildi beins eignarréttar.

Löggjafinn hafi snemma farið að setja lög um einstakar virkjanir með heimild í vatnalögum enda hafi verið um fjárfrekar og stórar framkvæmdir að ræða og undir þessum hatti hafi þessi atvinnugrein þróast, orkuvinnslan. Það sé tekið fram að slík orkuver sem heimild var veitt fyrir skv. lögum voru ekki öll í eigu ríkisins, því megi ekki gleyma. Það sé líka mikilvægt að leyfis hafi verið aflað, það sé lögð áhersla á það, en þar sé ekki að finna nein skilyrði um eignarrétt ríkisins að vatnsaflinu og orkumannvirkjum.

Þé sé bent á ákvæði 3. mgr. 54. gr. en þar segi: „Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ráðhera, eftir því sem á stendur, notað hvort sem er með því að framkvæma virkjunina sjálfur eða leyfa öðrum það samkvæmt sérleyfislögum, ef því er að skipta.“ Þannig að frá upphafi sé gert ráð fyrir því að einhverjir aðrir en ríkið geti verið eigendur virkjana.

Hvergi sé gerður fyrirvari um eignarrétt ríkisins að vatnsréttindum eða fyrirvari um gjaldtöku. Þetta álitæfni sé búið að vera uppi í heila öld og ríkið hafi engan fyrirvara sett um réttindi sín. Fyrir utan tómlæti þá bendi þetta náttúrlega til þess að ríkið hafi afhent vatnsréttindi og virkjunarréttindi til eignar í gegnum tíðina með fyrirvaralausum lögum frá Alþingi. Í tilviki Landsvirkjunar komi þó meira til sem styður eignarrétt að vatnsréttindum. Sú spurning vaknar hvort aðrar reglur gildi um ríkið en almenna borgara þegar það nú svo löngu síðar gerir fyrirvara um atriði sem voru ljós, og eru búin að vera ljós meirihluta af öldinni sem er að líða eða nýliðin er.

Nú gildi orkulög, nr. 58/1967, að meginsteftu um þetta efni og gangi framar vatnalögum ef við eigi. Samkvæmt 10. gr. þurfi leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver stærri en 2000 kw eða 2 Mw. Ef virkjunin sé 200-2000 kw þurfi leyfi orkumálaráðherra. Í stuttu máli, það virki enginn án leyfis og það verði engin stórvirkjun gerð án leyfis Alþingis. Svo mikilvæg sé orkuvinnslan talin þessu þjóðarbúi. Um svo mikla fjármuni sé að tefla að tryggja verði að þjóðhagslegra hagkvæmra sjónarmiða sé gætt. Öll orkuver Landsvirkjunar séu af þeirri stærðargráðu að leyfi Alþingis þyrfti til að reisa þau, 12 raforkuver frá 3 Mw það allra minnsta, jarðvarmaver í Bjarnaflagi til flaggskipsins, Búrfellsstöðvar, 280 Mw orkuvers sem standi á landsvæði sem kynni að vera úrskurðað þjóðlenda.

Með lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, hafi verið ákveðið, sbr. 1. gr. laganna að ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur settu á stofn virkjanafyrirtæki er nefnist Landsvirkjun. Í 4. gr. laga nr. 59/1965 komi fram að Landsvirkjun taki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og í Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell. Í 5. gr. laganna hafi verið kveðið á um að ríkið og Reykjavíkurborg legðu Landsvirkjun til sem endurgjaldslaut stofnframlag eignir þær og réttindi sem tiltekin voru í 4. gr.

Í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins sem seinna varð að lögum 59/1965 sagði að eitt hið fyrsta verkefni Landsvirkjunar annað en rekstur þeirra mannvirkja sem hún hafi yfirtekið, sem voru

eigur Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sé að koma í framkvæmd nýrri virkjun til aukningar á raforkuvinnslu og sé ráðgert að sú virkjun verði gerð í Þjórsá við Búrfell. Í því skyni taki Landsvirkjun við vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjunar í Þjórsá við Búrfell. Þetta orðalag sé nokkuð þröngt. Síðan segi að um rannsóknir sé vísað til greinargerðar raforkumálastjóra um rannsóknir til undirbúnings virkjana á Suð-Vesturlandi og Norðurlandi sem fylgir frumvarpinu. Segir svo að kostnaðarmestar hafi rannsóknir verið við Búrfell og undirbúningsframkvæmdir þar. Við þeim áætlunum hafi Landsvirkjun tekið. Samkvæmt 5. gr. laganna hafi þetta stofnframlag verið lagt fram endurgjaldslaust en auk þess sé gert ráð fyrir fjárframlagi sem bera skyldi arð að liðnum tilteknum tíma. Vert sé að benda á að í umræddri greinargerð raforkumálastjóra sé enn fjallað um Þjórsársvæðið sem heild. Það sé alltaf talað um Þjórsársvæðið. Þetta sé mjög mikilvægt. Þar segi að meðal staða, sem athugaðir hafi verið, sé einnig um að ræða nokkur meiri háttar miðlunarmannvirki til rennslisjöfnunar í Þjórsá, Hvítá, Jökulsá og Laxá er koma munu mörgum virkjunum í hverri á til góða. Óhjákvæmilegt sé að rannsaka aðstæður til miðlunar þegar í upphafi sem lið í yfirlitsrannsókn svæðanna enda þótt ljóst kunni að vera að sökum kostnaðar komi ekki til greina að gera ýmis þessi miðlunarvirki fyrr en með síðari virkjunum.

Í 6. gr. laga nr. 59/1965 segi:

Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 þús. kW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar.

Með lögum nr. 37/1971 hafi verið gerð breyting á Landsvirkjunarlögum sem hafi m.a. falið í sér að við 4. grein laganna hafi verið bætt nýrri málsgrein, svohljóðandi: „Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.“ Þá hafi verið bætt inn í lögina nýrri grein í stað 6. greinar, sbr. 4. gr. laga nr. 37/1971, svohljóðandi:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun hafi jafnframt verið heimilað í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 4. gr. laga nr. 37/1971, að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þættu til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nái heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur sé Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisafstöðvar þær sem fyrirtækið telji rétt að koma upp.

Með lögum um Landsvirkjun, nr. 42 frá 23. mars 1983, hafi eldri lög um Landsvirkjun verið felld úr gildi. Í 1. grein hinna nýju laga hafi verið tekin upp ákvæði um breytta eignaraðild að fyrirtækinu sem frá þeim tíma sé sameignarfyrirtæki ríkissjóðs (50%), Reykjavíkurborgar (44,525%) og Akureyrarbæjar (5,475%).

Í 4. grein laga nr. 42/1983 segi að Landsvirkjun sé eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hafði eignast fyrir setningu laganna. Þá segi í 5. grein að ríkissjóður, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafi lagt Landsvirkjun til stofnframlög, sbr. 4. gr., og sameignarsamning aðila frá 27. febrúar 1981.

Lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, hafi verið breytt með lögum nr. 74/1990, um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl. Með breytingu þessari hafi Landsvirkjun verið heimilað

að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl og að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl. Þá hafi með lögum þessum verið gerð sú breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, að á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna hafi verið bætt við tveimur nýjum mgr., svohljóðandi:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981, eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga; Búrfellsvirkjun, með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun, með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun, með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun, með allt að 200 MW afli, Kröfluvirkjun, með allt að 60 MW afli.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvislaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.

Löggjafinn hafi þannig markvisst veitt Landsvirkjun réttindi til uppbyggingar Þjórsársvæðisins. Þau réttindi séu veitt án nokkurs eignarréttarfyrrvara af hálfu ríkissjóðs eða gjalddtökuákvæða sem þó hafi verið Alþingi í löfa lagið að setja og þessi réttindi geti löggjafinn ekki tekið aftur bótalaut. Þau hafi fjárhagslega þýðingu. Vert sé að benda á að um sama leyti og veittur hafi verið virkjanaréttur á Þjórsársvæðinu sé ríkið að veita nýtingarrétt til kísilgúrvinnslu og geri þar fyrirvara um gjalddöku, sbr. lög nr. 80/1966. Ríkið sé hins vegar ekki að krefja um gjald fyrir réttindi sem það leggi inn í sameignarfélag sitt með lögum til eignar og samningum því Alþingi hafi samþykkt sameignarsamninginn, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1965, og nógildandi lög um Landsvirkjun, þar séu enn þá ákvæði um samninginn.

Nánar var af hálfu Landsvirkjunar gerð svofelld grein fyrir þeim réttindum sem fyrirtækið taldi sig eiga eða ráða yfir á afrétti Gnúpverjahrepps.¹

9.1. Búrfellsvirkjun og virkjunarsvæði hennar, Búrfellslína 1, 2 og 3A og Bjarnalón

Á korti² séu mannvirki sýnd og einnig á staðfestu svæðisskipulagi af Gnúpverjahreppi.³

Með sameignarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar, dags. 1. júlí 1965, hafi Landsvirkjun öðlast vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi sem til hafi þurft vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni vegna þessarar virkjunar. Heimild atvinnuáráðherra fyrir orkuveri og orkuveitu hafi verið veitt þann 23. febrúar 1968.⁴

Búrfellslína 3A (400 kV) liggir að mestu samsíða Búrfellslínu 1 frá Búrfellsvirkjun að þverun á Þjórsá, sbr. kort og skipulagsupprátt á korti. Lagaheimild fyrir línunni sé í lögum nr. 74/1990 og leyfi iðnaðarráðherra hafi verið gefið út 24. júlí 1991⁵ og staðfest að nýju með bréfi 7. ágúst 1997.⁶ Aflið hafi verið heimildar fyrir Búrfellslínu 3A í samræmi við lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

9.2. Sigöldulína 1 (220 kV)

Línan liggir frá Sigölduvirkjun í Tungnaá yfir Þjórsá við Sandafell í Gnúpverjahrepp og þaðan að Búrfellsvirkjun, sbr. kort og skipulagsupprátt.

Með lögum nr. 37/1971 hafi Landsvirkjun verið heimilað að reisa allt að 170 MW raforkuver

1 Af hálfu óbyggðanefndar er vakin á því athygli að í kröfugerð Landsvirkjunar og upplagi málsins, sbr. þau sjónarmið sem rakin eru í þessum kafla, gættir allverulegrar ónákvæmni um heiti og aðra tilgreiningu einstakra mannvirkja, þó einkum háspennulína. Tilurð þeirra skýrðist þó frekar undir rekstri málsins og vísast þar um til niðurstaðna í kafla 12.4.

2 Skjal nr. 140.

3 Skjal nr. 142.

4 Skjal nr. 90.

5 Skjal nr. 125.

6 Skjal nr. 126.

við Sigöldu ásamt aðalorkuveitum. Heimild iðnaðarráðherra fyrir virkjun í Tungnaá við Sigöldu sé dags. 8. mars 1973.¹

9.3. Sultartangavirkjun, Sultartangastífla og Sultartangalína 2 (400 kV)

Yfirlit af virkjunarsvæðinu sé sýnt á korti og á staðfestu svæðisskipulagi af Gnúpverjahreppi.

Lagaheimild fyrir virkjuninni sé í lögum nr. 42/1983 og leyfi iðnaðarráðherra fyrir virkjun ásamt aðalorkuveitum sé dags. 12. mars 1997.² Þá hafi samningar, sem Landsvirkjun gerði við hreppsnefnd Gnúpverjahrepps vegna skerðinga á réttindum hreppsins vegna Sultartangalóns, Sultartangavirkjunar og Sultartangalínu 2³, einnig verið lagðir fram í málinu.

Aflað hafi verið heimilda fyrir Sultartangavirkjun og Sultartangalínu 2 í samræmi við lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum og vatnalög, nr. 15/1923.

Vesturendi Sultartangastíflu er í Gnúpverjahreppi. Lagaheimild fyrir stíflunni sé í lögum nr. 37/1971 en heimild iðnaðarráðherra til byggingar Sultartangastíflu sé dags. 8. janúar 1982.⁴

9.4. Kvíslaveita – 5. og 6. áfangi

Í 1. gr. laga nr. 74/1990 segir m.a. „Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki iðnaðarráðherra að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í edlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.“ 6. áfangi Kvíslaveitu sé að öllu leyti á afréttinum.

Með þessum áföngum sé austustu kvísl Þjórsár veitt um skurði og vötn (Kvíslaveitu) til Þórisvatns⁵ en mörk Gnúpverjaafréttar og Holtamannaafréttar séu í kvíslinni. Vesturendi Þjórsárstíflu, 5. áfangi og yfirfall nokkru vestar séu á Gnúpverjaafrétti. Lagaheimild fyrir veitunni sé í lögum nr. 74/1990. Leyfi iðnaðarráðherra hafi verið gefið út 4. desember 1991.⁶ Landsvirkjun virðist hafa skipt Kvíslaveitu í nokkra áfanga en í leyfi ráðherra er einungis heimilað að ljúka 5. áfanga Kvíslaveitu en ekki er þar fjallað um 6. áfanga.

9.5. Norðlingaöldumiðlun

Menntamálaráðuneytið hafi staðfest friðlýsingu Þjórsárvera með auglýsingu 10. nóvember 1987.⁷ Með auglýsingunni sé Landsvirkjun veitt undanþága frá friðlýsingunni til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y.s. með fyrirvara um að slík lónsmyndun væri framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega. Rannsóknir hafi staðið yfir á svæðinu allt frá árinu 1981 í samræmi við ákvæði friðlýsingarinnar þar um en endanleg lónhæð hafi ekki verið ákvörðuð enn.

9.6. Vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun auk annarra virkjunarkosta í Efri-Þjórsá

Landsvirkjun hafi látið gera áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón og einnig liggja fyrir áætlanir um aðra virkjunarkosti í Efri-Þjórsá. Áætlunum þessum sé lýst í skýrslu, Efri-Þjórsá, samanburður virkjunarkosta, dags. í desember 1992.⁸ Ekki liggur fyrir lagaheimild til þessara framkvæmda en af hálfu fyrirtækisins er lögð á það

1 Skjal nr. 93.

2 Skjal nr. 100.

3 Skjöl nr. 104 og 105.

4 Skjal nr. 96.

5 Skjal nr. 141.

6 Skjal nr. 99.

7 Skjal nr. 98.

8 Skjal nr. 147.

áhersla að Landsvirkjun hafi varið verulegum fjármunum til rannsókna á svæðinu og þannig séu verulegir hagsmunir bundnir við réttindi Landsvirkjunar á þessu svæði.

9.7. Hrauneyjafosslína (220 kV)

Línan liggir frá Þjórsá vestur að mörkum í Fossá við afrétt Flóa- og Skeiðamanna, sbr. kort.¹

Lagaheimild fyrir byggingu línunnar sé í lögum nr. 37/1971. Iðnaðarráðherra veitti leyfi fyrir línunni 30. desember 1976.² Heimilda til byggingar línunnar hafi verið aflað hjá viðkomandi sveitarfélögum á árunum 1978-1979 í samræmi við 5. gr. skipulagslaga, nr. 31/1968, og gengið hafi verið frá samningum við sveitarfélög og einstaklinga á árinu 1979 um bætur fyrir línubygginguna.³

Á það sé lögð áhersla að Landsvirkjun sé eigandi framangreindrar orkuveitu og þeirra réttinda á afréttinum sem þarf til reksturs hennar og viðhalds. Þar með sé talinn óheftur umferðarréttur og réttur til að viðhalda vegi með fram línunni. Sé nauðsynlegt að þessi réttindi verði viðurkennd af óbyggðanefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Það feli í sér að ekki sé heimilt að ákvarða endurgjald skv. 4. mgr. 3. gr. Þjóðlendulaga fyrir nýtingu réttindanna.

Úrskurður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis haggi ekki réttindum Landsvirkjunar. Sé rétt að benda á að í samkomulagi við hreppinn um byggingu línunnar hafi beinlínis verið tekið fram að ekki sé tekin afstaða af hálfu Landsvirkjunar varðandi eignarrétt á landinu.

9.8. Fyrirhuguð Sultartangalína 3 (400 kV)

Fyrirhuguð sé bygging háspennulínu frá Sultartangavirkjun að aðveitustöð Landsvirkjunar við Brennifel í Hvalfirði. Á því landsvæði, sem hér um ræðir, muni línan liggja samhliða Hrauneyjafosslínu (220 kV). Almenna lagaheimild til byggingar línunnar sé að finna í lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983 og 1. og 6. mgr. 2. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981.

9.9. Veidiréttindi í vatnsvegum og miðlunarlönnum

Til stuðnings kröfu varðandi eignarréttindi, þar á meðal veidiréttindi, að virkjunarlönnum og vatnsvegum Landsvirkjunar sé vísað til greinargerðar Sigurðar Lindal lagaprófessors um eignarrétt að miðlunarlönnum, dags. 22.6.1987, bréfs Landsvirkjunar, dags. 8.7.1987, til oddvita Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, bréfs Landsvirkjunar, dags. 31.1.1992, til Veidifélags Holtamannaafreittar, bréfs Landsvirkjunar, dags. 3.2.1992, til oddvita Ásahrepps og fundargerðar frá fundi þann 2.6.1992, milli fulltrúa Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps um fiskveiði á afréttinum. Sérstaklega sé bent á að Landsvirkjun hafi ótvíráðan rétt til mannvirkjagerðar og reksturs vatnsaflsvirkjana á svæðinu en einn mikilvægasti þáttur þeirra sé gerð miðlunarlóna. Sá sem byggir miðlunarlón, þar sem engin eru fyrir, verði eigandi þeirra samkvæmt þeirri grundvallarreglu að eignarréttur stofnist fyrir framleiðslu í viðtækustu merkingu þess orðs. Því sé talið í tilvitnuðu álitni að Landsvirkjun hafi öll réttindi yfir lönnum sem orðið hafa til við virkjunarframkvæmdir innan þeirra marka sem landslög setji, þar á meðal allan veidirétt. Sérstaklega beri að hafa í huga að tilgangurinn með gerð miðlunarlónanna sé ekki að búa til veiðivötn heldur að tryggja rekstur virkjana á svæðinu á hverjum tíma, sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983. Af því leiði að Landsvirkjun hafi fullan rétt til að breyta vatnsborði lónanna og jafnvel tæma þau eftir því sem nauðsynlegt sé til að tryggja rekstur virkjananna. Enn fremur hafi Landsvirkjun heimild til að takmarka umferð manna við lónin og aðrar athafnir manna við þau eftir því sem nauðsyn beri til og jafnvel að girða þau af.

1 Skjal nr. 136.

2 Skjal nr. 94.

3 Skjal nr. 116.

Af hálfu Landsvirkjunar hafi verið gerðir tveir samningar¹ við Gnúpverjahrepp um fullnaðarbætur vegna skerðingar á afnotaréttindum vegna Sultartangavirkjunar og sé þar ekki gerður neinn fyrirvari um veiðirétt að Sultartangalóni, svo dæmi sé tekið.

Sérstaklega sé mótmælt þeirri túlkun á 5. gr. laga nr. 76 frá 1970, um lax- og silungsveiði, sem fram kom hjá lögmanni Gnúpverjahrepps við málflutning, að einkaréttur í skilningi greinarinnar, geti ekki stofnast eftir gildistöku laganna. Þvert á móti sé einkaréttur Landsvirkjunar til veiði í tilbúnum lónum og vatnsfarvegum á Gnúpverjahreppi varinn af þessari 5. gr. laganna.

9.10. Mælistöðvar Landsvirkjunar

Landsvirkjun eigi og reki allmargar mælistöðvar á hálendinu ofan byggðar á Gnúpverjaafretti til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu. Landsvirkjun krefjist þess að landsréttindi og umferðarréttindi sem þurfi til reksturs þeirra verði viðurkenndur.

9.11. Sundlaug í Þjórsárdal

Þá er af hálfu Landsvirkjunar gerð krafa til þess að viðurkennt verði að fyrirtækið verði talið eigandi sundlaugarinnar við Reykholt í Þjórsárdal, ásamt afgirtu svæði hennar, bílastæði, jarðhitarétti í afgirtri borholu á staðnum, vegi að þjóðvegi og takmarkalaus umferðaréttur um hann. Af hálfu fyrirtækisins var tekið fram að krafa þessi væri gerð í samræmi við samkomulag Landsvirkjunar við Gnúpverjahrepp. Hefur lögmaður hreppsins staðfest í málflutningi í máli þessu að slíkt samkomulag sé til staðar. Af hálfu Landsvirkjunar er vísað til 20 ára óskoraðs eignarhalds og þar með uppfylltum skilyrðum 2. gr. sbr. 7. gr. hefðarlaga, nr. 46/1905. Sundlaugin sé í Þjórsárdal rétt neðan við afréttarmörk, vestan Fossár og sunnan Rauðukamba, innan þess lands sem Skógrækt ríkisins eignaðist árið 1938 í makaskiptum við sjö hreppa í Flóa og á Skeiðum. Sundlaugin var byggð árið 1980 án sérstaks leyfis Skógræktar ríkisins. Hvorki hafa verið gerðar athugasemdir við byggingu sundlaugarinnar né tilvist hennar að öðru leyti og hefur Landsvirkjun frá upphafi séð um greiðslur vegna hennar.

10. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá bls. 55.

11. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður tekin afstaða til þeirrar kröfu málsaðila sem lýtur að málsmeðferð óbyggðanefndar. Því næst verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og loks gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Í kafla 12 er umfjöllun og niðurstaða um kröfur Landsvirkjunar á svæðinu.

11.1. Krafa varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar

Vegna kröfugerðar jarðeigenda o.fl. þess efnis að með vísan til jafnræðisreglu stjórnarskrár beri að biða með úrskurð í málinu þar til kröfulýsingar fyrir allt landið liggja fyrir tekur óbyggðanefnd fram að nefndin byggir forsendur sínar á reglum eignarréttar sem raktar eru í úrskurði þessum og úrskurðar á grundvelli þeirra meðal annars um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Þessum almennu reglum er beitt í hverju máli og eru málin flutt fyrir nefndinni með það fyrir augum. Óbyggðanefnd

¹ Skjöl nr. 104 og 105.

telur ekki að kröfur fyrir aðra landshluta geti breytt forsendum eða niðurstöðu fyrir það mál sem nú er til umfjöllunar og telur að með beitingu sömu reglna eignarréttarins á öll landsvæði sé tryggt að jafnræðis verði gætt í málum fyrir nefndinni. Kröfu um að úrskurður í þessu máli verði ekki kveðinn upp fyrr en kröfum hafi verið lýst fyrir allt landið er því hafnað.

11.2. Landnám

Í Landnámu er greint frá því að Þorbjörn laxakarlfur hafi numið Þjórsárdal allan og allan Gnúpverjahrepp „ofan til Kálfár“ eins og komist er að orði. Einnig er þess getið að Þrándur mjög-siglandi hafi numið land milli Þjórsár og Laxár „ok upp til Kálfár ok til Sandlækjar“. Tveir aðrir menn eru nefndir í þessu samhengi, Ófeigur grettir og Þormóður skapti, sem fengu til eignar hluta úr landnámi Þorbjörns laxakarls. Sú ályktun verður hér dregin að Kálfá hafi skipt landnámu þeirra Þorbjörns laxakarls og Þrándar mjög-siglandi, sennilega að upptökum, en um efri mörk landnáma er að öðru leyti ekki vitað.

11.3. Ásólfstaðir

Landamerkjabréf fyrir jörðina Ásólfstaði er gert 1. mars 1890 og verður efni þess tekið upp hér síðar. Árið 1954 er jörðinni skipt í Ásólfstaði I og II. Árið 1962 kaupir Skógrækt ríkisins land Ásólfstaða, að fráteknu núverandi landi Ásólfstaða I og II, byggingum, tilgreindum spildum og landsvæðum. Þar á meðal var undanskilið land það sem afsalað var Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiðahreppa 19. mars 1965 og nefnist nú „afréttarland úr Ásólfstöðum“ í fasteignabók sýslumannsins á Selfossi. Í afsalinu er mörkum lýst svo:

Að sunnan ræður afréttargirðing (Flóagirðing). Þá ræður Þverá úr Blakksdal í Hannesargljúfur og þaðan í Kistu við Grjótá. Úr því Grjótárgljúfur á meðan það endist, en síðan landamörk á milli Ásólfstaða og Skriðufells neðan Viðigils, um Brúnaskógshæð í girðingu á Seljatungnahæðum. - Hér er um að ræða allt það land, sem Ásólfstaðir eiga ofan afréttargirðingarinnar. Land þetta hafa Flóa- og Skeiðahreppar haft á leigu síðan 1912.

Hér verður fjallað um Ásólfstaði eins og þeim er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi frá 1890. Landsvæði það sem afsalað var Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiðahreppa 1965, er hins vegar formlega séð til meðferðar í máli nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannaafréttur, og eignarréttarleg staða þess er því ekki til efnislegrar úrlausnar í þessu máli. Samhengis vegna verður þó fjallað um það hér að því marki sem saga þess er samofin sögu jarðarinnar að öðru leyti.

Framangreind afréttargirðing var reist árið 1912 og liggur milli Fossár og Stóru-Laxár, m.a. yfir land Ásólfstaða, frá Þverá í Sníðhól, þaðan sjónhending innst í Skóghlíðar og loks í Seljatunguhæð innst, skv. lýsingu á norðurmörkum lands Skógræktar ríkisins í afsali frá 24. september 1962. Landsvæðið norðan við girðinguna er nýtt sem afréttur Flóa- og Skeiðamanna en sá hluti Ásólfstaða, sem þar liggur, hefur ekki verið formlega lagður til afréttar samkvæmt lögum um afréttamálefni og fjallskil.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan fylgi afréttargirðingunni yfir land sem samkvæmt landmerkjalýsingu frá 1. mars 1890 telst innan landamerkja Ásólfstaða. Þá lýsir sami aðili f.h. Skógræktar ríkisins kröfum um eignarland Ásólfstaða sunnan afréttargirðingar. Kröfum íslenska ríkisins vegna þjóðlendu í Gnúpverjahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og f.h. Skógræktar ríkisins sem þinglýsts eiganda Ásólfstaða í kafla 3.1.2. Kröfur „Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðamanna f.h. landeigenda í Flóa og á Skeiðum“ vegna þess hluta Ásólfstaða sem er norðan afréttargirðingar og þannig inni á kröfusvæði ríkisins eru bæði settar fram í máli nr. 6/2000 og 7/2000 en afstaða til þeirra er tekin í máli 6/2000 og vísast þangað um það atriði. Kröfum Afréttarmálafélagsins er nánar lýst í kafla 3.9. Kröfum hefur ekki verið lýst af hálfu eigenda Ásólf-

staða I og II, þar sem þeir hlutar jarðarinnar liggi ekki að fjallendi, sbr. skjal nr. 180. Enginn ágreiningur er því með aðilum um eignarréttarlega stöðu þess lands Ásólfstaða sem til meðferðar er í máli þessu, nr. 7/2000, þ.e. landið sunnan afréttargirðingar.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að landamerkjabréf Ásólfstaða sé einhliða og merkin dregin langt inn til öræfa. Að þessu leyti skeri landamerkjabréf Ásólfstaða og Skriðufells sig frá landamerkjabréfum annarra fjallajarða í hreppnum. Kröfulína ríkisins sé dregin í gegnum Ásólfstaði eftir mati á skilum heimalands og útlendis en þar sé einmitt afréttargirðing. Merki þessi séu nálægt þeirri 400 metra hæðarlínu sem íslenska ríkið telji eiga hér við miðað við aðstæður á hálandisbrún, sbr. dómafordæmi um staðhætti, víðáttu og gróðurfar. Um sé að ræða afréttarsvæði sem hafi verið innlimað í yfirráðasvæði jarðarinnar með landamerkjalýsingu. Ljóst sé að á síðari tímum hafi eingöngu verið höfð af þessu landi afréttarnot, fyrst hafi landið verið leigt til afréttar Flóa og Skeiða og það síðan selt. Þetta sé í samræmi við að landsvæðið hafi varla nokkurn tímann verið talið til heimalands jarðarinnar. Jörðin sé í ríkiseigu að óbyggðamörkum.

Af hálfu Afréttarmálaráðs Flóa- og Skeiðahreppa er því haldið fram að þar sem ríkið hafi viðurkennt landamerkjabréf einnar jarðar þurfi sérstök rök að koma til ef ekki eigi að viðurkenna landamerkjabréf annarrar. Þá verði ekkert land úrskurðað þjóðlenda nema krafa sé um það gerð. Sá sem dragi í efa gildi fyrirbyggjandi eignarheimilda beri alfarið sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Landamerkjaskrá jarðarinnar hafi ekki verið vottuð af öllum tilskildum aðilum og sýslumaður hafi ekki sinnt eftirlitskyldu sinni. Langt sé um liðið og farið hafi verið eftir þessum merkjum og gengið út frá þeim í viðskiptum. Álykta verði sem svo að sýslumaður hafi ekki séð neitt athugasvert við þessa lýsingu. Engin gögn séu um að menn hafi vefengt eða efast um mörk jarðarinnar. Ef litið sé til legu jarðarinnar sjáist að ekkert ósamræmi sé í landamerkjalýsingu miðað við aðrar fjallajarðir. Engin ástæða sé til að ætla að eigendur Ásólfstaða hafi byggt landamerkjalýsingu sína á öðrum heimildum en eigendur nágrennajarðanna. Gerðar hafi verið ráðstafanir að lögum varðandi Ásólfstaði, allt land jarðarinnar veðsett og landið norðan afréttargirðingar leigt og síðar selt.

Elsta heimild um Ásólfstaði er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Ásólfstaða er einnig getið í jarðabókum frá 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Ásólfstaða.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í sóknarlýsingu séra Guðmundar Vigfússonar frá 1841. Þar kemur fram að Hvammsá skilji að Ásólfstaða- og Skriðufellsland.

Landamerkjum jarðarinnar er fyrst lýst heildstætt í landamerkjabréfi, dags. 1. mars 1890. Þar lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Fyrst ræður lækur sem rennur í Þjórsá fyrir framan Bringu; frá lækjarupptökunum er sjónhending sunnan vert fremri Blakkdal við Þverá; svo ræður Þverá inni Hannesargljúfur; þá ræður gljúfrið meðan það nær til; þaðan er sjónhending í Grjótá um Kistu; svo ræður Grjótárgljúfur meðan það endist; svo sjónhending þaðan í mynnið á Víðigili; þaðan sjónhending í Brunaskógshæð; þaðan sjónhending í Seljatungusporð; svo ræður Hvammsá þangað til hún kemur í Sandá; svo Sandá fram í Þjórsá, svo Þjórsá fram á móts við áður nefndan læk.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 2. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Lýsingar á landamerkjum Ásólfstaða er þannig að finna í heimildum frá 1841 og 1890. Sú eldri er mjög takmörkuð en í samræmi við þá yngri svo langt sem hún nær.

Að Ásólfstöðum liggja Hagi, Fossnes, afréttur Flóa- og Skeiðamanna, Skriðufell og landsvæði í Rangárvallasýslu, sunnan við Þjórsá. Jarðirnar Hagi og Fossnes liggja vestan við Ásólfstaði. Landamerkjabréf Haga er dags. 3. júní 1887 og þingl. „sumarið 1887“. Fyrirsvarsmenn Ásólfstaða

og Haga árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf Ásólfstaða og Fossness eru bæði árituð sama dag, 1. mars 1890, af Einari Gestssyni vegna Höskuldar Jónssonar sem eiganda annars vegar Fossness og hins vegar Ásólfstaða. Þeim er þinglýst 2. júní 1890. Austan við Ásólfstaði liggur jörðin Skriðufell. Landamerkjabréf hennar er dags. 1. mars 1890 og þingl. 2. júní 1890. Fyrirsvarsmenn Ásólfstaða og Skriðufells árita hvor um sig landamerkjabréf hins.

Á landamerkjabréfi Ásólfstaða er sá ágalli að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna lands í Rangárvallasýslu og afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Við mat á þýðingu bréfsins er nauðsynlegt að kanna hvort efni þess fær samrýmst gögnum um merki þeirra landsvæða sem áritanir skortir fyrir. Jarða- og hreppamörk í Þjórsá eru þó svo glögg frá náttúrunnar hendi að þau verða ekki talin valda vafa.

Um norðurmörk jarðarinnar, við afrétt Flóa og Skeiðamanna, er fjallað í máli nr. 6/2000. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að landamerkjalyking Ásólfstaða frá 1890 hafi hlotið staðfestingu forsvarsmanna afréttar Flóa- og Skeiðamanna með setningu fjárskilareglugjörðar, nr. 75/1895, sbr. 2. gr. þar sem vísað er í landamerkjaskrár og forna venju að því leyti sem mörkum er ekki lýst í ákvæðinu. Eldri, óyggjandi gögn um landamerki afréttarins að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 6/2000.

Árið 1912 er reist afréttargirðing yfir jörðina og í kjölfarið greiðir fjallskilasjóður Flóa- og Skeiðahreppa leigu til eigenda Ásólfstaða, sbr. gögn um greiðslu landleigu á árunum 1924-1925 og 1927. Þá festir Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa kaup á landi Ásólfstaða norðan afréttargirðingar árið 1965.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Ásólfstaða er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Gnúpverjahreppi.

Í kjölfar þess að landamerkjalyg taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Ásólfstaði. Ekki verður annað séð en að því beri saman við einu eldri heimildina um landamerki jarðarinnar, frá 1841, enda þótt takmörkuð sé. Jafnframt hefur landamerkjabréfið hlotið staðfestingu fyrirsvarsmanna allra aðliggjandi jarða í Gnúpverjahreppi. Þá eru mörk jarðarinnar í Þjórsá ekki til þess fallin að valda vafa. Loks virðist lýsing á mörkum afréttar Flóa- og Skeiðamanna í reglugjörðinni frá 1895 m.a. vísa til landamerkjalykingar Ásólfstaða frá því fimm árum áður.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Ásólfstaða sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 1. mars 1890. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Haga, Fossness og Skriðufells eru einnig þinglesin. Fjárskilareglugjörðir 1895 og síðar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Ásólfstaðajarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar, sem á bréfinu eru, verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ásólfstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér hafi þýðingu. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til þess hluta jarðarinnar Ásólfstaða sem hér er til meðferðar. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6, án þess þó að tekin sé afstaða

til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ásólfstaða, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 1. mars 1890 og að því leyti sem það er til meðferðar í þessu máli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.4. Fossnes

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlenduálagningin liggja í norðausturmörkum þess lands sem samkvæmt landamerkjalyýsingu frá 1. mars 1890 telst innan landamerkja jarðarinnar Fossnes og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Hjalta Gunnarssyni, þinglýstum eiganda jarðarinnar um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Gnúpverjahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar í kafla 3.3.

Fossnes er ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnassýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Fossnes er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Fossnes er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Fossnes.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 1. mars 1890. Þar lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Að suðaustan ræður Þjórsá allt að Djáknasteini; þaðan sjónhending í vörðu á suðvestasta hnúknum á Hellnaholti; þaðan sjónhending í hætta hnúkinn á Hellnaholti; þaðan sjónhending í Innri Skálhól, þaðan sjónhending í hæstu vörðu á Vörðukinn, þaðan sjónhending í Bognakar, þaðan sjónhending í Rauðafoss vestast í Seljadal, þaðan sjónhending í Rauðafoss vestast í Seljadal [svo], þaðan sjónhending í Grjótármynni, svo ræður Þverá fram í Þjórsá.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 2. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Fossnesi liggja Hamarsheiði, afréttur Flóa- og Skeiðamanna, Ásólfstaðir, Hagi, Stórinúpur og Minninúpur. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Fossnes er áritað um samþykki vegna afréttarins og framangreindra jarða utan Ásólfstaða en sami eigandi var þá að Fossnesi og Ásólfstöðum.

Um mörk Fossnes við afrétt Flóa- og Skeiðamanna er nánar fjallað í máli 6/2000. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að landamerkjalyýsing jarðarinnar fái vel samrýmst landamerkjabréfi afréttarins, dags. 27. september 1887 og þingl. 2. júní 1890. Eldri gögn um landamerki afréttarins að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 6/2000.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Fossnes er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Gnúpverjahreppi. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Fossnes sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 1. mars 1890. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlenduálagningin íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Fossnes. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Fossness frá 1. mars 1890, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.5. Hagi

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggji norðan þess lands sem samkvæmt landamerkjalyýsingu frá 3. júní 1887 telst innan landamerkja jarðarinnar Haga og taki ekki til lands innan þeirra. Af hálfu fjármálaráðherra f.h. ríkisins er því enginn ágreiningur gerður um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Gnúpverjahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. en engum kröfum hefur verið lýst af hálfu þinglýstra eigenda jarðarinnar.

Hagi er ein þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Haga er frá 1595 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Haga er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Haga.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 3. júní 1887. Þar lýsa „umráðamaður“, „ábúandi“ og „meðeigandi“ jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Að sunnan og austan ræður Þjorsá, að norðan innri lækurinn, er rennur í Þjorsá fyrir framan Bringu, og bein stefna þaðan og vestur yfir fjallið á framanverðan fremri Blakkdal; ræður svo Þverá landamerkjum að vestan þar til hún fellur í Þjorsá. Svo kölluð Hagaey í Þjorsá, er að miklu leiti liggur fyrir Hagalandi, fylgir öll jörðinni.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið „sumarið 1887“ og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Melhaga og Haga I og II.

Að Haga liggja Fossnes, Ásólfstaðir og landsvæði í Rangárvallasýslu, handan við Þjorsá. Landamerkjabréf Haga er áritað um samþykki vegna framangreindra jarða í Gnúpverjahreppi en jarða- og sýslumörk í Þjorsá þykja ekki til þess fallin að valda vafa.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Haga er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Gnúpverjahreppi. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Haga sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 3. júní 1887. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlenduakrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Haga. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Haga frá 3. júní 1887, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.6. Hamarsheiði

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggji í norðurmörkum þess lands sem samkvæmt landamerkjalyýsingu frá 1. mars 1890 telst innan landamerkja jarðarinnar Hamarsheiðar og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og

Guðbjörgu Kolbeinsdóttur o.fl., þinglýstum eigendum Hamarsheiðar I, og Erlendi Jóhannssyni, þinglýstum eiganda Hamarsheiðar II, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Gnúpverjahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýstra eigenda Hamarsheiðar I-II í kafla 3.4.

Hamarsheiði (I-II) er meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998.

Elsta heimild um Hamarsheiði er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Hamarsheiðar er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Hamarsheiðar.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 1. mars 1890. Þar lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Fyrst ræður Hamarsheiðargil frá því er það kemur í Tunguá upp fyrir vaðið á gilinu fyrir framan bæinn á Hamarsheiði; þaðan er sjónhending í suðvestasta hnúkinn á Hellnaholti; þaðan sjónhending í Innri Skálhól; þaðan sjónhending í hæstu vörðu á Vörðukinn; þaðan sjónhending í Bognakarl; þaðan sjónhending í Rauðafoss; þaðan sjónhending í vörðu á vestri bakka Tunguár; svo ræður Tunguá að mynninu á Hamarsheiðargili.

Jörðin Ásar í sama hreppi á Selland í Hamarsheiðarlandi, fyrir innan Lómsstaðagil.

Mörk á Sellandinu eru: Tunguá að vestan frá Lómsstaðagili inni Þverbreknagljúfur; þaðan sjónhending í Bognakarl; þaðan sjónhending í slakkann milli Fagurhóls og Vörðukinnar, þaðan sjónhending í Lómsstaðagil; svo ræður Lómsstaðagil vestur í Tunguá.

Eigendur Hamarsheiðar og Ása hafa komið sjer saman um að ef Ásabóndi ekki notar Sellandið til Selstöðu, þá sje honum þar heimil fjárbeit vor, haust og vetur eptir þörfum; en að því leyti sem má nota Sellandið til slægna, þá skipti ábúendur beggja jarðanna því á milli sín til helminga.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 2. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Hamarsholt, Hamarsheiði I og II og Víðihlíð.

Að Hamarsheiði liggja Stóra-Mástunga, afréttur Flóa- og Skeiðamanna, Fossnes, Stórinúpur, Minninúpur og Ásar. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Hamarsheiðar er áritað um samþykki vegna afréttarins og allra framangreindra jarða.

Um mörk Hamarsheiðar við afrétt Flóa- og Skeiðamanna er nánar fjallað í máli 6/2000. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að landamerkjalysing jarðarinnar fái vel samrýmst landamerkjabréfi afréttarins, dags. 27. september 1887 og þingl. 2. júní 1890. Eldri gögn um landamerki afréttarins að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 6/2000.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Hamarsheiðar er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Gnúpverjahreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Hamarsheiðar sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 1. mars 1890. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til Hamarsheiðar.

Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hamarsheiðar frá 1. mars 1890, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.7. Laxárdalur

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja í norðausturmörkum þess lands sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 16. júní 1884 telst innan landamerkja jarðarinnar Laxárdals og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Högna Guðnasyni o.fl., þinglýstum eigendum Laxárdals I, og Herði Harðarsyni o.fl., þinglýstum eigendum Laxárdals II, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Gnúpverjahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýstra eigenda Laxárdals I-II í kafla 3.5.

Laxárdalur I og II eru meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnassýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Laxárdal er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Laxárdals (Laxárbakka) er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppböðinu 16. júní 1790 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Laxárdals.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 16. júní 1884. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

Að vestan ræður Laxá. Að norðan ræður bein lína úr háfjallinu hjá Kaldbak, sem kallað er Nál og austur í Lambafell. Að austan ræður bein lína suður um vestur brún Hrutafells, og um Kragás; þaðan suður um austurbrún Hlíðarfjalls, sem kallað er Grenshlíð í Nónstein, sem stendur austan á fjallsbrúninni. Að sunnan ræður bein lína úr Nónsteini vestur í vörðubrotið fyrir ofan há-Grensás, og þaðan bein lína niður í Markalæk fyrir framan Brúngljúfur og úr því ræður lækurinn úti Laxá um Yðustein.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 3. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Laxárdal I og II.

Að Laxárdal liggja Sólheimar, Hörgholt og Kaldbakur í Hrunamannahreppi, handan við Stóru-Laxá, einnig afréttur Flóa- og Skeiðamanna og loks Skáldabúðir og Hlíð í Gnúpverjahreppi. Landamerkjabréf Laxárdals er áritað um samþykki vegna afréttarins, Skáldabúða, Hlíðar og Sólheima. Auk þess samþykkir presturinn í Hruna lýsingu marka „milli Hrunakróks og Laxárdals“.

Þá ber landamerkjabréfum annars vegar Laxárdals og hins vegar Kaldbaks og Hörgholts saman um að mörk séu í Stóru-Laxá enda þótt gagnkvæmar áritanir skorti.

Um mörk Laxárdals við afrétt Flóa- og Skeiðamanna er nánar fjallað í máli 6/2000. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að landamerkjabréf afréttarins, dags. 27. september 1887 og þingl. 2. júní 1890, fái vel samrýmst landamerkjabréfi jarðarinnar en það síðarnefnda er lítið eitt eldra. Er þá gert ráð fyrir að a.m.k. hluti þess lands sem áður tilheyrði jörðinni Grímsstöðum, sem landamerkjabréf afréttarins lýsir norðan við Laxárdal, hafi lagst undir Laxárdal en áfram gengið undir nafninu Grímsstaðir. Í landamerkjabréfi Laxárdals er norðurmörkum jarðarinnar lýst í samræmi við norðurmörk Grímsstaða í landamerkjabréfi afréttarins. Hér er væntanlega um að ræða Grímsstaði hina neðri en vísbendingar eru um að Grímsstaðir hinir efri hafi legið nokkru norðar þó svo ekkert verði fullyrt nánar um mögulega tilvist eða legu þeirrar jarðar. Áritun prestsins í Hruna á landamerkjabréf

Laxárdals þar sem hann samþykkir lýsingu marka „milli Hrunakróks og Laxárdals“ styður síðan framangreinda niðurstöðu um norðurmörk Laxárdals. Hrunakrókur í Hrunamannahreppi og Laxárdalur í Gnúpverjahreppi liggja hvor sínum megin við Stóru-Laxá og eiga ekki mörk saman þar sem Laxárdalur er nokkru sunnar. Áritun Hrunaprestsins á því sennilega rætur að rekja til þess að Hrunamenn höfðu gert tilkall til réttinda yfir landinu norðan Laxárdals, á móts við Hrunakrók. Eldri óyggjandi gögn um landamerki afréttarins að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 6/2000.

Greinarmunur sá sem gerður er í landamerkjabréfi afréttarins á annars vegar Laxárdal og hins vegar Grímsstöðum verður því ekki talinn hafa eignarréttarlega þýðingu.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Laxárdals er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Gnúpverjahreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Laxárdals sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 16. júní 1884. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til Laxárdals. Jafnframt benda þau gögn málsins sem hér hafa verið reifuð ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Laxárdals frá 16. júní 1884 teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.8. Minni-Mástungur

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja í norðausturmörkum þess lands sem samkvæmt landamerkjalyksingu frá 13. september 1888 telst innan landamerkja jarðarinnar Minni-Mástungna og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Ólafi Jóhannssyni o.fl., þinglýstum eigendum jarðarinnar um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Gnúpverjahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýstra eigenda jarðarinnar í kafla 3.6.

Minni-Mástungur eru meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Elsta heimild um Minni-Mástungur er í jarðabók 1686 og er jörðin þá bændaeign. Minni-Mástungna er einnig getið í jarðabókum 1695, 1709, 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Minni-Mástungna.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 13. september 1888. Þar lýsir ábúandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

1. að sunnan ræður Langagil, þartil Fossagljúfur enda að norðan, þá bein lína í Stóraskigni, þaðan bein lína í slakkan á Selfelli og úr þeim slakka í vörðu fremst á Kálfafitjafalli.
2. frá áður nefndri vörðu ræður bein lína í Kálfá á móts við Fitjagil, úr því ræður Kálfá alla leið þar til hið áður nefnda Langagil rennur í hana.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 2. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Minni-Mástungum liggja Skáldabúðir, afréttur Flóa- og Skeiðamanna, Stóra-Mástungna og Steinsholtshverfið. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð

landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Minni-Mástungna er áritað um samþykki vegna afréttarins og allra framangreindra jarða.

Um mörk Minni-Mástungu við afrétt Flóa- og Skeiðamanna er nánar fjallað í máli 6/2000. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að landamerkjalyásing jarðarinnar fái vel samrýmst landamerkjabréfi afréttarins, dags. 27. september 1887 og þingl. 2. júní 1890. Eldri gögn um landamerki afréttarins að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 6/2000.

Hér hefur að framan verið rakið hvornig Minni-Mástungna er getið í heimildum allt frá 17. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Gnúpverjahreppi. Þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum Minni-Mástungna sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 13. september 1888. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Minni-Mástungna. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Minni-Mástungna frá 13. september 1888, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig alíð 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.9. Skáldabúðir

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja í norðausturmörkum þess lands sem samkvæmt landamerkjalyásingu frá 27. febrúar 1890 telst innan landamerkja jarðarinnar Skáldabúða og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Ella R. Guðmundssyni, þinglýstum eiganda jarðarinnar, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Gnúpverjahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýsts eiganda jarðarinnar í kafla 3.7.

Skáldabúðir eru meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Skáldabúðir er í jarðabréfi frá 1678 og er jörðin þá bændaeign. Hennar er einnig getið í jarðabókum frá 1686, 1695, 1709, 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Skáldabúða.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 27. febrúar 1890. Þar lýsir umboðsmaður eiganda jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

1. Milli Skáldabúða og Steinsholts ræður bein lína úr Nónsteini í gil austan í Moldás, sem ræður mörkum niður í Kálfá.
2. Milli Skáldabúða og Mástungna ræður Kálfá inni Fitargil;
3. Milli Skáldabúða og Flóamannafrjettar ræður Fitargilið uppí Þrengslin, og svo úr þeim bein lína vestur í Vatnsás, og úr honum aptur bein lína í Hrútafells hornið að norðan.
4. Milli Skáldabúða og Laxárdals ræður bein lína út Hrútafellshorni að norðan suður í Kraganýpu, og svo úr henni bein lína í Nónstein.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 2. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að Skáldabúðum liggja Laxárdalur, afréttur Flóa- og Skeiðamanna, Minni-Mástungur og Steinsholt. Landamerkjabréf Skáldabúða er áritað um samþykki vegna afréttarins og framan-

greindra landa utan Steinsholts en hins vegar er landamerkjabréf Steinsholtshverfisins (fyrir Steinsholt, Bala og Austurhlíð), dags. 28. maí 1888 og þinglesið „sumarið 1888“, með áritun af hálfu Skáldabúða.

Um mörk Skáldabúða við afrétt Flóa- og Skeiðamanna er nánar fjallað í máli 6/2000. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að landamerkjalysing jarðarinnar fái vel samrýmst landamerkjabréfi afréttarins, dags. 27. september 1887 og þingl. 2. júní 1890. Eldri gögn um landamerki afréttarins að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 6/2000.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Skáldabúða er getið í heimildum allt frá 17. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Gnúpverjahreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Skáldabúða sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 27. febrúar 1890. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð án teljandi frávika og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til jarðarinnar Skáldabúða. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Skáldabúða frá 27. febrúar 1890 teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.10. Skriðufell

Landamerkjabréf fyrir jörðina Skriðufell er gert 1. mars 1890 og verður efni þess tekið upp hér síðar. Árið 1938 kaupir Skógrækt ríkisins jörðina. Sama ár gera annars vegar Skógrækt ríkisins og hins vegar hreppsnefndir sjö hreppa í Flóa og á Skeiðum með sér makaskiptasamning þar sem Skógrækt ríkisins lætur af hendi land Skriðufells norðan afréttargirðingar í skiptum fyrir afréttarland Flóa- og Skeiðamanna í Þjórsárdal. Þetta landsvæði nefnist nú „hluti afréttar“ í fasteignabók sýslumannsins á Selfossi. Makaskiptasamningurinn er svohljóðandi:

Hreppsnefndir Skeiðahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjahrepps, Sandvíkurhrepps, Stokkseyrarhrepps og Eyrarbyggðahrepps annarsvegar og Skógrækt ríkisins hinsvegar gjöra hér með svofeldan makaskiptasamning:

1. Hreppsnefndir ofanefndra hreppa selja og afsala Skógrækt ríkisins afréttarlönd sín í Þjórsárdal innan eftirfarandi takmarka: Allt land austan girðingar þeirrar, sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtsskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi fyrir land það, sem um getur í 2. grein.
2. Skógrækt ríkisins selur og afsalar ofangreindum hreppsnefndum allar heiðar og öll lönd Skriðufells í Gnúpverjahreppi ofan og vestan fyrrnefndrar girðingar og girðingarinnar fyrir Flóa- og Skeiðamannaafrefti fyrir land það, sem um getur í 1. grein.

Hér verður fjallað um Skriðufell eins og jörðinni er lýst í áðurnefndu landamerkjabréfi frá 1890. Landsvæði það, sem afsalað var með framangreindum makaskiptasamningi 1938, er hins vegar formlega séð til meðferðar í máli nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannaafreftur, og eignarréttarleg staða þess er því ekki til efnislegrar úrlausnar í þessu máli. Samhengis vegna verður þó fjallað um það hér að því marki sem saga svæðisins er samofin sögu jarðarinnar að öðru leyti.

Afréttargirðingin var reist árið 1912 og liggur milli Fossár og Stóru-Laxár, m.a. yfir land Skriðufells. Nánar tiltekið liggur girðingin frá því skammt norður af Gæsafit, yfir Litla-Dímon,

þaðan á Þrengslasand og loks beina stefnu á Seljatungur. Landsvæðið norðan við girðinguna er nýtt sem afréttur Flóa- og Skeiðamanna en sá hluti Skriðufells, sem þar liggur, hefur ekki verið formlega lagður til afréttar samkvæmt lögum um afréttamálefni og fjallskil.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan fylgi afréttargirðingunni yfir land sem samkvæmt landamerkjalyðingu frá 1. mars 1890 telst innan landamerkja Skriðufells. Þá lýsir sami aðili f.h. Skógræktar ríkisins kröfum um eignarland Skriðufells sunnan afréttargirðingar. Kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendu í Gnúpverjahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. en f.h. Skógræktar ríkisins sem þinglýst eiganda Skriðufells í kafla 3.1.3. Kröfur „Afréttarmálefags Flóa- og Skeiðamanna f.h. landeigenda í Flóa og á Skeiðum“ vegna þess hluta Skriðufells sem er norðan afréttargirðingar og þannig inni á kröfuvæði ríkisins eru bæði settar fram í máli nr. 6/2000 og 7/2000 en afstaða til þeirra er tekin í máli 6/2000 og vísast þangað um það atriði. Kröfum Afréttarmálefagsins er nánar lýst í kafla 3.9. Enginn ágreiningur er því um eignarréttarlega stöðu þess lands Skriðufells sem til meðferðar er í máli þessu, nr. 7/2000, þ.e. landið sunnan afréttargirðingar.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að landamerkjabréf Skriðufells sé einhliða og merkin dregin langt inn til öræfa. Að þessu leyti skeri landamerkjabréf bæði Ásólsstaða og Skriðufells sig frá landamerkjabréfum annarra fjallajarða í hreppnum. Kröfulína ríkisins sé dregin í gegnum Skriðufell eftir mati á skilum heimalands og útlendis en þar sé einmitt afréttargirðing. Merki þessi séu nálægt þeirri 400 metra hæðarlínu sem íslenska ríkið telji eiga hér við miðað við aðstæður á hálandisbrún, sbr. dómafordæmi um staðhætti, viðáttu og gróðurfar. Um sé að ræða afréttarsvæði sem hafi verið innlimað í yfirráðasvæði jarðarinnar með landamerkjalyðingu. Ljóst sé að á síðari tímum hafi eingöngu verið höfð af þessu landi afréttarnot, fyrst hafi landið verið leigt til afréttar Flóa og Skeiða og það síðan selt. Þetta sé í samræmi við að landsvæðið hafi varla nokkurn tímann verið talið til heimalands jarðarinnar. Jörðin sé í ríkiseigu að óbyggðamörkum.

Af hálfu Afréttarmálefags Flóa- og Skeiðahreppa er því haldið fram að þar sem ríkið hafi viðurkennt landamerkjabréf einnar jarðar þurfi sérstök rök að koma til ef ekki eigi að viðurkenna landamerkjabréf annarrar. Þá verði ekkert land úrskurðað þjóðlenda nema krafa sé um það gerð. Sá sem dragi í efa gildi fyrirbyggjandi eignarheimilda beri alfarið sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Landamerkjaskrá jarðarinnar hafi ekki verið vottuð af öllum tilskildum aðilum og sýslumaður hafi ekki sinnt eftirlitsskyldu sinni. Langt sé um liðið og farið hafi verið eftir þessum merkjum og gengið út frá þeim í viðskiptum. Álykta verði sem svo að sýslumaður hafi ekki séð neitt athugavert við þessa lýsingu. Engin gögn séu um að menn hafi vefengt eða efast um mörk jarðarinnar. Ef litið sé til legu jarðarinnar sjáist að ekkert ósamræmi sé í landamerkjalyðingu miðað við aðrar fjallajarðir. Engin ástæða sé til að ætla að eigendur Skriðufells hafi byggt landamerkjalyðingu sína á öðrum heimildum en eigendur nágrennajarðanna. Gerðar hafa verið ráðstafanir að lögum varðandi Skriðufell, land jarðarinnar veðsett og landið norðan afréttargirðingar leigt og síðan selt.

Elsta heimild um Skriðufell er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Skriðufells er einnig getið í jarðabók frá 1686 en virðist skömmu síðar hafa lagst í eyði af völdum Heklugoss. Jarðarinnar er og getið í jarðabók frá 1709 og er þá komin í byggð á ný. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Skriðufells.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í sóknarlýsingu séra Guðmundar Vigfússonar frá 1841. Þar kemur fram að Skriðufellsland liggja á milli Hvammsár að vestan og Sandár að austan.

Fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 1. mars 1890. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum þannig:

Að vestan ræður Hvammsá innað Seljatunguhæð; þaðan er sjónhending í Brunaskógshæð, þaðan sjónhending í Víðigilsmyggi, þaðan sjónhending neðst í Grjótárgljúfur; svo ræður Grjótá austur í Sandá,

svo Sandá í hellustein austan undir Dimon, svo úr þeirri hellu sjónhending í Sandvikið fyrir vestan Kolviðarhól; svo ræður Þjórsá vestur í Sandármynni.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 2. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Vísbendingar eru um að á því landsvæði, sem þar er afmarkað, hafi verið byggð til forna en lagst í eyði eins og víðar í Þjórsárdal eða verið flutt til að einhverju leyti.

Lýsingar á landamerkjum Skriðufells er þannig að finna í heimildum frá 1841 og 1890. Sú eldri er mjög takmörkuð en í samræmi við þá yngri að því marki.

Að Skriðufelli liggja Ásólsstaðir, sá hluti afréttar Flóa- og Skeiðamanna í Þjórsárdal sem afsalaður var Skógrækt ríkisins 1938 og landsvæði í Rangárvallasýslu sunnan við Þjórsá. Jörðin Ásólsstaðir liggur vestan við Skriðufell. Landamerkjabréf Ásólsstaða er dags. 1. mars 1890 og þingl. 2. júní 1890. Fyrirsvarsmenn Skriðufells og Ásólsstaða árita hvor um sig landamerkjabréf hins.

Á landamerkjabréfi Skriðufells er sá ágalli að það hefur ekki hlotið formlega staðfestingu fyrirsvarsmanna lands í Rangárvallasýslu og afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Við mat á þýðingu bréfsins er nauðsynlegt að kanna hvort efni þess fær samrýmst gögnum um merki þeirra landsvæða sem áritanir skortir fyrir. Jarða- og hreppamörk í Þjórsá eru þó svo glögg frá náttúrunnar hendi að þau verða ekki talin valda vafa.

Um norður- og austurmörk jarðarinnar, við afrétt Flóa- og Skeiðamanna, er fjallað í máli 6/2000. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að landamerkjalyking Skriðufells frá 1890 hafi hlotið staðfestingu forsvarsmanna afréttar Flóa- og Skeiðamanna með setningu fjárskilareglugjörðar nr. 75/1895, sbr. 2. gr. þar sem vísað er í landamerkjaskrár og forna venju að því leyti sem mörkum er ekki lýst í ákvæðinu. Eldri, óbyggjandi gögn um landamerki afréttarins að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 6/2000. Þó er sömu mörkum lýst að litlu leyti í sóknarlýsingu 1841 þar sem Skeiðamannaafreittur er sagður byrja fyrir innan Sandá og er sú lýsing í ágætu samræmi við landamerkjalykingu Skriðufells.

Árið 1912 er afréttargiðingin lögð yfir jörðina og í kjölfarið greiðir fjallskilasjóður Flóa- og Skeiðahreppa leigu til eigenda Skriðufells, sbr. gögn um greiðslu landleigu á árunum 1924-1926. Þá festa hrepparnir sjö í Flóa og á Skeiðum kaup á landi Skriðufells norðan afréttargiðingar með áður nefndum makaskiptasamningi árið 1938.

Hér að framan hefur verið rakið hvernig Skriðufells er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Gnúpverjahreppi. Auk þess liggur fyrir að byggð hefur til forna verið umtalsverð í Þjórsárdal, þ. á m. innan landamerkja Skriðufells.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Skriðufell. Ekki verður annað séð en að því beri saman við einu eldri heimildina um landamerki jarðarinnar, frá 1841, enda þótt takmörkuð sé. Jafnframt hefur landamerkjabréfið hlotið staðfestingu fyrirsvarsmanna þeirrar einu jarðar sem liggur að henni, þ.e. Ásólsstaða. Þá eru mörk jarðarinnar í Þjórsá ekki til þess fallin að valda vafa. Loks virðist lýsing á mörkum afréttar Flóa- og Skeiðamanna í reglugjörðinni frá 1895 m.a. vísa til landamerkjalykingar Skriðufells frá því fimm árum áður.

Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Skriðufells sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 1. mars 1890. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf Ásólsstaða er einnig þinglesið. Fjárskilareglugjörðir 1895 og síðar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Skriðufells hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Þeir formlegu ágallar, sem á bréfinu eru, verða því ekki taldir hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Skriðufell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hér greinir á milli Skriðufells og annarrar fornrar byggðar í Þjórsárdal þar sem ekkert liggur fyrir um afmörkun eða yfirfærslu beins eignarréttar. Svo sem fram hefur komið hafa innan merkja jarðarinnar skv. landamerkjabréfinu frá 1. mars 1890 varðveist munnmæli um tilvist nokkurra þeirra jarða í Þjórsárdal sem síðar lögðust í eyði og rústir verið staðreyndar á a.m.k. tveimur stöðum. Mögulegt er að innan merkja jarðarinnar hafi áður verið hjáleigur, bæjarstæði hennar flutt til eða aðliggjandi jarðir keyptar. Þetta er því ekki til þess fallið að draga úr eignarréttarlegri þýðingu og sönnunargildi landamerkjabréfsins um raunveruleg eignarmörk jarðinnar Skriðufells. Þá verður ekki verður annað séð en að eignarhald að Skriðufelli hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engin gögn liggja fyrir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til þess hluta jarðarinnar Skriðufells sem hér er til meðferðar. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Skriðufells, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 1. mars 1890 og að því leyti sem það er til meðferðar í þessu máli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.11. Stóru-Mástungur

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að þjóðlendulínan liggja í norðausturmörkum þess lands sem samkvæmt landamerkjalýsingu frá 13. september 1888 telst innan landamerkja jarðarinnar Stóru-Mástungna og taki ekki til lands innan þeirra. Enginn ágreiningur er því með fjármálaráðherra f.h. ríkisins og Haraldi Bjarnasyni o.fl., þinglýstum eigendum Stóru-Mástungna I, og Herði Bjarnasyni, þinglýstum eiganda Stóru-Mástungna II, um eignarréttarlega stöðu þessa lands. Kröfum íslenska ríkisins í Gnúpverjahreppi er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum þinglýstra eigenda Stóru-Mástungna I-II í kafla 3.8.

Stóru-Mástungur I og II eru meðal þeirra jarða sem taldar eru upp í tilkynningu óbyggðanefndar, dags. 1. mars 1999, þegar norðurhluti Árnessýslu var tekinn til meðferðar. Ástæða er því til að gera sérstaka grein fyrir athugun óbyggðanefndar á jörðinni, sbr. rannsóknarreglu 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Elsta heimild um Stóru-Mástungur er í jarðabók 1597 og er jörðin þá eign Skálholtskirkju. Stóru-Mástungna er einnig getið í jarðabókum 1686, 1695 og 1709. Jörðin er seld undan Skálholtskirkju á stólsjarðauppboðinu 14. ágúst 1788 og kemst þá í einkaeigu. Hennar er jafnframt getið í jarðabókum 1847 og 1861. Í þessum heimildum er ekkert fjallað um landamerki Stóru-Mástungna.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar er að finna í landamerkjabréfi, dags. 13. september 1888. Þar lýsir eigandi jarðarinnar landamerkjum hennar þannig:

1. Að sunnanverðu ræður Tungá frá því hún rennur í Kálfá, alla leið inná hinn svonefnda fremri Krók norðan við Þverbreknagljúfur.
2. Af fremri króknum ræður bein stefna í vörðu fremst á Kálfafitjarfjalli, á móts við svo kallað Fitjagil.
3. Frá áður nefndri vörðu ræður bein stefna í slakkan, á Selfelli, þaðan beint í Stóraskignir og frá Stóraskigni bein stefna í endan á Fossagljúfrinu, síðan ræður Langagil alla leið í Kálfá, þá Kálfá þar til Tungá rennur í hana, eins og segir í 1. málsgrein.

Landamerkjabréf þetta er þinglesið 2. júní 1890 og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Jörðinni hefur síðar verið skipt upp í Stóru-Mástungur I og II.

Að Stóru-Mástungum liggja Minni-Mástungur, afréttur Flóa og Skeiðamanna, Hamarsheiði, Ásar og Steinholt. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf Stóru-Mástungna er áritað um samþykki vegna afréttarins og allra framangreindra jarða.

Um mörk Stóru-Mástungna við afrétt Flóa- og Skeiðamanna er nánar fjallað í máli 6/2000. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að landamerkjalysing jarðarinnar fái vel samrýmst landamerkjabréfi afréttarins, dags. 27. september 1887 og þingl. 2. júní 1890. Eldri gögn um landamerki afréttarins að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 6/2000.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Stóru-Mástungna er getið í heimildum allt frá 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.2. Jafnframt eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Gnúpverjahreppi. Þá benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum Stóru-Mástungna sé rétt lýst í landamerkjabréfi, dags. 13. september 1888. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Svo sem að framan greinir tekur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins ekki til Stóru-Mástungna. Jafnframt benda þau gögn málsins, sem hér hafa verið reifuð, ekki til annars en að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Stóru-Mástungna frá 13. september 1888, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig alíð 7. gr., laga nr. 58/1998.

11.12. Gnúpverjaafréttur

Hinum upprunalega Gnúpverjaafrétti má nú skipta í tvo hluta. Að norðanverðu er landsvæði sem frá fornu fari og fram á þennan dag hefur verið nýtt sem afréttur Gnúpverja. Að sunnanverðu er hins vegar landsvæði sem áður tilheyrði afréttinum en hreppsnefnd Gnúpverjahrepps seldi Einari Benediktssyni 1916, þ.e. landsvæði sem auðkennt hefur verið sem Búrfell og Skeljafell. Þetta svæði liggur í Þjórsárdal austan Fossár og afmarkast nánar tiltekið þannig: Þjórsá í Fossá og Raudá, síðan Raudá að Sandafelli (að Raudárgljúfri) og þaðan beina línu í Þjórsá, neðan við graslendi Sandafells. Einar framseldi kaupsamning sinn til fossafélagsins Titans 1917 sem á árunum 1951-1952 seldi réttindi sín íslenska ríkinu. Við stofnun Landsvirkjunar 1965 lagði ríkissjóður síðan fram tiltekin lands- og vatnsréttindi til Landsvirkjunar, þ.m.t. á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu.

Í þeirri umfjöllun, sem hér fer á eftir, verður þó fjallað um Gnúpverjaafrétt að meðtöldu Búrfells- og Skeljafellssvæðinu. Umfjöllun um hið síðarnefnda nær þó einungis til ársins 1965 þegar framangreindur sameignarsamningur er gerður en um tímann eftir það vísast til kafla 12. þar sem réttindi Landsvirkjunar eru til umfjöllunar og þar með talið eignarréttarleg staða þess svæðis nú. Eignarréttarleg niðurstaða hér einskorðast því við Gnúpverjaafrétt í núverandi mynd og að frátöldu landinu sem ráðstafað var árið 1916.

Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að Gnúpverjaafréttur allur, skv. framangreindri afmörkun, verði viðurkenndur þjóðlenda í eigu íslenska ríkisins en viðurkenndur er réttur afréttareigenda til allra lagalegra afréttarnota og réttur Landsvirkjunar til þeirra afnota lands á syðsta hluta afréttarins sem samningar hafa verið gerðir um. Þá eru einnig viðurkennd óbein eignarréttindi Landsvirkjunar á afréttinum, norðan við Búrfell og Skeljafell. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1.

Af hálfu Gnúpverjahrepps og eigenda tilgreindra jarða í hreppnum er gerð sú aðalkrafa að Gnúpverjaafréttur, með öllum gögnum og gæðum, verði úrskurðaður fullkomið eignarland að

undanskildu því landsvæði sem Gnúpverjahreppur seldi undan afréttinum til Einars Benediktssonar árið 1916 og íslenska ríkið keypti af Titanfélaginu 1951-1952. Kröfum Gnúpverjahrepps og eigenda tilgreindra jarða í hreppnum er nánar lýst í kafla 3.10.

Um kröfugerð og sjónarmið Landsvirkjunar á svæðinu og úrlausn óbyggðanefndar þar að lútandi vísast til kafla 3.11., 9. og 12.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að hvorki hafi verið sannað að landsvæði innan landamerkjna Gnúpverjaafréttar hafi verið numið í öndverðu né að um óslitið eignarhald teljist vera að ræða. Landsvæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að því leyti sem til slíks réttar kunnir að hafa stofnast sé hann nú niður fallinn. Íslenska ríkið hafi ekki viðurkennt beinan eignarrétt að Gnúpverjaafrétti. Sá sem haldi fram beinum eignarrétti þurfi að sanna sitt mál. Um sé að ræða sams konar landsvæði og Landmannaafrétt.

Af hálfu Gnúpverjahrepps og eigenda tilgreindra jarða í hreppnum er því haldið fram að landamerkjabréf séu fullgildar heimildir um eignarlönd og merki þeirra. Sá sem dragi í efa gildi eignarheimilda hafi alfarið sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Ekki verði gerðar strangari kröfur til upplýsinga, gerðar eða frágangs eignarheimilda eftir því hvar landsvæði sé. Ríkið hafi hvorki gert athugasemd við þinglýsingu landamerkjna afréttarins né séð tilefni til athugasemda við þinglýst landamerki hans síðar þrátt fyrir skýr ákvæði landamerkjalaga um frumkvæði og eftirlit af þess hálfu í þessum efnum. Þá hafi fjölmargir samningar verið gerðir um kaup á landi og fossum í eigu Gnúpverja á Gnúpverjaafrétti. Af þessum samningum megi sjá að litið hafi verið á Gnúpverjaafrétt sem fullkomið eignarland og hann verið nýttur eftir því sem tilefni hafi gefist til. Nýting afréttarins renni traustum stöðum undir eignarrétt fyrir venjurétt og hefð.

Skriflegar heimildir og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu á syðsta hluta Gnúpverjaafréttar, þ.e. í austanverðum Þjórsárdal. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 eru talin upp 13 eyðibýli í Þjórsárdal og voru fimm þeirra austan Fossár: Sámstaðir, Skeljastaðir, Steinastaðir, Stöng og Leppar. Fjórir þessara bæja eru líklega þeir sem í sömu heimild eru sagðir hafa verið í afréttinum og merki þá sjáanleg um. Þjórsárdalur er talinn hafa farið í eyði í Heklugosi 1104. Í Jarðabók Árna og Páls er komist svo að orði að öll þessi eyðilönd séu nú „almennings afrettur, milli Þjórsár og Fossár Eystra Hrepps, og vestur frá Fossá að Stóru Laxá Flóamanna og Skeiða, og er engin önnur brúkun á þessum löndum.“

Í Þjórsárdal voru mörg skógaritök, flest í eigu Skálholtsstóls en nokkur í eigu einstakra jarða eða Hólastóls. Elstu heimildir þar að lútandi eru í máldaga Hrunakirkju sem talinn er frá 1331. Af skrá um skóga í Þjórsárdal frá síðari hluta 16. aldar má ráða að allmörg þessara itaka hafi verið í dalnum austanverðum.

Jarðabók Árna og Páls er elsta skriflega heimild um Gnúpverjaafrétt. Greint er frá því að jarðir í sveitinni eigi afrétt „átölulaust og tollfrí um lánan aldur, á eyðilöndum þeim, sem liggja upp frá bygðinni í þessum hrepp, millum Þjóssár og Fossár“. Þessi lýsing og framangreind umfjöllun Jarðabókarinnar í tengslum við Þjórsárdal eru fyrstu lýsingarnar á landamerkjum afréttarins.

Á 19. öld kom upp ágreiningur milli annars vegar Flóa- og Skeiðamanna og hins vegar Gnúpverja sem varðaði kröfur og sjónarmið um sameignarhald á afréttum þessara aðila. Sættir tókust með Sandlækjarsamningi 1843, sem síðar var fylgt frekar eftir með reglum sem settar voru á fundi að Stóra-Núpi 17. júní 1850 og staðfestar með lítills háttar breytingum að Hjálmholti 10. júní 1851. Þess ber að geta að samkvæmt 5. gr. Sandlækjarsamningsins var slægjum í svonefndum Eysteinsvötnum ráðstafað til ábúandans í Skáldabúðum. Nýr samningur virðist hafa verið gerður að Stóra-Núpi 17. júní 1890 en um svipað leyti var farið að setja fjallskilareglugerðir.

Um mörk afréttarins er næst fjallað í sóknarlýsingu séra Guðmundar Vigfússonar, prests á Stóranúpi, frá 1841. Þar kemur fram að Gnúpverjaafréttur liggir fyrir innan Fossá, milli hennar og Þjórsár, og nái inn að Dalsá.

Í landamerkjabréfi Gnúpverjaafréttar, dags. 24. apríl 1890, er mörkum lýst þannig:

Frá Þjorsá ræður Fossá að upptökum sínum norðaustanvert við Lambafell, þaðan er bein stefna í Örfæhjúk, þaðan hæst í Flóamanna-öldu, þaðan í toppinn á Arnarfelli, síðan ræður Þjorsá þar til Fossá kemur í hana fyrir neðan Búrfell.

Bréfið er þinglesið 2. júní 1890 og fært í landamerkjabók sýslumanns. Það er áritað um samþykki fyrirvarsmanna afréttar Flóa og Skeiða.

Í 1. gr. fjárskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjorsár og Hvitár (Ölfusár) í Árnassýslu, nr. 75/1895, er Gnúpverjaafréttur skilgreindur sem svæðið milli Fossár og Þjorsár. Þar segir jafnframt að um afréttarmörk fari að öðru leyti eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Samhljóða ákvæði er að finna í reglugerðum um sama efni nr. 79/1902, 99/1916, 107/1934, 163/1953 og 380/1975 sem í gildi var til 1996.

Í fjallskilasamþykkt fyrir Árnassýslu austan vatna, nr. 408/1996, sem tók við af framangreindri fjallskilareglugerð, nr. 380/1975, og enn gildir, segir m.a. svo í 2. gr.:

Afréttur Flóa- og Skeiðamanna afmarkast að vestan af áður nefndri línu milli hans og Hrunamanna-afréttar, en að austan ræður Fossá og síðan drög hennar og lína um Örfæhjúk og Flóamannaöldu í hæstu gnípu Arnarfells. Afréttur Gnúpverja afmarkast að vestan af sömu línu, en af Þjorsá að austan. Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju.

Lýsingar á landamerkjum Gnúpverjaafréttar er þannig að finna í misjafnlega ítarlegum heimildum frá 1709, 1841 og 1890. Ekkert í þeim stangast hins vegar á.

Að Gnúpverjaafrétti liggur afréttur Flóa- og Skeiðamanna til vestur, þar með talið núverandi landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjorsárdal, land austan og norðan Þjorsár og Háöldukvíslar í Eyjafjarðarsveit, Ásahreppi og Holta- og Landsveit, og loks Hofsjökull til norðurs.

Landamerkjabréf Gnúpverjaafréttar er áritað um samþykki fyrirvarsmanna afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Við mat á þýðingu þeirrar lýsingar sem þar kemur fram er samt sem áður nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins og afréttar Flóa- og Skeiðamanna, sbr. umfjöllun í kafla 10.6 um afrétti og sönnunarkröfur óbyggðanefndar í því sambandi.

Mörk í Þjorsá og Háöldukvísl eru glögg frá náttúrunnar hendi og við þau miðað allt frá fyrstu heimildum um merki afréttarins. Háöldukvísl er meginupptökukvísl Þjorsár úr Hofsjökli og þegar hún mætir Fjórðungskvísl sameinast þær í Þjorsá. Þá verða mörk afréttarins við Hofsjökul ekki talin valda vafa.

Lýsing landamerkjabréfsins á vesturmörkum við Flóa- og Skeiðamannaafrétt er í samræmi við framangreindar lýsingar á vesturmörkum Gnúpverjaafréttar í eldri gögnum og fjallskilareglugerðum á tímabilinu 1895-1996, svo langt sem þær lýsingar ná. Auk þess er í reglugerðunum frá upphafi vísað að öðru leyti í landamerkjaskrá og forna venju. Núgildandi fjallskilareglugerð, nr. 408/1996, lýsir einnig vesturmörkum á sama hátt og landamerkjabréfið. Þá er í máli nr. 6/2000 komist að þeirri niðurstöðu að gögn um merki Flóa- og Skeiðamannaafréttar bendi ekki til annars en að mörkum afréttanna sé rétt lýst í umræddu landamerkjabréfi, dags. 24. apríl 1890.

Í kafla 6.11. er gerð ítarleg grein fyrir ráðstöfunum og nýtingu á vatnsréttindum, landi, jarðefnum og veiði á Gnúpverjaafrétti, þ.m.t. í Þjorsárdal, sem fram fór á 20. öld og vísast þangað um það efni.

Hér hefur að framan verið rakið hvernig Gnúpverjaafréttar er getið í skriflegum heimildum frá upphafi 18. aldar. Af þeim verður ráðið að um afrétt hafi þá verið að ræða án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.4.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf það fyrir Gnúpverjaafrétt sem áður er getið. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum afréttarins sé þar

rétt lýst. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Frá því að fyrstu heimildir greina hefur Gnúpverjaafréttur, þó að undanskildum Þjórsárdal, verið nýttur til sameiginlegrar sumarbeitar fyrir búpening. Þeim afnotum lauk þó endanlega á syðsta hluta afréttarins þegar hann var friðaður fyrir sauðfjárbreit árið 1938. Óbyggðanefnd telur lýsingu Landnámu ekki styðja þann skilning að Gnúpverjaafréttur, norðan Þjórsárdals, hafi legið innan upphaflegs landnáms í hreppnum.

Saga Þjórsárdals, og þar með syðsta hluta landsvæðis þessa, er nokkuð frábrugðin sögu afréttarins að öðru leyti. Telja verður að það svæði hafi legið innan upprunalegs landnáms í hreppnum. Fornleifarannsóknir hafa staðreynt forna byggð í Þjórsárdal en stærstur hluti hennar sýnist hafa farið í eyði árið 1104 og ekki byggst á ný. Þá er getið um skógaritök einstakra jarða á umræddu svæði í heimildum allt frá 1331. Undir lok 17. aldar virðist ekki lengur hafa verið unnt að nýta umrædd itök og helst það nokkuð tímalega séð í hendur við endalok búsetu í Þjórsárdal. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er afréttur sagður vera „á eyðilöndum þeim, sem liggja upp frá bygðinni í þessum hrepp, millum Þjóssár og Fossár“. Þar segir jafnframt að á afrétti þessum hafi að fornu fjórir bæir verið en þeir séu „af fallnir fyrir manna minni, þeirra feðra og föðurfeðra“. Fram á 20. öld virðist sá hluti Þjórsárdals, sem liggur austan Fossár, einvörðungu hafa verið nýttur til sameiginlegrar sumarbeitar fyrir búpening sem hluti af Gnúpverjaafrétti. Þeirri nýtingu lýkur árið 1938 þegar Þjórsárdalur er friðaður fyrir sauðfjárbreit.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig Gnúpverjahreppur og/eða einstakar jarðir í hreppnum eru komin að því landsvæði í Þjórsárdal sem hér er til umfjöllunar. Ekkert liggur fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem ótvírætt sýnist að stofnað hafi verið til á umræddu landsvæði í öndverðu. Samhengi eignarréttar og sögu liggur þannig ekki fyrir. Réttindi tengd þeim jörðum sem þarna kunna að hafa verið, eru því niður fallin.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til Gnúpverjaafréttar hafi í öndverðu orðið til á þann veg að íbúar á landsvæði Gnúpverjahrepps hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Verður ekki gerður greinarmunur á landi í Þjórsárdal, syðst á afréttinum, og öðru landi hvað það varðar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnur var falið að annast framkvæmd á.

Innan þeirra marka afréttarins, sem tilgreind eru 1890, hafa búfjáreigendur í Gnúpverjahreppi í gegnum tíðina haft hefðbundin afréttarnot undir umsjón hreppsins á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust.

Kemur þá til skoðunar hvaða þýðingu ráðstafanir og nýting á vatnsréttindum, landi, jarðefnum og veiði á 20. öld hafi í málinu.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, telur óbyggðanefnd að beinn eignarréttur jarðeigenda í Gnúpverjahreppi eða eftir atvikum Gnúpverjahrepps hafi ekki verið fyrir hendi frá öndverðu og að þau takmörkuðu not, sem sýnt hefur verið fram á að höfð hafi verið af landinu, þ.e. fyrst og fremst beitarafnot, geti ekki grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan, sbr. kafla 10.3. Samningar og afsöl hreppsnefndar á vatnsréttindum ásamt fleiru til Titans h/f árið 1914, kaupsamningur sama aðila við Einar Benediktsson um Búrfell og Skeljafell í afréttinum árið 1916 eða afsal réttinda samkvæmt þeim samningi til Titans h/f árið 1923, fá ekki breytt þeirri eignarréttarlegu stöðu eða stöðu þeirra sem leiða rétt sinn frá afsalsgjöfum.

Í því sambandi ræður ekki úrslitum þótt gerningum þessum hafi verið þinglýst og réttindi Titans seinna orðið hluti af kaupum íslenska ríkisins á vatnsréttindum á stærra svæði enda gat ekki falist í þeim víðtækari eignarréttur afsalshafa til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Verður ekki

talið að íslenska ríkið hafi með þeim kaupum viðurkennt beint eða óbeint eignarrétt hreppsins yfir afréttarlandinu. Hefur og komið fram að af hálfu ríkisvaldsins var þinglýsing skjala um viðskipti þessi mótmælt við þinglýsingardómara á þeim grundvelli að vatnsréttindi á landsvæðum í óbyggðum, þar sem bændur eiga sumarheit, væru almenningseign.

Jafnframt telur óbyggðanefnd að eignarréttur jarðeigenda í Gnúpverjahreppi eða Gnúpverjahrepps verði ekki byggður á aðild Gnúpverjahrepps að framsali og nýtingu jarðefna, fyrst og fremst vikurs. Sama máli gegnir um þá sem leiða rétt sinn frá þeim. Orðalag einstakra samninga getur engum úrslitum ráðið um tilvist og/eða viðurkenningu grunneignarréttinda sem skv. framangreindu eru ekki talin hafa verið fyrir hendi og ræður aðild ríkisins engum úrslitum í því efni. Er og ekki að finna í neinum tilvitnaðra samninga beina og skýra viðurkenningu íslenska ríkisins á tilvist slíkra réttinda heldur er aðild ríkisins nánast undantekningarlaust bundin fyrirvörum um meinta eignaraðild annarra samningsaðila að landi og jarðefnum. Þess utan fæst ekki séð að einstakir aðilar geti byggt rétt á mögulegri og óljósri viðurkenningu einstakra handhafa framkvæmdavalds. Þá er til þess að líta að upplýsingar og heimildir um raunverulega nýtingu efnisnáma í landi Gnúpverjaafréttar eru óljósar og ekki með þeim hætti, með tilliti til tíma, umráða og umfangs, að mögulegt sé að til takmarkaðra réttinda geti hafa stofnast á grundvelli hefðar. Þinglýsing samnings 1911 ræður engum úrslitum í þessu efni enda gat ekki falist í honum viðtækari réttur en sannanlega var á hendi hreppsfélagsins.

Gögn um nýtingu, ráðstöfun og arðtöku vegna veiði fyrir umræddu landi eru einnig án þýðingar við mat á þeim beinu eignarréttarlegu heimildum sem Gnúpverjahreppur og jarðeigendur í hreppnum krefjast sér til handa. Að frátaldrí færslu í kassabók hreppsins frá 1912 varða umrædd gögn lögskipti eftir dóm Hæstaréttar Landmannaafreitt, H 1955 108, og gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 53/1957, þegar tekin voru af um það tvímæli að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn þó svo ekki lægi fyrir sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði. Allt frá gildistöku vatnalaga 1923 og til þessa tíma var að lögum nokkur réttaróvissa fyrir hendi varðandi veiðirétt afréttarhafa enda kveðið á um það í lögum að öllum væri veiði heimil á afréttum, almenningum og öðrum lendum utan eignarlanda sem engin gæti sannað „einstaklingsréttarheimild“ að, sbr. t.d. 2. mgr. 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 112/1941, sem löggin frá 1957 leystu af hólmi, sbr. nú 5. gr. gildandi laga um sama efni, nr. 76/1970. Þá telur óbyggðanefnd óupplýst með hvaða heimild Gnúpverjahreppur hefur á síðari tímum talið sig bærán til þess að ráðstafa veiði í Fossá í Þjórsárdal, þ.e. fyrir því sama landi og hreppurinn seldi árið 1916. Það atriði kemur þó ekki til frekari skoðunar í þessu sambandi enda engar kröfur gerðar vegna þess af hálfu Gnúpverjahrepps eða jarðeigenda í sveitarfélaginu.

Við sölu Búrfells- og Skeljafellssvæðisins 1916 áskilur Gnúpverjahreppur sér „rjett til uppreksturs og afrjettarnotkunar á hinni seldu landsspildu endurgjaldslaust svo lengi sem það kemur ekki í bága við starfrækslu kaupanda eða þeirra, sem hann framselur rjett sinn á landinu“. Ljóst er að slík nýting hefur ekki farið fram á því landi a.m.k. frá friðun svæðisins 1938 og myndi vera ósamrýmanleg núverandi starfrækslu á svæðinu auk þess sem um hana er ekki gerð krafa í málinu. Engin afréttarnot í formi beitarréttar eru því lengur fyrir hendi á því svæði sem að öðru leyti verður nánar fjallað um í 12. kafla úrskurðarins.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talinn falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldrí hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. laga gr. laga nr. 58/1998, að frátöldu landi því sem selt var 1916, og telst því allt afréttur í skilningi tilvitnaðrar lagagreinar. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi að öðru leyti mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Af hálfu Gnúpverjahrepps og eigenda jarða í hreppnum hefur því ekki verið sannað að sá hluti Gnúpverjaafréttar, sem hér er til úrlausnar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með

öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða. Á sömu forsendum verður talið að Búrfells- og Skeljafellssvæðið, sem selt var undan afréttinum með kaupsamningi, dags. 28. júlí 1916, hafi þá verið utan eignarlanda og að minnsta kosti fram til ársins 1965. Eignarréttarleg staða þess á síðari tíma er hins vegar til frekari umfjöllunar í kafla 12. um Landsvirkjun.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.6., að Gnúpverjaafréttur svo sem hann er afmarkaður hér á eftir teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Frá þeim stað þar sem Rauða kemur í Fossá eftir Fossá að upptökum hennar norðaustanvert við Lambafell, þaðan er bein stefna í Örafahnúk, þaðan hæst í Flóamanna-öldu, þaðan að jaðri Hofsjökuls í stefnu á toppinn á Arnarfelli hinu mikla og með fram jökuljaðrinum þar til kemur að Háöldukvísl. Hinni síðastnefndu er fylgt í Þjórsá. Síðan er Þjórsánni fylgt þar til kemur neðan við graslendi Sandafells. Þaðan er tekin bein lína yfir að Rauða við Sandafell (Rauðárgljúfur) og síðan Rauða í Fossá svo sem áður sagði.

Um mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Hofsjökli er það að segja að óbyggðanefnd telur að ákvarða þurfi þau til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Ljóst er að jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi. Álitæfnið horfir þó að sjálfsögðu öðruvísi við þegar um eignarland er að ræða.

Sama landsvæði er afréttur Gnúpverjahrepps í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur Gnúpverjahrepps eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. einnig auglýsingu nr. 507/1987 og nánari skilgreiningu í náttúruuminjaskrá: „Friðland í Þjórsáverum“, og „Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá“.

11.13. Landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal

Í máli nr. 6/2000 er fjallað um afrétt Flóa- og Skeiðamanna. Þar er þó ekki til úrlausnar eignarréttarleg staða þess lands í Þjórsárdal sem áður taldist til afréttarins en hreppsnefndir sjö hreppa í Flóa og á Skeiðum afsöluðu til Skógræktar ríkisins 1938 í skiptum fyrir land Skriðufells ofan afréttar-girðingar. Í makaskiptasamningnum sem er ódagsettur en mótttekinn til þinglýsingar 31. ágúst 1938 og þinglýst 30. júní 1939, er ofanverðum vesturmörkum „afréttarlanda“ hreppanna í Þjórsárdal lýst þannig að um sé að ræða „allt land austan girðingar þeirrar, sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtsskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi ...“

Hér verður fjallað um landsvæði það í Þjórsárdal sem kom í hlut Skógræktar ríkisins í framan-greindum makaskiptum 1938.

Kröfulína íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að landsvæði þetta sé að öllu leyti þjóðlenda, sjá nánar í kafla 3.11. Ótvírætt sé af orðalagi makaskiptaafsals Skógræktar ríkisins að um sölu á afréttarlandi hafi verið að ræða. Heimildir um almenningsskóga á þessu landsvæði séu því einnig til stuðnings að landið sé ekki undirorpið beinum eignarrétti. Heimildir um byggð í Þjórsárdal bendi til þess að landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu en beinn eignarréttur hafi fallið niður eftir að viðkomandi jarðir féllu úr byggð og urðu eigendalausar. Af hálfu ríkisins, sem jafnframt fer með forsva

og aðild vegna Skógræktarinnar, er viðurkenndur „réttur Skógræktar ríkisins til uppgræðslu svæðisins“. Engar aðrar kröfur eru gerðar vegna þessa landsvæðis.

Í máli nr. 6/2000 er samhengis vegna fjallað um afrétt Flóa Skeiðamanna, eins og hann var afmarkaður allt fram til umræddra makaskipta á árinu 1938, að því marki sem saga Þjorsárdals er samofin sögu afréttarins að öðru leyti. Óhjákvæmilegt er þó að rekja hér helstu staðreyndir og ályktanir um eignarréttarlega stöðu svæðisins fram til makaskiptanna 1938.

Skriflegar heimildir og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu í Þjorsárdal og þar norður af. Hér er m.a. um að ræða það svæði sem afsalað var Skógrækt ríkisins 1938 og jaðra þess. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru þannig talin upp nöfn átta bæja sem virðast hafa verið í Þjorsárdal, vestan Fossár, fyrr á öldum. Fornleifarannsóknir styðja þetta og benda jafnvel til að þeir hafi verið fleiri. Ber hér sérstaklega að geta Sandártungu sem mest hefur verið rannsökuð. Talið er að byggð í Þjorsárdal hafi að mestu lagst niður í kjölfar Heklugoss 1104. Þó mun jörðin Sandártunga ekki hafa farið endanlega í eyði fyrr en eftir Heklugosið 1693.

Í Þjorsárdal voru mörg skógaritök, flest í eigu Skálholtsstóls en nokkur í eigu einstakra jarða. Eru elstu heimildir hér að lútandi í máldaga Hrunakirkju sem talinn er frá 1331. Þá eru til skrár sama efnis frá síðari hluta 16. aldar og byrjun þeirrar 17.

Frá því fyrstu áreiðanlegu heimildir greina hefur afréttur Flóa- og Skeiðamanna, að undanskildum Þjorsárdal, verið nýttur til sameiginlegrar sumarþeirrar fyrir búþening.

Saga Þjorsárdals, svæðisins milli Fossár og Skriðufellslands, er nokkuð frábrugðin sögu afréttarins að öðru leyti. Telja verður að það hafi legið innan upprunalegs landnáms, a.m.k. syðri hlutinn. Fornleifarannsóknir hafa staðreynt forna byggð í Þjorsárdal en stærstur hluti hennar sýnist hafa farið í eyði árið 1104 og ekki byggst á ný. Frá því eru þó undantekningar, sbr. jörðina Sandártungu sem ekki fer endanlega í eyði fyrr en 1693. Þá er getið um skógaritök einstakra jarða á umræddu svæði í heimildum allt frá 1331. Undir lok 17. aldar virðist ekki lengur hafa verið unnt að nýta umrædd itök og helst það nokkuð, tímalega séð, í hendur við endalok búsetu á þessu landsvæði. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er svæðið frá Fossá að Stóru-Laxá sagt „almennings afrjettur“ Flóamanna og Skeiða, og „engin önnur brúkun á þessum löndum“. Í Jarðabókinni greinir einnig frá því að skógar fram af Eystra hrepp séu kallaðir Almenníngur, og að þangað sæki Hreppa-, Skeiða- og Flóamenn. Eftir þennan tíma og fram á 20. öld virðist Þjorsárdalur einvörðungu hafa verið nýttur til sameiginlegrar sumarþeirrar fyrir búþening sem hluti af afrétti Flóa- og Skeiðamanna. Beitarnotum lýkur árið 1912 þegar reist er afréttargirðing frá Fossá yfir að Stóru-Laxá.

Landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjorsárdal liggur á milli syðsta hluta Gnúpverjaafréttar, þ.e. Búrfells- og Skeljafellssvæðisins, og jarðarinnar Skriðufells. Þjorsá afmarkar svæðið til suðurs og norðan við það er afréttur Flóa- og Skeiðamanna.

Í kafla 11.12. hér að framan, sbr. einnig mál nr. 6/2000, er komist að þeirri niðurstöðu að merki Gnúpverjaafréttar og Flóa- og Skeiðamannafréttar séu í Fossá. Þá er í kafla 11.10., sbr. einnig mál nr. 6/2000, komist að þeirri niðurstöðu að merkjum Skriðufells og afréttar Flóa- og Skeiðamanna sé rétt lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. mars 1890 og þingl. 2. júní 1890. Norðurmörk eru með fram afréttargirðingu þeirri sem tilgreind er við sölu landsins 1938 og suðurmörk í Þjorsá eru glögg frá náttúrunnar hendi. Samkvæmt þessu eru merki landgræðslusvæðis Skógræktar ríkisins nánar tiltekið með eftirfarandi hætti: Með fram girðingu þeirri sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtsskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi. Þaðan suður eftir Fossá og síðan Þjorsá þar til kemur að Sandvíkinu fyrir vestan Kolvíðarhól. Þaðan sjónhending í hellusteini austan undir Dímon og síðan Sandá að framangreindri girðingu.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir og/eða sveitarfélög í Flóa og á Skeiðum eru komin að því landsvæði í Þjorsárdal sem hér er til umfjöllunar. Ekkert liggur því fyrir um afmörkun eða yfirlærslu þeirra beinu eignarréttinda sem ótvírætt sýnist að stofnað hafi verið til á umræddu landsvæði í öndverðu.

Svo sem ítarlega er rakið í máli nr. 6/2000 hefur ekki verið sýnt fram á annað en að réttur til afréttar Flóa- og Skeiðamanna hafi orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa í Flóa og á Skeiðum hafi tekið afréttarlandið til sumarþeirra fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Verður ekki gerður greinarmunur á landi í Þjórsárdal og öðru landi hvað þá niðurstöðu varðar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Hafa búfjáreigendur í Flóa og á Skeiðum haft hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppanna og síðar Afréttarmálaafélagsins, á sama hátt og gildir um samnotafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust.

Svo sem rakið er með ítarlegum hætti í kafla 6.11., 6.12. og 11.12. og að sínu leyti í máli nr. 6/2000 áttu sér stað á fyrstu áratugum síðustu aldar ákveðnar ráðstafanir, fyrst og fremst á vatnsréttindum, landi og jarðefnum en engin gögn liggja hins vegar fyrir um nýtingu Flóa og Skeiðamanna á veiði á og fyrir því landi sem hér er sérstaklega til skoðunar.

Óbyggðanefnd telur að beinn eignarréttur jarðeigenda í Flóa- og á Skeiðum eða þeirra hreppsfélaga sem Skógrækt ríkisins leiðir rétt sinn yfir umræddu landsvæði frá hafi ekki verið fyrir hendi frá öndverðu og að þau takmörkuðu not sem sýnt hefur verið fram á að höfð hafi verið af landinu, þ.e. fyrst og fremst beitarafnot, geti ekki grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan, sbr. kafla 10.3. Samningar og afsöl hreppsnefndar á vatnsréttindum og landi til Titans h/f árið 1914, samningur um námuvinnslu frá 1911 og afsal á umrædds afréttarlands í Þjórsárdal árið 1938 fá ekki breytt þeirri eignarréttarlegu stöðu eða stöðu þeirra sem leiða rétt sinn frá afsalsgjöfum.

Í því sambandi ræður ekki úrslitum þótt gerningum þessum hafi verið þinglýst og réttindi Titans seinna orðið hluti af kaupum íslenska ríkisins á vatnsréttindum á stærra svæði enda gat ekki falist í þeim víðtækari eignarréttur afsalshafa til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Verður ekki talið að íslenska ríkið hafi með þeim kaupum viðurkennt beint eða óbeint eignarrétt hreppanna yfir afréttarlandinu. Hefur og komið fram að af hálfu ríkisvaldsins var þinglýsingu skjala um viðskipti þessi mótmælt við þinglýsingardómara á þeim grundvelli að vatnsréttindi á landsvæðum í óbyggðum þar sem bændur eiga sumarþeit, væru almenningseign.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því ótvírætt sú, sbr. og forsendur máls nr. 6/2000, að ósannað sé að á árinu 1938 hafi sveitarfélög í Flóa og á Skeiðum eða jarðeigendur í þeim sveitarfélögum verið beinir eigendur þess lands í Þjórsárdal sem hér til umfjöllunar og afsalað var Skógrækt ríkisins það ár. Þvert á móti hafi verið um samnotafrétt viðkomandi aðila að ræða.

Kemur þá til skoðunar hverja þýðingu athugasemdaleaus þinglýsing afsalsins, 30. júní 1939, og síðari ráðstafanir og nýting Skógræktar ríkisins, ríkisins sjálfs og/eða annarra aðila á landinu og náttúrugæðum þess frá þeim tíma hafa fyrir eignarréttarlega stöðu þess.

Hvaða athugasemdaleausa þinglýsingu makaskiptaafsalsins varðar þá er það niðurstaða óbyggðanefndar, með hliðsjón af fyrri nýtingu og eignarréttarlegri stöðu landsins, að afsalið fái ekki grundvallað beinan eignarrétt yfir landsvæðinu. Í því sambandi ræður ekki úrslitum þótt afsalinu hafi verið þinglýst án athugasemda enda gat ekki falist í því víðtækari eignarréttur afsalshafa til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Er og sérstaklega tekið fram í afsalinu að um „afréttarland“ innan tilgreindra marka sé að ræða.

Þess utan telur óbyggðanefnd allan vafa leika á því að umrædd sveitarfélög í Flóa- og á Skeiðum hafi, sem sveitarfélög/lögpersóna, verið til þess bær að ráðstafa réttindum þeim sem fyrir hendi eru á samnotafrétti. Svo sem nánar er rakið hér að framan sbr. og í máli nr. 6/2000 brestur alla sönnun fyrir því að viðkomandi sveitarfélög séu komin að umræddu landi fyrir kaup eða sambærileg aðilaskipti heldur sé þvert á móti um það að ræða að rétturinn til afréttarins hafi eftir atvikum orðið til með því að íbúar/jarðeigendur á viðkomandi landsvæði hafa tekið viðkomandi landsvæði, til sumarþeirra fyrir búþening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota, sbr. og nánari

umfjöllun í kafla 10.4.4. Þau takmörkuðu réttindi sem um er að ræða í formi afréttareignar viðkomandi aðila voru þannig formlega séð ekki á hendi viðkomandi sveitarfélaga hvað sem líður stjórn-sýslulegu hlutverki þeirra varðandi afnot og nýtingu afréttarins. Alla sönnun brestur því fyrir því að Skógrækt ríkisins hafi við makaskiptin 1938 öðlast nokkur réttindi á umræddu landsvæði í Þjórsárdal.

Undir rekstri málsins freistaði óbyggðanefnd þess, sbr. og rannsóknarskylda nefndarinnar skv. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, að afla gagna um það með hvaða hætti nýtingu svæðisins hefur verið háttað á umráðatíma Skógræktar ríkisins eða frá árinu 1938.

Kemur þá í fyrsta lagi til skoðunar aðild Skógræktarinnar að samningum um vikurnám en þar er nánar tiltekið um að ræða aðild að tveimur samningum frá árunum 1956 og 1965. Skógrækt ríkisins sýnist ekki hafa átt beina aðild að öðrum samningum um vikurnám en ekki er að fullu ljóst hvort og þá að hvaða marki síðari samningum um vikurnám á svæðinu, sem ríkið stóð að og nánari grein er gerð fyrir í kafla 6.11 og að sinu leyti í máli 6/2000, hefur verið ætlað að ná til þessa landsvæðis.

Í öðru lagi var það upplýst að gefnu tilefni og í samræmi við eftirgrennslan óbyggðanefndar að á árunum 1948-1980 hefði nokkuð verið plantað og sáð af lúpínu á svæðinu, í takmörkuðum mæli þó. Þá var upplýst um uppgræðslusamning Skógræktarinnar, Landgræðslunnar, Vegagerðar ríkisins, Landsvirkjunar og Gnúpverjahrepps frá árinu 1983, sem ekki hefði þó verið staðið við að fullu. Loks hefur verið gerður leigusamningur, dags. 13. desember 2000, milli Skógræktarinnar og Skógarsjóðsins um uppgræðslu á svæðinu en ekki mun vera byrjað að vinna eftir þeim samningi.

Í þriðja lagi var það upplýst að ekki væri til þess vitað að sérstaklega hefðu verið greidd fasteignagjöld af umræddu svæði en af hálfu forsvarsmanna Skógræktarinnar væri litið svo á að líklega hefði verið „skipt á sléttu 1938“ og umrætt land í Þjórsárdal þá komið í stað fjalllendis Skriðufells.

Í fjórða lagi hafa verið lagðir fram í málinu samningar um ráðstöfun veiði í Fossá, með aðild Skógræktar ríkisins sem leigusala. Eru þau skriflegu gögn sem varða aðild Skógræktarinnar að slíkri ráðstöfun veiði frá árinu 1960 og síðar.

Í fimmta lagi gerðu Skógrækt ríkisins og Landsvirkjun með sér samning um að Landsvirkjun greiddi Skógrækt ríkisins bætur vegna lagningar Búrfellslínu 3A í gegnum land Skógræktarinnar í Skriðufelli í Þjórsárdal.

Í sjötta lagi er svo um að ræða sundlaug sem Landsvirkjun reisti í landi Skógræktarinnar og nánar er fjallað um í kafla 12.4.8.

Óbyggðanefnd telur ekki að af samningum þessum eða þeirri nýtingu, sem fram hefur farið á grundvelli þeirra allt frá árinu 1938, verði neinar ályktanir dregnar um eignarréttindi Skógræktar ríkisins, ríkisins og eða annarra aðila. Þá er til þess að líta að upplýsingar og heimildir um raunverulega nýtingu efnisnáma, uppgræðslu og ræktun á umræddu landsvæði eru óljósar og ekki með þeim hætti, hvorki með tilliti til tíma, umráða né umfangs að mögulegt sé að til réttinda geti hafa stofnast á grundvelli hefðar á umráðatíma Skógræktarinnar. Gögn um nýtingu og ráðstöfun veiði fyrir umræddu landi eru og án þýðingar við mat á beinum eignarrétti að svæðinu.

Að sama skapi er „viðurkenning ríkisins á rétti Skógræktar ríkisins til uppgræðslu svæðisins“ án þýðingar fyrir úrlausn máls þessa enda hvorki um að ræða réttindi þau sem skv. hefðbundnum skilningi teljast til afréttareignar né réttindi þau sem varin eru af c- lið, 7. gr. laga nr. 58/1998. Af hálfu annarra aðila hafa engar kröfur verið gerðar vegna landsvæðis þessa. Er þá til þess að líta að landið hefur ekki verið nýtt sem afréttur frá fyrrnefndum makaskiptum 1938, sbr. og friðun Þjórsárdals það sama ár. Engin gögn eða heimildir liggja og fyrir um nýtingu eða tilkall Flóa- og Skeiðamanna til veiði í vötnum fyrir og á landsvæði þessu og réttarstaða þar að lútandi raunar óljós allt til lögtöku lax- og silungsveiðilaga, nr. 53/1957, sbr. og dómur Hæstaréttar í landmannaafreftarmálinu, 1955/108. Óbyggðanefnd telur í ljósi þessa að ekki fáið séð að á fyrir hendi séu nein þau réttindi sem tilgreind eru í b- og c-liðum 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem til umfjöllunar er í kafla þessum og auðkennt hefur verið sem Landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá“.

12. LANDSVIRKJUN

Í eftirfarandi kafla verður fyrst gerð grein fyrir þeim einkaréttarlegu samningum og heimildum sem Landsvirkjun hefur átt aðild að með beinum eða óbeinum hætti, fyrirtækið byggir kröfur sínar á og þýðingu hafa fyrir mat á réttarstöðu þess á þessu svæði. Þá verður gerð grein fyrir þeirri löggjöf sem á hverjum tíma hefur tekið til starfsemi og réttinda Landsvirkjunar og fyrirtækið vísar til um réttindi sin. Að því búnu verður grein gerð fyrir hinum almenna þætti í niðurstöðum óbyggðanefndar og loks ákvörðuð sérstaklega réttarstaða fyrirtækisins á því svæði sem mál þetta tekur til.

12.1. Einkaréttarlegar heimildir

Hér koma til skoðunar þau réttindi sem afhent hafa verið Landsvirkjun á grundvelli sameignar-samninga eigenda fyrirtækisins og þeirra samninga sem þar búa að baki. Þá verður gerð grein fyrir þeim samningum sem fyrirtækið hefur gert um greiðslu bóta og/eða annars konar innlaun réttinda í víðtækri merkingu. Fyrir ályktunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þeirra er síðan grein gerð í kafla 12.4.1.

12.1.1. Vatnsréttinda- og landsölusamningar

Í byrjun 20. aldar var mikið um sölu á vatns- og landsréttindum á Suðurlandi. Voru þá m.a. seld þau vatnsréttindi sem Gnúpverjahreppur, Skeiðahreppur og hrepparnir í Flóa, töldu sig eiga á afréttum sínum auk þess sem seldur var hluti af afrétti Gnúpverja, m.a. Búrfell og Skeljafell eins og fyrr hefur verið rakið.

12.1.1.1. Sala Gnúpverjahrepps á vatnsréttindum í Gljúfurleitafossi, Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá; Háafossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingaárfossi í Geldingaá

Um sölu þessara réttinda er ítarlega fjallað í kafla 6.11. og vísast þangað.

12.1.1.2. Sala á eignarhlut Flóa- og Skeiðamanna í Háafossi og Hjálparfossi

Á fundi sem haldinn var að Húsatóptum 6. janúar 1909 var Guðmundi Lýðssyni bónda á Fjalli veitt umboð af hreppsnefndinni í Skeiðahreppi. Segir svo í umboðinu:

Hreppsnefndin í Skeiðahreppi gjörir kunnugt: að hún með þessu skjali felur herra Guðmundi Lýðssyni bónda á Fjalli á Skeiðum að sjá um og gjöra samninga um leigu eða sölu á þeim helmingi af Háafossi og Hjálparfossi báðum liggjandi í Fossá, er Skeiðahreppur á móts við Gnúpverjahrepp að hálfu leyti.

Jafnframt veitist nefndum Guðmundi Lýðssyni heimild til að selja eða leigja 100 faðma landræmu 600 faðma fyrir ofan Háafoss og 400 faðma fyrir neðan fossinn og 100 faðma á breidd þar með talinn árbotninn á jafnlöngu svæði.

Ennfremur má Guðmundur Lýðsson leigja eður selja landræmu við Hjálparfoss 1000 faðma á lengd 500 faðma fyrir ofan fossinn og 500 faðma fyrir neðan fossinn, þar með talinn árbotninn á jafn löngu-

svæði. Sömuleiðis skal herra Guðmundi Lýðssyni falið að fá samþykki sýslunefndarinnar í Árnessýslu ef um sölu eður leigu á áður nefndum fossum er að ræða og skal allt sem hann gerir í þessu efni hvort heldur er um undirskrift afsals að ræða eða árlega leiguupphæð vera jafngilt og öll hreppsnefndin hefði undirskrifað það. Umboð þetta má Guðmundur Lýðsson fela öðrum. Lægsta leiga eftir áðurtalin lönd má eigi vera undir 150 - eitthundrað og fimmtíu krónum á ári meðan leigutaki notar fossana. En ef um sölu verður að ræða þá má söluverð eigi vera undir 3000 - þrjú þúsund krónum sem greiðist við undirskrift afsals á ofangreindum eignum.

Umboð þetta var innritað til þinglýsingar 24. júlí 1909. Guðmundur Lýðsson framseldi umboð þetta þann 25. febrúar 1909 til Gests Einarssonar og jafnframt samþykkti sýslunefnd Árnessýslu, á sýslunefndarfundi sem haldinn var dagana 26.-30. apríl 1909, beiðni Skeiðahrepps um að selja eða leigja fossana. Gestur Einarsson framseldi síðan umboð sitt þann 24. febrúar 1911 til Þorleifs Guðmundssonar sem aftur framseldi það 29. janúar 1914 til Sturla Jónssonar.

Þann 23. febrúar 1914 var gerður kaupsamningur¹ þar sem Sturla Jónsson seldi í umboði Skeiðahrepps a/s Titan eignarhlut Flóa- og Skeiðamannaafréttar í Háafossi (Hávafossi) og Hjálparfossi. Samkvæmt samningnum er hið selda:

- a. Eignarhluti seljanda í Háafossi í Fossá (helmingur af fossinum) ásamt öllu vatni og árfarvegi 600 – sex hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 400 – fjögur hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 100 – eitt hundruð – faðma breiðri landspildu af landi hreppsins (að árfarvegshluta hreppsins meðtöldum) og sé landræma þessi 1000 – eitt þúsund faðmar á lengd meðfram ánni og nái 600 – sex hundruð – faðma upp fyrir fossinn og 400 – fjögur hundruð – faðma niður fyrir hann.
- b. Eignarhluti seljanda í Hjálparfossi í Fossá (helmingur af fossinum) ásamt öllu vatni og árfarvegi 500 – fimm hundruð – faðma upp ána frá fossinum svo og með eitt hundruð faðma breiðri landspildu af landi hreppsins (að árfarvegshluta hreppsins meðtöldum) og sje landræma þessi 1000 – eitt þúsund – faðmar á lengd með fram ánni og nái 500 – fimm hundruð – faðma upp fyrir fossinn og 500 – fimm hundruð – faðma niður fyrir hann.

Kaupverðið var 3.000,00 kr. og samningurinn var innritaður til þinglesturs þann 18. maí 1914. Ekki var gerð athugasemd við þinglýsinguna af hálfu þinglýsingardómara um vanheimild.

Fulltrúar annarra hreppa, sem telja til réttinda yfir afrétti Flóa- og Skeiðamanna, komu ekki að þessari sölu. Samkvæmt þinglýstum kvittunum hafa hrepparnir þó skipt söluandvirði jafnt á milli.²

12.1.1.3. Sala Gnúpverjahrepps á Búrfelli og Skeljafelli með umhverfi til Einars Benediktssonar, þann 28. júlí 1916

Um sölu þessara réttinda er ítarlega fjallað í kafla 6.11. og vísast þangað.

12.1.1.4. Sala Ásahrepps, Holtahrepps og Landmannahrepps á vatnsréttindum í Þjórsá³

Óbyggðanefnd telur óhjákvæmilegt að gera nánari grein fyrir efni þeirra samninga, sem gerðir voru af annars vegar Landmönnum, Ásamönnum Holtamönnum og hins vegar a/s Titan, um lands- og vatnsréttindi í Þjórsá og aðliggjandi vatnsföllum að austanverðu eða til móts við Gnúpverjaafrétt.

Landmannahreppur seldi í febrúar 1914 a/s Titan eignarhluta sinn í Tröllkonufossi og Þjófafossi

1 Skjal 212.

2 Um þessi atriði er nánar fjallað í máli 6/2000.

3 Skjal nr. 130.

með milligöngu Þorleifs Guðmundssonar og Sturlu Jónssonar. Sumarið 1916 seldi svo Eyjólfur Guðmundsson, eftir umboði hreppsnefndar Landmannahrepps, Einar Benediktssyni allt vatnsafl í Þjórsá á Landmannaafrétti ásamt notkunarrétti. Einar afsalaði þeim réttindum til a/s Titans í febrúar 1919. Hinn 30. apríl 1916 seldi Eyjólfur f.h. hreppsins Einari öll réttindi yfir vatnsafl og vatnsafls-notkun í Tungnaá í Landmannaafrétti. Einar afsalaði svo þeim réttindum í hendur a/s Titans hinn 31. október 1917.

Hinn 5. ágúst 1916 seldi Ásahreppur Einari Benediktssyni vatnsaflsréttindi hreppsins í Tungnaá í Holtamannahreppi. Þeim vatnsréttindum var afsalað til a/s Titans í janúar 1918. Ásahreppur seldi svo a/s Titan þann 26. janúar 1918 eignarhlut sinn, þ.e. helming, í Gljúfurleitafoasi. Einnig seldi Ásahreppur a/s Titan allan rétt til vatns og vatnsafls í Köldukvísl til að stífla Þórisvatn og nota það sem vatnsgeymi og til að leiða Köldukvísl úr farvegi sínum eftir því sem þörf krefði. Formlegt afsal fyrir þessum kaupum var gert 13. júní 1921 þó kaupin hafi verið gerð í nóvember 1921.

Holtahreppur seldi svo Einari Benediktssyni og a/s Titan þann 10. júlí 1916 öll þau réttindi sem hreppurinn átti eða hafði heimild til á Holtamanna- og Landmannaafréttum.

12.1.1.5. Kaup Landbúnaðarráðuneytisins á réttindum a/s Titans

Þann 8. júní 1951 var undirritaður kaupsamningur¹ milli landbúnaðarráðuneytisins og a/s Titan þar sem þau réttindi, sem rakin hafa verið hér að framan, voru ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu og var kaupsamningurinn síðan áritaður um afsal til landbúnaðarráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins af skilanefnd a/s Titans þann 16. janúar 1952 og var samningurinn móttækinn til þinglýsingar þann 29. janúar 1952.

Í samningi þessum segir:

Islands landbrugsminister på den ene side og aktieselskabet Titan med værneting i Reykjavik på den anden side har indgået sådan kontrakt:

A/S Titan overdragar herved til den islandske stat alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórsá og bifloder og søer samt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som, selskabet har erhvervet; i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, desuden sælger selskabet landbrugsministeriet gården Þjótandi i Villingaholtssogn.

De rettigheder, som ifølge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter:

[Hér er síðan sleppt úr skjölum nr. 1 - 24 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

- 25. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Háifoss og Hjálparfoss í Fossá (Skeiðahreppsurs andel).

- 26. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Gljúfurleitarfoss, Tröllkonufoss og Þjófafoss í Þjórsá, Háifoss og Hjálparfoss í Fossá og Geldingaárfoss í Geldingaá (Gnúpverjahreppsurs andel).

- 27. Sköde, dateret d. 2. september 1923, angående, Búrfell og Skeljafell í Gnúpverjahreppsafréttur.

[Hér er síðan sleppt úr skjölum nr. 28 - 35 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

¹ Skjal nr. 75.

Disse dokumenter har köberen gjort sig bekendt med og ejendommene sælges med de rettigheder, som deri nævnes, således påtager köberen sig samtidig de forpligtelser som nævnte ejendomsrettigheder pålægger ejeren.

Síðan komu í samningi þessum ákvæði um kaupverð og greiðslufyrirkomulag.

12.1.2. Sameignarsamningar um Landsvirkjun

Þann 1. júlí 1965 var undirritaður samningur milli borgarstjórnar Reykjavíkur og ríkisstjórnar Íslands um Landsvirkjun.¹ Þar segir í 2. gr.:

Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:

A. Ríkissjóður:

1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.
3. Vatnaréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.
4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi.

Í 5. tölulið A-liðar var síðan fjallað um þær peningagreiðslur sem ríkissjóður lagði fyrirtækinu til og í B-lið 2. gr. var fjallað um framlag Reykjavíkurborgar.

Í þessum sameignarsamningi var ekki að finna neitt ákvæði um hve stóran eignarhluta hvor aðili ætti en í lögum nr. 59/1965 frá 20. maí 1965, um Landsvirkjun, var hins vegar í 2. mgr. 1. gr. tekið fram að hvor aðili, ríkið og Reykjavíkurborg, ætti helming fyrirtækisins.

Þann 27. febrúar 1981 var gerður nýr sameignarsamningur² vegna samkomulags eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Með samningnum gerðist Akureyrarbær sameigandi ásamt ríkisstjórn Íslands og Reykjavíkurborg.

Við samninginn lagði ríkissjóður fram 35% eignarhlut sinn í Laxárvirkjun og Akureyrarbær lagði fram 65% eignarhlut sinn í virkjuninni. Eftir þessa breytingu voru eignarhlutföll eigenda Landsvirkjunar þannig að ríkissjóður Íslands átti 48,40%, Reykjavíkurborg 45,95% og Akureyrarbær 5,65%. Þá var í þessum nýja sameignarsamning ákvæði sem heimilaði ríkissjóði að auka eignarhluta sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð 70.137.000,- nýkr. Fjárhæð þessi skyldi leiðrétt í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 42/1983 öðlaðist samningur þessi gildi 1. júlí 1983 og sameignarsamningurinn frá 1. júlí 1965 félli þá úr gildi.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Landsvirkjun sem varð síðar að lögum, nr. 42/1983, kemur fram að frumvarpið hafi verið samið af nefnd skipaðri af eigendum Landsvirkjunar og var þar samkomulag um framangreind eignarhlutföll og segir þar í athugasemdum við 1. gr.:

Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sam-

1 Skjal nr. 86.

2 Skjal nr. 87.

eignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

Þann 11. ágúst 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl.¹ Með samningnum var orkusvæði Landsvirkjunar fært þannig út að það náði til allra landshluta. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun. Jafnframt yfirtók Landsvirkjun byggðalínur og aðveitustöðvar í eigu ríkisins sem getið er um í 6. og 7. gr. samningsins. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samningsins skyldi áður en rekstur hvernar virkjunar hæfist gera samkomulag um greiðslu Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem í umráðum ríkisins voru, hvort sem um væri að ræða lögbýli í eigu ríkisins, önnur eignarlönd eða vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum. Landsvirkjun skyldi skv. 2. mgr. 3. gr. greiða ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærileg því sem almennt væri greitt vegna slíkra réttinda. Mætti endurgjaldið skv. sama ákvæði vera sem eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds. Næðu aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindin skuldbundu þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Eignarhlutur eigenda Landsvirkjunar breyttust ekkert með samningnum.

Þann 28. október 1996 var gerður samningur milli eignaraðila Landsvirkjunar um breytingu á sameignarsamningnum.² Í þeim samningi er í 1. gr. svohljóðandi ákvæði:

1. gr. samningsins orðist svo: Eignarhluti aðila í Landsvirkjun er sem hér segir:

1. Ríkissjóður Íslands	50,000%
2. Reykjavíkurborg	44,525%
3. Akureyrarbær	5,475%

Ekki voru gerðar neinar þær breytingar sem vörðuðu málefni þau sem hér eru til umfjöllunar.

12.1.3. Samningar Landsvirkjunar um bótagreiðslur

Landsvirkjun hefur gert samninga um greiðslu bóta vegna röskunar á landi og eftir atvikum skerðingu á nytjum afrétta. Verður hér fjallað um þá samninga sem gerðir hafa verið og lúta að því landsvæði sem er til umfjöllunar í máli þessu. Þá þykir rétt samhengisins vegna að gera nokkra grein fyrir þeim samningum sem Landsvirkjun hefur gert við viðkomandi afréttarhafa á virkjunarsvæðum austan Þjórsár.

12.1.3.1. Bætur vegna lagningar Hrauneyjafosslínu

Á fundi hreppsnefndar Gnúpverjahrepps þann 19. janúar 1979 var tekið fyrir erindi Landsvirkjunar, dagsett 4. janúar sama ár, varðandi erindi um háspennulínulögn frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimer í Hvalfirði. Erindinu var svarað með bréfi dagsettu 21.1.1979³ og sagði í bréfinu að hreppsnefndin teldi enga annmarka á því línustæði sem áætlað væri um afrétt Gnúpverjahrepps, svo framarlega að tryggt væri að farið yrði eftir þeim skilmálum sem getið væri í samningi þeim sem fylgdi bréfi fyrirtækisins, svo og að framkvæmdin ylli ekki truflun á búfjárbætt á afréttinum og ekki yrðu skilin eftir opin hlið á afréttargirðingum meðan á framkvæmdum stæði.

1 Skjal nr. 247.

2 Skjal nr. 88.

3 Skjal nr. 117.

Samningur sá sem hreppsnefndin vísar til var síðan undirritaður 18. júní 1979. Er skjalið reyndar með yfirskriftinni „Yfirlýsing“ og er undirritað af oddvita Gnúpverjahrepps og af forstjóra Landsvirkjunar fyrir hönd fyrirtækisins.¹

Í 1. gr. kemur fram að hreppsins vegna sé Landsvirkjun heimilt að reisa eða láta reisa 31 stauravirki, til að bera háspennta rafmagnslínu um afréttarland Gnúpverja. Í 2. gr. kemur fram heimild til að Landsvirkjun, eða þeir sem hún felur slík störf, skuli hafa óhindraðan aðgang að stauravirkjum og rafmagnslínum í landinu bæði að því er varðar byggingarframkvæmdir og venjulegt eftirlit og viðhald síðar. Þá eru í 4. gr. samningsins ákvæði um að Landsvirkjun jafni allt jarðrask, bæði við möstur og vegaslóðir og græði sárin.

Í yfirlýsingunni er ákvæði þess efnis að samkomulag það, sem í yfirlýsingunni felst, sé gert án þess að afstaða sé tekin af hálfu Landsvirkjunar varðandi eignarrétt að landinu, sbr. síðari málslið 7. gr.

Í yfirlýsingunni kemur fram í 3. gr. að Landsvirkjun hafi greitt að fullu gjald vegna þeirra réttinda sem um ræðir og að mannvirkin megi standa í landinu óátalið af hálfu hreppsins. Fyrir liggur staðfesting Landsvirkjunar á því að Gnúpverjahreppur hafi fengið greiddar þann 20. júní 1979, 620.000 (gamlar) kr. vegna Hrauneyjafosslínu, þ.e. 20.000 (gamlar) kr. fyrir hvert stauravirki.²

12.1.3.2. Bætur fyrir tjón vegna framkvæmda við Sultartangalón og -virkjun

Þann 16. maí 1986 var undirritaður að Búrfelli samningur milli Landsvirkjunar og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps varðandi bætur vegna umhverfisbreytinga af völdum Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar.³

Í samningnum kom fram í 1. gr. að hreppsnefndin væri samþykkt þeim aðgerðum sem Sultartangastífla og Sultartangavirkjun fælu í sér en áskildi sér allan rétt til bóta úr hendi Landsvirkjunar vegna þeirra breytinga eða röskunar sem þær hefðu í för með sér á nýtingu Gnúpverjaafréttar. Svo kom fram í sama ákvæði samningsins að aðilar séu sammála um að bæta skuli tjón það sem hljótist af breytingum eða röskun vegna Sultartangastíflu og Sultartangavirkjunar á nýtingu Gnúpverjaafréttar. Gert var ráð fyrir að græða þyrfti upp landsvæði sem að mati Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins næmi 80 ha framan Sandafells, sbr. 4. gr. Síðan var í 2. og 3. gr. samningsins fjallað um breytingar og viðhald á vegum og brúargerð. Þá var einnig fjallað um uppgræðslu á nýjum svæðum í stað þeirra sem færu undir vatn og að Landsvirkjun myndi kosta áburðargjöf á 27 ha svæði í Stangarfelli, sbr. 5. gr. Þá var í 6. gr. fjallað um uppgræðslu á öðru landi sem kynni að eyðileggjast og að Landsvirkjun myndi rækta upp land í stað þess sem glattist eða spillist við framkvæmdirnar. Þá var Gnúpverjahreppi afhentar skv. 5. gr. tvær „Moelven 75“ húseiningar.

Viðbótarsamningur um bætur var síðan undirritaður milli sömu aðila 29. maí 1997.⁴ Sá samningur var gerður í tilefni þess að heimilað hafði verið að hækka vatnsborð Sultartangalóns. Tekið var fram að líta bæri á samning þennan sem sjálfstæðan samning sem einkum varði röskun af völdum virkjunarinnar sem gildandi samningur á milli aðila frá 16. maí 1986 fjallaði ekki um, sbr. 1. gr.

Var í samningnum lýst þeim breytingum sem yrðu á umhverfinu við framkvæmdir vegna stækkunar lónsins og virkjunarinnar, sbr. 2. gr. Voru síðan í 4. gr. tíundaðar þær aðgerðir sem samningsaðilar voru sammála um að gera þyrfti til að draga úr tjóni eða röskun á svæðinu. Aðgerðirnar fælust einkum í frágangi á röskuðu landi við virkjunarmannvirkin, flutning fenaðar innar á afréttinn, breytingu á legu vega og gerð rafmagnsgirðingar umhverfis framkvæmdasvæðið. Þá var í 5. gr. fjallað um möguleika á því að greiða fyrir að útvega rafmagn til nota í nýjum gangnamannaskála

1 Skjal nr. 116.

2 Skjal nr. 124.

3 Skjal nr. 105.

4 Skjal nr. 104.

Gnúpverja. Loks var því lýst yfir í 6. gr. að Landsvirkjun greiði fyrir beitarland, röskun og óhagræði, skerðingu á afnotum afréttarins af völdum virkjunarinnar, flutningslína, auk annars ótilgreinds í samningi þessum vegna byggingar og reksturs Sultartangavirkjunar með eingreiðslu að upphæð 8.500.000,00 kr. sem „endanlegar fullnaðarbætur“, sbr. orðalag 6. gr. samningsins i.f.

12.1.3.3. Samningur varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á Holta- og Landmannafréttum

Gerður var samningur með undirritun þann 3. júlí 1981 milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holta- og Landmannahrepps í Rangárvallasýslu hins vegar.¹ Í 1. gr. samningsins var fjallað um að virkjunarframkvæmdir Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár hafi haft í för með sér breytingar á árfarvegum, tilkomu nýrra vatnsvega og gróðurskemmda á afréttum hreppanna. Er það síðan rakið að leitast hafi verið við að ná samkomulagi um lausn mála, ýmist í eitt skipti fyrir öll eða til lengri eða skemmri tíma. Sagði síðan að ætlunin með þessum samningi væri að leysa þessi mál í eitt skipti fyrir öll og einnig leysa hliðstæð mál sem kynnu að koma upp í framtíðinni að því er varðaði frekari framkvæmdir Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár í samræmi við fyrirbyggjandi áætlanir. Í 2. gr. samningsins var því lýst yfir af hálfu hreppanna að þeir hafi þegar komið á framfæri öllum kröfum og athugasemdum vegna byggingar og rekstrar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar og muni ekki gera frekari kröfur eða athugasemdir vegna framkvæmda, reksturs eða hugsanlegrar stækkunar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar. Loks var því lýst í 3. gr. samningsins að öllum kröfum og athugasemdum, sem settar hafi verið fram af lögmonnum hreppanna í tilefni auglýsingar iðnaðarráðuneytisins dagsettri 10. janúar 1977 og snerti hagsmuni þeirra með tilliti til framkvæmda við Sigölduvirkjun og reksturs hennar eða stækkun hennar, hafi verið komið á framfæri við Landsvirkjun og frekari kröfur eða athugasemdir yrðu ekki gerðar. Þá var því sama lýst yfir hvað varðaði framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun, rekstur hennar og hugsanlegrar stækkunar, sbr. 4. gr. Í samningnum var einnig fjallað um áætlanir Landsvirkjunar um vatnaveitur og aðrar aðgerðir sem fyrirhugaðar væru af hálfu fyrirtækisins á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár til að tryggja rekstur núverandi virkjana Landsvirkjunar og þeirra virkjana sem til greina kæmi að byggja á afréttum hreppanna samkvæmt mynsturáætlun verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Var því einnig lýst yfir af hálfu hreppanna að öllum kröfum og athugasemdum sem snertu hagsmuni þeirra hafi verið komið á framfæri við Landsvirkjun og frekari kröfur eða athugasemdir yrðu ekki gerðar.

Í 6. gr. samningsins var því lýst yfir af hálfu Landsvirkjunar að fyrirtækið skuldbindi sig til að greiða hreppunum bætur, 3.000.000,00 kr. í eitt skipti fyrir öll, vegna alls tjóns af hvaða tagi sem þeir hafi orðið fyrir til þessa vegna byggingar og reksturs stækkunar Búrfellsvirkjunar, Þórisvatnsmiðlunar, Sigölduvirkjunar, Hrauneyjafossvirkjunar og annarra framkvæmda og aðgerða á afréttum hreppanna. Þá skuldbatt Landsvirkjun sig til þess að greiða hreppunum bætur fyrir hvern hektara beitarlands sem færi undir vatn eða spilltist á annan hátt vegna miðlana, vatnaveita og annarra virkjanaframkvæmda á afréttum hreppanna.

Í sama ákvæði kom fram að samkomulag væri um að bæturnar skyldu ákveðnar af Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og miðaðar við hve háar bæturnar skyldu vera til að ná upp sama beitargildi og stofnunin teldi að svæðið hefði áður haft. Bæturnar skyldur vera að lágmarki 200 kr., en að hámarki 300 kr. á hektara miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1981 og skodast sem fullnaðarbætur í eitt skipti fyrir öll, fyrir hlutaðeigandi svæði, eins og það var orðað í samningnum. Jafnframt féllu hrepparnir frá öllum eldri kvöðum og samningum um ræktun á afréttum hreppanna, sbr. 7. gr.

Þá kom fram í 8. gr. samnings þessa að Landsvirkjun skuldbatt sig til að setja upp girðingar á afréttum hreppanna til að tryggja öryggi manna og búfjár svo og til að afréttaskil raskist ekki.

1 Skjal nr. 127.

Einnig voru ákvæði um skuldbindingu Landsvirkjunar um stuðlun laxgengdar um fossinn Búða í Þjórsá með gerð laxastiga um fossinn eða sprengingum, sbr. 9. gr. svo og um yfirlýsingu fyrirtækisins varðandi framkvæmdir við að reisa á kostnað þess aðstöðu fyrir lax- og silungsklak og kosta þar tilraunaeldi og rannsóknir, sbr. 10. gr. Miðað skyldi við að stöðin fullnægði sem næst þörfum vatnasvæða í Rangárvallasýslu.

Í samningnum var einnig að finna í 13. gr. ákvæði þar sem hrepparnir lýstu því sérstaklega yfir að téður samningur fæli í sér fullar bætur fyrir allt það tjón og óhagræði sem framkvæmdir og rekstur Landsvirkjunar til þessa hafi haft í för með sér á Holtamanna- og Landmannaafretti, svo sem á gróðri og veiði. Enn fremur staðfestu hrepparnir að samningurinn fæli í sér fullar bætur fyrir samskonar tjón og óhagræði sem þeir kynnu síðar að verða fyrir vegna framkvæmda Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í samræmi við mynsturáætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Í 14. gr. samningsins var því lýst að með samningnum sé á engan hátt tekin afstaða til ágreinings hreppanna og ríkisins um beinan eignarrétt að afréttum hreppanna eða hlunnindum innan afréttarmarka.

Í 15. gr. samningsins var svo hljóðandi ákvæði: „Hrepparnir áskilja sér rétt til sérstakra bóta fyrir sand- og malartöku Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í þágu virkjanaframkvæmda en þó aðeins að svo miklu leyti sem hreppunum kann að verða dæmdur beinn eignarréttur að hlutaðeigandi nánum.“

Samningur þessi var undirritaður með fyrirvara um staðfestingu stjórnar Landsvirkjunar og hlutaðeigandi hreppsnefnda. Sérstakt staðfestingarskjal¹ var síðan undirritað þann 24. júlí 1981 og var samningurinn staðfestur með tveim breytingum. Annars vegar var fellt niður úr 15. gr., „en þó aðeins að svo miklu leyti sem hreppunum kann að verða dæmdur beinn eignarréttur að hlutaðeigandi nánum.“ En hins vegar var bætt við viðbótartágreiðslum að fjárhæð kr. 0,2 millj. kr. til Ása- og Djúpárhreppa og 0,4 millj. kr. til Holtamanna- og Landmannahreppa.

Landsvirkjun ritaði oddvitum hreppanna bréf þann 8. júlí 1987² í tilefni þess að fiskur hefði tekið sér bólfestu í miðlunarlónum við Sigöldu, Hrauneyjafoss og Sultartanga. Var í bréfunum lýst þeirri skoðun Landsvirkjunar að spjöll á veiðiam hefði verið bættur að fullu með samkomulaginu frá 3. og 24. júlí 1981. Þá var þar fullyrt að Landsvirkjun hefði látið gera umrædd virkjunarlón og hefði öll réttindi og umráð yfir lónunum sem eignarrétti fylgdi að lögum. Kröfur Landsvirkjunar voru síðan ítrekaðar með bréfum dagsettum 3. febrúar 1992³ og í framhaldi af því var þann 2. júní sama ár haldinn fundur með fulltrúum hreppanna og Landsvirkjun. Niðurstaða fundarins var að gert var um það samkomulag að Landsvirkjun fengi leyfi fyrir tilteknum fjölda stanga í Krókslóni, Kvíslarveitum og Þórisvatni til næstu 5 ára. Þá voru aðilar sammála um að málið yrði skoðað að nýju að liðnum framangreindum tíma, sbr. fundargerð frá 2. júní 1992. Samkomulag þetta er útrunnið og var ekki endurnýjað.

12.2. Heimildir Landsvirkjunar samkvæmt lögum

12.2.1. Inngangur

Svo sem fyrr greinir hefur Landsvirkjun auk einkaréttarlegra heimilda byggt eignarréttarlegt tilkall, skv. lögum nr. 58/1998, á þeim lögbundnu heimildum sem fyrirtækinu hafa í gegnum tíðina verið veittar til byggingar og starfrækslu raforkumannvirkja í víðasta skilningi. Er því nauðsynlegt að huga nú nánar að eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar, samkvæmt þeim lagaheimildum sem fyrirtækið varða og það byggir rétt á sem og þeim leyfum sem veitt hafa verið á grundvelli viðkomandi lagaheimilda.

1 Skjal nr. 128.

2 Skjal nr. 130.

3 Skjal nr. 132.

Við nánari skoðun og mat á því hver réttindi Landsvirkjun eigi á svæði því sem til meðferðar er í máli þessu og þá eftir atvikum innan svæðis, sem úrskurðað kann að verða sem þjóðlenda í Gnúp-verjahreppi, hefur verið farið sú leið að kanna lagaheimildir og lögskýringargögn öll, umsóknir Landsvirkjunar um virkjanir og raforkumannvirki, ásamt fylgiskjölum og samsvarandi og lög-bundin leyfi ráðherra.

Hér að framan, sbr. kaflar 3.11. og 9, hefur verið gerð ítarleg grein fyrir forsendum kröfugerðar og málatilbúnaðar af hálfu Landsvirkjunar og því eignarréttarlega inntaki sem af hálfu fyrirtækisins er talið felast í þeim lagaheimildum sem um er að ræða. Þá hafa verið raktar þær lagaheimildir sem Landsvirkjun vísar til og reisir kröfugerð sína á. Óbyggðanefnd hefur rannsakað viðkomandi lagaheimildir, auk annarrar löggjafar sem hún telur málið varða. Þannig hefur nefndin kannað sérstaklega lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Þá hafa forsendur, efni og inntak þeirra leyfisveitinga, sem fram hafa farið, verið sérstaklega rannsakaðar. Með þessum hætti hefur verið leitast við að skýra heimildir Landsvirkjunar og inntak þeirra réttinda sem fyrirtækið hefur öðlast á grundvelli lagaheimilda og leyfisveitinga. Fyrir ályktunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þeirra er síðan grein gerð í kafla 12.4.2.

12.2.2. Ákvæði í lögum um orkunýtingarrétt fallvatna o.fl.

Almennt séð er það að segja um lögbundin skilyrði og heimildir til nýtingar vatnsorku að sé litið til eldri löggjafar þá hagar svo til að í vatnalögum, nr. 15/1923, eru ákvæði í 2. gr. þess efnis að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni sé á þann hátt sem lögin heimili. Í V. kafla laganna er síðan fjallað um notkun vatnsorku en í 1. mgr. 49. gr. segir:

Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

Þá er í 2. mgr. 49. gr. vatnalaga mælt fyrir um að leyfi ráðherra þurfi til að virkja hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl og megi binda leyfið skilyrðum sem ráðherra telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram eða synja um leyfið ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

Í lögum um vatnsorkusérleyfi, nr. 46/1925, var að finna í 1. mgr. 2. gr. ákvæði sem kvað á um að umráðamönnum vatnsréttinda væri eigi heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr því ef fallvatnið hefði meira en 500 eðlishestöfl.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1932, um raforkuvirki, kom fram að hver sveitar- eða bæjarstjórn hefði einkarétt til þess að stofnsetja og starfrækja innan sveitar raforkuver til almenningsþarfa önnur en vatnsorkuver. Einkarétt þennan gat sveitar- eða bæjarstjórn veitt öðrum aðilum, einstaklingum eða félögum, að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind voru nánar í lögnum, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Í lögum nr. 16/1942, um rafveitur ríkisins, kom fram að ríkisstjórninni væri heimilt að setja á stofn og starfrækja rafveitur sem vera skyldu eign ríkisins. Verkefni rafveitna ríkisins skyldu vera skv. 1. mgr. 2. gr. laganna að afla almennings í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kauptúnum eða öðrum innanhéraðsorkuveitum eða orkuveitafélögum. Samkvæmt 12. gr. laganna hafði rafveitustjóri ríkisins umsjón með fallvötnum í eigu ríkisins.

Þá var ákvæði í 1. mgr. 1. gr. raforkulaga, nr. 12/1946, sem kvað á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem stærri væru en 100 hestöfl, þó svo að ráðherra gæti skv. 4. mgr. 1. gr. laganna heimilað að fenginni tillögu frá raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi eða einstökum manni eða fyrirtæki leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja rafafliþörf sinni ef rafmagnsveitur ríkisins eða héraðsveitur gætu ekki eða óskuðu ekki að láta rafaflíð í té.

Í lögum nr. 92/1947, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, var í 1. gr. að finna ákvæði sem heimilaði ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins m.a. að reisa raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og við Gönguskarðsá. Í 3. gr. laganna sagði að um stofnun og rekstur þeirra orkuvera, sem um ræddi í 1. gr., færi að öðru leyti en fram kæmi í 1. gr., eftir lögum nr. 12/1946. Mjög sambærileg lög voru nr. 34/1949, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, þar sem í 1. gr. var heimild til handa ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu, Þverá og vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal. Tekið var fram í 4. gr. að um stofnun og rekstur orkuvera og orkuveitna færi að öðru leyti en því sem fram kæmi í 1. og 2. gr., eftir lögum nr. 12/1946. Enn var að finna eðlislik ákvæði í lögum nr. 12/1951, um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitu ríkisins. Þar kom fram í 1. gr. að ríkisstjórninni væri heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Fossá og Grímsá. Síðan var í 3. gr. að finna sambærilegt ákvæði og í hinum tvennum fyrrnefndu lögum að um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitu færi að öðru leyti eftir lögum 12/1946. Einnig má nefna lög nr. 65/1956, um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins. Í 1. gr. laganna kom fram sú heimild ríkisstjórnarinnar að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja tilgreindar ár skv. ákvæðinu. Í 4. gr. laganna kom fram að um stofnun og rekstur téðra orkuvera og orkuveitna færi að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 12/1946.

Í 1. gr. laga um orkuver Vestfjarða, nr. 54/1954, var heimildarákvæði fyrir ríkisstjórnina að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til orkuvinnslu. Ríkisstjórninni heimilaðist að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fengjust, sbr. 4. gr. laganna.

Í núgildandi orkulögum, nr. 58/1967, voru síðan tekin upp hliðstæð ákvæði en þar segir í 10. gr.:

Til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw þarf leyfi Alþingis. Til að reisa og reka raforkuver 200-2000 kw þarf leyfi ráðherra raforkumála. Þá er heimilt að reisa og reka varastöð allt að 1000 kw án sérstaks leyfis. Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver, halda þeim rétti áfram.

Þá segir í 11. gr.:

Umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka skulu sendar ráðherra raforkumála, ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega, eða fær það Alþingi til meðferðar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi iðnaðarráðherra. Undantekningu frá því er að finna í 10. gr. laganna þar sem segir að landeiganda sé heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimils- og búsparfa allt að 3,5 MW. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur fram að um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

12.3. Lagaheimildir sem einkum varða Landsvirkjun

Hér á eftir verður nánar vikið að einstökum heimildum sem varða Landsvirkjun sérstaklega. Þær lagaheimildir, sem um er að ræða, eiga það sammerkt að samkvæmt þeim er Landsvirkjun heimil- að að reisa og reka nánar tilgreind raforkuver og meginstofnlínur og einnig er veitt heimild til að gera nauðsynlegar ráðstafanir á ákveðnum vatnasvæðum til þess að tryggja rekstur raforkuveranna á hverjum tíma, m.a. með gerð vatnsmiðlana, stíflugerð o.fl. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á þeim lögum sem fjallað verður um hér á eftir og í því sambandi kannað frumvörp til laganna, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögskýringargögnum sýnist hvergi vera að finna áform í þá veru að með lögnum sjálfum sé tilætluð sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum.

12.3.1. Lög nr. 59/1965, um Landsvirkjun

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965. Stofnendur fyrirtækisins voru samkvæmt 1. gr. laganna ríkissjóður og Reykjavíkurborg og átti hvor aðili helming fyrirtækisins. Um þær eignir sem fyrirtækinu voru lagðar til í upphafi, af hálfu ríkisins, hefur verið ítarlega fjall- að í kafla 12.1.2., sbr. kafla 12.1.1. hér að framan. Verður hér beint sjónum að því hvaða réttindi Landsvirkjun voru fengin með lögnum.

Í 1. mgr. 3. gr. laganna kom fram að starfsemi Landsvirkjunar skyldi í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði sem tengd voru Sogsvirkjun. Síndu áætlanir að hagkvæmt væri að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skyldi einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kæmi skyldi hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. var Landsvirkjun heimilt með samningum að kaupa orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna var svohljóðandi ákvæði:

Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliða- ár ásamt áhvilandi skuldum og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúnings- framkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell.

Í 1. mgr. 5. gr. kom fram að ríkið og Reykjavíkurborg legðu Landsvirkjun til sem endurgjalds- laust stofnframlag eignir þær sem greindi í 4. gr. laganna. Í sameignarsamningi aðilanna um Landsvirkjun skyldi gerð nánari grein fyrir þessum framlögum. Í 6. gr. laganna sagði síðan:

Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisafstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Þá sagði í 7. gr.:

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með

raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur er aflstöðvar og aðalorkuveitur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim sem fer með raforkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjana, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Í athugasemdum við þessa grein er tekið fram að rétt þyki að taka fram að Landsvirkjun geri ráðherra fyrir fram ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri tilhögun allra mannvirkja og fái samþykki hans fyrir gerð og frágangi þeirra og er í því sambandi vísað til ákvæða vatnalaga og raforkulaga.

Loks sagði í 18. gr. að ráðherra gæti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg væru til framkvæmda samkvæmt lögum.

Í 4. og 5. gr. laganna var þannig sérstaklega vísað til og fjallað um þau eignarréttindi sem fyrirtækinu væru lögð til skv. upphaflegum sameignarsamningi¹ aðila frá 1. júlí 1965, sem nánar er fjallað um í kafla 12.1.2. Tilvitnuðum lagaheimildum sýnist hins vegar ekki hafa verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og meiri þýðingu að eignarrétti en fólst í framsali þeirra skv. tilvitnuðum samningi. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 12.3., er það því mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 59/1965 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

12.3.2. Lög nr. 36/1969, breyting á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun

Lög þessi fjalla einungis um breytingu á 1. mgr. 15. gr. laganna sem fjallar um heimild til ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar.

Þessi lagabreyting hefur ekki áhrif á þau málefni sem um er fjallað í úrskurði þessum.

12.3.3. Lög nr. 37/1971, breyting á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun

Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun.

Helstu breytingar voru þær að samkvæmt 2. gr. var bætt nýrri málsgrein við 4. gr. laganna svohljóðandi:

Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.

Samkvæmt 4. gr. þessara laga kom ný grein í stað 6. gr. laganna og hljóðaði greinin þannig eftir breytinguna:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita

¹ Skjal nr. 86.

Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldneytisafstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Í 2. gr. laganna sem breytti 4. gr. hinna eldri laga er þannig kveðið á um það að Landsvirkjun taki enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss og síðan vísað nánar þar um til 6. gr. laganna í breyttri mynd. Allt að einu verður ekki annað séð en að með tilvitnaðri lagaheimild sé eingöngu verið að vísa til mögulegra eignarréttinda sem ríkið annað tveggja hafi sannanlega verið komið að eða talið sig komið að með einkaeignarréttarlegum hætti en lagaákvæðinu sjálfu hafi ekki verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og/eða meiri þýðingu. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 12.3., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 37/1971 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

12.3.4. Lög nr. 60/1981, um raforkuver

Þann 4. júní 1981 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 60/1981, um raforkuver. Þar var í 1. mgr. 1 gr. fjallað um virkjanir Landsvirkjunar á því svæði sem hér er til umfjöllunar og er málsgreinin svohljóðandi:

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar - að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW aflí - að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW aflí - að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga - að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaá við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afl.

Í 4. mgr. 1. gr. laganna sagði síðan:

Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

Þá sagði í 5. mgr. 1. gr. laganna:

Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landakerfið að því marki, sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingar staða út frá landskerfinu.

5. gr. laganna var svohljóðandi:

Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar sbr. kafla 12.3. er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 60/1981 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

12.3.5. Lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun

Ný lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, voru samþykkt á Alþingi 23. mars 1983 og komu þau í stað laganna nr. 59/1965 með þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á þeim. Þar segir í 4. gr.:

Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara.

Samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dagsettum 27. febrúar 1981, tekur Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

Þá segir í 6. gr.:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981, um raforkuver, og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr.:

Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli.

Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli.

Villinganesvirkjun með allt að 40 MW afli.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

Loks segir í 7. gr.:

Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Í 18. gr. laganna segir að ráðherra geti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögnum.

Í 1. mgr. 4. gr. er þannig tekið fram að fyrirtækið sé eigandi orkuvera, vatnsréttinda o.fl. sem það hafi eignast fyrir setningu laganna og í 2. mgr. 4. gr. er vísað til sameignarsamnings eigendanna frá 27. febrúar 1981, sbr. umfjöllun í kafla 12.1.2., og hnykkt á því að samkvæmt honum taki Landsvirkjun við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun. Þá er í 5. gr. laganna vísað til þess að Landsvirkjun hafi verið lögð til stofnframlög og vísað um það til 4. gr. laganna og tilvitnaðs samnings. Allt að einu verður ekki annað séð en að með tilvitnaðri lagaheimild hafi eingöngu verið að vísa til mögulegra eignarréttinda sem ríkið annað tveggja hafi sannanlega verið komið að eða talið sig komið að með einkaeignarréttarlegum hætti en lagaákvæðinu sjálfu hafi ekki verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og/eða meiri þýðingu. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 12.3., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 42/1983 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

12.3.6. Lög nr. 74/1990, um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, o.fl.

Lög nr. 74/1990 voru samþykkt á Alþingi 18. maí 1990. Þar segir í 1. gr:

Niðurlag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 breytist þannig að við bætast tveir málsliðir sem orðist svo:

- að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl,
- að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl.

Ekki voru gerðar frekari breytingar á lögnum um raforkuver samkvæmt þessum breytingarlögum sem skipta máli í þessari umfjöllun.

Hins vegar var með þessum lögum einnig breytt lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og var þar bætt tveim nýjum málsgreinum á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna svohljóðandi:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Búrfellsvirkjun, með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun, með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun, með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun, með allt að 200 MW afli, Kröfluvirkjun, með allt að 60 MW afli.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.

Í bráðabirgðaákvæði I var svofelld ákvæði:

Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjvallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 12.3., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 74/1990 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

12.3.7. Lög nr. 9/1997. Breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun

Þessi lög fjalla einkum um stjórnun Landsvirkjunar og heimild til þess að hasla sér völl erlendis. Þá er einnig ákvæði um greiðslu arðs af eigendaframlögum.

12.3.8. Lög nr. 48/1999. Breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum

Þau ákvæði þessara laga sem snerta viðfangsefni úrskurðar þessa eru 1. og 2. tl. 1. gr. laganna en sú grein varð að nýrri 1. gr. í lögnum nr. 60/1981. Þar er kveðið á um að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að virkja fallvatn sem veitt væri um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni

í Krókslón (Vatnsfellsvirkjun) með allt að 110 MW afli og virkja á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli. Jafnframt var breytt númerum greina í lögnum. Loks var fellt úr gildi ákvæði I til bráðabirgða í lögnum.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 12.3., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 48/1999 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liða 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

12.4. Niðurstöður óbyggðanefndar

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III. kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr., sbr. 1. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrir-mælum a- og c-liða 7. gr. laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir einstaklingar og lögpersónur, þ.e. við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi sbr. orðalag c-liða 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Af hálfu Landsvirkjunar eru, svo sem ítarleg grein hefur þegar verið gerð fyrir, sbr. kafla 3.11., gerðar kröfur um viðurkenningu á víðtækum réttindum á því landsvæði, sem til úrlausnar er, í máli þessu og koma þær kröfur eðli málsins samkvæmt til skoðunar og mats á þeim sem landsvæðum sem ella yrðu úrskurðuð þjóðlenda enda fellur það utan valdsviðs óbyggðanefndar að fjalla um stöðuna innan eignarlanda. Af hálfu Landsvirkjunar er um að ræða kröfur vegna landsréttinda sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða kunni síðar að verða reist, svo sem einstakra virkjana og virkjanasvæða, eins og það er skilgreint; uppistöðulóna; stíflna; vatnsvega; mið-unarmannvirkja; orkuflutningslína; spenna- og rofavirkja; vega; vegaslóða; háspennulína; mæli-stöðva; veiðiréttinda í virkjunarlónum og vatnsvegum.

Af hálfu óbyggðanefndar var þess ítrekað freistað undir rekstri málsins, einkum þó við aðalmeðferð þess, að fá kröfugerð Landsvirkjunar skýrða nánar, þá fyrst og fremst með tilliti til afmörkunar á því landi sem gerðar væru kröfur til og nánari lýsingu á inntaki þeirra réttinda sem gerð væri krafa um viðurkenningu á, sbr. a- og c-liði 7. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Það skortir á nægilega skýra afmörkun og tilgreiningu þeirra réttinda sem krafist er og raunar hefir ekki í alla staði verið fullt samræmi milli efnislegrar kröfugerðar í málinu og svo lýsingar hennar í málflutningi. Má segja að málalíbúnaði Landsvirkjunar sé all verulega ábótavant, jafnvel í þeim mæli að kröfur fyrirtækisins myndu sæta frávísun að einkamálarétti.

Af málflutningi Landsvirkjunar verður þannig ekki ráðið að gerðar séu fyllilega fastmótaðar kröfur um nánar tilgreind og/eða afmörkuð réttindi til lands og/eða ákveðinna landsvæða þannig að þau lúti *beinum* eignarforráðum Landsvirkjunar í hefðbundnum einkaeignarréttarlegum skilningi. Kröfugerð vegna vatnsréttinda kann þó að verða túlkuð afdráttarlausari, a.m.k. að hluta til. Það torveldar síðan nokkuð mat á inntaki kröfugerðar Landsvirkjunar að í málflutningi fyrirtækisins voru greinarmörk beins og óbeins eignarréttar ekki að öllu leyti fyllilega skýr og um vatnsréttindi að hluta til fjallað sem einhvers konar ígildi óbeins eignarréttar (hagnýtingarrétt) en ekki einn þátt hins beina eignarréttar. Sýnist málflutningur Landsvirkjunar verða skilin svo að kröfur fyrirtækisins séu sniðnar að þeirri starfsemi sem Landsvirkjun hefur með höndum á hinu auglýsta svæði og for-takslausum rétti starfseminnar vegna þar með talið að teknu tilliti til framtíðaráforma, án þess þó að samhliða séu gerðar kröfur um viðurkenningu hefðbundinna grundvallarheimilda, eftir atvikum beinna eða óbeinna, samkvæmt almennt viðurkenndum sjónarmiðum eignarréttarins.

Svo sem fram hefur komið styðjast kröfur Landsvirkjunar við tvo meginþætti:

Í fyrsta lagi byggir Landsvirkjun kröfur sínar á einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda.

Í öðru lagi byggir Landsvirkjun kröfur sínar á lagaheimildum og virkjunar- og framkvæmdaleyfum ráðherra og/eða annarra stjórnvalda, gefnum út á grundvelli laga.

Verður nú nánari grein gerð fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þessara heimilda fyrir eignarréttarlega stöðu landsvirkjunar á því svæði sem hér er til umfjöllunar.

12.4.1. Kröfur byggðar á einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda

Hér verður fjallað um þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á að tilkomin séu fyrir einkaeignarréttarleg framsal, sbr. umfjöllun í kafla 12.1.

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réði í raun yfir. Gildir þá sú almenna og viðurkennda meginregla á sviði eignarréttar að sá sem afsalar fasteignaréttindum getur ekki afsalað viðtækari rétti en hann á sjálfur.

Með tilliti til þessa máls og annarra mála á svæði I er í fyrsta lagi ástæða til að fjalla hér frekar um þau sérstök réttindi sem Landsvirkjun voru framseld/afhent með sameignarsamningnum frá 1. júlí 1965.

Í upphaflegum lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er gengið út frá því sbr. 4., 5. og 6. gr. að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi. Það er gert með skírskotun til tilvitnaðs sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem ríkið annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar leggja hinu þá nýstofnaða fyrirtæki til tilteknar eignir. Svo sem fyrr er vitnað til skipta þau réttindi, sem tilgreind eru í 3. tölulið B-liðar 2. gr. samningsins, meginmáli í þessu sambandi. Þar segir svo:

Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttinda til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.

Hér er væntanlega um að ræða þau fasteigna- og vatnsréttindi sem ríkið taldi sig komið að með samningum við skilanefnd a/s Titans, sbr. kaupsamning frá 8. júní 1951 sem grein er gerð fyrir í kafla 12.1.1.5.

Í þessu sama samhengi kemur og til skoðunar 2. gr. laga nr. 37/1971 sem breytti 4. gr. laga nr. 59/1965 en þar var kveðið á um það að Landsvirkjun tæki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss.

Kaup a/s Titans á vatns- og landsréttindum á Gnúpverjafrétti eru rakin í köflum 12.1.1.1. og 12.1.1.3, sbr. kafla 6.11. Sambærileg kaup á vatnsréttindum fyrir Flóa- og Skeiðamannafrétti eru með sama hætti rakin í kafla 12.1.1.2. Viðsemjendur a/s Titans voru þeir hreppar í Flóa og á Skeiðum sem töldu og telja til réttinda á Flóa- og Skeiðamannafrétti og seldu helming vatnsréttinda í Háafossi og Hjálparfossi; Gnúpverjahreppur sem seldi vatnsréttindi í Gljúfurleitafossi, Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá, Hjálparfossi og Háafossi í Fossá og Geldingaárfossi í Geldingaá og Einar Benediktsson sýslumaður sem keypt hafði Skeljafell og Búrfell af Gnúpverjahreppi. Í kafla 12.1.1.4. hér að framan er einnig rakin til frekari glöggvunar sala nánar tiltekinna sveitarfélaga í vestanverðri Rangárvallasýslu á lands- og vatnsréttindum í Þjórsá, m.a. fyrir Holtamanna- og Landmannafréttum.

Fyrr í þessum úrskurði hefur verið fjallað um Gnúpverjafrétt í kafla 11.12. og var þar komist að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjafréttur hefði aldrei verið undirorpinn einkaeignarétti eða hafi svo verið að öllu eða einhverju leyti í upphafi byggðar þá sé sá eignarréttur niður fallinn. Réttur viðkomandi afréttarhafa felist þannig fyrst og fremst í beitarrétti, veiðirétti og eftir atvikum öðrum þrengri notum eða því sem hefur verið kallað afréttareign.

Í samræmi við þá niðurstöðu verður að telja að Gnúpverjahrepp hafi skort eignarheimildir til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Gnúpverjaafrétti. Fossafélagið a/s Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Getur Landsvirkjun þannig ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning. Á sama hátt hafa niðurstöður um mörk Þjóðlendna og einkaeignarlands í málinu nr. 6/2000 leitt til þess að ekki verður talið að Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa né heldur einstakir hreppar, sem að því standa, hafi haft heimild til sölu á lands- og vatnsréttindum fyrir Flóa- og Skeiðamannaafrétti.

Þá er og til þess að líta að áframhaldandi framsal þeirra réttinda sem Gnúpverjaafréttur afsalaði Einari Benediktssyni með afsalinu frá 28. júlí 1916 hefur sætt verulegum takmörkunum, sbr. einkum afsal a/s Titans til ríkisins á árinu 1952 og svo ráðstöfun ríkisins til Landsvirkjunar skv. 3. tl. A-liðar, 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965.

Í kaupsamningi/afsali skilanefndar a/s Titans til landbúnaðarráðuneytisins 8. júní 1951 eru þessi réttindi yfirfærð:

... alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórsá og bifloder og søersamt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som, selskabet har erhvervet; i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, ...

Síðan er tilgreint að seld sé jörðin Þjótandi í Villingaholtshreppi en að því búnu taldar upp þær eignarheimildir sem félagið sé komið að og heimili þar með tilvitnað framsal. Er svo vart um það ágreiningur að það eru þessi réttindi eða réttara sagt hluti þeirra sem Landsvirkjun fær framseld með sameignarsamningi um fyrirtækið frá 1. júlí 1965, sbr. 4. gr. laga nr. 59/965. Er nánar fjallað um forsögu þessa í köflum 12.1.1.5. og 12.1.2. hér að framan.

Af þessu verður ráðið að vafi leikur á því hvaða réttindi tilætlunin var að yfirfæra. Verður óhjákvæmilega staðnæmst við þá óútskýrðu tilgreiningu kaupsamningsins frá 8. júní 1951, þar sem réttindi yfir Búrfelli og Skeljafelli eru ekki framseld með fortakslausum hætti, sbr. hins vegar jörðin Þjótandi, heldur látið við það sitja að tilgreina; „afbenyttelse af jord“ í þeim tilgangi að nýta hin framseldu vatnsréttindi. Þá er tilgreining réttindanna sem ráðstafað var til Landsvirkjun skv. 3. tl. A-liðar, 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965 alls ekki afdráttarlaus, afmörkuð eða skýr.

Það er hins vegar sjálfstætt athugunarefni hvort Landsvirkjun kunni í þessu tilviki, sem og öðrum þar sem ætlunin hefur verið sú að yfirfæra til fyrirtækisins eignarréttindi á einkaréttarlegum grundvelli, að hafa unnið hefð á landi og/eða vatnsréttindum á grundvelli viðkomandi samnings, þó svo að með viðkomandi gerningi hafi ekki í raun verið yfirfærð þau eignarréttindi sem að var stefnt vegna heimildarskorts afsalsgjafa. Horfir úrlausnarefni þetta í grundvallaratriðum öðruvísi við í þeim tilvikum þegar Landsvirkjun byggir rétt á slíkum einkaréttarlegum samningum heldur en þegar heimildir Landsvirkjunar eru að öllu leyti reistar á lagaheimildum en það er mat óbyggðanefndar að útilokað sé að Landsvirkjun teljist geta hefðað lands- og vatnsréttindi í þeim tilvikum þegar til umræða er alfarið stofnað á grundvelli lagaheimildar. Verður að öðru leyti og nánar fjallað um þýðingu og inntak viðkomandi lagaheimilda Landsvirkjunar hér síðar. Við mat á því hvort til greina geti komið í þessu tilviki að stofnast hafi til eignarréttinda til handa Landsvirkjun á grundvelli hefðar er hins vegar til þess að líta, í fyrsta lagi, að ekki hefur af hálfu Landsvirkjunar verið byggt á hefð, a.m.k. ekki almennt séð. Það hefur Landsvirkjun hins vegar gert í einangruðum tilvikum svo sem um sundlaug þá sem stendur á meintu landi Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal. Í öðru lagi er sérstaklega til þess að líta, svo sem rakið hefur verið, að Landsvirkjun hefur ekki uppi í málinu skýrar og afmarkaðar kröfur um viðurkenningu beinna eignarréttinda heldur sætir kröfugerð og málalíbúnaður fyrirtækisins verulegum fyrirvörum og takmörkunum hvað það varðar. Með vísan

til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að það sé ekki á færi hennar, undir kringumstæðum sem þessum, að ákvarða einstökum málsaðilum og/eða hagsmunaaðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar án þess að til komi bein og ótvíræð yfirlýsing viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð. Koma því ákvæði laga nr. 46/1905 ekki frekar til álita við mat á þeim réttindum sem Landsvirkjun telur sig komna að fyrir einkaréttarlegt framsal skv. framangreindum samningum.

Í kafla 12.1.3. voru m.a. raktir bótasamningar sem Landsvirkjun gerði við Gnúpverjahrepp vegna lagningar orkulínu og byggingar Sultartangalínu og -lóns. Við almennt mat á þýðingu samninganna að eignarrétti er einkum til þess að líta að framsetning og orðalag þeirra ber það ekki með sér að tilætlunin sé sú að yfirfæra eignarréttindi til handa Landsvirkjun heldur að einvörðungu sé verið að gera samkomulag um bætur vegna röskunar á nýtingarmöguleikum réttthafa að afretti Gnúpverja. Verður því almennt séð ekki byggt á téðum samningum sem grundvöll að yfirfærslu eignarréttinda að því marki sem slík réttindi kunna að vera fyrir hendi.

Um eignarréttarlega þýðingu einstakra samninga, löggæringa og lögskipta verður nánar fjallað í sértækri umræðu um einstök mannvirki og framkvæmdir hér síðar.

12.4.2. Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar og koma þá jafnframt til skoðunar virkjunarleyfi og önnur framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í kafla 12.3. hefur verið gerð ítarleg grein fyrir þeim lagaheimildum sem um starfsemi og réttindi Landsvirkjunar fjalla og fjallað hafa á hverjum tíma eða varða með öðrum hætti réttarstöðu fyrirtækisins í þessu sambandi.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983 með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en út í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt. Um nánari útlistun þessa vísast til umfjöllunar í kafla 12.3.

Svo sem rakið er í kafla 12.3. hefur óbyggðanefnd gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag C-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum, verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fölgjandi í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögnum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titans, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburðurur á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenninum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar þar með talið vegi, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi, sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun, falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess berra handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

Óbyggðanefnd telur ekki forsendur til þess að afmarka sérstaklega umráðasvæði þeirra raforkuvera, vatnsmiðlunarmannvirkja og annarra mannvirkja sem Landsvirkjun hefur komið fyrir. Kemur þar fyrst og fremst til framangreint eðli og inntak þeirra réttinda sem Landsvirkjun fer með en jafnframt sú staðreynd að þrátt fyrir itrekaðar fyrirspurnir reyndist ekki unnt að fá Landsvirkjun til þess

að afmarka með nægilega skýrum hætti þau landsvæði og réttindi sem fyrirtækið gerði tilkall til á grundvelli heimilda sinna.

Verður nú nánar vikið að einstökum raforkuverum, öðrum mannvirkjum og réttindum sem Landsvirkjun kallar til í máli þessu. Verður í köflunum hér á eftir fjallað um virkjanir fyrirtækisins, orkuveitur, vatnsveitur og uppistöðulón, fyrirhuguð mannvirki, meintan veiðirétt, sundlaug í Þjórsárdal sem krafist er eignarréttar yfir og að lokum mælistöðvar Landsvirkjunar.

Af hálfu óbyggðanefndar er vakin á því athygli að í kröfugerð Landsvirkjunar og upplagi málsins, sbr. kaflar 3.11. og 9 gætti allverulegrar ónákvæmni um heiti og aðra tilgreiningu einstakra mannvirkja, þó einkum háspennulína. Tilurð þeirra skýrðist þó frekar undir rekstri málsins og rannsókn nefndarinnar en fullt samræmi er því ekki í öllum tilvikum um tilgreiningu einstakra mannvirkja skv. framangreindum köflum og svo tilgreininga skv. eftirfarandi niðurstöðum.

12.4.3. Virkjanir í Gnúpverjahreppi

Í eftirfarandi köflum verður fjallað um virkjanir Landsvirkjunar sem staðsettar eru í Gnúpverjahreppi sem og önnur réttindi sem krafist er af hálfu Landsvirkjunar vegna þeirra. Rakið verður hvaða mannvirki um ræðir, hvar þau eru staðsett og á hvaða grundvelli kröfur Landsvirkjunar byggjast. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi.

12.4.3.1. Búrfellsvirkjun

Umfjöllunin í þessum kafla lýtur að Búrfellsvirkjun ásamt þeim mannvirkjum sem þeirri virkjun tilheyrir sérstaklega en þó að undanskildum þeim mannvirkjum sem fjallað er um í sérstökum köflum hér á eftir. Hér er um að ræða virkjunina sjálfa, útvirki, þrýstivatnsgöng, jöfnunarþrær, aðrennslisskurð, stjórnlokur, spennistöð og önnur mannvirki sem samofin eru virkjuninni eða í svo nánnum tengslum við hana að réttast þykir að fjalla um þau samhliða virkjuninni sjálfri. Stöðvarhús virkjunarinnar er undir Sámsstaðarmúla í Þjórsárdal en Þjórsá er stífluð ofan Búrfells um fjóra km ofan stöðvarinnar. Framkvæmdir við virkjunina hófust á árinu 1967 og var hún tekin í notkun á árinu 1969.

Umrádd mannvirki standa á landi því sem áður tilheyrði syðsta hluta Gnúpverjaafreittar en selt var, upphaflega Einari Benediktssyni 28. júlí 1916, og auðkennt hefur verið sem Búrfell og Skeljafell, sbr. fyrri umfjöllun þ.a.l.

Svo sem grein hefur verið gerð fyrir fyrir í úrskurði þessum reisir Landsvirkjun kröfur sínar til lands, vatns og annarra réttinda vegna Búrfellsvirkjunar, eins og hún hefur nánar verið afmörkuð hér að framan, á tvíþættum grundvelli.

Annars vegar kemur hér til einkaréttarlegt framsal lands- og vatnsréttinda skv. 3. tl., A-liðar 2. gr. sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem kveðið er á um að ríkissjóður leggi fram vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi sem til þurfi vegna virkjunarinnar, svo og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna virkjunarinnar. Um þetta vísast enn fremur til 4. og 5. gr. laga nr. 59/1965.

Hins vegar koma til skoðunar eignarréttarlegar kröfur byggðar á lagaheimildum þeim sem stofnuninni hafa verið veittar sem og virkjunar- og framkvæmdaleyfum veittum á grundvelli þeirra lagaheimilda. Fyrir lagaheimildum þessum hefur verið gerð nánari grein hér fyrir, sbr. kafli 12.3. Til upprifjunar skal þess þó getið að með 6. gr. laga nr. 59/1965 var Landsvirkjun heimilað að reisa allt að 210.000 kW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar. Í 7. gr. laganna var áskilið að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þyrfti Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem færi með raforkumál. Áður en byrjað yrði á nýjum mannvirkjum, hvort heldur aflstöðvum eða aðalorkuveitum, skyldi Landsvirkjun senda viðkomandi ráðherra uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Gæti ráðherra krafist þeirra breytinga á

fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjana sem nauðsynlegar kynnu að þykja vegna almenningshagsmuna. Þá var tekið fram í athugasemdum við þessa grein að rétt þætti að taka fram að Landsvirkjun gerði ráðherra fyrirfram ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri tilhögun allra mannvirkja og fengi samþykki hans fyrir gerð og frágangi þeirra og var af því tilefni vísað til ákvæða vatnalaga og raforkulaga.

Ekki hafa fundist nein gögn hjá iðnaðarráðuneyti og Landsvirkjun sem bera þess merki að Landsvirkjun hafi fullnægt skilyrðum 7. gr. laga nr. 59/1965. Af enni bréfaskrifa milli ráðuneytisins og Landsvirkjunar verður þó ekki annað ráðið en af hálfu stjórnvalda hafi verið litið svo á að Landsvirkjun hafi uppfyllt lögbundin skilyrði til byggingar og starfrækslu orkuversins. Í bréfi landbúnaðarráðuneytis, dags. 29. ágúst 1966, var Landsvirkjun heimilað að beita eignarnámsheimild 18. gr. laganna um Landsvirkjun, nr. 59/1965, eftir því sem stjórn fyrirtækisins teldi nauðsynlegt vegna virkjunar Þjorsár við Búrfell, sbr. 6. gr. sömu laga. Í bréfi landbúnaðarráðuneytis dags. 23. febrúar 1968 var þessi heimild ítrekuð og því jafnframt lýst yfir að ráðuneytið liti svo á að meta bæri virkjunina við Búrfell og tilheyrandi mannvirki sem orkuver og orkuveitu, er leyfð hefðu verið í skilningi 54. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, þannig að virkjunin nyti allra þeirra réttinda gagnvart löndum, lóðum og mannvirkjum sem um væri mælt í 55. gr. vatnalaga.

Með 1. gr. laga nr. 74/1990 var bætt heimildum við 1. gr. laga nr. 60/1981 og heimilað að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl. Jafnframt var með sömu lögum einnig breytt lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, þar sem heimilað var að Búrfellsvirkjun yrði með allt að 310 MW afli. Stækkun Búrfellsvirkjunar í 310 MW var heimiluð með bréfi iðnaðarráðuneytisins dagsettu. 4. desember 1991.

Svo sem rakið er í kafla 11.12. er það niðurstaða óbyggðanefndar að Gnúpverjahrepp hafi skort eignarheimild til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Gnúpverjaafreitti með tilvitnuðu afsali til Einars Benediktssonar þann 28. júlí 1916, sem hann síðar afsalaði Fossafélaginu a/s Titan. Fossafélagið a/s Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram, a.m.k. að hluta til, sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Getur Landsvirkjun þannig ekki, svo sem rökstutt hefur verið, byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann löggerning, né á grundvelli hefðar á þeim tíma sem liðinn er síðan fyrirtækið tók umráð nánar tilgreinds lands og vatns á svæðinu. Þá hefur sú niðurstaða verið rökstudd, sbr. kafli 12.3., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar, í þessu tilviki 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. og síðari breytingar, til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eda til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírátt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur sérstaklega komið fyrir og/eda gert á því svæði sem hér á undan hefur verið afmarkað og skilgreint sem Búrfellsvirkjun og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar, sbr. umfjöllun í kafla 13.2. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né vatnsréttinda á svæðinu, í skilningi 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.3.2. Sultartangavirkjun

Umfjöllunin í þessum kafla lýtur að Sultartangavirkjun ásamt þeim mannvirkjum sem þeirri virkjun tilheyrir sérstaklega en þó að undanskildum þeim mannvirkjum sem fjallað er um í sérstökum

köflum hér á eftir. Hér er um að ræða virkjunina sjálfa, útvirki, þrýstivatnsgöng, jöfnunarþrær, aðrennslisskurð, stjórnlokur, spennistöð og önnur mannvirki sem samofin eru virkjuninni eða í svo nánnum tengslum við hana að réttast þykir að fjalla um þau samhliða virkjuninni sjálfri.

Virkjunin er staðsett 15 km norðaustan Búrfellsvirkjunar í Gnúpverjahreppi, rétt við mörk Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Framkvæmdir við virkjunina hófust vorið 1997 og stöðin var komin í fullan rekstur á árinu 2000.

Landsvirkjun byggir kröfur sínar til lands og vatns vegna Sultartangavirkjunar á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983, sbr. 4. gr. laga nr. 74/1990, þeim leyfum sem fyrirtækinu hafi verið veitt vegna virkjunarinnar og samningi sem gerður var við hreppsnefnd Gnúpverjahrepps um bótageiðslur til hreppsins vegna skerðingar á réttindum hreppsins vegna virkjunarinnar. Á grundvelli 7. gr. laga 42/1983 sótti Landsvirkjun um virkjunarleyfi til iðnaðarráðuneytisins sem veitti virkjunarleyfi fyrir allt að 125 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum með bréfi dags. 12. mars 1997.

Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.3. og 12.4.2. að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Þá fela bótageiðslur til handa Gnúpverjahreppi á grundvelli samninga frá 16. maí 1986 og 29. maí 1997 ekki heldur í sér innlausn eða yfirfærslu á eignarréttindum til handa Landsvirkjun en nánar verður fjallað um veiðiréttindi á svæðinu í kafla 12.4.7.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur sérstaklega komið fyrir og/eða gert á því svæði sem hér á undan hefur verið afmarkað og skilgreint sem Sultartangavirkjun og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né vatnsréttinda á svæðinu, í skilningi 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.4. Orkuveitur (háspennulínur) í Gnúpverjahreppi

Í köflunum, sem hér koma á eftir, verður fjallað um orkuveitur Landsvirkjunar sem staðsettar eru í Gnúpverjahreppi og fyrirtækið gerir eignarréttarlegt tilkall til sem og önnur réttindi sem krafist er af hálfu Landsvirkjunar vegna orkuveitnanna. Rakið verður hvaða mannvirki um ræðir, hvar þau eru staðsett og á hvaða grundvelli kröfur Landsvirkjunar byggjast. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna orkuveitnanna.

12.4.4.1. Búrfellslína 1

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Búrfellsvirkjun niður Þjórsárdal og yfir Þjórsá. Búrfellslína 1 var reist á grundvelli heimildar í 6. gr. laga 59/1965, sbr. einnig bréf atvinnumálaráðuneytis til lögmanns Landsvirkjunar, dags. 23. febrúar 1968. Búrfellslína 1 var tekin í notkun árið 1969.

Svo sem grein hefur verið gerð fyrir fyrir í úrskurði þessum reisir Landsvirkjun eignarréttarlegar kröfur sínar til lands, vatns og annarra réttinda vegna Búrfellsvirkjunar og annarra mannvirkja vegna hennar, sem staðsett eru að einhverju leyti á umræddu landi, áður syðsta hluta Gnúpverjahreppar, á tvíþættum grundvelli.

Annars vegar kemur til skoðunar einkaréttarlegt framsal lands- og vatnsréttinda skv. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem kveðið er á um að ríkissjóður leggi fram vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi sem til þurfi vegna virkjunarinn-

ar, svo og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna virkjunarinnar. Fyrir er rakið, sbr. umfjöllun í kafla 12.4.1., sbr. kafli 11.12. að Landsvirkjun getur ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir tilvitnaðan sameignarsamning.

Hins vegar koma til skoðunar lagaheimildir og leyfi veitt af stjórnvöldum til framkvæmda á svæðinu. Landsvirkjun byggir í máli þessu kröfur sínar um réttindi vegna Búrfellslínu 1 á 6. gr. laga nr. 59/1965 og bréfi atvinnumálaráðuneytis dags. 23. febrúar 1968 þar sem því er lýst yfir að ráðuneytið líti svo á að meta beri virkjunina við Búrfell og tilheyrandi mannvirki sem orkuver og orkuveitu er leyfð hefur verið í skilningi 54. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2, sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við heimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Búrfellslína 1 og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.4.2. Búrfellslína 2

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur sunnan við Búrfellslínur 1 og 3A en í sömu stefnu frá Búrfellsvirkjun, niður Þjórsárdal að Kolviðarhóli við Þjórsá og þaðan yfir ána. Búrfellslína 2 var reist á grundvelli heimildar í 6. gr. laga nr. 59/1965 og var hún tekin í notkun árið 1973.

Svo sem grein hefur verið gerð fyrir fyrir úrskurði þessum reisir Landsvirkjun eignarréttarlegar kröfur sínar til lands, vatns og annarra réttinda vegna Búrfellsvirkjunar og annarra mannvirkja vegna hennar, sem staðsett eru að einhverju leyti á umræddu landi, áður syðsta hluta Gnúpverja-afréttar, á tvíþættum grundvelli.

Annars vegar kemur til skoðunar einkaréttarlegt framsal lands- og vatnsréttinda skv. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem kveðið er á um að rikissjóður leggi fram vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi sem til þurfi vegna virkjunarinnar, svo og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna virkjunarinnar. Fyrir er rakið, sbr. umfjöllun í kafla 12.4.1., sbr. kafli 11.12., að Landsvirkjun getur ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir tilvitnaðan sameignarsamning.

Hins vegar koma til skoðunar lagaheimildir og leyfi veitt af stjórnvöldum til framkvæmda á svæðinu. Landsvirkjun byggir kröfur sínar um landsréttindi vegna Búrfellslínu 2 á 6. gr. laga nr. 59/1965. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Búrfellslína 2 og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lög-

varins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.4.3. Búrfellslína 3A

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 420 kV spennu og liggur frá Búrfellsvirkjun og niður Þjórsárdal og þaðan yfir Þjórsá. Búrfellslína 3A var reist á grundvelli heimildar í 1. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 74/1990 og leyfis iðnaðarráðuneytis sem ritaði 24. júlí 1991 bréf til Landsvirkjunar þar sem, með skírskotun til bréfs Landsvirkjunar frá 16. s.m. og með vísan til 6. og 7. gr. laga nr. 42/1983, var heimilað að reisa 220 kV háspennulínu, Búrfellslínu 3A. Forsenda leyfisins var að áform um álver á Keilisnesi gengju eftir. Þann 7. ágúst 1997 ítrekaði iðnaðarráðuneytið að fyrrgreint leyfi væri í fullu gildi og lýsti því að það teldi breyttar forsendur um orkukaupanda engu breyta um gildi leyfisins. Jafnframt var Landsvirkjun heimilað að auka flutningsgetuna í 400 kV spennu. Búrfellslína 3A var svo tekin í notkun á árinu 1998.

Svo sem grein hefur verið gerð fyrir fyrir í úrskurði þessum reisir Landsvirkjun eignarréttarlegar kröfur sínar til lands, vatns og annarra réttinda vegna Búrfellsvirkjunar og annarra mannvirkja vegna hennar, sem staðsett eru að einhverju leyti á umræddu landi, áður syðsta hluta Gnúpverjaafréttar, á tvíþættum grundvelli.

Annars vegar kemur til skoðunar einkaréttarlegt framsal lands- og vatnsréttinda skv. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem kveðið er á um að ríkissjóður leggi fram vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi sem til þurfi vegna virkjunarinnar, svo og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna virkjunarinnar. Fyrir er rakið, sbr. umfjöllun í kafla 12.4.1., sbr. kafli 11.12., að Landsvirkjun getur ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir tilvitnaðan sameignarsamning.

Hins vegar koma til skoðunar lagaheimildir og leyfi veitt af stjórnvöldum til framkvæmda á svæðinu. Landsvirkjun byggir kröfur sínar um landsréttindi vegna Búrfellslínu 3A á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 1. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 74/1990, sbr. einnig að nokkru leyti 6. gr. laga nr. 59/1965 og leyfi iðnaðarráðherra, sbr. bréf dags. 24. júní 1991 og 7. ágúst 1997. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrir-tækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Búrfellslína 3A og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.4.4. Hrauneyjafosslína

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Hrauneyjafossvirkjun í Rangárvallasýslu yfir í Gnúpverjahrepp við Sultartangavirkjun og þaðan þvert yfir Gnúpverjaafrétt í stefnu norðan Háafoss í Fossá. Hrauneyjafosslína var reist á grundvelli heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 30. desember 1976. Var hún tekin í notkun á árinu 1982.

Svo sem grein var gerð fyrir í kafla 12.1.3.1. gerði Landsvirkjun á sínum tíma, 18. júní 1979, samning við hreppsnefnd Gnúpverjahrepps um bætur vegna lagningar línunnar yfir land Gnúp-

verjaafréttar. Einnig var gerður sams konar samningur við oddvita Biskupstungnahrepps, dags. 22. júní 1979, sem og oddvita Grímsneshrepps, dags. 15. júní 1979. Að auki voru gerðir samningar við fyrirsvarsmenn einstakra jarða um bætur vegna lagningar háspennulínunnar. Hrauneyjafosslína hefur einnig verið kölluð Sultartangalína 1.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um réttindi vegna Hrauneyjafosslínu á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971, leyfi iðnaðarráðherra, sbr. bréf dags. 30. desember 1976 og bótasamningum við einstakar jarðir og hreppa í Árnassýslu. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Þá fela bótageiðslur til handa Gnúpverjahreppi á grundvelli samningsins frá 18. júní 1979 ekki heldur í sér innlausn eða yfirfærslu á eignarréttindum til handa Landsvirkjun, sbr. og kafli 12.4.1.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Hrauneyjafosslína og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.4.5. Sultartangalína 2

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 400 kV spennu og liggur frá Sultartangavirkjun að Búrfellsvirkjun. Sultartangalína 2 var reist á grundvelli heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og með leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 12. mars 1997. Var hún tekin í notkun árið 1999.

Svo sem grein hefur verið gerð fyrir fyrir í úrskurði þessum reisir Landsvirkjun eignarréttarlegar kröfur sínar til lands, vatns og annarra réttinda vegna Búrfellsvirkjunar og annarra mannvirkja, sem staðsett eru að einhverju leyti á landi Búrfells og Skeljafells, á tvíþættum grundvelli.

Annars vegar kemur til skoðunar einkaréttarlegt framsal lands- og vatnsréttinda skv. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem kveðið er á um að ríkissjóður leggi fram vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi sem til þurfi vegna virkjunarinnar, svo og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna virkjunarinnar. Fyrir er rakið, sbr. umfjöllun í kafla 12.4.1., sbr. kafli 11.12. að Landsvirkjun getur ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir tilvitnaðan sameignarsamning.

Hins vegar koma til skoðunar lagaheimildir og leyfi veitt af stjórnvöldum til framkvæmda á svæðinu. Landsvirkjun byggir kröfur sínar um réttindi vegna Sultartangalínu 2 á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og leyfi iðnaðarráðherra frá 12. mars 1997. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1. 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Hvað varðar sérstaklega ákvæði 6. gr. samnings milli Landsvirkjunar og hreppsnefndar Gnúp-

verjahrepps varðandi bætur af völdum Sultartangalóns og -virkjunar, er það að segja að í ákvæðinu kemur fram að aðilar samningsins séu sammála um að Landsvirkjun greiði fyrir beitarland, röskun og óhagræði, skerðingu á afnot afréttar m.a. af völdum flutningslína. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.4.1., að bótagreiðslur til handa Gnúpverjahreppi á grundvelli samninga frá 16. maí 1986 og 29. maí 1997 fela ekki í sér innlausn eða yfirfærslu á eignarréttindum til handa Landsvirkjun.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Sultartangalína 2 og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr. , 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.4.6. Sigöldulína 2

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Sigölduvirkjun í Tungnaá í Rangaárvallasýslu yfir að Hrauneyjafossi. Sigöldulína 2 var reist á grundvelli heimildar í 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og með leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 8. mars 1973.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um réttindi vegna Sigöldulínu 3 á 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og leyfi iðnaðarráðherra 8. mars 1973. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignarréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Sigöldulína 2 og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr. , 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.4.7. Sigöldulína 3

Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem hefur flutningsgetu upp á 220 kV spennu og liggur frá Sigölduvirkjun í Tungnaá í Rangárvallasýslu yfir Þjórsá við Sandafell í Gnúpverjahreppi og þaðan vestan við Þjórsá niður að Búrfellsvirkjun. Sigöldulína 3 var reist á grundvelli heimildar í 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og með leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 8. mars 1973. Var hún tekin í notkun á árinu 1975.

Svo sem grein hefur verið gerð fyrir fyrir í úrskurði þessum reisir Landsvirkjun eignarréttarlegar kröfur sínar til lands, vatns og annarra réttinda vegna Búrfellsvirkjunar og annarra mannvirkja, sem staðsett eru að einhverju leyti á landi Búrfells og Skeljafells, á tvíþættum grundvelli.

Annars vegar kemur til skoðunar einkaréttarlegt framsal lands- og vatnsréttinda skv. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem kveðið er á um að ríkissjóður leggi fram vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi sem til þurfi vegna virkjunarinnar, svo og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna virkjunarinnar. Fyrir er rakið, sbr. umfjöllun í kafla 12.4.1., sbr. kafli 11.12., að Landsvirkjun getur ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir tilvitnaðan sameignarsamning.

Hins vegar koma til skoðunar lagaheimildir og leyfi veitt af stjórnvöldum til framkvæmda á svæðinu. Landsvirkjun byggir kröfur sínar um réttindi vegna Sigöldulínu 3 á 6. gr. laga nr. 59/1965,

sbr. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og leyfi iðnaðarráðherra 8. mars 1973. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Sigöldulína 3 og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.5. Vatnsveitur og uppistöðulón í Gnúpverjahreppi

12.4.5.1. Bjarnalón

Við virkjun Þjórsár við Búrfell myndaðist vatnslón í hvilftinni milli Búrfells, Sámsstaðarmúla og Skeljafells sem nefnt hefur verið Bjarnalón.

Svo sem grein hefur verið gerð fyrir fyrir úrskurði þessum reisir Landsvirkjun eignarréttarlegar kröfur sínar til lands, vatns og annarra réttinda vegna Búrfellsvirkjunar og annarra mannvirkja vegna hennar á tvíþættum grundvelli.

Annars vegar kemur til skoðunar einkaréttarlegt framsal lands- og vatnsréttinda skv. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem kveðið er á um að ríkissjóður leggi fram vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi sem til þurfi vegna virkjunarinnar, svo og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna virkjunarinnar. Fyrir er rakið, sbr. umfjöllun í kafla 12.4.1., sbr. kafli 11.12., að Landsvirkjun getur ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir tilvitnaðan sameignarsamning.

Hins vegar kemur til skoðunar lagaheimildir og leyfi veitt af stjórnvöldum til framkvæmda á svæðinu. Landsvirkjun byggir kröfur sínar um réttindi vegna Bjarnalóns á 6. gr. laga nr. 59/1965. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi mannvirkisins Bjarnalóns, framkvæmdarinnar sem slíkrar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né vatnsréttinda á svæðinu í skilningi 1. gr. 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.5.2. Sultartangastífla og Sultartangalón

Hér er um að ræða stíflu sem liggur þvert yfir Þjórsá, neðan ármóta Þjórsár og Tungnaár. Stíflan var reist á árunum 1982-1984 og er lengd hennar 6.100 metrar og meðalhæð 12 metrar. Meirihluti stíflunnar er í Rangárvallasýslu en vesturendi hennar í Gnúpverjahreppi. Sultartangalón myndaðist 1984 við byggingu Sultartangastíflu í Þjórsá. Lónið var 18 km² að flatarmáli þegar það myndaðist en stækkaði um 2 km² við hækkun Sultartangastíflu í tengslum við byggingu Sultartangavirkjunar.

Heimild Landsvirkjunar til byggingu Sultartangastíflu og Sultartangalóns byggist á lögum og

leyfum veittum samkvæmt þeim. Landsvirkjun fékk skv. 1. gr. laga nr. 60/1981, nú 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999, heimild til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með stíflu við Sultartanga. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 74/1990, reisir Landsvirkjun og rekur m.a. Sultartangavirkjun. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 42/183, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 74/1990, er Landsvirkjun heimilt að fengnu samþykki iðnaðarráðherra að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með stíflu við Sultartanga. Landsvirkjun fékk heimild til byggingar stíflunnar með bréfi iðnaðarráðherra dags. 8. janúar 1982. Þann 12. mars 1997 gaf síðan iðnaðarráðherra út virkjunarleyfi fyrir allt að 125 MW Sultartangavirkjun ásamt aðalorkuveitum, samkvæmt 7. gr., sbr. 6. gr. laga um Landsvirkjun nr. 42/1983. Landsvirkjun og Gnúpverjahreppur gerðu bótasamning vegna umhverfisbreytinga af völdum Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 16. maí 1986 og viðbótasamningur var gerður þann 29. maí 1997 vegna hækkunar stíflunnar og byggingar virkjunarinnar en við byggingu Sultartangavirkjunar var Sultartangastífla hækkuð um 1 m. Um samninga þessa er fjallað ítarlega í kafla 12.1.3.2. hér að framan.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar vegna Sultartangastíflu og Sultartangalóns á 2. gr. laga nr. 60/1981, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999 og 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 74/1990. Einnig er byggt á leyfum iðnaðarráðherra frá 8. janúar 1982 og 12. mars 1997 sem og bótasamningum milli Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við heimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.4.1., að bótagreiðslur til handa Gnúpverjahreppi á grundvelli samninga frá 16. maí 1986 og 29. maí 1997 fela ekki í sér innlausn eða yfirfærslu á eignarréttindum til handa Landsvirkjun, en nánar verður fjallað um veiðiréttindi á svæðinu í kafla 13.7.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi mannvirkjanna Sultartangastíflu og Sultartangalóns, þ.e. framkvæmdanna sem slíkrar og njóti lögvarins réttar til nýtingar þeirra. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæðinu, þ.m.t. vatnsréttinda, í skilningi 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.5.3. Kvíslaveita – 5. áfangi

Kvíslaveita er vatnsmiðlun sem myndast við að kvíslum Þjórsár er veitt um skurði og vötn til Þórisvatns um mörk Gnúpverja- og Holtamannaafretta. Kvíslaveita var reist á grundvelli heimildar í 2. gr. laga nr. 60/1981, ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 74/1990 og 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 74/1990 og leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er 4. desember 1991. Var hún tekin í notkun á árinu 1997.

Af kröfugerð og málf lutningi Landsvirkjunar má ráða að gerð sé krafa um eignarrétt á mannvirki því sem tilgreint hefur verið sem 5. áfangi Kvíslaveitu. Einnig sé gerð krafa um vatnsréttindi og landsréttindi á svæðinu sem nauðsynleg séu til hagnýtingar veitunnar. Að auki er gerð krafa um veiðiréttindi í Kvíslaveitu – 5. áfanga. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2.

gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi mannvirkjanna Kvíslaveitu – 5. áfanga, þ.e. framkvæmdarinnar sem slíkrar og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæðinu, þ.m.t. vatnsréttinda, í skilningi 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

12.4.6. Fyrirhuguð mannvirki Landsvirkjunar

Eins og gerð hefur verið grein fyrir fyrr í úrskurði þessum krefst Landsvirkjun réttinda vegna mannvirkja sem enn hafa ekki verið reist. Í eftirfarandi umfjöllun verður gerð grein fyrir réttarstöðu fyrirhugaðra mannvirkja og framkvæmda að því marki sem tilætlunin er að reisa þau í Gnúpverjahreppi. Rakið verður hvaða mannvirki um ræðir, hvar þau verði staðsett og á hvaða grundvelli kröfur Landsvirkjunar byggjast. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna þeirra.

12.4.6.1. Kvíslaveita – 6. áfangi

Um er að ræða fyrirhugaðan áfanga Kvíslaveitu sem ekki hafa verið hafnar framkvæmdir við. Fyrirhuguð staðsetning 6. áfanga er á Gnúpverjaafreitti vestan við Kvíslaveitu – 5. áfanga. Landsvirkjun byggir heimild sína til byggingar 6. áfanga á 1. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999, sbr. einnig 4. gr. laga nr. 74/1990. Sérstakt leyfi til byggingar Kvíslaveitu – 6. áfanga liggur hins vegar ekki fyrir.

Af kröfugerð og sjónarmiðum Landsvirkjunar má ráða að gerð sé krafa um réttindi til lands þar sem vatnsmiðlunin muni í framtíðinni liggja, gerð sé krafa um nauðsynleg vatnsréttindi sem til þurfi vegna miðlunarinnar og að gerð sé krafa um veiðiréttindi í fyrirhugaðri vatnsmiðlun.

Lagaheimild sú sem áform um fyrirhugaða veitu byggist á er almenn og tekur ekki sérstaklega til þeirrar framkvæmdar. Telur óbyggðanefnd að Landsvirkjun geti ekki kallað til sérstakra réttinda á grundvelli þessa almenna lagaákvæðis fyrr en fyrirtækinu hefur verið fengið sérstakt leyfi af þar til bæru stjórnvaldi, sbr. 2. gr. laga nr. 60/1981, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999.

Það skal því þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla alfarið áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir, sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gildra lagaheimilda. Landsvirkjun er því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

12.4.6.2. Króksvirkjun og virkjunarsvæði hennar

Landsvirkjun hefur gert áætlun um Króksvirkjun. Í ritinu „Þjósárvirkjanir, mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjósár niður fyrir Búrfell“ er virkjuninni lýst svo að gert sé ráð fyrir að Þjósá verði stífluð fyrir neðan Krók með allt að 75 m hárrí stíflu. Helstu umhverfisáhrif eru sögð verða að hluti af norðurleit Gnúpverja fari undir vatn.

Af kröfugerð og sjónarmiðum Landsvirkjunar má ráða að í fyrsta lagi sé gerð krafa um réttindi til lands vegna orkuvers og vatnsmiðlana þar sem framkvæmdum þessum verður fyrirkomið, gerð sé krafa til nauðsynlegra vatnsréttinda sem til þurfi þeirra vegna og að gerð sé krafa um veiðiréttindi í tilgreindum fyrirhuguðum vatnsmiðlunum. Ekki liggur fyrir lagaheimild fyrir Króksvirkjun og virkjunarsvæði hennar né leyfi stjórnvalda.

Það skal því þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla alfarið áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar fram-

kvæmdir sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gildra lagaheimilda. Landsvirkjun er því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

12.4.6.3. Norðlingaöldumiðlun

Landsvirkjun hefur gert áætlun um vatnsmiðlun við Norðlingaöldu. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að stærð miðlunarinnar yrði á bilinu 325-1435 Gl, en nú er áformuð minni útfærslu, þ.e. 325 Gl. en þá væri yfirfallshæð 581 m y.s. Þjórsárver, sem eru á því svæði sem þessi miðlun myndi skerða, eru friðlýst sbr. auglýsingu menntamálaráðuneytisins, nr. 507/1987 frá 10. nóvember 1987, en allt að einu er Landsvirkjun veitt undanþága frá friðlýsingunni til þess að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y.s. með fyrirvara um að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rými óhæfilega. Endanleg lónshæð hefur ekki verið ákvörðuð enn þá.

Af kröfugerð og sjónarmiðum Landsvirkjunar má ráða að gerð sé krafa um réttindi til lands þar sem vatnsmiðlunin muni í framtíðinni liggja, gerð sé krafa um nauðsynleg vatnsréttindi sem til þurfi vegna miðlunarinnar og að gerð sé krafa um veiðiréttindi í fyrirhugaðri vatnsmiðlun. Landsvirkjun byggir kröfur sínar vegna Norðlingaöldumiðlunar á almennri heimild í 3. og 4. mgr. 3. gr. laga nr. 42/1983, sbr. 4. gr. laga nr. 74/1990 sem og auglýsingu nr. 507/1987.

Ekki liggur fyrir sérstök lagaheimild fyrir Norðlingaöldumiðlun, né nein leyfi stjórnvalda. Ekki er minnst á Norðlingaöldumiðlun í almennri heimild sem byggt er á af hálfu Landsvirkjunar, sbr. 3. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, sbr. 4. gr. laga nr. 74/1990.

Það skal því þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla alfarið áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gildra lagaheimilda. Landsvirkjun er því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

12.4.6.4. Sultartangalína 3

Hér er um að ræða fyrirhugaða háspennulínu Landsvirkjunar með áætlaða flutningsgetu upp á 400 kV spennu og á línunni að liggja samsíða Hrauneyjafosslínu frá Sultartangavirkjun að Brennimeil í Hvalfirði. Sultartangalína 3 verður reist á grundvelli almennrar heimildar í 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981. Enn fremur á leyfi iðnaðarráðherra dags. 12. mars 1997.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um réttindi vegna Sultartangalínu 3 á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983 og 2. gr. laga nr. 60/1981 og einnig leyfi iðnaðarráðherra dags. 12. mars 1997. Sú niðurstaða er fyrr rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkja-gerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Enn fremur er það utan valdsviðs óbyggðanefndar að ákvarða aðilum réttindi að landi vegna mannvirkja sem ekki hafa enn verið reist. Á það ekki síst við þegar ekki er fyrir að fara sérstakri lagaheimild eða leyfi stjórnvalda vegna mannvirkjana. Heimild til byggingar Sultartangalínu 3 er að finna í lagaheimildum og leyfi ráðherra sem eru svo almenns eðlis að ekki þykir fært að ákvarða sérstök réttindi á grundvelli þeirra þegar mannvirkin hafa ekki enn verið byggð. Styðst sú niðurstaða enn fremur við þá staðreynd að ekki hefur verið tilgreind nákvæm staðsetning orkulínunnar.

Samkvæmt framansögðu er Landsvirkjun því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sultartangalínu 3.

12.4.6.5. Sigöldulína 1

Hér er um að ræða fyrirhugaða háspennulínu Landsvirkjunar. Ekki liggur enn nákvæmlega fyrir hver lega háspennulínunnar verður. Sigöldulína 1 verður reist á grundvelli heimildar í 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og með leyfi iðnaðarráðherra sem dagsett er þann 8. mars 1973.

Landsvirkjun byggir þannig kröfur sínar um réttindi vegna Sigöldulínu 1 á 6. gr. laga nr. 59/1965, sbr. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 37/1971 og einnig leyfi iðnaðarráðherra dags. 8. mars 1973. Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 12.2., sbr. kafli 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Enn fremur er það utan valdsviðs óbyggðanefndar að ákvarða aðilum réttindi að landi vegna mannvirkja sem ekki hafa enn verið reist. Á það ekki síst við þegar ekki er fyrir að fara sérstakri lagaheimild eða leyfi stjórnvalda vegna mannvirkjana. Heimild til byggingar Sigöldulínu 3 er að finna í lagaheimildum og leyfi ráðherra sem eru svo almenns eðlis að ekki þykir fært að ákvarða sérstök réttindi á grundvelli þeirra þegar mannvirkin hafa ekki enn verið byggð. Styðst sú niðurstaða enn fremur við þá staðreynd að ekki hefur verið tilgreind nákvæm staðsetning orkulínunnar.

Samkvæmt framansögðu er Landsvirkjun því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sigöldulínu 1.

12.4.6.6. Vatnsmiðlun úr Dalsá, Miklalæk og Kisu yfir í Norðlingaöldumiðlun

Landsvirkjun hefur unnið að áætlunum um vatnsmiðlanir á Gnúpverjaáfrétti vestan Þjórsár. Er þar um að ræða áætlanir um veitu efstu kvísla Dalsár, Miklalækjar og Kisu yfir í fyrirhugað Norðlingaöldulón.

Af kröfugerð og sjónarmiðum Landsvirkjunar má ráða að gerð sé krafa um réttindi til lands þar sem vatnsmiðlanir þessar muni í framtíðinni liggja, gerð sé krafa um nauðsynleg vatnsréttindi sem til þurfi vegna miðlananna og að gerð sé krafa um veiðiréttinda í fyrirhuguðum vatnsmiðlunum. Ekki liggur fyrir lagaheimild fyrir vatnsmiðlun þessari né nein leyfi stjórnvalda.

Það skal því þegar áréttað að utan umfjöllunar óbyggðanefndar, sbr. 7. gr., sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 58/1998 falla alfarið áform um virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar framkvæmdir sem ekki er beinlínis mælt fyrir um í lögum eða hafa þegar verið heimilaðar af stjórnvöldum á grundvelli gildra lagaheimilda. Landsvirkjun er því ekki handhafi neinna réttinda á svæðinu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

12.4.7. Veiðiréttur

Af hálfu Landsvirkjunar er krafist allra veiðiréttinda í virkjunarlónum og vatnsvegum sem Landsvirkjun hefur búið til vegna virkjunarframkvæmda og vatnsmiðlunar. Er hér nánar tiltekið um að ræða mannvirkin Bjarnalón, Sultartangalón, Þjórsarlón og 5. áfanga Kvíslaveitu en enn fremur mannvirki þau sem fyrirhugað er að reisa, þ. á m. Kvíslaveita - 6. áfangi og Norðlingaöldumiðlun.

Til stuðnings kröfu um veiðiréttindi að virkjunarlónum og vatnsvegum Landsvirkjunar er af hálfu fyrirtækisins vísað til greinargerðar Sigurðar Línalagaprófessors um eignarrétt að miðlunarlónum, dags. 22.06.1987, bréfs Landsvirkjunar, dags. 8.7.1987, til oddvita Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, bréfs Landsvirkjunar, dags. 31.1.1992, til Veiðifélags Holtamanna-afréttar, bréfs Landsvirkjunar, dags. 3.2.1992, til oddvita Ásahrepps og fundargerðar frá fundi þann 2.6.1992, milli fulltrúa Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps um fiskveiði á afréttunum. Bent er á að Landsvirkjun hafi ótvíræðan rétt til mannvirkjagerðar og reksturs vatnsaflsvirkjana á svæðinu og sé eigandi miðlunarlóna samkvæmt þeirri grund-

vallarreglu að eignarréttur stofnist fyrir „framleiðslu“ í viðtækustu merkingu þess orðs. Því eigi Landsvirkjun öll réttindi yfir lónunum, þar á meðal allan veiðirétt. Sérstaklega beri þó að hafa í huga að tilgangurinn með gerð miðlunarlónanna sé ekki að búa til veiðivötn heldur að tryggja rekstur virkjana á svæðinu á hverjum tíma, sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983. Af því leiði að Landsvirkjun hafi fullan rétt til að breyta vatnsborði lónanna og tæma þau ef nauðsyn krefur. Enn fremur hafi Landsvirkjun heimild til að takmarka umferð manna við lónin og aðrar athafnir manna við þau eftir því sem nauðsyn beri til.

Af hálfu Landsvirkjunar hafi verið gerðir tveir samningar við Gnúpverjahrepp um fullnaðarbætur vegna skerðingar á afnotaréttindum vegna Sultartangavirkjunar og sé þar ekki gerður neinn fyrirvari um veiðirétt að Sultartangalóni, svo dæmi sé tekið. Sérstaklega sé svo mótmælt þeirri túlkun á 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, að einkaréttur í skilningi greinarinnar geti ekki stofnast eftir gildistöku laganna.

Um veiðirétt í vatnsvegum, miðlunarlónum o.s.frv., sem Landsvirkjun hefur komið fyrir og gerir kröfu um viðurkenningu á, er það að segja að verði slíkur réttur ekki leiddur af framsali á grundvelli einkaeignarréttarlegra heimilda þá telst hann ekki vera á hendi Landsvirkjunar, þ.e. hann verður ekki leiddur af þeim lagaheimildum sem um fyrirtækið gilda og í hvers skjóli það starfar.

Þá er til þess að líta að nú fer um veiðirétt á afréttum skv. 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970, með síðari breytingum, þar sem mælt er fyrir um að búendum sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, sé einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti. Svo sem fyrr er rakið var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108, og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 53/1957, sem tekin voru af um það tvímæli og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsparfá á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign. Allt frá gildistöku vatnalaga 1923 og til þessa tíma var að lögum nokkur réttaróvissa fyrir hendi varðandi veiðirétt afréttarhafa enda kveðið á um það í lögum að öllum væri veiði heimil á afréttum, almenningum og öðrum lendum utan eignarlanda sem enginn gæti sannað „einstaklingsréttarheimild“ að, sbr. t.d. 2. mgr. 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 112/1941. Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilega til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafréttá. Lúti viðkomandi landsvæði beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, sbr. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana í kafla 10.4.4., og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum, sem úrskurðuð verða sem þjóðlenda og hvorki falla í flokk afréttá né sýnt verður fram á tilvist einstaklings eignarréttarheimilda til veiði, þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.

Sérstök álitaefni kunna að vakna vegna samninga sem Landsvirkjun hefur gert við meinta rétt-hafa um bætur og/eða annað endurgjald vegna skerðinga á möguleikum til nýtingar viðkomandi afréttar o.s.frv. Við mat á því hvað sé innifalið í slíkum bótaákvörðunum og hvort mögulegt sé að með því hafi handhöfn veiðiréttinda yfirfærst til Landsvirkjunar er að nokkrum þáttum að hyggja. Í fyrsta lagi verður að líta til efnis slíkra einstakra samninga en við mat þeirra verður að hafa hliðsjón af þeirri meginreglu að veiðiréttur fylgir upprekstrarrétti að lögum sem útheimtir þá að slík réttindi séu skýrlega undir í viðkomandi samningi. Í öðru lagi er ekki unnt, án frekari skoðunar, að túlka þau ákvæði, sem mæla þó fyrir um bætur vegna skerðingar á veiðirétti, þannig að af þeim leiði þegar sú niðurstaða að veiðiréttindi hafi yfirfærst til Landsvirkjunar í þeim vatnsvegum og lónum sem fyrirtækið hefur útbúið. Orkar framangreind meginregla laga um handhöfn veiðiréttarins sérstaklega á slíka skýringu. Í þriðja lagi svo er til þess að líta að tilvitnað ákvæði 5. gr. lax- og

silungsveiðilaga, nr. 76/1970, setur því samkvæmt hljóðan sinni og svo sem fyrr er rakið verulegar skorður hvernig og yfirleitt hvort slíkt framsal geti átt sér stað þegar um samnotaafrétti er að ræða. Sýnist þannig allur vafi leika á því að sveitar- eða upprekstrarfélög séu yfirleitt bær eða hafi til þess heimild að ráðstafa veiðiréttindum á viðkomandi afréttum undir þessum kringumstæðum enda er hinn lögbundni veiðiréttur ekki á þeirra forræði.

Verður nú fyrst til samanburðar lítið á samninga sem Landsvirkjun hefur gert við hreppa í Rangárvallasýslu en að því búnu vikið nánar að þeim tveimur samningnum sem Landsvirkjun hefur gert við Gnúpverjahrepp og eru frá 16. maí 1986 og 29. maí 1997. Af samningi milli Landsvirkjunar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, dags. 3. júlí 1981, má ráða að bótagreiðslur Landsvirkjunar til hreppanna eru fyrst og fremst vegna tjóns sem beinlínis hefur orðið vegna byggingar virkjana og vatnsmiðlana í hreppunum. Hvergi kemur sérstaklega fram að hrepparnir séu af sinni hálfu að afsala sér hugsanlegum veiðirétti á afréttum þeirra enda með öllu óljóst á þeim tíma sem samningurinn var gerður að fiskur myndi taka sér bólfestu í vatnslónum Landsvirkjunar. Ekki verður heldur séð að Landsvirkjun hafi öðlast veiðirétt vegna bréfaskrifa fyrirtækisins til oddvita áður nefnda hreppa og fundargerða í kjölfarið, sbr. skjöl 163-166. Í fundargerð Landsvirkjunar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, dags. 2. júní 1992, kemur skýrlega fram að ágreiningur hafi verið með aðilum varðandi veiðirétt á Holt- og Landmannaafrétti. Samningur er gerður milli aðilanna um að Landsvirkjun hafi næstu fimm ár frá fundinum ákveðinn afmarkaðan veiðirétt, þ.e. þrjár stangir í Krókslóni (Sigöldulóni), helming leyfðra stanga á hverjum tíma í Kvíslaveituvötnum og þrjár stangir í Þórisvatni. Ekki verður þó ráðið af fundargerðinni eða öðrum samningum að Landsvirkjun hafi fengið með framsali frekari veiðiréttindi á svæðinu.

Eldri samningurinn sem gerður var milli Landsvirkjunar annars vegar og Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna umhverfisbreytinga á völdum Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar er sem fyrr segir dags. 16. maí 1986. Af ákvæðum samningsins verður hvergi séð að verið sé að yfirfæra hinn lögbundna veiðirétt til Landsvirkjunar. Er veiði og/eða veiðiréttindi raunar ekki nefnd á nafn í samningnum. Sama máli gildir um samning milli sömu aðila dags. 29. maí 1997 varðandi bætur af völdum Sultartangalóns og -virkjunar. Samningar þessir fela aðeins í sér bætur vegna umhverfisbreytinga í kjölfar framkvæmda Landsvirkjunar á svæðinu. Af skoðun áður greindra samninga verður samkvæmt þessu ekki séð að Landsvirkjun hafi sérstaklega fengið framseld veiðiréttindi á grundvelli einkaréttarlegs framsals. Breytir það ekki þessari afstöðu óbyggðanefndar þó svo samningurinn hafi skv. orðalagi sínu falið í sér fullnaðarbætur m.a. fyrir ótilgreind atriði enda útilokað, sbr. það sem fyrr segir að veiðirétti verði afsalað með slíkum almennum hætti.

Með vísan til þessa er það mat óbyggðanefndar að þegar af þessari ástæðu eigi Landsvirkjun ekki veiðiréttindi í virkjunarlónum og vatnsvegum sem fyrirtækið hefur komið fyrir á Gnúpverjaafrétti heldur fari um þau réttindi skv. 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970, með síðari breytingum, eftir því sem við á og veiði er á annað borð nýtanleg.

Af hálfu Landsvirkjunar hafa ekki verið hafðar uppi sérstakar kröfur um viðurkenningu á veiðiréttindum í þeim náttúrulegu vatnsföllum sem liggja fyrir og á því landi sem um er fjallað í 3. t. l. A-liðar, 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965 og ítarlega hefur verið fjallað um hér að framan, sbr. kafla 12.1.2. Það framsal á rætur að rekja til upphaflegrar sölu Gnúpverjahrepps á syðsta hluta afréttarins, sbr. afsal frá 28. júlí 1916 og því til athugunar hvort mögulega hafi yfirfærst veiðiréttur í ám og vötnum. Til þess er þá að líta að upphafleg ráðstöfun þessa fór fram fyrir gildistöku vatnalaga, nr. 15/1923, og í því réttarumhverfi að nokkur óvissa ríkti um rétt til veiði fyrir og á landi utan eignarlanda. Slík réttindi hafa síðar verið skýrð nánar með lögum, sbr. umfjöllun þar að lútandi hér að framan, sbr. m.a. kafla 11.12. og 11.13. Á samnotaafréttum er síðan verulegur vafi um það hvort slíkur veiðiréttur hefur nokkurn tímann verið á forræði sveitarfélaganna sem slíkra og þá þannig að þau hafi verið bær til að ráðstafa honum. Loks er til þess að líta að áframhaldandi framsal þeirra réttinda sem Gnúpverjahreppur afsalaði Einari Benediktssyni með

afsalinu frá 28. júlí 1916 hefur sætt verulegum takmörkunum, sbr. afsal a/s Titans til ríkisins á árinu 1952 og svo ráðstöfun ríkisins til Landsvirkjunar skv. 3. tl. A-liðar, 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Ber síðastnefnda ráðstöfunin það raunar alls ekki með sér að til hafi staðið að ráðstafa veiðiréttindum í viðkomandi vatnsföllum til Landsvirkjunar. Að öllu þessu virtu telur óbyggðanefnd að Landsvirkjun sé ekki eigandi veiðiréttinda í þeim vatnsföllum sem liggja fyrir og á því landi sem um er fjallað í 3. tl. A-liðar, 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965.

12.4.8. Sundlaug við Reykholt

Hér er um að ræða sundlaug sem samkvæmt gögnum frá Fasteignamati ríkisins er skráð eign Landsvirkjunar og skráð byggð á árinu 1980. Sundlaugin er staðsett í Þjórsárdal rétt neðan við afréttarmörk, vestan Fossár og sunnan Rauðukamba, innan þess lands sem Skógrækt ríkisins fékk afsalað á árinu 1938 í makaskiptum við sjö hreppa í Flóa og á Skeiðum.

Krafa Landsvirkjunar lýtur að því að fyrirtækið sé eigandi sundlaugarinnar ásamt afgirtu svæði hennar, bílastæði, jarðhitarétti og vegi að þjóðvegi. Tilvera sundlaugarinnar grundvallast ekki af sérstakri heimild, hvorki í lögum né á einkaréttarlegum grunni, heldur var hún byggð án þess að sérstakt samþykki lægi fyrir byggingu hennar. Landsvirkjun byggir eignarréttindi sin að sundlauginni á því að fyrirtækið hafi eignast hana fyrir hefð vegna óslitins eignarhalds í tuttugu ár, sbr. 2. gr., laga 46/1905, sbr. 7. gr. laganna.

Í málinu hefur ekki reynst mögulegt að upplýsa af nákvæmni um raunverulegt byggingarár sundlaugarinnar og er því haldið fram af Landsvirkjun að sundlaugin sé reist fyrir 1980. Engin ótvíræð gögn liggja þó staðhæfingum í þá veru til stuðnings en svo sem fyrr segir er byggingarár sundlaugarinnar árið 1980 samkvæmt upplýsingaskráningu Fasteignamats ríkisins. Það er því mat óbyggðanefndar að Landsvirkjun hafi ekki sýnt fram á eignarhald sitt á téðri fasteign í hefðartíma fullan, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga, nr. 46/1905, sbr. 8. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé hvorki eigandi landsréttinda né þeirra jarðhitaréttinda, sem Landsvirkjun gerir tilkall til, vegna umræddrar sundlaugar. Það sýnist hins vegar vera ágreiningslaust að Landsvirkjun hafi byggt og komið fyrir þeim mannvirkjum sem um er að ræða og fyrr eru tilgreind og teljast því sem slík eign Landsvirkjunar en þar er um að ræða sundlauginna sjálfa og þau mannvirki sem við hana standa, svo sem gæsluhús, baðhús, snyrtingu við baðhús o.fl.

12.4.9. Mælistöðvar Landsvirkjunar

Hér er um að ræða ótiltekinn fjölda mælistöðva sem Landsvirkjun kveðst hafa reist í Gnúpverjahreppi og er ætlað til mælinga á vatnshæð, veðri og ísingu á virkjunarsvæði félagsins. Landsvirkjun krefst þess að landsréttindi og umferðarréttindi sem þurfi til vegna reksturs mælistöðva fyrirtækisins verði viðurkennd. Umræddar kröfur Landsvirkjunar virðast byggjast á þeim sérstöku lögum sem heimila Landsvirkjun byggingu og rekstur virkjana, orkuveitna og vatnsveitna, þ.e. lögum nr. 59/1965 og lögum nr. 42/1983, með áorðnum breytingum.

Sú niðurstaða er fyrr rökstudd, sbr. kafla 12.2., sbr. kafla 12.4.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar hvers kyns mannvirkja í tengslum við starfsemi fyrirtækisins á nánar tilgreindu svæði felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mælistöðva sem fyrirtækið hefur komið fyrir í tengslum við einstök virkjunarmannvirki sem fullnægjandi heimildir eru fyrir að lögum og njóti þá lögvarins réttar til nýtingar mælistöðvanna. Hins vegar er Landsvirkjun ekki eigandi lands á þeim svæðum sem mælistöðvarnar eru.

Þess ber á hinn bóginn að gæta að við rekstur þessa máls hefur ekki verið upplýst hverjar né

hversu margar þær mælistöðvar eru sem um er að ræða né heldur hvar þær eru staðsettar. Eru því ekki efni til þess af hálfu óbyggðanefndar að nein afstaða sé tekin til meintra eða mögulegra réttinda þeim tengdum.

13. ÚRSKURÐARORÐ¹

Land innan eftirfarandi merkja er þjóðlenda og afréttur Gnúpverjahrepps:

Frá þeim stað þar sem Rauða kemur í Fossá eftir Fossá að upptökum hennar norðaustanvert við Lambafell, þaðan er bein stefna í Örfahník, þaðan hæst í Flóamannaöldu, þaðan að jaðri Hofsjökuls í stefnu á toppinn á Arnarfelli hinu mikla og með fram jökuljaðrinum þar til kemur að Háöldukvísl. Hinni síðastnefndu er fylgt í Þjórsá. Síðan er Þjórsánni fylgt þar til kemur neðan við graslendi Sandafells. Þaðan er tekin bein lína yfir að Rauða við Sandafell (Rauðárgljúfur) og síðan Rauða í Fossá, svo sem áður sagði.

Land innan eftirfarandi merkja, þ.e. svokallað Búrfells- og Skeljafellsland, er þjóðlenda:

Eftir Þjórsá í Fossá og Rauða, síðan Rauða að Sandafelli (að Rauðárgljúfri) og þaðan beina línu í Þjórsá, neðan við graslendi Sandafells.

Land innan eftirfarandi merkja, þ.e. svokallað landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal, er þjóðlenda:

Með fram girðingu þeirri sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtsskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi. Þaðan suður eftir Fossá og síðan Þjórsá þar til kemur að Sandvikinu fyrir vestan Kolviðarhól. Þaðan sjónhending í hellustein austan undir Dímon og síðan Sandá að framangreindri girðingu.

Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatns- og veiðiréttinda, á svæðinu í skilningi 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998 en á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að eftirtöldum mannvirkjum og framkvæmdum sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum og nýtur lögvarins réttar til nýtingar þeirra vegna orkuvinnslu: Búrfellsvirkjun, Sultartangavirkjun, Búrfellslínu 1, Búrfellslínu 2, Búrfellslínu 3A, Hrauneyjafosslínu, Sultartangalínu 2, Sigöldulínu 2, Sigöldulínu 3, Bjarnalóni, Sultartangastíflu og Sultartangalóni og Kvíslaveitu - 5. áfangi.

Kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, ákvarðast sameiginlega 1.853.037 krónur er greiðist úr ríkissjóði, þar af þóknun lögmans sem ákvarðast 1.500.000 krónur og útlagður kostnaður 353.037 krónur, þegar endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Kostnaður Landsvirkjunar, þ.e. þóknun lögmans, ákvarðast 800.000 krónur er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason


Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

¹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (kort).

14. FYLGISKJÖL


- I. Kort**
- II. Skjalaskrá**
- III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)**
- IV. Aðilaskrá (afréttur)**
- V. Heildarkort**







ÞJÓÐLENDULÍNA

- Þjóðlendulína óbyggðanefndar
- Afréttarlína óbyggðanefndar
- Kröfulína jarðeigenda

Mál nr. 7/2000; Gnúpverjaafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi.



-  Aðalkröfulína ríkisins
-  Varakröfulína ríkisins
-  Kröfulína Landsvirkjunar
-  Afiréttargirðingar

Mælikvarði 1:50.000 Dags. 21. mars 2002 Teikning nr. GN-10A Verknúmer 201-035



II. Skjalaskrá

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Gnúpverjahreppi, dags. 5.5.1999.
- 2 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu.
- 3 Árbók Ferðafélags Íslands 1996 „Ofan Hreppafjalla“, bls. 75, 115 og 163 -165.
- 4 „Árnesþing á landnáms- og söguöld“ eftir Einar Arnórsson, bls. 68- 87.
- 5 „Göngur og réttir“ eftir Braga Sigurjónsson, bls. 42-45, 108-109 og 112-113.
- 6 (a-e) Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínunum fjármálaráðuneytisins.
- 7 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn. v/1. hluta kröfugerðar, dags. 10.5.1999.
- 8 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytisins v/1. hluta kröfugerðar, dags. 31.5.1999.
- 9 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytisins v/móttækinnu kröfulýsinga, dags. 12.8.1999.
- 10 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn. v/formlegs frágangs skjala, dags. 15.9.1999.
- 11 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytisins v/draga að kröfulínukorti af svæði nr. 1, dags. 12.10.1999.
- 12 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn. v/athugasemda óbn., dags. 22.10.1999.
- 13 Bréf óbn. til fjármálaráðuneytisins v/yfirlitskorts og skráar yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
- 14 Lýsing íslenska ríkisins á afréttarlöndum milli Þjórsár og Hvítár, dags. 5.5.1999.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. vegna Laxárdals I og II:

- 15 Kröfulýsing, dags. 28.6.1999.
- 16 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 28.6.1999.
- 17 Landamerkjaskrá fyrir Laxárdal, dags. 16.6.1884.
- 18 Landamerkjaskrá fyrir Flóa- og Skeiðamannafrétt, dags. 28.2.1890.
- 19 Veðbókarvottorð fyrir Laxárdal I, dags. 23.6.1999.
- 20 Veðbókarvottorð fyrir Laxárdal II, dags. 23.6.1999.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. vegna Skáldabúða:

- 21 Kröfulýsing, dags. 28.6.1999.
- 22 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 28.6.1999.
- 23 Landamerkjaskrá fyrir Skáldabúðir, dags. 27.2.1890.
- 24 Veðbókarvottorð fyrir Skáldabúðir, dags. 23.6.1999.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. vegna Minni-Mástungna:

- 25 Kröfulýsing, dags. 28.6.1999.
- 26 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 28.6.1999.
- 27 Landamerkjaskrá fyrir Minni-Mástungur, dags. 13.9.1888.
- 28 Veðbókarvottorð fyrir Minni-Mástungur, dags. 23.6.1999.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. vegna Stóru-Mástungna I og II:

- 29 Kröfulýsing, dags. 28.6.1999.
- 30 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 28.6.1999.
- 31 Landamerkjaskrá fyrir Stóru-Mástungur, dags. 13.9.1888.
- 32 a-b Veðbókarvottorð fyrir Stóru-Mástungur I, dags. 23.6.1999.
- 33 Veðbókarvottorð fyrir Stóru-Mástungur II, dags. 23.6.1999.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. vegna Hamarsheiðar I og II:

- 34 Kröfulýsing, dags. 28.6.1999.
- 35 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 28.6.1999.
- 36 Landamerkjaskrá fyrir Hamarsheiði, dags. 1.3.1890.
- 37 Veðbókarvottorð fyrir Hamarsheiði I, dags. 23.6.1999.
- 38 Veðbókarvottorð fyrir Hamarsheiði II, dags. 23.6.1999.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. vegna Fossness:

- 39 Kröfulýsing, dags. 28.6.1999.
- 40 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, dags. 28.6.1999.
- 41 Landamerkjaskrá fyrir Fossnes, dags. 1.3.1890.
- 42 Veðbókarvottorð fyrir Fossnes, dags. 23.6.1999.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. vegna þeirra fjallajarða í Gnúpverjahreppi sem hann er með umboð fyrir:

- 43 Land- og hornpunktaskrá jarða/afréttar í Gnúpverjahreppi, dags. 28.6.1999.
- 44 a-d Landakort í m.kv. 1:150 000 með kröfulínu, dags. 28.6.1999.
- 45 a-b Landakort í m.kv. 1:250 000 með kröfulínu, dags. 27.9.1999.
- 46 Landakort í m.kv. 1:100 000 með kröfulínu, dags. 27.9.1999.
- 47 a-b Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínu, dags. 28.6.1999.

Lagt fram af Páli Lýðssyni f.h. Jörundar Gaukssonar hdl.:

- 48 Bréf Páls Lýðssonar til óbn., dags. 23.6.1999.
- 49 Ljósrit úr „The Old Icelandic Land Registers“ eftir Björn Lárusson.
- 50 Hluti af lista yfir jarðeignir Skálholtsstóls í lok 18. aldar.
- 51 a-b Samantekt Páls Lýðssonar um hluta af seldum jörðum Skálholtsstóls í lok 18. aldar, bls. 19 og 20.
- 52 Ljósrit úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 213-214, 219-223 og 252-253.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 53 Bréf óbn. til Jörundar Gaukssonar hdl. v/yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
- 54 Bréf óbn. til Jörundar Gaukssonar hdl. v/athugasemdir við kröfulýsingar, dags. 13.9.1999.
- 55 Bréf óbn. til Jörundar Gaukssonar hdl. v/drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1, dags. 12.10.1999.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Skriðufells:

- 56 Kröfulýsing, dags. 6.7.1999.
- 57 Skjalaskrá meðfylgjandi kröfulýsingu, ódags.
- 58 Landamerkjaskrá Skriðufells, dags. 1.3.1890.
- 59 Afsal Ólafs Bergssonar og Jóhanns Ólafssonar á Skriðufelli til Skógræktar ríkisins, dags. 21.6.1938.
- 60 Makaskiptasamningur hreppsnefnda Skeiðahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðis-hrepps, Gaulverjabæjarhrepps, Sandvíkurhrepps, Stokkseyrarhrepps og Eyrarbakka-hrepps annars vegar og Skógræktar ríkisins hins vegar, ódags.
- 61 Veðbókarvottorð fyrir Skriðufell að undanskildum hluta afréttar, dags. 1.7.1999.

- 62 Árbók Ferðafélags Íslands 1996 „Ofan Hreppafjalla“, bls.75.
 63 „Árnesþing á landnáms- og söguöld“ eftir Einar Arnórsson, bls. 70-71 og 84-87.
 64 Smækkað landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínu.
 65 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn. v/3. hluta kröfugerðar fjármálaráðherra, dags. 6.7.1999.
 66 Bréf fjármálaráðuneytisins til óbn. v/úrbætur á formlegum frágangi skjala, dags. 15.9.1999.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. vegna Gnúpverjafréttar:

- 67 Kröfulýsing, dags. 28.6.1999.
 68 Skjalaskrá, dags. 28.6.1999.
 69 Landamerki Gnúpverjafréttar, dags. 24.4.1890.
 70 1-57 Ljósrit af síðum 57 jarða í Gnúpverjahreppi úr Fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi. Óstaðfest ljósrit.
 71 Kaupsamningar um vatnsréttindi Ásólsstaða og Fossness í Þjórsá, dags. 29.6.1917 og 29.11.1916.
 72 Kaupsamningur milli hreppsnefndar Gnúpverjahrepps annars vegar og Einars Benediktssonar hins vegar um Búrfell og Skeljafell í Gnúpverjafrétti, dags. 28.7.1916.
 73 Framsal Einars Benediktssonar á réttindum samkvæmt kaupsamningi, dags. 28. júlí 1916, til Titans a/s, dags. 11.2.1917.
 74 Kaupsamningur milli hreppsnefndar Gnúpverjahrepps annars vegar og Titans a/s hins vegar um eignarhluta hreppsins í fossum í Þjórsá og Fossá, dags. 19.2.1914.
 75 Afsal Titans a/s til íslenska ríkisins á réttindum félagsins hér á landi, dags. 16.1.1952.
 76 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, titilblað og bls. 218.
 77 Efnistökuréttarsamningur milli hreppsnefndar Gnúpverjahrepps annars vegar og Vikurvinnslunnar hf. hins vegar, dags. 22.9.1976.
 78 Samningur á milli hreppsnefndar Gnúpverjahrepps annars vegar og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar um um rétt B.M. Vallár hf. til töku og vinnslu á vikri, dags. 12.6.1987.
 79 Leigusamningur á milli Haralds Georgssonar bónda í Haga og Bjarna Kolbeinssonar bónda í Stóru-Mástungum annars vegar og Skógræktar ríkisins og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar um vikurnám í Þjórsárdal, dags. 29.4.1956.
 80 Vikurvinnslusamningur á milli Gnúpverjahrepps, Landmannahrepps, Holtahrepps og Rangárvallahrepps annars vegar og Jarðefnaiðnaðar hf. hins vegar, dags. 8.2.1984.
 81 (a-g) Landakort í m.kv. 1:50 000 með kröfulínum, dags. 28.6.1999.
 82 (a-c) Landakort í m.kv. 1:150 000 með kröfulínum, dags. 28.6.1999.
 83 Landakort í m.kv. 1:250 000 með kröfulínum, dags. 27.9.1999.
 84 Skrá yfir jarðeigendur í Gnúpverjahreppi, dags. 20.9.1999.

Lagt fram af Landsvirkjun:

- 85 Kröfulýsing Landsvirkjunar, dags. 24.6.1999.
 86 [1] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1.7.1965.
 87 [2] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dags. 27.2.1981.
 88 [3] Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, með breytingum gerðum 28.10.1996.

-
- 89 [4] Eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell.
- 90 [5] Heimild atvinnumálaráðherra, dags. 23.2.1968, til virkjunar Þjórsár við Búrfell.
- 91 [6] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.
- 92 [7] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvisl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.
- 93 [8] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.
- 94 [9] Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.12.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.
- 95 [10] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 1.7.1981, til að kaupa þriðju aflvél og stækka Hrauneyjafossvirkjun í 210 MW afl.
- 96 [11] Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.1.1982, til byggingar Sultartangastíflu.
- 97 [12] Ályktun Alþingis 6.5.1982 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.
- 98 [13] Auglýsing menntamálaráðherra, dags. 10.11.1987, um friðland í Þjórsárverum.
- 99 [14] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til 1) stækkunar Búrfellsvirkjunar í allt að 310 MW afl ásamt tilheyrandi flutningslínunum og aðveitustöðvum, 2) hækunar stíflna og gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúknungar 5. áfanga Kvislaveitu.
- 100 [15] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuveitum.
- 101 [16] Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, samkvæmt lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, til að reisa virkjun samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1999, og annarra framkvæmda af því tilefni á svonefndum Holtamannaafretti.
- 102 [17] Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli ásamt aðalorkuveitum.
- 103 [18] Bréf atvinnumálaráðuneytis, dags. 20.6.1955, til stjórnar Sogsvirkjunar um miðlun í Þingvallavatni og virkjun Efra-Sogs.
- 104 [19] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 29.5.1997.
- 105 [20] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Gnúpverjahrepps hins vegar varðandi bætur vegna umhverfisbreytinga vegna Sultartangalóns og Sultartangavirkjunar, dags. 16.5.1986.
- 106 [21] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ársæll Jónasson eigandi jarðarinnar Tortu í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 107 [22] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Björn Sigurðsson eigandi jarðarinnar Úthlíð í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 108 [23] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Gísli Einarsson, Kjarnholtum, oddviti Biskupstungnahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 109 [24] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Haukur Þórðarson, eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 110 [25] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Kristbergur Jónsson, ábúandi jarðarinnar Laugar (ríkiseign) í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 111 [26] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 13.6.1979. Sigurður Greipsson, forsvarsmaður jarðanna Haukadalur II og Bryggja í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 112 [27] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 24.1.1979. Steinar Þórðarson eigandi jarðarinnar Hrauntún í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og Landsvirkjun.

- 113 [28] Bréf hreppsnefndar Biskupstungnahrepps, dags. 23.6.1979, varðandi fyrirhugaða byggingu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Grundartanga.
- 114 [29] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 15.6.1979. Ásmundur Eiríksson, Ásgarði, oddviti Grímsneshrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 115 [30] Fundargerð hreppsnefndar Grímsneshrepps 18.1.1979, vegna fyrirhugaðrar línulagningar frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 116 [31] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 18.6.1979. Steinþór Ingvarsson, Brándarlundi, oddviti Gnúpverjahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 117 [32] Bréf hreppsnefndar Gnúpverjahrepps, dags. 21.1.1979, um háspennulínulögn frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel í Hvalfirði.
- 118 [33] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Daníel Guðmundsson, Efraseli, oddviti Hrunamannahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 119 [34] Bréf hreppsnefndar Hrunamannahrepps, dags. 23.1.1978, um fyrirhugaða raflínulögn frá Hrauneyjafossi að Brennimel.
- 120 [35] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Þórir Þorgeirsson, Laugarvatni, oddviti Laugardalshrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 121 [36] Bréf hreppsnefndar Laugardalshrepps, dags. 29.1.1979, um nýja háspennulínu frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel á Hvalfjarðarströnd.
- 122 [37] Yfirlýsing vegna lagningar háspennulínu, dags. 22.6.1979. Ingólfur Guðmundsson, Miðfelli, oddviti Þingvallahrepps í Árnassýslu og Landsvirkjun.
- 123 [38] Bréf hreppsnefndar Þingvallahrepps, dags. 21.2.1979, um lagningu háspennulínu frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði.
- 124 [39] Bréf Landsvirkjunar, dags. 29.10.1990 varðandi greiðslur vegna lagningar Hrauneyjafosslínu til Grímsnes-, Gnúpverja- og Hrunamannahrepps.
- 125 [40] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 24.7.1991, um leyfi til að reisa og reka 220 kV Búrfellslínu 3A.
- 126 [41] Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 7.8.1997, þar sem staðfest er leyfi fyrir Búrfellslínu 3A til flutnings raforku með 400 kV spennu.
- 127 [42] Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 128 [43] Staðfesting á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu, hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981. Staðfestingin er dags. 24.7.1981.
- 129 [44] Um eignarrétt að miðlunarlónum. Greinargerð prófessors Sigurðar Líndal, dags. 22.6.1987.
- 130 [45] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, um veiðirétt í miðlunarlónum, dags. 8.7.1987.
- 131 [46] Bréf Landsvirkjunar til Veiðifélags Holtamannaafréttar, dags. 31.1.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 132 [47] Bréf Landsvirkjunar til oddvita Ásahrepps, dags. 3.2.1992, um veiðirétt í miðlunarlónum.
- 133 [48] Fundargerð fundar Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahreppa 2.6.1992 um fiskveiði á Holta- og Landmannaafrétti, dags. 22.6.1992.
- 134 [49] Þjósárvirkjanir, mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjósár niður fyrir Búrfell, dags. í október 1980.
- 135 [50] Ekkert skjal ber þetta númer.
- 136 [51] Kort 1 – Skjaldbreiður 1:50 000.

- 137 [52] Kort 2 – Hengill 1:50 000
 138 [53] Kort 3 – Haukadalur 1:50 000.
 139 [54] Kort 4 – Geldingafell 1:50 000.
 140 [55] Kort 5 – Þjórsárdalur 1:50 000.
 141 [56] Kort 6 – Nyrðri-Háganga 1:50 000.
 142 [57] Kort 7 – Gnúpverjahreppur. Aðalskipulag 1993-2013. 1:50 000.
 143 Bréf óbn. til Landsvirkjunar v/drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1, dags. 12.10.1999.
 144 Bréf Landsvirkjunar til óbn. v/drög að kröfulínukorti óbn. af svæði nr. 1, dags. 19.10.1999.
 145 Bréf óbn. til Landsvirkjunar v/yfirlitskort og skrá yfir lýstar kröfur á svæði nr. 1, dags. 4.11.1999.
 146 Bréf Landsvirkjunar til óbn. v/athugasemdir v/kröfulýsingu, dags. 30.12.1999.
 147 Efri-Þjórsá – Samanburður virkjunarkosta, útg. í desember 1992.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 148 Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 9.3.2000.
 149 Kort sem sýnir varakröfulínu íslenska ríkisins.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.:

- 150 Greinargerð Landsvirkjunar, dags. 3.5.2000.

Lagt fram af Guðrúnu Gauksdóttur lögfr. f.h. Jörundar Gaukssonar hdl.:

- 151 Greinargerð vegna Gnúpverjaafréttar, dags. 18.5.2000.
 152 Greinargerð vegna Fossness, dags. 18.5.2000.
 153 Greinargerð vegna Hamarsheiða I-II, dags. 18.5.2000.
 154 Greinargerð vegna Laxárdals I-II, dags. 18.5.2000.
 155 Greinargerð vegna Minni-Mástungna, dags. 18.5.2000.
 156 Greinargerð vegna Skáldabúða, dags. 18.5.2000.
 157 Greinargerð vegna Stóru-Mástungna I-II, dags. 18.5.2000.

Lagt fram af Óbyggðanefnd:

- 158 Bréf umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Suðurlandi, dags. 6.7.1999, ásamt fylgiskjólum.
 159 Samantekt Hilmars Einarssonar byggingarfulltrúa um skála á afréttarlöndum Grímsnes- og Grafningshrepps, Þingvallahrepps, Laugardalshrepps, Biskupstungnahrepps, Hrunamannahrepps, Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í árslok 1998, dags. 8.5.1999.
 160 Umfjöllun um Gnúpverjahrepp í „ÍSLEIF“, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands ehf.
 160-1 Heimildaskrá Fornleifastofnunar Íslands ehf. vegna skráningar í „ÍSLEIF“.
 160-2 Bréf Fornleifastofnunar Íslands ehf. til óbn. v/„ÍSLEIF“ o.fl.
 160-3 Þjóðminjakort (Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015), hluti (Gnúpverjahr.)
 161 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um máldaga og heimildargildi þeirra, dags. 9.6. 2000.
 162 Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um heimildargildi Landnámu, dags. 9.6.2000.
 163 Minnisblað starfsmanns Óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Landsyfírréttar- og Hæstaréttardómum, dags 29.6.2000.

- 164 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Lovsamling for Island og Stjórnartíðindum Íslands frá 1874-1918, dags. 20.6.2000.
- 165 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðatali á Íslandi gefnu út af J. Johnsen, dags. 5.6.2000, ásamt tilgreindu fylgiskjali.
- 166 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalins, dags. 5.6.2000, ásamt fylgiskjölum (bls. 214-218, 228-229).
- 167 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Íslensku fornbréfasafni, dags. 29.5.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum.
- 168 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um upplýsingaleit í Alþingisbókum Íslendinga, dags. 29.5.2000.
- 169 Mannvirkjakort - Svæðisskipulag miðhálandis 2015.
- 169-1 Fylgirit B með skipulagstillögum bls. 144 og 149-151.
- 169-2 Greinargerð með staðfestu skipulagi, bls. 194-195.
- 170 Minnisblað stm. óbyggðanefndar varðandi upplýsingaleit í jarðabréfum frá 16. og 17. öld - útdráttum Gunnars F. Guðmundssonar, dags. 7.6.2000.
- 171 Bréf Héraðsskjalasafns Árnesinga, dags. 5.6.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1, 2, 3, 4, 5, 7, 8, 10, 12 og 14.
- 172 Landamerkjaskrá fyrir Hagaland í Gnúpverjahreppi, dags. 3.6.1887.
- 173 Ljósrit af síðu jarðarinnar Haga, að undanskildum vatnsréttindum, úr Fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi.
- 174 Ljósrit af síðu jarðarinnar Haga II, lóðar úr landi Haga, úr Fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi.
- 175 Landamerkjaskrá fyrir Ásólfstaði í Gnúpverjahreppi, dags. 1.3.1890.
- 176 Þinglýsingavottorð jarðarinnar Ásólfstaða I, að undanskildum spildum, íbúðarhúsi og vélageymslu, dags. 19.9.2001.
- 177 Þinglýsingavottorð jarðarinnar Ásólfstaða II, að undanskildum spildum, dags. 19.9.2001.
- 178 Ljósrit af síðu lands Ásólfstaða, að undanskildum túnnum og spildum, úr fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi.
- 179 Ljósrit úr gjörðabók fasteignamatsnefndar í Árnessýslu, dags. 20.3.1916, forsíða og bls. 331-341 (að undanskilinni bls. 337).
- 180 Símbref frá Jörundi Gaukssyni hdl. varðandi Ásólfstaði, dags. 13.9.1999.
- 181 Afsal fyrir landspildu úr jörðinni Ásólfstöðum í Gnúpverjahreppi til Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa, dags. 19.3.1965.
- 182 Afsal fyrir hluta jarðarinnar Ásólfstaða í Gnúpverjahreppi til Skógræktar ríkisins, dags. 24.9.1962.
- 183 Afsal fyrir jörðina Ásólfstaði, Gnúpverjahreppi, dags. 31.12.1976.
- 184 Afsal fyrir jörðina Ásólfstaði II, Gnúpverjahreppi, dags. 1.5.1994.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 185 Umfjöllun Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um gróðurfar á kröfuvæði ríkisins í Gnúpverjahreppi, dags. 18.9.2000.
- 186 Minnisblað starfsmanns óbyggðanefndar um könnun á veðbókarregistrum Sýslumannsembættisins á Selfossi, dags. 7.9.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum nr. 1-28.
- 187 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, til óbyggðanefndar, dags. 4.9.2000, ásamt tilgreindu fylgiskjali.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 188 Endanleg kröfugerð íslenska ríkisins til óbn., mótt. 20.9.2000.
 189 Bókun vegna Ásólfstaða, dags. 7.9.2000.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 190 (a-b)Skilabréf Jóns Torfasonar (Þjóðskjalasafni) dags. 23.10.2001 og 18.9.2000, ásamt tilgreindum fylgiskjölum og uppskriftum.

Lagt fram af Jörundi Gauksyni hdl.:

- 191 Endanleg kröfulýsing fyrir fjallajarðir Gnúpverjahrepps og Gnúpverjafrétt, dags. 21.9.2000.
 192 Samningur Skógræktar ríkisins við Gnúpverjahrepp um girðingu, friðun lands o.fl. á afréttarlandi hreppsins, dags. 21.10.1938. Ljósrit úr samantekt dr. Þórðar Eyjólfssonar, Afréttarmálefni - Landamerkjaskrár o.fl., dags. í september 1970.
 193 Dómur Gísla lögmanns Hákonarsonar um rötargröpt, kveðinn upp 30.4.1627 á Lambey (Alþb. Ísl. V/143).
 194 Sandlækjarsamningur, dags. 13.6.1843, ásamt uppskrift Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings.
 195 Ljósrit úr Sveitabók fyrir Gnúpverjahrepp, dags. 12.6.1908.
 196 Reglugjörð fyrir Mýrarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar, nr. 88/1892, 1.-26. gr.
 197 1-3 Veðbandslausnir fyrir hluta úr jörðinni Ásólfstöðum, frá raforkusjóði (dags. 25.2.1965, XXXV/167), Landsbanka Íslands (dags. 22.3.1965, XXXV/166) og Búnaðarbanka Íslands (dags. 16.3.1965, XXXV/168).
 198 Fundur um fjallskilamál í Hraungerði þann 21.11.1849. Óstaðfest uppskrift Páls Lýðssonar.
 199 Bréf Flóamanna vegna tilmæla Gnúpverja um vörslu á upprekstrarfé, skrifað í maímánuði árið 1853. Óstaðfest uppskrift Páls Lýðssonar.
 200 Skjöl varðandi Flóamannafrétt frá 1878. Óstaðfest uppskrift Páls Lýðssonar.
 201 Fundur um fjallskil o.fl. haldinn að Hraungerði þann 13.9.1879. Óstaðfest uppskrift Páls Lýðssonar.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.:

- 202 Endanleg kröfugerð Landsvirkjunar, dags. 20.9.2000.
 203 Ljósrit af umfjöllun um Rangárvallasýslu í fjölríttinu „Vatnsréttindi og heimildir til þeirra samkvæmt skjölum h/f Titans“, eftir dr. Þórð Eyjólfsson, sept. 1970.
 204 Ljósrit af umfjöllun um Árnassýslu (bls. 2) í fjölríttinu „Vatnsréttindi og heimildir til þeirra samkvæmt skjölum h/f Titans“, eftir dr. Þórð Eyjólfsson, sept. 1970.
 205 Kort sem sýnir virkjanir á Þjórsár- og Tungnaársvæði, ódags.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 206 Þinglýsing landamerkja Hrunajarða og landamerkja afréttar Flóa- og Skeiðamanna. Dóma- og þingabækur Árnassýslu.
 207 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi. I/50, Hávífoss í Fossá, dags. 14.9.2001.
 208 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi. I/51, Hjalparfoss í Fossá, dags. 14.9.2001.

- 209 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi. I/91, Gljúfurleitarfoss í Þjórsá, dags. 14.9.2001.
- 210 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi. I/113, Tröllkonufoss í Þjórsá, ódags., mótt. 17.9.2001.
- 211 Síða úr veðbókarregistri Sýslumannsins á Selfossi. I/180, Geldingaárfoss í Geldingaá, dags. 14.9.2001.
- 212 Afsal umboðsmanns hreppsnefndar Skeiðahrepps til Titans hf. fyrir eign hreppsins í Hávafossi og Hjálparfossi, dags. 15. júlí 1914 og afsal umboðsmanns hreppsnefndar Gnúpverjahrepps til Titans hf. fyrir eign hreppsins í Hávafossi og fleiri fossum, dags. 16. júlí 1914.
- 213 Ljósrit af síðu afréttarlands úr Ásólfstöðum úr fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi, dags. 20.9.2001.
- 214 Afsal fyrir helmingi jarðarinnar Ásólfstaða, dags. 3.9.1954.
- 215 Ljósrit af síðu lands í Þjórsárdal úr afrétti Flóahreppanna úr fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi, dags. 20.9.2001.
- 216 Ljósrit af síðu Búrfells og Skeljafells á Gnúpverjafrétti úr fasteignabók Sýslumannsins á Selfossi, dags. 12.4.1999.
- 217 Landamerkjaskrá fyrir Steinsholtshverfið, dags. 28.5.1888.
- 218 Landamerkjaskrá Sólheima í Hrunamannahreppi, dags. 2.12.1883.
- 219 Landamerkjaskrá Hörgsholts í Hrunamannahreppi, dags. 2.6.1885.
- 220 Landamerkjaskrá Hrunakirkjujarða, dags. 12.5.1885.
- 221 Örnefnakort af Sólheimum ásamt nafnalista, úr Örnefnabók Hrunamannahrepps 1945.
- 222 Örnefnakort af Hörgsholti ásamt nafnalista, úr Örnefnabók Hrunamannahrepps 1945.
- 223 Ný jarðabók frá 1861, bls. 23.
- 224 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, dags. 30.8.2001.
- 225 Minnisblað stm. óbn. um athugun á bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, dags. 23.1.2001.
- 226 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í ráðuneytum dóms- og kirkjumála og landbúnaðar, dags. 5.7.2001.
- 227 Minnisblað stm. óbn. um heimildaleit í skjalasafni biskupsstofu, dags. 6.4.2001.
- 228 Minnisblað stm. óbn. um gagnaöflun hjá embætti Sýslumannsins á Selfossi, dags. 10.10.2001.
- 229 (a-1) Fundargerðir máls nr. 7/2000, Gnúpverjahreppur (8 fyrirtökur, aðalmeðferð, endurupp-taka, fyrirtaka og lokafyrirtaka).
- 230 Vatnsréttindi og heimildir til þeirra samkvæmt skjölum h/f Titans. Samantekt dr. Þórðar Eyjólfssonar, dags. í september 1970. Titilsíða, efnisyfirlit og bls. 37-51.
- 231 Þinglýsingavottorð jarðarinnar Hamarsheiðar II, dags. 19.10.2001.
- 232 Samningur á milli hreppsnefndar Gnúpverjahrepps annars vegar og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar um rétt Jarðefnaíðnaðar hf. til töku og vinnslu á vikri, dags. 15.6.1987.
- 233 Viðauki af hálfu ríkissjóðs við samning við Jarðefnaíðnað hf. varðandi vinnslu jarðefna á vikursvæðunum út frá Heklu vestan Þjórsár o.fl., dags. 23.5.1978.
- 234 Gögn varðandi greiðslur á landleigu fyrir það land Ásólfstaða, Skriðufells, Hamarsheiðar, Mástungna og Laxárdals sem liggur norðan afréttargirðingar. Um er að ræða ársreikning fjallskilasjóðs Flóa- og Skeiðahreppa 1924-1925 og kvittanir frá árunum 1924-1927.
- 235 Kvittanir fyrir greiðslu Afréttarmálasjóðs Flóa og Skeiða á landleigu fyrir það land Stóru-Mástungna og Hamarsheiðar sem liggur norðan afréttargirðingar, dags. 22.9.1955.

- 236 Kvittanir fyrir greiðslu Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðahreppa á landleigu fyrir það land Stóru-Mástungna og Hamarsheiðar sem liggur norðan afréttargirðingar, dags. 9.8.1993.
- 237 Útdráttur úr fundargerð aðalfundar sýslunefndar Árnessýslu dagana 26.-30. apríl 1909.
- 238 Jarðamat 1804. Ljósrit af síðum jarða í Gnúpverjahreppi.
- 239 Jarðamat 1849-1850. Ljósrit af síðum jarða í Gnúpverjahreppi.
- 240 Jarðamat 1916. Ljósrit af síðum jarða í Gnúpverjahreppi.
- 241 Minnisblað stm. óbn. um athugun í prentuðum fasteignabókum, dags. 22.10.2001.
- 241 Fasteignabók 1922. Ljósrit af síðum jarða í Gnúpverjahreppi.
- 242 Fasteignabók 1932. Ljósrit af síðum jarða í Gnúpverjahreppi.
- 243 Fasteignabók 1938. Ljósrit af síðum jarða í Gnúpverjahreppi.
- 244 Fasteignabók 1957. Ljósrit af síðum jarða í Gnúpverjahreppi.
- 245 Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð hafa verið vegna máls nr. 7/2000, dags. 25.10.2001.
- 246 Sérkort óbyggðanefndar: Gnúpverjahreppur (Lýstar kröfur á svæði nr. 1), dags. 29.10.1999. Mælikvarði 1:100 000.
- 247 Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðarlína o.fl., dags. 11.8.1982.
- 248 Bréf Kristjáns Torfasonar, form. óbn., til Þorgeirs Örlygssonar, ráðuneytisstjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, varðandi gögn um virkjanir Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu, dags. 27.8.2001.
- 249 Svarbréf Þorgeirs Örlygssonar, ráðuneytisstjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, við bréfi Kristjáns Torfasonar, form. óbn., varðandi gögn um virkjanir Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu, dags. 23.10.2001, ásamt þar tilgreindu fylgiskjali.
- 250 Bréf skipulags ríkisins til Landsvirkjunar varðandi Sultartangavirkjun, mat á umhverfisáhrifum, frumathugun, úrskurð skipulagsstjóra ríkisins, dags. 17.1.1997.
- 251 Bréf Landsvirkjunar til iðnaðarráðherra varðandi leyfi fyrir virkjun við Sultartanga, dags. 31.1.1997.
- 252 Svarbréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins við bréfi Landsvirkjunar varðandi leyfi fyrir virkjun við Sultartanga, dags. 12.3.1997.
- 253 Bréf Landsvirkjunar til iðnaðarráðherra, dags. 13.2.1976.
- 254 Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík 1986, bls. 14-15, 286-287, 378-379 og 380-381.
- 255 Yfirlýsing Runólfs Þorbergssonar um leyfi fyrir Flóa- og Skeiðamenn til að nýta land Skáldabúða norðan afréttargirðingar endurgjaldslaust til sumarþeirra fyrir búfé, dags. 20.11.1911.
- 256 Bréf óbn. til Jörundar Gaukssonar, hdl. og Guðrúnar Gauksdóttur, lögfr. vegna endurupptöku nefndarinnar á máli nr. 7/2000, dags. 26.10.2001.
- 257 Bréf óbn. til Ólafs Sigurgeirssonar hrl. vegna endurupptöku nefndarinnar á máli nr. 7/2000, dags. 26.10.2001.
- 258 Bréf óbn. til Þórðar Bogasonar, hrl. vegna endurupptöku nefndarinnar á máli nr. 7/2000, dags. 26.10.2001.
- 259 (a-c) Viðbótarbréf óbn. til Jörundar Gaukssonar, hdl. og Guðrúnar Gauksdóttur, lögfr., Þórðar Bogasonar, hdl. og Ólafs Sigurgeirssonar hrl. vegna endurupptöku nefndarinnar á máli nr. 7/2000, dags. 30.10.2001.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni lögfr.:

- 260 Greinargerð Jörundar Gaukssonar lögfr. og Guðrúnar Gauksdóttur lögfr. vegna spurninga sem óbn. lagði fyrir málsaðila í bréfi, dags. 26.10.2001.
- 261 Sérvinnsleyfi iðnaðarráðherra til handa Vikurvörum ehf., dags. 30.4.1998.

- 262 Leigusamningur Guðmars Guðjónssonar annars vegar og Hákons Bjarnasonar skógræktarstjóra f.h. Skógræktar ríkisins og Steinþórs Gestssonar oddvita f.h. hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar um vikurnám innan skógræktargirðingarinnar í Þjórsárdal, dags. 11.4.1965.
- 263 Leigusamningur á milli Haralds Georgssonar bónda í Haga og Bjarna Kolbeinssonar bónda í Stóru-Mástungum annars vegar og Skógræktar ríkisins og hreppsnefndar Gnúpverjahrepps hins vegar um vikurnám innan skógræktargirðingarinnar í Þjórsárdal, dags. 29.4.1956. Sama og skjal nr. 79.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 264 Bréf Ólafs Sigurgeirssonar til Skógræktar ríkisins varðandi þjóðlendumál í Gnúpverjahreppi, dags. 30.10.2001.
- 265 Bréf Skógræktar ríkisins til Ólafs Sigurgeirssonar varðandi þjóðlendumál í Gnúpverjahreppi, dags. 31.11.2001.
- 266 Samningur Skógræktar ríkisins, Gnúpverjahrepps, Landgræðslu ríkisins, Vegagerðar ríkisins og Landsvirkjunar um ræktun á milli Sandár og Fossár í Þjórsárdal o.fl., dags. 11.4.1983.
- 267 Samningur Skógræktar ríkisins annars vegar og Skógarsjóðsins hins vegar um leigu á hluta jarðarinnar Skriðufells í Þjórsárdal til skógræktar, dags. 13.12.2000.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 268 Kort sem sýnir endanlega kröfugerð ríkisins varðandi Skriðufell.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 269 Simskeyti Stjórnarráðsins til allra sýslumannsembætta á landinu varðandi vatnsréttindi á afréttum, dags. 3.4.1918.
- 270 „Afmálan af Ytrahrepps Landslagi beggíamegin StóruLaxár í Hruna Sókn“ eftir Jón Steingrímsson, dags. 8.3.1826, ásamt uppskrift Gunnars F. Guðmundssonar.
- 271 Ágrip af sýslufundargjörðum Árnassýslu 17.-20.4 og 24.4.1895, bls. 1-2, og 14.-19. apríl 1902, bls. 1.
- 272 „Lýsing á legu afréttargirðingar í Þjórsárdal ...“, eftir Böðvar Guðmundsson, dags. 30.11.2001, ásamt korti (272a).
- 273 Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. þar sem óskað er eftir að gerð sé grein fyrir tilteknum atriðum varðandi Landsvirkjun, dags. 3.12.2001.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni lögfr.:

- 274 Bréf, dags. 6.12.2001, frá Jörundi Gaukssyni og Guðrúnu Gauksdóttur til óbn. varðandi gögn sem lögð verða fram við fyrirtöku málsins þ. 11.12.2001.
- 275 a-g Ársreikningar Gnúpverjahrepps frá 1954-1967, 1970, 1972, 1974-1978 og 1981 (275 a-275 e). Samantekt KPMG um tekjur Gnúpverjahrepps af vikurtöku á árunum 1987-2000 (275 f). Samantekt KPMG um tekjur Gnúpverjahrepps af sölu veiðileyfa í Fossá á árunum 1986-2000 (275 g).
- 276 a-i Samningar um námur og vikurtöku í Gnúpverjahreppi við ýmsa aðila (276 a-g). Bréf frá Ágústi Fjeldsted, Benedikt Blöndal og Hákonni Árnasyni til oddvita Gnúpverjahrepps, Steinþórs Ingvasonar, dags. 31.1.1979, varðandi umsögn um umsókn Hekluvikurs hf. (276 h). Svarbréf Steinþórs Ingvasonar, oddvita Gnúpverjahrepps, til iðnaðarráðuneytisins v/bréfs ráðuneytisins varðandi umsögn Gnúpverjahrepps um umsókn Hekluvikurs hf. (276 i). Dags. 13.2.1979.

- 277 a-g Samningar um veiði í Fossá, Rauða og Sandá við ýmsa aðila. Frá árunum 1918, 1960, 1962, 1966, 1970, 1974 (277 f, 3 bréf), 1992 og 1993.
- 278 a-g Veiði í Sultartangalóni, Skúmstunguám o.fl. Lög veiðifélags Efri-Þjórsár (278 a). Bréf frá Veiðimálastofnun, dags. 22.9.1991 (278 b). Fundargerðir frá tilteknum fundum félagsins þar sem rætt er um leigu veiðiréttinda og seiðasleppingar (278 c). Leigusamningur fyrir 1.7.-31.8.1992 varðandi Sultartangalón og Skúmstunguár (278 b). Leigusamningur fyrir fyrir 1.5.1993-1.5.1998 varðandi Sultartangalón og Skúmstunguár (278 e). Ársreikningar félagsins frá 1992, 1993, 1996 og 1997 (278 f). Kvittanir vegna leigu, dags. 26. febrúar 1996 og 26. mars 1997 (278 g).
- 279 a-b Bókanir úr sveitarbók Gnúpverja vegna skógarhöggs í Búrfelli, dags. 23.5.1914 og 21.10.1916 (279 a). Bókun í sveitarbók Gnúpverja um bann við skotveiði á afréttinum yfir smölun, dags. 23.6.1966 (279 b).
- 280 Úr Veðmálabók Árnessýslu, frá árinu 1921. Veðsetningar eigna A/S Titans frá árunum 1923 og 1924.
- 281 Úr Veðmálabók Árnessýslu. Afsal fyrir Skriðufelli, dags 3.6.1922, þar sem tekið er fram að hluti landsins sé leigður Flóa- og Skeiðamönnum gegn 80 kr. árgjaldi.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

- 282 (a-b) Kröfúlína fjármálaráðherra á korti (a) ásamt fylgiskjali (b) sem inniheldur texta þar sem skorið er á línuna á milli Gnúpverjahrepps og Flóa- og Skeiðahreppa.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl.

- 283 Bréf Landsvirkjunar, dags. 11.12.2001, með svörum við spurningum óbn. í bréfi, dags. 3.12.2001, ásamt 5 fylgiskjöllum (a-e).

Lagt fram af Guðrúnu Gauksdóttur lögfr.

- 284 „Uppdráttur Eystrahreppsafrettar“. Frumteikning geymd á Þjóðskjalasafni.

Lagt fram af Óbyggðanefnd:

- 285 a-f Bréf óbyggðanefndar til Þórðar Bogasonar hdl. um Sigöldulínur 1-3 og Sultartangalínu 1, dags. 24.1.2002. Tölvupóstur, dags. 24.1.2002, 28.1.2002, 5.2.2002, 11.2.2002 milli óbyggðanefndar og Þórðar Bogasonar hdl. um þetta efni. Bréf Þórðar Bogasonar hdl. til óbyggðanefndar um sundlaug í Þjórsárdal, dags. 20.12.2001.
- 286 Yfirlýsing Skógræktar ríkisins um heimild Landsvirkjunar til lagningar rafmagnslínu í Skriðufelli og Skarfanesi, dags. 5.8.1997.
- 287 Bréf Hreins Loftssonar til Skógræktar ríkisins, dags. 30.6.1998. Tilboð Landsvirkjunar um bætur vegna lagningar Búrfellslínu 3A um jarðir Skógræktar ríkisins í Skriðufelli í Þjórsárdal og Skarfanes í Landssveit.
- 288 Bréf Skógræktar ríkisins til Hreins Loftssonar, dags. 16.10.1998. Svar við tilboði Landsvirkjunar, dags. 30.6.1998.

Lagt fram af Jörundi Gauksyni lögfr.

- 289 Bréf Jörundar Gaukssonar lögfræðings, dags. 18.3.2002. Athugasemdir við fundargerð óbyggðanefndar frá 11.12.2001 í málum 6 og 7/2000.

III. Aðilaskrá (einstakar jarðir)

Ásólfstaðir, skógrækt	Ríkisfjárhirsla/Skógrækt rik.
Fossnes	Hjalti Gunnarsson
Hamarsheiði I	Guðbjörg Kolbeinsdóttir
Hamarsheiði I	Margrét Erlendsdóttir
Hamarsheiði I	Þorbjörg Eva Erlendsdóttir
Hamarsheiði I	Vigdís Erlendsdóttir
Hamarsheiði II	Erlendur Jóhannsson
Laxárdalur I	Högni Guðnason
Laxárdalur I	Kristín Bjarnadóttir
Laxárdalur II	Hörður Harðarson
Laxárdalur II	María Guðný Guðnadóttir
Minni-Mástungur	Finnbogi Jóhannsson
Minni-Mástungur	Ólafur Jóhannsson
Minni-Mástungur	Valdemar Jóhannsson
Minni-Mástungur	Ingigerður Jóhannsdóttir
Minni-Mástungur	Þorbjörg Jóhannsdóttir
Minni-Mástungur	Ingunn Sveinsdóttir
Minni-Mástungur	Sólveig Jóhannsdóttir
Skáldabúðir	Elli Runólfur Guðmundsson
Skriðufell	Ríkisfjárhirsla/Skógrækt rik.
Stóru-Mástungur I	Haukur Haraldsson
Stóru-Mástungur II	Sigrún Ásta Bjarnadóttir
Stóru-Mástungur II	Hörður Bjarnason


IV. Aðilaskrá (afréttur)

Austurhlíð	Steindór Stefánsson
Árnes	Gunnar Leó Gíslason
Árnes	Gerður Guðjónsdóttir
Árnes	Elin Sigurðardóttir
Árnes	Sigríður I. Sigurðardóttir
Árnes	Þorbjörn Sigurðsson
Árnes	Jón Sigurðsson
Árnes	Elsa Sigurðardóttir
Árnes	Steinunn Ástgeirsdóttir
Árnes	Magnea Ósk Gísladóttir
Árnes	Sigurjón Gíslason
Árnes	Guðmundur M. Bjarnason
Árnes	Einar Marel Bjarnason
Ásar	Halla Guðmundsdóttir
Ásar	Viðar Gunngeirsson
Ásbrekka	Tækja-Tækni ehf.
Ásbrekka	4T ehf.

Ásólfstaðir 1	Sigurður Páll Ásólffson
Ásólfstaðir 2	Ólafur Hjaltason
Ásólfstaðir 3	Árni Gunnarsson
Ásólfstaðir 2	Brynjólfur Árni Mogensen
Ásólfstaðir 2	Eiríkur Ingvar Þorgeirsson
Ásólfstaðir 2	Gestur Þorgeirsson
Ásólfstaðir 2	Guðmundur Þorgeirsson
Ásólfstaðir 2	Kristján Guðmundsson
Ásólfstaðir, skógrækt	Ríkisfjárhirsla
Bólstaður	Örlygur Sigurðsson
Breiðanes	Kristjana Bjarnadóttir
Eystra-Geldingaholt	Jón Ólafsson
Eystra-Geldingaholt	Inga Ólafsdóttir
Eystra-Geldingaholt	Guðmundur Sigurdórsson
Eystra-Geldingaholt	Hafðís Ólafsdóttir
Eystra-Geldingaholt	Jón Ólafsson
Fossnes	Hjalti Gunnarsson
Gunnbjarnarholt	Arnar Bjarni Eiríksson
Gunnbjarnarholt	Berglind Bjarnadóttir
Hagi	Sigrún Guðlaugsdóttir
Hagi	Kristmundur Sigurðsson
Hagi	Jóhanna Haraldsdóttir
Hagi	Sigurður Rúnar Andrésson
Hagi	Guðlaugur Ólafsson
Hamarsheiði 1	Guðbjörg Kolbeinsdóttir
Hamarsheiði 1	Margrét Erlendsdóttir
Hamarsheiði 1	Þorbjörg Eva Erlendsdóttir
Hamarsheiði 1	Vigdís Erlendsdóttir
Hamarsheiði 2	Erlendur Jóhannsson
Hamarsholt	Guðbjörg Kolbeinsdóttir
Hamrar	Eiríkur Jónsson
Hamratunga	Gnúpverjahreppur
Háholt	Margrét Steinþórsdóttir
Heiðarbrún	Gnúpverjahreppur
Hlíð 1	Tryggvi Steinarsson
Hlíð 2	Tryggvi Steinarsson
Hraunbú	Gnúpverjahreppur
Hraunhólar	Skaftholt, sjálfseignarstofnun
Hraunteigur	Gnúpverjahreppur
Hæll 1	Sigurður Steinþórsson
Hæll 2	Ari Einarsson
Hæll 3	Bjarni Einarsson
Hæll, Miðnes	Hjalti Gestsson
Kálfá, veiðihús	Gnúpverjahreppur
Klettur	Sigrún Margrét Einarsdóttir
Laxárdalur 1	Lilja M. Auðunsdóttir
Laxárdalur 1B	Högni Guðnason
Laxárdalur 2	Hörður Harðarson

Laxárdalur 2	María Guðný Guðnadóttir
Lækjarbrekka	Daði Viðar Loftsson
Lækjarbrekka	Bente Hansen
Lækjarbrekka, land	Bragi Hannesson
Lækjarbrekka, land	Ragnheiður Gunnarsdóttir
Löngudælaholt	Gnúpverjahreppur
Melhagi	Guðlaugur Ólafsson
Miðhús 1	Jón Helgason
Miðhús 2	Helgi Kristinn Marvinsson
Miðhús 2	Bergný Marvinsdóttir
Miðhús 2	Hafðís Marvinsdóttir
Miðhús 2	Sjöfn Marvinsdóttir
Miðhús 2	Kristrún Marvinsdóttir
Miðhús 2	Brynja Marvinsdóttir
Mínna-Hof	Gestur Einarsson
Minni-Mástunga	Finnbogi Jóhannsson
Minni-Mástunga	Ólafur Jóhannsson
Minni-Mástunga	Valdemar Jóhannsson
Minni-Mástunga	Ingigerður Jóhannsdóttir
Minni-Mástunga	Þorbjörg Jóhannsdóttir
Minni-Mástunga	Ingunn Sveinsdóttir
Minni-Núpur	Guðbjörg Ámundadóttir
Minni-Núpur	Margrét Ámundadóttir
Móar	Halla Guðmundsdóttir
Móar	Viðar Gunngeirsson
Réttarholt	Magnús Jóhannsson
Réttarholt	Gnúpverjahreppur
Sandlækjarkot	Eiríkur Bjarnason
Sandlækjarkot	Margrét Eiríksdóttir
Sandlækjarkot 2	Strá ehf.
Sandlækur 1	Erlingur Loftsson
Sandlækur 2	Erlingur Loftsson
Skaftholt	Skaftholt, sjálfseignarstofnun
Skarð	Jón Áskell Jónsson
Skarð	Fasteignir rikissjóðs
Skarð	Sigurður Björgvinsson
Skáldabúðir	Elli Runólfur Guðmundsson
Skriðufell	Ríkisfjárhirsla
Steinsholt 2	Gunnar Örn Marteinsson
Stóra-Hof 1	Trésmiðafélag Reykjavíkur
Stóra-Hof 2	Gnúpverjahreppur
Stóra-Mástunga 1	Haukur Haraldsson
Stóra-Mástunga 2	Sigrún Ásta Bjarnadóttir
Stóra-Mástunga 2	Hörður Bjarnason
Stóri-Núpur	Ólafur Jóhannsson
Stóri-Núpur	Valdemar Jóhannsson
Stóri-Núpur 1	Ólafur Jóhannsson
Stóri-Núpur 2	Valdemar Jóhannsson

Stóri-Núpur 3	Ingigerður Jóhannsdóttir
Stóri-Núpur 4	Finnbogi Jóhannsson
Stóri-Núpur 5	Þorbjörg Jóhannsdóttir
Stóri-Núpur 1	Ingunn Sveinsdóttir
Stóri-Núpur 2	Katrín Briem
Stóri-Núpur 3	Brynhildur Briem
Stóri-Núpur 4	Ólöf Briem
Stöðulfell	Oddur Guðni Bjarnason
Vestra-Geldingaholt	Sigfús Guðmundsson
Víðihlíð	Sigríður Jóhannsdóttir
Víðihlíð	Guðbjörg Kolbeinsdóttir
Víðihlíð	Þorbjörg Eva Erlendsdóttir
Víðihlíð	Vigdís Erlendsdóttir
Víðihlíð	Margrét Erlendsdóttir
Þjósárholt	Árni Ísleifsson
Þjósárholt	Helga Óskarsdóttir
Þjósárholt	Elísabet Jónsdóttir
Þjósárholt	Haukur Kristófersson
Prándarholt	Prándur Ingvarsson
Prándarholt 1	Sverrir Andrésson
Prándarholt 1	Steinunn Ingvarsdóttir
Prándarholt 1	Prándur Ingvarsson
Prándarholt 1	Guðlaug Ingvarsdóttir
Prándarholt 1	Ingvar Hafsteinsson
Prándarholt 1	Hafdís Guðrún Hafsteinsdóttir
Prándarholt 1	Ásbjörn Kristinsson
Prándarholt 1	Helga Sigurðardóttir
Prándarholt 1	Anna Dóra Steinþórsdóttir
Prándarholt 1	Ari Freyr Steinþórsson
Prándarholt 1	Þröstur Ingvar Steinþórsson
Prándarlundur	Prándarlundur sf.
Ölmóðsey	Helga Óskarsdóttir
Ölmóðsey	Elísabet Jónsdóttir
Ölmóðsey	Haukur Kristófersson



ÞJÓÐLENDULÍNA

Mál nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7/2000 í ÁRNESSE SLU.

- Þjóðlendulína óbyggðanefndar
- Afréttarlína óbyggðanefndar
- Kröfulína jarðeigna

- Aðalkröfulína ríkisins
- Varakröfulína ríkisins
- Kröfulína Landsvirkju

